Stjórnartíðindi
1994 - B-deild - 1. hluti

Útgáfa 2.1 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af Stjórnartíðindum. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af prentuðum Stjórnartíðindum án endurgjalds. Hvorki dómsmálaráðuneytið né önnur stjórnvöld standa að gerð skjals þessa umfram það að hafa útvegað höfundi skjalsins prenteintök af ritinu.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum https://urlausnir.is. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta landslög og önnur áþekk gögn gerð af opinberri hálfu, ekki verndar höfundalaga.

Hvers kyns höfundarréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Athugasemdir um þessa útgáfu

Bls. 504 er tóm og á (væntanlega) að vera það.
Meiriháttar gallar á bls. 134, 580, og 696.
Gallar á bls. 194, 366, 555, 815, og 955.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

STJÓRNARTÍÐINDI

1994

B-DEILD



REYKJAVÍK 1995
GUTENBERG

Útgefandi: Dómsmálaráðuneytið.

Efnisyfirlit

í tímaröð.

Kaflar í efnisyfirlitinu.

Stjórnarráðsbréf, auglýsingar, reglugerðir o.fl.	Embætti, sýslanir.
Reikningar.	Skrá um hlutafélög
Heiðursmerki fálkaorðunnar.	Skrá um samvinnufélög.
	Skrá um firmatilkynningar.

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
8	3. jan.	Auglýsing um umferð á Selfossi	9
6	4. jan.	Auglýsing um verð Stjórnartíðinda	8
7	4. jan.	Auglýsing um ákriftargjald Lögbirtingablaðsins	8
10	4. jan.	Reglugerð um breytingu á reglugerð um starfsþjálfun guðfræðikandídata, nr. 89 12. febrúar 1991	10
1	5. jan.	Reglugerð um verðjöfnunargjald af innfluttum unnum landbúnaðarvörum	1
2	5. jan.	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 401/1993 um takmörkun á innflutningi landbúnaðarvara	2-3
3	5. jan.	Auglýsing um verðjöfnunargjald á innflutt súkkulaði, brauð, kex og kökur	4-5
4	5. jan.	Reglugerð um innheimtu markaðsgjalds á árinu 1994	5-6
5	7. jan.	Auglýsing um breytingu á gjaldskrá Rafmagnsveitu Reykjavíkur	7
9	7. jan.	Reglugerð um greiðslu útfararkostnaðar o.fl.	9-10
11	7. jan.	Reglugerð um breyting á reglugerð nr. 310/1992 um tollmeðferð póstsendinga, með síðari breytingum	11-12
12	10. jan.	Gjaldskrá Rafmagnsveitu Reykjavíkur	12-15
14	10. jan.	Reglugerð um breytingu á reglugerð um almenna skoðun ökutækja, nr. 559 31. desember 1993	16
15	10. jan.	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Ísafjarðar 1987-2007, miðbæjarsvæði	16
16	10. jan.	Auglýsing um staðfesingu á breytingu á aðalskipulagi Reykjahlíðar 1986-2006, er tekur til jarðstrengs	17
17	10. jan.	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Njarðvíkur 1991-2001	17
18	10. jan.	Auglýsing um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Seltjarnarness 1981-2001	18
19	10. jan.	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Vopnafjarðar 1980-2000	18
20	10. jan.	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Fellabæjar 1981-2001	19

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
21	10. jan.	Auglýsing um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 1990-2010	19
22	10. jan.	Auglýsing um staðfestingu á breytingu á deiliskipulagi Skúlagötusvæðis, hæstaréttarhús við Lindargötu	20
13	11. jan.	Auglýsing um fjárhæð gjalds vegna stöðvunarbrota	15
25	11. jan.	Auglýsing um hlutfall búnaðarmálasjóðsgjalds verðlagsárið 1993-1994	23
26	12. jan.	Reglugerð um breytingu á reglugerð um samvinnu og starfsskiptingu milli lögreglustjóra og rannsóknarlögreglu ríkisins, nr. 253 29. júní 1977	24
32	13. jan.	Reglugerð um breyting á reglugerð nr. 156/1992, um innheimtu þungaskatts af bifreiðum sem skrásettar eru erlendis og nota annan orkugjafa en bensín	29-30
34	13. jan.	Gjaldskrá Orkubús Vestfjarða fyrir hitaveitur	30-32
31	14. jan.	Samþykkt um búfjárhald í Bessastaðahreppi	27-28
36	14. jan.	Gjaldskrá Orkubús Vestfjarða fyrir raforku	57-63
37	17. jan.	Gjaldskrá Rafveitu Akraness	64-65
39	17. jan.	Auglýsing um reglur um takmarkanir á þátttöku frambjóðenda til almennra kosninga í dagskrá Ríkisútvarpsins	66-67
42	17. jan.	Reglugerð um breytingu á reglugerð um fullnustu refsidóma, nr. 29 28. janúar 1993	68
51	17. jan.	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 89, 2. mars 1992, um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins	204
23	18. jan.	Reglugerð um afnám banns við síldveiðum í Lónsdýpi	20
28	18. jan.	Auglýsing um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á sameiningu Suðurdalahrepps, Haukadalshrepps, Laxárdalshrepps, Hvammshrepps og Fellsstrandarhrepps í Dalasýslu	26
33	19. jan.	Gjaldskrá um sorphirðu í Hafnarfirði fyrir árið 1994	30
35	19. jan.	Reglugerð um varnir gegn olíumengun fyrir starfsemi í landi	33-56
49	20. jan.	Reglugerð um starfsháttu barnaverndarráðs	199-203
24	21. jan.	Reglugerð um varnir gegn því að dýrasjúkdómar berist til landsins	21-23
41	21. jan.	Auglýsing um umferð í Reykjavík	68
29	24. jan.	Auglýsing um innheimtuhlutfall útsvars í staðgreiðslu vegna febrúar til og með desember 1994	26
30	24. jan.	Reglugerð um breyting á reglugerð nr. 554/1993 um virðisaukaskattskylda sölu á vörum til manneldis o.fl.	27
40	24. jan.	Gjaldskrá um sorphirðu fyrir Húsavíkurkaupstað árið 1994	67
27	26. jan.	Reglugerð um bann við línuveiðum í norðanverðum Faxaflóa	25
45	26. jan.	Auglýsing um verðjöfnun vegna útflutnings sjávarafurða í febrúarmánuði 1994	71

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
58	26. jan.	Reglur um endurgreiðslu sjúkratrygginga á tannlækningakostnað vegna alvarlegra afleiðinga meðfæddra galla, sjúkdóma og slysa	210-211
38	27. jan.	Reglugerð um línu- og netasvæði út af Faxaflóa	65
53	27. jan.	Gjaldskrá fyrir sorphirðu í Rangárvallahreppi fyrir árið 1994	206
54	27. jan.	Reglugerð um skiptingu rekstrarkostnaðar Húsnæðisstofnunar ríkisins	206
48	27. jan.	Mengunarvarnareglugerð	75-198
50	27. jan.	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 579/1989 um búfjármörk, markaskrár og takmörkun á sammerkingum búfjár, sbr. breytingu með rg. nr. 410/1992	203
43	28. jan.	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 313/1993 um greiðslumark mjólkur á lögbýlum og beinar greiðslur til bænda verðlagsárið 1993-1994	69
46	28. jan.	Reglugerð um greiðslur verðmiðlunargjalda til mjólkurbúa árið 1993	71-73
52	28. jan.	Gjaldskrá um sorphirðu í Garðabæ árið 1994	205
55	28. jan.	Gjaldskrá fyrir sorphirðu á Ísafirði	207
56	28. jan.	Gjaldskrá um hreinsun taðþróa í hesthúsahverfinu við Kjóavelli í Garðabæ árið 1994	208
61	28. jan.	Gjaldskrá fyrir sorphirðu á Seyðisfirði árið 1994	214
57	31. jan.	Reglugerð um gerð og búnað reiðhjóla	208-209
44	31. jan.	Auglýsing um verðjöfnunargjald á innflutt súkkulaði, brauð, kex og kökur	70
47	31. jan.	Reglugerð um verðjöfnunargjald af innfluttum unnum landbúnaðarvörum	73-74
60	1. feb.	Reglugerð um ráðstöfun á fóðurgjaldi til loðdýraræktar	213-214
65	2. feb.	Gjaldskrá fyrir vopnaleit á Keflavíkurflugvelli	219
66	2. feb.	Auglýsing um umferð í Reykjavík	220
62	3. feb.	Gjaldskrá Rafveitu Reyðarfjarðar	215-217
59	4. feb.	Gjaldskrá Hitaveitu Ytri-Torfustaðahrepps	211-213
63	4. feb.	Reglugerð um frjálsa skráningu vegna fólksflutninga á milli landa	217
64	4. feb.	Reglugerð um holræsagjöld í Njarðvíkurbæ	218
67	4. feb.	Auglýsing um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á sameiningu Ólafsvíkurbæjar, Staðarsveitar, Breiðuvíkurhrepps og Neshrepps utan Ennis í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu	220
71	4. feb.	Skipulagsskrá Minningar- og fræðslusjóðs Guðmundar Óla Haukssonar	224
78	7. feb.	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 281/1980 um flokkun loftfara	234-235
102	7 feb.	Auglýsing um gildistöku ákvæða er leiða af sameiningu Evrópska efnahagssvæðisins vegna takmörkunar á hávaða frá loftförum	259
69	8. feb.	Auglýsing um umferð í Reykjavík	221

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
103	9. feb.	Samþykkt um breytingu á samþykkt um hundahald á Grenivík frá Grenivíkurhólum að Grenjá nr. 509/1981 með síðari breytingum	259
70	10. feb.	Gjaldskrá fyrir Hitaveitu Laugaráss, Laugarási Biskupstungum	222-224
79	10. feb.	Gjaldskrá fyrir sorphirðu á Hvammstanga árið 1994	235-236
80	10. feb.	Gjaldskrá fyrir sorphirðu á Dalvík árið 1994	236-237
81	10. feb.	Gjaldskrá fyrir sorphirðu í Grýtubakkahreppi árið 1994	237
68	11. feb.	Auglýsing um útreikning afla skipa er salta afla um borð	221
75	11. feb.	Gjaldskrá fyrir sorphreinsun í Hveragerði fyrir árið 1994	227
76	11. feb.	Auglýsing um fyrirmynd að gjaldskrá fyrir mengunarvarnaeftirlit sveitarfélaga	228-232
85	11. feb.	Reglugerð um breyting á reglugerð nr. 105/1990 um framhaldsskóla sbr. reglugerð nr. 23/1991 og reglugerð nr. 421/1991	246
77	14. feb.	Samþykkt um breytingu á samþykkt um stjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 453/1988	232-234
82	14. feb.	Reglur um úthlutun styrkja úr Atvinnuleysistryggingasjóði árið 1994	238-240
83	14. feb.	Auglýsing um að gjaldskrá nr. 56/1993 vegna eftirlits á vegum Geislavarna ríkisins fyrir árið 1993 skuli gilda árið 1994	241
84	15. feb.	Samþykkt um forkaupsrétt Ísafjarðarkaupstaðar á fasteignum innan sveitarfélagsins	241-245
86	16. feb.	Reglugerð um breyting á reglugerð nr. 194/1990, um virðisaukaskatt af þjónustu fyrir erlenda aðila og af keyptri þjónustu erlendis frá, með síðari breytingum	246
72	17. feb.	Reglugerð um friðun hrygningarþorsks á vetrarvertíð 1994	225
73	17. feb.	Reglugerð um breyting á reglugerð nr. 246, 14. júní 1993, um loðnuveiðar 1993/1994	226
122	21. feb.	Reglugerð fyrir Bjargráðasjóð	285-289
74	21. feb.	Reglugerð um breyting á reglugerð nr. 563/1993, um endurgreiðslu vegna virðisaukaskatts af neyslufiski	227
87	23. feb.	Auglýsing um ökutækjatryggingar	247
89	23. feb.	Reglugerð um breytingu á reglugerð um kosningu vígslubiskups, nr. 118 12. mars 1991	248
93	23. feb.	Reglugerð um (1.) breytingu á reglugerð um greiðslur almannatrygginga á lyfjakostnaði, nr. 515/1992	252
98	23. feb.	Viðauki við reglugerð nr. 38, 31. janúar 1991, um möskvastærðir í togvörpum, möskvamæla og mæliaðferðir	255
106	23. feb.	Skipulagsskrá fyrir Vísindasjóð læknaráðs F. S. A.	262-263
88	24. feb.	Auglýsing um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Akureyrar	247
90	24. feb.	Auglýsing um verðjöfnun vegna útflutnings sjávarafurða í marsmánuði 1994	248

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
97	24. feb.	Gjaldskrá fyrir hundahald í Kópavogi á árinu 1994	254
99	24. feb.	Gjaldskrá vegna hundahalds í Garðabæ fyrir árið 1994	256
101	24. feb.	Samþykkt um hundahald á Sauðárkróki	257-258
96	25. feb.	Gjaldskrá fyrir sorphirðu í Raufarhafnarhreppi árið 1994	254
100	25. feb.	Auglýsing um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á sameiningu Keflavíkurbæjar, Njarðvíkurbæjar og Hafnahrepps	256
104	25. feb.	Samþykkt um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp Súðavíkurhrepps nr. 446/1992	260-261
92	28. feb.	Reglugerð um hrognkelsaveiðar	249-251
107	28. feb.	Reglugerð um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á sameiningu Neskaupstaðar og Norðfjarðarhrepps	264
128	28. feb.	Reglugerð um mælieiningar	297-306
129	28. feb.	Reglugerð um mælitæki og aðferðir við mælifræðilegt eftirlit	307-320
130	28. feb.	Reglugerð um gildistöku tiltekinna tilskipana Evrópubandalagsins um mælitæki	321
131	28. feb.	Reglugerð um tilgreint rúmmál tiltekins forpakkaðs vökva	322-333
132	28. feb.	Reglugerð um tilgreint magn og rými sem leyfilegt er fyrir forpakkaðar vörur	334-341
133	28. feb.	Reglugerð um tilgreinda vigt eða rúmmál tiltekinnar forpakkaðrar vöru	342-351
134	28. feb.	Reglugerð um heitavatnsmæla	352-360
135	28. feb.	Reglugerð um lengdarmælingar	361-372
136	28. feb.	Reglugerð um lóð frá 1 mg - 50 kg í hærri nákvæmnisflokkum	373-378
137	28. feb.	Reglugerð um 5-50 kg rétthyrningslaga lóð og 1-10 kg sívöl lóð í millinákvæmnisflokki	379-385
138	28. feb.	Reglugerð um raforkumæla	386-404
139	28. feb.	Reglugerð um rennslismæla fyrir kalt vatn	405-412
140	28. feb.	Reglugerð um rennslismæla fyrir vökva aðra en vatn	413-419
141	28. feb.	Reglugerð um viðbótarbúnað með rennslismælum fyrir vökva aðra en vatn	420-426
142	28. feb.	Reglugerð um mælikerfi fyrir vökva aðra en vatn	427-466
143	28. feb.	Reglugerð um ósjálfvirkan vogarbúnað	467-482
144	28. feb.	Reglugerð um rafföng til notkunar á sprengihættustöðum með eða án tiltekinnar varnartilhögunar	483-496
145	28. feb.	Reglugerð um gildistöku tilskipunar Evrópubandalagsins um rafmagnslækningatæki fyrir menn og dýr	497
146	28. feb.	Reglugerð um rafsegulsviðssamhæfi	498-503
115	1. mars	Samþykkt fyrir Veiðifélag Rangæinga	272-275
116	1. mars	Arðskrá fyrir Veiðifélag Hörgár	275-276
119	1. mars	Samþykkt fyrir Veiðifélag Laxár á Ásum	283-284
91	2. mars	Auglýsing um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Dalvíkur	249
94	2. mars	Reglugerð um rétt manna til að kalla sig húsameistara	253
120	2. mars	Lögreglusamþykkt fyrir Eyrarsveit	284

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
113	3. mars	Reglugerð um endurtekningu á atkvæðagreiðslu um sameiningu sveitarfélaga	270
114	3. mars	Auglýsing um staðfestingu breytinga á skipulagsskrá fyrir Söngskólann í Reykjavík, nr. 395 26. október 1978	271
118	3. mars	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 188/1988 um slátrun, mat og meðferð sláturafurða, með síðari breytingum	279-282
123	3. mars	Reglugerð um verðmiðlunargjald af mjólk	290-291
126	3. mars	Auglýsing um staðfestingu breytingar á skipulagsskrá fyrir Styrktarfélag og Styrktarsjóð Söngskólans í Reykjavík, nr. 394 26. október 1978	296
153	3. mars	Reglugerð um viðurkenningu flokkunarfélaga vegna eftirlits með skipum	511
95	4. mars	Reglugerð um afnám reglna nr. 57/1929 fyrir Veðurstofu Íslands	253
149	4. mars	Skipulagsskrá fyrir Íslenska myndsýn	507-508
154	4. mars	Reglugerð um (17.) breytingu á reglugerð um gerð lyfseðla á ávísun lyfja, afgreiðslu þeirra og merkingu nr. 421/1988	512
373	4. mars	Reglugerð um tíðnisvið fyrir þráðlausa fjarskiptaþjónustu	1175-1176
382	4. mars	Reglugerð um skilyrði fyrir leyfum til að veita fjarskiptaþjónustu	1208-1209
383	4. mars	Reglugerð um aðgang að almennum fjarskiptanetum	1210-1211
393	4. mars	Reglugerð um viðurkenningu notendabúnaðar á grundvelli sameiginlegra tæknilegra reglugerða á Evrópska efnahagssvæðinu	1220-1224
105	7. mars	Reglugerð um breyting á reglugerð nr. 274, 28. júní 1993, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 1. september 1993 til 31. ágúst	261
124	8. mars	Reglur um varnir gegn sorpmengun frá skipum	292-294
125	8. mars	Reglur um framkvæmd og lok frjálsrar skráningar vegna fólksflutninga innanlands	295
108	9. mars	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 283, 20. júlí 1993, um friðunarsvæði við Ísland	265
109	9. mars	Reglugerð um bann við togveiðum á Fætinum	265-266
121	9. mars	Auglýsing um umferð á Akureyri	284
117	10. mars	Reglur um fyrirspurnir til tollstjóra um tollflokkun vara	277-278
152	10. mars	Skipulagsskrá fyrir Menningarsjóð Sparisjóðs Vestur-Húnavatnssýslu, Hvammstanga	510
127	11. mars	Auglýsing um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Seltjarnarness	296
156	11. mars	Gjaldskrá vegna sorphirðu fyrir Þingvallahrepp árið 1994	513
148	14. mars	Reglugerð um breytingu á reglugerð um happdrætti Dvalarheimils aldraðra sjómanna, nr. 129 6. apríl 1992	506
151	14. mars	Samþykkt um forkaupsrétt Hafnarfjarðar að lóðum og öðrum fasteignum innan kaupstaðarins	509

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
150	15. mars	Reglugerð um breytingu á reglugerð um gatnagerðargjöld í Keflavík	508
110	16. mars	Reglugerð um bann við togveiðum vestur af Eldeyjarboða	267
111	17. mars	Reglugerð um greiðslur sveitarfélaga til Atvinnuleysistryggingasjóðs á árinu 1994	268
112	17. mars	Viðauki við reglugerð nr. 38, 31. janúar 1991, um möskvastærðir í togvörpum, möskvamæla og mæliaðferðir	269
155	17. mars	Auglýsing um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á sameiningu Barðastrandarhrepps, Rauðasandshrepps, Patrekshrepps og Bíldudalshrepps í Vestur-Barðastrandarsýslu	512-513
157	18. mars	Reglugerð um vörugjald	514-519
158	21. mars	Auglýsing um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á sameiningu Þórshafnarhrepps og Sauðaneshrepps	519
160	21. mars	Reglugerð um breytingu á reglum um málflytjendastörf manna í opinberu starfi nr. 32 10. febrúar 1971	520
175	21. mars	Reglugerð um breytingu á reglugerð fyrir vatnsveitur sveitarfélaga nr. 421/1992	532
189	21. mars	Reglur um björgunar- og öryggisbúnað íslenskra skipa	563-580
159	22. mars	Gjaldskrá fyrir sorphreinsun í Eyrarbakkahreppi fyrir árið 1994	520
162	22. mars	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1980-2000	523
163	22. mars	Auglýsing um staðfestingu á legu Ásvegar í Djúpárhreppi	523
165	22. mars	Auglýsing um staðfestingu á legu 220 kV háspennulínu frá Búrfellsvirkjun að Svartárkoti í Bárðardal	524
167	22. mars	Auglýsing um staðfestingu á legu 66 kV háspennulínu/jarðstrengs frá Flúðum að Hellu	525
168	22. mars	Gjaldskrá fyrir sorphirðu á Selfossi	526
169	22. mars	Auglýsing um staðfestingu á deiliskipulagi miðbæjar Ísafjarðar	526
171	22. mars	Auglýsing um staðfestingu á legu brúar um Jökulsá á Dal, ásamt aðkomuvegum	527
172	22. mars	Samþykkt um hundahald í Ísafjarðarkaupstað	528-529
174	22. mars	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 1988-2008	531
176	22. mars	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Hvolhrepps 1990-2010	532
179	22. mars	Reglugerð um mat á umhverfisáhrifum	544-553
173	23. mars	Samþykkt um afgreiðslutíma verslana í Neskaupstað	530-531
228	23. mars	Auglýsing um fjölda kennslustunda í 1.-10. bekk grunnskóla og skiptingu þeirra milli námsgreina. (Viðmiðunarstundaskrá)	650-654
147	24. mars	Reglugerð um breyting á reglugerð nr. 554/1993, um virðisaukaskattskylda sölu á vörum til manneldis o.fl. ásamt síðari breytingum	505

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
166	25. mars	Gjaldskrá fyrir sorphirðu í Vallahreppi árið 1994	525
170	25. mars	Gjaldskrá um sorphirðu fyrir Breiðuvíkurhrepp árið 1994	527
177	25. mars	Reglugerð um gjöld fyrir hönnunarvernd o.fl.	532-533
178	25. mars	Reglugerð um skráningu hönnunar	534-543
244	25. mars	Reglugerð um staðfestingu starfsleyfa nokkurra heilbrigðisstétta o.fl. skv. ákvæðum EES-samningsins	689-824
164	28. mars	Auglýsing um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á sameiningu Norðurárdalshrepps, Stafholtstungnahrepps, Borgarnesbæjar og Hraunhrepps í Mýrasýslu	524
476	28. mars	Reglugerð um gildistöku tilskipunar Evrópubandalagsins um virk, ígræðanleg lækningatæki	1472-1491
183	29. mars	Gjaldskrá vegna hundahalds í Þórshafnarhreppi á árinu 1994	555
161	30. mars	Reglugerð um breytingu á reglugerð um löggildingu og tryggingaskyldu fasteigna- og skipasala nr. 520/1987	521-522
180	30. mars	Samþykkt um breytingu á samþykkt um stjórn Vestmannaeyja og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 196/1988, sbr. samþykkt nr. 420/1992 og 407/1993	553
181	5. apríl	Reglugerð um bann við togveiðum fyrir Suðausturlandi	554
184	6. apríl	Reglugerð um breyting á reglugerð nr. 274, 28. júní 1993, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 1. september 1993 til 31. ágúst 1994	555-556
186	6. apríl	Gjaldskrá fyrir afrit eða ljósrit, sem afhent eru á grundvelli stjórnsýslulaga nr. 37/1993	558
207	6. apríl	Gjaldskrá fyrir hundahald í Neskaupstað 1994	630
210	6. apríl	Gjaldskrá fyrir hundahald á Eyrarbakka 1994	631
182	7. apríl	Auglýsing um verðjöfnun vegna útflutnings sjávarafurða í aprílmánuði 1994	554
190	7. apríl	Auglýsing um umferð í Vestmannaeyjum	580
193	7. apríl	Gjaldskrá fyrir sorphirðu í Þórshafnarhreppi árið 1994	585
196	7. apríl	Reglugerð um fræðslu og þjálfun í brunavörnum og slökkvistarfi á vegum einkaaðila	592-593
198	7. apríl	Reglugerð um eldvarnaeftirlit sveitarfélaga með atvinnuhúsnæði sem tekið hefur verið í notkun	594-599
200	7. apríl	Reglugerð um eigið eftirlit eigenda og forráðamanna með brunavörnum í atvinnuhúsnæði	600-612
192	11. apríl	Auglýsing um staðfestingu á skipulagi fyrir sorpstöð Suðurlands í landi Kirkjuferjuhjáleigu í Ölfushreppi	585
201	11. apríl	Reglugerð um breyting á reglugerð nr. 251/1992, um tollfrjálsan farangur ferðamanna og farmanna við komu frá útlöndum, einkasölugjald o.fl., ásamt síðari breytingum	612-613
203	11. apríl	Samþykkt um hunda- og kattahald á Reyðarfirði	616-618
205	11. apríl	Gjaldskrá fyrir heilbrigðiseftirlit Suðurlands 1994	625-627
185	12. apríl	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 72, 17. febrúar 1994, um friðun hrygningarþorsks á vetrarvertíð 1994	557
208	12. apríl	Gjaldskrá fyrir hundahald á Sauðárkróki á árinu 1994	630
191	13. apríl	Reglugerð um botn- og flotvörpur	581-584

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
188	14. apríl	Reglugerð um breyting á reglugerð nr. 615/1987, um frádrátt vegna gjafa til menningarmála o.fl.	562
194	14. apríl	Samþykkt um byggðamerki Torfalækjarhrepps	586
195	14. apríl	Reglugerð um menntun, réttindi og skyldur slökkviliðsmanna	587-591
204	15. apríl	Reglugerð um stjórnarnefnd málefna fatlaðra og Framkvæmdasjóð fatlaðra	619-624
209	15. apríl	Auglýsing um breytingu á gjaldskrá nr. 383/1993 fyrir mengunareftirlit í Kópavogi	631
213	15. apríl	Reglugerð um (18.) breytingu á reglugerð um gerð lyfseðla og ávísun lyfja, afgreiðslu þeirra og merkingu nr. 421/ 1988	634
232	15. apríl	Auglýsing um breytingu á kröfum til viðhaldsstöðva sem viðurkenndar eru til viðhalds loftfara og íhluta þeirra, sbr. auglýsingu nr. 375/1992 og auglýsingu nr. 506/1993	656-666
197	18. apríl	Reglugerð um niðurfellingu jöfnunarálags á innflutt hús og húshluta	593
202	18. apríl	Reglugerð um humarveiðar	614-615
206	18. apríl	Auglýsing um starfssvið og verkaskiptingu sjúkrahúsa á höfuðborgarsvæðinu	627-629
199	20. apríl	Auglýsing um staðfestingu á aðalskipulagi Hvammstanga 1992-2012	599
233	20. apríl	Auglýsing um staðfestingu á legu Fljótsdalslínu I, vestari hluta frá Akureyri að Veggjafelli	666
211	22. apríl	Reglur um ráðstöfun á verðmiðlunarfé til hagræðingaraðgerða í mjólkuriðnaði og mjólkurframleiðslu	632-633
216	22. apríl	Auglýsing um staðfestingu á legu brúar yfir ósa Héraðsvatna	636
217	22. apríl	Auglýsing um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á sameiningu Eyjahrepps og Miklaholtshrepps	637
212	25. apríl	Auglýsing um staðfestingu á aðalskipulagi Grindavíkur 1983-2003	633-634
215	25. apríl	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1990-2010	636
231	25. apríl	Auglýsing um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Reykholts í Biskupstungum 1989-2009	655
235	25. apríl	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Hellu, Rangárvallahreppi 1977-1998	667
236	25. apríl	Auglýsing um staðfestingu á deiliskipulagi miðbæjar Hellu, Rangárvallahreppi	667
237	25. apríl	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Flúða, Hrunamannahreppi 1992-2012	667
220	26. apríl	Reglugerð um aðferðir við magngreiningu textíltrefjablandna	639
230	26. apríl	Auglýsing um staðfestingu á svæðisskipulagi sveitarfélaga sunnan Skarðsheiðar	655

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
219	27. apríl	Reglugerð um breytingu á reglugerð um ökukennslu, próf ökumanna o.fl., nr. 787 13. desember 1983	638
234	27. apríl	Reglugerð um breyting á reglugerð nr. 277, 14. júní 1991, fyrir Fiskveiðasjóð Íslands með síðari breytingum	666
214	28. apríl	Reglugerð um verðjöfnunargjald af innfluttum unnum landbúnaðarvörum	635
218	28. apríl	Auglýsing um verðjöfnun vegna útflutnings sjávarafurða í maímánuði 1994	637
221	28. apríl	Auglýsing um verðjöfnunargjald á innflutt súkkulaði, brauð, kex og kökur	639-640
222	29. apríl	Reglugerð um bann við togveiðum á Selvogsbanka	641
223	29. apríl	Viðauki við reglugerð nr. 274, 28. júní 1993, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 1. september 1993 til 31. ágúst 1994	641
254	29. apríl	Samþykkt um breyting á samþykkt um hundahald í Stokkseyrarhreppi frá 21. desember 1990	837
255	29. apríl	Auglýsing um staðfestingu á aðalskipulagi fyrir Geysissvæðið í Haukadal, Biskupstungnahreppi	837
258	29. apríl	Auglýsing um staðfestingu á aðalskipulagi Kópavogs 1992-2012	839
259	29. apríl	Auglýsing um staðfestingu á aðalskipulagi Súðavíkur 1992-2012	839
274	29. apríl	Reglugerð um breytingu á reglugerð um þjóðminjavörslu nr. 323/1990	852
226	2. maí	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 210/1993, um Lánasjóð íslenskra námsmanna	649
227	2. maí	Samþykkt um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Ólafsvíkurkaupstað, nr. 813 28. desember 1983	650
229	2. maí	Gjaldskrá fyrir sorphirðu á Höfn árið 1994	654-655
239	2. maí	Auglýsing um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á sameiningu Nauteyrarhrepps og Hólmavíkurhrepps	673
246	2. maí	Reglur um barnamenningarsjóð	827-828
251	2. maí	Samþykkt um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp Reyðarfjarðarhrepps nr. 97/1991	834-835
424	2. maí	Auglýsing um úthlutunarreglur Lánasjóðs íslenskra námsanna fyrir námsárið 1994-1995	1341-1359
248	3. maí	Samþykkt um hundahald í Vestmannaeyjum	829-831
252	3. maí	Reglugerð um breytingu á viðauka II við reglugerð um starfshætti þeirra er annast almenna skoðun ökutækja, nr. 558 31. desember 1993	836
224	4. maí	Reglugerð um takmörkun á innflutningi landbúnaðarvara .	642-648
225	4. maí	Reglugerð um útgáfu á 2. flokki húsbréfa 1994 fyrir Byggingarsjóð ríkisins, húsbréfadeild	648-649
238	4. maí	Reglur um garðaúðun	668-672
253	4. maí	Gjaldskrá vegna hundahalds á Höfn fyrir árið 1994	836
240	6. maí	Auglýsing um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á sameiningu Snæfjallahrepps og Ísafjarðarkaupstaðar	674

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
245	6. maí	Reglugerð um hönnun og uppsetningu sjálfvirkra úðakerfa	825-827
247	6. maí	Auglýsing um staðfestingu á aðalskipulagi Mosfellsbæjar 1992-2012	828
249	9. maí	Auglýsing um tímabundinn tollfrjálsan innflutning tækja og búnaðar vísindaleiðangra og hópa á vegum skólastofnana	831-832
270	10. maí	Gjaldskrá vegna hundahalds í Stöðvarhreppi árið 1994	847
280	10. maí	Skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð um hjónin Sverri Magnússon og Ingibjörgu Sigurjónsdóttur	879-880
288	10. maí	Skipulagsskrá fyrir sjálfseignarstofnunina Media upplýsingaþjónusta á Íslandi	889-891
241	11. maí	Reglugerð um bann við togveiðum á Litlabanka	674-675
266	11. maí	Auglýsing um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á sameiningu Hafnar, Mýrarhrepps og Nesjahrepps	843-844
295	11. maí	Reglugerð um fjarskiptabúnað og fjarskipti íslenskra skipa	932-945
242	13. maí	Reglugerð um breytingu á reglugerð um gerð og búnað ökutækja, nr. 411 11. október 1993	676-687
260	13. maí	Reglugerð um breyting á reglugerð nr. 274, 28. júní 1993, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 1. september 1993 til 31. ágúst 1994	839
281	13. maí	Skipulagsskrá fyrir styrktarsjóð Stanley Carter	880-881
256	16. maí	Auglýsing um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á sameiningu Helgafellssveitar og Stykkishólmsbæjar	838
257	16. maí	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Borgarness 1977-1997	838
272	16. maí	Reglugerð um hlutverk fjármálastofnana við aðgerðir gegn peningaþvætti	848-851
284	16. maí	Reglugerð um breytingu á reglugerð um staðsetningu lyfjabúða og lyfjaútibúa nr. 27/1983	887
243	17. maí	Reglugerð um bann við öllum togveiðum á Selvogsbanka	688
271	17. maí	Reglugerð um breytingu á rg. nr. 188/1988 um slátrun, mat og meðferð sláturafurða, sbr. breytingu með rg. nr. 118/ 1994	847
282	17. maí	Reglugerð um söfnun, endurvinnslu og skilagjald á einnota umbúðir fyrir drykkjarvörur	882-884
297	17. maí	Skipulagsskrá fyrir Domus Medica, sjálfseignarstofnun	946-947
261	18. maí	Reglugerð um breyting á reglugerð nr. 563/1993, um endurgreiðslu vegna virðisaukaskatts af neyslufiski	840
262	18. maí	Reglugerð um bann við línuveiðum í norðanverðum Breiðafirði	841
273	18. maí	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 157/1993 um sinubrennur og meðferð elds á víðavangi	851
275	18. maí	Gjaldskrá Hitaveitu Mosfellsbæjar	853-854
278	18. maí	Auglýsing um frítekjumark tekjutryggingar almannatryggingar	875

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
285	18. maí	Auglýsing um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Þorláks-hafnar	887
324	18. maí	Reglur um leyfilegt hljóðaflsstig loftpressna	1037-1045
329	18. maí	Reglur um aðferð við að ákvarða hávaða sem berst í lofti við notkun véla utanhúss	1083-1098
268	19. maí	Auglýsing um staðfestingu að aðalskipulagi Hveragerðis-bæjar 1994-2014	845
276	19. maí	Reglugerð fyrir Veitustofnanir Hveragerðis	855-870
277	19. maí	Gjaldskrá Veitustofnana Hveragerðis. A-hluti	870-875
279	19. maí	Gjaldskrá Veitustofnana Hveragerðis. B-hluti	876-879
283	19. maí	Reglugerð um héraðsskjalasöfn	884-886
287	19. maí	Auglýsing um umferð í Kópavogi	889
325	19. maí	Reglur um leyfilegt hljóðaflsstig vélknúinna rafala	1045-1049
326	19. maí	Reglur um takmörkun hávaða frá vökva- og víragröfum, jarðýtum, hjóla- og beltaskóflum og traktorsgröfum	1050-1062
327	19. maí	Reglur um leyfilegt hljóðaflsstig garðsláttuvéla	1063-1072
328	19. maí	Reglur um leyfilegt hljóðaflsstig vélknúinna handverkfæra fyrir múrbrot og fleygun	1073-1083
330	19. maí	Reglur um leyfilegt hljóðaflsstig byggingarkrana	1098-1107
331	19. maí	Reglur um leyfilegt hljóðaflsstig rafsuðuvéla	1107-1111
263	20. maí	Reglugerð um bann við öllum togveiðum á Selvogsbanka	842
264	20. maí	Reglugerð um bann við togveiðum og dragnótaveiðum við Ingólfshöfða og Hrollaugseyjar	842-843
265	20. maí	Reglugerð um breytingu á reglugerð um prófgjöld ökumanna, gjöld fyrir ökuskírteini o.fl. nr. 634 30. desember 1991	843
267	20. maí	Auglýsing um breytingu á auglýsing um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á sameiningu Suðurdalahrepps, Laxárdalshrepps, Hvammshrepps og Fellsstrandarhrepps í Dalasýslu nr. 28/1994	845
292	20. maí	Auglýsing um nafn á sveitarfélagi því sem til verður við sameiningu Suðurdalahrepps, Haukadalshrepps, Laxárdalshrepps, Hvammshrepps, Skarðshrepps og Fellsstrandarhrepps í Dalasýslu	900
301	20. maí	Auglýsing um nafn á sveitarfélagi því sem til verður við sameiningu Ólafsvíkurkaupstaðar, Neshrepps utan Ennis, Breiðuvíkurhrepps og Staðarsveitar	951
303	20. maí	Reglugerð um eftirlitsgjald vegna lyfjaeftirlits fyrir árið 1994	952-953
290	24. maí	Reglugerð um breyting á reglugerð um Byggðastofnun, nr. 51/1992	895
311	24. maí	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Gerðahrepps 1988-2008	967
269	25. maí	Reglugerð um bann við rækjuveiðum í Breiðafirði	846
298	25. maí	Gjaldskrá vegna sorphriðu í Austur-Landeyjahreppi	947
299	25. maí	Reglugerð um breytingu á reglugerð um vinnumiðlun nr. 129/1986	948

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
304	25. maí	Reglugerð um skilyrði þess að sjálfstætt starfandi einstaklingar fái atvinnuleysisbætur	954-956
307	25. maí	Reglugerð um útibú og umboðsskrifstofu lánastofnunar með staðfestu í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins	958-961
308	25. maí	Reglugerð um útibú og umboðsskrifstofu lánastofnunar með staðfestu í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins	961-963
302	26. maí	Gjaldskrá vegna hundahalds á Grenivík 1994	951
309	26. maí	Reglugerð um breyting á reglugerð nr. 274, 28. júní 1993, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 1. september 1993 til 31. ágúst 1994	963
312	26. maí	Reglugerð um breytingu á reglugerð um símatorgsþjónustu, nr. 419/1992	967
286	30. maí	Reglugerð um breyting á reglugerð nr. 169/1987 um íslensk vegabréf	888
289	30. maí	Reglugerð um leysiefni til notkunar í matvælaiðnaði	892-895
450	30. maí	Auglýsing um grundvöll reikningsskila	1413-1428
291	31. maí	Reglugerð um botn- og flotvörpur	896-900
294	31. maí	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 362/1993, um framkvæmd útreiknings á innlausnarvirði hlutdeildarskírteina verðbréfasjóða	931
296	31. maí	Reglugerð um breytingu á reglugerð um starfshætti þeirra er annast almenna skoðun ökutækja, nr. 558 31. desember 1993	945
300	31. maí	Reglugerð um endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna fjárfestingar í hótel- og gistirými	949-951
305	31. maí	Gjaldskrá vegna hundahalds í Raufarhafnarhreppi 1994	956
310	31. maí	Reglugerð um endurgreiðslu eða niðufellingu tolls og vörugjalds af kartöfluútsæði, græðlingum og öðrum efnivörum, hráefni og hlutum til framleiðslu garðyrkjuafurða	964-966
313	1. júní	Reglugerð um lágmarksmöskvastærðir loðnunóta	968
293	3. júní	Gjaldskrá og reglur fyrir símaþjónustu	901-931
315	3. júní	Samþykkt um stjórn Ísafjarðarkaupstaðar og fundarsköp bæjarstjórnar	970-983
306	6. júní	Reglugerð um breyting á reglugerð um innskatt, nr. 192/1993, með síðari breytingum	957
317	6. júní	Samþykkt um stjórn og fundarsköp Ölfushrepps	984-997
316	7. júní	Reglugerð um breyting á reglugerð nr. 277, 14. júlí 1991, fyrir Fiskveiðasjóð Íslands	983
332	7. júní	Auglýsing um breytingu á skipulagsuppdrætti af Þykkvabæ, Djúpárhreppi	1111
314	8. júní	Reglugerð um afnám banns við togveiðum á Selvogsbanka	969
319	9. júní	Auglýsing um sérstaka tollmeðferð vegna fríverslunarsamnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og lýðveldisins Póllands og tvíhliða samnings Íslands og lýðveldisins Póllands um landbúnaðarafurðir	998-1004

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
320	9. júní	Auglýsing um sérstaka tollmeðferð vegna fríverslunarsamnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Rúmeníu og tvíhliða samnings Íslands og Rúmeníu um landbúnaðarafurðir	1005-1012
321	9. júní	Auglýsing um sérstaka tollmeðferð vegna fríverslunarsamnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Búlgaríu og tvíhliða samnings Íslands og Búlgaríu um landbúnaðarafurðir	1013-1021
322	9. júní	Auglýsing um sérstaka tollmeðferð vegna fríverslunarsamnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Ungverjalands og tvíhliða samnings Íslands og Ungverjalands um landbúnaðarafurðir	1022-1029
323	9. júní	Auglýsing um sérstaka tollmeðferð vegna fríverslunarsamnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Ísrael og tvíhliða samnings Íslands og Ísrael um landbúnaðarafurðir	1029-1037
386	9. júní	Auglýsing um umferð á Blönduósi	1213-1215
318	10. júní	Auglýsing um hækkun bifreiðagjalds þann 1. júlí 1994	997
333	10. júní	Reglugerð um breyting á reglugerð nr. 274, 28. júní 1993, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 1. september 1993 til 31. ágúst 1994	1112
344	10. júní	Skipulagsskrá fyrir Sinfóníuhljómsveit æskunnar	1126-1128
346	10. júní	Skipulagsskrá fyrir sjálfseignarstofnunina Mannréttindastofnun Háskóla Íslands	1129-1130
347	10. júní	Skipulagsskrá fyrir Flugminjasafn Egils Ólafssonar að Hnjóti, Örlygshöfn, Vestur-Barðastrandarsýslu	1131-1134
348	10. júní	Skipulagsskrá Gerðuminningar, minningarsjóðs um Þorgerði Þorvarðsdóttur húsmæðrakennara	1135-1136
349	10. júní	Skipulagsskrá fyrir verðlaunasjóð Guðmundar P. Bjarnasonar frá Sýruparti, Akranesi	1136-1137
350	10. júní	Skipulagsskrá fyrir Sinfóníuhljómsveit Norðurlands	1138-1139
352	10. júní	Skipulagsskrá fyrir minningarsjóð Guðnýjar Ellu Sigurðardóttur	1152
354	10. júní	Samþykkt um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp Bessastaðahrepps nr. 244/1990	1154
361	10. júní	Auglýsing um breytingu á skipulagsskrá fyrir Samvinnuháskólann nr. 73 31. janúar 1990	1158
397	10. júní	Auglýsing um umferð í Ólafsfirði	1227-1229
334	15. júní	Reglugerð um greiðslumark mjólkur á lögbýlum og beinar greiðslur til bænda verðlagsárið 1994-1995	1113-1116
351	15. júní	Reglugerð um undirbúning og framkvæmd álagningar og innheimtu undirboðs- og jöfnunartolla	1140-1151
335	16. júní	Reglugerð um breyting á reglugerð nr. 554/1993, um virðisaukaskattsskylda sölu á vörum til manneldis o.fl.	1116-1117
336	16. júní	Auglýsing um breyting á viðauka I við lög nr. 97/1987, um vörugjald, með síðari breytingum	1117
337	16. júní	Reglugerð um bann við rækjuveiðum fyrir Norðurlandi	1118-1119

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
340	16. júní	Auglýsing um nafn á sveitarfélagi því sem til verður við sameiningu Borgarnesbæjar, Hraunhrepps, Norðurárdalshrepps og Stafholtstungnahrepps	1122
343	16. júní	Auglýsing um nafn á sveitarfélagi því sem til verður við sameiningu Helgafellsveitar og Stykkishólmsbæjar	1125
355	16. júní	Reglugerð um (1.) breytingu á reglugerð nr. 14/1993 um hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu	1155
356	16. júní	Reglugerð um tekjutryggingu ekkjulífeyris	1155
357	16. júní	Reglugerð um breytingu tekjumarks skv. 11. og 12. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar	1156
362	16. júní	Reglugerð um eingreiðslur til elli- og örorkulífeyrisþega árið 1994	1159
370	16. júní	Reglugerð um skipulag Húsnæðisstofnunar ríkisins	1172-1173
345	20. júní	Reglugerð um að aflétta friðun svartbaks, sílamáfs, silfurmáfs og hrafns	1128
359	20. júní	Auglýsing um val á reynslusveitarfélögum	1157
341	21. júní	Reglugerð um veiðikort og sérstök veiðikort (hlunnindakort)	1122
353	21. júní	Gjaldskrá vegna mats á umhverfisáhrifum	1153
358	21. júní	Reglugerð um að aflétta friðun refa og um veiðar á refum og minkum	1156
360	21. júní	Reglur um fyrsta söludag almennra útboða verðbréfa	1157-1158
338	22. júní	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 247/1991, um endurgreiðslu virðisaukaskatts til erlendra fyrirtækja	1119
339	22. júní	Reglugerð um loðnuveiðar 1994/1995	1120-1121
342	23. júní	Auglýsing um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár o.fl.	1123-1125
364	23. júní	Samþykktir fyrir Tryggingarsjóð innlánsdeildanna	1160-1164
384	23. júní	Reglugerð um skipulag og starfsemi Náttúrustofu Austurlands í Neskaupstað	1211-1212
363	24. júní	Reglugerð um (1.) breytingu á reglugerð nr. 341/1992 um úthlutun örorkustyrkja	1159
371	24. júní	Reglugerð um breytingu á byggingarreglugerð nr. 177/1992 með síðari breytingum	1173-1175
372	24. júní	Reglugerð um breytingu á reglugerð um holræsagjöld í Egilsstaðahreppi nr. 469/1977	1175
377	27. júní	Reglugerð um umhverfismál á Evrópska efnahagssvæðinu	1182
380	27. júní	Reglugerð fyrir Háskólann á Akureyri	1197-1205
365	28. júní	Reglugerð um verðjöfnunargjald af innfluttum landbúnaðarvörum	1164-1165
366	28. júní	Reglugerð um hámark lána og ábyrgða viðskiptabanka, sparisjóða og annarra lánastofnana	1166-1169
367	28. júní	Auglýsing um gildistöku EES-reglugerða um almannatryggingar	1170
368	28. júní	Reglugerð um gildistöku tilskipunar Evrópubandalagsins um lækningatæki	1170-1171

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
369	28. júní	Auglýsing um (1.) breytingu á fylgiskjali með reglugerð um staðfestingu starfsleyfa nokkurra heilbrigðisstétta o.fl. skv. ákvæðum EES-samningsins, nr. 244/1994	1171
381	28. júní	Reglugerð um bifreiðagjald	1205-1207
375	30. júní	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 594 31. desember 1993 um efnislegar samkeppnisreglur í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið	1179-1180
378	30. júní	Reglugerð um breytingu á mengunarvarnarreglugerð nr. 48/1994	1183-1196
379	30. júní	Auglýsing um nafn á sveitarfélagi því sem til varð við sameiningu Barðastrandarhrepps, Rauðasandshrepps, Patrekshrepps og Bíldudalshrepps	1196
385	30. júní	Auglýsing um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi fyrir Kirkjubæjarklaustur, Skaftárhreppi, 1988-2008	1213
387	30. júní	Auglýsing um staðfestingu á endurskoðuðu deiliskipulagi miðbæjar Hafnarfjarðar	1216
388	30. júní	Auglýsing um staðfestingu á breytingu á deiliskipulagi á norðvesturhluta staðgreinireits 1.171.2., Iðnaðarmanna-húsreit	1216
396	30. júní	Reglugerð um (19.) breytingu á reglugerð um gerð lyfseðla og ávísun lyfja, afgreiðslu þeirra og merkingu nr. 421/ 1988	1225-1227
426	30. júní	Reglugerð um ósjálfvirkan vogarbúnað	1360-1375
427	30. júní	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 145/1994 um gildistöku tilskipunar Evrópusambandsins um rafmagns-lækningatæki fyrir menn og dýr	1376
428	30. júní	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 130/1994 um gildistöku tiltekinna tilskipana Evrópubandalagsins um mælitæki	1376-1377
429	30. júní	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 146/1994 um raf-segulsviðssamhæfi	1377-1378
439	30. júní	Auglýsing um gildistöku ákvæða er leiða af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið vegna flugmála	1398-1399
440	30. júní	Auglýsing um gildistöku ákvæða er leiða af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið vegna vegamála	1400
441	30. júní	Auglýsing um gildistöku ákvæða er leiða af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið vegna farþegaflutninga á landi	1400-1401
442	30. júní	Auglýsing um gildistöku ákvæða er leiða af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið vegna flutninga á sjó	1401-1402
443	30. júní	Auglýsing um gildistöku ákvæða er leiða af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið vegna vöruflutninga á landi	1402
374	1. júlí	Reglugerð um skipan Rannsóknarráðs Íslands	1177-1178
398	1. júlí	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1980-2000	1229
392	4. júlí	Auglýsing um umferð í Egilsstaðabæ	1219

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
430	4. júlí	Reglur um skilmerki dauða	1379-1380
376	5. júlí	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 339, 23. júní 1994 um loðnuveiðar 1994/1995	1181
391	6. júlí	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Keflavíkur 1982-2002	1219
395	6. júlí	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 1992-2012	1224
394	11. júlí	Reglugerð um breyting á reglugerð nr. 427, 26. október 1993, um vigtun sjávarafla	1224
407	11. júlí	Reglugerð um námskeið og próf til að öðlast leyfi til sölu notaðra ökutækja	1266-1267
410	11. júlí	Gjaldskrá fyrir þjónustu veitta af gæðasviði Fiskistofu	1281-1282
408	12. júlí	Reglugerð um öryggi leikfanga og hættulegar eftirlíkingar	1268-1279
389	13. júlí	Reglugerð um takmörkun á sölu gerileyðandi efna sem innihalda etanól	1217
402	13. júlí	Reglugerð um stjórn hreindýraveiða	1241-1245
461	13. júlí	Reglur um dómsgerðir í einkamálum og opinberum málum	1441
462	13. júlí	Reglur um málsgögn (ágrip) í opinberum málum	1442
463	13. júlí	Reglur um málsgögn (ágrip) í einkamálum	1442-1444
390	14. júlí	Viðauki við reglugerð nr. 92, 28. febrúar 1994, um hrognkelsaveiðar	1218
400	15. júlí	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 341/1994 um veiðikort og sérstök veiðikort (hlunnindakort)	1232
405	15. júlí	Reglugerð um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 1994/1995	1258-1264
411	15. júlí	Reglugerð um breytingu á reglugerð um starfshætti þeirra er annast almenna skoðun ökutækja, nr. 558 31. desember 1993	1282
414	15. júlí	Reglugerð um ráðstöfun aflaheimilda skv. 9. gr. laga nr. 38/1990 um stjórn fiskveiða, sbr. lög nr. 87/1994	1295-1296
415	15. júlí	Auglýsing um bann við veiðum krókabáta á fiskveiðiárinu 1994/1995	1296-1297
418	15. júlí	Reglugerð um merkingu lyfja og fylgiseðla með lyfjum, sem ætluð eru mönnum og dýrum	1305-1333
404	18. júlí	Auglýsing um gildistöku EES-reglugerða um efni sem eyða ósonlaginu og um inn- og útflutning tiltekinna hættulegra efna	1247-1257
406	18. júlí	Reglugerð um tryggingaskyldu við sölu notaðra ökutækja	1264-1265
431	19. júlí	Reglugerð um viðskipti með byggingarvörur	1380-1391
444	19. júlí	Auglýsing um umferð á Hellu	1403
401	20. júlí	Reglugerð um breytingu á reglugerð um gerð og búnað ökutækja, nr. 411 11. nóvember 1993, sbr. reglugerð nr. 242 13. maí 1994	1233-1241
416	20. júlí	Reglugerð um Þróunarsjóð sjávarútvegsins	1297-1302

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
433	20. júlí	Reglugerð um breyting á reglugerð um skráningu mála hjá héraðsdómstólum, þingbækur, skjalavörslu o.fl., nr. 225 19. júní 1992	1393
423	21. júlí	Samþykkt um breytingu á samþykkt um stjórn Hveragerðisbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 294/1987	1339-1340
434	21. júlí	Samþykkt um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp Flateyrarhrepps nr. 245/1990	1394-1395
445	21. júlí	Auglýsing um umferð í Hafnarfirði	1403
448	22. júlí	Gjaldskrá fyrir þjónustu Ríkiskaupa	1410-1412
457	22. júlí	Auglýsing um friðlýsingu Pollengis og Tungueyjar í Biskupstungum	1437-1438
403	25. júlí	Reglugerð um bann við togveiðum á Öræfagrunni	1246
438	25. júlí	Reglugerð um breytingu á reglugerð um vörubifreiðar og sendibifreiðar, sem notaðar eru til leiguaksturs og takmarkanir á fjölda þeirra, nr. 121/1990 með síðari breytingum	1398
446	25. júlí	Reglugerð um sérfæði	1404-1406
419	26. júlí	Reglugerð um útgáfu á 3. flokki húsbréfa 1994 fyrir Byggingarsjóð ríkisins, húsbréfadeild	1333-1334
422	26. júlí	Gjaldskrá fyrir þjónustu Veðurstofu Íslands	1337-1339
437	26. júlí	Skipulagsskrá Framkvæmdasjóðs Háskólans á Akureyri	1397-1398
447	26. júlí	Reglugerð um kaffi, kaffikjarna og kaffibæti	1406-1409
420	28. júlí	Auglýsing um verðjöfnunargjald á innflutt súkkulaði, brauð, kex og kökur	1335-1336
421	28. júlí	Reglugerð um verðjöfnunargjald af innfluttum landbúnaðarvörum	1336-1337
432	29. júlí	Auglýsing um stofnun fólksvangs í Böggvisstaðafjalli	1392-1393
460	29. júlí	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 137/1987 um notkun og bann við notkun tiltekinna eiturefna og hættulegra efna	1441
464	3. ágúst	Auglýsing um umferð í Reykjavík	1444
475	3. ágúst	Auglýsing um umferð á Eskifirði	1472
425	4. ágúst	Reglugerð um breyting á reglugerð nr. 405, 15. júlí 1994, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 1994/1995	1359
449	4. ágúst	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 430/1993 um innheimtu og ráðstöfun á verðskerðingargjöldum af kindakjöti verðlagsárið 1993-1994	1412
458	5. ágúst	Auglýsing um gildistöku ákvæða er leiða af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið vegna vöru- og farþegaflutninga á landi	1438
459	5. ágúst	Samþykkt um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp Eyrarbakkahrepps nr. 333/1987, sbr. samþykkt nr. 477/1990	1439-1440
480	5. ágúst	Reglugerð um breyting á reglugerð nr. 157/1994, um vörugjald	1504
466	8. ágúst	Reglugerð um gjaldskrá Húsnæðisstofnunar ríkisins	1448

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
451	9. ágúst	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 405, 15. júlí 1994, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 1994/1995	1429
452	9. ágúst	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 414, 15. júlí 1994, um ráðstöfun aflaheimilda skv. 9. gr. laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða sbr. lög nr. 87/1994	1430
453	9. ágúst	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 304, 14. ágúst 1992, um leyfi til fullvinnslu botnfiskafla um borð í veiðiskipum	1430
470	9. ágúst	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 291, 31. maí 1994 um botn- og flotvörpur	1453-1454
468	10. ágúst	Auglýsing um nafn á sveitarfélagi því sem til varð við sameiningu Eyjarhepps og Miklaholtshrepps	1452
479	10. ágúst	Samþykkt um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp Stokkseyrarhrepps nr. 25/1989, sbr. samþykkt nr. 461/1990	1501-1503
515	11. ágúst	Reglugerð um veiðieftirlitsgjald	1627
559	11. ágúst	Auglýsing um leiðbeinandi reglur um auglýsingar og umhverfisvernd	1885-1887
454	12. ágúst	Viðauki við reglugerð nr. 339, 22. júní 1994, um loðnuveiðar 1994/1995	1431
469	12. ágúst	Reglugerð um breyting á reglugerð nr. 405, 15. júlí 1994, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 1994/1995	1453
455	15. ágúst	Reglugerð um bann við rækjuveiðum á Rifsbanka	1432
471	15. ágúst	Reglugerð um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands	1454-1457
456	17. ágúst	Reglugerð um fuglaveiðar og nýtingu hlunninda af villtum fuglum	1433-1436
486	18. ágúst	Samþykkt um stjórn og fundarsköp Þórshafnarhrepps	1523-1534
478	22. ágúst	Auglýsing um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 1990-2010	1500
495	22. ágúst	Reglugerð um breytingu á reglugerð um innheimtu höfundarréttargjalds við tollafgreiðslu nr. 177/1989	1543
472	23. ágúst	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 397/1993 um greiðslumark sauðfjárafurða á lögbýlum og beinar greiðslur verðlagsárið 1994/1995	1458
477	23. ágúst	Auglýsing um breytingu á kröfum til viðhaldsstöðva sem viðurkenndar eru til viðhalds loftfara og íhluta þeirra	1492-1500
473	24. ágúst	Reglugerð um miðlun vátrygginga	1458-1466
482	24. ágúst	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 492, 13. desember 1993, um ígulkeraveiðar	1506
474	26. ágúst	Gjaldskrá fyrir hafnir	1467-1471
481	29. ágúst	Auglýsing um flutningsjöfnunargjald á olíuvörum	1505
487	29. ágúst	Reglur um tímabundinn tollfrjálsan innflutning ökutækja til sýningar	1535-1537
488	29. ágúst	Reglugerð um breytingu á reglugerð um holræsi fyrir Eyrarbakkahrepp nr. 351/1975	1537

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
490	29. ágúst	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 597/1993 um skilgreiningu, lýsingu og kynningu á tilteknum áfengum drykkjum	1539-1540
506	29. ágúst	Reglugerð um breyting á reglugerð nr. 591/1993, um opinber innkaup og opinberar framkvæmdir á Evrópska efnahagssvæðinu	1616-1617
507	30. ágúst	Auglýsing um samstarf um almannavarnir	1617
489	31. ágúst	Reglugerð um innheimtu og ráðstöfun á verðskerðingargjöldum af kindakjöti á verðlagsárinu 1994-1995	1538-1539
491	31. ágúst	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 639/1989 um innheimtu fóðurgjalda, með síðari breytingum	1540
496	31. ágúst	Reglugerð um vélar og búnað á byggingarsvæðum (sameiginleg ákvæði)	1543-1552
497	31. ágúst	Reglur um notkun persónuhlífa	1553-1560
498	31. ágúst	Reglur um skjávinnu	1560-1565
499	31. ágúst	Reglur um öryggi og hollustu þegar byrðar eru handleiknar	1565-1569
500	31. ágúst	Reglur um hávaðavarnir á vinnustöðum og heyrnareftirlit starfsmanna	1569-1575
501	31. ágúst	Reglur um gerð persónuhlífa	1576-1594
502	31. ágúst	Reglur um vottun og merkingu á stálvírum, keðjum og krókum	1594-1598
503	31. ágúst	Reglur um lyfti- og flutningabúnað (sameiginleg ákvæði)	1598-1610
504	31. ágúst	Reglur um fólkslyftur og fólks- og vörulyftur	1611-1614
562	31. ágúst	Reglur um lyftara og dráttartæki	1894-2027
483	2. sept.	Reglugerð um frádrátt frá tekjum af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi	1507-1514
484	5. sept.	Reglugerð um lögboðna brunatryggingu húseigna	1515-1518
485	5. sept.	Auglýsing um samþykktir fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum	1519-1522
510	6. sept.	Auglýsing um umferð í Borgarnesi	1623
494	8. sept.	Auglýsing um staðfestingu á reglum Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins um innkaup og sölu áfengis og skilmála í viðskiptum við birgja	1542
513	13. sept.	Skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Lárusar Ottesen	1625-1626
493	14. sept.	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 188/1988 um slátrun, mat og meðferð sláturafurða, sbr. breytingu með rg. nr. 118/1994	1542
514	14. sept.	Reglugerð um fjárhæð og útreikning húsaleigubóta	1626
517	14. sept.	Skipulagsskrá fyrir Waldorfleikskólann Sólstafi	1629-1630
492	15. sept.	Reglugerð um breyting á reglugerð nr. 337, 16. júní 1994, um bann við rækjuveiðum fyrir Norðurlandi	1541
509	15. sept.	Auglýsing um breytingu á gjaldskrá nr. 383/1993 fyrir mengunareftirlit í Kópavogi, sbr. auglýsingu nr. 209/1994	1622
542	15. sept.	Reglur um smíði og búnað báta með mestu lengd allt að 15 metrum	1698-1820

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
592	15. sept.	Reglur um smíði og búnað báta með mestu lengd allt að 15 metrum	2090-2379
505	16. sept.	Reglugerð um breyting á reglugerð nr. 291, 31. maí 1994, um botn- og flotvörpur	1615
508	16. sept.	Reglugerð um friðunarsvæði við Ísland	1618-1621
512	16. sept.	Reglugerð um breyting á reglugerð fyrir talnagetraunir Íslenskrar getspár, nr. 86, 24. febrúar 1993	1624
511	19. sept.	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 456/1994 um fuglaveiðar og nýtingu hlunninda af villtum fuglum	1623
516	20. sept.	Reglugerð um bann við notkun á efnum sem innihalda kvikasilfurssambönd, arsenefnasambönd og lífræn efnasambönd tins (tríbútýltin)	1628-1629
522	20. sept.	Reglugerð um matvælaeftirlit og hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu matvæla	1647-1656
526	20. sept.	Auglýsing um umferð í Mosfellsbæ	1662
518	21. sept.	Auglýsing um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á sameiningu Reykjarfjarðarhrepps, Súðavíkurhrepps og Ögurhrepps	1631
519	21. sept.	Augýsing um breytingu á viðauka A með skipulagsreglugerð nr. 318/1985	1631
550	21. sept.	Reglugerð um styrki vegna námskostnaðar og verkfæra- og tækjakaupa fatlaðra	1837-1839
520	22. sept.	Samþykkt um stjórn Neskaupstaðar og fundarsköp bæjarstjórnar	1632-1644
525	22. sept.	Reglugerð um (2.) breytingu á reglugerð nr. 14/1993 um hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu	1662
527	22. sept.	Erindisbréf formanna stjórna heilsugæslustöðva og sjúkrahúsa	1663-1664
521	23. sept.	Reglugerð um þvotta- og hreingerningarefni	1644-1646
523	23. sept.	Samþykkt um hunda- og kattahald í Egilsstaðabæ	1656-1659
524	23. sept.	Reglugerð um hávaða sem berst í lofti frá heimilistækjum	1659-1661
533	23. sept.	Reglugerð um vegabréf utanríkisráðuneytisins	1668-1670
534	27. sept.	Auglýsing um umferð í Egilsstaðabæ	1670
528	28. sept.	Auglýsing um (4.) hækkun gjaldskrár nr. 283/1992 fyrir tannréttingar	1664
529	28. sept.	Auglýsing um (4.) hækkun gjaldskrár nr. 166/1992 fyrir skólatannlækningar	1664
531	28. sept.	Reglugerð um breyting á reglugerð nr. 291, 31. maí 1994, um botn- og flotvörpur	1666
530	29. sept.	Reglugerð um bann við rækjuveiðum á Skjálfandadjúpi	1665
548	30. sept.	Auglýsing um friðland í Grunnafirði	1835-1836
536	3. okt.	Reglugerð um breytingu á mengunarvarnareglugerð nr. 48/1994 með síðari breytingum nr. 387/1994	1687-1688
543	3. okt.	Gjaldskrá vegna hundahalds í Breiðdalsvík	1820
547	3. okt.	Gjaldskrá fyrir hundahald í Reyðarfjarðarhreppi	1834

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
589	3. okt.	Reglugerð um viðurkenningu notendabúnaðar á grundvelli sameiginlegra tæknilegra reglugerða á Evrópska efnahagssvæðinu	2073-2088
532	4. okt.	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 339, 22. júní 1994, um loðnuveiðar 1994/1995	1667
546	4. okt.	Reglugerð um varnir gegn mengun af völdum ósoneyðandi efna	1829-1834
576	4. okt.	Reglur um verðmerkingar	2057-2058
577	4. okt.	Reglur um birtingu og auglýsingar á aðgöngumiðaverði kvikmyndahúsa	2059
578	4. okt.	Reglur um verðupplýsingar veitingahúsa	2059
580	4. okt.	Reglur um birtingu verðskráa hárgreiðslu- og rakarastofa .	2061
535	5. okt.	Samþykkt um stjórn Borgarbyggðar og fundarsköp bæjarstjórnar	1671-1687
544	6. okt.	Gjaldskrá Rafveitu Hafnarfjarðar. A-hluti	1821-1825
545	6. okt.	Gjaldskrá Rafveitu Hafnarfjarðar. B-hluti	1826-1828
549	6. okt.	Auglýsing um umferð í Reykjavík	1836
554	7. okt.	Reglur um gerð ársreiknings viðskiptabanka, sparisjóða og annarra lánastofnana	1844-1879
551	10. okt.	Reglugerð um innheimtu af ráðstöfun á verðskerðingargjaldi af hrossa- og nautgripakjöti	1839-1840
557	10. okt.	Samþykkt um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Ísafjarðarkaupstað, nr. 474 4. desember 1984	1884
560	10. okt.	Auglýsing um umferð í Stöðvarhreppi	1887
537	11. okt.	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 467/1991 um húsbréfadeild og húsbréfaviðskipti	1689
538	11. okt.	Reglugerð um útgáfu á 4. flokki húsbréfa 1994 fyrir Byggingarsjóð ríkisins, húsbréfadeild	1689-1691
539	11. okt.	Reglugerð um bann við línuveiðum í Faxaflóa, Húnaflóa og á Fljótagrunni	1691-1692
540	11. okt.	Reglugerð um deildaskiptingu og safnráð Landsbókasafns Íslands - Háskólabókasafn	1693
541	11. okt.	Reglugerð um greiðslumark sauðfjárafurða á lögbýlum og beinar greiðslur verðlagsárið 1995-1996	1693-1697
553	11. okt.	Reglugerð um móttöku- og meðferðarstöð ríkisins fyrir unglinga	1842-1843
555	11. okt.	Reglugerð um búsetu fatlaðra	1879-1882
558	11. okt.	Reglugerð um deildaskiptingu og safnráð Landsbókasafns Íslands - Háskólabókasafns	1884
565	13. okt.	Reglur fyrir samvinnunefnd um gerð svæðisskipulags fyrir miðhálendi Íslands	2031-2032
566	13. okt.	Reglur fyrir samvinnunefnd um svæðisskipulag í Skagafirði	2033-2034
556	14. okt.	Reglugerð um húsaleigubætur	1882-1883
561	14. okt.	Reglugerð um búfjársæðingar og flutning fósturvísa	1888-1893
552	17. okt.	Reglugerð um gjald fyrir eftirgerð af hljóðupptökum af munnlegum skýrslum við meðferð einkamáls í héraði	1841

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
568	17. okt.	Auglýsing um umferð á Eyrarbakka	2034
569	20. okt.	Auglýsing um breyting á reglum nr. 39/1992, um greiðslu ferðakostnaðar vegna ferðalaga á vegum ríkisins	2035
575	20. okt.	Samþykkt um stjórn Vesturbyggðar og fundarsköp bæjarstjórnar	2043-2057
564	21. okt.	Gjaldskrá yfir útselda vinnu vegna þjónustuverkefna Hollustuverndar ríkisins	2029-2031
570	21. okt.	Auglýsing um gildistöku EES-reglugerðar um inn- og útflutning tiltekinna hættulegra efna	2035
571	24. okt.	Gjaldskrá vegna sorphirðu í Mýrdalshreppi	2036
582	24. okt.	Gjaldskrá vegna hundahalds í Garðabæ fyrir árið 1995	2062
583	24. okt.	Gjaldskrá um sorphirðu fyrir Staðarhrepp í Skagafirði	2062
581	25. okt.	Reglugerð um breyting á reglugerð nr. 102/1990 um löggiltar iðngreinar, námssamninga, sveinspróf og meistararéttindi með áorðnum breytingum sbr. reglugerð nr. 157/1992 og reglugerð nr. 240/1993	2061
563	26. okt.	Auglýsing um verðjöfnunargjald á innflutt súkkulaði, brauð, kex og kökur	2027-2028
584	26. okt.	Reglur fyrir samvinnunefnd um svæðisskipulag í Borgarfirði norðan Skarðsheiðar	2063-2064
579	28. okt.	Skipulagsskrá Menningarsjóðs Svarfdæla	2060
585	31. okt.	Auglýsing um umferð á Sauðárkróki	2064
572	1. nóv.	Reglugerð um varnir gegn fjárkláða	2037-2038
573	3. nóv.	Auglýsing um skrá skv. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna	2039-2040
587	3. nóv.	Auglýsing um umferð í Reykjavík	2072
588	3. nóv.	Auglýsing um umferð í Reykjavík	2072
574	8. nóv.	Reglugerð um verðjöfnunargjald af innfluttum landbúnaðarvörum	2041-2042
610	8. nóv.	Auglýsing um umferð í Neskaupstað	2388
595	10. nóv.	Reglugerð um breytingu á reglugerð um happdrætti Háskóla Íslands, nr. 348 8. október 1976	2382
606	10. nóv.	Samþykkt um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Reykjavík, nr. 625 22. desember 1987	2387
586	11. nóv.	Gjaldskrá fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit á svæði Heilbrigðiseftirlits Suðurlands	2065-2071
596	11. nóv.	Auglýsing um staðfestingu á legu Vestfjarðarvegar yfir Gilsfjörð ásamt aðkomuvegum	2382
609	11. nóv.	Auglýsing um staðfestingu á legu jarðgangna undir Hvalfjörð og nýrra aðkomuvega	2388
593	14. nóv.	Skipulagsskrá fyrir Hagasjóð í Hraunhreppi	2380-2381
597	14. nóv.	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 168/1970 um heilbirgðisskoðun á sláturafurðum	2383
607	14. nóv.	Samþykkt um breytingu á samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 60/1985, með síðari breytingum	2387

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
590	16. nóv.	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 405, 15. júlí 1994, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 1994/1995	2089
594	16. nóv.	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1990-2010	2381
598	16. nóv.	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Keflavíkur 1982-2002	2383
599	16. nóv.	Auglýsing um staðfestingu á aðalskipulagi Reykja 1994-2014, Staðarhreppi	2384
600	16. nóv.	Auglýsing um staðfestingu á aðalskipulagi fyrir Vatnsleysustrandarhrepp	2384
601	16. nóv.	Auglýsing um staðfestingu á skipulagi sumarbústaðasvæðis í landi Syðri-Reykja, Biskupstungnahreppi	2384
602	16. nóv.	Auglýsing um staðfestingu á skipulagi fyrir jörðina Dagverðarnes, Skorradalshreppi	2385
603	16. nóv.	Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi miðbæjar Hafnarfjarðar	2385
605	16. nóv.	Auglýsing um breytingu á staðfestri legu háspennulínu, Hella-Flúðir innan marka Hrunamannahrepps	2386
608	16. nóv.	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1990-2010 (stgr. 2.575)	2387-2388
604	18. nóv.	Auglýsing um nýtt fasteignamat	2385-2386
628	18. nóv.	Viðmiðunarreglur skv. 9. gr. reglugerðar um skilyrði þess að sjálfstætt starfandi einstaklingar fái atvinnuleysisbætur, nr. 304/1994	2594-2596
591	22. nóv.	Reglugerð um breyting á reglugerð nr. 405, 15. júlí 1994, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 1994/1995 með síðari breytingum	2090
619	22. nóv.	Reglur um fjárhagslega aðstoð Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga	2403-2404
620	23. nóv.	Auglýsing um Íslenska atvinnugreinaflokkun - ÍSAT 95	2405-2563
612	25. nóv.	Reglugerð um veiðisvæði við úthafsrækjuveiðar	2390
614	25. nóv.	Auglýsing um breyting á grunnfjárhæðum skv. 4. og 6. gr., sbr. 22. gr. laga nr. 83/1984 um erfðafjárskatt	2391
618	25. nóv.	Reglugerð um vigtun sjávarafla	2394-2403
622	25. nóv.	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 430/1984, um sjóðfélaga Lífeyrissjóðs bænda og iðgjöld til sjóðsins, með síðari breytingum	2564
611	28. nóv.	Reglugerð um sérstök línu- og netasvæði	2389
613	28. nóv.	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 405, 15. júlí 1994, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 1994/1995	2391
627	28. nóv.	Gjaldskrá fyrir þjónustu loftferðaeftirlits flugmálastjórnar	2592-2594
638	28. nóv.	Samþykkt bæjarstjórnar Selfoss um útivistartíma barna á Selfossi	2612
616	29. nóv.	Reglugerð um breyting á reglugerð nr. 255/1993, um vörugjald af eldsneyti, með síðari breytingum	2392-2393
623	29. nóv.	Samþykkt um stjórn og fundarsköp Dalabyggðar	2565-2577

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
624	29. nóv.	Auglýsing um breytingu á reglum um gerð ársreiknings viðskiptabanka, sparisjóða og annarra lánastofnana nr. 554/1994	2577
625	29. nóv.	Samþykkt um stjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar og fundarsköp bæjarstjórnar	2578-2591
631	29. nóv.	Reglugerð um starfsemi endurskoðunarverkstæða með B-faggildingu	2599-2603
640	29. nóv.	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 467/1991 um húsbréf og húsbréfaviðskipti	2613
615	30. nóv.	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 574/1994 um verðjöfnunargjald af innfluttum landbúnaðarvörum	2392
617	30. nóv.	Auglýsing um hlutfall búnaðarmálasjóðsgjalds verðlagsárið 1994-1995	2393
633	1. des.	Reglugerð um gildistöku EES-gerða um lyf	2604
626	5. des.	Reglugerð um breyting á reglugerð nr. 405, 15. júlí 1994, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 1994/1995	2592
639	5. des.	Auglýsing um vátryggingarfjárhæðir í aksturskeppni	2613
672	5. des.	Reglur um málsmeðferð samkeppnisyfirvalda	2793-2796
634	6. des.	Auglýsing um friðlýsingu Oddaflóða	2605-2606
632	7. des.	Auglýsing um álagningarstofn fasteignaskatts	2603
635	7. des.	Reglugerð um gatnagerðargjöld í Keflavík-Njarðvík-Höfnum	2607-2609
637	7. des.	Gjaldskrá fyrir hitaveitu Laugaráss, Laugarási, Biskupstungum	2610-2612
641	7. des.	Gjaldskrá fyrir Vatnsveitufélag Hjallasóknar	2614
642	7. des.	Samþykkt fyrir Vatnsveitufélag Hjallasóknar	2615-2616
648	7. des.	Gjaldskrá fyrir hundahald í Húsavíkurkaupstað árið 1995	2639-2640
649	7. des.	Gjaldskrá um sorphirðu fyrir Húsavíkurkaupstað árið 1995	2640
636	8. des.	Reglugerð um kröfur varðandi nýja heitavatnskatla sem brenna fljótandi eða loftkenndu eldsneyti	2609
645	8. des.	Auglýsing um umferð í Reykjavík	2626
646	8. des.	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 476/1994 um gildistöku tilskipunar Evrópubandalagsins um virk, ígræðanleg lækningatæki	2626
647	8. des.	Samþykkt um stjórn Vopnafjarðarhrepps og fundarsköp hreppsnefndar	2627-2639
629	9. des.	Reglugerð um breyting á reglugerð nr. 508, 16. september 1994 um friðunarsvæði við Ísland	2597
651	9. des.	Reglugerð um ráðstöfun eigna ríkisins	2776-2777
662	12. des.	Reglugerð um breytingu á reglugerð um gjöld fyrir skoðun, skráningu, mælingu skipa o.fl. nr. 546/1993	2787
663	12. des.	Reglugerð um breytingu á reglugerð um vörubifreiðar og sendibifreiðar, sem notaðar eru til leiguaksturs og takmarkanir á fjölda þeirra, nr. 121/1990, ásamt síðari breytingum	2787

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
664	12. des.	Auglýsing um breytingu á mörkum Búðahrepps og Fáskrúðsfjarðarhrepps	2788
630	13. des.	Reglugerð um bann við tog- og dragnótaveiðum við Hrollaugseyjar	2598
652	13. des.	Reglugerð um breyting á reglugerð nr. 593/1987, um þungaskatt, með síðari breytingum	2777-2778
655	13. des.	Reglugerð um framkvæmd almannatryggingalaga	2781-2782
656	14. des.	Reglugerð um (1.) breytingu á reglugerð um miðlun vátrygginga nr. 473/1994	2783-2784
666	14. des.	Samþykkt um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Reykjavík, nr. 625 22. desember 1987	2789
657	15. des.	Gjaldskrá fyrir sorphirðu í Stokkseyrarhreppi árið 1995	2784
659	15. des.	Reglugerð um breytingu á reglugerð um holræsagjöld í Hafnarfirði nr. 507/1975	2785
678	15. des.	Auglýsing um afnám reglugerðar nr. 172/1991 og 182/1991	2808
707	15. des.	Reglugerð um Menningarsjóð	2889-2890
658	16. des.	Reglugerð um holræsagjald í Reykjavík	2785
643	19. des.	Reglugerð um breyting á reglugerð nr. 390 14. ágúst 1991 um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga með síðari breytingum	2617-2618
653	19. des.	Reglugerð um holræsi og holræsagjald í Vík í Mýrdal	2778-2780
654	19. des.	Auglýsing um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Reykhólahrepps	2780
685	19. des.	Samþykkt um hunda- og kattahald í Eskifjarðarkaupstað	2819-2821
669	20. des.	Auglýsing um frestun á gildistöku breytinga á skipan prestakalla	2791
686	20. des.	Samþykkt um stjórn og fundarsköp Djúpavogshrepps	2822-2834
644	21. des.	Reglugerð um Þróunarsjóð sjávarútvegsins	2619-2625
650	21. des.	Reglugerð um eftirlit með fóðri	2641-2775
660	21. des.	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 60 1. febrúar 1994, um ráðstöfun á fóðurgjaldi til loðdýraræktar	2786
661	21. des.	Samþykkt um breytingu á samþykkt um stjórn Ísafjarðarkaupstaðar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 315/1994	2786
665	21. des.	Auglýsing um hækkun bifreiðagjalds þann 1. janúar 1995	2788
703	21. des.	Hafnarreglugerð fyrir Vík í Mýrdal	2869-2871
706	21. des.	Auglýsing frá ríkisskattstjóra nr. 14/1994	2888
667	22. des.	Reglugerð um innheimtu þinggjalda á árinu 1995	2789-2790
668	22. des.	Reglugerð um innheimtu markaðsgjalds á árinu 1995	2790-2791
670	22. des.	Auglýsing um innheimtuhlutfall í staðgreiðslu á árinu 1995	2792
676	22. des.	Reglugerð um gjald af nýreistum húsum til greiðslu skipulagsgjalds	2806
687	22. des.	Skipulagsskrá fyrir Sjálfseignarstofnunina Sjóminja- og smiðjumunasafn J. Hinrikssonar	2834-2835
694	22. des.	Reglugerð um takmörkun við framleiðslu, notkun og innflutningi leikfanga, skrautmuna og spaug- og gabbvarnings, sem innihalda tiltekin efni	2860-2861

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
671	23. des.	Reglugerð um breyting á reglugerð nr. 484/1992, um endurgreiðslu virðisaukaskatts af sölu á heitu vatni og rafmagni til hitunar húsa og laugarvatns, með síðari breytingum	2792-2793
673	23. des.	Reglugerð um skylduvátryggingu fiskiskipa	2796-2800
674	23. des.	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 264, 31. desember 1971 um raforkuvirki, með áorðnum breytingum	2800-2803
688	27. des.	Samþykkt um stjórn Hornafjarðarbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar	2836-2849
689	27. des.	Auglýsing um umferð í Ólafsfirði	2849
695	27. des.	Reglugerð um hlutverk nokkurra starfsstétta og lögaðila við aðgerðir gegn peningaþvætti	2862
675	28. des.	Reglugerð um leigumiðlun	2803-2805
677	29. des.	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 639/1989 um innheimtu fóðurgjalda, með síðari breytingum	2807
679	29. des.	Reglugerð um gjaldeyrismál	2809-2813
680	29. des.	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 32/1990 um ráðstöfun á sérstöku fóðurgjaldi vegna afurða alifugla og svína, sbr. breytingu með rg. 497/1992 og 288/1993	2813-2814
690	29. des.	Reglugerð um snyrtivörur	2850-2854
691	29. des.	Samþykkt um hundahald innan þorpsmarka á Bakkafirði	2855-2856
696	29. des.	Gjaldskrá um hreinsun taðþróa í hesthúsahverfinu við Kjóavelli í Garðabæ árið 1995	2863
697	29. des.	Gjaldskrá um sorphirðu í Garðabæ árið 1995	2863-2864
698	29. des.	Gjaldskrá vegna hundahalds í Skeggjastaðahreppi á árinu 1995	2864
700	29. des.	Gjaldskrá um sorphirðu í Hafnarfirði fyrir árið 1995	2865-2866
701	29. des.	Reglugerð um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Húsavíkurhöfn nr. 307/1986	2866
702	29. des.	Skipulagsskrá fyrir minningarsjóð Ársæls Jónassonar, kafara. Dags. 28. júlí 1991 með breytingum 29. desember 1994	2867-2868
681	30. des.	Reglugerð um útgáfu á 1. flokki húsbréfa 1995 fyrir Byggingarsjóð ríkisins, húsbréfadeild	2814-2815
682	30. des.	Reglugerð um breyting á reglugerð nr. 591/1987, um laun, greiðslur og hlunnindi utan staðgreiðslu, með síðari breytingum	2816
683	30. des.	Auglýsing um breytingu á gjaldskrá fyrir hafnir nr. 474/1994	2817
684	30. des.	Reglugerð um ábyrgðargjald atvinnurekenda	2818
692	30. des.	Reglur um útreikning og færslu vaxta við Seðlabanka Íslands o.fl.	2856-2858
693	30. des.	Reglugerð um starfsemi neytendamáladeildar Vátryggingaeftirlitsins	2858-2860
704	30. des.	Reglur um endurskoðun viðskiptabanka, sparisjóða og annarra lánastofnana skv. 62. gr. laga nr. 43/1993, sbr. 11. gr. laga nr. 123/1993	2872

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
708	30. des.	Reglur um kaupskrárnefnd varnarsvæða	2891-2892
699	31. des.	Auglýsing frá ríkisskattstjóra um breytingu á grunnfjárhæðum í lögum og reglugerðum um virðisaukaskatt	2865-2877
567		Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til biskups varðandi beiðni um að Staðarsókn í Hólmavíkurprestakalli, Húnavatnsprófastsdæmi verði sameinuð Hólmavíkursókn í sama prestakalli annars vegar, og að Efranúpsókn í Melstaðarprestakalli, Húnavatnsprófastsdæmi verði sameinuð Melstaðarsókn í sama prestakalli hins vegar	2034
621		Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til biskups varðandi beiðni um að Brimilsvallasókn í Ólafsvíkurprestakalli, Snæfellsnes- og Dalaprófastsdæmi verði sameinuð Ólafsvíkursókn í sama prestakalli	2564
		Reikningar.	
187		Reikningur Tryggingarsjóðs viðskiptabanka 1993	559-562
250		Reikningur Innheimtustofnunar sveitarfélaga	833
399		Reikningur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 1993	1230-1232
409		Reikningur Þjóðhátíðarsjóðs fyrir árið 1993	1279-1281
412		Reikningur Verðjöfnunarsjóðs sjávarútvegsins fyrir árið 1993	1283-1285
413		Reikningur Fiskveiðasjóðs Íslands fyrir árið 1993	1286-1295
417		Reikningur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 1993	1302-1304
435		Reikningur Gullbrúðkaupssjóðs Bjarna amtmanns Þorsteinssonar og frú Þórunnar Hannesdóttur árið 1993	1395-1396
436		Reikningur Samgöngubótasjóðs Páls Jónssonar árið 1993	1396
465		Reikningur Bjargráðasjóðs fyrir árið 1993	1445-1447
467		Reikningur Lánasjóðs sveitarfélaga fyrir árið 1993	1449-1451
705		**Embætti og sýslanir**	2878-2887
709		**Heiðursmerki fálkaorðunnar**	2893-2895
710		**Skrá tilkynninga um ný hlutafélög sem birtust í Lögbirtingablaði 1994**	2896-2907
711		**Skrá firmatilkynninga sem birtust í Lögbirtingablaði 1994**	2908-2936
712		**Skrá samvinnufélagatilkynninga sem birtust í Lögbirtingablaði 1994**	2937
713	31. des.	Bæjarnöfn o.fl.	2938

Yfirlit

eftir málaflokkum.

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
		Aðalskipulag, sjá Skipulagsmál.	
		Aðflutningsgjöld, sjá Skattamál.	
		Akranes.	
37	17. jan.	Gjaldskrá Rafveitu Akraness	64-65
		Akureyri.	
21	10. jan.	Auglýsing um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 1990-2010	19
88	24. feb.	Auglýsing um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Akureyrar	247
121	9. mars	Auglýsing um umferð á Akureyri	284
233	20. apríl	Auglýsing um staðfestingu á legu Fljótsdalslínu I, vestari hluta frá Akureyri að Veggjafelli	666
380	27. júní	Reglugerð fyrir Háskólann á Akureyri	1197-1205
478	22. ágúst	Auglýsing um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 1990-2010	1500
		Aldraðir.	
362	16. júní	Reglugerð um eingreiðslur til elli- og örorkulífeyrisþega árið 1994	1159
		Almannatryggingar.	
93	23. feb.	Reglugerð um (1.) breytingu á reglugerð um greiðslur almannatrygginga á lyfjakostnaði, nr. 515/1992	252
278	18. maí	Auglýsing um frítekjumark tekjutryggingar almannatrygginga	875
357	16. júní	Reglugerð um breytingu tekjumarks skv. 11. og 12. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar	1156
367	28. júní	Auglýsing um gildistöku EES-reglugerða um almannatryggingar	1170
525	22. sept.	Reglugerð um (2.) breytingu á reglugerð nr. 14/1993 um hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu	1662
655	13. des.	Reglugerð um framkvæmd almannatryggingalaga	2781-2782
		Almannavarnir.	
507	30. ágúst	Auglýsing um samstarf um almannavarnir	1617

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
		Alþingiskosningar, sjá Kosningar.	
		Atvinnuleysi, Atvinnuleysisbætur, sjá Félagsmál.	
		Atvinnuréttindi.	
10	4. jan.	Reglugerð um breytingu á reglugerð um starfsþjálfun guðfræðikandídata, nr. 89 12. febrúar 1991	10
94	2. mars	Reglugerð um rétt manna til að kalla sig húsameistara	253
177	25. mars	Reglugerð um gjöld fyrir hönnunarvernd o.fl.	532-533
178	25. mars	Reglugerð um skráningu hönnunar	534-543
		Atvinnustarfsemi.	
244	25. mars	Reglugerð um staðfestingu starfsleyfa nokkurra heilbrigðisstétta o.fl. skv. ákvæðum EES-samningsins	689-824
304	25. maí	Reglugerð um skilyrði þess að sjálfstætt starfandi einstaklingar fái atvinnuleysisbætur	954-956
483	2. sept.	Reglugerð um frádrátt frá tekjum af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi	1507-1514
620	23. nóv.	Auglýsing um Íslenska atvinnugreinaflokkun - ÍSAT 95	2405-2563
		Auglýsingar.	
559	11. ágúst	Auglýsing um leiðbeinandi reglur um auglýsingar og umhverfisvernd	1885-1887
577	4. okt.	Reglur um birtingu og auglýsingar á aðgöngumiðaverði kvikmyndahúsa	2059
		Austur-Barðastrandarsýsla, sjá Barðastrandarsýslur.	
		Austur-Skaftafellssýsla, sjá Skaftafellssýslur.	
		Áfengismál.	
490	29. ágúst	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 597/1993 um skilgreiningu, lýsingu og kynningu á tilteknum áfengum drykkjum	1539-1540
494	8. sept.	Auglýsing um staðfestingu á reglum Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins um innkaup og sölu áfengis og skilmála í viðskiptum við birgja	1542
		Árnessýsla.	
70	10. feb.	Gjaldskrá fyrir hitaveitu Laugaráss, Laugarási Biskupstungum	222-224
156	11. mars	Gjaldksrá vegna sorphirðu fyrir Þingvallahrepp árið 1994	513
159	22. mars	Gjaldskrá fyrir sorphreinsun í Eyrarbakkahreppi fyrir árið 1994	520
165	22. mars	Auglýsing um staðfestingu á legu 220 kV háspennulína frá Búrfellsvirkjun að Svartárkoti í Bárðardal	524

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
167	22. mars	Auglýsing um staðfestingu á legu 66 kV háspennulínu/ jarðstrengs frá Flúðum að Hellu	525
192	11. apríl	Auglýsing um staðfestingu á skipulagi fyrir sorpstöð Suðurlands í landi Kirkjuferjuhjáleigu í Ölfushreppi	585
210	6. apríl	Gjaldskrá fyrir hundahald á Eyrarbakka 1994	631
231	25. apríl	Auglýsing um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Reykholts í Biskupstungum 1989-2009	655
237	25. apríl	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Flúða, Hrunamannahreppi 1992-2012	667
254	29. apríl	Samþykkt um breyting á samþykkt um hundahald í Stokkseyrarhreppi frá 21. desember 1990	837
255	29. apríl	Auglýsing um staðfestingu á aðalskipulagi fyrir Geysissvæðið í Haukadal, Biskupstungnahreppi	837
285	18. maí	Auglýsing um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Þorlákshafnar	887
317	6. júní	Samþykkt um stjórn og fundarsköp Ölfushrepps	984-997
457	22. júlí	Auglýsing um friðlýsingu Pollengis og Tungueyjar í Biskupstungum	1437-1438
459	5. ágúst	Samþykkt um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp Eyrarbakkahrepps nr. 333/1987, sbr. samþykkt nr. 477/ 1990	1439-1440
479	10. ágúst	Samþykkt um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp Stokkseyrarhrepps nr. 25/1989, sbr. samþykkt nr. 461/1990	1501-1503
488	29. ágúst	Reglugerð um breytingu á reglugerð um holræsi fyrir Eyrarbakkahrepp nr. 351/1975	1537
568	17. okt.	Auglýsing um umferð á Eyrarbakka	2034
601	16. nóv.	Auglýsing um staðfestingu á skipulagi sumarbústaðasvæðis í landi Syðri-Reykja, Biskupstungnahreppi	2384
605	16. nóv.	Auglýsing um breytingu á staðfestri legu háspennulínu, Hella-Flúðir innan marka Hrunamannahrepps	2386
637	7. des.	Gjaldskrá fyir hitaveitu Laugaráss, Laugarási Biskupstungum	2610-2612
657	15. des.	Gjaldskrá fyrir sorphirðu í Stokkseyrarhreppi árið 1995	2784
		Bankamál.	
272	16. maí	Reglugerð um hlutverk fjármálastofnana við aðgerðir gegn peningaþvætti	848-851
307	25. maí	Reglugerð um útibú og umboðsskrifstofu lánastofnunar með staðfestu í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins	958-961
308	25. maí	Reglugerð um útibú og umboðsskrifstofu lánastofnunar með staðfestu í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins	961-963
342	23. júní	Auglýsing um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár o.fl.	1123-1125
366	28. júní	Reglugerð um hámark lána og ábyrgða viðskiptabanka, sparisjóða og annarra lánastofnana	1166-1169
554	7. okt.	Reglur um gerð ársreiknings viðskiptabanka, sparisjóða og annarra lánastofnana	1844-1879

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
624	29. nóv.	Auglýsing um breytingu á reglum um gerð ársreiknings viðskiptabanka, sparisjóða og annarra lánastofnana nr. 554/1994	2577
679	29. des.	Reglugerð um gjaldeyrismál	2809-2813
692	30. des.	Reglur um útreikning og færslu vaxta við Seðlabanka Íslands o.fl.	2856-2858
695	27. des.	Reglugerð um hlutverk nokkurra starfsstétta og lögaðila við aðgerðir gegn peningaþvætti	2862
704	30. des.	Reglur um endurskoðun viðskiptabanka, sparisjóða og annarra lánastofnana skv. 62. gr. laga nr. 43/1993, sbr. 11. gr. laga nr. 123/1993	2872-2877
		Barðastrandarsýslur.	
34	13. jan.	Gjaldskrá Orkubús Vestfjarða fyrir hitaveitur	30-32
36	14. jan.	Gjaldskrá Orkubús Vestfjarða fyrir raforku	57-63
155	17. mars	Auglýsing um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á sameiningu Barðastrandarhrepps, Rauðasandshrepps, Patreksfjarðarhrepps og Bíldudalshrepps í Vestur-Barðastrandarsýslu	512-513
379	30. júní	Auglýsing um nafn á sveitarfélagi því sem til varð við sameiningu Barðastrandarhrepps, Rauðasandshrepps, Patreksfjarðarhrepps og Bíldudalshrepps	1196
575	20. okt.	Samþykkt um stjórn Vesturbyggðar og fundarsköp bæjarstjórnar	2043-2057
596	11. nóv.	Auglýsing um staðfestingu á legu Vestfjarðavegar yfir Gilsfjörð ásamt aðkomuvegum	2382
654	19. des.	Auglýsing um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Reykhólahrepps	2780
		Barnavernd.	
49	20. jan.	Reglugerð um starfsháttu barnaverndarráðs	199-203
		Bensín, sjá Eldsneyti.	
		Bifreiðagjöld, sjá Skattamál, tollamál; Ökutæki.	
		Bifreiðar, sjá Ökutæki.	
		Birting laga og stjórnvaldaerinda.	
6	4. jan.	Auglýsing um verð Stjórnartíðinda	8
7	4. jan.	Auglýsing um áskriftargjald Lögbirtingablaðsins	8
		Borgarfjarðarsýsla, sjá Mýra- og Borgarfjarðarsýsla.	
		Borgarnes.	
257	29. apríl	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Borgarness 1977-1997	838

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
510	6. sept.	Auglýsing um umferð í Borgarnesi	1623
		Bókasöfn, sjá Menntamál; Söfn.	
		Brunamál.	
195	14. apríl	Reglugerð um menntun, réttindi og skyldur slökkviliðsmanna	587-591
196	7. apríl	Reglugerð um fræðslu og þjálfun í brunavörnum og slökkvistarfi á vegum einkaaðila	592-593
198	7. apríl	Reglugerð um eldvarnaeftirlit sveitarfélaga með atvinnuhúsnæði sem tekið hefur verið í notkun	594-599
200	7. apríl	Reglugerð um eigið eftirlit eigenda og forráðamanna með brunavörnum í atvinnuhúsnæði	600-612
245	6. maí	Reglugerð um hönnun og uppsetningu sjálfvirkra úðakerfa	825-827
484	5. sept.	Reglugerð um lögboðna brunatryggingu húseigna	1515-1518
		Búfjárhald, búnaðarmál, sjá Landbúnaður.	
		Búfjárveikivarnir, sjá Landbúnaður.	
		Byggðastofnun.	
290	24. maí	Reglugerð um breyting á reglugerð um Byggðastofnun, nr. 51/1992	895
		Byggingarmál.	
371	24. júní	Reglugerð um breytingu á byggingarreglugerð nr. 177/1992 með síðari breytingum	1173-1175
431	19. júlí	Reglugerð um viðskipti með byggingarvörur	1380-1391
496	31. ágúst	Reglugerð um vélar og búnað á byggingarsvæðum (sameiginleg ákvæði)	1543-1552
		Byggingarsamvinnufélög, sjá Húsnæðismál.	
		Bæjanöfn.	
713	31. des.	Bæjanöfn o.fl.	2938
		Bæjarstjórnir, sjá Sveitastjórnarmál.	
		Börn og unglingar.	
553	11. okt.	Reglugerð um móttöku- og meðferðarstöð ríkisins fyrir unglinga	1842-1843
		Dalasýsla.	
28	18. jan.	Auglýsing um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á sameiningu Suðurdalahrepps, Haukadalshrepps, Laxárdalshrepps, Hvammshrepps og Fellsstrandarhrepps í Dalasýslu	26
267	20. maí	Auglýsing um breytingu á auglýsingu um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á sameiningu Suðurdalahrepps,	

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
		Laxárdalshrepps, Hvammshrepps og Fellsstrandarhrepps í Dalasýslu nr. 28/1994	845
292	20. maí	Auglýsing um nafn á sveitarfélagi því sem til verður við sameiningu Suðurdalahrepps, Haukadalshrepps, Laxárdalshrepps, Hvammshrepps, Skarðshrepps og Fellsstrandarhrepps í Dalasýslu	900
596	11. nóv.	Auglýsing um staðfestingu á legu Vestfjarðavegar yfir Gilsfjörð ásamt aðkomuvegum	2382
621		Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til biskups varðandi beiðni um að Brimilsvallasókn í Ólafsvíkurprestakalli, Snæfellsnes- og Dalaprófastsdæmi verði sameinuð Ólafsvíkursókn í sama prestakalli	2564
623	29. nóv.	Samþykkt um stjórn og fundarsköp Dalabyggðar	2565-2577
		Dalvík.	
80	10. feb.	Gjaldskrá fyrir sorphirðu á Dalvík árið 1994	236-237
91	2. mars	Auglýsing um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Dalvíkur	249
432	29. júlí	Auglýsing um stofnun fólkvangs í Böggvisstaðafjalli	1392-1393
		Deiliskipulag, sjá Skipulagsmál.	
		Dómsmál.	
42	17. jan.	Reglugerð um breytingu á reglugerð um fullnustu refsidóma, nr. 29 28. janúar 1993	68
160	21. mars	Reglugerð um breytingu á reglum um málflytjendastörf manna í opinberu starfi nr. 32 10. febrúar 1971	520
272	16. maí	Reglugerð um hlutverk fjármálastofnana við aðgerðir gegn peningaþvætti	848-851
433	20. júlí	Reglugerð um breyting á reglugerð um skráningu mála hjá héraðsdómstólum, þingbækur, skjalavörslu o.fl., nr. 225 19. júní 1992	1393
461	13. júlí	Reglur um dómsgerðir í einkamálum og opinberum málum..	1441
462	13. júlí	Reglur um málsgögn (ágrip) í opinberum málum	1442
463	13. júlí	Reglur um málsgögn (ágrip) í einkamálum	1442-1444
552	17. okt.	Reglugerð um gjald fyrir eftirgerð af hljóðupptökum af munnlegum skýrslum við meðferð einkamáls í héraði	1841
695	27. des.	Reglugerð um hlutverk nokkurra starfsstétta og lögaðila við aðgerðir gegn peningaþvætti	2862
		Dýralæknar, sjá Opinberir starfsmenn.	
		Efnahagsmál.	
290	24. maí	Reglugerð um breyting á reglugerð um Byggðastofnun, nr. 51/1992	895

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
		Egilsstaðir.	
372	24. júní	Reglugerð um breytingu á reglugerð um holræsagjöld í Egilsstaðahreppi nr. 469/1977	1175
392	4. júlí	Auglýsing um umferð í Egilsstaðabæ	1219
523	23. sept.	Samþykkt um hunda- og kattahald í Egilsstaðabæ	1656-1659
534	27. sept.	Auglýsing um umferð í Egilsstaðabæ	1670
		Eldsneyti.	
616	29. nóv.	Reglugerð um breyting á reglugerð nr. 255/1993, um vörugjald af eldsneyti, með síðari breytingu	2392-2393
		Embætti og sýslanir.	
705		Embætti og sýslanir	2878-2887
		Embættismenn, sjá Opinberir starfsmenn.	
		Eskifjörður.	
475	3. ágúst	Auglýsing um umferð á Eskifirði	1472
685	19. des.	Samþykkt um hunda- og kattahald í Eskifjarðarkaupstað	2819-2821
		Evrópska efnahagssvæðið.	
102	7. feb.	Auglýsing um gildistöku ákvæða er leiða af sameiningu Evrópska efnahagssvæðisins vegna takmörkunar á hávaða frá loftförum	259
128	28. feb.	Reglugerð um mælieiningar	297-306
129	28. feb.	Reglugerð um mælitæki og aðferðir við mælifræðilegt eftirlit	307-320
130	28. feb.	Reglugerð um gildistöku tiltekinna tilskipana Evrópubandalagsins um mælitæki	321
131	28. feb.	Reglugerð um tilgreint rúmmál tiltekins forpakkaðs vökva	322-333
132	28. feb.	Reglugerð um tilgreint magn og rými sem leyfilegt er fyrir forpakkaðar vörur	334-341
133	28. feb.	Reglugerð um tilgreinda vigt eða rúmmál tiltekinnar forpakkaðrar vöru	342-351
134	28. feb.	Reglugerð um heitavatnsmæla	352-360
135	28. feb.	Reglugerð um lengdarmælingar	361-372
136	28. feb.	Reglugerð um lóð frá 1 mg - 50 kg í hærri nákvæmnisflokkum	373-378
137	28. feb.	Reglugerð um 5-50 kg rétthyrningslaga lóð og 1-10 kg sívöl lóð í millinákvæmnisflokki	379-385
138	28. feb.	Reglugerð um raforkumæla	386-404
139	28. feb.	Reglugerð um rennslismæla fyrir kalt vatn	405-412
140	28. feb.	Reglugerð um rennslismæla fyrir vökva aðra en vatn	413-419
141	28. feb.	Reglugerð um viðbótarbúnað með rennslismælum fyrir vökva aðra en vatn	420-426
142	28. feb.	Reglugerð um mælikerfi fyrir vökva aðra en vatn	427-466

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
143	28. feb.	Reglugerð um ósjálfsvirkan vogarbúnað	467-482
144	28. feb.	Reglugerð um rafföng til notkunar á sprengihættustöðum með eða án tiltekinnar varnartilhögunar	483-496
145	28. feb.	Reglugerð um gildistöku tilskipunar Evrópubandalagsins um rafmagnslækningatæki fyrir menn og dýr	497
146	28. feb.	Reglugerð um rafsegulsviðssamhæfi	498-503
220	26. apríl	Reglugerð um aðferðir við magngreiningu textíltrefjablandna	639
244	25. mars	Reglugerð um staðfestingu starfsleyfa nokkurra heilbrigðisstétta o.fl. skv. ákvæðum EES-samningsins	689-824
307	25. maí	Reglugerð um útibú og umboðsskrifstofu lánastofnunar með staðfestu í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins	958-961
308	25. maí	Reglugerð um útibú og umboðsskrifstofu lánastofnunar með staðfestu í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins	961-963
367	28. júní	Auglýsing um gildistöku EES-reglugerða um almannatryggingar	1170
368	28. júní	Reglugerð um gildistöku tilskipunar Evrópubandalagsins um lækningatæki	1170-1171
369	28. júní	Auglýsing um (1.) breytingu á fylgiskjali með reglugerð um staðfestingu starfsleyfa nokkurra heilbrigðisstétta o.fl. skv. ákvæðum EES-samningsins, nr. 244/1994	1171
375	30. júní	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 594 31. desember 1993 um efnislegar samkeppnisreglur í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið	1179-1180
377	27. júní	Reglugerð um umhverfismál á Evrópska efnahagssvæðinu	1182
393	4. mars	Reglugerð um viðurkenningu notendabúnaðar á grundvelli sameiginlegra tæknilegra reglugerða á Evrópska efnahagssvæðinu	1220-1224
404	18. júlí	Auglýsing um gildistöku EES-reglugerða um efni sem eyða ósonlaginu og um inn- og útflutning tiltekinna hættulegra efna	1247-1257
427	30. júní	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 145/1994 um gildistöku tilskipunar Evrópubandalagsins um rafmagnslækningatæki fyrir menn og dýr	1376
428	30. júní	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 130/1994 um gildistöku tiltekinna tilskipana Evrópubandalagsins um mælitæki	1376-1377
439	30. júní	Auglýsing um gildistöku ákvæða er leiða af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið vegna flugmála	1398-1399
440	30. júní	Auglýsing um gildistöku ákvæða er leiða af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið vegna vegamála	1400
441	30. júní	Auglýsing um gildistöku ákvæða er leiða af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið vegna farþegaflutninga á landi	1400-1401
442	30. júní	Auglýsing um gildistöku ákvæða er leiða af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið vegna flutninga á sjó	1401-1402

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
443	30. júní	Auglýsing um gildistöku ákvæða er leiða af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið vegna vöruflutninga á landi	1402
458	5. ágúst	Auglýsing um gildistöku ákvæða er leiða af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið vegna vöru- og farþegaflutninga á landi	1438
476	28. mars	Reglugerð um gildistöku tilskipunar Evrópubandalagsins um virk, ígræðanleg lækningatæki	1472-1491
496	31. ágúst	Reglugerð um vélar og búnað á byggingarsvæðum (sameiginleg ákvæði)	1543-1552
497	31. ágúst	Reglur um notkun persónuhlífa	1553-1560
498	31. ágúst	Reglur um skjávinnu	1560-1565
499	31. ágúst	Reglur um öryggi og hollustu þegar byrðar eru handleiknar	1565-1569
500	31. ágúst	Reglur um hávaðavarnir á vinnustöðum og heyrnareftirlit starfsmanna	1569-1575
501	31. ágúst	Reglur um gerð persónuhlífa	1576-1594
502	31. ágúst	Reglur um vottun og merkingu á stálvírum, keðjum og krókum	1594-1598
503	31. ágúst	Reglur um lyfti- og flutningabúnað (sameiginleg ákvæði)	1598-1610
504	31. ágúst	Reglur um fólkslyftur og fólks- og vörulyftur	1611-1614
506	29. ágúst	Reglugerð um breyting á reglugerð nr. 591/1993, um opinber innkaup og opinberar framkvæmdir á Evrópska efnahagssvæðinu	1616-1617
516	20. sept.	Reglugerð um bann við notkun á efnum sem innihalda kvikasilfursambönd, arsenefnasambönd og lífræn efnasambönd tins (tríbútýltin)	1628-1629
521	23. sept.	Reglugerð um þvotta- og hreingerningarefni	1644-1646
522	20. sept.	Reglugerð um matvælaeftirlit og hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu matvæla	1647-1656
524	23. sept.	Reglugerð um hávaða sem berst í lofti frá heimilistækjum	1659-1661
562	31. ágúst	Reglur um lyftara og dráttartæki	1894-2027
570	21. okt.	Auglýsing um gildistöku EES-reglugerðar um inn- og útflutning tiltekinna hættulegra efna	2035
589	3. okt.	Reglugerð um viðurkenningu notendabúnaðar á grundvelli sameiginlegra tæknilegra reglugerða á Evrópska efnahagssvæðinu	2073-2088
633	1. des.	Reglugerð um gildistöku EES-gerða um lyf	2604
636	8. des.	Reglugerð um kröfur varðandi nýja heitavatnskatla sem brenna fljótandi eða loftkenndu eldsneyti	2609
646	8. des.	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 476/1994 um gildistöku tilskipunar Evrópubandalagsins um virk, ígræðanleg lækningatæki	2626
690	29. des.	Reglugerð um snyrtivörur	2850-2854
694	22. des.	Reglugerð um takmörkun við framleiðslu, notkun og innflutningi leikfanga, skrautmuna og spaug- eða gabbvarnings, sem innihalda tiltekin efni	2860-2861

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
		Eyðing svartbaks, sjá Veiði, friðun.	
		Eyjafjarðarsýsla.	
		Fangelsi.	
		Fasteignaskattur, sjá Skattamál, tollamál.	
		Fasteignir.	
161	30. mars	Reglugerð um breytingu á reglugerð um löggildingu og tryggingarskyldu fasteigna- og skipasala nr. 520/1987	521-522
604	18. nóv.	Auglýsing um nýtt fasteignamat	2385-2386
632	7. des.	Auglýsing um álagningarstofn fasteignaskatts	2603
		Fatlaðir, sjá Félagsmál.	
		Ferðamál.	
201	11. apríl	Reglugerð um breyting á reglugerð nr. 251/1992, um tollfrjálsan farangur ferðamanna og farmanna við komu frá útlöndum, einkasölugjald o.fl., ásamt síðari breytingum.....	612-613
569	20. okt.	Auglýsing um breyting á reglum nr. 39/1992, um greiðslu ferðakostnaðar vegna ferðalaga á vegum ríkisins	2035
		Félagsmál.	
49	20. jan.	Reglugerð um starfsháttu barnaverndarráðs	199-203
82	14. feb.	Reglur um úthlutun styrkja úr Atvinnuleysistryggingasjóði árið 1994	238-240
204	15. apríl	Reglugerð um stórnarnefnd málefna fatlaðra og Framkvæmdasjóð fatlaðra	619-624
299	25. maí	Reglugerð um breytingu á reglugerð um vinnumiðlun nr. 129/1986	948
356	16. júní	Reglugerð um tekjutengingu ekkjulífeyris	1155
362	16. júní	Reglugerð um eingreiðslur til elli- og örorkulífeyrisþega árið 1994	1159
363	24. júní	Reglugerð um (1.) breytingu á reglugerð nr. 341/1992 um úthlutun örorkustyrkja	1159
537	11. okt.	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 467/1991 um húsbréfadeild og húsbréfaviðskipti	1689
538	11. okt.	Reglugerð um útgáfu á 4. flokki húsbréfa 1994 fyrir Byggingarsjóð ríkisins, húsbréfadeild	1689-1691
550	21. sept.	Reglugerð um styrki vegna námskostnaðar og verkfæra- og tækjakaupa fatlaðra	1837-1839
555	11. okt.	Reglugerð um búsetu fatlaðra	1879-1882
556	14. okt.	Reglugerð um húsaleigubætur	1882-1883

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
628	18. nóv.	Viðmiðunarreglur skv. 9. gr. reglugerðar um skilyrði þess að sjálfstætt starfandi einstaklingar fái atvinnuleysisbætur, nr. 304/1994	2594-2596
640	29. nóv.	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 467/1991 um húsbréf og húsbréfaviðskipti	2613
681	30. des.	Reglugerð um útgáfu á 1. flokki húsbréfa 1995 fyrir Byggingarsjóð ríkisins, húsbréfadeild	2814-2815
		Félög og firmu.	
711		Skrá firmatilkynninga sem birtust í Lögbirtingablaði 1994	2908-2936
712		Skrá samvinnufélagatilkynninga sem birtust í Lögbirtingablaði 1994	2937
		Firmu, sjá Félög og firmu.	
		Fiskirækt, sjá Veiði, friðun.	
		Fiskveiðar, sjá Sjávarútvegar.	
		Fjallskil, sjá Landbúnaður.	
		Fjarskipti.	
293	3. júní	Gjaldskrá og reglur fyrir símaþjónustu	901-931
295	11. maí	Reglugerð um fjarskiptabúnað og fjarskipti íslenskra skipa	932-945
312	26. maí	Reglugerð um breytingu á reglugerð um símatorgsþjónustu nr. 419/1992	967
373	4. mars	Reglugerð um tíðnisvið fyrir þráðlausa fjarskiptaþjónustu	1175-1176
382	4. mars	Reglugerð um skilyrði fyrir leyfum til að veita fjarskiptaþjónustu	1208-1209
383	4. mars	Reglugerð um aðgang að almennum fjarskiptanetum	1210-1211
393	4. mars	Reglugerð um viðurkenningu notendabúnaðar á grundvelli sameiginlegra tæknilegra reglugerða á Evrópska efnahagssvæðinu	1220-1224
589	3. okt.	Reglugerð um viðurkenningu notendabúnaðar á grundvelli sameiginlegra tæknilegra reglugerða á Evrópska efnahagssvæðinu	2073-2088
		Flugmál.	
78	7. feb.	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 281/1980 um flokkun loftfara	234-235
102	7. feb.	Auglýsing um gildistöku ákvæða er leiða af sameiningu Evrópska efnahagssvæðisins vegna takmörkunar á hávaða frá loftförum	259

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
232	15. apríl	Auglýsing um breytingu á kröfum til viðhaldsstöðva sem viðurkenndar eru til viðhalds loftfara og íhluta þeirra, sbr. auglýsing nr. 375/1992 og auglýsingu nr. 506/1993	656-666
439	30. júní	Auglýsing um gildistöku ákvæða er leiða af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið vegna flugmála	1398-1399
477	23. ágúst	Auglýsing um breytingu á kröfum til viðhaldsstöðva sem viðurkenndar eru til viðhalds loftfara og íhluta þeirra	1492-1500
627	28. nóv.	Gjaldskrá fyrir þjónustu loftferðaeftirlits flugmálastjórnar	2592-2594

Forkaupsréttur, sjá Kaupréttur, forkaupsréttur.

Fólksflutningar.

63	4. feb.	Reglugerð um frjálsa skráningu vegna fólksflutninga á milli landa	217
125	8. mars	Reglur um framkvæmd og lok frjálsar skráningar vegna fólksflutninga innanlands	295
441	30. júní	Auglýsing um gildistöku ákvæða er leiða af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið vegna farþegaflutninga á landi	1400-1401

Friðlýsing, sjá Náttúrurannsóknir, náttúruvernd.

Garðabær.

52	28. jan.	Gjaldskrá um sorphirðu í Garðabæ árið 1994	205
56	28. jan.	Gjaldskrá um hreinsun taðþróa í hesthúsahverfinu við Kjóavelli í Garðabæ árið 1994	208
99	24. feb.	Gjaldskrá vegna hundahalds í Garðabæ fyrir árið 1994	256
582	24. okt.	Gjaldskrá vegna hundahalds í Garðabæ fyrir árið 1995	2062
696	29. des.	Gjaldskrá um hreinsun taðþróa í hesthúsahverfinu við Kjóavelli í Garðabæ árið 1995	2863
697	29. des.	Gjaldskrá um sorphirðu í Garðabæ árið 1995	2863-2864

Gatnagerðargjöld, sjá Tekjustofnar sveitarfélaga.

Geislavarnir ríkisins, sjá Öryggismál.

Getraunir, sjá Happdrætti.

Gjaldeyrismál, sjá Bankamál.

Gjöld, sjá Skattamál, tollamál.

Grindavík, sjá Suðurnes.

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
		Gullbringusýsla.	
311	24. maí	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Gerðahrepps 1988-2008	967
600	16. nóv.	Auglýsing um staðfestingu á aðalskipulagi fyrir Vatnsleysustrandarhrepp	2384
		Hafnarfjörður.	
33	19. jan.	Gjaldskrá um sorphirðu í Hafnarfirði fyrir árið 1994	30
151	14. mars	Samþykkt um forkaupsrétt Hafnarfjarðar að lóðum og öðrum fasteignum innan kaupstaðarins	509
162	22. mars	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1980-2000	523
387	30. júní	Auglýsing um staðfestingu á endurskoðuðu deiliskipulagi miðbæjar Hafnarfjarðar	1216
398	1. júlí	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1980-2000	1229
445	21. júlí	Auglýsing um umferð í Hafnarfirði	1403
544	6. okt.	Gjaldskrá Rafveitu Hafnarfjarðar. A-hluti	1821-1825
545	6. okt.	Gjaldskrá Rafveitu Hafnarfjarðar. B-hluti	1826-1828
603	16. nóv.	Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi miðbæjar Hafnarfjarðar	2385
625	29. nóv.	Samþykkt um stjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar og fundarsköp bæjarstjórnar	2578-2591
659	15. des.	Reglugerð um breytingu á reglugerð um holræsagjöld í Hafnarfirði nr. 507/1975	2785
700	29. des.	Gjaldskrá um sorphirðu í Hafnarfirði fyrir árið 1995	2865-2866
		Hafnir.	
474	26. ágúst	Gjaldskrá fyrir hafnir	1467-1471
683	30. des.	Auglýsing um breytingu á gjaldskrá fyrir hafnir nr. 474/1994	2817
701	29. des.	Reglugerð um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Húsavíkurhöfn nr. 307/1986	2866
703	21. des.	Hafnarreglugerð fyrir Vík í Mýrdal	2869-2871
		Happdrætti.	
148	14. mars	Reglugerð um breytingu á reglugerð um happdrætti Dvalarheimilis aldraða sjómanna, nr. 129 6. apríl 1992	506
512	16. sept.	Reglugerð um breyting á reglugerð fyrir talnagetraunir Íslenskrar getspár, nr. 86, 24. febrúar 1993	1624
595	10. nóv.	Reglugerð um breytingu á reglugerð um happdrætti Háskóla Íslands, nr. 348 8. október 1976	2382
		Háskóli Íslands.	
380	27. júní	Reglugerð fyrir Háskólann á Akureyri	1197-1205

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
595	10. nóv.	Reglugerð um breytingu á reglugerð um happdrætti Háskóla Íslands, nr. 348 8. október 1976	2382
		Háskólinn á Akureyri, sjá Háskóli Íslands.	
		Heiðursmerki.	
709		Heiðursmerki fálkaorðunnar	2893-2895
		Heilbrigðiseftirlit.	
35	19. jan.	Reglugerð um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi .	33-56
48	27. jan.	Mengunarvarnareglugerð	75-198
76	11. feb.	Auglýsing um fyrirmynd að gjaldskrá fyrir mengunarvarna-eftirlit sveitarfélaga	228-232
124	8. mars	Reglur um varnir gegn sorpmengun frá skipum	292-294
205	11. apríl	Gjaldskrá fyrir heilbrigðiseftirlit Suðurlands 1994	625-627
209	15. apríl	Auglýsing um breytingu á gjaldskrá nr. 383/1993 fyrir mengunareftirlit í Kópavogi	631
378	30. júní	Reglugerð um breytingu á mengunarvarnarreglugerð nr. 48/1994	1183-1196
404	18. júlí	Auglýsing um gildistöku EES-reglugerða um efni sem eyða ósonlaginu og um inn- og útflutning tiltekinna hættulegra efna	1247-1257
509	15. sept.	Auglýsing um breytingu á gjaldskrá nr. 383/1993 fyrir mengunareftirlit í Kópavogi, sbr. auglýsingu nr. 209/1994.	1622
521	23. sept.	Reglugerð um þvotta- og hreingerningaefni	1644-1646
536	3. okt.	Reglugerð um breytingu á mengunarvarnareglugerð nr. 48/1994 með síðari breytingum	1687-1688
546	4. okt.	Reglugerð um varnir gegn mengun af völdum ósoneyðandi efna	1829-1834
564	21. okt.	Gjaldskrá yfir útselda vinnu vegna þjónustuverkefna Hollustuverndar ríkisins	2029-2031
586	11. nóv.	Gjaldskrá fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit á svæði Heilbrigðiseftirlits Suðurlands	2065-2071
597	14. nóv.	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 168/1970 um heilbrigðisskoðun á sláturafurðum	2383
690	29. des.	Reglugerð um snyrtivörur	2850-2854
694	22. des.	Reglugerð um takmörkun við framleiðslu, notkun og innflutningi leikfanga, skrautmuna og spaug- eða gabbvarnings, sem innihalda tiltekin efni	2860-2861
		Heilbrigðismál.	
58	26. jan.	Reglur um endurgreiðslu sjúkratrygginga á tannlækningakostnaði vegna alvarlegra afleiðinga meðfæddra galla, sjúkdóma og slysa	210-211
145	28. feb.	Reglugerð um gildistöku tilskipunar Evrópubandalagsins um rafmagnslækningatæki fyrir menn og dýr	497

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
206	18. apríl	Auglýsing um starfssvið og verkaskiptingu sjúkrahúsa á höfuðborgarsvæðinu	627-629
238	4. maí	Reglur um garðaúðun	668-672
244	25. mars	Reglugerð um staðfestingu starfsleyfa nokkurra heilbrigðisstétta o.fl. skv. ákvæðum EES-samningsins	689-824
324	18. maí	Reglur um leyfilegt hljóðaflsstig loftpressna	1037-1045
325	19. maí	Reglur um leyfilegt hljóðaflsstig vélknúinna rafala	1045-1049
326	19. maí	Reglur um takmörkun hávaða frá vökva- og víragröfum, jarðýtum, hjóla- og beltaskóflum og traktorsgröfum	1050-1062
327	19. maí	Reglur um leyfilegt hljóðaflsstig garðsláttuvéla	1063-1072
328	19. maí	Reglur um leyfilegt hljóðaflsstig vélknúinna handverkfæra fyrir múrbrot og fleygun	1073-1083
329	18. maí	Reglur um aðferð við að ákvarða hávaða sem berst í lofti við notkun véla utanhúss	1083-1098
330	19. maí	Reglur um leyfilegt hljóðaflsstig byggingarkrana	1098-1107
331	19. maí	Reglur um leyfilegt hljóðafsstig rafsuðuvéla	1107-1111
355	16. júní	Reglugerð um (1.) breytingu á reglugerð nr. 14/1993 um hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu	1155
368	28. júní	Reglugerð um gildistöku tilskipunar Evrópubandalagsins um lækningatæki	1170-1171
369	28. júní	Auglýsing um (1.) breytingu á fylgiskjali með reglugerð um staðfestingu starfsleyfa nokkurra heilbrigðisstétta o.fl. skv. ákvæðum EES-samningsins, nr. 244/1994	1171
404	18. júlí	Auglýsing um gildistöku EES-reglugerða um efni sem eyða ósonlaginu og um inn- og útflutning tiltekinna hættulegra efna	1247-1257
427	30. júní	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 145/1994 um gildistöku tilskipunar Evrópubandalagsins um rafmagnslækningatæki fyrir menn og dýr	1376
430	4. júlí	Reglur um skilmerki dauða	1379-1380
460	29. júlí	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 137/1987 um notkun og bann við notkun tiltekinna eiturefna og hættulegra efna	1441
476	28. mars	Reglugerð um gildistöku tilskipunar Evrópubandalagsins um virk, ígræðanleg lækningatæki	1472-1491
524	23. sept.	Reglugerð um hávaða sem berst í lofti frá heimilistækjum	1659-1661
525	22. sept.	Reglugerð um (2.) breytingu á reglugerð nr. 14/1993 um hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu	1662
527	22. sept.	Erindisbréf formanna stjórna heilsugæslustöðva og sjúkrahúsa	1663-1664
528	28. sept.	Auglýsing um (4.) hækkun gjaldskrár nr. 283/1992 fyrir tannréttingar	1664
529	28. sept.	Auglýsing um (4.) hækkun gjaldskrár nr. 166/1992 fyrir skólatannlækningar	1664

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
646	8. des.	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 476/1994 um gildistöku tilskipunar Evrópubandalagsins um virk, ígræðanleg lækningatæki	2626
		Heilsugæsla, sjá Heilbrigðismál.	
		Hitaveitur, jarðhiti.	
34	13. jan.	Gjaldskrá Orkubús Vestfjarða fyrir hitaveitur	30-32
59	4. feb.	Gjaldskrá Hitaveitu Ytri-Torfustaðahrepps	211-213
70	10. feb.	Gjaldskrá fyrir hitaveitu Laugaráss, Laugarási Biskupstungum	222-224
88	24. feb.	Auglýsing um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Akureyrar	247
91	2. mars	Auglýsing um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Dalvíkur	249
127	11. mars	Auglýsing um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Seltjarnarness	296
275	18. maí	Gjaldskrá Hitaveitu Mosfellsbæjar	853-854
276	19. maí	Reglugerð fyrir Veitustofnanir Hverageröis	855-870
277	19. maí	Gjaldskrá Veitustofnana Hverageröis. A-hluti	870-875
279	19. maí	Gjaldskrá Veitustofnana Hverageröis. B-hluti	876-879
285	18. maí	Auglýsing um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Þorlákshafnar	887
637	7. des.	Gjaldskrá fyrir hitaveitu Laugaráss, Laugarási Biskupstungum	2610-2612
654	19. des.	Auglýsing um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Reykhólahrepps	2780
671	23. des.	Reglugerð um breyting á reglugerð nr. 484/1992, um endurgreiðslu virðisaukaskatts af sölu á heitu vatni og rafmagni til hitunar húsa og laugarvatns, með síðari breytingum	2792-2793
		Hlutafélög.	
710		Skrá tilkynninga um ný hlutafélög sem birtust í Lögbirtingablaðinu 1994	2896-2907
		Hollustuhættir, sjá Heilbrigðismál; Umhverfisvernd.	
		Holræsi, sjá Vatnamál.	
		Hreindýraveiðar, sjá Veiði, friðun.	
		Hreppaskipting, hreppamörk, sjá Sameining sveitarfélaga.	
		Hundar.	
97	24. feb.	Gjaldskrá fyrir hundahald í Kópavogi á árinu 1994	254
99	24. feb.	Gjaldskrá vegna hundahalds í Garðabæ fyrir árið 1994	256
101	24. feb.	Samþykkt um hundahald á Sauðárkróki	257-258

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
103	9.feb.	Samþykkt um breytingu á samykkt um hundahald á Grenivík frá Grenivíkurhólum að Grenjá nr. 509/1981 með síðari breytingum	259
172	22. mars	Samþykkt um hundahald í Ísafjarðarkaupstað	528-529
183	29. mars	Gjaldskrá vegna hundahalds í Þórshafnarhreppi á árinu 1994	555
203	11. apríl	Samþykkt um hundahald- og kattahald á Reyðarfirði	616-618
207	6. apríl	Gjaldskrá fyrir hundahald í Neskaupstað 1994	630
208	12. apríl	Gjaldskrá fyrir hundahald á Sauðárkróki á árinu 1994	630
210	6. apríl	Gjaldskrá fyrir hundahald á Eyrarbakka 1994	631
248	3. maí	Samþykkt um hundahald í Vestmannaeyjum	829-831
253	4. maí	Gjaldskrá vegna hundahalds á Höfn fyrir árið 1994	836
254	29. apríl	Samþykkt um breyting á samþykkt um hundahald í Stokkseyrarhreppi frá 21. desember 1990	837
270	10. maí	Gjaldskrá vegna hundahalds í Stöðvarhreppi árið 1994	847
302	26. maí	Gjaldskrá vegna hundahalds á Grenivík 1994	951
305	31. maí	Gjaldskrá vegna hundahalds í Raufarhafnarhreppi 1994	956
523	23. sept.	Samþykkt um hunda- og kattahald í Egilsstaðabæ	1656-1659
543	3. okt.	Gjaldskrá vegna hundahalds í Breiðdalsvík	1820
547	3. okt.	Gjaldskrá fyrir hundahald í Reyðarfjarðarhreppi	1834
582	24. okt.	Gjaldskrá vegna hundahalds í Garðabæ fyrir árið 1995	2062
648	7. des.	Gjaldskrá fyrir hundahald í Húsavíkurkaupstað árið 1995	2639-2640
685	19. des.	Samþykkt um hunda- og kattahald í Eskifjarðarkaupstað	2819-2821
691	29. des.	Samþykkt um hundahald innan þorpsmarka á Bakkafirði	2855-2856
698	29. des.	Gjaldskrá vegna hundahalds í Skeggjastaðahreppi á árinu 1995	2864
		Húnavatnssýslur.	
59	4. feb.	Gjaldskrá Hitaveitu Ytri-Torfustaðahrepps	211-213
79	10. feb.	Gjaldskrá fyrir sorphirðu á Hvammstanga árið 1994	235-236
194	14. apríl	Samþykkt um byggðamerki Torfalækjarhrepps	586
199	20. apríl	Auglýsing um staðfestingu á aðalskipulagi Hvammstanga 1992-2012	599
386	9. júní	Auglýsing um umferð á Blönduósi	1213-1215
567		Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til biskups varðandi beiðni um að Staðarsókn í Hólmavíkurprestakalli, Húnavatnsprófastsdæmi verði sameinuð Hólmavíkursókn í sama prestakalli annars vegar, og að Efranúpssókn í Melstaðarprestakalli, Húnavatsprófastsdæmi verði sameinuð Melstaðarsókn í sama prestakalli hins vegar	2034
599	16. nóv.	Auglýsing um staðfestingu á aðalskipulagi Reykja 1994-2014, Staðarhreppi	2384
		Húsavík.	
40	24. jan.	Gjaldskrá um sorphirðu fyrir Húsavíkurkaupstað árið 1994	67
648	7. des.	Gjaldskrá fyrir hundahald í Húsavíkurkaupstað árið 1995	2639-2640

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
649	7. des.	Gjaldskrá um sorphirðu fyrir Húsavíkurkaupstað árið 1995..	2640
701	29. des.	Reglugerð um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Húsavíkurhöfn nr. 307/1986	2866
		Húsbréf, sjá Félagsmál; Húsnæðismál.	
		Húsnæðismál.	
54	27. jan.	Reglugerð um skiptingu rekstrarkostnaðar Húsnæðisstofnunar ríkisins	206
197	18. apríl	Reglugerð um niðurfellingu jöfnunarálags á innflutt hús og húshluta	593
225	4. maí	Reglugerð um útgáfu á 2. flokki húsbréfa 1994 fyrir Byggingarsjóð ríkisins, húsbréfadeild	648-649
370	16. júní	Reglugerð um skipulag Húsnæðisstofnunar ríkisins	1172-1173
419	26. júlí	Reglugerð um útgáfu á 3. flokki húsbréfa 1994 fyrir Byggingarsjóð ríkisins, húsbréfadeild	1333-1334
466	8. ágúst	Reglugerð um gjaldskrá Húsnæðsstofnunar ríkisins	1448
484	5. sept.	Reglugerð um lögboðna brunatryggingu húseigna	1515-1518
514	14. sept.	Reglugerð um fjárhæð og útreikning húsaleigubóta	1626
537	11. okt.	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 467/1991 um húsbréfadeild og húsbréfaviðskipti	1689
538	11. okt.	Reglugerð um útgáfu á 4. flokki húsbréfa fyrir Byggingarsjóð ríkisins, húsbréfadeild	1689-1691
556	14. okt.	Reglugerð um húsaleigubætur	1882-1883
640	29. nóv.	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 467/1991 um húsbréf og húsbréfaviðskipti	2613
675	28. des.	Reglugerð um leigumiðlun	2803-2805
676	22. des.	Reglugerð um gjald af nýreistum húsum til greiðslu skipulagsgjalds	2806
681	30. des.	Reglugerð um útgáfu á 1. flokki húsbréfa 1995 fyrir Byggingarsjóð ríkisins, húsbréfadeild	2814-2815
		Hverageröi.	
75	11. feb.	Gjaldskrá fyrir sorphreinsun í Hverageröi fyrir árið 1994	227
268	19. maí	Auglýsing um staðfestingu að aðalskipulagi Hverageröisbæjar 1994-2014	845
276	19. maí	Reglugerð fyrir Veitustofnanir Hverageröis	855-870
277	19. maí	Gjaldskrá Veitustofnana Hverageröis. A-hluti	870-875
279	19. maí	Gjaldskrá Veitustofnana Hverageröis. B-hluti	876-879
		Höfn, Hornafirði.	
229	2. maí	Gjaldskrá fyrir sorphirðu á Höfn árið 1994	654-655
253	4. maí	Gjaldskrá vegna hundahalds á Höfn fyrir árið 1994	836
		Iðnaðarmál.	
94	2. mars	Reglugerð um rétt manna til að kalla sig húsameistara	253

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
289	30. maí	Reglugerð um leysiefni til notkunar í matvælaiðnaði	892-895

Innflutningur.

1	5. jan.	Reglugerð um verðjöfnunargjald af innfluttum unnum landbúnaðarvörum	1
2	5. jan.	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 401/1993 um takmörkun á innflutningi landbúnaðarvara	2-3
3	5. jan.	Auglýsing um verðjöfnunargjald á innflutt súkkulaði, brauð, kex og kökur	4-5
24	21. jan.	Reglugerð um varnir gegn því að dýrasjúkdómar berist til landsins	21-23
44	31. jan.	Auglýsing um verðjöfnunargjald á innflutt súkkulaði, brauð, kex og kökur	70
47	31. jan.	Reglugerð um verðjöfnunargjald af innfluttum unnum landbúnaðarvörum	73-74
157	18. mars	Reglugerð um vörugjald	514-519
197	18. apríl	Reglugerð um niðurfellingu jöfnunarálags á innflutt hús og húshluta	593
221	28. apríl	Auglýsing um verðjöfnunargjald á innflutt súkkulaði, brauð, kex og kökur	639-640
224	4. maí	Reglugerð um takmörkun á innflutningi landbúnaðarvara	642-648
249	9. maí	Auglýsing um tímabundinn tollfrjálsan innflutning tækja og búnaðar vísindaleiðangra og hópa á vegum skólastofnana	831-832
404	18. júlí	Auglýsing um gildistöku EES-reglugerða um efni sem eyða ósonlaginu og um inn- og útflutning tiltekinna hættulegra efna	1247-1257
420	28. júlí	Auglýsing um verðjöfnunargjald á innflutt súkkulaði, brauð, kex og kökur	1335-1336
421	28. júlí	Reglugerð um verðjöfnunargjald af innfluttum landbúnaðarvörum	1336-1337
563	26. okt.	Auglýsing um verðjöfnunargjald á innflutt súkkulaði, brauð, kex og kökur	2027-2028
570	21. okt.	Auglýsing um gildistöku EES-reglugerðar um inn- og útflutning tiltekinna hættulegra efna	2035
694	22. des.	Reglugerð um takmörkun við framleiðslu, notkun og innflutningi leikfanga, skrautmuna og spaug- eða gabbvarnings, sem innihalda tiltekin efni	2860-2861

Innheimta opinberra gjalda, sjá Skattamál, tollamál.

Ísafjarðarkaupstaður.

15	10. jan.	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Ísafjarðar 1987-2007, miðbæjarsvæði	16
55	28. jan.	Gjaldskrá fyrir sorphirðu á Ísafirði	207
84	15. feb.	Samþykkt um forkaupsrétt Ísafjarðarkaupstaðar á fasteignum innan sveitarfélagsins	241-245

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
169	22. mars	Auglýsing um staðfestingu á deiliskipulagi miðbæjar Ísafjarðar	526
172	22. mars	Samþykkt um hundahald í Ísafjarðarkaupstað	528-529
240	6. maí	Auglýsing um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á sameiningu Snæfjallahrepps og Ísafjarðarkaupstaðar	674
315	3. júní	Samþykkt um stjórn Ísafjarðarkaupstaðar og fundarsköp bæjarstjórnar	970-983
557	10. okt.	Samþykkt um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Ísafjarðarkaupstað, nr. 474 4. desember 1984	1884
661	21. des.	Samþykkt um breytingu á samþykkt um stjórn Ísafjarðarkaupstaðar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 315/1994	2786
		Ísafjarðarsýslur.	
34	13. jan.	Gjaldskrá Orkubús Vestfjarða fyrir hitaveitur	30-32
36	14. jan.	Gjaldskrá Orkubús Vestfjarða fyrir raforku	57-63
104	25. feb.	Samþykkt um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp Súðavíkurhrepps nr. 446/1992	260-261
239	2. maí	Auglýsing um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á sameiningu Nauteyrarhrepps og Hólmavíkurhrepps	673
240	6. maí	Auglýsing um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á sameiningu Snæfjallahrepps og Ísafjarðarkaupstaðar	674
259	29. apríl	Auglýsing um staðfestingu á aðalskipulagi Súðavíkur 1992-2012	839
434	21. júlí	Samþykkt um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp Flateyrarhrepps nr. 245/1990	1394-1395
518	21. sept.	Auglýsing um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á sameiningu Reykjarfjarðarhrepps, Súðavíkurhrepps og Ögurhrepps	1631
		Jarðhiti, sjá Hitaveitur, jarðhiti.	
		Kaupréttur, forkaupsréttur.	
84	15. feb.	Samþykkt um forkaupsrétt Ísafjarðarkaupstaðar á fasteignum innan sveitarfélagsins	241-245
151	14. mars	Samþykkt um forkaupsrétt Hafnarfjarðar að lóðum og öðrum fasteignum innan kaupstaðarins	509
		Keflavík, sjá Suðurnes.	
		Keflavíkurflugvöllur.	
65	2. feb.	Gjaldskrá fyrir vopnaleit á Keflavíkurflugvelli	219
		Kennarar, sjá Menntamál.	
		Kirkjumál.	
9	7. jan.	Reglugerð um greiðslu útfararkostnaðar o.fl.	9-10

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
10	4. jan.	Reglugerð um breytingu á reglugerð um starfsþjálfun guðfræðikandídata, nr. 89 12. febrúar 1991	10
89	23. feb.	Reglugerð um breytingu á reglugerð um kosningu vígslubiskups, nr. 118 12. mars 1991	248
567		Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til biskups varðandi beiðni um að Staðarsókn í Hólmavíkurprestakalli, Húnavatnsprófastsdæmi verði sameinuð Hólmavíkursókn í sama prestakalli annars vegar, og að Efranúpssókn í Melstaðarprestakalli, Húnavatnsprófastsdæmi verði sameinuð Melstaðarsókn í sama prestakalli hins vegar	2034
621		Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til biskups varðandi beiðni um að Brimilsvallasókn í Ólafsvíkurprestakalli, Snæfellsnes- og Dalaprófastsdæmi verði sameinuð Ólafsvíkursókn í sama prestakalli	2564
669	20. des.	Auglýsing um frestun á gildistöku breytinga á skipan prestakalla	2791
		Kjarasamningar, sjá Launamál.	
		Kjósarsýsla.	
31	14. jan.	Samþykkt um búfjárhald í Bessastaðahreppi	27-28
354	10. júní	Samþykkt um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp Bessastaðahrepps nr. 244/1990	1154
		Kosningar.	
39	17. jan.	Auglýsing um reglur um takmarkanir á þátttöku frambjóðanda til almennra kosninga í dagskrá Ríkisútvarpsins	66-67
89	23. feb.	Reglugerð um breytingu á reglugerð um kosningu vígslubiskups, nr. 118 12. mars 1991	248
		Kópavogur.	
97	24. feb.	Gjaldskrá fyrir hundahald í Kópavogi á árinu 1994	254
174	22. mars	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 1988-2008	531
209	15. apríl	Auglýsing um breytingu á gjaldskrá nr. 383/1993 fyrir mengunareftirlit í Kópavogi	631
258	29. apríl	Auglýsing um staðfestingu á aðalskipulagi Kópavogs 1992-2012	839
287	19. maí	Auglýsing um umferð í Kópavogi	889
395	6. júlí	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 1992-2012	1224
509	15. sept.	Auglýsing um breytingu á gjaldskrá nr. 383/1993 fyrir mengunareftirlit í Kópavogi, sbr. auglýsingu nr. 209/1994	1622

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
		Kvikmyndir.	
577	4. okt.	Reglur um birtingu og auglýsingar á aðgöngumiðaverði kvikmyndahúsa	2059
		Landbúnaður.	
1	5. jan.	Reglugerð um verðjöfnunargjald af innfluttum unnum landbúnaðarvörum	1
2	5. jan.	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 401/1993 um takmörkun á innflutningi landbúnaðarvara	2-3
24	21. jan.	Reglugerð um varnir gegn því að dýrasjúkdómar berist til landsins	21-23
25	11. jan.	Auglýsing um hlutfall búnaðarmálasjóðsgjalds verðlagsárið 1993-1994	23
31	14. jan.	Samþykkt um búfjárhald í Bessastaðahreppi	27-28
43	28. jan.	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 313/1993 um greiðslumark mjólkur á lögbýlum og beinar greiðslur til bænda verðlagsárið 1993-1994	69
46	28. jan.	Reglugerð um greiðslur verðmiðlunargjalda til mjólkurbúa árið 1993	71-73
47	31. jan.	Reglugerð um verðjöfnunargjald af innfluttum unnum landbúnaðarvörum	73-74
50	27. jan.	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 579/1989 um búfjármörk, markaskrár og takmörkun á sammerkingum búfjár, sbr. breytingu með rg. nr. 410/1992	203
60	1. feb.	Reglugerð um ráðstöfun á fóðurgjaldi til loðdýraræktar	213-214
118	3. mars	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 188/1988, um slátrun, mat og meðferð sláturafurða, með síðari breytingum	279-282
123	3. mars	Reglugerð um verðmiðlunargjald af mjólk	290-291
211	22. apríl	Reglur um ráðstöfun á verðmiðlunarfé til hagræðingaraðgerða í mjólkuriðnaði og mjólkurframleiðslu	632-633
214	28. apríl	Reglugerð um verðjöfnunargjald af innfluttum unnum landbúnaðarvörum	635
224	4. maí	Reglugerð um takmörkun á innfluttningi landbúnaðarvara	642-648
238	4. maí	Reglur um garðaúðun	668-672
271	17. maí	Reglugerð um breytingu á rg. nr. 188/1988 um slátrun, mat og meðferð sláturafurða, sbr. breytingu með rg. nr. 118/1994	847
273	18. maí	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 157/1993 um sinubrennur og meðferð elds á víðavangi	851
310	31. maí	Reglugerð um endurgreiðslu eða niðurfellingu tolls og vörugjalds af kartöfluútsæði, græðlingum og öðrum efnivörum, hráefni og hlutum til framleiðslu garðyrkjuafurða	964-966
319	9. júní	Auglýsing um sérstaka tollmeðferð vegna fríverslunarsamnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og lýð-	

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
		veldisins Póllands og tvíhliða samnings Íslands og lýðveldisins Póllands um landbúnaðarafurðir	998-1004
320	9. júní	Auglýsing um sérstaka tollmeðferð vegna fríverslunarsamnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Rúmeníu og tvíhliða samnings Íslands og Rúmeníu um landbúnaðarafurðir	1005-1012
321	9. júní	Auglýsing um sérstaka tollmeðferð vegna fríverslunarsamnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Búlgaríu og tvíhliða samnings Íslands og Búlgaríu um landbúnaðarafurðir	1013-1021
322	9. júní	Auglýsing um sérstaka tollmeðferð vegna fríverslunarsamnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Ungverjalands og tvíhliða samnings Íslands og Ungverjalands um landbúnaðarafurðir	1022-1029
323	9. júní	Auglýsing um sérstaka tollmeðferð vegna fríverslunarsamnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Ísrael og tvíhliða samnings Íslands og Ísrael um landbúnaðarafurðir	1029-1037
334	15. júní	Reglugerð um greiðslumark mjólkur á lögbýlum og beinar greiðslur til bænda verðlagsárið 1994-1995	1113-1116
365	28. júní	Reglugerð um verðjöfnunargjald af innfluttum landbúnaðarvörum	1164-1165
421	28. júlí	Reglugerð um verðjöfnunargjald af innfluttum landbúnaðarvörum	1336-1337
449	4. ágúst	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 430/1993 um innheimtu og ráðstöfun á verðskerðingargjöldum af kindakjöti verðlagsárið 1993-1994	1412
472	23. ágúst	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 397/1993 um greiðslumark sauðfjárafurða á lögbýlum og beinar greiðslur verðlagsárið 1994/1995	1458
489	31. ágúst	Reglugerð um innheimtu og ráðstöfun á verðskerðingargjöldum af kindakjöti á verðlagsárinu 1994-1995	1538-1539
491	31. ágúst	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 639/1989 um innheimtu fóðurgjalda, með síðari breytingum	1540
493	14. sept.	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 188/1988, um slátrun, mat og meðferð sláturafurða, sbr. breytingu með rg. nr. 118/1994	1542
541	11. okt.	Reglugerð um greiðslumark sauðfjárafurða á lögbýlum og beinar greiðslur verðlagsárið 1995-1996	1693-1697
551	10. okt.	Reglugerð um innheimtu og ráðstöfun á verðskerðingargjaldi af hrossa- og nautgripakjöti	1839-1840
561	14. okt.	Reglugerð um búfjársæðingar og flutning fósturvísa	1888-1893
572	1. nóv.	Reglugerð um varnir gegn fjárkláða	2037-2038
574	8. nóv.	Reglugerð um verðjöfnunargjald af innfluttum landbúnaðarvörum	2041-2042

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
597	14. nóv.	Reglugeðr um breytingu á reglugerð nr. 168/1970 um heilbrigðisskoðun á sláturafurðum	2383
615	30. nóv.	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 574/1994 um verðjöfnunargjald af innfluttum landbúnaðarvörum	2392
617	30. nóv.	Auglýsing um hlutfall búnaðarmálasjóðsgjalds verðlagsárið 1994-1995	2393
650	21. des.	Reglugerð um eftirlit með fóðri	2641-2775
660	21. des.	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 60 1. febrúar 1994, um ráðstöfun á fóðurgjaldi til loðdýraræktar	2786
677	29. des.	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 639/1989 um innheimtu fóðurgjalda, með síðari breytingum	2807
680	29. des.	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 32/1990 um ráðstöfun á sérstöku fóðurgjaldi vegna afurða alifugla og svína, sbr. breytingu með rg. nr. 497/1992 og 288/1993	2813-2814
		Landhelgismál.	
23	18. jan.	Reglugerð um afnám banns við síldveiðum í Lónsdýpi	20
27	26. jan.	Reglugerð um bann við línuveiðum í norðanverðum Faxaflóa	25
38	27. jan.	Reglugerð um línu- og netasvæði út af Faxaflóa	65
72	17. feb.	Reglugerð um friðun hrygningarþorsks á vetrarvertíð 1994	225
98	23. feb.	Viðauki við reglugerð nr. 38, 31. janúar 1991, um möskvastærðir í togvörpum, möskvamæla og mæliaðferðir	255
108	9. mars	Reglugerð um breyting á reglugerð nr. 283, 20. júlí 1993, um friðunarsvæði við Ísland	265
109	9. mars	Reglugerð um bann við togveiðum á Fætinum	265-266
110	16. mars	Reglugerð um bann við togveiðum vestur af Eldeyjarboða	267
112	17. mars	Viðauki við reglugerð nr. 38, 31. janúar 1991, um möskvastærðir í togvörpum, möskvamæla og mæliaðferðir	269
181	5. apríl	Reglugerð um bann við togveiðum fyrir Suðausturlandi	554
185	12. apríl	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 72, 17. febrúar 1994, um friðun hrygningarþorsks á vetrarvertíð 1994	557
191	13. apríl	Reglugerð um botn- og flotvörpur	581-584
222	29. apríl	Reglugerð um bann við togveiðum á Selvogsbanka	641
241	11. maí	Reglugerð um bann við togveiðum á Litlabanka	674-675
243	17. maí	Reglugerð um bann við öllum togveiðum á Selvogsbanka	688
262	18. maí	Reglugerð um bann við línuveiðum í norðanverðum Breiðafirði	841
263	20. maí	Reglugerð um bann við öllum togveiðum á Selvogsbanka	842
264	20. maí	Reglugerð um bann við togveiðum og dragnótaveiðum við Ingólfshöfða og Hrollaugseyjar	842-843
269	25. maí	Reglugerð um bann við rækjuveiðum í Breiðafirði	846
291	31. maí	Reglugerð um botn- og flotvörpur	896-900
313	1. júní	Reglugerð um lágmarksmöskvastærðir loðnunóta	968
314	8. júní	Reglugerð um afnám banns við togveiðum á Selvogsbanka	969
337	16. júní	Reglugerð um bann við rækjuveiðum fyrir Norðurlandi	1118-1119

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
339	22. júní	Reglugerð um loðnuveiðar 1994/1995	1120-1121
376	5. júlí	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 339, 23. júní 1994 um loðnuveiðar 1994/1995	1181
403	25. júlí	Reglugerð um bann við togveiðum á Öræfagrunni	1246
454	12. ágúst	Viðauki við reglugerð nr. 339, 22. júní 1994, um loðnuveiðar 1994/1995	1431
455	15. ágúst	Reglugerð um bann við rækjuveiðum á Rifsbanka	1432
470	9. ágúst	Reglugerð um breyting á reglugerð nr. 291, 31. maí 1994 um botn- og flotvörpur	1453-1454
471	15. ágúst	Reglugerð um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands	1454-1457
482	24. ágúst	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 492, 13. desember 1993, um ígulkeraveiðar	1506
492	15. sept.	Reglugerð um breyting á reglugerð nr. 337, 16. júní 1994, um bann við rækjuveiðum fyrir Norðurlandi	1541
505	16. sept.	Reglugerð um breyting á reglugerð nr. 291, 31. maí 1994, um botn- og flotvörpur	1615
508	16. sept.	Reglugerð um friðunarsvæði við Ísland	1618-1621
530	29. sept.	Reglugerð um bann við rækjuveiðum á Skjálfandadjúpi	1665
531	28. sept.	Reglugerð um breyting á reglugerð nr. 291, 31. maí 1994, um botn- og flotvörpur	1666
532	4. okt.	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 339, 22. júní 1994, um loðnuveiðar 1994/1995	1667
539	11. okt.	Reglugerð um bann við línuveiðum í Faxaflóa, Húnaflóa og á Fljótagrunni	1691-1692
611	28. nóv.	Reglugerð um sérstök línu- og netasvæði	2389
629	9. des.	Reglugerð um breyting á reglugerð nr. 508, 16. september 1994, um friðunarsvæði við Ísland	2597
630	13. des.	Reglugerð um bann við tog- og dragnótaveiðum við Hrollaugseyjar	2598
		Launamál.	
573	3. nóv.	Auglýsing um skrá skv. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna	2039-2040
682	30. des.	Reglugerð um breyting á reglugerð nr. 591/1987, um laun, greiðslur og hlunnindi utan staðgreiðslu, með síðari breytingum	2816
708	30. des.	Reglur um kaupskrárnefnd varnarsvæða	2891-2892
		Leigubifreiðar, sjá Ökutæki.	
		Lífeyrissjóðir.	
622	25. nóv.	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 430/1984, um sjóðfélaga Lífeyrissjóðs bænda og iðgjöld til sjóðsins, með síðari breytingum	2564
684	30. des.	Reglugerð um ábyrgðargjald atvinnurekenda	2818

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
		Loftferðir, sjá Flugmál.	
		Lyf.	
93	23. feb.	Reglugerð um (1.) breytingu á reglugerð um greiðslur almannatrygginga á lyfjakostnaði, nr. 515/1992	252
154	4. mars	Reglugerð um (17.) breytingu á reglugerð um gerð lyfseðla og ávísun lyfja, afgreiðslu þeirra og merkingu nr. 421/1988	512
213	15. apríl	Reglugerð um (18.) breytingu á regluerð um gerð lyfseðla og ávísun lyfja, afgreiðslu þeirra og merkingu nr. 421/1988	634
284	16. maí	Reglugerð um breytingu á reglugerð um staðsetningu lyfjabúða og lyfjaútibúa nr. 27/1983	887
303	20. maí	Reglugerð um eftirlitsgjald vegna lyfjaeftirlits fyrir árið 1994	952-953
396	30. júní	Reglugerð um (19.) breytingu á reglugerð um gerð lyfseðla og ávísun lyfja, afgreiðslu þeirra og merkingu nr. 421/1988	1225-1227
418	15. júlí	Reglugerð um merkingu lyfja og fylgiseðla með lyfjum, sem ætluð eru mönnum og dýrum	1305-1333
633	1. des.	Reglugerð um gildistöku EES-gerða um lyf	2604
678	15. des.	Auglýsing um afnám reglugerða nr. 172/1991 og 182/1991	2808
		Löggildingarstofan, sjá Mælitæki.	
		Lögreglumálefni.	
26	12. jan.	Reglugerð um breytingu á reglugerð um samvinnu og starfsskiptingu milli lögreglustjóra og rannsóknarlögreglu ríkisins, nr. 253 29. júní 1977	24
120	2. mars	Lögreglusamþykkt fyrir Eyrarsveit	284
227	2. maí	Samþykkt um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Ólafsvíkurkaupstað, nr. 813 28. desember 1983	650
557	10. okt.	Samþykkt um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Ísafjarðarkaupstað, nr. 474 4. desember 1984	1884
606	10. nóv.	Samþykkt um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Reykjavík, nr. 625 22. desember 1987	2387
		Matvæli.	
147	24. mars	Reglugerð um breyting á reglugerð nr. 554/1993, um virðisaukaskattsskylda sölu á vörum til manneldis o.fl. ásamt síðari breytingum	505
289	30. maí	Reglugerð um leysiefni til notkunar í matvælaiðnaði	892-895
335	16. júní	Reglugerð um breyting á reglugerð nr. 554/1993, um virðisaukaskattsskylda sölu á vörum til manneldis of.l.	1116-1117

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
389	13. júlí	Reglugerð um takmörkun á sölu gerileyðandi efna sem innihalda etanól	1217
446	25. júlí	Reglugerð um sérfæði	1404-1406
447	26. júlí	Reglugerð um kaffi, kaffikjarna og kaffibæti	1406-1409
521	23. sept.	Reglugerð um þvotta- og hreingerningarefni	1644-1646
522	20. sept.	Reglugerð um matvælaeftirlit og hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu matvæla	1647-1656

Mengun, sjá Heilbrigðiseftirlit; Umhverfisvernd.

Menntamál.

85	11. feb.	Reglugerð um breyting á reglugerð nr. 105/1990 um framhaldsskóla sbr. reglugerð nr. 23/1991 og reglugerð nr. 421/1991	246
94	2. mars	Reglugerð um rétt manna til að kalla sig húsameistara	253
114	3. mars	Auglýsing um staðfestingu breytinga á skipulagsskrá fyrir Söngskólann í Reykjavík, nr. 395 26. október 1978	271
126	3. mars	Auglýsing um staðfestingu breytingar á skipulagsskrá fyrir Styrktarfélag og Styrktarsjóð Söngskólans í Reykjavík, nr. 394 26. október 1978	296
188	14. apríl	Reglugerð um breyting á reglugerð nr. 615/1987, um frádrátt vegna gjafa til menningarmála o.fl.	562
195	14. apríl	Reglugerð um menntun, réttindi og skyldur slökkviliðsmanna	587-591
226	2. maí	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 210/1993, um Lánasjóð íslenskra námsmanna	649
228	23. mars	Auglýsing um fjölda kennslustunda í 1. - 10. bekk grunnskóla og skiptingu þeirra milli námsgreina. (Viðmiðunarstundaskrá)	650-654
246	2. maí	Reglur um barnamenningarsjóð	827-828
249	9. maí	Auglýsing um tímabundinn tollfrjálsan innflutning tækja og búnaðar vísindaleiðangra og hópa á vegum skólastofnana	831-832
274	29. apríl	Reglugerð um breytingu á reglugerð um þjóðminjavörslu nr. 323/1990	852
283	19. maí	Reglugerð um héraðsskjalasöfn	884-886
361	10. júní	Auglýsing um breytingu á skipulagsskrá fyrir Samvinnuháskólann nr. 73 31. janúar 1990	1158
424	2. maí	Auglýsing um úthlutunarreglur Lánasjóðs íslenskra námsmanna fyrir námsárið 1994-1995	1341-1359
540	11. okt.	Reglugerð um deildarskiptingu og safnráð Landsbókasafns Íslands - Háskólabókasafns	1693
558	11. okt.	Reglugerð um deildaskiptingu og safnráð Landsbókasafns Íslands - Háskólabókasafns	1884
581	25. okt.	Reglugerð um breyting á reglugerð nr. 102/1990 um löggiltar iðngreinar, námssamninga, sveinspróf og	

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
		meistararéttindi með áorðnum breytingum sbr. reglugerð nr. 157/1992 og reglugerð nr. 240/1993	2061
707	15. des.	Reglugerð um Menningarsjóð	2889-2890
		Mosfellsbær.	
247	6. maí	Auglýsing um staðfestingu á aðalskipulagi Mosfellsbæjar 1992-2012	828
275	18. maí	Gjaldskrá Hitaveitu Mosfellsbæjar	853-854
526	20. sept.	Auglýsing um umferð í Mosfellsbæ	1662
		Mjólkurvörur, sjá Landbúnaður.	
		Múlasýslur.	
19	10. jan.	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Vopnafjarðar 1980-2000	18
20	10. jan.	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Fellabæjar 1981-2001	19
62	3. feb.	Gjaldskrá Rafveitu Reyðarfjarðar	215-217
166	25. mars	Gjaldskrá fyrir sorphirðu í Vallahreppi árið 1994	525
171	22. mars	Auglýsing um staðfestingu á legu brúar um Jökulsá á Dal, ásamt aðkomuvegum	527
203	11. apríl	Samþykkt um hunda- og kattahald á Reyðarfirði	616-618
251	2. maí	Samþykkt um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp Reyðarfjarðarhrepps nr. 97/1991	834-835
270	10. maí	Gjaldskrá vegna hundahalds í Stöðvarhreppi árið 1994	847
543	3. okt.	Gjaldskrá vegna hundahalds í Breiðdalsvík	1820
547	3. okt.	Gjaldskrá fyrir hundahald í Reyðarfjarðarhreppi	1834
560	10. okt.	Auglýsing um umferð í Stöðvarhreppi	1887
647	8. des.	Samþykkt um stjórn Vopnafjarðarhrepps og fundarsköp hreppsnefndar	2627-2639
664	12. des.	Auglýsing um breytingu á mörkum Búðahrepps og Fáskrúðsfjarðarhrepps	2788
686	20. des.	Samþykkt um stjórn og fundarsköp Djúpavogshrepps	2822-2834
691	29. des.	Samþykkt um hundahald innan þorpsmarka á Bakkafirði	2855-2856
698	29. des.	Gjaldskrá vegna hundahalds í Skeggjastaðahreppi á árinu 1995	2864
		Mýra- og Borgarfjarðarsýsla.	
164	28. mars	Auglýsing um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á sameiningu Norðurárdalshrepps, Stafholtstungnahrepps, Borgarnesbæjar og Hraunhrepps í Mýrasýslu	524
230	26. apríl	Auglýsing um staðfestingu á svæðisskipulagi sveitarfélaga sunnan Skarðsheiðar	655
340	16. júní	Auglýsing um nafn á sveitarfélagi því sem til verður við sameiningu Borgarnesbæjar, Hraunhrepps, Norðurárdals-hrepps og Stafholtstungnahrepps	1122

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
535	5. okt.	Samþykkt um stjórn Borgarbyggðar og fundarsköp bæjarstjórnar	1671-1687
548	30. sept.	Auglýsing um friðland í Grunnafirði	1835-1836
584	26. okt.	Reglur fyrir samvinnunefnd um svæðisskipulag í Borgarfirði norðan Skarðsheiðar	2063-2064
602	16. nóv.	Auglýsing um staðfestingu á skipulagi fyrir jörðina Dagverðarnes, Skorradalshreppi	2385
		Mælitæki.	
128	28. feb.	Reglugerð um mælieiningar	297-306
129	28. feb.	Reglugerð um mælitæki og aðferðir við mælifræðilegt eftirlit	307-320
130	28. feb.	Reglugerð um gildistöku tiltekinna tilskipana Evrópubandalagsins um mælitæki	321
131	28. feb.	Reglugerð um tilgreint rúmmál tiltekins forpakkaðs vökva	322-333
132	28. feb.	Reglugerð um tilgreint magn og rými sem leyfilegt er fyrir forpakkaðar vörur	334-341
133	28. feb.	Reglugerð um tilgreinda vigt eða rúmmál tiltekinnar forpakkaðrar vöru	342-351
134	28. feb.	Reglugerð um heitavatnsmæla	352-360
135	28. feb.	Reglugerð um lengdarmælingar	361-372
136	28. feb.	Reglugerð um lóð frá 1 mg - 50 kg í hærri nákvæmnisflokkum	373-378
137	28. feb.	Reglugerð um 5-50 kg rétthyrningslaga lóð og 1-10 kg sívöl lóð í millinákvæmnisflokki	379-385
138	28. feb.	Reglugerð um raforkumæla	386-404
139	28. feb.	Reglugerð um rennslismæla fyrir kalt vatn	405-412
140	28. feb.	Reglugerð um rennslismæla fyrir vökva aðra en vatn	413-419
141	28. feb.	Reglugerð um viðbótarbúnað með rennslismælum fyrir vökva aðra en vatn	420-426
142	28. feb.	Reglugerð um mælikerfi fyrir vökva aðra en vatn	427-466
143	28. feb.	Reglugerð um ósjálfvirkan vogarbúnað	467-482
220	26. apríl	Reglugerð um aðferðir við magngreiningu textíltrefjablandna	639
426	30. júní	Reglugerð um ósjálfvirkan vogarbúnað	1360-1375
428	30. júní	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 130/1994 um gildistöku tiltekinna tilskipana Evrópubandalagsins um mælitæki	1376-1377
618	25. nóv.	Reglugerð um vigtun sjávarafla	2394-2403
631	29. nóv.	Reglugerð um starfsemi endurskoðunarverkstæða með B-faggildingu	2599-2603
636	8. des.	Reglugerð um kröfur varðandi nýja heitavatnskatla sem brenna fljótandi eða loftkenndu eldsneyti	2609

Námslán og -styrkir, sjá Menntamál.

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
		Náttúrurannsóknir, náttúruvernd.	
384	23. júní	Reglugerð um skipulag og starfsemi Náttúrustofu Austurlands í Neskaupstað	1211-1212
432	29. júlí	Auglýsing um stofnun fólksvangs í Böggvisstaðafjalli	1392-1393
457	22. júlí	Auglýsing um friðlýsingu Pollengis og Tungueyjar í Biskupstungum	1437-1438
548	30. sept.	Auglýsing um friðland í Grunnafirði	1835-1836
634	6. des.	Auglýsing um friðlýsingu Oddaflóða	2605-2606
		Neskaupstaður.	
107	28. feb.	Reglugerð um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á sameiningu Neskaupstaðar og Norðfjarðarhrepps	264
173	23. mars	Samþykkt um afgreiðslutíma verslana í Neskaupstað	530-531
207	6. apríl	Gjaldskrá fyrir hundahald í Neskaupstað 1994	630
384	23. júní	Reglugerð um skipulag og starfsemi Náttúrustofu Austurlands í Neskaupstað	1211-1212
520	22. sept.	Samþykkt um stjórn Neskaupstaðar og fundarsköp bæjarstjórnar	1632-1644
610	8. nóv.	Auglýsing um umferð í Neskaupstað	2388
		Neytendamál, sjá Öryggismál.	
		Njarðvíkurkaupstaður, sjá Suðurnes.	
		Norður-Múlasýsla, sjá Múlasýslur.	
		Norður-Þingeyjarsýsla, sjá Þingeyjarsýslur.	
		Opinberir starfsmenn.	
160	21. mars	Reglugerð um breytingu á reglum um málflytjendastörf manna í opinberu starfi nr. 32 10. febrúar 1971	520
569	20. okt.	Auglýsing um breyting á reglum nr. 39/1992, um greiðslu ferðakostnaðar vegna ferðalaga á vegum ríkisins	2035
573	3. nóv.	Auglýsing um skrá skv. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna	2039-2040
		Orður, sjá Heiðursmerki.	
		Orkuveitur, sjá Hitaveitur, jarðhiti; Raforkumál.	
		Ólafsfjörður.	
397	10. júní	Auglýsing um umferð í Ólafsfirði	1227-1229
689	27. des.	Auglýsing um umferð í Ólafsfirði	2849

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
		Ólafsvík.	
67	4. feb.	Auglýsing um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á sameiningu Ólafsvíkurbæjar, Staðarsveitar, Breiðuvíkurhrepps og Neshrepps utan Ennis í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu	220
227	2. maí	Samþykkt um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Ólafsvíkurkaupstað, nr. 813 28. desember 1983	650
621		Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til biskups varðandi beiðni um að Brimilsvallasókn í Ólafsvíkurprestakalli, Snæfellsnes- og Dalaprófastsdæmi verði sameinuð Ólafsvíkursókn í sama prestakalli	2564
		Póstmál.	
11	7. jan.	Reglugerð um breyting á reglugerð nr. 310/1992 um tollmeðferð póstsendinga, með síðari breytingum	11-12
		Prestar, sjá Kirkjumál.	
		Rafmagnsveitur ríkisins, sjá Raforkumál.	
		Raforkumál.	
5	7. jan.	Auglýsing um breytingu á gjaldskrá Rafmagnsveitu Reykjavíkur	7
12	10. jan.	Gjaldskrá Rafmagnsveitu Reykjavíkur	12-15
36	14. jan.	Gjaldskrá Orkubús Vestfjarða fyrir raforku	57-63
37	17. jan.	Gjaldskrá Rafveitu Akraness. B-hluti	64-65
62	3. feb.	Gjaldskrá Rafveitu Reyðarfjarðar	215-217
144	28. feb.	Reglugerð um rafföng til notkunar á sprengihættustöðum með eða án tiltekinnar varnartilhögunar	483-496
145	28. feb.	Reglugerð um gildistöku tilskipunar Evrópubandalagsins um rafmagnslækningatæki fyrir menn og dýr	497
146	28. feb.	Reglugerð um rafsegulsviðsamhæfi	498-503
165	22. mars	Auglýsing um staðfestingu á legu 220 kV háspennulína frá Búrfellsvirkjun að Svartárkoti í Bárðardal	524
167	22. mars	Auglýsing um staðfestingu á legu 66 kV háspennulínu/jarðstrengs frá Flúðum að Hellu	525
233	20. apríl	Auglýsing um staðfestingu á legu Fljótsdalslínu I, vestari hluta frá Akureyri að Veggjafelli	666
276	19. maí	Reglugerð fyrir Veitustofnanir Hverageröis	855-870
277	19. maí	Gjaldskrá Veitustofnana Hverageröis. A-hluti	870-875
279	19. maí	Gjaldskrá Veitustofnana Hverageröis. B-hluti	876-879
427	30. júní	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 145/1994 um gildistöku tilskipunar Evrópubandalagsins um rafmagnslækningatæki fyrir menn og dýr	1376
429	30. júní	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 146/1994 um rafsegulsviðssamhæfi	1377-1378

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
544	6. okt.	Gjaldskrá Rafveitu Hafnarfjarðar. A-hluti	1821-1825
545	6. okt.	Gjaldskrá Rafveitu Hafnarfjarðar. B-hluti	1826-1828
605	16. nóv.	Auglýsing um breytingu á staðfestri legu háspennulínu, Hella-Flúðir innan marka Hrunamannahrepps	2386
671	23. des.	Reglugerð um breyting á reglugerð nr. 484/1992, um endurgreiðslu virðisaukaskatts af sölu á heitu vatni og rafmagni til hitunar húsa og laugarvatns, með síðari breytingum	2792-2793
674	23. des.	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 264, 31. desember 1971 um raforkuvirki, með áorðnum breytingum	2800-2803
		Rangárvallasýsla.	
53	27. jan.	Gjaldskrá fyrir sorphirðu í Rangárvallahreppi fyrir árið 1994	206
163	22. mars	Auglýsing um staðfestingu á legu Ásvegar í Djúpárhreppi	523
165	22. mars	Auglýsing um staðfestingu á legu 220 kV háspennulína frá Búrfellsvirkjun að Svartárkoti í Bárðardal	524
167	22. mars	Auglýsing um staðfestingu á legu 66 kV háspennulínu/jarðstrengs frá Flúðum að Hellu	525
176	22. mars	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Hvolhrepps 1990-2010	532
235	25. apríl	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Hellu, Rangárvallahreppi 1977-1998	667
236	25. apríl	Auglýsing um staðfestingu á deiliskipulagi miðbæjar Hellu, Rangárvallahreppi	667
298	25. maí	Gjaldskrá vegna sorphirðu í Austur-Landeyjahreppi	947
332	7. júní	Auglýsing um breytingu á skipulagsuppdrætti af Þykkvabæ, Djúpárhreppi	1111
444	19. júlí	Auglýsing um umferð á Hellu	1403
634	6. des.	Auglýsing um friðlýsingu Oddaflóða	2605-2606
		Rannsóknir.	
374	1. júlí	Reglugerð um skipan Rannsóknarráðs Íslands	1177-1178
		Reikningar.	
187		Reikningur Tryggingarsjóðs viðskiptabanka 1993	559-562
250		Reikningur Innheimtustofnunar sveitarfélaga	833
399		Reikningur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 1993	1230-1232
409		Reikningur Þjóðhátíðarsjóðs fyrir árið 1993	1279-1281
412		Reikningur Verðjöfnunarsjóðs sjávarútvegsins fyrir árið 1993	1283-1285
413		Reikningur Fiskveiðasjóðs Íslands fyrir árið 1993	1286-1295
417		Reikningur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 1993	1302-1304
435		Reikningur Gullbrúðkaupssjóðs Bjarna amtmanns Þorsteinssonar og frú Þórunnar Hannesdóttur árið 1993	1395-1396
436		Reikningur Samgöngubótasjóðs Páls Jónssonar árið 1993	1396
450	30. maí	Auglýsing um grundvöll reikningsskila	1413-1428

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
465		Reikningur Bjargráðasjóðs fyrir árið 1993	1445-1447
467		Reikningur Lánasjóðs sveitarfélaga fyrir árið 1993	1449-1451
624	29. nóv.	Auglýsing um breytingu á reglum um gerð ársreiknings viðskiptabanka, sparisjóða og annarra lánastofnana nr. 554/1994	2577
		Reykjavík.	
5	7. jan.	Auglýsing um breytingu á gjaldskrá Rafmagnsveitu Reykjavíkur	7
12	10. jan.	Gjaldskrá Rafmagnsveitu Reykjavíkur	12-15
22	10. jan.	Auglýsing um staðfestingu á breytingu á deiliskipulagi Skúlagötusvæðis, hæstaréttarhús við Lindargötu	20
41	21. jan.	Auglýsing um umferð í Reykjavík	68
66	2. feb.	Auglýsing um umferð í Reykjavík	220
69	8. feb.	Auglýsing um umferð í Reykjavík	221
206	18. apríl	Auglýsing um starfssvið og verkaskiptingu sjúkrahúsa á höfuðborgarsvæðinu	627-629
215	25. apríl	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1990-2010	636
388	30. júní	Auglýsing um staðfestingu á breytingu á deiliskipulagi á norðvesturhluta staðgreinireits 1.171.2., Iðnaðarmannahúsreit	1216
464	3. ágúst	Auglýsing um umferð í Reykjavík	1444
549	6. okt.	Auglýsing um umferð í Reykjavík	1836
587	3. nóv.	Auglýsing um umferð í Reykjavík	2072
588	3. nóv.	Auglýsing um umferð í Reykjavík	2072
594	16. nóv.	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1990-2010	2381
606	10. nóv.	Samþykkt um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Reykjavík, nr. 625 22. desember 1987	2387
607	14. nóv.	Samþykkt um breytingu á samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 60/1985, með síðari breytingum	2387
608	16. nóv.	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1990-2010 (stgr. 2.575)	2387-2388
645	8. des.	Auglýsing um umferð í Reykjavík	2626
658	16. des.	Reglugerð um holræsagjald í Reykjavík	2785
666	14. des.	Samþykkt um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Reykjavík, nr. 625 22. desember 1987	2789
		Ríkisstarfsmenn, sjá Opinberir starfsmenn.	
		Ríkisstofnanir.	
26	12. jan.	Reglugerð um breytingu á reglugerð um samvinnu og starfsskiptingu milli lögreglustjóra og rannsóknarlögreglu ríkisins, nr. 253 29. júní 1977	24

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
39	17. jan.	Auglýsing um reglur um takmarkanir á þátttöku frambjóðenda til almennra kosninga í dagskrá Ríkisútvarpsins .	66-67
54	27. jan.	Reglugerð um skiptingu rekstrarkostnaðar Húsnæðisstofnunar ríkisins	206
95	4. mars	Reglugerð um afnám reglna nr. 57/1929 fyrir Veðurstofu Íslands	253
370	16. júní	Reglugerð um skipulag Húsnæðisstofnunar ríkisins	1172-1173
422	26. júlí	Gjaldskrá fyrir þjónustu Veðurstofu Íslands	1337-1339
448	22. júlí	Gjaldskrá fyrir þjónustu Ríkiskaupa	1410-1412
466	8. ágúst	Reglugerð um gjaldskrá Húsnæðisstofnunar ríkisins	1448
553	11. okt.	Reglugerð um móttöku- og meðferðarstöð ríkisins fyrir unglinga	1842-1843
651	9. des.	Reglugerð um ráðstöfun eigna ríkisins	2776-2777
		Sameining sveitarfélaga.	
28	18. jan.	Auglýsing um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á sameiningu Suðurdalahrepps, Haukadalshrepps, Laxárdalshrepps, Hvammshrepps og Fellsstrandarhrepps í Dalasýslu	26
67	4. feb.	Auglýsing um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á sameiningu Ólafsvíkurbæjar, Staðarsveitar, Breiðuvíkurhrepps og Neshrepps utan Ennis í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu	220
100	25. feb.	Auglýsing um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á sameiningu Keflavíkurbæjar, Njarðvíkurbæjar og Hafnahrepps	256
107	28. feb.	Reglugerð um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á sameiningu Neskaupstaðar og Norðfjarðarhrepps	264
113	3. mars	Reglugerð um endurtekningu á atkvæðagreiðslu um sameiningu sveitarfélaga.....	270
155	17. mars	Auglýsing um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á sameiningu Barðastrandarhrepps, Rauðasandshrepps, Patrekshrepps og Bíldudalshrepps í Vestur-Barðastrandarsýslu	512-513
158	21. mars	Auglýsing um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á sameiningu Þórshafnarhrepps og Sauðaneshrepps	519
164	28. mars	Auglýsing um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á sameiningu Norðurárdalshrepps, Stafholtstungnahrepps, Borgarnesbæjar og Hraunhrepps í Mýrasýslu	524
217	22. apríl	Auglýsing um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á sameiningu Eyjahrepps og Miklaholtshrepps	637
239	2. maí	Auglýsing um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á sameiningu Nauteyrarhrepps og Hólmavíkurhrepps	673
240	6. maí	Auglýsing um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á sameiningu Snæfjallahrepps og Ísafjarðarkaupstaðar	674
256	16. maí	Auglýsing um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á sameiningu Helgafellssveitar og Stykkishólmsbæjar	838

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
266	11. maí	Auglýsing um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á sameiningu Hafnar, Mýrahrepps og Nesjahrepps	843-844
267	20. maí	Auglýsing um breytingu á auglýsingu um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á sameiningu Suðurdalahrepps, Laxárdalshrepps, Hvammshrepps og Fellsstrandarhrepps í Dalasýslu nr. 28/1994	845
292	20. maí	Auglýsing um nafn á sveitarfélagi því sem til verður við sameiningu Suðurdalahrepps, Haukadalshrepps, Laxárdalshrepps, Hvammshrepps, Skarðshrepps og Fellsstrandarhrepps í Dalasýslu	900
301	20. maí	Auglýsing um nafn á sveitarfélagi því sem til verður við sameiningu Ólafsvíkurkaupstaðar, Neshrepps utan Ennis, Breiðuvíkurhrepps og Staðarsveitar	951
340	16. júní	Auglýsing um nafn á sveitarfélagi því sem til verður við sameiningu Borgarnesbæjar, Hraunhrepps, Norðurárdalshrepps og Stafholtstungnahrepps	1122
343	16. júní	Auglýsing um nafn á sveitarfélagi því sem til verður við sameiningu Helgafellssveitar og Stykkishólmsbæjar	1125
359	20. júní	Auglýsing um val á reynslusveitarfélögum	1157
379	30. júní	Auglýsing um nafn á sveitarfélagi því sem til varð við sameiningu Barðastrandarhrepps, Rauðasandshrepps, Patreksfjarðarhrepps og Bíldudalshrepps	1196
468	10. ágúst	Auglýsing um nafn á sveitarfélagi því sem til varð við sameiningu Eyjarhrepps og Miklaholtshrepps	1452
518	21. sept.	Auglýsing um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á sameiningu Reykjarfjarðarhrepps, Súðavíkurhrepps og Ögurhrepps	1631
619	22. nóv.	Reglur um fjárhagslega aðstoð Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga	2403-2404

Samgöngumál, sjá Flugmál; Hafnir; Siglingar, skip; Umferðarmál; Vegamál; Ökutæki.

Sauðárkrókur.

101	24. feb.	Samþykkt um hundahald á Sauðárkróki	257-258
208	12. apríl	Gjaldskrá fyrir hundahald á Sauðárkróki á árinu 1994	630
585	31. okt.	Auglýsing um umferð á Sauðárkróki	2064

Selfoss.

8	3. jan.	Auglýsing um umferð á Selfossi	9
638	28. nóv.	Samþykkt bæjarstjórnar Selfoss um útivistartíma barna á Selfossi	2612

Seltjarnarnes.

18	10. jan.	Auglýsing um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Seltjarnarness 1981-2001	18

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
127	11. mars	Auglýsing um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Seltjarnarness	296
		Seyðisfjörður.	
61	28. jan.	Gjaldskrá fyrir sorphirðu á Seyðisfirði árið 1994	214
77	14. feb.	Samþykkt um breytingu á samþykkt um stjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 453/1988	232-234
		Siglingar, skip.	
68	11. feb.	Auglýsing um útreikning afla skipa er salta afla um borð	221
124	8. mars	Reglur um varnir gegn sorpmengun frá skipum	292-294
153	3. mars	Reglugerð um viðurkenningu flokkunarfélaga vegna eftirlits með skipum	511
161	30. mars	Reglugerð um breytingu á reglugerð um löggildingu og tryggingaskyldu fasteigna- og skipasala nr. 520/1987	521-522
189	21. mars	Reglur um björgunar- og öryggisbúnað íslenskra skipa	563-580
295	11. maí	Reglugerð um fjarskiptabúnað og fjarskipti íslenskra skipa .	932-945
415	15. júlí	Auglýsing um bann við veiðum krókabáta á fiskveiðiárinu 1994/1995	1296-1297
442	30. júní	Auglýsing um gildistöku ákvæða er leiða af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið vegna flutninga á sjó	1401-1402
542	15. sept.	Reglur um smíði og búnað báta með mestu lengd allt að 15 metrum	1698-1820
592	15. sept.	Reglur um smíði og búnað báta með mestu lengd allt að 15 metrum	2091-2379
662	12. des.	Reglugerð um breytingu á reglugerð um gjöld fyrir skoðun, skráningu, mælingu skipa o.fl. nr. 546/1993	2787
		Símamál, sjá Fjarskipti.	
		Sjávarútvegur.	
23	18. jan.	Reglugerð um afnám banns við síldveðum á Lónsdýpi	20
27	26. jan.	Reglugerð um bann við línuveiðum í norðanverðum Faxaflóa	25
38	27. jan.	Reglugerð um línu- og netasvæði út af Faxaflóa	65
45	26. jan.	Auglýsing um verðjöfnun vegna útflutnings sjávarafurða í febrúarmánuði 1994	71
51	17. jan.	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 89, 2. mars 1992, um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins	204
68	11. feb.	Auglýsing um útreikning afla skipa er salta afla um borð	221
72	17. feb.	Reglugerð um friðun hrygningarþorsks á vetrarvertíð 1994 .	225
73	17. feb.	Reglugerð um breyting á reglugerð nr. 246, 14. júní 1993, um loðnuveiðar 1993/1994	226
74	21. feb.	Reglugerð um breyting á reglugerð nr. 563/1993, um endurgreiðslu vegna virðisaukaskatts af neyslufiski	227

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
90	24. feb.	Auglýsing um verðjöfnun vegna útflutnings sjávarafurða í marsmánuði 1994	248
92	28. feb.	Reglugerð um hrognkelsaveiðar	249-251
98	23. feb.	Viðauki við reglugerð nr. 38, 31. janúar 1991, um möskvastærðir í togvörpum, möskvamæla og mæliaðferðir	255
105	7. mars	Reglugerð um breyting á reglugerð nr. 274, 28. júní 1993, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 1. september 1993 til 31. ágúst 1994	261
108	9. mars	Reglugerð um breyting á reglugerð nr. 283, 20. júlí 1993, um friðunarsvæði við Ísland	265
109	9. mars	Reglugerð um bann við togveiðum á Fætinum	265-266
110	16. mars	Reglugerð um bann við togveiðum vestur af Eldeyjarboða	267
112	17. mars	Viðauki við reglugerð nr. 38, 31. janúar 1991, um möskvastærðir í togvörpum, möskvamæla og mæliaðferðir	269
181	5. apríl	Reglugerð um bann við togveiðum fyrir Suðausturlandi	554
182	7. apríl	Auglýsing um verðjöfnun vegna útflutnings sjávarafurða í aprílmánuði 1994	554
184	6. apríl	Reglugerð um breyting á reglugerð nr. 274, 28. júní 1993, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 1. september 1993 til 31. ágúst 1994	555-556
185	12. apríl	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 72, 17. febrúar 1994, um friðun hrygningarþorsks á vetrarvertíð 1994	557
191	13. apríl	Reglugerð um botn- og flotvörpur	581-584
202	18. apríl	Reglugerð um humarveiðar	614-615
218	28. apríl	Auglýsing um verðjöfnun vegna útflutnings sjávarafurða í maímánuði 1994	637
222	29. apríl	Reglugerð um bann við togveiðum á Selvogsbanka	641
223	29. apríl	Viðauki við reglugerð nr. 274, 28. júní 1993, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 1. september 1993 til 31. ágúst 1994	641
234	27. apríl	Reglugerð um breyting á reglugerð nr. 277, 14. júní 1991, fyrir Fiskveiðasjóð Íslands með síðari breytingum	666
241	11. maí	Reglugerð um bann við togveiðum á Litlabanka	674-675
243	17. maí	Reglugerð um bann við öllum togveiðum á Selvogsbanka	688
260	13. maí	Reglugerð um breyting á reglugerð nr. 274, 28. júní 1993, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 1. september 1993 til 31. ágúst 1994	839
261	18. maí	Reglugerð um breyting á reglugerð nr. 563/1993, um endurgreiðslu vegna virðisaukaskatts af neyslufiski	840
262	18. maí	Reglugerð um bann við línuveiðum í norðanverðum Breiðafirði	841
263	20. maí	Reglugerð um bann við öllum togveiðum á Selvogsbanka	842
264	20. maí	Reglugerð um bann við togveiðum og dragnótaveiðum við Ingólfshöfða og Hrollaugseyjar	842-843
269	25. maí	Reglugerð um bann við rækjuveiðum í Breiðafirði	846

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
291	31. maí	Reglugerð um botn- og flotvörpur	896-900
309	26. maí	Reglugerð um breyting á reglugerð nr. 274, 28. júní 1993, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 1. september 1993 til 31. ágúst 1994	963
314	8. júní	Reglugerð um afnám banns við togveiðum á Selvogsbanka	969
316	7. júní	Reglugerð um breyting á reglugerð nr. 277, 14. júlí 1991, fyrir Fiskveiðasjóð Íslands	983
333	10. júní	Reglugerð um breyting á reglugerð nr. 274, 28. júní 1993, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 1. september 1993 til 31. ágúst 1994	1112
337	16. júní	Reglugerð um bann við rækjuveiðum fyrir Norðurlandi	1118-1119
339	22. júní	Reglugerð um loðnuveiðar 1994/1995	1120-1121
376	5. júlí	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 339, 23. júní 1994 um loðnuveiðar 1994/1995	1181
390	14. júlí	Viðauki við reglugerð nr. 92, 28. febrúar 1994, um hrognkelsaveiðar	1218
394	11. júlí	Reglugerð um breyting á reglugerð nr. 427, 26. október 1993, um vigtun sjávarafla	1224
403	25. júlí	Reglugerð um bann við togveiðum á Öræfagrunni	1246
405	15. júlí	Reglugerð um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 1994/1995	1258-1264
410	11. júlí	Gjaldskrá fyrir þjónustu veitta af gæðasviði Fiskistofu	1281-1282
414	15. júlí	Reglugerð um ráðstöfun aflaheimilda skv. 9. gr. laga nr. 38/1990 um stjórn fiskveiða, sbr. lög nr. 87/1994	1295-1296
415	15. júlí	Auglýsing um bann við veiðum krókabáta á fiskveiðiárinu 1994/1995	1296-1297
416	20. júlí	Reglugerð um Þróunarsjóð sjávarútvegsins	1297-1302
425	4. ágúst	Reglugerð um breyting á reglugerð nr. 405, 15. júlí 1994, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 1994/1995	1359
451	9. ágúst	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 405, 15. júlí 1994, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 1994/1995	1429
452	9. ágúst	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 414, 15. júlí 1994, um ráðstöfun aflaheimilda skv. 9. gr. laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða sbr. lög nr. 87/1994	1430
453	9. ágúst	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 304, 14. ágúst 1992, um leyfi til fullvinnslu botnfiskafla um borð í veiðiskipum	1430
454	12. ágúst	Viðauki við reglugerð nr. 339, 22. júní 1994, um loðnuveiðar 1994/1995	1431
455	15. ágúst	Reglugerð um bann við rækjuveiðum á Rifsbanka	1432
469	12. ágúst	Reglugerð um breyting á reglugerð nr. 405, 15. júlí 1994, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 1994/1995	1453
470	9. ágúst	Reglugerð um breyting á reglugerð nr. 291, 31. maí 1994 um botn- og flotvörpur	1453-1454
471	15. ágúst	Reglugerð um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands	1454-1457

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
482	24. ágúst	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 492, 13. desember 1993, um ígulkeraveiðar	1506
492	15. sept.	Reglugerð um breyting á reglugerð nr. 337, 16. júní 1994, um bann við rækjuveiðum fyrir Norðurlandi	1541
505	16. sept.	Reglugerð um breyting á reglugerð nr. 291, 31. maí 1994, um botn- og flotvörpur	1615
508	16. sept.	Reglugerð um friðunarsvæði við Ísland	1618-1621
515	11. ágúst	Reglugerð um veiðieftirlitsgjald	1627
530	29. sept.	Reglugerð um bann við rækjuveiðum á Skjálfandadjúpi	1665
531	28. sept.	Reglugerð um breyting á reglugerð nr. 291, 31. maí 1994, um botn- og flotvörpur	1666
532	4. okt.	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 339, 22. júní 1994, um loðnuveiðar 1994/1995	1667
539	11. okt.	Reglugerð um bann við línuveiðum í Faxaflóa, Húnaflóa og á Fljótagrunni	1691-1692
590	16. nóv.	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 405, 15. júlí 1994 um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 1994/1995	2089
591	22. nóv.	Reglugerð um breyting á reglugerð nr. 405, 15. júlí 1994, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 1994/1995 með síðari breytingum	2090
611	28. nóv.	Reglugerð um sérstök línu- og netasvæði	2389
612	25. nóv.	Reglugerð um veiðisvæði við úthafsrækjuveiðar	2390
613	28. nóv.	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 405, 15. júlí 1994, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 1994/1995	2391
618	25. nóv.	Reglugerð um vigtun sjávarafla	2394-2403
626	5. des.	Reglugerð um breyting á reglugerð nr. 405, 15. júlí 1994, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 1994/1995	2592
629	9. des.	Reglugerð um breyting á reglugerð nr. 508, 16. september 1994 um friðunarsvæði við Ísland	2597
630	13. des.	Reglugerð um bann við tog- og dragnótaveiðum við Hrollaugseyjar	2598
644	21. des.	Reglugerð um Þróunarsjóð sjávarútvegsins	2619-2625
		Sjóðir.	
25	11. jan.	Auglýsing um hlutfall búnaðarmálasjóðsgjalds verðlagsárið 1993-1994	23
51	17. jan.	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 89, 2. mars 1992, um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins	204
71	4. feb.	Skipulagsskrá Minningar- og fræðslusjóðs Guðmundar Óla Haukssonar	224
82	14. feb.	Reglur um úthlutun styrkja úr Atvinnuleysistryggingasjóði árið 1994	238-240
106	23. feb.	Skipulagsskrá fyrir Vísindasjóð læknaráðs F.S.A.	262-263
111	17. mars	Reglugerð um greiðslur sveitarfélaga til Atvinnuleysistryggingasjóðs á árinu 1994	268

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
114	3. mars	Auglýsing um staðfestingu breytinga á skipulagsskrá fyrir Söngskólann í Reykjavík, nr. 395 26. október 1978	271
122	21. feb.	Reglugerð fyrir Bjargráðasjóð	285-289
126	3. mars	Auglýsing um staðfestingu breytingar á skipulagsskrá fyrir Styrktarfélag og Styrktarsjóð Söngskólans í Reykjavík, nr. 394 26. október 1978	296
149	4. mars	Skipulagsskrá fyrir Íslenska myndsýn	507-508
152	10. mars	Skipulagsskrá fyrir Menningarsjóð Sparisjóðs Vestur-Húnavatnssýslu, Hvammstanga	510
204	15. apríl	Reglugerð um stjórnarnefnd málefna fatlaðra og Framkvæmdasjóð fatlaðra	619-624
226	2. maí	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 210/1993, um Lánasjóð íslenskra námsmanna	649
234	27. apríl	Reglugerð um breyting á reglugerð nr. 277, 14. júní 1991, fyrir Fiskveiðasjóð Íslands með síðari breytingum	666
246	2. maí	Reglur um barnamenningarsjóð	827-828
280	10. maí	Skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð um hjónin Sverrri Magnússon og Ingibjörgu Sigurjónsdóttur	879-880
281	13. maí	Skipulagsskrá fyrir stryktarsjóð Stanley Carter	880-881
288	10. maí	Skipulagsskrá fyrir sjálfseignastofnunina Media upplýsingaþjónusta á Íslandi	889-891
297	17. maí	Skipulagsskrá fyrir Domus Medica, sjálfseignarstofnun	946-947
316	7. júní	Reglugerð um breyting á reglugerð nr. 277, 14. júlí 1991, fyrir Fiskveiðasjóð Íslands	983
344	10. júní	Skipulagsskrá fyrir Sinfóníuhljómsveit æskunnar	1126-1128
346	10. júní	Skipulagsskrá fyrir sjálfseignarstofnunina Mannréttindastofnun Háskóla Íslands	1129-1130
347	10. júní	Skipulagsskrá fyrir Flugminjasafn Egils Ólafssonar að Hnjóti, Örlygshöfn, Vestur-Barðastrandarsýslu	1131-1134
348	10. júní	Skipulagsskrá Gerðuminningar, minningarsjóðs um Þorgerði Þorvarðsdóttur húsmæðrakennara	1135-1136
349	10. júní	Skipulagsskrá fyrir verðlaunasjóð Guðmundar P. Bjarnasonar frá Sýruparti, Akranesi	1136-1137
350	10. júní	Skipulagsskrá fyrir Sinfóníuhljómsveit Norðurlands	1138-1139
352	10. júní	Skipulagsskrá fyrir minningarsjóð Guðnýjar Ellu Sigurðardóttur	1152
361	10. júní	Auglýsing um breytingu á skipulagsskrá fyrir Samvinnuháskólann nr. 73 31. janúar 1990	1158
364	23. júní	Samþykktir fyrir Tryggingarsjóð innlánsdeildanna	1160-1164
416	20. júlí	Reglugerð um Þróunarsjóð sjávarútvegsins	1297-1302
424	2. maí	Auglýsing um úthlutunarreglur Lánasjóðs íslenskra námsmanna fyrir námsárið 1994-1995	1341-1359
437	26. júlí	Skipulagsskrá Framkvæmdasjóðs Háskólans á Akureyri	1397-1398
513	13. sept.	Skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Lárusar Ottesen	1625-1626
517	14. sept.	Skipulagsskrá fyrir Waldorfleikskólann Sólstafi	1629-1630
579	28. okt.	Skipulagsskrá Menningarsjóðs Svarfdæla	2060

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
593	14. nóv.	Skipulagsskrá fyrir Hagasjóð í Hraunhreppi	2380-2381
619	22. nóv.	Reglur um fjárhagslega aðstoð Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga	2403-2404
643	19. des.	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 390 14. ágúst 1991 um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga með síðari breytingum	2617-2618
644	21. des.	Reglugerð um Þróunarsjóð sjávarútvegsins	2619-2625
687	22. des.	Skipulagsskrá fyrir Sjálfseignarstofnunina Sjóminja- og smiðjumunasafn J. Hinrikssonar	2834-2835
702	29. des.	Skipulagsskrá fyrir minningarsjóð Ársæls Jónassonar, kafara. Dags. 28. júlí 1991 með breytingum 29. desember 1994	2867-2868
707	15. des.	Reglugerð um Menningarsjóð	2889-2890
		Skaftafellssýslur.	
266	11. maí	Auglýsing um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á sameiningu Hafnar, Mýrahrepps og Nesjahrepps	843-844
385	30. júní	Auglýsing um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi fyrir Kirkjubæjarklaustur, Skaftárhreppi, 1988-2008	1213
571	24. okt.	Gjaldskrá vegna sorphirðu í Mýrdalshreppi	2036
653	19. des.	Reglugerð um holræsi og holræsagjald í Vík í Mýrdal	2778-2780
688	27. des.	Samþykkt um stjórn Hornafjarðarbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar	2836-2849
703	21. des.	Hafnarreglugerð fyrir Vík í Mýrdal	2869-2871
		Skagafjarðarsýsla.	
216	22. apríl	Auglýsing um staðfestingu á legu brúar yfir ósa Héraðsvatna	636
566	13. okt.	Reglur fyrir samvinnunefnd um svæðisskipulag í Skagafirði	2033-2034
583	24. okt.	Gjaldskrá um sorphirðu fyrir Staðarhrepp í Skagafirði	2062
		Skattamál, tollamál.	
1	5. jan.	Reglugerð um verðjöfnunargjald af innfluttum unnum landbúnaðarvörum	1
3	5. jan.	Auglýsing um verðjöfnunargjald á innflutt súkkulaði, brauð, kex og kökur	4-5
4	5. jan.	Reglugerð um innheimtu markaðsgjalds á árinu 1994	5-6
11	7. jan.	Reglugerð um breyting á reglugerð nr. 310/1992 um tollmeðferð póstsendinga, með síðari breytingum	11-12
25	11. jan.	Auglýsing um hlutfall búnaðarmálasjóðsgjalds verðlagsárið 1993-1994	23
29	24. jan.	Auglýsing um innheimtuhlutfall útsvars í staðgreiðslu vegna febrúar til og með desember 1994	26
30	24. jan.	Reglugerð um breyting á reglugerð nr. 554/1993 um virðisaukaskattsskylda sölu á vörum til manneldis o.fl.	27

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
32	13. jan.	Reglugerð um breyting á reglugerð nr. 156/1992, um innheimtu þungaskatts af bifreiðum sem skrásettar eru erlendis og nota annan orkugjafa en bensín	29-30
43	28. jan.	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 313/1993 um greiðslumark mjólkur á lögbýlum og beinar greiðslur til bænda verðlagsárið 1993-1994	69
44	31. jan.	Auglýsing um verðjöfnunargjald á innflutt súkkulaði, brauð, kex og kökur	70
46	28. jan.	Reglugerð um greiðslur verðmiðlunargjalda til mjólkurbúa árið 1993	71-73
47	31. jan.	Reglugerð um verðjöfnunargjald af innfluttum unnum landbúnaðarvörum	73-74
60	1. feb.	Reglugerð um ráðstöfun á fóðurgjaldi til loðdýraræktar	213-214
63	4. feb.	Reglugerð um frjálsa skráningu vegna fólksflutninga á milli landa	217
74	21. feb.	Reglugerð um breyting á reglugerð nr. 563/1993, um endurgreiðslu vegna virðisaukaskatts af neyslufiski	227
86	16. feb.	Reglugerð um breyting á reglugerð nr. 194/1990, um virðisaukaskatt af þjónustu fyrir erlenda aðila og af aðkeyptri þjónustu erlendis frá, með síðari breytingum	246
117	10. mars	Reglur um fyrirspurnir til tollstjóra um tollflokkun vara	277-278
123	3. mars	Reglugerð um verðmiðlunargjald af mjólk	290-291
147	24. mars	Reglugerð um breyting á reglugerð nr. 554/1993, um virðisaukaskattsskylda sölu á vörum til manneldis o.fl. ásamt síðari breytingum	505
157	18. mars	Reglugerð um vörugjald	514-519
188	14. apríl	Reglugerð um breyting á reglugerð nr. 615/1987, um frádrátt vegna gjafa til menningarmála o.fl.	562
197	18. apríl	Reglugerð um niðurfellingu jöfnunarálags á innflutt hús og húshluta	593
201	11. apríl	Reglugerð um breyting á reglugerð nr. 251/1992, um tollfrjálsan farangur ferðamanna og farmanna við komu frá útlöndum, einkasölugjald o.fl., ásamt síðari breytingum	612-613
214	28. apríl	Reglugerð um verðjöfnunargjald af innfluttum unnum landbúnaðarvörum	635
221	28. apríl	Auglýsing um verðjöfnunargjald á innflutt súkkulaði, brauð, kex og kökur	639-640
249	9. maí	Auglýsing um tímabundinn tollfrjálsan innflutning tækja og búnaðar vísindaleiðangra og hópa á vegum skólastofnana	831-832
261	18. maí	Reglugerð um breyting á reglugerð nr. 563/1993, um endurgreiðslu vegna virðisaukaskatts af neyslufiski	840
300	31. maí	Reglugerð um endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna fjárfestingar í hótel- og gistirými	949-951
306	6. júní	Reglugerð um breyting á reglugerð um innskatt, nr. 192/1993, með síðari breytingum	957

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
310	31. maí	Reglugerð um endurgreiðslu eða niðurfellingu tolls og vörugjalds af kartöfluútsæði, græðlingum og öðrum efnivörum, hráefni og hlutum til framleiðslu garðyrkjuafurða	964-966
318	10. júní	Auglýsing um hækkun bifreiðagjalds þann 1. júlí 1994	997
319	9. júní	Auglýsing um sérstaka tollmeðferð vegna fríverslunarsamnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og lýðveldisins Póllands og tvíhliða samnings Íslands og lýðveldisins Póllands um landbúnaðarafurðir	998-1004
320	9. júní	Auglýsing um sérstaka tollmeðferð vegna fríverslunarsamnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Rúmeníu og tvíhliða samnings Íslands og Rúmeníu um landbúnaðarafurðir	1005-1012
321	9. júní	Auglýsing um sérstaka tollmeðferð vegna fríverslunarsamnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Búlgaríu og tvíhliða samnings Íslands og Búlgaríu um landbúnaðarafurðir	1013-1021
322	9. júní	Auglýsing um sérstaka tollmeðferð vegna fríverslunarsamnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Ungverjalands og tvíhliða samnings Íslands og Ungverjalands um landbúnaðarafurðir	1022-1029
323	9. júní	Auglýsing um sérstaka tollmeðferð vegna fríverslunarsamnings milli ríkja Fríverslunar Evrópu og Ísrael og tvíhliða samnings Íslands og Ísrael um landbúnaðarafurðir	1029-1037
334	15. júní	Reglugerð um greiðslumark mjólkur á lögbýlum og beinar greiðslur til bænda verðlagsárið 1994-1995	1113-1116
335	16. júní	Reglugerð um breyting á reglugerð nr. 554/1993, um virðisaukaskattsskylda sölu á vörum til manneldis o.fl.	1116-1117
336	16. júní	Auglýsing um breyting á viðauka I við lög nr. 97/1987, um vörugjald, með síðari breytingum	1117
338	22. júní	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 247/1991, um endurgreiðslu virðisaukaskatts til erlendra fyrirtækja	1119
351	15. júní	Reglugerð um undirbúning og framkvæmd álagningar og innheimtu undirboðs- og jöfnunartolla	1140-1151
365	28. júní	Reglugerð um verðjöfnunargjald af innfluttum landbúnaðarvörum	1164-1165
381	28. júní	Reglugerð um bifreiðagjald	1205-1207
420	28. júlí	Auglýsing um verðjöfnunargjald á innflutt súkkulaði, brauð, kex og kökur	1335-1336
421	28. júlí	Reglugerð um verðjöfnunargjald af innfluttum landbúnaðarvörum	1336-1337
449	4. ágúst	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 430/1993 um innheimtu og ráðstöfun á verðskerðingargjöldum af kindakjöti verðlagsárið 1993-1994	1412
480	5. ágúst	Reglugerð um breyting á reglugerð nr. 157/1994, um vörugjald	1504

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
481	29. ágúst	Auglýsing um flutningsjöfnunargjald á olíuvörum	1505
483	2. sept.	Reglugerð um frádrátt frá tekjum af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi	1507-1514
487	29. ágúst	Reglur um tímabundinn tollfrjálsan innflutning ökutækja til sýningar	1535-1537
489	31. ágúst	Reglugerð um innheimtu og ráðstöfun á verðskerðingargjöldum af kindakjöti á verðlagsárinu 1994-1995	1538-1539
491	31. ágúst	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 639/1989 um innheimtu fóðurgjalda, með síðari breytingum	1540
495	22. ágúst	Reglugerð um breytingu á reglugerð um innheimtu höfunarréttargjalds við tollafgreiðslu nr. 177/1989	1543
551	10. okt.	Reglugerð um innheimtu og ráðstöfun á verðskerðingargjaldi af hrossa- og nautgripakjöti	1839-1840
552	17. okt.	Reglugerð um gjald fyrir eftirgerð af hljóðupptökum af munnlegum skýrslum við meðferð einkamáls í héraði	1841
563	26. okt.	Auglýsing um verðjöfnunargjald á innflutt súkkulaði, brauð, kex og kökur	2027-2028
574	8. nóv.	Reglugerð um verðjöfnunargjald af innfluttum landbúnaðarvörum	2041-2042
604	18. nóv.	Auglýsing um nýtt fasteignamat	2385-2386
614	25. nóv.	Auglýsing um breytingu á grunnfjárhæðum skv. 4. og 6. gr. sbr. 22. gr. laga nr. 83/1984 um erfðafjárskatt	2391
615	30. nóv.	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 574/1994 um verðjöfnunargjald af innfluttum landbúnaðarvörum	2392
616	29. nóv.	Reglugerð um breyting á reglugerð nr. 255/1993, um vörugjöld af eldsneyti, með síðari breytingu	2392-2393
617	30. nóv.	Auglýsing um hlutfall búnaðarmálasjóðsgjalds verðlagsárið 1994-1995	2393
632	7. des.	Auglýsing um álagningarstofn fasteignaskatts	2603
652	13. des.	Reglugerð um breyting á reglugerð nr. 593/1987, um þungaskatt, með síðari breytingum	2777-2778
665	21. des.	Auglýsing um hækkun bifreiðagjalds þann 1. janúar 1995	2788
667	22. des.	Reglugerð um innheimtu þinggjalda á árinu 1995	2789-2790
668	22. des.	Reglugerð um innheimtu markaðsgjalds á árinu 1995	2790-2791
670	22. des.	Auglýsing um innheimtuhlutfall í staðgreiðslu á árinu 1995	2792
671	23. des.	Reglugerð um breyting á reglugerð nr. 484/1992, um endurgreiðslu virðisaukaskatts af sölu á heitu vatni og rafmagni til hitunar húsa og laugarvatns, með síðari breytingum	2792-2793
676	22. des.	Reglugerð um gjald af nýreistum húsum til greiðslu skipulagsgjalds	2806
677	29. des.	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 639/1989 um innheimtu fóðurgjalda, með síðari breytingum	2807
682	30. des.	Reglugerð um breyting á reglugerð nr. 591/1987, um laun, greiðslur og hlunnindi utan staðgreiðslu, með síðari breytingum	2816

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
699	31. des.	Auglýsing frá ríkisskattstjóra um breytingu á grunnfjárhæðum í lögum og reglugerðum um virðisaukaskatt	2865
706	21. des.	Auglýsing ríkisskattstjóra nr. 14/1994	2888

Skip, sjá Siglingar, skip.

Skipulagsmál.

15	10. jan.	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Ísafjarðar 1987-2007, miðbæjarsvæði	16
16	10. jan.	Auglýsing um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Reykjahlíðar 1986-2006, er tekur til jarðstrengs	17
17	10. jan.	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Njarðvíkur 1991-2001	17
18	10. jan.	Auglýsing um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Seltjarnarness 1981-2001	18
19	10. jan.	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Vopnafjarðar 1980-2000	18
20	10. jan.	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Fellabæjar 1981-2001	19
21	10. jan.	Auglýsing um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 1990-2010	19
22	10. jan.	Auglýsing um staðfestingu á breytingu á deiliskipulagi Skúlagötusvæðis, hæstaréttarhús við Lindargötu	20
162	22. mars	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1980-2000	523
163	22. mars	Auglýsing um staðfestingu á legu Ásvegar í Djúpárhreppi	523
165	22. mars	Auglýsing um staðfestingu á legu 220 kV háspennulína frá Búrfellsvirkjun að Svartárkoti í Bárðardal	524
167	22. mars	Auglýsing um staðfestingu á legu 66 kV háspennulínu/jarðstrengs frá Flúðum að Hellu	525
169	22. mars	Auglýsing um staðfestingu á deiliskipulagi miðbæjar Ísafjarðar	526
171	22. mars	Auglýsing um staðfestingu á legu brúar um Jökulsá á Dal, ásamt aðkomuvegum	527
174	22. mars	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 1988-2008	531
176	22. mars	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Hvolhrepps 1990-2010	532
179	22. mars	Reglugerð um mat á umhverfisáhrifum	544-553
199	20. apríl	Auglýsing um staðfestingu á aðalskipulagi Hvammstanga 1992-2012	599
212	25. apríl	Auglýsing um staðfestingu á aðalskipulagi Grindavíkur 1983-2003	633-634
215	25. apríl	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1990-2010	636

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
216	22. apríl	Auglýsing um staðfestingu á legu brúar yfir ósa Héraðsvatna	636
230	26. apríl	Auglýsing um staðfestingu á svæðisskipulagi sveitarfélaga sunnan Skarðsheiðar	655
231	25. apríl	Auglýsing um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Reykholts í Biskupstungum 1989-2009	655
233	20. apríl	Auglýsing um staðfestingu á legu Fljótsdalslínu I, vestari hluta frá Akureyri að Veggjafelli	666
235	25. apríl	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Hellu, Rangárvallahreppi 1977-1998	667
236	25. apríl	Auglýsing um staðfestingu á deiliskipulagi miðbæjar Hellu, Rangárvallahreppi	667
237	25. apríl	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Flúða, Hrunamannahreppi 1992-2012	667
247	6. maí	Auglýsing um staðfestingu á aðalskipulagi Mosfellsbæjar 1992-2012	828
255	29. apríl	Auglýsing um staðfestingu á aðalskipulagi fyrir Geysissvæðið í Haukadal, Biskupstungnahreppi	837
257	16. maí	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Borgarness 1977-1997	838
258	29. apríl	Auglýsing um staðfestingu á aðalskipulagi Kópavogs 1992-2012	839
259	29. apríl	Auglýsing um staðfestingu á aðalskipulagi Súðavíkur 1992-2012	839
268	19. maí	Auglýsing um staðfestingu að aðalskipulagi Hveragerðisbæjar 1994-2014	845
311	24. maí	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Gerðahrepps 1988-2008	967
332	7. júní	Auglýsing um breytingu á skipulagsuppdrætti af Þykkvabæ, Djúpárhreppi	1111
353	21. júní	Gjaldskrá vegna mats á umhverfisáhrifum	1153
385	30. júní	Auglýsing um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi fyrir Kirkjubæjarklaustur, Skaftárhreppi, 1988-2008	1213
387	30. júní	Auglýsing um staðfestingu á endurskoðuðu deiliskipulagi miðbæjar Hafnarfjarðar	1216
388	30. júní	Auglýsing um staðfestingu á breytingu á deiliskipulagi á norðvesturhluta staðgreinireits 1.171.2., Iðnaðarmannahúsreit	1216
391	6. júlí	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Keflavíkur 1982-2002	1219
395	6. júlí	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 1992-2012	1224
398	1. júlí	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1980-2000	1229
478	22. ágúst	Auglýsing um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 1990-2010	1500

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
519	21. sept.	Auglýsing um breytingu á viðauka A með skipulagsreglugerð nr. 318/1985	1631
565	13. okt.	Reglur fyrir samvinnunefnd um gerð svæðisskipulags fyrir miðhálendi Íslands	2031-2032
566	13. okt.	Reglur fyrir samvinnunefnd um svæðisskipulag í Skagafirði	2033-2034
584	26. okt.	Reglur fyrir samvinnunefnd um svæðisskipulag í Borgarfirði norðan Skarðsheiðar	2063-2064
594	16. nóv.	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1990-2010	2381
598	16. nóv.	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Keflavíkur 1982-2002	2383
599	16. nóv.	Auglýsing um staðfestingu á aðalskipulagi Reykja 1994-2014, Staðarhreppi	2384
600	16. nóv.	Auglýsing um staðfestingu á aðalskipulagi fyrir Vatnsleysustrandarhrepp	2384
601	16. nóv.	Auglýsing um staðfestingu á skipulagi sumarbústaðasvæðis í landi Syðri-Reykja, Biskupstungnahreppi	2384
602	16. nóv.	Auglýsing um staðfestingu á skipulagi fyrir jörðina Dagverðarnes, Skorradalshreppi	2385
603	16. nóv.	Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi miðbæjar Hafnarfjarðar	2385
608	16. nóv.	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1990-2010 (stgr. 2.575)	2387-2388

Skipulagsskrá, sjá Sjóðir.

Skólar, sjá Menntamál.

Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla.

67	4. feb.	Auglýsing um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á sameiningu Ólafsvíkurbæjar, Staðarsveitar, Breiðuvíkurhrepps og Neshrepps utan Ennis í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu	220
120	2. mars	Lögreglusamþykkt fyrir Eyrarsveit	284
170	25. mars	Gjaldskrá um sorphirðu fyrir Breiðuvíkurhrepp árið 1994	527
217	22. apríl	Auglýsing um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á sameiningu Eyjahrepps og Miklaholtshrepps	637
256	16. maí	Auglýsing um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á sameiningu Helgafellssveitar og Stykkishólmsbæjar	838
301	20. maí	Auglýsing um nafn á sveitarfélagi því sem til verður við sameiningu Ólafsvíkurkaupstaðar, Neshrepps utan Ennis, Breiðuvíkurhrepps og Staðarsveitar	951
343	16. júní	Auglýsing um nafn á sveitarfélagi því sem til verður við sameiningu Helgafellssveitar og Stykkishólmsbæjar	1125
468	10. ágúst	Auglýsing um nafn á sveitarfélagi því sem til varð við sameiningu Eyjarhrepps og Miklaholtshrepps	1452

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
621		Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til biskups varðandi beiðni um að Brimilsvallasókn í Ólafsvíkurprestakalli, Snæfellsnes- og Dalaprófastsdæmi verði sameinuð Ólafsvíkursókn í sama prestakalli	2564
		Sorphreinsun, sjá Umhverfisvernd.	
		Starfsleyfi, sjá Atvinnustarfsemi.	
		Stjórn og fundarsköp, sjá Sveitarstjórnarmál.	
		Stjórnarráð Íslands.	
186	6. apríl	Gjaldskrá fyrir afrit eða ljósrit, sem afhent eru á grundvelli stjórnsýslulaga nr. 37/1993	558
		Strandasýsla.	
34	13. jan.	Gjaldskrá Orkubús Vestfjarða fyrir hitaveitur	30-32
36	14. jan.	Gjaldskrá Orkubús Vestfjarða fyrir raforku	57-63
239	2. maí	Auglýsing um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á sameiningu Nauteyrarhrepps og Hólmavíkurhrepps	673
		Suður-Múlasýsla, sjá Múlasýslur.	
		Suður-Þingeyjarsýsla, sjá Þingeyjarsýslur.	
		Suðurnes.	
17	10. jan.	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Njarðvíkur 1991-2001	17
64	4. feb.	Reglugerð um holræsagjöld í Njarðvíkurbæ	218
100	25. feb.	Auglýsing um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á sameiningu Keflavíkurbæjar, Njarðvíkurbæjar og Hafnahrepps	256
150	15. mars	Reglugerð um breytingu á reglugerð um gatnagerðargjöld í Keflavík	508
212	25. apríl	Auglýsing um staðfestingu á aðalskipulagi Grindavíkur 1983-2003	633-634
391	6. júlí	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Keflavíkur 1982-2002	1219
598	16. nóv.	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Keflavíkur 1982-2002	2383
635	7. des.	Reglugerð um gatnagerðargjöld í Keflavík-Njarðvík-Höfnum	2607-2609
		Sveitarstjórnarmál.	
28	18. jan.	Auglýsing um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á sameiningu Suðurdalahrepps, Haukadalshrepps,	

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
		Laxárdalshrepps, Hvammshrepps og Fellsstrandarhrepps í Dalasýslu	26
76	11. feb.	Auglýsing um fyrirmynd að gjaldskrá fyrir mengunarvarnaeftirlit sveitarfélaga	228-232
77	14. feb.	Samþykkt um breytingu á samþykkt um stjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 453/1988	232-234
100	25. feb.	Auglýsing um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á sameiningu Keflavíkurbæjar, Njarðvíkurbæjar og Hafnahrepps	256
104	25. feb.	Samþykkt um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp Súðavíkurhrepps nr. 446/1992	260-261
107	28. feb.	Reglugerð um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á sameiningu Neskaupstaðar og Norðfjarðarhrepps	264
111	17. mars	Reglugerð um greiðslur sveitarfélaga til Atvinnuleysistryggingasjóðs á árinu 1994	268
113	3. mars	Reglugerð um endurtekningu á atkvæðagreiðslu um sameiningu sveitarfélaga	270
175	21. mars	Reglugerð um breytingu á reglugerð fyrir vatnsveitur sveitarfélaga nr. 421/1992	532
180	30. mars	Samþykkt um breytingu á samþykkt um stjórn Vestmannaeyja og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 196/1988, sbr. samþykkt nr. 420/1992 og 407/1993	553
194	14. apríl	Samþykkt um byggðamerki Torfalækjarhrepps	586
251	2. maí	Samþykkt um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp Reyðarfjarðarhrepps nr. 97/1991	834-835
315	3. júní	Samþykkt um stjórn Ísafjarðarkaupstaðar og fundarsköp bæjarstjórnar	970-983
317	6. júní	Samþykkt um stjórn og fundarsköp Ölfushrepps	984-997
354	10. júní	Samþykkt um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp Bessastaðahrepps nr. 244/1990	1154
359	20. júní	Auglýsing um val á reynslusveitarfélögum	1157
423	21. júlí	Samþykkt um breytingu á samþykkt um stjórn Hveragerðisbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 294/1987	1339-1340
434	21. júlí	Samþykkt um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp Flateyrarhrepps nr. 245/1990	1394-1395
459	5. ágúst	Samþykkt um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp Eyrarbakkahrepps nr. 333/1987, sbr. samþykkt nr. 477/ 1990	1439-1440
479	10. ágúst	Samþykkt um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp Stokkseyrarhrepps nr. 25/1989, sbr. samþykkt nr. 461/1990	1501-1503
486	18. ágúst	Samþykkt um stjórn og fundarsköp Þórshafnarhrepps	1523-1534
520	22. sept.	Samþykkt um stjórn Neskaupstaðar og fundarsköp bæjarstjórnar	1632-1644

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
535	5. okt.	Samþykkt um stjórn Borgarbyggðar og fundarsköp bæjarstjórnar	1671-1687
575	20. okt.	Samþykkt um stjórn Vesturbyggðar og fundarsköp bæjarstjórnar	2043-2057
607	14. nóv.	Samþykkt um breytingu á samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 60/1985, með síðari breytingum	2387
619	22. nóv.	Reglur um fjárhagslega aðstoð Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga	2403-2404
623	29. nóv.	Samþykkt um stjórn og fundarsköp Dalabyggðar	2565-2577
625	29. nóv.	Samþykkt um stjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar og fundarsköp bæjarstjórnar	2578-2591
638	28. nóv.	Samþykkt bæjarstjórnar Selfoss um útivistartíma barna á Selfossi	2612
643	19. des.	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 390 14. ágúst 1991 um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga með síðari breytingum	2617-2618
647	8. des.	Samþykkt um stjórn Vopnafjarðarhrepps og fundarsköp hreppsnefndar	2627-2639
661	21. des.	Samþykkt um breytingu á samþykkt um stjórn Ísafjarðarkaupstaðar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 315/1994	2786
686	20. des.	Samþykkt um stjórn og fundarsköp Djúpavogshrepps	2822-2834
688	27. des.	Samþykkt um stjórn Hornafjarðarbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar	2836-2849
		Söfn.	
283	19. maí	Reglugerð um héraðsskjalasöfn	884-886
540	11. okt.	Reglugerð um deildaskiptingu og safnráð Landsbókasafns Íslands - Háskólabókasafns	1693
558	11. okt.	Reglugerð um deildaskiptingu og safnráð Landsbókasafns Íslands - Háskólabókasafns	1884
		Tannlækningar, sjá Heilbrigðismál.	
		Tekjustofnar sveitarfélaga.	
29	24. jan.	Auglýsing um innheimtuhlutfall útsvars í staðgreiðslu vegna febrúar til og með desember 1994	26
150	15. mars	Reglugerð um breytingu á reglugerð um gatnagerðargjöld í Keflavík	508
635	7. des.	Reglugerð um gatnagerðargjöld í Keflavík-Njarðvík-Höfnum	2607-2609
		Tryggingar.	
58	26. jan.	Reglur um endurgreiðslu sjúkratrygginga á tannlækningakostnaði vegna alvarlegra afleiðinga meðfæddra galla, sjúkdóma og slysa	210-211

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
82	14. feb.	Reglur um úthlutun styrkja úr Atvinnuleysistryggingasjóði árið 1994	238-240
87	23. feb.	Auglýsing um ökutækjatryggingar	247
111	17. mars	Reglugerð um greiðslur sveitarfélaga til Atvinnuleysistryggingasjóðs á árinu 1994	268
161	30. mars	Reglugerð um breytingu á reglugerð um löggildingu og tryggingaskyldu fasteigna- og skipasala nr. 520/1987	521-522
304	25. maí	Reglugerð um skilyrði þess að sjálfstætt starfandi einstaklingar fái atvinnuleysisbætur	954-956
355	16. júní	Reglugerð um (1.) breytingu á reglugerð nr. 14/1993 um hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu	1155
356	16. júní	Reglugerð um tekjutengingu ekkjulífeyris	1155
406	18. júlí	Reglugerð um tryggingarskyldu við sölu notaðra ökutækja	1264-1265
473	24. ágúst	Reglugerð um miðlun vátrygginga	1458-1466
485	5. sept.	Samþykktir fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum	1519-1522
639	5. des.	Auglýsing um vátryggingarfjárhæðir í aksturskeppni	2613
656	14. des.	Reglugerð um (1.) breytingu á reglugerð um miðlun vátrygginga nr. 473/1994	2783-2784
673	23. des.	Reglugerð um skylduvátryggingu fiskiskipa	2796-2800
693	30. des.	Reglugerð um starfsemi neytendamáladeildar Vátryggingaeftirlitsins	2858-2860
		Umferðarmál.	
8	3. jan.	Auglýsing um umferð á Selfossi	9
13	11. jan.	Auglýsing um fjárhæð gjalds vegna stöðvunarbrota	15
41	21. jan.	Auglýsing um umferð í Reykjavík	68
57	31. jan.	Reglugerð um gerð og búnað reihjóla	208-209
66	2. feb.	Auglýsing um umferð í Reykjavík	220
69	8. feb.	Auglýsing um umferð í Reykjavík	221
121	9. mars	Auglýsing um umferð á Akureyri	284
190	7. apríl	Auglýsing um umferð í Vestmannaeyjum	580
287	19. maí	Auglýsing um umferð í Kópavogi	889
386	9. júní	Auglýsing um umferð á Blönduósi	1213-1215
392	4. júlí	Auglýsing um umferð í Egilsstaðabæ	1219
397	10. júní	Auglýsing um umferð í Ólafsfirði	1227-1229
444	19. júlí	Auglýsing um umferð á Hellu	1403
445	21. júlí	Auglýsing um umferð í Hafnarfirði	1403
464	3. ágúst	Auglýsing um umferð í Reykjavík	1444
475	3. ágúst	Auglýsing um umferð á Eskifirði	1472
510	6. sept.	Auglýsing um umferð í Borgarnesi	1623
526	20. sept.	Auglýsing um umferð í Mosfellsbæ	1662
534	27. sept.	Auglýsing um umferð í Egilsstaðabæ	1670
549	6. okt.	Auglýsing um umferð í Reykjavík	1836
560	10. okt.	Auglýsing um umferð í Stöðvarhreppi	1887
568	17. okt.	Auglýsing um umferð á Eyrarbakka	2034

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
585	31. okt.	Auglýsing um umferð á Sauðárkróki	2064
587	3. nóv.	Auglýsing um umferð í Reykjavík	2072
588	3. nóv.	Auglýsing um umferð í Reykjavík	2072
610	8. nóv.	Auglýsing um umferð í Neskaupstað	2388
645	8. des.	Auglýsing um umferð í Reykjavík	2626
689	27. des.	Auglýsing um umferð í Ólafsfirði	2849
		Umhverfisvernd.	
33	19. jan.	Gjaldskrá um sorphirðu í Hafnarfirði fyrir árið 1994	30
35	19. jan.	Reglugerð um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi	33-56
40	24. jan.	Gjaldskrá um sorphirðu fyrir Húsavíkurkaupstað árið 1994	67
48	27. jan.	Mengunarvarnareglugerð	75-198
52	28. jan.	Gjaldskrá um sorphirðu í Garðbæ árið 1994	205
53	27. jan.	Gjaldskrá fyrir sorphirðu í Rangárvallahreppi fyrir árið 1994	206
55	28. jan.	Gjaldskrá fyrir sorphirðu á Ísafirði	207
61	28. jan.	Gjaldskrá fyrir sorphirðu á Seyðisfirði árið 1994	214
75	11. feb.	Gjaldskrá fyrir sorphreinsun í Hveragerði fyrir árið 1994	227
76	11. feb.	Auglýsing um fyrirmynd að gjaldskrá fyrir mengunarvarna-eftirlit sveitarfélaga	228-232
79	10. feb.	Gjaldskrá fyrir sorphirðu á Hvammstanga árið 1994	235-236
80	10. feb.	Gjaldskrá fyrir sorphirðu á Dalvík árið 1994	236-237
81	10. feb.	Gjaldskrá fyrir sorphirðu í Grýtubakkahreppi árið 1994	237
96	25. feb.	Gjaldskrá fyrir sorphirðu í Raufarhafnarhreppi árið 1994	254
124	8. mars	Reglur um varnir gegn sorpmengun frá skipum	292-294
156	11. mars	Gjaldskrá vegna sorphirðu fyrir Þingvallahrepp árið 1994	513
159	22. mars	Gjaldskrá fyrir sorphreinsun í Eyrarbakkahreppi fyrir árið 1994	520
166	25. mars	Gjaldskrá fyrir sorphirðu í Vallahreppi árið 1994	525
168	22. mars	Gjaldskrá fyrir sorphirðu á Selfossi	526
170	25. mars	Gjaldskrá um sorphirðu fyrir Breiðuvíkurhrepp árið 1994	527
179	22. mars	Reglugerð um mat á umhverfisáhrifum	544-553
192	11. apríl	Auglýsing um staðfestingu á skipulagi fyrir sorpstöð Suðurlands í landi Kirkjuferjuhjáleigu í Ölfushreppi	585
193	7. apríl	Gjaldskrá fyrir sorphirðu í Þórshafnarhreppi árið 1994	585
209	15. apríl	Auglýsing um breytingu á gjaldskrá nr. 383/1993 fyrir mengunareftirlit í Kópavogi	631
229	2. maí	Gjaldskrá fyrir sorpstöð á Höfn árið 1994	654-655
282	17. maí	Reglugerð um söfnun, endurvinnslu og skilagjald á einnota umbúðir fyrir drykkjarvörur	882-884
298	25. maí	Gjaldskrá vegna sorphirðu í Austur-Landeyjahreppi	947
353	21. júní	Gjaldskrá vegna mats á umhverfisáhrifum	1153
509	15. sept.	Auglýsing um breytingu á gjaldskrá nr. 383/1993 fyrir mengunareftirlit í Kópavogi, sbr. auglýsingu nr. 209/1994	1622
516	20. sept.	Reglugerð um bann við notkun á efnum sem innihalda kvikasilfurssambönd, arsenefnasambönd og lífræn efna-sambönd tins (tríbútýltin)	1628-1629

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
536	3. okt.	Reglugerð um breytingu á mengunarvarnareglugerð nr. 48/1994 með síðari breytingum nr. 387/1994	1687-1688
546	4. okt.	Reglugerð um varnir gegn mengun af völdum ósoneyðandi efna	1829-1834
559	11. ágúst	Auglýsing um leiðbeinandi reglur um auglýsingar og umhverfisvernd	1885-1887
564	21. okt.	Gjaldskrá yfir útselda vinnu vegna þjónustuverkefna Hollustuverndar ríkisins	2029-2031
571	24. okt.	Gjaldskrá vegna sorphirðu í Mýrdalshreppi	2036
583	24. okt.	Gjaldskrá um sorphirðu fyrir Staðarhrepp í Skagafirði	2062
586	11. nóv.	Gjaldskrá fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit á svæði Heilbrigðiseftirlits Suðurlands	2065-2071
649	7. des.	Gjaldskrá um sorphirðu fyrir Húsavíkurkaupstað árið 1995	2640
657	15. des.	Gjaldskrá fyrir sorphirðu í Stokkseyrarhreppi árið 1995	2784
696	29. des.	Gjaldskrá um hreinsun taðþróa í hesthúsahverfinu við Kjóavelli í Garðabæ árið 1995	2863
697	29. des.	Gjaldskrá um sorphirðu í Garðabæ árið 1995	2863-2864
700	29. des.	Gjaldskrá um sorphirðu í Hafnarfirði fyrir árið 1995	2865-2866
		Utanríkismál.	
533	23. sept.	Reglugerð um vegabréf utanríkisráðuneytisins	1668-1670
		Útflutningur.	
45	26. jan.	Auglýsing um verðjöfnun vegna útflutnings sjávarafurða í febrúarmánuði 1994	71
90	24. feb.	Auglýsing um verðjöfnun vegna útflutnings sjávarafurða í marsmánuði 1994	248
182	7. apríl	Auglýsing um verðjöfnun vegna útflutnings sjávarafurða í aprílmánuði 1994	554
218	28. apríl	Auglýsing um verðjöfnun vegna útflutnings sjávarafurða í maímánuði 1994	637
404	18. júlí	Auglýsing um gildistöku EES-reglugerða um efni sem eyða ósonlaginu og um inn- og útflutning tiltekinna hættulegra efna	1247-1257
570	21. okt.	Auglýsing um gildistöku EES-reglugerðar um inn- og útflutning tiltekinna hættulegra efna	2035
		Útvarp.	
39	17. jan.	Auglýsing um reglur um takmarkanir á þátttöku frambjóðanda til almennra kosninga í dagskrá Ríkisútvarpsins	66-67
		Vatnamál.	
64	4. feb.	Reglugerð um holræsagjöld í Njarðvíkurbæ	218
175	21. mars	Reglugerð um breytingu á reglugerð fyrir vatnsveitur sveitarfélaga nr. 421/1992	532

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
372	24. júní	Reglugerð um breytingu á reglugerð um holræsagjöld í Egilsstaðahreppi nr. 469/1977	1175
488	29. ágúst	Reglugerð um breytingu á reglugerð um holræsi fyrir Eyrarbakkahrepp nr. 351/1975	1537
641	7. des.	Gjaldskrá fyrir Vatnsveitufélag Hjallasóknar	2614
642	7. des.	Samþykkt fyrir Vatnsveitufélag Hjallasóknar	2615-2616
653	19. des.	Reglugerð um holræsi og holræsagjald í Vík í Mýrdal	2778-2780
658	16. des.	Reglugerð um holræsagjald í Reykjavík	2785
659	15. des.	Reglugerð um breytingu á reglugerð um holræsagjöld í Hafnarfirði nr. 507/1975	2785

Vatnsveitur, sjá Vatnamál.

Vátryggingar, sjá Tryggingar.

Vegabréf.

286	30. maí	Reglugerð um breyting á reglugerð nr. 169/1987 um íslensk vegabréf	888

Vegamál.

440	30. júní	Auglýsing um gildistöku ákvæða er leiða af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið vegna vegamála	1400
596	11. nóv.	Auglýsing um staðfestingu á legu Vestfjarðavegar yfir Gilsfjörð ásamt aðkomuvegum	2382
609	11. nóv.	Auglýsing um staðfestingu á legu jarðgangna undir Hvalfjörð og nýrra aðkomuvega	2388

Veiðar, sjá Sjávarútvegur.

Veiði, friðun.

115	1. mars	Samþykkt fyrir Veiðifélag Rangæinga	272-275
116	1. mars	Arðskrá fyrir Veiðifélag Hörgár	275-276
119	1. mars	Samþykkt fyrir Veiðifélag Laxár á Ásum	283-284
341	21. júní	Reglugerð um veiðikort og sérstök veiðikort (hlunnindakort)	1122
345	20. júní	Reglugerð um að aflétta friðun svartbaks, sílamáfs, silfurmáfs og hrafns	1128
358	21. júní	Reglugerð um að aflétta friðun refa og um veiðar á refum og minkum	1156
400	15. júlí	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 341/1994 um veiðikort og sérstök veiðikort (hlunnindakort)	1232
402	13. júlí	Reglugerð um stjórn hreindýraveiða	1241-1245
456	17. ágúst	Reglugerð um fuglaveiðar og nýtingu hlunninda af villtum fuglum	1433-1436
511	19. sept.	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 456/1994 um fuglaveiðar og nýtingu hlunninda af villtum fuglum	1623

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
		Veiðibann, sjá Sjávarútvegur.	
		Veiðifélög, sjá Veiði, friðun.	
		Veitingar.	
578	4. okt.	Reglur um verðupplýsingar veitingahúsa	2059
		Verðbréf.	
294	31. maí	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 362/1993, um framkvæmd útreiknings á innlausnarvirði hlutdeildarskírteina verðbréfasjóða	931
360	21. júní	Reglur um fyrsta söludag almennra útboða verðbréfa	1157-1158
		Verðlagsmál.	
375	30. júní	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 594 31. desember 1993 um efnislegar samkeppnisreglur í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið	1179-1180
576	4. okt.	Reglur um verðmerkingar	2057-2058
577	4. okt.	Reglur um birtingu og auglýsingar á aðgöngumiðaverði kvikmyndahúsa	2059
578	4. okt.	Reglur um verðupplýsingar veitingahúsa	2059
580	4. okt.	Reglur um birtingu verðskráa hárgreiðslu- og rakarastofa	2061
672	5. des.	Reglur um málmeðferð samkeppnisyfirvalda	2793-2796
		Verndun fiskimiða, sjá Landhelgismál; Sjávarútvegur.	
		Verslun.	
30	24. jan.	Reglugerð um breyting á reglugerð nr. 554/1993 um virðisaukaskattsskylda sölu á vörum til manneldis o.fl.	27
173	23. mars	Samþykkt um opnunartíma verslana í Neskaupstað	530-531
335	16. júní	Reglugerð um breyting á reglugerð nr. 554/1993, um virðisaukaskattsskylda sölu á vörum til manneldis o.fl.	1116-1117
576	4. okt.	Reglur um verðmerkingar	2057-2058
672	5. des.	Reglur um málsmeðferð samkeppnisyfirvalda	2793-2796
		Vestmannaeyjar.	
180	30. mars	Samþykkt um breytingu á samþykkt um stjórn Vestmannaeyja og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 196/1988, sbr. samþykkt nr. 420/1992 og 407/1993	553
190	7. apríl	Auglýsing um umferð í Vestmannaeyjum	580
248	3. maí	Samþykkt um hundahald í Vestmannaeyjum	829-831
		Vestur-Barðastrandarsýsla, sjá Barðastrandarsýslur.	

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
		Vestur-Skaftafellsýsla, sjá Skaftafellssýslur.	
		Viðskiptamál, sjá Innflutningur; Útflutningur; Verðlagsmál; Verslun.	
		Vinnustaðir, sjá Öryggismál.	
		Þingeyjarsýslur.	
16	10. jan.	Auglýsing um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Reykjahlíðar 1986-2006, er tekur til jarðstrengs	17
81	10. feb.	Gjaldskrá fyrir sorphirðu í Grýtubakkahreppi árið 1994	237
96	25. feb.	Gjaldskrá fyrir sorphirðu í Raufarhafnarhreppi árið 1994	254
103	9. feb.	Samþykkt um breytingu á samþykkt um hundahald á Grenivík frá Grenivíkurhólum að Grenjá nr. 509/1981 með síðari breytingum	259
158	21. mars	Auglýsing um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á sameiningu Þórshafnarhrepps og Sauðaneshrepps	519
165	22. mars	Auglýsing um staðfestingu á legu 220 kV háspennulína frá Búrfellsvirkjun að Svartárkoti í Bárðardal	524
183	29. mars	Gjaldskrá vegna hundahalds í Þórshafnarhreppi á árinu 1994	555
193	7. apríl	Gjaldskrá fyrir sorphirðu í Þórshafnarhreppi árið 1994	585
302	26. maí	Gjaldskrá vegna hundahalds á Grenivík 1994	951
305	31. maí	Gjaldskrá vegna hundahalds í Raufarhafnarhreppi 1994	956
486	18. ágúst	Samþykkt um stjórn og fundarsköp Þórshafnarhrepps	1523-1534
		Þjóðgarðar, sjá Náttúrurannsóknir, náttúruvernd.	
		Þungaskattur, sjá Skattamál, tollamál; Ökutæki.	
		Ökutæki.	
14	10. jan.	Reglugerð um breytingu á reglugerð um almenna skoðun ökutækja, nr. 559 31. desember 1993	16
32	13. jan.	Reglugerð um breyting á reglugerð nr. 156/1992, um innheimtu þungaskatts af bifreiðum sem skrásettar eru erlendis og nota annan orkugjafa en bensín	29-30
57	31. jan.	Reglugerð um gerð og búnað reiðhjóla	208-209
87	23. feb.	Auglýsing um ökutækjatryggingar	247
219	27. apríl	Reglugerð um breytingu á reglugerð um ökukennslu, próf ökumanna o.fl., nr. 787 13. desember 1983	638
242	13. maí	Reglugerð um breytingu á reglugerð um gerð og búnað ökutækja, nr. 411 11. október 1993	676-687
252	3. maí	Reglugerð um breytingu á viðauka II við reglugerð um starfshætti þeirra er annast almenna skoðun ökutækja, nr. 558 31. desember 1993	836

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
265	20. maí	Reglugerð um breytingu á reglugerð um prófgjöld ökumanna, gjöld fyrir ökuskírteini o.fl. nr. 634 30. desember 1991	843
296	31. maí	Reglugerð um breytingu á reglugerð um starfshætti þeirra er annast almenna skoðun ökutækja, nr. 558 31. desember 1993	945
318	10. júní	Auglýsing um hækkun bifreiðagjalds þann 1. júlí 1994	997
381	28. júní	Reglugerð um bifreiðagjald	1205-1207
401	20. júlí	Reglugerð um breytingu á reglugerð um gerð og búnað ökutækja, nr. 411 11. nóvember 1993, sbr. reglugerð nr. 242 13. maí 1994	1233-1241
406	18. júlí	Reglugerð um tryggingarskyldu við sölu notaðra ökutækja	1264-1265
407	11. júlí	Reglugerð um námskeið og próf til að öðlast leyfi til sölu notaðra ökutækja	1266-1267
411	15. júlí	Reglugerð um breytingu á reglugerð um starfshætti þeirra er annast almenna skoðun ökutækja, nr. 558 31. desember 1993	1282
438	25. júlí	Reglugerð um breytingu á reglugerð um vörubifreiðar og sendibifreiðar, sem notaðar eru til leiguaksturs og takmarkanir á fjölda þeirra, nr. 121/1990 með síðari breytingum	1398
487	29. ágúst	Reglur um tímabundinn tollfrjálsan innflutning ökutækja til sýningar	1535-1537
639	5. des.	Auglýsing um vátryggingarfjárhæðir í aksturskeppni	2613
652	13. des.	Reglugerð um breyting á reglugerð nr. 593/1987, um þungaskatt, með síðari breytingum	2777-27778
663	12. des.	Reglugerð um breytingu á reglugerð um vörubifreiðar og sendibifreiðar, sem notaðar eru til leiguaksturs og takmarkanir á fjölda þeirra, nr. 121/1990, ásamt síðari breytingum	2787
665	21. des.	Auglýsing um hækkun bifreiðagjalds þann 1. janúar 1995	2788
		Öryggismál.	
65	2. feb.	Gjaldskrá fyrir vopnaleit á Keflavíkurflugvelli	219
83	14. feb.	Auglýsing um að gjaldskrá nr. 56/1993 vegna eftirlits á vegum Geislavarna ríkisins fyrir árið 1993 skuli gilda árið 1994	241
95	4. mars	Reglugerð um afnám reglna nr. 57/1929 fyrir Veðurstofu Íslands	253
189	21. mars	Reglur um björgunar- og öryggisbúnað íslenskra skipa	563-580
238	4. maí	Reglur um garðaúðun	668-672
245	6. maí	Reglugerð um hönnun og uppsetningu sjálfvirkra úðakerfa	825-827
273	18. maí	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 157/1993 um sinubrennur og meðferð elds á víðavangi	851
324	18. maí	Reglur um leyfilegt hljóðaflsstig loftpressna	1037-1045
325	19. maí	Reglur um leyfilegt hljóðaflsstig vélknúinna rafala	1045-1049

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
326	19. maí	Reglur um takmörkun hávaða frá vökva- og víragröfum, jarðýtum, hjóla- og beltaskóflum og traktorsgröfum	1050-1062
327	19. maí	Reglur um leyfilegt hljóðaflsstig garðsláttuvéla	1063-1072
328	19. maí	Reglur um leyfilegt hljóðaflsstig vélknúinna handverkfæra fyrir múrbrot og fleygun	1073-1083
329	18. maí	Reglur um aðferð við að ákvarða hávaða sem berst í lofti við notkun véla utanhúss	1083-1098
330	19. maí	Reglur um leyfilegt hljóðaflsstig byggingarkrana	1098-1107
331	19. maí	Reglur um leyfilegt hljóðaflsstig rafsuðuvéla	1107-1111
389	13. júlí	Reglugerð um takmörkun á sölu gerileyðandi efna sem innihalda etanól	1217
408	12. júlí	Reglugerð um öryggi leikfanga og hættulegar eftirlíkingar	1268-1279
460	29. júlí	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 137/1987 um notkun og bann við notkun tiltekinna eituefna og hættulegra efna	1441
496	31. ágúst	Reglugerð um vélar og búnað á byggingarsvæðum (sameiginleg ákvæði)	1543-1552
497	31. ágúst	Reglur um notkun persónuhlífa	1553-1560
498	31. ágúst	Reglur um skjávinnu	1560-1565
499	31. ágúst	Reglur um öryggi og hollustu þegar byrðar eru handleiknar	1565-1569
500	31. ágúst	Reglur um hávaðavarnir á vinnustöðum og heyrnareftirlit starfsmanna	1569-1575
501	31. ágúst	Reglur um gerð persónuhlífa	1576-1594
502	31. ágúst	Reglur um vottun og merkingu á stálvírum, keðjum og krókum	1594-1598
503	31. ágúst	Reglur um lyfti- og flutningabúnað (sameiginleg ákvæði)	1598-1610
504	31. ágúst	Reglur um fólkslyftur og fólks- og vörulyftur	1611-1614
562	31. ágúst	Reglur um lyftara og dráttartæki	1894-2027

Skrá
nafna og orða.

Helstu skammstafanir sem notaðir eru í skránni:

augl. = auglýsing
br. = breyting
nf. = niðurfelling
r. = reglur
rg. = reglugerð
sþ. = samþykkt

Tölur sem upp eru gefnar á eftir atriðisorðum eru blaðsíðutöl.

A.

Abraham Meeldijk, 2895.
Aðalsteinn Jónsson, 2893.
Afrit erða ljósrit: sem afhent eru á grundvellistjórnsýslulaga, gjsk., 558.
Agnes L.J.M. van Vonderen, 2895.
Albert Visser, 2895.
Anna Theodóra Gunnarsdóttir, 2880.
Anna Jóhannsdóttir, 2886.
Arend Meijer, 2895.
Aristotle P. Halikias, 2886.
Arnór Hannibalsson, 2884.
Atvinnugreinaflokkun: augl., 2405-2563.
Atvinnuleysisbætur: sjálfstætt starfandi einstaklingar, rg., 954-956.
Atvinnuleysistryggingasjóður: úthlutun styrkja, r., 238-240; greiðslur sveitarfélaga, rg., 268.

Á.

Ábyrgðargjald: atvinnurekenda, rg., 2818.
Ágúst Einarsson, 2885.
Ágúst Þorleifsson, 2882.
Ármann Gunnarsson, 2882.
Ásgeir Þór Árnason, 2886.
Ásgeir Haraldsson, 2885.
Ásgeir Á. Ragnarsson, 2881.
Ástráður Eysteinsson, 2884.
Ástríður Sólrún Grímsdóttir, 2881.

B.

Baldur Sigurðsson, 2882.
Baldvin Björn Haraldsson, 2881.
Baldvin Þorkell Kristjánsson, 2883.
Barnamenningarsjóður: r., 827-828.
Barnaverndarráð: starfshættir, rg., 199-203
Bertil Falck, 2879.
Birgir Brynjólfsson, 2886.
Birna Hreiðarsdóttir, 2887.
Bjarki H. Diego, 2879.
Bjarni Ásgeirsson, 2879.
Bjarni Bjarnason, 2885.
Bjarni Lárusson, 2885.
Björn Björnsson, 2893.
Björn Th. Björnsson, 2894.
Björn Erlendsson, 2894.
Björn P. Flygenring, 2878.
Björn Guðbrandsson, 2880.
Björn Rögnvaldsson, 2884.
Bogi Andersen, 2886.
Bogi Meldsted, 2893.
Bogi Þorsteinsson, 2893.
Bragi Friðriksson, 2893.
Bríet Héðinsdóttir, 2894.
Bryndís Zoëga, 2893.
Brynjar Fransson, 2885.
Brynjólfur Bjarnason, 2885, 2893.
Byggðamerki: Torfalækjarhreppur, sþ., 586.
Búnaðarmálasjóðsgjald: hlutfall árið 1993-1994, augl., 23.
Böðvar Jónsson, 2894.
Böggvisstaðafjall: stofnun fólkvangs, augl., 1392-1393.

C.

Calle Bengtsson, 2895.
Cameron Buchanan, 2882.
Carl Heinrich Brainich von Branich Felth, 2895.

D.

Daði Jóhannesson, 2883.
Daníel Benediktsson, 2883.
Dauði: skilmerki, r., 1379-1380.

Davíð Baldursson, 2885.
Dýrasjúkdómar: varnir gegn því að þeir berist til landsins, rg., 21-23.
Dögg Pálsdóttir, 2884.

E.

Eduardo Rihan, 2881.
Edward J. Derwinski, 2886.
Einar Karl Hallvarðsson, 2885.
Einar S. Hálfdánarson, 2879.
Einar Magnússon, 2878.
Eiríkur Rögnvaldsson, 2880.
Eggert Sigfússon, 2879.
Ekkjulífeyrir: tekjutenging, rg., 1155.
Elísabet Hermannsdóttir, 2893.
Elli- og örorkulífeyrisþegar: eingreiðslur, rg., 1159.
Ellý K. J. Guðmundsdóttir, 2886.
Emil Lárus Sigurðsson, 2879.
Endurskoðunarverkstæði: starfsemi, rg., 2599-2603.
Engilbert Hannesson, 2894.
Erla Svanhvít Árnadóttir, 2887.
Erlend fyrirtæki: endurgreiðsla virðisaukaskatts, rg., br., 1119.

F.

Fasteigna- og skipasalar: löggilding og tryggingaskylda, rg., br., 521-522.
Felix E.R. Rhodius, 2895.
Fiskistofa: þjónusta veitt af gæðasviði, gjsk., 1281-1282.
Flokkunarfélög: viðurkenning vegna eftirlits með skipum, rg., 511.
Florentinus Willem Kist, 2895.
Fólkslyftur og fólks- og vörulyftur, r., 1611-1614.
Frans Andriessen, 2895.
Friedes Jan Laméniss, 2895.
Fríða Á. Sigurðardóttir, 2894.

G.

Garðaúðun: r., 668-672.
Georg Reisch, 2895.
Georg R. Wiederkehr, 2887.
Gerileyðandi efni sem innihalda etanól: takmörkun á sölu, rg., 1217.
Gísli Baldursson, 2881.
Gísli Einarsson, 2885.
Gísli Ágúst Gunnlaugsson, 2882.
Gjafir til menningarmála: frádráttur, rg., br., 562.
Greg J. Beuerman, 2879.
Gregor Woschnagg, 2895.
Grétar Eggert Ágústsson, 2887.
Gudmund Knutsen, 2880.
Guðbergur Bergsson, 2894.
Guðgeir Eyjólfsson, 2879.
Guðjón Baldursson, 2882.
Guðjón Vilbergsson, 2885.
Guðlaug Geirsdóttir, 2884.
Guðlaug Ingvarsdóttir, 2878.
Guðmundur Georgsson, 2884.
Guðmundur I. Guðmundsson, 2883.
Guðmundur Þór Jónsson, 2886.
Guðmundur Birgir Ólafsson, 2881.
Guðmundur Pétursson, 2894.
Guðmundur Skaftason, 2894.
Guðmundur Björn Steinþórsson, 2886.
Guðmundur Ingvi Sverrisson, 2882.
Guðríður Kolka Zophoníasdóttir, 2883.
Guðrún Svanborg Hauksdóttir, 2881.
Gunnar Ahlbäck, 2878.
Gunnar Ármannsson, 2887.
Gunnar M. Guðmundsson, 2884.
Gunnar Gauti Gunnarsson, 2882.
Gunnar Jónasson, 2878.
Gunnar Ólafsson, 2886.
Gunnar Sigurðsson, 2884.
Gunnlaugur Claessen, 2885.
Gösta Lundholm, 2879.

H.

Hafdís Helga Ólafsdóttir, 2883.
Halldór Finnsson, 2894.
Halldór Frímannsson, 2884.
Halldór Hansen, 2893.
Halldór Jónsson, 2885.
Halldór Ármann Sigurðsson, 2880, 2884.
Halldóra S. Jónsdóttir, 2894.

Hallgrímur Ásgeirsson, 2883.
Hannes Hrafnkelsson, 2881.
Haraldur J. Hamar, 2893.
Harmen Willem de Boer, 2895.
Harold Adolf Barfoed, 2895.
Haukur Bjarnason, 2882.
Haukur Halldórsson, 2894.
Haukur Jónasson, 2886.
Hákon Hákonarson, 2878.
Hámark lána og ábyrgða: viðskiptabankar, sparisjóðir og aðrar lánastofnanir, rg., 1166-1169.
Hárgreiðslu- og rakarastofur: birting verðskráa, r., 2061.
Hávaði: takmörkun frá vökva- og víragröfum, jarðýtum, hjóla- og beltaskóflum og traktorsgröfum, r., 1050-1062; ákvörðun hávaða sem berst í lofti við notkun véla utanhúss, r., 1083-1098; varnir á vinnustöðum, r., 1569-1575; frá heimilistækjum, rg., 1659-1661.
Heather Alda Ireland, 2880.
Heitavatnskatlar: sem brenna fljótandi eða loftkenndu eldsneyti, rg., 2609.
Helgi Jónsson, 2883.
Herdís Egilsdóttir, 2894.
Hilmar Pálsson, 2882.
Hlíf Steingrímsdóttir, 2878.
Hljóðaflsstig: loftpressur, r., 1037-1045; vélknúnir rafalar, r., 1045-1049; garðsláttuvélar, rg., 1063-1072; vélknúin handverkfæri fyrir múrbrot og fleygun, r., 1073-1083; byggingarkranar, rg., 1098-1107; rafsuðuvélar, r., 1107-1111.
Hjördís E. Harðardóttir, 2883.
Hljóðupptökur af munnlegum skýrslum við meðferð einkamáls í héraði: gjald fyrir eftirgerð, rg., 1841.
Horst Krenzler, 2895.
Hótel- og gistirými: endurgreiðsla virðisaukaskatts vegna fjárfestinga, rg., 949-951.
Hreindýraveiðar: rg., 1241-1245.
Hróbjartur Darri Karlsson, 2881.
Hulda Jakobsdóttir, 2894.
Húsaleigubætur: fjárhæð og útreikningur, rg., 1626.
Húsameistarar: réttur manna til að kalla sig húsameistara, rg., 253.
Húsnæðisstofnun ríkisins: skipting rekstrarkostnaðar, rg., 206; skipulag, rg., 1172-1173.
Höfundarréttargjald: innheimta við tollafgreiðslu, rg., br., 1543.
Hönnun: skráning, rg., 534-543.
Hönnunarvernd: gjöld, rg., 532-533.
Hörður Guðmundsson, 2894.

I.

Inga Þöll Þórgnýsdóttir, 2882.
Inger L. Jónsdóttir, 2880.
Ingimar Sigurðsson, 2881.
Ingvar Sveinbjörnsson, 2882.

Í.

Íris Sveinsdóttir, 2880.
Íslensk getspá: talnagetraunir, rg., br., 1624.

J.

J. Jeekel-Thate, 2895.
Jakobína Guðmundsdóttir, 2893.
Jakobus van der Velden, 2895.
Jean Balfour, 2895.
Jean Louis Devost, 2895.
Jens A. Guðmundsson, 2885.
Jens Hvidtfeldt Nielsen, 2887.
Johan Bernard Hoekman, 2895.
Johannes H. Schütte, 2895.
Jóhanna Bóel Sigurðardóttir, 2894.
Jóhannes Bjarni Björnsson, 2884.
Jóhannes Kári Kristinsson, 2878.
Jóhannes Sigurðsson, 2887.
Jóhannes Karl Sveinsson, 2881.
Jón Böðvarsson, 2893.
Jón Ármann Guðjónsson, 2885.
Jón Vilberg Guðjónsson, 2883.
Jón Gunnarsson, 2886.
Jón Ísberg, 2881, 2884, 2893.

Jón Björgvin Garðar Jónsson, 2879.
Jón Ólafsson, 2881.
Jón Ólafsson, 2883.
Jón Sigurgeirsson, 2893.
Jón Stefánsson, 2894.
Jónas Gíslason, 2880.
Jónas Ingimundarson, 2893.
Júlíus Smári, 2881.
Júlíus Valsson, 2882.
Jörg Hübner, 2879.
Jörmundur Ingi Hansen, 2880.
Jörn Jörgensen, 2878.

K.

Kaarina Suonio, 2886.
Kaffi, kaffikjarni og kaffibætir: rg., 1406-1409.
Karl Strand, 2878.
Katrín Theodórsdóttir, 2887.
Kjartan Þorkelsson, 2882.
Kolbeinn Kristófersson, 2880.
Kristinn Sigmundsson, 2894.
Kristinn Jens Sigurþórsson, 2881.
Kristján Valur Ingólfsson, 2884.
Kristján Kristjánsson, 2883.
Kristján Ólafsson, 2886.
Kristján Gunnar Valdimarsson, 2884.

L.

Lánasjóður íslenskra námsmanna: úthlutunarreglur, augl., 1341-1359.
Lárus Þór Jónsson, 2879.
Leigumiðlun: rg., 2803-2805.
Leikföng: öryggi og hættulegar eftirlíkingar, rg., 1268-1279, takmörkun á framleiðslu, notkun og innflutningi, rg., 2860-2861.
Loðdýrarækt: ráðstöfun á fóðurgjaldi, rg., 213-214.
Loftur Þorsteinsson, 2894.
Lyfti- og flutningabúnaður, r., 1598-1610.
Lækningatæki: rg., 1170-1171.
Lögbirtingablað: áskriftargjald, augl., 8.

M.

Macro Hennis, 2895.
Magnús Jón Björnsson, 2878.
Magnús Gústafsson, 2893.
Magnús Leópoldsson, 2883.
Manneldi: virðisaukaskattsskyld sala á vörum, rg., br., 27.
Margrét Árnadóttir, 2878.
Margrét Hauksdóttir, 2886.
Margrét Jónsdóttir, 2884.
Markaðsgjald: innheimta á árinu 1994, rg., 5-6.
Markús Sigurbjörnsson, 2884, 2885.
Martin Willem Schuit, 2895.
Martine Louise Amélie van Loon-Labouchere, 2895.
Matthías Geir Pálsson, 2885.
Málflytjendastörf: menn í opinberu starfi, rg., br. á r., 520.
Mengunarvarnir: rg., 75-198.
Michael Haskin, 2895.
Monod de Froideville, 2895.

N.

Nanna Sigríður Kristinsdóttir, 2878.
Neyslufiskur: endurgreiðsla vegna virðisaukaskatts, rg., br., 840.
Nicolaus van der Pas, 2895.
Niels Ersböll, 2895.
Njörður P. Njarðvík, 2879.
Notendabúnaður: rg., 1220-1224; 2073-2088.

O.

Olíumengun: varnir, rg., 33-56.
Olíuvörur: flutningsjöfnunargjald, augl., 1505.
Orri Vigfússon, 2894.
Otto Guðjónsson, 2878.

Ó.

Óðinn Elísson, 2886.
Ólafía Kristný Ólafsdóttir, 2883.
Ólafur S. Andrésson, 2879.
Ólafur Jensson, 2894.
Ólafur Jens Sigurðsson, 2878.
Ólafur Tómasson, 2894.
Ólafur Valsson, 2884.

Ólöf Dóra Kondrup, 2878.
Ómar Stefánsson, 2883.
Óskar Jónsson, 2880.
Óskar Vigfússon, 2894.

P.

Páll Gíslason, 2885.
Páll Hreinsson, 2886.
Pálmi Eyjólfsson, 2893.
Pálmi Gíslason, 2893.
Peningaþvætti: rg., 848-851; 2862.
Persónuhlífar: notkun, r., 1553-1560; gerð, r., 1576-1594.
Petra Sigurðardóttir, 2882.
Petri Sakari, 2895.
Pétur Guðmundsson, 2885.
Pieter Hendrik Kooijmanns, 2895.

R.

Ragnar Júlíusson, 2893.
Ragnheiður Árnadóttir, 2879.
Ragnheiður Haraldsdóttir, 2879.
Ragnheiður Harðardóttir, 2879.
Ragnheiður Thoroddsen, 2878.
Ragnhildur E. Þórðardóttir, 2886.
Rannsóknarráð Íslands: skipan, rg., 1177-1178.
Refsidómar: fullnusta, rg., br., 68.
Reiðhjól: gerð og búnaður, rg., 208-209.
Reikningsskil: grundvöllur, augl., 1413-1428.
Reinhard Meiners, 2880.
Reynslusveitarfélög: val, augl., 1157.
Ríkiskaup: þjónusta, gjsk., 1410-1412.
Rúnar Gíslason, 2882.
Rúnar Guðjónsson, 2879.

S.

Samkeppnisyfirvöld: málsmeðferð, r., 2793-2796.
Sesselja Jónsdóttir, 2883.
Séra Georg, 2894.
Sérfæði: rg., 1404-1406.
Sigríður Guðmarsdóttir, 2887.
Sigríður Guðmundsdóttir, 2887.
Sigríður Jósefsdóttir, 2884.
Sigríður Kristinsdóttir, 2883.
Sigríður Thoroddsen, 2893.
Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2880.
Sigurbjörn Þorbergsson, 2885.
Sigurður R. Arnalds, 2881.
Sigurður Björnsson, 2882.
Sigurður Reynir Gíslason, 2883.
Sigurður Guðmundsson, 2879, 2885.
Sigurður Gunnarsson, 2880.
Sigurður Heiðdal, 2880.
Sigurður Óskarsson, 2882.
Sigurður V. Ragnarsson, 2886.
Sigurður Sigurðarson, 2894.
Sigurður Sigurðsson, 2883.
Sigurður Hall Stefánsson, 2879.
Sigurður Ægisson, 2881.
Sigurjón Halldórsson, 2882.
Sigurjón Mýrdal, 2881.
Sigurlaug Sveinbjörnsdóttir, 2880.
Sinubrennur og meðferð elds á víðavangi: rg., br., 851.
Skjávinna: r., 1560-1565.
Skólatannlækningar: hækkun gjaldskrár, augl., 1664.
Snjólaug Ólafsdóttir, 2884.
Snyrtivörur: rg., 2850-2854.
Sólveig Eyjólfsdóttir, 2893.
Sólveig Hólmfríður Sigurðardóttir, 2883.
Sparifé og lánsfé: verðtrygging, augl., 1123-1125.
Stanislaw Laskowski, 2881.
Stálvírar, keðjur og krókar: vottun og merking, r., 1594-1598.
Stefán Jóhannsson, 2879.
Stefán Karlsson, 2884.
Stefán Einar Matthíasson, 2879.
Stefán Þórarinn Ólafsson, 2886.
Stefán Skarphéðinsson, 2880.
Steingrímur Wernersson, 2883.
Stjórnartíðindi: verð, augl., 8.
Stöðvunarbrot: fjárhæð gjalds, augl., 15.
Sveinn Guðmundsson, 2885, 2893.
Sveinn M. Sveinsson, 2883.
Sveinn Sveinsson, 2887.

Sverrir Kristinsson, 2894.
Sverrir Markússon, 2880.
Sæmundur Pálsson, 2879.
Sölvi Sölvason, 2887.

T.

Taðþrær: hreinsun í hesthúsahverfinu við Kjóavelli í Garðabæ, gjsk., 208.
Tannréttingar: hækkun gjaldskrár, augl., 1664.
Tekjumark: rg., br., 1156.
Tekjur: frádráttur frá tekjum af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi, rg., 1507-1514.
Textíltrefjablöndur: aðferð við magngreiningu, rg., 639.
Tryggingarsjóðir innlánsdeildanna: sþ., 1160-1164.
Tryggvi Pálsson, 2881.

U.

Umhverfisáhrif: mat, rg., 544-553; 1153.

Ú.

Úðakerfi: hönnun og uppsetning, rg., 825-827.
Úlfar Þórðarson, 2878.
Útfararkostnaður: greiðsla, rg., 9-10.
Útivistartími: barna á Selfossi, sþ., 2612.

V.

Vátryggingaeftirlitið: starfsemi neytendamáladeildar, rg., 2858-2860.
Veðurstofa Íslands: afnám reglna, rg., 253; þjónusta, gjsk., 1337-1339.
Vegabréf: utanríkisráðuneytisins, rg., 1668-1670.
Veiðikort: rg., 1122; rg., br., 1232.
Verðmerkingar: r., 2057-2058.
Verðmiðlunargjald: mjólk, rg., 290-291.
Vilhelmína Haraldsdóttir, 2881.
Vilhjálmur *Peter* Holbrook, 2881.
Vilhjálmur Lúðvíksson, 2894.
Villads Villadsen, 2894.
Vinnumiðlun: rg., br., 948.
Vígslubiskupar: kosning, rg., br., 248.
Víkingur H. Arnórsson, 2885, 2894.

Þ.

Þjóðminjavarsla: rg., br., 852.
Þjónusta fyrir erlenda aðila og aðkeypt þjónusta eflendis frá: vsk, rg., br., 246.
Þorbjörg I. Jónsdóttir, 2884.
Þorgeir Örlygsson, 2884.
Þorkell Jóhannesson, 2894.
Þorleifur Kjartan Kristmundsson, 2883.
Þorsteinn Gylfason, 2894.
Þóra Björg Magnúsdóttir, 2883.
Þórarinn Jónsson, 2882, 2885.
Þórdís Ingadóttir, 2886.
Þórður *Herbert* Eiríksson, 2881.
Þórður Þórðarson, 2882.
Þórey Guðmundsdóttir, 2887.
Þórhallur Vilmundarson, 2885.
Þórhildur Líndal, 2886.
Þórir Kr. Þórðarson, 2880.
Þórir Jökull Þorsteinsson, 2886.
Þórólfur Halldórsson, 2882.
Þvotta- og hreingerningarefni: rg., 1644-1646.

Æ.

Ægir Breiðfjörð, 2881.

Ö.

Örn Kristján Snorrason, 2882.
Örorkustyrkir: úthlutun, rg., br., 1159.

Skrá um útgáfudaga B-deildar 1994.

B	1,	nr. 1-2	5. janúar
B	2,	nr. 3-4	6. janúar
B	3,	nr. 5	7. janúar
B	4,	nr. 6-23	20. janúar
B	5,	nr. 24-26	24. janúar
B	6,	nr. 27-29	28. janúar
B	7,	nr. 30-42	31. janúar
B	8,	nr. 43-47	31. janúar
B	9,	nr. 48-51	2. febrúar
B	10,	nr. 52-67	10. febrúar
B	11,	nr. 68-73	18. febrúar
B	12,	nr. 74-75	22. febrúar
B	13,	nr. 76-90	28. febrúar
B	14,	nr. 91-93	2. mars
B	15,	nr. 94-97	8. mars
B	16,	nr. 98-106	10. mars
B	17,	nr. 108-109	11. mars
B	18,	nr. 110-111	17. mars
B	19,	nr. 112-113	18. mars
B	20,	nr. 114-127	22. mars
B	21,	nr. 128-146	28. mars
B	22,	nr. 147	25. mars
B	23,	nr. 148-160	30. mars
B	24,	nr. 161	5. apríl
B	25,	nr. 162-184	12. apríl
B	26,	nr. 185	12. apríl
B	27,	nr. 186-190	20. apríl
B	28,	nr. 191	22. apríl
B	29,	nr. 192-221	29. apríl
B	30,	nr. 222-223	2. maí
B	31,	nr. 224-226	5. maí
B	32,	nr. 227-238	10. maí
B	33,	nr. 239- 241	11. maí
B	34,	nr. 242-243	17. maí
B	35,	nr. 244-261	19. maí
B	36,	nr. 262-266	20. maí
B	37,	nr. 267-269	27. maí
B	38,	nr. 270-292	31. maí
B	39,	nr. 293-313	10. júní
B	40,	nr. 314	8. júní
B	41,	nr. 315-333	20. júní
B	42,	nr. 334-336	20. júní
B	43,	nr. 337-338	23. júní
B	44,	nr. 339	24. júní
B	45,	nr. 340-373	30. júní

B	46,	nr. 374	1. júlí
B	47,	nr. 375	4. júlí
B	48,	nr. 376	5. júlí
B	49,	nr. 377-388	11. júlí
B	50,	nr. 389-390	15. júlí
B	51,	nr. 391-400	20. júlí
B	52,	nr. 401-402	22. júlí
B	53,	nr. 403	26. júlí
B	54,	nr. 404-423	29. júlí
B	55,	nr. 424-450	10. ágúst
B	56,	nr. 451-453	11. ágúst
B	57,	nr. 454	12. ágúst
B	58,	nr. 455	15. ágúst
B	59,	nr. 456	18. ágúst
B	60,	nr. 457-468	19. ágúst
B	61,	nr. 469-471	19. ágúst
B	62,	nr. 472-473	24. ágúst
B	63,	nr. 474	29. ágúst
B	64,	nr. 475-480	31. ágúst
B	65,	nr. 481-482	1. september
B	66,	nr. 483	5. september
B	67,	nr. 484-485	8. september
B	68,	nr. 486-491	9. september
B	69,	nr. 492-494	16. september
B	70,	nr. 495-512	20. september
B	71,	nr. 513-529	30. september
B	72,	nr. 530	30. september
B	73,	nr. 531	3. október
B	74,	nr. 532	6. október
B	75,	nr. 533-536	10. október
B	76,	nr. 537-541	12. október
B	77,	nr. 542-551	20. október
B	78,	nr. 552	24. október
B	79,	nr. 553-571	31. október
B	80,	nr. 572	2. nóvember
B	81,	nr. 573	7. nóvember
B	82,	nr. 574	8. nóvember
B	83,	nr. 575-585	10. nóvember
B	84,	nr. 586	14. nóvember
B	85,	nr. 587-589	18. nóvember
B	86,	nr. 590	17. nóvember
B	87,	nr. 591	23. nóvember
B	88,	nr. 592-610	30. nóvember
B	89,	nr. 611-617	30. nóvember
B	90,	nr. 618-619	2. desember
B	91,	nr. 620-622	7. desember
B	92,	nr. 623-628	9. desember

B	93,	nr. 629	12. desember
B	94,	nr. 630	13. desember
B	95,	nr. 631-642	20. desember
B	96,	nr. 643	21. desember
B	97,	nr. 644	23. desember
B	98,	nr. 645-678	30. desember
B	99,	nr. 679-682	31. desember
B	100,	nr. 683	2. jan. 1995
B	101,	nr. 684	3. jan. 1995
B	102,	nr. 685-706	16. jan. 1995
B	103,	nr. 707-708	24. jan. 1995
B	104,	nr. 709-713	5. okt. 1995

Endurprentuð blöð: 264, 508, 584, 957, 1259, 1261, 1262, 1263, 1338, 1412, 1429, 1543, 1560, 1836, 1543, 2388, 2591, 2938, **XCVII.**

Endurprentuð örk: 1209.

Endurprentað hefti: 297-503.

Leiðréttingar:

Bls. 3, nr. 2, 37. lína: ... beytingu ... Les: ... breytingu ...
Bls. 20, í lokalínu: B 1-4, nr. 1-23. Les: B 4, nr. 6-23.
Bls. 520, í lokalínu: ... 30. apríl 1994. Les: ... 30. mars 1994.
Bls. 524, nr. 164, í fyrirsögn: ... Stafholtstungahrepps ... Les: ... Stafholtstungnahrepps ...
Bls. 586, efst á síðu í hægra horni: 21. apríl 1994 Les: 14. apríl 1994.
Bls. 589, nr. 195, 1. lína: Línan fellur niður.
Bls. 641, nr. 223, númer: 222 Les: 223
Bls. 649, nr. 226, fyrirsögn: ... námmanna. Les: ... námsmanna.
Bls. 649, nr. 226, 44. lína: ... Þegr synjunin ... Les: ... Þegar synjunin ...
Bls. 828, nr. 246, 10. lína: ... formanna og varaforman ... Les: ... formann og varaformann ...
Bls. 838, nr. 257, dagsetning: 16. maí 1994 Les: 29. apríl 1994
Bls. 1129, nr. 346, 21. lína: ... Lögamnnafélags ... Les: ... Lögmannafélags ...
Bls. 1131, nr. 347, í fyrirsögn: ... Vestur-Barðastrandasýslu. Les: ... Vestur-Barðastrandar-sýslu.
Bls. 1205, nr. 380, efst í hægra horni: Nr 380 Les: Nr. 380
Bls. 1205, nr. 380, dagsetning: Menntamáláðuneytið, Les: Menntamálaráðuneytið,
Bls. 1232, nr. 399, efst í vinstra horni: Nr 399 Les: Nr. 399
Bls. 1232, nr. 399, í undirskrift: **Húnbogi Þorsteinsson formaður** ráðgjafarnefndar. Les: **Húnbogi Þorsteinsson,** formaður ráðgjafarnefndar.
Bls. 1302, nr. 417: Reikningur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga birtist tvisvar og gildir fyrra númerið, þ.e. nr. 399/1994.
Bls. 1428, nr. 450, efst í vinstra horni: Nr. 451 Les: Nr. 450

g

Endurprentað blað.

STJÓRNARTÍÐINDI B 1 – 1994

5. janúar 1994 1 Nr. 1

REGLUGERÐ

um verðjöfnunargjald af innfluttum unnum landbúnaðarvörum.

1. gr.

Greiða skal í ríkissjóð við tollafgreiðslu verðjöfnunargjald af þeim landbúnaðarvörum sem innihalda landbúnaðarhráefni og falla undir upptalin tollskrárnúmer skv. eftirfarandi gjaldskrá. Gjaldið skal lagt á m.v. kr/kg. Þó skal samanlagður tollur, jöfnunargjald og verðjöfnunargjald aldrei vera hærra en 37 % af tollverði í vörulið 1905.

Tollskrárnúmer	kr/kg	Tollskrárnúmer	kr/kg
0403.1001	65	1901.2023	91
0403.1003	34	1901.2024	60
0403.9001	28	1905.9051	91
0403.9002	28	1905.9059	60
0403.9003	28	2202.9001	42

2. gr.

Að því leyti sem ekki er kveðið á um vöruflokkun, gjalddaga, lögvernd, viðurlög og aðra framkvæmd álagningar og innheimtu verðjöfnunargjalds skulu ákvæði laga nr. 55/1987, með síðari breytingum, gilda eftir því sem við á svo og ákvæði reglugerða og annarra fyrirmæla settra samkvæmt þeim.

3. gr.

Skil á innheimtu verðjöfnunargjaldi skv. reglugerð þessari fer eftir fyrirmælum reglugerðar nr. 530/1975 um reikningsskil innheimtumanna ríkissjóðs.

4. gr

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 126/1993 um breytingu á lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytið 5. janúar 1994.

Halldór Blöndal.

Guðmundur Sigþórsson.

B 1

Steindórsprent Gutenberg hf.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 401/1993 um takmörkun á innflutningi landbúnaðarvara.

1. gr.

1. málsliður 2. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Innflutningur á landbúnaðarvörum, sem tilgreindar eru hér að neðan og flokkast í eftirtalin tollskrárnúmer, er óheimill án leyfis landbúnaðarráðherra, sem leitar eftir umsögn og staðfestingu Framleiðsluráðs landbúnaðarins í samræmi við 52. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, á því að innlend framleiðsla fullnægi ekki neysluþörfinni.

2. gr.

Aftan við 3. gr. reglugerðarinnar kemur ný grein er verði 4. gr. og breytist töluröð annarra greina til samræmis við það, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 2. og 3. gr. reglugerðar þessarar er innflutningur neðangreindra landbúnaðarvara heimill frá eftirtöldum ríkjum í samræmi við ákvæði í fríverslunar- og milliríkjasamningum, eftir því sem nánar er merkt við hvern vörulið: Ríkjum Evrópubandalagsins (EB), ríkjum EFTA, Búlgaríu (B), Ísrael (Í), Póllandi (P), Rúmeníu (R), Tékklandi og Slóvakíu (TS), Tyrklandi (T) og Ungverjalandi (U):

Tollskrárnr.	Vörutegund	Ríki
Úr 0403	**Áfir, hleypt mjólk og rjómi, jógúrt, kefír og önnur gerjuð eða sýrð mjólk og rjómi, einnig kjarnað eða með viðbættum sykri eða öðru sætuefni, eða bragðbætt eða með ávöxtum, hnetum eða kakaói:**	
	-- Jógúrt:	
0403.1001	-- -- Kakaóblandað.	EB, EFTA, P, TS, R, U, B, T, Í
0403.1003	-- -- Drykkjarjógúrt.	EB, P, TS, R, U, B, T, Í
	-- Annað:	
0403.9001	-- --Kakaóblandað.	EFTA, P, TS, R, U, B, T, Í
0403.9002	-- -- Blandað með ávöxtum eða hnetum.	EFTA
0403.9003	-- -- Drykkjarvara.	EB, EFTA, P, TS, R, U, B, T, Í
Úr 0603	**Afskorin blóm og blómknappar sem notað er í vendi eða til skrauts, lifandi, þurrkað, litað, bleikt, gegndreypt eða unnið á annan hátt:**	
	-- Nýtt:	
	-- -- Nellikur, lokaskegg, flamingóblóm, fuglamjólk, og paradísarfuglablóm:	
0603.1001	-- -- -- Innfluttar á tímabilinu 1. desember til 30. apríl.	EB
Úr 0702	**Tómatar, nýir eða kældir:**	
	-- Tómatar, nýir eða kældir:	
0702.0001	-- -- Innflutningur á tímabilinu 1. nóvember til 15. mars.	EB
Úr 0705	**Salat (Lactuca sativa) og síkoría (Cichorium spp.), nýtt eða kælt:**	
	-- Salat:	
	-- -- Salat, kálhausar (head lettuce):	
0705.1101	-- -- -- Innflutningur á tímabilinu 1. nóvember til 15. mars.	EB

Úr 0707	**Gúrkur og reitagúrkur, nýjar eða kældar:**	
0707.0001	-- Innfluttar á tímabilinu 1. nóvember til 1. mars.	EB
Úr 0709	**Aðrar matjurtir, nýjar eða kældar:**	
0709.3000	-- Eggaldinjurtir.	EB
	-- Aldin Capsicumættarinnar eða Pimentaættarinnar:	
	-- -- Paprika:	
0709.6002	-- -- -- Innflutningur á tímabilinu 1. nóvember til 15. mars.	EB
0709.7000	-- Spínat, Nýja-Sjálandsspínat og hrímblaðka (garðspínat).	P, R, TS, T
	-- Annað:	
úr 0709.9009	-- -- Ólívur, nýjar eða kældar.	T
úr 0709.9009	-- -- Kúrbítur, nýr eða kældur	EB, TS, T
Úr 0710	**Matjurtir (ósoðnar eða soðnar með gufu eða í vatni), frystar:**	
	-- Aðrar matjurtir:	
	-- -- Paprika:	
0710.8001	-- -- -- Innflutningur á tímabilinu 1. nóvember til 15. mars.	EB, TS, R, T
0710.8002	-- -- -- Innflutningur á öðrum tíma.	TS, R, T
Úr 2004	**Aðrar matjurtir, unnar eða varðar skemmdum á annan hátt en með ediki eða ediksýru, frystar:**	
	-- Matjurtir og matjurtablöndur, aðrar en kartöflur:	
úr 2004.9009	-- -- Jarðartískokka.	EB
úr 2004.9009	-- -- Grænar eða svartar ólívur.	P, T
úr 2004.9009	-- -- Grænar baunir og belgaldin	P, TS, R, T
úr 2004.9009	-- -- Framleiðsla úr belgjurtamjöli að meginstofni	EB
Úr 2106	**Matvæli, ótalin annars staðar:**	
	-- -- Efni til framleiðslu á drykkjarvörum:	
úr 2106.9029	-- -- -- Önnur, sem innihalda að einhverju leyti smjör, aðra fitu, olíu eða eggjahvítu úr mjólk.	EB, EFTA, P, TS, R, U, B, T, Í

Öllum vörum sem fluttar eru inn skv. þessari grein skal fylgja vottorð er staðfestir uppruna vörunnar.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 126/1993 um beytingu á lögum nr. 99 8. september 1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytið 5. janúar 1994.

Halldór Blöndal.

Guðmundur Sigþórsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 2 – 1994

Nr. 3 4 5. janúar 1994

AUGLÝSING

um verðjöfnunargjald á innflutt súkkulaði, brauð, kex og kökur.

1. gr.

Greiða skal í ríkissjóð við tollafgreiðslu verðjöfnunargjald af súkkulaði, brauði, kexi og kökum í samræmi við upptalningu tollskrárnúmera í neðangreindri gjaldskrá. Gjaldið skal lagt á sem krónur á kíló. Þó skal samanlagður tollur og verðjöfnunargjald aldrei vera hærra en 46% af tollverði vöru í vöruliðum 1806 og 1901, og aldrei hærra en 37% af tollverði vöru í vörulið 1905.

Tollskrárnúmer	kr. / kg.	Tollskrárnúmer	kr. / kg.
1806.2009	49	1901.2018	7
1806.3101	51	1901.2019	4
1806.3109	51	1901.2022	58
1806.3202	49	1901.2029	74
1806.3203	19	1905.2000	51
1806.3209	19	1905.3011	20
1806.9002	16	1905.3019	16
1806.9003	48	1905.3021	49
1806.9005	55	1905.3029	29
1806.9006	48	1905.3030	11
1806.9007	49	1905.4000	23
1806.9009	49	1905.9011	63
1901.2012	35	1905.9019	7
1901.2013	24	1905.9020	4
1901.2014	49	1905.9040	58
1901.2015	11	1905.9090	74
1901.2016	23	2104.1003	4
1901.2017	63	2104.1004	4

2. gr.

Að því leyti sem ekki er kveðið á um vöruflokkun, gjalddaga, lögvernd, viðurlög og aðra framkvæmd álagningar og innheimtu verðjöfnunargjalds skulu ákvæði laga nr. 55/1987, með síðari breytingum, gilda eftir því sem við á svo og ákvæði reglugerða og annarra fyrirmæla settra samkvæmt þeim.

Steindórsprent Gutenberg hf.

3.gr.

Tollstjórar annast innheimtu verðjöfnunargjalds samkvæmt þessari auglýsingu og standa skil á því í ríkissjóð eftir fyrirmælum sem fjármálaráðuneytið setur, sbr. 15. gr. reglugerðar nr. 530/1975, um reikningsskil innheimtumanna ríkissjóðs.

4. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 120. gr. A tollalaga nr. 55/1987, sbr. lög nr. 18/1993, skal taka gildi þegar í stað og gildir til 31. janúar 1994. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 438/1993.

Fjármálaráðuneytið, 5. janúar 1994.

F. h. r.
Indriði H. Þorláksson.

Ingibjörg Þorsteinsdóttir.

5. janúar 1994 Nr. 4

REGLUGERÐ

um innheimtu markaðsgjalds á árinu 1994.

1. gr.

Markaðsgjald sem lagt er á veltu atvinnufyrirtækja, eins og hún er skilgreind skv. 11. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, að meðtalinni veltu sem undanþegin er virðisaukaskatti skv. 12. gr. þeirra laga, skal greitt á tíu gjalddögum á árinu 1994. Er gjalddagi fyrsti dagur hvers mánaðar nema mánuðina janúar og júlí.

2. gr.

Þar til álagning ársins 1994 liggur fyrir skal hver gjaldandi greiða fyrirfram upp í álagningu ársins. Fyrirframgreiðslan skal nema á hverjum gjalddaga 10% af reiknuðu gjaldi af veltu tímabilsins 1. nóvember 1992 – 31. október 1993, sbr. 3. gr. laga nr. 114/1990, með síðari breytingum og ákvæði til bráðabirgða II við þau lög.

3. gr.

Heimilt er gjaldanda að sækja um lækkun á markaðsgjaldi sem honum hefur verið gert að greiða fram að álagningu 1994 skv. 2. gr.

Umsókn um slíka lækkun skal senda skattstjóra er úrskurðar um lækkun greiðsluskyldunnar.

4. gr.

Um greiðslur markaðsgjalds á árinu 1994 fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum XIII, kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. heimild í ákvæði til bráðabirgða I við lög nr. 114/1990, um Útflutningsráð Íslands, sbr. 52. gr. laga nr. 122/1993, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 5. janúar 1994.

F. h. r.
Snorri Olsen.

Bragi Gunnarsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 3 – 1994

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

Samkvæmt 29. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrá Rafmagnsveitu Reykjavíkur, er taki gildi 7. janúar 1994:

Gjaldskrá Rafmagnsveitu Reykjavíkur nr. 466, 22. desember 1992 með áorðnum breytingum:

Allir liðir gjaldskrárinnar hækka um 1,6%.

Taxti A.2. sem gilt hefur fyrir mannvirkjagerð og skammtímanotkun fellur niður, fyrir þessa notkun gildir nú taxti A.1.

Iðnaðarráðuneytið, 7. janúar 1994.

F. h. r.
Þorkell Helgason.

Steinunn Bjarman.

Stjórnartíðindi B 3, nr. 5. Útgáfudagur 7. janúar 1994.

Steindórsprent Gutenberg hf.

STJÓRNARTÍÐINDI B 4 – 1994

Nr. 6 8 4. janúar 1994

AUGLÝSING

um verð Stjórnartíðinda.

Ákveðið hefur verið að áskriftargjald Stjórnartíðinda, A-, B- og C-deilda, skuli áfram vera óbreytt fyrir árganginn, kr. 3.000,00, sbr. auglýsingu nr. 570/1991.

Verð einstakra hefta er kr. 100,00 séu þau 50 bls. eða minni, kr. 200,00 séu þau allt að 150 bls. og kr. 400,00 séu þau 150 bls. eða stærri.

Verð heildarútgáfu deildar árgangs er kr. 1.000,00 fyrir A-deild, kr. 1.500,00 fyrir B-deild og kr. 500,00 fyrir C-deild, allt að 500 bls. en kr. 1.000,00 sé deildin stærri. Sérrit C-deildar eru ekki innifalin í þessu verði.

Verð þetta gildir einnig fyrir eldri árganga.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 4. janúar 1994.

Þorsteinn Pálsson.

Jón Thors.

Nr. 7 4. janúar 1994

AUGLÝSING

um áskriftargjald Lögbirtingablaðsins.

Ákveðið hefur verið að áskriftargjald Lögbirtingablaðsins skuli vera óbreytt fyrir árið 1994, kr. 1.500,00. Einstök blöð kosta kr. 50,00 í lausasölu.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 4. janúar 1994.

Þorsteinn Pálsson.

Jón Thors.

Steindórsprent Gutenberg hf.

AUGLÝSING

um umferð á Selfossi.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu bæjarráðs Selfoss hefur verið ákveðið:

1. Að Fossheiði fái aðalbrautarrétt gagnvart Erlurima, Aðaltjörn, Engjavegi og Norðurtröð.
2. Að Erlurimi fái aðalbrautarrétt gagnvart Spóarima, Aðaltjörn og Þrastarima.
3. Að Aðaltjörn fái aðalbarautarrétt gagnvart Bakkatjörn, Baugstjörn, Fífutjörn, Grundartjörn, Hólatjörn, Hrauntjörn, Seftjörn, Sílatjörn og Urðartjörn.
4. Að biðskylda verði á Selósbraut (Lágheiði) gagnvart Eyravegi og Gagnheiði.
5. Að umferð á Tryggvatorgi skuli hafa forgang gagnvart umferð á aðliggjandi götum.

Breytingar þessar taka gildi frá og með 1. janúar 1994.

Sýslumaðurinn á Selfossi, 3. janúar 1994.

Karl Gauti Hjaltason ftr.

7. janúar 1994 Nr. 9

REGLUGERÐ

um greiðslu útfararkostnaðar o.fl.

1. gr.

Kirkjugörðum eða kirkjugarðasjóði ber að greiða kostnað vegna prestsþjónustu við útfarir, grafartöku og árlegt viðhald legstaða.

Greiðsluskyldur útfararkostnaður er:

a. Þóknun til prests og annar kostnaður samkvæmt gildandi gjaldskrá á hverjum tíma fyrir aukaverk presta.
b. Eðlilegur kostnaður við grafartöku.

Kirkjugarði ber að greiða eðlilegan kostnað við árlegt viðhald legstaðar, svo sem hreinsun hans, hirðingu trjáa og annars gróðurs og smávægilegar lagfæringar á leiði, minnismerki eða öðru, eftir því sem nauðsyn krefur.

2. gr.

Greiðsluskylda samkvæmt a lið 2. málsgr. 1. gr. hvílir á kirkjugarði þeim sem kirkjugarðsgjöld hins látna runnu til á dánardægri hans, en á kirkjugarðasjóði hafi kirkjugarðsgjöld hins látna runnið þangað. Greiðsluskylda vegna andláts barns sem eigi hefur greitt kirkjugarðsgjöld hvílir á kirkjugarði þeirrar sóknar þar sem barnið átti lögheimili á dánardægri.

Skylda til greiðslu annars kostnaðar vegna prestsþjónustu en þóknunar til prests, sbr. a lið 2. málsgr. 1. gr., ef honum er til að dreifa, takmarkast að jafnaði við fjárhæð sem nemur ⅓ af þóknun til prests fyrir kistulagningu og greftrun með ræðu.

Kostnaður samkvæmt b lið 2. málsgr. 1. gr. og 3. málsgr. 1. gr., greiðist af kirkjugarði þeim er hinn látni er jarðsettur í.

Ef jarðsett er í löglegan heimagrafreit greiðir kirkjugarður sömu sóknar kostnað þann er greinir í b lið 2. málsgr. 1. gr. en þó eigi meira en nemur eðlilegum kostnaði við grafartöku í sama kirkjugarði. Kirkjugarði ber eigi að greiða kostnað við viðhald legstaða í heimagrafreit.

3. gr.

Ef telja má að greiðsla útfararkostnaðar samkvæmt reglugerð þessari sé fjárhag kirkjugarðs ofviða ber kirkjugarðasjóði að greiða nefndan kostnað, að ósk viðkomandi kirkjugarðsstjórnar.

Kirkjugarðsstjórn ber að leggja fullnægjandi gögn um fjárhag kirkjugarðs fyrir stjórn kirkjugarðasjóðs ef þess er farið á leit.

Fari stjórn kirkjugarðs þess á leit er stjórn kirkjugarðasjóðs heimilt að ákveða að greiða útfararkostnað samkvæmt 1. gr. reglugerðar þessarar sem falla kann á kirkjugarðinn um tveggja ára skeið í senn, án undangenginnar umsóknar hverju sinni.

4. gr.

Biskup sker úr ágreiningi um greiðsluskyldu og fjárhæð greiðslna samkvæmt reglugerð þessari. Skjóta má úrlausn hans til dóms- og kirkjumálaráðherra.

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 50. gr. laga um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu, nr. 36 4 maí 1993, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 7. janúar 1994.

Þorsteinn Pálsson.

Guðmundur Þór Guðmundsson.

Nr. 10 4. janúar 1994

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um starfsþjálfun guðfræðikandídata, nr. 89 12. febrúar 1991.

1. gr.

Í stað orðsins „fjármálaráðuneytisins“ í 8. gr. kemur: stjórnar kirkjumálasjóðs.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 3. tl. 16. gr. laga um skipan prestakalla og prófastdæma og um starfsmenn þjóðkirkju Íslands, nr. 62 17. maí 1990, öðlast gildi 1. janúar 1994.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 4. janúar 1994.

Þorsteinn Pálsson.

Guðmundur Þór Guðmundsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 310/1992 um tollmeðferð póstsendinga, með síðari breytingum.

1. gr.

Í 1. tölul. 1. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar orðist tilvísunin „9801.0001 til 9801.0009“ og „9901.0001 og 9901.0009“ svo: 9801.0001 til 9801.0019 og 9901.1001 til 9901.0019.

2. gr.

Fylgiskjal I við reglugerðina orðist svo:

Fylgiskjal I.

Tollflokkun og sundurliðun aðflutningsgjalda af smásendingum, sbr. 1. gr. reglugerðarinnar.

Tollskrárnúmer	*Vöruheiti*	*Tollur* A %	E %	*Vörugjald* X %
9801.1001	– Sælgæti og drykkjarvörur, þó ekki drykkjarvörur með meiri vínanda en 2,25% að rúmmáli	20	0	22,50
9801.1002	– Ilmvötn og snyrtivörur	10	0	13,75
9801.1003	– Bækur á íslensku, dagblöð, tímarit og landsmála- og héraðsfréttablöð	0		
9801.1004	– Bækur á öðru tungumáli en íslensku, bæklingar; hljóðfæranótur	0		
9801.1005	– Fatnaður, þ.m.t. skór	15	0	
9801.1006	– Sængurlín, borðlín, baðlín o.þ.h.; skrautvörur, skartgripir; búsáhöld, ekki rafknúin; húsgögn; ljósmyndir; hljómplötur, segulbönd, tölvuleikir o.þ.h.	10	0	
9801.1007	– Kranar, hanar, lokar o.þ.h.	0		13,75
9801.1008	– Rofar, lampafalir, klær o.þ.h.	0		13,85
9801.1009	– Kúlupennar, pennar o.þ.h.	7,5	0	25
9801.1011	– Tollfrjálsar vörur til manneldis, þ.e. vörur undanþegnar öllum öðrum aðflutningsgjöldum en virðisaukaskatti	0		
9801.1019	– Aðrar tollfrjálsar vörur, þ.e. vörur undanþegnar öllum öðrum aðflutningsgjöldum en virðisaukaskatti	0		

Tolldálkur merktur A gildir fyrir allar innfluttar vörur, nema annað komi fram í dálki merktum E. Dálkur merktur E gildir fyrir vörur sem fluttar eru til landsins samkvæmt ákvæðum samnings um Evrópska efnahagssvæðið svo og vörur sem njóta tollfrelsis samkvæmt ákvæðum annarra fríverslunarsamninga sem Ísland er aðili að. Við útfyllingu aðflutningsskýrslu skal gefa upp gjaldalykla sem eiga við upprunaland vöru, sbr. reit 33 í aðflutningsskýrslu E-1 og reit 4 í póstaðflutningsskýrslu E-3. Dálkur X kveður á um vörugjald af innfluttum vörum samkvæmt lögum nr. 97/1987, um vörugjald, með síðari breytingum, auk 0,1% eftirlitsgjalds af rafföngum í tollskrárnúmeri 9801.1008, sbr. reglugerð nr. 543/1993.

Auk aðflutningsgjalda sem tilgreind eru í fylgiskjali þessu skal greiða 14% virðisaukaskatt af vörum í tollskrárnúmeri 9801.1003 og 9801.1011 en 24,5% af vörum í öðrum

framangreindum tollskárnúmerum, sbr. lög nr. 50/1989, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

Við útflutning skal vöruliður framangreindra tollskrárnúmera byrja á 9901 í stað 9801.

Ríkistollstjóra er heimilt að bæta vörum eða vöruflokkum við upptalningu í einstökum tollskrárnúmerum hér að ofan, enda beri vörurnar sömu tolla og gjöld og þar um ræðir eða bæta við nýjum tollskrárnúmerum, enda beri vörurnar sem undir þau flokkast sömu aðflutningsgjöld lögum samkvæmt.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 107. og 148. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum, og öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 7. janúar 1994.

F. h. r.
Indriði H. Þorláksson.

Ingibjörg Þorsteinsdóttir.

Nr. 12 10. janúar 1994

GJALDSKRÁ

Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

B-HLUTI
RAFORKUGJÖLD OG ÖNNUR GJÖLD

1. gr.

Almennt.

Gjaldskrá þessi gildir fyrir orkuveitusvæði Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

Gjaldskráin tekur til afhendingar og sölu rafmagns á lágspennu. Heimilt er með samþykki borgarráðs að selja rafmagn á háspennu samkvæmt sérstökum samningi.

Gjaldskráin skiptist í tvo hluta:

A-hluti gjaldskrár fjallar um almenna skilmála um orkuafhendingu á orkuveitusvæði Rafmagnsveitunnar. Í þessum hluta er skilgreining á raforkutöxtum, heimtaugagjöldum, mælaleigu, tengigjaldi, álestrargjaldi, innheimtugjaldi auk annarra ákvæða.

B-hluti gjaldskrár sýnir gildandi raforkuverð og önnur gjöld á hverjum tíma.

Virðisaukaskattur leggst á gjöldin samkvæmt gildandi lögum og reglum á hverjum tíma.

Skammstafanir

Tákn	*Eining*	*Skýring*
A	amper	straumur
kW	kílówatt	afl
kWh	kílówattstund	orka

Skilgreiningar

Notandi:	viðskiptamaður, sem kaupir orku um einn mæli (eina veitu).
Orkukaupandi:	viðskiptamaður, sem kaupir orku um einn eða fleiri mæla (veitur).
Veita:	rafkerfi notanda með einn mæli.
Ársnotkun:	fjöldi kWh sem notaðar eru á einu ári (365 dögum).
Afltoppur:	mesta mælda afl (kW) yfir árið.

2. gr.

Raforkugjöld.

2.1 Almenn orkunotkun.

Almenn orkunotkun minni en 200.000 kWh á ári. Sjá nánari skilgreiningu í A-hluta gjaldskrár.

A.1	Almenn notkun:		
	Fast gjald	2.480,00	kr/ár
	Orkugjald	5,72	kr/kWh
A.4	Sumarhúsanotkun:		
	Fast gjald	9.520,00	kr/ár
	Orkugjald	3,10	kr/kWh

2.2 Afl- og orkunotkun.

Almenn orkunotkun, sem er 200.000 kWh á ári og yfir. Útilýsing.

Sjá nánari skilgreiningu í A-hluta gjaldskrár.

B.1	Afl- og orkumæling:		
	Fast gjald	42.700,00	kr/ár
	Aflgjald	7.220,00	kr/kW/ár
	Vetrarorkugjald	3,56	kr/kWh
	Sumarorkugjald	1,64	kr/kWh
B.2	Útilýsing:		
	Aflgjald	19.800,00	kr/kW/ár
	Viðhaldsgjald	21.600,00	kr/kW/ár

2.3 Rofin orkunotkun.

Rofin orkuafhending. Sjá nánari skilgreiningu í A-hluta gjaldskrár.

R.1	Rofin orkunotkun minni en 200.000 kWh á ári:		
	Fast gjald	7.100,00	kr/ár
	Orkugjald með rofi í nóv.-febr.	2,74	kr/kWh
	Orkugjald með rofi í des.-jan.	2,97	kr/kWh
R.2	Rofin orkunotkun 200.000 kWh á ári og yfir:		
	Fast gjald	7.100,00	kr/ár
	Vetrarorkugjald með rofi í nóv.-febr.	3,43	kr/kWh
	Vetrarorkugjald með rofi í des.-jan.	3,87	kr/kWh
	Sumarorkugjald	1,69	kr/kWh
R.3	Næturorkunotkun minni en 200.000 kWh á ári:		
	Fast gjald	7.100,00	kr/ár
	Orkugjald	2,24	kr/kWh
R.4	Næturorkunotkun 200.000 kWh á ári og yfir:		
	Fast gjald	7.100,00	kr/ár
	Vetrarorkugjald	2,68	kr/kWh
	Sumarorkugjald	1,38	kr/kWh

3. gr.

Önnur gjöld.

3.1 Heimtaugargjöld.

Málstraumur heimtaugar miðast við stærð stofnvara húsveitu. Sjá nánari skilgreiningu í A-hluta gjaldskrár.

H.1 Aðalheimtaugar

Málstraumur		Heimtaugagjöld
63	A1-fasa	53.500 kr.
63	A3-fasa	59.200 kr.
100	A3-fasa	94.700 kr.
200	A3-fasa	187.000 kr.
315	A3-fasa	295.000 kr.
400	A3-fasa	382.000 kr.
630	A3-fasa	592.000 kr.
710	A3-fasa	669.000 kr.
1200	A3-fasa	1.130.000 kr.
2400	A3-fasa	2.260.000 kr.

H.2 Bráðabirgðaheimtaugar

Málstraumur		Stofngjald	Lengdargjald Jarðstrengur kr/m	Loftlína kr/stólpi
63	A1-fasa	10.700	1.580	20.100 kr.
63	A3-fasa	14.800	1.580	23.200 kr.
100	A3-fasa	15.800	2.070	26.900 kr.
200	A3-fasa	59.700	2.070	26.900 kr.

H.3 Sumarhúsaheimtaugar

Málstraumur		Heimtaugagjöld
35	A1-fasa	184.000 kr.

3.2 Mælaleiga.

Mælaleiga er innifalin í raforkuverðum skv. töxtum. Sjá nánari skilgreiningu í A-hluta gjaldskrár. Fyrir mælitæki til annarra nota er ársleiga sem hér segir:

M.1	Orkumælir, einfasa	749	kr.
M.2	Orkumælir, þrífasa	2.960	kr.
M.3	Orkumælir, þrífasa með straumspennum	5.000	kr.
M.4	Aflmælir	5.000	kr.
M.5	Aflmælir með straumspennum	7.490	kr.
M.6	Tvígjaldsorkumælir	4.820	kr.
M.7	Tvígjaldsorkumælir með straumspennum	7.350	kr.
M.8	Móttökuliði, einpóla	3.320	kr.
M.9	Móttökuliði, þrípóla	5.000	kr.

3.3 Tengigjald.

Tengigjald vegna skammtímanotkunar: 5.260 kr.

Álag vegna tenginga utan dagvinnutíma 55%.

3.4	Álestrargjald.		
	Gjald vegna aukaálestrar hjá notanda	1.050	kr.
3.5	Innheimtugjald.		
	Innheimtugjald vegna vanskila notanda	799	kr.
	Gjald vegna stöðvunar orkuafhendingar	1.200	kr.

Gjaldskrá þessi (B-HLUTI: Raforkugjöld og önnur gjöld) staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15/1923 og orkulögum nr. 58/1967, sbr. reglugerð Rafmagnsveitu Reykjavíkur nr. 451/1977, með síðari breytingum, til að öðlast gildi 7. janúar 1994 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 466, 22. desember 1992 með áorðnum breytingum.

Iðnaðarráðuneytið, 10. janúar 1994.

F. h. r.
Þorkell Helgason.

Steinunn Bjarman.

11. janúar 1994 Nr. 13

AUGLÝSING

um fjárhæð gjalds vegna stöðvunarbrota.

Með vísun til 5. mgr. 108. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, hefur ráðuneytið staðfest samþykktir hlutaðeigandi sveitarstjórna um að gjald vegna brota á reglum um notkun stöðureita í Reykjavík og á Akureyri, sbr. f-lið 1. mgr. 108. gr. umferðarlaga, skuli vera 850 krónur.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Jafnframt fellur úr gildi 2. málsl. 1. mgr. auglýsingar um fjárhæð gjalds vegna stöðvunarbrota, nr. 317 3. ágúst 1993.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 11. janúar 1994.

Þorsteinn Pálsson.

Ólafur W. Stefánsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um almenna skoðun ökutækja, nr. 559 31. desember 1993.

1. gr.

2. gr. orðist þannig:

Eftirtalin ökutæki skal skoða árlega almennri skoðun frá og með næsta ári eftir skráningu:

a. Sendibifreiðir.
b. Vörubifreiðir.
c. Hópbifreiðir.
d. Leigubifreiðir til mannflutninga.
e. Bifreiðir sem ætlaðar eru til leigu í atvinnuskyni án ökumanns.
f. Kennslubifreiðir.
g. Ökutæki til neyðaraksturs.
h. Eftirvagna með leyfða heildarþyngd meiri en 3.500 kg.
i. Létt bifhjól.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 67. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, sbr. lög nr. 44 7. maí 1993, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 10. janúar 1994.

Þorsteinn Pálsson.

Ólafur W. Stefánsson.

Nr. 15 10. janúar 1994

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Ísafjarðar 1987-2007, miðbæjarsvæði.

Samkvæmt ósk bæjarstjórnar Ísafjarðar hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 8. desember 1993 staðfest breytingu á aðalskipulagi Ísafjarðar 1987-2007 frá 31. október 1990, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytingarnar eru eftirfarandi:

1) Pollgata tengist Skutulsfjarðarbraut með hringtorgi.
2) Mjallargata og Mánagata eru framlengdar að Pollgötu.
3) Silfurgata tengist Aðalstræti og Hafnarstræti um Silfurtorg.

Bæjarstjórn Ísafjarðar tekur að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfisráðuneytið, 10. janúar 1994.

F. h. r.
Magnús Jóhannesson.

Hrafn Hallgrímsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Reykjahlíðar 1986-2006, er tekur til jarðstrengs.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðuneytið þann 7. janúar 1994 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjahlíðar 1986-2006, frá 30. júní 1986, í Skútustaðahreppi.

Breytingin er fólgin í því að háspennulína er aflögð en í stað þess er raforka leidd um jarðstreng.

Uppdráttur fyrir legu háspennustrengsins hefur hlotið þá meðferð, sem skipulagslög nr. 19, 21. maí 1964 mæla fyrir um og verið samþykktur af sveitarstjórn Skútustaðahrepps og skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt hann til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytið, 10. janúar 1994.

F. h. r.
Magnús Jóhannesson.

Hrafn Hallgrímsson.

10. janúar 1994 Nr. 17

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Njarðvíkur 1991-2001.

Samkvæmt ósk bæjarstjórnar Njarðvíkur hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 22. desember 1993 staðfest breytingu á aðalskipulagi Njarðvíkur 1991-2001, sem staðfest var 26. ágúst 1992, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytingin er fólgin í því að iðnaðarreitur norðvestan kirkjugarðs, Njarðvíkurbraut 50-56, verður að íbúðarsvæði.

Bæjarstjórn Njarðvíkur tekur að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfisráðuneytið, 10. janúar 1994.

F. h. r.
Magnús Jóhannesson.

Hrafn Hallgrímsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Seltjarnarness 1981-2001.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðherra þann 7. janúar 1994 staðfest breytingu á aðalskipulagi Seltjarnarness 1981 - 2001, sem staðfest var 13. maí 1981.

Breytingin felst í því að íbúðasvæði ásamt hringvegi, vestan Lindarbrautar breytist í græn svæði fyrir útivist og friðun. Íbúðasvæði takmarkast nú af húsum við Nesbala að vestan og línu frá norðausturhorni stofnanasvæðis Nessafna í götuna Byggðagarða að norðaustan. Jafnframt minnkar stofnanasvæði umhverfis Nesstofu. Breyting þessi hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Seltjarnarness og skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt hana til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytið, 10. janúar 1994.

F. h. r.
Magnús Jóhannesson.

Hrafn Hallgrímsson.

Nr. 19 10. janúar 1994

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Vopnafjarðar 1980-2000.

Samkvæmt ósk hreppsnefndar Vopnafjarðarhrepps hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 8. desember 1993 staðfest breytingu á aðalskipulagi Vopnafjarðar 1980-2000, frá 30. nóvember 1984, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytingin er fólgin í því að fyrirhugað verslunar- og þjónustusvæði sunnan þjóðvegar er flutt til norðvesturs. Iðnaðarsvæði er minnkað og íbúðarsvæði stækkað sem því nemur.

Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps tekur að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfisráðuneytið, 10. janúar 1994.

F. h. r.
Magnús Jóhannesson.

Hrafn Hallgrímsson.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Fellabæjar 1981-2001.

Samkvæmt ósk hreppsnefndar Fellahrepps hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 8. desember 1993 staðfest breytingu á aðalskipulagi Fellabæjar 1981 - 2001 frá 5. febrúar 1982, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytingin er fólgin í því að íbúðarsvæði vestan Upphéraðsvegar er stækkað til suðurs og opið svæði minnkað sem því nemur.

Hreppsnefnd Fellahrepps tekur að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfisráðuneytið, 10. janúar 1994.

F. h. r.
Magnús Jóhannesson.

Hrafn Hallgrímsson.

10. janúar 1994 Nr. 21

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 1990-2010.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðuneytið þann 7. janúar 1994 staðfest breytingar á aðalskipulagi Akureyrar 1990-2010, sem staðfest var 30. nóvember 1990.

Breytingar eru eftirfarandi:

1. Hluti af óbyggðu svæði, útivistarsvæði, norðan Kjarnaskógar er breytt í orlofshúsabyggð.
2. Tengibraut, sem gert er ráð fyrir suður með framtíðarbyggð í Naustahverfi, er færð til austurs og tengd Eyjafjarðarbraut í stað þess að hún endi í útivistarsvæðinu í Kjarnaskógi.
3. Breytingar eru gerðar á mörkum framtíðarbyggingarsvæðis fyrir íbúðabyggð í samræmi við ofantalin atriði.

Breyting þessi og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr.19/1964 mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Akureyrar og skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt hana til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytið, 10. janúar 1994.

F. h. r.
Magnús Jóhannesson.

Hrafn Hallgrímsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á deiliskipulagi Skúlagötusvæðis, hæstaréttarhús við Lindargötu.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðherra þann 7. janúar 1994 staðfest breytingu á deiliskipulagi sem markast af Ingólfsstræti, Hverfisgötu, Snorrabraut og Skúlagötu og staðfest var 13. maí 1986.

Breytingin er fólgin í því að hluti af reit safnahúss og áður var ætlað sem torg og bílageymsla er gert að lóð, Lindargötu 2, undir stofnun.

Uppdráttur þessi og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og samþykki Borgarstjórnar Reykjavíkur. Skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt breytingu þessa til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytið, 10. janúar 1994.

F. h. r.
Magnús Jóhannesson.

Hrafn Hallgrímsson.

Nr. 23 18. janúar 1994

REGLUGERÐ

um afnám banns við síldveiðum í Lónsdýpi.

1. gr.

Með reglugerð þessari er felld úr gildi reglugerð nr. 485, 7. desember 1993, um bann við síldveiðum í Lónsdýpi.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytið, 18. janúar 1994.

Þorsteinn Pálsson.

Jón B. Jónasson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 5 - 1994

21. janúar 1994 21 Nr. 24

REGLUGERÐ

um varnir gegn því að dýrasjúkdómar berist til landsins.

1. gr.

Óheimilt er að flytja til landsins hvers konar afurðir af dýrum eða vörur sem geta borið smitefni er valda dýrasjúkdómum. Enn fremur hvers konar dýr, tamin eða villt, dauð eða lifandi eða erfðaefni þeirra.

2. gr.

Óheimilt er að flytja til landsins hráar, saltaðar, forhitaðar eða forsteiktar sláturafurðir, unnar eða óunnar, fugla og vörur unnar úr þeim, ósoðna mjólk og afurðir unnar úr ósoðinni mjólk, blóð og blóðvatn eða efni unnin úr því. Sama gildir um lyf af dýrauppruna, t.d. vaxtarhvetjandi efni, lækningarsermi og „lifandi" bóluefni.

3. gr.

Landbúnaðarráðherra getur þó veitt undanþágu til innflutnings á takmörkuðu magni af vörum þeim sem tilgreindar eru í 2. gr. vegna sérstakra rannsókna enda mæli yfirdýralæknir með slíkum innflutningi hverju sinni og segi jafnframt fyrir um nauðsynlegar varúðarráðstafanir.

Enn fremur getur landbúnaðarráðherra, að fengnum meðmælum yfirdýralæknis, vikið frá banni á innflutningi dýra og erfðaefnis, enda sé stranglega fylgt þeim fyrirmælum, sem felast í lögum um innflutning dýra nr. 54/1990.

4. gr.

Óheimilt er að flytja til landsins hráar, ósútaðar húðir og skinn, horn og klaufir, kjötmjöl, beinamjöl og fóðurvörur sem unnar eru úr afurðum og úrgangi spendýra og fugla, alidýraáburð og rotmassa blandaðan alidýraáburði, hey og hálm.

Enn fremur er óheimilt að flytja inn óþvegna ull, notaða poka, óhreinar tuskur og fatnað, fiður, fjaðrir, dún, stráteppi, óunnið dýrahár, notuð reiðtygi og reiðföt og búnað hvers konar sem notaður hefur verið til geymslu og flutninga á dýrum og dýraafurðum, notaðar landbúnaðarvélar og -vagna, notaðan veiðibúnað til stangveiði, ferskan og frosinn vatnafisk.

Innflutningsbann á þeim vörutegundum sem tilgreindar eru í þessari grein kemur þó ekki til framkvæmda ef varan hefur sótthreinsast á viðhlítandi hátt við framleiðslu eða ef varan hefur verið sótthreinsuð á fullnægjandi hátt að dómi yfirdýralæknis fyrir innflutning eða strax og varan kemur til landsins.

Eigandi eða umráðamaður ber kostnað af nauðsynlegri sótthreinsun og útvegun nauðsynlegra vottorða sem leggja skal fram áður en unnt er að leysa út vöruna.

B 3
Steindórsprent Gutenberg hf.

5. gr.

Innflutningur sláturafurða og mjólkurvara skal háður eftirfarandi skilyrðum:

a) Afurðirnar skulu eingöngu koma frá landi þar sem tilkynningarskyldra illkynja dýrasjúkdóma hefur ekki orðið vart næstliðna sex mánuði áður en vinnsla eða pökkun vörunnar fór fram.
b) Afurðirnar skulu vera af dýrum sem reyndust heilbrigð og laus við einkenni smitsjúkdóma við slátrun, og voru ekki gefin lyf svo skömmu fyrir slátrun að lyfjaleifar gætu leynst í sláturafurðinni.
c) Óheimilt er að flytja til landsins afurðir, sem framleiddar hafa verið af búfé sem fengið hefur fóður sem inniheldur vaxtaraukandi efni eða lyf, nema um sé að ræða lyf gegn hníslasótt í alifuglum eða lyf sem notuð hafa verið tímabundið til lækninga.
d) Slátrun dýra, meðferð og vinnsla afurða skal hafa farið fram við aðstæður sem yfirdýralæknir eða fulltrúi hans hefur metið viðhlítandi á allan hátt að því er varðar aðstöðu, hreinlæti og hollustuhætti.
e) Slátur- og mjólkurafurðir, sem fluttar eru til landsins skulu uppfylla íslenskar reglur um aðskotaefni, sbr. rg. nr. 518/1993.
f) Vörunni skulu fylgja opinber uppruna- og heilbrigðisvottorð eins og yfirdýralæknir krefst hverju sinni og varan skal merkt í samræmi við íslenskar reglur um matvæli og neysluvörur, sbr. rg. nr. 588/1993.
g) Sérstök vottorð opinberra aðila skulu fylgja vörunni, þar sem staðfest er að hún hafi hlotið fullnægjandi hitameðferð. Kjöt sem inn er flutt skal hafa verið hitað það mikið að kjötið og blóðið hafi með öllu tapað rauðum eða rauðleitum blæ. Sótthreinsun sláturafurða með geislameðferð er óheimil.
h) Mjólkurvörur skulu því aðeins fluttar inn, að þær séu unnar úr gerilsneyddri mjólk.
i) Innflytjandi eða umráðamaður vörunnar skal sjá til þess að öll nauðsynleg vottorð fylgi vörunni til landsins og ber hann þann kostnað sem kann að fylgja sóttvarnarráðstöfunum landbúnaðarráðuneytisins, t.d. nauðsynlegum sýnatökum og rannsóknum sem yfirdýralæknir telur nauðsynlegar. Þegar vara er flutt inn í fyrsta sinn, skal innflytjandi láta yfirdýralækni í té upplýsingar um vöruna og vottorð skv. þessari grein til athugunar og samþykktar áður en útskipun fer fram.

6. gr.

Landbúnaðarráðherra er heimilt að leyfa innflutning á frjóvguðum alifuglaeggjum frá viðurkenndum kynbótabúum að fengnum tillögum yfirdýralæknis og með þeim sóttvarnaraðgerðum sem hann telur nauðsynlegar hverju sinni. Innflutningur á ósoðnum eggjum og eggjadufti, sem ekki hefur verið hitað upp í að minnsta kosti 140°C, er hins vegar óheimill.

7. gr.

Stjórnendur skipa eða flugvéla sem koma til landsins með matarleifar sem í eru sláturafurðir skulu sjá til þess að þær séu losaðar í sérstaka vatnshelda sorpgáma og síðan eytt samkvæmt fyrirmælum yfirdýralæknis. Sláturafurðum sem fluttar eru inn án heimildar skal eytt á eldi eða annan tryggilegan hátt.

8. gr.

Farmenn og ferðamenn sem til landsins koma skulu hlíta sóttvarnarreglum þessarar reglugerðar að því er varðar sláturafurðir til eigin nota sem þeir kunna að hafa í farangri sínum.

9. gr.

Landbúnaðarráðherra er rétt að leyfa flutning á vörutegundum þeim sem tilgreindar eru í 2. gr. á frílager (transit) hjá tollgæslustöð, enda sé vara þessi flutt úr landinu án ónauðsynlegrar tafar. Skilyrði fyrir slíku leyfi er að varan sé flutt í vandlega lokuðum umbúðum, þar sem innihald er tilgreint og sendingunni fylgi nauðsynleg uppruna- og heilbrigðisvottorð. Strax og slík „transit"vara kemur til landsins skal hún innsigluð og má eigi rjúfa innsiglið meðan varan er geymd hér á landi í vörslu tollgæslu.

10. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt þeim lögum sem tilgreind eru í 11. gr. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

11. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum um dýralækna nr. 77/1981, lögum nr. 54/1990 um innflutning dýra og lögum nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytið, 21. janúar 1994.

Halldór Blöndal.

Guðmundur Sigþórsson.

11. janúar 1994 Nr. 25

AUGLÝSING

um hlutfall búnaðarmálasjóðsgjalds verðlagsárið 1993-1994.

Samkvæmt heimild í 5. gr. laga nr. 41 15. maí 1990 um Búnaðarmálasjóð, hafa verið ákveðin frávik við innheimtu búnaðarmálasjóðsgjalds til neðantalinna búgreinafélaga verðlagsárið 1993-1994:

a)	Félag hrossabænda	1,000 %
b)	Landssamband kartöflubænda	0,500 %
c)	Samband garðyrkjubænda	0,500 %
d)	Svínaræktarfélag Íslands	0,275 %
e)	Félag kjúklingabænda	0,275 %

Gjald til forfallaþjónustu í sveitum skal fellt niður hjá framleiðendum í eftirtöldum búgreinum sem hafna skriflega aðild að forfallaþjónustunni:

Eggjaframleiðslu, garðyrkju, hrossarækt, svínarækt, holdafuglarækt og æðarrækt.

Samkvæmt heimild í 6. gr. laga nr. 41/1990 skal innheimta gjalds til Bjargráðasjóð af afurðum hrossa og afurðum garðyrkju og gróðurhúsa, nema kartaflna og gulrófna, falla niður.

Landbúnaðarráðuneytið, 11. janúar 1994.

Halldór Blöndal.

Jón Höskuldsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um samvinnu og starfsskiptingu milli lögreglustjóra og rannsóknarlögreglu ríkisins, nr. 253 29. júní 1977.

1. gr.

Í 1. gr. falla niður orðin „Reykjavík, Kópavogi, Seltjarnarneskaupstað, Garðakaupstað, Hafnarfirði og Kjósarsýslu“, en í stað þeirra kemur: stjórnsýsluumdæmum Reykjavíkur, Kópavogs og Hafnarfjarðar.

2. gr.

Í 1. mgr. 6. gr. falla niður orðin „og sakadómurum“.

3. gr.

8. gr. fellur niður.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 9. gr. laga um rannsóknarlögreglu ríkisins, nr. 108 28. desember 1976, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 12. janúar 1994.

Þorsteinn Pálsson.

Þorsteinn A. Jónsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 6 - 1994

26. janúar 1994 25 Nr. 27

REGLUGERÐ

um bann við línuveiðum í norðanverðum Faxaflóa.

1. gr.

Frá og með 29. janúar 1994 til og með 15. mars 1994 eru allar línuveiðar bannaðar á svæði í norðanverðum Faxaflóa, sem markast af línu, sem dregin er milli eftirgreindra punkta:

1. 64°44,50N - 23°39,00V
2. 64°41,30N - 23°39,00V
3. 64°39,00N - 22°57,00V
4. 64°31,00N - 23°04,00V
5. 64°30,00N - 22°57,00V
6. 64°35,00N - 22°52,00V
7. 64°37,00N - 22°44,00V
8. Þormóðssker
9. 64°27,60N - 22°11,32V

Að norðan og vestan markast svæðið af fjöruborði meginlandsins.

2 gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast gildi 29. janúar 1994 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 26. janúar 1994.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

Steindórsprent Gutenberg hf.

AUGLÝSING

um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á sameiningu Suðurdalahrepps, Haukadalshrepps, Laxárdalshrepps, Hvammshrepps og Fellsstrandarhrepps í Dalasýslu.

Með vísan til 112. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, sbr. einnig 2. tölulið 1. gr. laga nr. 75/1993, tilkynnir ráðuneytið að það hefur hinn 18. janúar 1994 staðfest sameiningu Suðurdalahrepps, Haukadalshrepps, Laxárdalshrepps, Hvammshrepps og Fellsstrandarhrepps í Dalasýslu í eitt sveitarfélag.

Jafnframt hefur eftirfarandi verið ákveðið:

Kosning sveitarstjórnar hins nýja sveitarfélags skal fara fram sama dag og reglulegar sveitarstjórnarkosningar, þ.e. laugardaginn 28. maí 1994, sbr. 13. gr. sveitarstjórnarlaga.

Kosningin skal vera bundin hlutfallskosning, sbr. 1. mgr. 15. gr. sveitarstjórnarlaga.

Kjósa skal sjö fulltrúa í sveitarstjórn hins nýja sveitarfélags, sbr. 1. mgr. 11. gr. sveitarstjórnarlaga.

Kjörstjórnir þær sem kosnar voru í upphafi yfirstandandi kjörtímabils samkvæmt 23. gr. sveitarstjórnarlaga skulu vera undirkjörstjórnir við kosningarnar. Hreppsnefndirnar skulu koma sér saman um kosningu 3ja aðalmanna og jafnmargra til vara í yfirkjörstjórn og verði ráðuneytinu tilkynnt um kosninguna að henni lokinni.

Formleg sameining þessara sveitarfélaga skal taka gildi 11. júní 1994.

Skoðanakönnun skal fara fram um nafn hins nýja sveitarfélags og skal nafnið ákveðið á grundvelli hennar. Nafn hins nýja sveitarfélags verður auglýst sérstaklega.

Félagsmálaráðuneytið, 18. janúar 1994.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Húnbogi Þorsteinsson.

Nr. 29 24. janúar 1994

AUGLÝSING

um innheimtuhlutfall útsvars í staðgreiðslu vegna febrúar til og með desember 1994.

Með vísan til 1. mgr. 9. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum, sbr. 1. gr. laga nr. 42/1988 og 26. gr. laga nr. 90/1990, um tekjustofna sveitarfélaga, með síðari breytingum, hefur innheimtuhlutfall útsvars í staðgreiðslu vegna febrúar til og með desember 1994 verið ákveðið 8,69%.

Fjármálaráðuneytið, 24. janúar 1994.

F. h. r.
Snorri Olsen.

Ástráður Karl Guðmundsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 7 – 1994

24. janúar 1994 27 Nr. 30

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 554/1993, um virðisaukaskattsskylda sölu á vörum til manneldis o.fl.

1. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 2. gr.:

a. Eftirfarandi efnisliður fellur brott:
0511.9118 og 0511.9119 Sundmagi, þurrkaður eða saltaður.

b. Eftirfarandi efnisliðir bætast við:
0511.9111–0511.9129 Vörur úr fiski, krabbadýrum, lindýrum eða öðrum vatnahryggleysingjum.
1204.0000 Línfræ (hörfræ).

c. Tollskrárnúmerið 2836.1000 breytist og verður tollskrárnúmer 2836.1001.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 14. gr. og 42. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 24. janúar 1994.

F. h. r.
Jón H. Steingrímsson.

Margrét Gunnlaugsdóttir.

14. janúar 1994 Nr. 31

SAMÞYKKT

um búfjárhald í Bessastaðahreppi.

1. gr.

Í Bessastaðahreppi er búfjárhald heimilt, að fengnu leyfi frá hreppsnefnd. Hreppsnefnd veitir leyfi til búfjárhalds gegn þeim skilyrðum sem um getur í samþykkt þessari.

Til búfjárhalds samkvæmt samþykkt þessari telst hald dýra, sem talin eru upp í 2. gr. laga nr. 46/1991, hvort sem þau eru haldin til búnytja, skemmtunar eða annarra nota.

Umsókn um leyfi til búfjárhalds skal senda til hreppsnefndar ásamt yfirlýsingu um að búfjárhaldið sé að öllu leyti á ábyrgð umsækjanda.

Umsækjandi um sauðfjárhald skal jafnframt hafa tryggt sér land til upprekstrar.

2. gr.

Lausaganga hrossa, sauðfjár, nautgripa og annars búfjár, hverju nafni sem nefnist, er óheimil í Bessastaðahreppi án leyfis hreppsnefndar.

Steindórsprent Gutenberg hf.

3. gr.

Öll gripahús skulu byggð úr þannig efni, að auðvelt sé að halda þeim snyrtilegum og að búfénu líði vel í þeim. Húsum skal haldið vel við, þau máluð að utan og haldið hreinum. Tað og annan úrgang frá búfénu skal fjarlægja.

4. gr.

Hreppsnefnd getur veitt leyfi til búfjárhalds hverjum þeim sem ekki hefur gerst brotlegur við meðferð búfjár, að fenginni umsögn heilbrigðisfulltrúa. Ef leyfishafi brýtur reglur um meðferð búfjár, t.d. gætir þess ekki á fullnægjandi hátt, getur hreppsnefnd afturkallað leyfið að undangenginni aðvörun.

Leyfi miðast við ákveðinn hámarksfjölda búfjár og er bundið við nafn umsækjanda, þannig að ekki er heimilt að framselja leyfið. Hreppsnefnd getur veitt leyfi til ákveðins tíma eða ákveðið tiltekinn frest til afturköllunar.

5. gr.

Búfjáreftirlitsmaður Bessastaðahrepps annast eftirlit með búfjárhaldi og skal hann leiðbeina og áminna eftir atvikum búfjáreigendur sem gerast brotlegir við framangreindar reglur.

Lausagöngufénaður skal handsamaður og skráður. Skylt er eigendum að sækja gripi sína og greiða áfallinn kostnað og tjón, þar með talinn kostnað við handsömun gripanna.

6. gr.

Heimilt er hreppsnefnd að innheimta árlegt leyfisgjald til Bessastaðahrepps af hverjum þeim, sem fær leyfi til búfjárhalds. Gjald þetta miðast við tegund og fjölda gripa. Gjaldinu er ætlað að standa undir kostnaði við forðagæslu og búfjáreftirlit.

Hreppsnefnd setur og landbúnaðarráðherra staðfestir gjaldskrá fyrir leyfisgjöld. Staðfest gjaldskrá skal birt í Stjórnartíðindum.

Undanþegnir árlegu leyfisgjaldi eru búfjáreigendur á lögbýlum, sem eiga þar lögheimili og hafa landbúnað sér til lífsviðurværis.

7. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

8. gr.

Samþykkt þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Bessastaðahrepps, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 46 25. mars 1991, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Ákvæði til bráðabirgða.

Allir þeir sem við gildistöku samþykktar þessarar eiga eða hafa í umsjá sinni búfé sem fellur undir samþykktina, skulu innan fjögurra mánaða frá gildistöku hennar hafa tilkynnt um búfjárhald sitt og sótt um leyfi til búfjárhalds. Að öðrum kosti fellur niður heimild þeirra til búfjárhalds.

Landbúnaðarráðuneytið, 14. janúar 1994.

Halldór Blöndal.

Jón Höskuldsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 156/1992, um innheimtu þungaskatts af bifreiðum sem skrásettar eru erlendis og nota annan orkugjafa en bensín.

1. gr.

Stafliður a í 1. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

a) Af bifreiðum, öðrum en þeim sem um er rætt í b-lið þessarar greinar og búnar eru viðhlítandi ökumælum, sbr. reglugerð nr. 62/1977, um ökumæla, með síðari breytingum.

Eigin þyngd bifreiðar í kg	Þungaskattur fyrir hverja byrjaða viku kr.	Eigin þyngd bifreiðar í kg	Þungaskattur fyrir hverja byrjaða viku kr.
Allt að 1000	3.021	9400-9599	9.155
1000-1999	3.756	9600-9799	9.265
2000-2199	4.083	9800-9999	9.375
2200-2399	4.303	10000-10199	9.488
2400-2599	4.526	10200-10399	9.555
2600-2799	4.744	10400-10599	9.625
2800-2999	4.967	10600-10799	9.690
3000-3199	5.187	10800-10999	9.758
3200-3399	5.406	11000-11199	9.828
3400-3599	5.628	11200-11399	10.079
3600-3799	5.850	11400-11599	10.330
3800-3999	6.068	11600-11799	10.579
4000-4199	6.297	11800-11999	10.831
4200-4399	6.482	12000-12199	11.081
4400-4599	6.670	12200-12399	11.292
4600-4799	6.858	12400-12599	11.501
4800-4999	7.046	12600-12799	11.706
5000-5199	7.232	12800-12999	11.915
5200-5399	7.346	13000-13199	12.126
5400-5599	7.461	13200-13399	12.381
5600-5799	7.576	13400-13599	12.636
5800-5999	7.690	13600-13799	12.891
6000-6199	7.805	13800-13999	13.125
6200-6399	7.879	14000-14199	13.402
6400-6599	7.952	14200-14399	13.604
6600-6799	8.067	14400-14599	13.809
6800-6999	8.140	14600-14799	14.013
7000-7199	8.169	14800-14999	14.217
7200-7399	8.232	15000-15199	14.414
7400-7599	8.297	15200-15399	14.652
7600-7799	8.360	15400-15599	14.881
7800-7999	8.424	15600-15799	15.112
8000-8199	8.552	15800-15999	15.343
8200-8399	8.615	16000-16199	15.572
8400-8599	8.679	16200-16399	15.800
8600-8799	8.743	16400-16599	16.030
8800-8999	8.807	16600-16799	16.260
9000-9199	8.934	16800-16999	16.490
9200-9399	9.046		

Sé eigin þyngd bifreiðar 17000 kg eða meira skal vikugjaldið hækka um 230 kr. fyrir hver byrjuð 200 kg sem eigin þyngd er meiri en 17000 kg. Af festi- og tengivögnum, sem eru yfir 6 tonn að leyfðri heildarþyngd, greiðist þungaskattur á sama hátt, enda séu þeir ekki útbúnir viðhlítandi ökumælisbúnaði, sbr. b-lið þessarar greinar.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, öðlast gildi 1. febrúar 1994. Frá og með sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 167/1993.

Fjármálaráðuneytið, 13. janúar 1994.

F. h. r.
Indriði H. Þorláksson.

Rúnar Hannesson.

Nr. 33 19. janúar 1994

GJALDSKRÁ

um sorphirðu í Hafnarfirði fyrir árið 1994.

1. gr.

Hafnarfjarðarbæ er heimilt að innheimta sorphirðugjald kr. 2.800, vegna förgunar neysluúrgangs sem til fellur í sveitarfélaginu fyrir árið 1994.

2. gr.

Gjaldið skal lagt á hverja íbúð í sveitarfélaginu. Innheimta skal gjaldið með fasteignagjöldum og eru gjalddagar þeir sömu.

3. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samþykkt af bæjarstjórn Hafnarfjarðar, er hér með staðfest samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit ásamt síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytið, 19. janúar 1994

F. h. r.
Magnús Jóhannesson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

Nr. 34 13. janúar 1994

GJALDSKRÁ

Orkubús Vestfjarða fyrir hitaveitur.

I. KAFLI

1. gr.

Orkubú Vestfjarða selur hitaorku úr veitukerfum þeim, sem gerð hafa verið og verða gerð, eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Orkubú Vestfjarða lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar þess, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til fullrar hitunar, enda séu ofnar hússins nægilega stórir, að dómi Orkubús Vestfjarða. Einnig lætur Orkubú Vestfjarða í té heitt vatn til hitunar neysluvatns.

II. KAFLI

3. gr.

Orkubú Vestfjarða selur heitt vatn í smásölu á þann hátt og við því verði sem hér segir:

Orka og vatnsmagn H490

Til hitunar á íbúðarhúsnæði.

Fastagjald	12.906,00	kr/á ári
Orkugjald	2,84	kr/kWh
Rúmmetragjald	20,00	kr/m^3

Orkugjald vegna hitunar heimila er niðurgreitt samkvæmt ákvörðun iðnaðarráðuneytis. Sjá kafla IV. um niðurgreiðslur og sérstakan afslátt í gjaldskrá orkubúsins fyrir raforku.

Orka og vatnsmagn H499.

Til hitunar á öðru en íbúðarhúsnæði.

Fastagjald	12.906,00	kr/á ári
Orkugjald	2,84	kr/kWh
Rúmmetragjald	20,00	kr/m^3

Vatnsmagn I480.

Orkubúi Vestfjarða er heimilt að selja heitt vatn samkvæmt vatnsmæli eingöngu á Suðureyri við Súgandafjörð og í algjörum undantekningatilvikum á öðrum stöðum.

Fastagjald	12.906,00	kr/á ári
Rúmmetragjald	136,00	kr/m^3

Veittur er sérstakur afsláttur vegna hitunar íbúðarhúsnæðis, sem er 54,00 kr/m^3. Afslátturinn takmarkast við 740 m^3 árlega notkun hverrar íbúðar.

Orka H498.

Orkubúi Vestfjarða er heimilt að selja heitt vatn um varmaskipti af viðurkenndri gerð til þeirra er nota meira en 400.000 kWh/á ári.

Fastagjald	12.906,00	kr/á ári
Orkugjald	1,85	kr/kWh
Rúmmetragjald	13,00	kr/m^3

Hemill I489.

Orkubúi Vestfjarða er heimilt að takmarka vatnsrennsli til húsa um stillanlega hemla. Orkubúið stillir hemil að ósk notanda og gildir hæsta stilling í eitt ár frá 1. september til 31. ágúst.

Fastagjald	23.649,00	kr/á ári
Mínútulítragjald	2.501,00	kr/mán

4. gr.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Sé reikningurinn ekki greiddur við fyrstu sýningu, ber gjaldanda að greiða hann, þar sem orkubúið ákveður. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 14 daga frá gjalddaga.

5. gr.

Varðandi tengigjöld fyrir hitaveitur sjá Heimtaugargjald í þéttbýli í gjaldskrá Orkubús Vestfjarða fyrir raforku (heimtaugagjöld í þéttbýli).

6. gr.

Gjald til greiðslu kostnaðar vegna vanskilainnheimtu og undirbúnings að lokun er kr. 834.00.

Þegar lokað hefur verið fyrir aðrennsli heita vatnsins til notenda vegna vanskila, skal gjald fyrir að opna á ný vera kr. 1.669,00.

7. gr.

Miðað skal við að kostnaður hitunar húsa með hitaveitu fari ekki fram úr kostnaði hitunar með rafmagni skv. gjaldskrá Orkubús Vestfjarða hverju sinni.

III. KAFLI

8. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka fjárnámi á kostnað húseiganda.

9. gr.

Orkubú Vestfjarða hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um að loka ber að tilkynna með 5 daga fyrirvara.

Eftirlitsmanni Orkubús Vestfjarða skal, hvenær sem er, frjáls aðgangur að öllum hemlum, mælum, hitagjöfum og vatnsæðum, sem eru í sambandi við veitukerfi Orkubús Vestfjarða. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

10. gr.

Virðisaukaskattur leggst á gjöldin samkvæmt gildandi lögum og reglum hverju sinni.

Gjaldskrá þessi er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58 frá 29. apríl 1967 og lögum nr. 66 31. ágúst 1976, til að öðlast gildi 1. janúar 1994 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 357, 24. ágúst með áorðnum breytingum.

Iðnaðarráðuneytið, 13. janúar 1994.

F. h. r.
Þorkell Helgason.

Steinunn Bjarman.

REGLUGERÐ

um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi.

1. KAFLI
Gildissvið, skilgreiningar o.fl.

Gildissvið

1. gr.

Reglugerð þessi gildir um olíubirgðastöðvar, bensínstöðvar, olíugeyma og önnur mannvirki þar sem olía er geymd.

Jafnframt gildir reglugerðin um geyma þar sem úrgangsolía eða önnur spilliefni eru meðhöndluð eða geymd.

Ákvæði reglugerðar nr. 188/1990 um eldfima vökva svo og ákvæði mengunarvarnareglugerðar nr. 396/1992 skulu gilda þegar þau eru strangari.

2. gr.

Reglugerð þessi gildir ekki um birgðageyma né lagnir fyrir fljótandi gas, s.s. bútan- og própangas.

3. gr.

Mannvirki sem byggð voru fyrir gildistöku þessarar reglugerðar lúta ákvæðum 96.-102. gr.

Skilgreiningar.

4. gr.

Í reglugerð þessari er merking orða og orðasambanda sem hér segir:

Afgreiðslulagnir: lagnir sem liggja frá olíugeymi og notaðar eru til að fylla á olíuflutningstæki eða til notanda.

Afgreiðsluplan: staður á bensínstöðvum þar sem afgreiðsla olíu á ökutæki fer fram.

Afgreiðslutæki bensínstöðva: búnaður á afgreiðsluplani til þess gerður að afgreiða olíu á farartæki.

Áfyllingarplan: staður í olíubirgða- eða bensínstöð þar sem lestun eða losun olíuflutningatækis fer fram.

Bensínstöð: dreifingarstöð þar sem olía er seld beint til notenda. Bensínstöð samanstendur a.m.k. af: niðurgröfnum geymum með tilheyrandi búnaði, afgreiðslulögnum, dælum og afgreiðslutækjum, afgreiðsluplani, olíuskilju og afgreiðsluhúsi.

Brotloki : búnaður sem staðsettur er við afgreiðslutæki og lokar á sjálfvirkan hátt fyrir rennsli frá lögn ef afgreiðslutækið verður fyrir hnjaski eða brunaálagi.

Flotgirðingar: girðingar sem fljóta á sjó eða á vatni og hindra að olía og önnur efni er liggja á yfirborði sjávar eða vatns dreifist út.

Köllunarskrá: skrá yfir aðila sem óhöpp skulu tilkynnt.

Legufæri: festing sem heldur skipi kyrru á legu.

Lekabyttur: færanleg ílát sem sett eru undir tengi þar sem búast má við olíuleka frá lögnum.

Lekakönnun: reglubundin athugun á því hvort leki hefur átt sér stað, t.d. lekaprófun, könnun á magni olíugufa í jarðvegi, könnun á olíumagni í grunnvatni, athugun í eftirlitsbrunni eða birgðauppgjör (handvirk mæling eða sjálfvirk mæling).

Lekaprófun: viðurkennd prófunaraðferð til að leiða í ljós olíuleka.

Lekaskynjunarbúnaður: búnaður sem skynjar vökva í eftirlitsbrunni. Til lekaskynjunarbúnaðar telst vökvahæðaskynjari, þefskynjari og handvirkur mælibúnaður, t.d. handmælir eða stika.

Lekaviðvörunarbúnaður: búnaður í geymi eða tengdur honum sem gefur til kynna rýrnun á vökva.

Lekavörn: olíuheldar og olíuþolnar þrær, rennur og hólkar sem eiga að koma í veg fyrir að olía berist út í umhverfið.

Löndunarlagnir: lagnir frá geymum sem tengjast olíuflutningaskipum.

Mengunarvarnabúnaður: búnaður, mannvirki eða tæki sem notuð eru til að koma í veg fyrir mengun og einnig sérhæfður búnaður sem notaður er til þess að draga úr mengun sem orðið hefur.

Neðanjarðarolíugeymir: geymir sem hefur meira en 10% af rúmmáli sínu undir yfirborði jarðar.

Neyslugeymir: geymir sem einn eða fleiri notendur hafa aðgang að og er ekki í tengslum við olíubirgða- eða bensínstöð, (t.d. húsageymir, þ.e. geymir sem er tengdur beint inn í hús, eða lausageymir, þ.e. geymir sem ætlaður er til notkunar á tilteknum stað í skamman tíma).

Ofanjarðarolíugeymir: geymir sem ætlaður er til geymslu á olíu á ákveðnum stað og hefur 10% eða minna af rúmmáli sínu undir yfirborði jarðar.

Olía: Hráolía (crude oil) og allar tegundir unninnar olíu, þar með talið bensín, steinolía, gasolía, svartolía, smurolía, asfalt, vegaolía svo og úrgangsolía.

Olíubirgðastöð: birgða- og dreifingarstöð sem hefur geymarými fyrir 50 m^3 af olíu eða meira. Olíubirgðastöð samanstendur a.m.k. af: geymi eða geymum með varnarþró, löndunar-, áfyllingar- og afgreiðslulögnum, dæluhúsi, áfyllingarplani, olíuskilju og afgreiðsluhúsi.

Olíulagnir: pípur, lokar og tengistykki.

Olíumannvirki: mannvirki, svo sem olíubirgðastöðvar, bensínstöðvar eða olíugeymar, þar sem olía er geymd eða meðhöndluð í einhverjum mæli.

Olíuinnflutningsstöð: stöð þar sem olíuskip í millilandasiglingum landa olíu og strandferðaskip lesta olíu.

Olíuskilja: búnaður sem skilur að olíu og vatn.

Rekstraraðili: aðili sem ábyrgur er fyrir viðkomandi rekstri. Rekstraraðili getur ýmist verið eigandi eða leigutaki rekstrar eða búnaðar.

Þrýstiprófun: viðurkennd aðferð sem leiðir það í ljós hvort lögn eða geymir standist þá þrýstiraun sem lögð er á viðkomandi lögn eða geymi.

Þrýstivaki: búnaður á þrýstilögnum sem stöðvar dælingu og staðsettur er á dælubúnaði og skynjar þrýstingsfall sem orsakast af óþéttleika.

Þvottaplan: staður þar sem ökutæki eru þrifin og ekki er notaður vélrænn búnaður til þvotta.

Þvottastöð: staður þar sem ökutæki eru þrifin með vélrænum búnaði, svo sem háþrýstidælum eða sjálfvirkum bílaþvottavélum.

Staðarval.

5. gr.

Áður en staðsetning olíumannvirkja er ákveðin skal gera úttekt á mengunarhættu, sbr. 3. tl. 2. mgr. 3. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit. Útektin skal taka mið af eftirfarandi:

1. Hvort hætta sé á náttúruhamförum svo sem snjóflóðum, aurskriðum, sjávarflóðum, vatnsflóðum (100 ára ferill) skriðuföllum, jarðskjálftum, missigi o.þ.h. Óheimilt er

að velja olíugeymum stað, þar sem líkur eru taldar á að ofangreint geti valdið spjöllum á landi eða mannvirkjum að mati hlutaðeigandi eftirlitsaðila.

2. Hvort hætta sé á mengun grunnvatns sem nýtt er eða fyrirhugað er að nýta. Ef sérstök hætta er á mengun nýtanlegra vatnsbóla skal herða kröfur um mengunarvarnir eða hafna staðsetningu.
3. Hvort hætta sé á að yfirborðsvatn mengist, sérstakt lífríki, sérhæft umhverfi eða menningarverðmæti.

Að öðru leyti er vísað til gr. 6.10.6.1.-6.10.6.3 í byggingarreglugerð nr. 177/1992, 3. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og mengunarvarnareglugerðar nr. 396/1992.

6. gr.

Vegna mengunarhættu skal flokka svæði þar sem olía er meðhöndluð í 3 flokka:

1. Flokkur.

I.a. Aðrennslissvæði vatnsbóla sem nýtt eru eða fyrirsjáanlegt er að nýtt verði. Vatnsverndarsvæði samkvæmt staðfestum skipulagsuppdrætti.

I.b. Vatna- og strandsvæði í flokki I í mengunarvarnareglugerð nr. 396/1992, sem ekki falla undir flokk Ia.

Viðkvæmt svæði, sem er á náttúruminjaskrá vegna gróðurs eða dýralífs.

Þar sem búast má við samanlögðu grunnvatnsstreymi meira en 0.01 l/s lengdarmetra niður á 50 m dýpi frá yfirborði. Sjá viðauka 3 til viðmiðunar.

2. Flokkur.

II. Vatna- og strandsvæði í flokki II í mengunarvarnareglugerð nr. 396/1992.

Svæði þar sem líkur eru á að olía geti borist í fráveitukerfi þéttbýlisstaða.

Ennfremur þar sem búast má við samanlögðu grunnvatnsstreymi á bilinu 0.001 - 0.01 l/s lengdarmetra niður á 50 m dýpi frá yfirborði. Sjá viðauka 3 til viðmiðunar.

3. Flokkur.

III. Svæði sem ekki falla undir flokk I eða II og eitt eða fleiri eftirtalinna atriða gilda um: þykkur og þurr jarðvegur á þéttum berggrunni, olíuheldur jarðvegur (leir og silt), svæði þar sem búast má við samanlögðu grunnvatnsstreymi minna en 0.001 l/s lengdarmetra niður á 50 m dýpi frá yfirborði. Sjá viðauka 3 til viðmiðunar.

Ef jarðvegur og berggrunnur er lekur ($k > 10^{-1}$ cm/s) og dýpra en 5 m til grunnvatns ber að hafa viðbúnað í flokki I.b. þó rennsli sé undir ofangreindum mörkum.

Sé ekki ljóst í hvaða flokk tiltekin staðsetning olíumannvirkis fellur, tekur heilbrigðisnefnd ákvörðun þar um.

2. KAFLI
Almenn ákvæði um byggingu og rekstur olíumannvirkja.

7. gr.

Sá sem óskar eftir að byggja eða reka ný olíumannvirki eða breyta eldri olíugeymum, olíubirgðastöðvum eða bensínstöðvum skal senda byggingarfulltrúa uppdrætti í þríriti af fyrirkomulagi mengunarvarna í stöðinni. Byggingarfulltrúi sendir eintak af uppdráttum til hlutaðeigandi eftirlitsaðila til umsagnar þegar við á. Siglingamálastofnun ríkisins skal samþykkja uppdrætti að fyrirkomulagi mengunarvarna í olíubirgðastöðvum áður en bygging þeirra hefst.

Uppdrættir af fyrirkomulagi mengunarvarna skulu innihalda upplýsingar um eftirfarandi þætti eins og við á hverju sinni: staðsetningu og stærð einstakra geyma, röralagnir, staðsetningu aðalloka, stærð og gerð olíuheldrar lekavarnar, nákvæma tilvísun í þá staðla sem farið er eftir, staðsetningu, stærð, gerð og áætluð afköst olíuskilju, snið og jarðvegs-

gerð á geymasvæðinu, tegund og samsetningu fylliefnis, svo og hvernig komast á að búnaði til eftirlits og viðgerða.

Að öðru leyti gilda lög og reglugerðir um skipulags- og byggingarmál og brunavarnir og brunamál um byggingu og rekstur nýrra olíumannvirkja og breytingar á eldri olíumannvirkjum.

8. gr.

Sá sem tekur að sér verk vegna viðkomandi olíubirgðastöðvar, bensínstöðvar eða olíugeymis sem er yfir 4 m^3, skal tilkynna hlutaðeigandi eftirlitsaðila hvenær byrjað verður á verkinu og hvenær áætlað er að því ljúki.

9. gr.

Óheimilt er að taka olíumannvirki í notkun eftir nýsmíði, viðgerð eða breytingu nema fullnægt sé ákvæðum um mengunarvarnir og að fyrir liggi skriflegt vottorð byggingarfulltrúa um að mannvirki sé í samræmi við samþykktar teikningar.

10. gr.

Rekstraraðili skal senda afrit af vottorði til hlutaðeigandi eftirlitsaðila eða hafnaryfirvalda eftir því sem við á.

11. gr.

Rekstraraðili olíubirgðastöðva, bensínstöðva og annarra geymslustaða fyrir olíu ber ábyrgð á viðhaldi í samræmi við samþykkta uppdrætti, svo og rekstri.

Rekstraraðilar olíubirgðastöðva og bensínstöðva skulu halda rekstrarhandbækur um mengunarvarnir, sbr. 59. og 75. gr.

3. KAFLI
Olíugeymar.
Almenn ákvæði um olíugeyma.

12. gr.

Olíugeymar skulu hannaðir og byggðir í samræmi við leiðbeiningar sem eftirlitsaðili samþykkir og staðla.

Allar suður geyma skulu þéttiprófaðar á viðurkenndan hátt.

Geymar og olíulagnir skulu merktar í samræmi við merkjakerfi, sbr. viðauka 1.

13. gr.

Nýir olíugeymar og þeir sem nú eru í notkun skulu skráðir hjá eiganda. Eftirfarandi upplýsingar skulu koma fram í skráningu: nafn framleiðanda, staðsetning geymis, eldsneytistegund, framleiðslunúmer, byggingarár og stærð. Upplýsingar um nafn framleiðenda, framleiðslunúmer, byggingarár, stærð og smíðastaðall skulu jafnframt koma fram á geyminum sjálfum á númeraðri plötu úr varanlegu efni. Ennfremur skal skrá tegund yfirfyllingarvarnar, tegund lekaviðvörunar, dagsetningu síðustu hreinsunar, niðurstöður þykktarmælinga, svo og meiriháttar viðhald, endurbætur og feril geymis ef við á.

14. gr.

Neyslugeymar og geymar sem eru á afgreiðslustöðvum og eru stærri en 10 m^3 skulu vera með yfirfyllingarviðvörun eða yfirfyllingarvörn.

Við fyllingu geyma sem eru 10 m^3 og minni skal nota búnað sem gefur frá sér viðvörun áður en geymir yfirfyllist.

Óheimilt er að nota olíugeyma þar sem efnisþykkt er komin niður fyrir 3 mm á einhverjum stað í botni og niður fyrir 75% af reiknaðri hönnunarþykkt samkvæmt staðli á einhverjum stað í byrðingi, fyrr en eftir viðgerð.

Á láréttum geymum sem eru stærri en 4 m^3 skal vera minnst eitt mannop. Á hverjum lóðréttum olíubirgðageymi sem staðsettur er ofanjarðar skal vera a.m.k. eitt mannop á neðsta umfari og annað á þaki.

Ofanjarðarolíugeymar.

15. gr.

Utan um olíugeyma skal vera olíuheld lekavörn sem hér segir: á svæði í 1. flokki I.b., sbr. 6. gr., ávallt og á svæðum í 2. flokki og 3. flokki, sbr. 6. gr., sé geymir stærri en 10 m^3.

Í sérstökum tilfellum er Hollustuvernd ríkisins heimilt að veita undanþágu frá ákvæðum 1. mgr. að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar, Náttúruverndarráðs og annarra hlutaðeigandi aðila.

Einungis í undantekningartilfellum er heimilt að staðsetja geyma á svæðum I.a. og skulu þeir ávallt búnir olíuheldri lekavörn.

16. gr.

Við staðsetningu og frágang olíugeyma sem ekki eru í lekavörn skal gæta þess að jarðvegur sé eins þéttur og völ er á undir geyminum og umhverfis hann og að ekki halli þannig frá geymisstæði að olíuleki breiðist auðveldlega út.

17. gr.

Lóðréttir geymar skulu standa á upphækkun. Inn í upphækkunina skal setja siturlögn sem liggur út í lekavörn þar sem því verður við komið.

18. gr.

Geymar stærri en 50 m^3 skulu búnir mælum sem gefa til kynna vökvahæð.

Stálgeymar stærri en 50 m^3 skulu vera jarðtengdir.

Á birgðageymum skal hafa fasta stiga í samræmi við reglur og leiðbeiningar Vinnueftirlits ríkisins.

Neðanjarðarolíugeymar.

19. gr.

Niðurgrafnir olíugeymar geta verið stálgeymar með tæringarvörn, trefjaplastgeymar gerðir fyrir viðkomandi olíu eða geymar úr öðrum viðurkenndum efnum.

Tæringar- og lekavarnir.

20. gr.

Tæringarvarnir stálgeyma eru bikhúð, tjöruborði, polyurethanhúð, trefjaplasthúð, bikhúð og katóðuvörn eða sambærilegar varnir.

Ef notuð er katóðuvörn skal eftirlitsaðili samþykkja gerð hennar og gera kröfur um uppsetningu hennar, rekstur og innra eftirlit.

21. gr.

Utan um geyma geta verið lekavarnir; þró úr þéttum jarðvegi, þró úr olíuheldum dúk, steypt þró eða aðrar sambærilegar varnir.

Sé lekavörn um neðanjarðargeymi, skal eftirlitsbrunnur staðsettur innan lekavarnar, svo hægt sé að fylgjast með vökva í henni.

22. gr.

Í samræmi við ákvæði 6. gr. skulu geymar og búnaður samkvæmt 19. - 21. gr. valin sem hér segir:

1. Fyrir 1. flokk.
   I.a. Aðeins er í undantekningartilvikum heimilað að staðsetja geymi á svæði í 1. flokki og þá aðeins stál- eða plastgeymi með lekavörn sem er þró úr olíuheldum dúk eða steypt þró og lekaskynjunarbúnaði.
   I.b.
   Stálgeymir með lekavörn.
   Stálgeymir með tæringarvörn; polyurethanhúð, trefjaplasthúð eða bikhúð og katóðuvörn og lekaviðvörunarbúnaði.
   Trefjaplastgeymir með lekaviðvörunarbúnaði.
   Stálgeymir með bikhúð, hámarksnotkunartími geymis 15 ár.
   Stálgeymir með tæringarvörn; tjöruborða, polyurethanhúð, trefjaplasthúð eða bikhúð og katóðuvörn, hámarksnotkunartími geymis 20 ár.
2. Fyrir 2. flokk
   Stálgeymir með tæringarvörn; polyurethanhúð, trefjaplasthúð eða bikhúð og katóðuvörn.
   Trefjaplastgeymir.
   Stálgeymir með tjöruborða, hámarksnotkunartími geymis 25 ár.
   Stálgeymir með bikhúð, hámarksnotkunartími geymis 20 ár.
3. Fyrir 3. flokk.
   Stálgeymir með tjöruborða, hámarksnotkunartími geymis 30 ár.
   Stálgeymir með bikhúð, hámarksnotkunartími geymis 25 ár.

23. gr.

Lekavörn skal vera a.m.k. jafnhá efsta hluta geymis eða rúma innihald stærsta geymisins í þrónni.

Sé lekavörn gerð úr steinsteypu, skal hún byggð samkvæmt gildandi reglum um slík mannvirki. Sérstaka áherslu skal leggja á þéttleika lekavarnar.

Frágangur og prófanir.

24. gr.

Niðurgrafnir stálgeymar skulu grafnir niður í þétta fyllingu og þannig gengið frá þeim að þeir hreyfist ekki. Fyllingarefnið skal vera hreinn sandur eða fínkornótt möl, hvort tveggja vel þjappað.

Trefjaplastgeymar skulu grafnir niður samkvæmt viðurkenndum staðli eða samkvæmt leiðbeiningum framleiðenda.

Trefjaplastgeymar skulu þrýstiprófaðir fyrir notkun samkvæmt viðurkenndum staðli.

Stálgeymar skulu vera skoðaðir og þrýstiprófaðir með lofti, 0,3 bar, áður en þeir eru grafnir niður.

25. gr.

Ganga skal frá geymum, sem eru grafnir niður á stöðum þar sem gætir sjávarfalla eða flóðahætta er fyrir hendi, á þann hátt að þeir fljóti ekki upp.

26. gr.

Þegar geymir er tekinn úr notkun skal eigandi hans ganga frá honum á þann hátt að umhverfinu stafi ekki hætta af. Fullnægjandi frágangur fellst ýmist í að grafa geymi

upp og fjarlægja ásamt öllu því sem honum tilheyrir eða tæma hann, gera hann gasfrían og fylla með óvirku efni. Eftirlitsaðili skal meta hvort frágangur geymis sé með ofangreindum hætti.

4. KAFLI
Lagnir.

Almennt um lagnir.

27. gr.

Olíulagnir skulu vera í samræmi við samþykkta staðla og með viðurkenndu verklagi. Stefnur lagna skulu skerast sem minnst. Lagnir skulu ekki snerta hver aðra. Þar sem búast má við þenslu skal vera búnaður til að mæta henni.

28. gr.

Þar sem líkur eru á jarðskjálftum, jarðsigi eða öðrum náttúruhamförum skal útbúa olíulagnir þannig að þær geti tekið á sig sveigju.

29. gr.

Verja skal olíulagnir sem eru neðanjarðar, í jarðvegsgörðum eða neðansjávar, með viðurkenndu tæringarverjandi efni.

30. gr.

Koma skal lokum á olíulögnum þannig fyrir að auðvelt sé að opna þá, loka þeim og halda þeim við. Þeir mega ekki verða fyrir utanaðkomandi álagi, hnjaski eða bera álag frá lögnum.

31. gr.

Allar lagnir og breytingar á þeim skulu færðar inn málsettar á teikningar. Þar skal koma fram afstaða neðanjarðarlagna til nærliggjandi mannvirkja. Slíkum teikningum skal skilað til byggingarfulltrúa, sem sendir eintak af þeim til hlutaðeigandi eftirlitsaðila.

32. gr.

Allar olíulagnir skal þrýstiprófa áður en þær eru teknar í notkun. Óheimilt er að hylja neðanjarðarolíulagnir fyrr en eftir úttekt eftirlitsaðila. Framkvæma skal þrýstiprófun eftir viðurkenndum reglum og skal hún vottuð af byggingarfulltrúa eða öðrum viðurkenndum úttektaraðila.

Lagnir í olíubirgðastöðvum.

33. gr.

Olíulagnir á landi skulu alla jafna vera ofanjarðar. Olíulagnir sem lagðar eru neðanjarðar, t.d. vegna umferðar, skulu vera með þeim hætti að þær þoli það álag sem búast má við. Óheimilt er að reisa byggingar ofan á óvörðum neðanjarðarlögnum.

Allar lagnir innan lekavarnar olíugeymis skulu vera ofanjarðar. Þó er heimilt að leggja lagnir í gegnum jarðvegsgarða lekavarna.

Á fremri enda olíulöndunarlagnar við löndunartengingu, skal vera einstefnuloki. Sé löndunarleiðsla ofanjarðar í sérstakri hættu, t.d. vegna umferðar, skal vera einstreymisloki við birgðageymi.

34. gr.

Á nýjum neðansjávarolíulögnum skal röntgenmynda fjórðu hverja suðu hvers suðumanns, áður en lagnir eru teknar í notkun. Standist suða ekki kröfur skal mynda þrjár næstu suður viðkomandi suðumanns í hvora átt.

Ef eldri neðansjávarlagnir eru teknar upp og ætlunin er að setja þær aftur niður geta eftirlitsaðilar krafist þess að suður verði röntgenmyndaðar, sbr. 1. mgr., enda sé ástæða til að ætla að lagnirnar uppfylli ekki ákvæði reglugerðar þessarar.

35. gr.

Þar sem neðansjávarlögn kemur í land skal einangra hana frá rafstraumi.

Lagnir olíubirgðastöðva skulu vera þrýstiprófaðar með vökva og a.m.k. 1,5 sinnum vinnuþrýstingi, en þó ekki með minni þrýstingi en 10 bar. Þrýstingnum skal haldið í a.m.k. 12 klst.

Olíulagnir sem eru neðansjávar skal þrýstiprófa með vökva og a.m.k. tvöföldum vinnuþrýstingi, en þó eigi lægri þrýstingi en 15 bar. Þrýstingnum skal haldið í a.m.k. 12 klst. Eigandi skal senda skýrslu um prófunina til viðkomandi hafnarstjóra.

Lagnir í bensínstöðvum.

36. gr.

Olíulagnir bensínstöðva skulu að jafnaði vera neðanjarðar. Gengið skal frá lögnunum með þeim hætti að þær þoli það álag sem búast má við.

Olíulagnir geta verið úr stáli, plasti, trefjaplasti eða öðrum viðurkenndum efnum. Fylgja skal fyrirmælum framleiðanda hvað samsetningu og frágang varðar.

Á olíulagnir sem eru undir þrýstingi skal tengja þrýstivaka og brotloka.

Allar olíulagnir skulu þrýstiprófaðar fyrir notkun með 1,5 sinnum vinnuþrýstingi en þó ekki minni þrýstingi en 5 bar nema fyrirmæli framleiðenda kveði á um annað. Þrýstingnum skal haldið í a.m.k. 1 klukkustund.

Lagnir fyrir aðra geyma undir olíu.

37. gr.

Frágangur olíulagna, hvort sem þær eru ofanjarðar eða neðanjarðar, skal ávallt vera með þeim hætti að ekki sé hætta á að þær verði fyrir hnjaski eða álagi.

Um þrýstiprófanir er vísað til 36. gr.

Viðhald lagna í olíubirgðastöðvum.

38. gr.

Óheimilt er að nota olíulögn úr stáli, ef efnisþykkt hennar á tilteknum stað er minni en lágmarksþykkt, sbr. eftirfarandi töflu, fyrr en eftir viðgerð eða endurnýjun:

Innra þvermál (nafnmál) í mm.	Lágmarks efnisþykkt í mm.
50	2
65	2
80	2,5
100	2,5
150	3
200	3
250	3,5
300	3,5

Við mat á lögn sem hefur minni efnisþykkt en tilgreind er sem lágmarks efnisþykkt, vegna tæringar eða skemmda, skal skoða sem svarar 5% af heildarlengd hennar næst því svæði sem fellur undir lágmarksþykkt. Leiði sú skoðun í ljós að efnisþykkt lagnar sé

yfir lágmarksmörkum er heimilt að nota lögn eftir viðgerð eða endurnýjun á þeim hluta sem ekki uppfyllir kröfur um lágmarksþykkt, en ef hún er á einhverjum stað undir lágmarksmörkum skal endurtaka skoðun á sama hátt. Skoðun skal endurtaka á meðan eitthvert svæði fellur undir lágmarksþykkt.

39. gr.

Neðansjávarlagnir skulu skoðaðar a.m.k. árlega og skal eigandi eða rekstraraðili senda Siglingamálastofnun ríkisins og hafnarstjóra afrit af skoðunarskýrslunni.

40. gr.

Óheimilt er að hafa loka á olíubirgðageymum opna og ólæsta þegar geymir er ekki í notkun. Lokar á löndunarlögnum skulu ávallt vera lokaðir þegar þeir eru ekki í notkun.

Viðhald lagna í bensínstöðvum.

41. gr.

Lekaprófa skal olíulagnir eftir breytingar og viðgerðir. Niðurstöður lekaprófunar og breytinga skal færa í rekstrarhandbók.

Verði tæringar vart í olíulögnum, skal stöðva hana með viðgerð eða endurnýja lagnirnar.

Viðhald lagna vegna annarrar geymslu á olíu.

42. gr.

Um viðhald lagna vegna annarrar geymslu á olíu gilda sömu ákvæði og um viðhald olíulagna olíubirgðastöðva og bensínstöðva, sjá 37. til 41. gr., eftir því sem við á m.t.t. innra þvermáls lagna.

5. KAFLI

Olíubirgðastöðvar.

Almennt um olíubirgðastöðvar.

43. gr.

Afgreiðsluhús olíubirgðastöðva skal vera staðsett sem næst aðalhliði stöðvarinnar. Stöðvarnar skulu vera afgirtar með minnst 2.0 m hárri girðingu sem hindrar óviðkomandi umferð. Olíuheld lekavörn skal vera til staðar svo mögulegt sé að koma í veg fyrir að olía fari út í umhverfið.

44. gr.

Í olíuinnflutningsstöðvum, þar sem olíu er dælt úr eða í olíuflutningaskip, skal vera aðstaða fyrir móttöku á olíublandaðari kjölfestu og öðrum olíuúrgangi frá olíuflutningaskipum sem flytja olíu innanlands.

Bygging olíugeyma

45. gr.

Um gerð og frágang olíugeyma vísast til 3 kafla.

Bygging olíuheldra lekavarna.

46. gr.

Rúmtak lekavarnar fyrir olíugeyma í olíubirgðastöð skal vera sem hér segir:

a) Fyrir einn geymi skal rúmtak lekavarnar vera meira en sem nemur 90% af rýmd geymis.

b) Ef fleiri en einn geymir er í sömu lekavörn skal rúmtak lekavarnar vera meira en sem nemur 90% af rýmd stærsta geymis í lekavörninni að viðbættri rýmd annarra geyma í hæð lekavarnar.
c) Ef til staðar er olíugirðing til að hefta útbreiðslu olíu sem fer í sjó, er heimilt að minnka rýmd lekavarna í a) og b) í 60%.

47. gr.

Lekavörn getur verið úr steinsteypu, viðurkenndum olíuheldum dúk eða jarðvegi.

Hönnun lekavarnar skal miðuð við að hún þoli að standa full af vatni. Yfirborð jarðvegsgarða skal vera bundið. Akstur yfir garða lekavarnar er óheimill nema þar sem sérstök akstursleið er mörkuð.

Lekt lekavarnar skal vera minni en 2x10-5 cm/s miðað við vatn eða vökva með ámóta seigju. Jarðvegsefni sem nota á til þéttingar skulu lektarmæld af viðurkenndum aðila og teljast viðunandi, ef þau standast lektarprófun við 90% - 95% „Standard Proctor" þjöppun.

Prófa skal þjöppun og þéttleika þegar efnið er lagt í botn þrórinnar, prófunin skal framkvæmd af viðurkenndum aðila.

Lágmarksþykkt jarðvegs til þéttingar í botni þróar skal vera 15 cm. Æskilegt er að setja hlífðarlag á þéttilagið.

Gerð áfyllingarplans.

48. gr.

Þar sem fyllt er á olíuflutningstæki skal vera áfyllingarplan úr steinsteypu eða öðru sambærilegu þéttu efni sem þolir olíu. Niðurfallslagnir úr planinu skulu liggja í olíuskilju.

Bygging olíuskilju.

49. gr.

Olíuskilja skal vera til staðar við olíubirgðastöðvar og í hana skal leiða yfirborðsvatn úr lekavörn, undantöppunarvatn frá olíubirgðageymum, niðurfallslögn frá áfyllingarplani og niðurfallslögn frá dæluhúsum, ef það á við.

50. gr.

Olíuskilja skal vera utan lekavarnar. Loki skal vera á innstreymislögn frá lekavörn. Hann skal ávallt vera lokaður á þeim tíma sem starfsmenn eru ekki í stöðinni.

Eftirlitsaðila er heimilt að leyfa að olíuskiljubúnaðurinn sé innan lekavarnar en þá skulu lokar vera við inn- og útstreymislagnir skiljubúnaðar og skulu þeir ávallt vera lokaðir þegar starfsmenn eru ekki í stöðinni.

51. gr.

Olíuskilja skal vera þannig hönnuð að hún geti tekið við því regnvatni sem ætla má að borist geti af því svæði sem tengt er í olíuskiljubúnaðinn. Hönnun skal miða við leiðbeiningar og upplýsingar um olíuskiljur frá Hollustuvernd ríkisins og skal olíuskilja a.m.k. uppfylla þær kröfur sem þar koma fram.

Olíumagn í frárennsli frá olíubirgðastöð má ekki vera meira en 15 hlutar í 1.000.000 hluta blöndunar (15 hím eða 15 ppm) við útrás í sjó. Tryggt skal að aðstæður á vettvangi séu með þeim hætti að auðvelt sé að fylgjast með frárennsli frá olíuskilju.

Rekstur olíubirgðastöðva.

52. gr.

Tilkynna skal nafn rekstraraðila olíubirgðastöðva til Siglingamálastofnunar ríkisins. Umsjónarmenn og aðrir starfsmenn stöðvanna skulu kunna skil á lögum og reglugerðum sem eiga við um starfsemi olíubirgðastöðva.

53. gr.

Helstu öryggiskröfur í rekstri olíubirgðastöðvar eru: eftirlit með olíu sem fer um stöðina, brunavarnir, mengunarvarnir, vinnuvernd og viðbragðsáætlun.

54. gr.

Starfsmenn olíubirgðastöðva skulu við áfyllingu geyma fullvissa sig um að nægilegt rými sé á þeim geymi sem dælt er á áður en fylling fer fram.

Starfsmaður skal vera viðstaddur dælingu á geyma.

55. gr.

Mæla skal reglulega magn vökva í olíuskilju og hreinsa hana eftir þörfum. Þess skal getið í rekstrarhandbók hvenær mæling og hreinsun hafi farið fram.

56. gr.

Óviðkomandi umferð er bönnuð í olíubirgðastöðvum. Engir óviðkomandi hlutir skulu vera í lekavörn.

57. gr.

Lekabyttur skulu vera til staðar til að taka við tilfallandi olíuleka. Ávallt skal hafa lekabyttur undir tengi sem tekið er í sundur.

58. gr.

Rekstraraðilar legufæra olíuflutningaskipa skulu láta skoða þau árlega. Skýrsla um ástand þeirra skal send Siglingamálastofnun ríkisins og viðkomandi hafnaryfirvöldum.

Innra eftirlit.

59. gr.

Rekstrarhandbók fyrir starfsemi olíubirgðastöðva, sbr. viðauka 2, skal vera í hverri stöð.

Í handbókina skal skrá á aðgengilegan hátt upplýsingar um a.m.k. eftirfarandi þætti: eftirlit, breytingar á stöðinni, athugasemdir starfsmanna og eftirlitsmanna um viðhald, ástand og tæmingu olíuskilju, þrýsti-, leka- og þéttiprófanir, þykktarmælingar og birgðauppgjör á mánaðarfresti.

Rekstraraðili skal skrá allt eftirlit og meiriháttar viðhald í rekstrarhandbók olíubirgðastöðvar.

60. gr.

Rekstraraðili skal láta fara fram eftirfarandi prófanir og úttektir og skrá niðurstöðu í rekstrarhandbók. Á eins árs fresti skal skoða legufæri og þrýstiprófa olíulöndunarlagnir neðansjávar. Á fimm ára fresti skal þrýstiprófa olíulagnir á landi. Á tíu ára fresti skal framkvæma lekaprófun á lekavörn þar sem því verður við komið. Jafnframt skal þykktarmæla botn og neðsta umfar olíubirgðageyma eigi sjaldnar en á tíu ára fresti. Miða skal við að þykktarmæling sé framkvæmd samhliða geymahreinsun.

Prófanir og úttektir skulu vottaðar af viðurkenndum úttektaraðila.

Viðbragðsáætlun o.fl.

61. gr.

Rekstraraðili skal setja starfsmönnum olíubirgðastöðva starfsreglur. Starfsmenn skulu fá viðeigandi þjálfun á tæki og öryggisbúnað sem gerir þá hæfa til að vinna í stöðinni. Jafnframt skulu þeir hljóta staðgóða fræðslu um eiginleika allra olíutegunda sem meðhöndlaðar eru í stöðinni.

62. gr.

Í olíubirgðastöðvum skal vera til viðbragðsáætlun um aðgerðir ef til mengunaróhapps kemur. Áætlunin skal a.m.k. innihalda ákvæði um tilkynningaskyldu við óhöppum, varageyma og köllunarskrá.

Allir starfsmenn olíubirgðastöðva skulu hljóta kennslu og æfingu í því hvernig bregðast skal við mengunaróhöppum. Æfingarnar skulu veita þekkingu á aðgerðum gegn olíumengun og æfingu í að kalla út hafnaryfirvöld, slökkvilið, björgunarsveit og aðra aðila eins og við á hverju sinni.

Áætlun um viðbrögð við mengunaróhöppum skal samþykkt af Siglingamálastofnun ríkisins.

Viðbragðsáætlun þessi skal liggja frammi á áberandi stað fyrir starfsmenn.

6. KAFLI
Bensínstöðvar.

Um bensínstöðvar.

63. gr.

Við afgreiðslutæki, fyllingu og útöndun geyma skulu vera skilti sem gefa til kynna að óheimilt sé að reykja og að vélar farartækja megi ekki vera í gangi meðan á afgreiðslu þeirra stendur.

Þvottaplön bensínstöðva skulu a.m.k. tengd sandskilju.

Olíugeymar bensínstöðva.

64. gr.

Um gerð og frágang olíugeyma vísast til 3. kafla. Ofanjarðargeymar bensínstöðva skulu staðsettir utan akstursleiða.

Olíulagnir bensínstöðva.

65. gr.

Um gerð og frágang olíulagna vísast til 4. kafla.

Afgreiðslutæki bensínstöðva.

66. gr.

Afgreiðslutæki skal staðsetja á upphækkun til að verja þau fyrir hnjaski.

Í afgreiðslutæki skal vera mælir sem notaður er til að ákvarða afgreitt magn sem lagt skal til grundvallar við birgðauppgjör.

Þegar um þrýstikerfi er að ræða skal setja brotloka undir afgreiðslutæki.

Afgreiðslubyssa á slöngu afgreiðslutækis skal vera þannig útbúin að hún loki fyrir rennsli þegar geymir farartækis fyllist. Á slöngu skal vera loki sem brotnar við álag.

Afgreiðsluplan.

67. gr.

Við allar söludælur skal vera afmarkað afgreiðsluplan gert úr vökvaheldu efni sem þolir olíur. Afrennsli af því skal leitt í olíuskilju.

Afgreiðsluplan skal hannað með þeim hætti að það geti tekið við tilfallandi leka við eldsneytisafgreiðslu, t.d. steypt plan.

Áfyllingarplan.

68. gr.

Þar sem fyllt er á olíugeyma skal vera nægjanlegt athafnasvæði fyrir olíuflutningabifreið. Áfyllingarplan skal hannað með þeim hætti að auðvelt sé að fylla eldsneyti á olíugeyma.

Sá hluti áfyllingarplans þar sem slöngur olíuflutningabifreiðar og tengingar olíugeyma eru, skal vera með vökvaheldu yfirborði og afrennsli af því leitt í olíuskilju.

Frágangur á áfyllingartengjum geyma skal vera með þeim hætti að þau verði ekki fyrir hnjaski. Lok á tengingum skulu vera læst eða þannig frá þeim gengið að óviðkomandi komist ekki auðveldlega að.

Gengið skal frá útloftunarrörum frá olíugeymum með þeim hætti að þau nái 3,5 m upp fyrir jarðvegsyfirborð, eða 0,5 m upp fyrir hæsta hluta geymis þess olíubíls sem fyllir á geyma stöðvarinnar. Á enda útloftunarrörs skal vera brunavarnarnet.

Olíuskilja.

69. gr.

Á hverri bensínstöð skal vera olíuskilja og skal leiða afrennsli frá afgreiðslusvæði og áfyllingarsvæði í hana.

Þar sem þvottastöðvar eða smurstöðvar eru á bensínstöðvum skal vera sérstök olíuskilja tengd við frárennsli hennar. Tryggt skal að aðstæður á vettvangi séu með þeim hætti að auðvelt sé að fylgjast með frárennsli frá olíuskilju.

Miða skal byggingu og frágang olíuskilju við leiðbeiningar og upplýsingar um olíuskiljur frá Hollustuvernd ríkisins og skal olíuskilja a.m.k. uppfylla þær kröfur sem þar koma fram.

Öryggiskröfur o.fl.

70. gr.

Helstu öryggiskröfur í rekstri bensínstöðva eru: eftirlit með olíu sem fer um stöðina, umhverfisvarnir, brunavarnir, mengunarvarnir, vinnuvernd, viðbragðsáætlun og meðferð olíuúrgangs.

71. gr.

Starfsmönnum bensínstöðva skulu settar starfsreglur af eiganda eða rekstraraðila eftir því sem við á. Þeir skulu fá þjálfun á tæki og öryggisbúnað sem gerir þá hæfa til að vinna í stöðinni og hljóta staðgóða fræðslu um eiginleika allra olíutegunda sem þar eru meðhöndlaðar.

72. gr.

Óheimilt er að fylla á birgðageyma nema að höfðu samráði við yfirmann bensínstöðvar eða eftir mælingu á magni í geymi.

73. gr.

Olíubifreiðastjórar skulu fullvissa sig um að nægilegt rými sé á þeim geymi sem fyllt er á áður en fylling hefst og vera viðstaddir fyllingu.

74. gr.

Vaktstjóri hverrar vaktar skal kunna skil á ákvæðum starfsleyfis stöðvarinnar, starfsreglum, viðbragðsáætlun svo og lögum og reglugerðum er varða starfsemi bensínstöðva og eiginleika olíutegunda.

Innra eftirlit.

75. gr.

Rekstrarhandbók, sbr. viðauka 2, skal vera á hverri bensínstöð. Í handbókina skal á aðgengilegan hátt skrá upplýsingar um a.m.k. eftirfarandi þætti: eftirlit, breytingar á bensínstöðinni, athugasemdir starfsmanna og eftirlitsaðila um viðhald, ástand og tæmingu olíuskilju, þrýsti- og lekaprófanir, þykktarmælingar á geymum, ef við á, svo og lekakönnun á mánaðarfresti sem skal að jafnaði vera birgðauppgjör.

76. gr.

Mæla skal reglulega vökva í olískilju, tæma hana eftir þörfum og skrá niðurstöðu mælingar ásamt dagsetningu í rekstrarhandbók.

Rekstraraðili skal ennfremur skrá allt eftirlit og meiriháttar viðhald í rekstrarhandbók stöðvarinnar.

Rekstraraðili skal á tíu ára fresti láta lekaprófa olíugeyma og olíulagnir. Jafnframt skal gera úttekt á þessum búnaði og skrá niðurstöður í rekstrarhandbók.

Prófanir og úttektir skulu vottaðar af viðurkenndum úttektaraðila.

Viðbragðsáætlun.

77. gr.

Á bensínstöðvum skal vera til viðbragðsáætlun með fyrirmælum um viðbrögð ef til mengunaróhapps kemur. Allir starfsmenn bensínstöðvar skulu hljóta kennslu og æfingu í því hvernig bregðast skal við mengunaróhöppum. Æfingarnar skulu veita þekkingu á aðgerðum gegn olíumengun og æfingu í að kalla út þá aðila er sjá um aðgerðir gegn mengunaróhöppum. Áætlun þessi tekur m.a. yfir tilkynningaskyldu við óhöppum og köllunarskrá.

Viðbragðsáætlun þessi skal liggja frammi á áberandi stað fyrir starfsmenn.

7. KAFLI
Önnur geymsla og meðhöndlun á olíu.

Almennt.

78. gr.

Ákvæði um geyma, lagnir og staðsetningu samkvæmt 2., 3. og 4. kafla gilda um aðra meðhöndlun og geymslu á olíu, svo sem olíuúrgang og geymslu annarra spillefna á geymum. Allir geymar skulu staðsettir og varðir þannig að þeir verði ekki fyrir hnjaski frá farartækjum.

Sjálfsafgreiðslubúnaður.

79. gr.

Á sjálfsafgreiðslubúnaði, þar sem viðskiptavinur eða notandi afgreiðir sjálfur olíu á farartæki eða báta og þar sem sjálfrennsli getur orðið, skal vera sjálfvirkur loki við geymi, sem lokar fyrir lögn frá honum þegar búnaðurinn er ekki í notkun.

Neyslugeymar o.fl.

80. gr.

Þeir aðilar sem óska eftir að nota neyslugeyma skulu sækja um leyfi til viðkomandi heilbrigðisnefndar. Ákvæðið á við um húsageyma, lausageyma og aðra geyma sem falla undir þessa skilgreiningu. Heilbrigðisnefnd skal setja ákvæði um rekstur neyslugeyma í starfsleyfi, sbr. mengunarvarnareglugerð.

Ganga skal þannig frá neyslugeymum að ekki geti orðið sjálfrennsli frá þeim þegar þeir eru ekki í notkun.

81. gr.

Gengið skal frá úrgangsolíugeymum með þeim hætti að auðvelt sé að losa í þá olíu og tæma þá.

8. KAFLI
Framkvæmd eftirlits.

82. gr.

Eftirlit með framkvæmd reglugerðar þessarar er í höndum Siglingamálastofnunar ríkisins, Hollustuverndar ríkisins eða hlutaðeigandi heilbrigðisnefndar.

Siglingamálastofnun ríkisins hefur eftirlit með olíubirgðastöðvum, olíugeymum á hafnarsvæðum og olíugeymum yfir 10 m^3 sem ekki eru tengdir starfsleyfisskyldri starfsemi.

Heilbrigðisnefnd hefur eftirlit með bensínstöðvum, olíugeymum undir 10 m^3 utan hafnarsvæða og olíugeymum yfir 10 m^3 sem tengdir eru starfsleyfisskyldri starfsemi sem heilbrigðisnefnd vinnur starfsleyfi fyrir.

Loks hefur Hollustuvernd ríkisins eftirlit með meðhöndlun og förgun olíuúrgangs svo og eftirlit með olíugeymum sem tengdir eru starfsleyfisskyldri starfsemi sem stofnunin vinnur starfsleyfi fyrir.

83. gr.

Eftirlit nær til búnaðar og allra aðstæðna sem valdið geta mengun af völdum olíu. Eftirlitið felst í að framfylgja ákvæðum laga, reglugerða og starfsleyfa.

Eftirlitsaðili skal með fræðslu, leiðbeiningum og upplýsingum stuðla að aðgerðum sem miða að því að hindra og/eða takmarka mengun.

84. gr.

Þegar óskað er eftir skal veita eftirlitsaðila aðgang að svæðum og mannvirkjum þar sem mengunarhætta er til staðar eða mengunaróhöpp hafa orðið, svo og að búnaði og tækjum sem valdið geta mengun. Eftirlitsaðila skulu veittar allar upplýsingar sem hann telur nauðsynlegar vegna eftirlitsins, svo sem vitneskju um öryggisbúnað og viðhald.

Hafi eftirlitsaðili athugasemdir fram að færa, skal hann koma þeim skriflega til eiganda eða rekstraraðila eftir því sem við á hverju sinni.

85. gr.

Eftirlitsaðilar geta samið sín á milli um að skipta eftirlitinu á annan veg en kveðið er á um í 82. gr. Samkomulag um skiptingu eftirlits er háð staðfestingu ráðherra. Ábyrgð á eftirlitinu hvílir eftir sem áður hjá þeim aðila sem skal annast það samkvæmt 82. gr.

86. gr.

Meðan á byggingu olíumannvirkja stendur geta hlutaðeigandi eftirlitsaðilar sinnt eftirliti vegna mengunarvarna á byggingarstað í samráði við byggingarfulltrúa og skulu þeir skila skýrslu um skoðunina til byggingarfulltrúa.

Greiða skal fyrir byggingareftirlit í samræmi við byggingarlög nr. 54/1978. Fyrir vottorð og umsagnir, sbr. gr. 3.1.4 í byggingareglugerð nr. 177/1992, skal greiða í samræmi við gjaldskrá viðkomandi heilbrigðiseftirlitssvæðis, Hollustuverndar ríkisins eða Siglingamálastofnunar ríkisins eftir því sem við á hverju sinni.

Olíubirgðastöðvar.

87. gr.

Reglubundið eftirlit með mengunarvörnum skal fara fram hjá olíubirgðastöðvum eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti. Við reglubundið eftirlit skal skoða rekstrarhandbók og önnur atriði sem eftirlitsaðili telur nauðsynleg. Leiði athugun eftirlitsaðila í ljós þörf á frekari athugunum, t.d. vegna tæringar eða að kanna þurfi legufæri eða þéttleika lekavarna, skal rekstraraðili koma mengunarvörnum í viðunandi horf.

Eftirlit með olíugeymum og lögnum skal framkvæmt með þrýstiprófun, útlitsskoðun og þykktarmælingu.

Rekstrarhandbók skal liggja frammi í olíubirgðastöð fyrir eftirlitsaðila.

88. gr.

Kostnaður af reglubundnu eftirliti með mengunarvarnabúnaði olíubirgðastöðva greiðist úr ríkissjóði en annar kostnaður af eigendum búnaðarins.

Eigendur olíubirgðastöðva greiða fast gjald til Siglingamálastofnunar ríkisins fyrir athugun, samþykkt teikninga og verklýsinga vegna nýrra olíubirgðastöðva, eða vegna breytinga á eldri stöðvum.

Bensínstöðvar.

89. gr.

Bensínstöðvar eru starfsleyfis- og eftirlitsskyldar samkvæmt ákvæðum mengunarvarnareglugerðar nr. 396/1992. Í starfsleyfi skulu m.a. vera nánari ákvæði um mengunarvarnir, eftirlit og búnað til að bregðast við mengunaróhöppum. Við reglubundið eftirlit skal m.a. skoða rekstrarhandbók og önnur atriði er eftirlitsaðili telur nauðsynleg.

Eftirlit með olíugeymum og lögnum skal framkvæmt með lekaprófun, útlitsskoðun eða þykktarmælingu.

Starfsleyfisgjald og árlegt eftirlitsgjald skal greiða samkvæmt gjaldskrá viðkomandi heilbrigðiseftirlitssvæðis.

Önnur geymsla á olíu.

90. gr.

Önnur geymsla olíu er starfsleyfis- og eftirlitsskyld samkvæmt mengunarvarnareglugerð, sbr. og 80. gr. þessarar reglugerðar.

Olíugeymar sem tengjast starfsemi starfsleyfisskyldra fyrirtækja samkvæmt mengunarvarnareglugerð, nr. 396/1992, lúta jafnframt eftirliti í samræmi við starfsleyfi.

Rekstraraðili skal láta lekaprófa lagnir og geyma á 10 ára fresti. Prófanir skulu vottaðar af viðurkenndum úttektaraðila.

Íhlutun og þvingunarúrræði.

91. gr.

Um íhlutun, valdsvið og þvingunarúrræði vísast til laga um varnir gegn mengun sjávar nr. 32/1986 og laga um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit nr. 81/1988 eftir því sem við á hverju sinni.

Viðbrögð við mengunaróhöppum.

92. gr.

Verði mengunaróhapp, eða ef hætta er á slíku, skulu notendur eða rekstraraðilar viðkomandi starfsemi hefja án tafar viðeigandi aðgerðir sem miða að því að draga úr áhrifum óhappsins. Þeir skulu tilkynna hlutaðeigandi eftirlitsaðilum eða hafnaryfirvöldum um óhappið.

93. gr.

Hafi verulegt magn miðað við aðstæður, t.d. 100 l eða meira, af olíu borist út í umhverfið og ekki hefur tekist að ná olíunni upp innan tveggja klukkustunda frá því að óhappið varð, skulu notendur eða rekstraraðilar viðkomandi starfsemi leggja fram skrifleg drög að björgunaráætlun til eftirlitsaðila innan fjögurra klukkustunda frá tilkynningu óhappsins.

94. gr.

Í björgunaráætluninni skal a.m.k. vera mat á eðli og umfangi óhapps, mat á yfirstandandi hættu og áætlun um aðgerðir þ.m.t mannaflaþörf og tiltækan tækjabúnað.

Nú telur eftirlitsaðili að björgunaráætluninni sé í einhverju ábótavant, t.d. vanmat á eðli og umfangi óhapps, getur hann þá krafist þess að úr verði bætt.

Fallist eftirlitsaðili ekki á stjórnun aðgerða við björgunarstörf skal hann tilkynna skriflega eigendum eða umráðamönnum viðkomandi starfsemi að hann hafi tekið stjórn aðgerða af viðkomandi. Eigandi hlýtir þá fyrirmælum eftirlitsaðila á meðan alvarlegt hættuástand varir.

95. gr.

Rekstraraðilar olíubirgðastöðva og bensínstöðva skulu hafa tiltækan lágmarksbúnað, t.d. sérstök ídræg efni eða mottur, svo hægt sé að bregðast við mengunaróhöppum eftir því sem kostur er. Skrá skal tiltækan búnað í rekstrarhandbækur viðkomandi stöðva.

Notendur geyma yfir 4m^3 skulu hafa tiltækan lágmarksbúnað eða aðgang að lágmarksbúnaði til að bregðast við mengunaróhöppum eftir því sem kostur er.

9. KAFLI
Ýmis ákvæði.

Olíubirgðastöðvar.

96. gr.

Olíubirgðastöðvum og geymum sem byggðir voru áður en reglur nr. 560/1982 um varnir gegn olíumengun sjávar við olíubirgðastöðvar gengu í gildi, skal sem fyrst komið í það horf að eftirfarandi atriði þessarar reglugerðar séu uppfyllt:

1. Ákvæði 52.-62. gr. um starfsemi og eftirlit skulu uppfyllt árið 1996.
2. Áfyllingarplön tengd olíuskiljum, sbr. ákvæði 48.-51. gr., skulu vera í olíubirgðastöðvum árið 2005.
3. Eigendur olíubirgðastöðva sem nú upppfylla ekki ákvæði um lekavarnir skulu gera áætlun fyrir 1. júlí 1994 þar sem eftirfarandi kemur fram:
   a) Yfirlit yfir þær stöðvar sem eigendur telja að unnt sé að koma í það horf að ákvæði um olíuheldar lekavarnir í 46. og 47. gr. og ákvæði um girðingar í 2. ml. 43. gr. verði uppfyllt árið 2005.
   b) Tillaga að úrbótum þeirra stöðva sem ekki falla undir lið a) skal innihalda áætlun um þéttingu lekavarna sem fyrir eru, viðbúnað sem gefur til kynna að leki hafi orðið í stöðinni og þar sem slíkt á við og tiltækar olíugirðingar í grenndinni.

97. gr.

Ákvæði 52.-62. gr. um starfsemi og innra eftirlit skulu uppfyllt árið 1996 hvað varðar olíubirgðastöðvar og geyma sem byggðir og endurbyggðir eru samkvæmt reglum nr. 560/1982.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 60. gr. er heimilt að miða tímamark skoðana og prófana við síðustu úttekt.

98. gr

Eigendur olíubirgðastöðva og olíugeyma sem vegna tæknilegra örðugleika uppfylla ekki ákvæði þessarar reglugerðar skulu senda eftirlitsaðila áætlun fyrir 1. júlí 1994 um hvernig því marki skal náð. Eftir að eftirlitsaðili hefur samþykkt áætlunina telst hún bindandi.

Hver áætlun skal taka til þriggja ára og uppfylla eftirfarandi markmið: árið 1996 skal 25% af endurbótum lokið, 50% árið 1999, 75% árið 2002 og 2005 skal endurbótum að fullu lokið.

Neðanjarðarolíugeymar.

99. gr.

Allir niðurgrafnir geymar sem eru 25 ára eða eldri við gildistöku þessarar reglugerðar, svo og geymar sem verða 25 ára á næstu 5 árum, skulu teknir úr notkun á 5 ára tímabili eftir gildistöku reglugerðar þessarar. Sama gildir um geyma þegar óvíst er um aldur þeirra. Fimm árum eftir gildistöku reglugerðar þessarar skulu allir neðanjarðargeymar sem eru úr stáli og án tæringarvarnar eða með bikhúð eða tjöruborða sem tæringarvörn (20. gr.) teknir úr notkun þegar þeir ná 25 ára aldri.

Niðurgrafnir olíugeymar sem eru í notkun við gildistöku þessarar reglugerðar skulu prófaðir á eftirfarandi hátt:

1. Lekakanna skal alla geyma á mánaðarfresti. Lekakönnun skal að jafnaði vera birgðauppgjör. Sé ekki hægt að framkvæma lekakönnun á mánaðarfresti styttist hámarkstími, sbr. 1. mgr., um 5 ár.
2. Stálgeymar, yngri en 15 ára, án tæringarvarnar eða með bikhúð eða tjöruborða sem tæringarvörn (20. gr.) skulu lekaprófaðir á 5 ára fresti.
3. Stálgeymar, eldri en 15 ára, án tæringarvarnar eða með bikhúð eða tjöruborða sem tæringavörn, sbr. 20. gr., skulu lekaprófaðir á árs fresti.

Neðanjarðarlagnir tengdar ofangreindum geymum skulu prófaðar um leið og geymarnir.

100. gr.

Viðbótargeymar sem settir eru niður í gamalt geymastæði skulu a.m.k. standast sömu kröfur og nýjasti geymirinn í stæðinu. Þegar kemur að endurnýjun elsta geymis í samræmi við ákvæði 1. mgr. 99. gr. skal öllum geymum í stæðinu komið í það horf sem staðsetning þess krefst samkvæmt 22. gr.

101. gr.

Nú er heimilt eftir skoðun að setja gamlan geymi niður aftur og skal hann þá hafa sömu tæringarvörn og nýr geymir. Ef eftirlitsaðili telur ástæðu til skulu eldri geymar skoðaðir eftir styttri tíma en nýir geymar. Hafa skal samráð við eftirlitsaðila um slíkar skoðanir.

Bensínstöðvar.

102. gr.

Bensínstöðvar sem byggðar voru fyrir gildistöku reglugerðar þessarar skal komið í það horf að þær uppfylli:

1. Ákvæði um rekstur, innra eftirlit og viðbragðsáætlun, sbr. 70.-77. gr., árið 1996. Þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. 76. gr. er heimilt að miða tímamark prófana og skoðana við síðustu prófun og skoðun.
2. Ákvæði 99. gr. um neðanjarðarolíugeyma.
3. Ákvæði um að afgreiðsluplön skulu vera tengd olíuskilju, sbr. 67. og 69. gr., skulu uppfyllt árið 2005 á bensínstöðvum sem afgreiða meira en 600 m^3 af olíu á ári. Framkvæmdum skal dreifa sem jafnast yfir tímabilið og skal senda viðkomandi heilbrigðisnefnd áætlun til samþykktar fyrir 1. júlí 1994.

Undanþágur.

103. gr.

Heilbrigðisnefnd er heimilt að veita tímabundna undanþágu frá einstökum ákvæðum þessarar reglugerðar ef ríkar ástæður eru til slíks að fenginni umsögn Hollustuverndar ríkisins.

Hollustuvernd ríkisins eða Siglingamálastofnun ríkisins er heimilt, eftir því sem við á hverju sinni, að veita tímabundna undanþágu frá einstökum ákvæðum þessarar reglugerðar ef ríkar ástæður eru til slíks.

Viðurlög.

104. gr.

Um málsmeðferð að öðru leyti, dagsektir og viðurlög fer samkvæmt lögum nr. 32/1986 um varnir gegn mengun sjávar og lögum nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit eftir því sem við á hverju sinni.

Gildistaka.

105. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 23. gr. laga nr. 32/1986 um varnir gegn mengun sjávar og 3. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi reglur nr. 560/1982 um varnir gegn olíumengun sjávar við olíubirgðastöðvar.

Umhverfisráðuneytið, 19. janúar 1994.

Össur Skarphéðinsson.

Magnús Jóhannesson.

VIÐAUKI 1

MERKINGAR Á OLÍUGEYMUM OG OLÍULÖGNUM Í BIRGÐASTÖÐVUM

Olíugeymar og lagnir skulu merktar eftirfarandi auðkennum:

Tegund	Grunnur	Merkingar (til hliðsjónar)
Bensín	Rauður	Hvítir stafir
Gasolía	Grár	Svartir stafir
Svartolía	Svartur	Hvítir stafir
Steinolía	Blár	Hvítir stafir
White Spirite	Hvítur	Svartir stafir og rammi.
Flugbensín - Avgas 100 LL	Rauður	Hvítir stafir
Flugsteinolía - Jet A-1	Svartur	Hvítir stafir

Stærð merkjanna skal a.m.k. vera 10 x 30 cm.

VIÐAUKI 2

REKSTRARHANDBÓK

EFNISYFIRLIT FYRIR REKSTRARHANDBÓK OLÍUBIRGÐASTÖÐVA

0.0 INNGANGUR
Tilgangur
Innihald
Notkunarleiðbeiningar
Reglur sem gilda um starfsemi olíubirgðastöðva

1.0 OLÍUBIRGÐASTÖÐ - UPPLÝSINGAR
Starfsmenn, listi m.t.t. ábyrgðar
Afstöðumynd stöðvar - helstu mannvirki
Tæknilegar upplýsingar um birgðageyma
Löndunar- og afgreiðslulagnir - lega, lengdir, þvermál
Flæðiskema
Olíuskilja
Dælu- og rafbúnaður. Teikningar og upplýsingar um rafbúnað
Lokar
Slökkvitæki, slökkvikerfi
Mengunarvarnabúnaður

2.0 VIÐBRAGÐSÁÆTLUN VEGNA SLYSA OG ÓHAPPA
Vegna mengunaróhapps - köllunarskrá
Vegna eldsvoða
Vegna slysa á fólki

3.0 INNRA EFTIRLIT Í OLÍUSTÖÐ
Daglegt eftirlit
Vikulegt eftirlit
Mánaðarlegt eftirlit
Árlegt eftirlit
Geymahreinsanir

4.0 OPINBERT EFTIRLIT Í OLÍUBIRGÐASTÖÐ
Siglingamálastofnun
Aðrir

5.0 MÓTTAKA OG MÆLINGAR
Undirbúningur fyrir áfyllingu eldsneytis á olíugeymi
Dæling - löndun
Frágangur eftir dælingu, undantöppun og mæling
Birgðauppgjör

6.0 AFGREIÐSLA FRÁ OLÍUBIRGÐASTÖÐ
Afgreitt með lögn
Afgreitt á bíl frá áfyllingarplani

7.0 MEÐHÖNDLUN ÚRGANGSOLÍU
Móttaka - söfnun
Geymsla
Afgreiðsla - flutningur

8.0 LÓÐ, HIRÐING OG UMGENGNI

EFNISYFIRLIT FYRIR REKSTRARHANDBÓK BENSÍNSTÖÐVA

0.0 INNGANGUR
Tilgangur
Innihald
Notkunarleiðbeiningar
Reglur sem gilda um starfsemi bensínstöðva

1.0 BENSÍNSTÖÐ - UPPLÝSINGAR
Starfsmenn m.t.t. ábyrgðar
Afstöðumynd bensínstöðvar - helstu mannvirki
Tæknilegar upplýsingar um olíugeyma og olíukerfi
Olíuskilja
Rafbúnaður
Slökkvitæki, slökkvikerfi
Mengunarvarnabúnaður

2.0 VIÐBRAGÐSÁÆTLUN VEGNA SLYSA OG ÓHAPPA
Vegna mengunaróhapps - Köllunarskrá
Vegna eldsvoða
Vegna slysa á fólki

3.0 INNRA EFTIRLIT Á BENSÍNSTÖÐ
Daglegt eftirlit
Vikulegt eftirlit
Mánaðarlegt eftirlit
Árlegt eftirlit
Geymahreinsun


4.0 OPINBERT EFTIRLIT Á BENSÍNSTÖÐ
Heilbrigðis- og mengunareftirlit sveitarstjórnar
Aðrir


5.0 MÓTTAKA ELDSNEYTIS FRÁ BÍL
Ábyrgð olíubifreiðastjóra
Ábyrgð starfsmanna bensínstöðvar

6.0 AFGREIÐSLA FRÁ BENSÍNSTÖÐ
Vinnureglur

7.0 LÓÐ, HIRÐING OG UMGENGNI
Hreinsun á frárennslislögnum, sandbrunnum og sandgildrum

Grunnkort


22°
20°
18°
16°
14°
66°
65°
64°
N
0
50 km
Lek svæði, þar sem búast má við, að rennsli á lengdarmetra í þversniði niður á 50 m dýpi sé meira en 0,01 l/s.


Lek svæði, þar sem búast má við, að rennsli á lengdarmetra í þversniði niður á 50 m dýpi sé 0,001 - 0,01 l/s.
66°
65°
64°
14°
16°
18°
20°
22°
N
0
50 km

GJALDSKRÁ

Orkubús Vestfjarða fyrir raforku.

I. SMÁSALA.

Gjaldskrárliðir.

Orkubú Vestfjarða selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A.1 Almenn notkun.

Öll almenn notkun, svo sem heimilisnotkun, lýsing, smávélanotkun og öll önnur notkun ótalin annars staðar.

Orkugjald	6,04	kr/kWh
Fastagjald F1	3.427,00	kr/ári

A.3 Utanhússlýsing.

Öll notkun og viðhald úti- og götulýsingar.

Aflgjald	12.267,00	kr/kW/ári
Viðhaldsgjald	18.225,00	kr/kW/ári

A.4 Sumarbústaðanotkun.

Heimilt er að selja raforku til þessara nota samkvæmt lið A1 ef hagkvæmara þykir.
Öll notkun í sumarbústöðum og sumarbúðum.

Orkugjald	3,34	kr/kWh
Fastagjald F2	16.160,00	kr/ári

A.5 Markmæling.

Allur almennur búrekstur.

Aflgjald (lágmark 4 kW)	5.908,00	kr/kW/ári
Fastagjald F3	12.906,00	kr/ári
Orkugjald af allri notkun	2,48	kr/kWh
Orkugjald af notkun umfram aflstillingu	6,04	kr/kWh

Orkugjald vegna rafhitunar heimila er niðurgreitt samkvæmt ákvörðun iðnaðarráðuneytis. Sjá kafla um niðurgreiðslur og sérstakan afslátt.

Heimilt er að selja raforku til búrekstrar samkvæmt öðrum liðum ef hagkvæmara þykir. Lágmarksafl 4 kW, hámarksafl 50 kW.

B.1 Aflmæling.

Öll meiriháttar véla- og iðnaðarnotkun.
Lágmark 15 kW.

Aflgjald	9.624,00	kr/kW/ári
Orkugjald	2,12	kr/kWh

B.2 Súgþurrkun.

Til súgþurrkunar á tímabilinu 1. júlí til 31. október.

Aflgjald	2.782,00	kr/kW/ári
Orkugjald	1,66	kr/kWh

C.1/D.1 Hitun.

Orkugjald	3,37	kr/kWh
Fastagjald F3	12.906,00	kr/ári

Orkugjald vegna rafhitunar heimila er niðurgreitt samkvæmt ákvörðun iðnaðarráðuneytisins. Sjá kafla um niðurgreiðslur og sérstakan afslátt.

Roftími er allt að 3 klst. á sólarhring.

C.2/D.2 Næturhitun.

Orkugjald	2,29	kr/kWh

Orkugjald vegna rafhitunar heimila er niðurgreitt samkvæmt ákvörðun iðnaðarráðuneytisins. Sjá kafla um niðurgreiðslur og sérstakan afslátt.

Roftími allt að 15 klst. á sólarhring.

D.3 Varmadælur.

Til notkunar á varmadælum.

Orkugjald	4,66	kr/kWh
Fastagjald F3	12.906,00	kr/ári

Hitun húsnæðis er undanþegin virðisaukaskatti.

Mælaleiga.

Notendum er gefinn kostur á að leigja mælitæki til innra uppgjörs og skal leiga fyrir mælitækin vera sem hér segir:

Einfasa mæla	735,00	kr/ári
Þrífasa mæla	2.898,00	kr/ári
Þrífasa mæla með straumspennum	4.906,00	kr/ári

Gjald fyrir önnur mælitæki, en að framan greinir, tekur mið af ofangreindum verðum, þó aldrei lægra en sem nemur 15% af verðmætum þeirra, samkvæmt nánari ákvörðun Orkubús Vestfjarða hverju sinni.

Innheimta og lokun.

Innheimtugjald: Gjald til greiðslu kostnaðar við vanskilainnheimtu og undirbúning að lokun er kr. 834,00.

Opnunargjald: Gjald fyrir lokun og enduropnun veitu vegna vanskila, er kr. 1.669,00.

Skilgreiningar og ýmis ákvæði.

1. Utanhússlýsing.

Orkubú Vestfjarða sér um uppsetningu utanhússlýsingarkerfa samkvæmt ósk notanda, sem greiðir allan stofnkostnað.

Allt eðlilegt viðhald lýsingar annast Orkubú Vestfjarða á sinn kostnað.

2. Markmæling.

Liður A.5 er fyrir heildarorkusölu til bændabýla samkvæmt opinberri skráningu og skilgreiningu þar um. Aðrir gjaldskrárliðir eru ekki veittir samhliða honum svo sem súgþurrkun eða húshitun. Breyting á aflstillingu er aðeins gerð samkvæmt skriflegri beiðni notanda, hvort sem hún er til hækkunar eða lækkunar.

3. Aflgjaldsmæling.

Liður B.1 er fyrir heildarmælingu á allri notkun og verða ekki aðrir liðir, svo sem A.1, veittir samhliða. Aflgjald er ákveðið samkvæmt mælingu miðað við 15 mín. meðalgildi afls.

Gjaldskylt afl hvers almanaksárs er meðaltal fjögurra hæstu mánaðargilda. Álestur fari að jafnaði fram í byrjun hvers mánaðar.

Lágmarksaflgjald er miðað við 15 kW afl. Notanda með lægra meðalgildi afls er þó heimilt að kaupa raforku samkvæmt lið B.1, enda greiði hann þá lágmarksaflgjaldið.

4. Sumarafl.

Á tímabilinu 1. maí til og með 30. september ár hvert geta notendur á afltaxta, B.1, fengið heimild til að hækka afltopp sinn, án þess að sú hækkun hafi áhrif á reiknaðan ársmeðaltopp.

Skilyrði fyrir slíkri heimild eru:

1. Lágmarksheimild er 30 kW.
2. Gjald fyrir heimild er 10% af ársaflgjaldi skv. gjaldskrárlið B.1, ár hvert.
   Heimildin tekur gildi 1. maí eða á greiðsludegi ef hann er síðar og gildir til loka septembermánaðar.

5. Véla- og tækjanotkun.

Ef úttekið launafl hjá notanda nemur meiru en 50% af mestu útteknu raunafli á ári, miðað við 15 mín. meðalgildi afls, skal hann gera ráðstafanir á sinn kostnað til þess að færa það niður í framangreint hlutfall. Orkubú Vestfjarða getur krafið notanda um sérstakt gjald fyrir launafl sé framangreint hlutfall yfir 50% (fasviksstuðull undir 0,9), þar til úr hefur verið bætt. Gjald fyrir launafl umfram framangreint hlutfall skal nema hálfu aflgjaldi skv. lið B.1 í gjaldskrá. Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra tækja er valda tilfinnanlegum truflunum, um lengri eða skemmri tíma eftir aðstæðum hverju sinni.

6. Takmörkun á vali gjaldskrárliða o.fl.

Þegar um sérstakar aðstæður er að ræða, svo sem tímabundna notkun mikils afls, getur Orkubú Vestfjarða takmarkað val notanda við ákveðna gjaldskrárliði eða gert sérstaka samninga um skilyrði fyrir tengingu. Þar sem framleiðslukostnaður orku er sérstaklega hár, svo sem á dieselstöðvasvæðum, eða flutningsgeta og/eða spennaafl er takmarkað, áskilur orkubúið sér rétt til þess að takmarka val gjaldskrárliða.

7. Annað.

Virðisaukaskattur leggst á gjöldin samkvæmt gildandi lögum og reglum hverju sinni.

II. HEIMTAUGARGJALD Í ÞÉTTBÝLI.

Heimtaugargjöld Orkubús Vestfjarða í kaupstöðum, kauptúnum og þorpum, tengd veitusvæðum orkubúsins og með fasta íbúatölu 50 eða fleiri, samkvæmt skrá Hagstofu Íslands á hverjum tíma miðað við áramót, eru sem hér segir:

1. Orkubú Vestfjarða ákveður stærð og gerð heimtauga eða spennistöðva fyrir hverja húsveitu. Með heimtaug er átt við hvort heldur tengingu við rafveitu og/eða hitaveitu.
   1.1. Umsækjandi heimtaugar skal á heimtaugarumsókn gera grein fyrir væntanlegri heildaraflþörf næstu 5 árin, ásamt gerð og notkun húsnæðis, tilgreina skal sérstaklega aflþörf vegna hitunar. Teikning af húsnæðinu fylgi heimtaugarumsókn. Heimtaugargjald skal greitt að fullu áður en verk er hafið.
2. Ein heimtaug er lögð að eign eða eignum á hverri lóð og greiðist heimtaugargjald af hverri heimtaug eða spennistöð sem hér segir:

2.1 Heimtaug.

Aflþörf veitu kW	Stofngjald kr.	Jarðstrengur gjald af yfirlengd kr/m
Allt að 40	67.382,00	1.356,00
40 - 65	99.877,00	1.625,00
65 - 130	210.078,00	2.039,00
130 - 200	329.844,00	2.453,00

Aukamælagrind fyrir hitaveitur kr. 27.279,00. Ofangreind heimtaugargjöld eru bæði vegna raforkunotkunar til hitunar og til annara nota og skiptist þannig að 75% eru vegna hitunar og 25% vegna annara nota.

2.2. Yfirlengd reiknast af jarðstrengsheimtaug, sem er lengri en 25 m í lóð. Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast frá lóðamörkum við götu, stystu greiðfæru leið að varkassa á útvegg götuhliðar hússins. Teljist hagkvæmara að hafa varkassa á innvegg skal leita samþykkis orkubúsins um gerð og frágang pípu, sem heimtaugarstrengurinn verður dreginn í. Af jarðstrengsheimtaug með flutningsgetu 130-200 kW greiðist yfirlengdargjald af vegalengd frá stofnvarkassa að rofa í dreifistöð að frádregnum 25 m í lóð. Af vegalengd umfram 125 m í götu greiðist ekki yfirlengdargjald, sjá þó lið 2.4.

2.3. Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja spennistöð að mestu eða öllu leyti, fyrir einn notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi orkubúsins, með hliðsjón af tæknilegum aðstæðum hverju sinni. Þegar lóð er lögð til, er það gert orkubúinu að kostnaðarlausu og hlíta ber skilmálum þess um stærð og staðsetningu stöðvarinnar. Þegar húsnæði fyrir spennistöð er lagt til, t.d. innan þess húsrýmis er umsækjandi hefur til umráða, svo sem í fiskverkunarhúsum, fiskimjölsbræðslum, iðnaðarhúsnæði, verslunarhúsnæði o.s.frv., skal staðsetning þess ákveðin með samþykki orkubúsins í hverju tilviki og skal húsnæðisaðstaðan fullnægja þeim kröfum sem gerðar eru um húsnæði til þessara nota. Húsnæðið -uppsteypt hús- er lagt orkubúinu til að kostnaðarlausu, en það sér um allan kostnað við fullnaðarfrágang húsnæðisins eftir nánara samkomulagi þar um hverju sinni.

2.4. Telji orkubúið að auka þurfi flutningsgetu heimtaugar eða stækka spenni, eða notandi óskar eftir þeirri aukningu skal notandi greiða 40% kostnaðar samkvæmt heimtaugargjaldskrá fyrir íbúðarhús, en allan kostnað samkvæmt kostnaðarreikningi fyrir iðnaðar- og verslunarhús o.þ.h.

3. Fyrir bráðabirgðaheimtaug í vinnuskúr eða hús í byggingu skal greiða sem hér segir:
   3.1. Grunngjald óháð kostnaði við setningu bráðabirgðaheimtaugar kr. 6.543,00.
   3.2. Fyrir kostnað við framkvæmd verksins og leigu á efni samkvæmt kostnaðaráætlun orkubúsins, sem miða skal við aðstæður hverju sinni.

4. Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum, innan kaupstaða, kauptúna og þorpa. Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óeðlilegar, skal greiða heimtaugargjald samkvæmt reikningi, er byggist á kostnaðaráætlun eða raunkostnaði, háð aðstæðum og ákvörðun orkubúsins hverju sinni.

Öll gjöld eru gefin upp án virðisaukaskatts en hann leggst á öll heimtaugargjöld skv. gildandi reglum á hverjum tíma.

III. HEIMTAUGARGJALD Í DREIFBÝLI.

1. Hver sá, er óskar að fá heimtaug frá orkubúi Vestfjarða utan þéttbýlis, skal hafa greitt heimtaugargjald til Orkubús Vestfjarða áður en lagning veitunnar er hafin. Óheimil er rafmagnsnotkun um heimtaug nema framangreindu skilyrði um greiðslu heimtaugargjalds hafi verið fullnægt.
2. Heimtaugargjald fyrir eina heimtaug á hvert lögbýli, fyrir eina heimtaug til annarra en bænda sem stunda sambærilega atvinnustarfsemi og þeir, enda eigi þeir lögheimili og hafi fasta búsetu í sveit, og fyrir eina heimtaug í þjónustufyrirtæki í sveitum sem þjóna fyrst og fremst þessum aðilum skal vera kr. 100.000,00. Framangreint grunngjald miðast við vísitölu byggingarkostnaðar 189,2 stig og að heildarkostnaður við heimtaugarlögnina fari ekki fram úr kostnaði við lagningu 80 m heimtaugar og uppsetningu 25 kVa spennistöð. Grunngjald breytist í sama hlutfalli og vísitalan til hækkunar eða lækkunar.
3. Aðrar heimtaugar:
   Heimtaugargjald fyrir annað en að framan greinir, svo sem heimtaugar á lögbýlum umfram eina, heimtaugar umfram eina í tengslum við aðra atvinnu- og þjónustustarfsemi sem um ræðir í 2. lið, heimtaugar í tengslum við aðra starfsemi en þar greinir, heimtaugar í einstök sumarhús, veiðihús, sumardvalar- og orlofshús hverskonar og aðrar ótaldar byggingar í sveitum, svo og bráðabirgðaheimtaugar, skal vera samkvæmt kostnaðaráætlun Orkubús Vestfjarða, þó aldrei lægri en heimtaugargjald skv. grein 2 hér að framan.
   Öll gjöld eru gefin upp án virðisaukaskatts, en hann leggst á öll heimtaugargjöld skv. gildandi reglum á hverjum tíma.

IV. NIÐURGREIÐSLUR.

Iðnaðarráðuneytið ákveður upphæð niðurgreiðslna vegna hitunar íbúðarhúsnæðis með raforku og rafkyntum hitaveitum og setur nánari reglur þar um. Niðurgreiðslna njóta þau heimili sem búa við slíka hitun og eiga ekki kost á heitu vatni til upphitunar frá jarðhitaveitu sem starfrækt er á viðkomandi stað.

Orkubú Vestfjarða og Landsvirkjun veita ennfremur fyrst um sinn sérstakan afslátt til sömu aðila og njóta niðurgreiðslna. Um niðurgreiðslur og sérstakan afslátt gilda eftirfarandi reglur:

Hver kílóvattstund (kWh) er niðurgreidd um fasta upphæð, upp að ákveðinni hámarksnotkun. Til grundvallar þessu er lögð orkunotkun að hámarki 30.000 kWh á ári samkvæmt lið C1 og H490 og 42.000 kWh samkvæmt lið A5, en er skipt eftir vægi veturs og sumars í hitaþörf. Vetrartímabilið er frá og með 16. október til og með 15. apríl. Þetta skal framkvæmt á eftirfarandi hátt:

Liður C1 hitun:

Niðurgreidd er orka sem er allt að 105 kWh á dag að jafnaði á vetrartíma en 60 kWh á dag á öðrum tíma árs. Niðurgreiðsla nemur kr. 1,12 kWh og að auki sérstakur afsláttur 0,26 kr. á kWh, eða samtals 1,38 kr/kWh.

Liður A5 markmæling:

Niðurgreidd er orka sem er allt að 146 kWh á dag að jafnaði á vetrartíma en 85 kWh á dag á öðrum tíma árs. Niðurgreiðsla nemur kr. 0,80 á kWh og að auki sérstakur afsláttur 0,185 kr. á kWh, eða samtals 0,985 kr/kWh.

Liður C2 næturhitun:

Ekki er sett hámark við niðurgreiðslur samkvæmt lið C2 næturhitun. Niðurgreiðsla nemur kr. 0,64 á kWh og að auki sérstakur afsláttur 0,26 kr á kWh, eða samtals 0,90 kr/kwh.

Liður H490 Orka og vatnsmagn:

Niðurgreidd er orka sem er allt að 105 kWh á dag að jafnaði á vetrartíma en 60 kWh á dag á öðrum tíma árs. Niðurgreiðsla nemur 1,04 kr. á kWh og sérstakur afsláttur að auki, 0,21 kr. á kWh eða samtals 1,25 kr. á kWh.

V. SKILMÁLAR UM SÖLU VÍKJANDI ORKU.

1. Almenn skilyrði.

Víkjandi orka er rjúfanleg forgangsorka. Hana má selja í stað annarra orkugjafa þegar um er að ræða framleiðslu eða starfsemi sem lagst getur niður tímabundið meðan rofið er. Víkjandi orku er ætluð:

a) Þeim sem kost eiga á ótryggðri orku en treysta sér ekki til að undirgangast þau skilyrði um langtímarof sem henni fylgja.

b) Þeim sem kost eiga á kaupum samkvæmt smásölugjaldskrá, sbr. þær takmarkanir sem þar koma fram, til nota hvar rof á hæstu álagstímum getur talist eðlilegur viðskiptamáti; hér er einkum átt við ýmis konar hitun og lýsingu í gróðurhúsum.

Sala á víkjandi orku er háð samþykki Orkubús Vestfjarða í hverju tilviki.

Uppsett afl þess búnaðar, sem nýtir víkjandi orku, skal að lágmarki vera 100 kW eða áætluð ársnotkun að lágmarki 500 MWh.

2. Afhending víkjandi orku.

Stýritími er sá tími þegar stýring aflkaupatopps frá Landsvirkjun er virk. Framkvæmd er í höndum stjórnstöðvar Orkubús Vestfjarða sem kemur boðum um stýritímann til viðskiptavina.

Orkubúi Vestfjarða er heimilt að skerða afhendingu:

a) Á stýritíma Orkubús Vestfjarða.

b) Vegna afltakmarkana, truflana eða bilana í veitukerfi Orkubús Vestfjarða til að koma í veg fyrir yfirálag. Enginn fyrirvari er á rofi vegna tilviks a), en eigi skemmri en ein klukkustund vegna b) ef mögulegt er.

Heimilt er Orkubúi Vestfjarða að leyfa afhendingu orku á stýritíma gegn gjaldi sem nemi 110% af refsigjaldi (umframaflgjaldi) Landsvirkjunar eða 110% af áætluðum framleiðslukostnaði með díselvélum vegna álagsstýringar á hverjum tíma.

3. Mæling og rofabúnaður.

3.1 Mælabúnaður.

Kaupandi víkjandi orku skuldbindur sig til að setja upp mælabúnað sem við á og orkubúið samþykkir til mælingar á orku.

Öll víkjandi orka hjá hverjum kaupanda skal mæld á einum stað og á einum mæli.

Orkubúi Vestfjarða er heimilt að ákveða að búnaður, hjá öllum notendum, skuli þannig gerður, að hægt sé á sjálfvirkan hátt um símakerfið eða á annan sambærilegan hátt að lesa mælingar á 60 mínútna meðalálagi.

3.2 Rofabúnaður.

Kaupandi víkjandi orku skuldbindur sig til að setja upp, Orkubúi Vestfjarða að kostnaðarlausu, rofabúnað sem orkubúið samþykkir til rofs á afhendingu orkunnar.

Öll víkjandi orka hjá hverjum kaupanda skal vera rjúfanleg á einum rofa.

3.3 Fjarstýring rofabúnaðar.

Kaupandi víkjandi orku skuldbindur sig til að setja upp, Orkubúi Vestfjarða að kostnaðarlausu, búnað sem tengist fjarstýrikerfi orkubúsins og getur:

a) Rofið afhendingu.
b) Gefið til kynna hvort rof heppnast eða ekki.
c) Gefið til kynna stöðu rofa á hverjum tíma.

Fjarstýring Orkubús Vestfjarða skal virka á einn rofa, sbr. grein 3.2, en kaupandi skal setja upp búnað til innsetningar í áföngum ef þurfa þykir.

Sé heimildin til afhendingar orku á stýritíma nýtt, sbr. 2. grein, skuldbindur kaupandi sig til að setja upp, Orkubúi Vestfjarða að kostnaðarlausu, þann viðbótarbúnað sem til þarf.

4. Gildistími.

Skilmálar þessir gilda frá og með 1. janúar 1993 og gilda þar til annað verður ákveðið.

GJALDSKRÁ FYRIR VÍKJANDI ORKU.

1. Almennt.

Um viðskipti þessi gilda Almennir skilmálar Orkubús Vestfjarða um sölu víkjandi orku frá 1. janúar 1993.

2. Rafmagnsgjald.

Fast gjald	119.812,00	kr/ár
Vetrargjald orku	2,67	kr/kWh
Sumargjald orku	1,73	kr/kWh

Um gjald fyrir orku sem afhent er á stýritíma vísast í framangreinda skilmála. Öll gjöld eru gefin upp án virðisaukaskatts, en hann leggst á þessi gjöld skv. gildandi reglum á hverjum tíma.

3. Tímabil orkugjalda.

Vetrargjald gildir tímabilin:	1. janúar - 30. apríl
	1. október - 31. desember
Sumargjald gildir tímabilið:	1. maí - 30. september.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af stjórn Orkubús Vestfjarða og sett er samkvæmt lögum nr. 66 31. maí 1976, er hér með staðfest til að öðlast gildi 1. janúar 1994, og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 358, 24. ágúst 1993 með áorðnum breytingum.

Iðnaðarráðuneytið, 14. janúar 1994.

F. h. r.
Þorkell Helgason.

Steinunn Bjarman.

GJALDSKRÁ

Rafveitu Akraness.

B - hluti

		Fastagjald kr/ár	Orkuverð kr/kWh
A1.	Almenn notkun	2.215	6,79
B1.	Heimilisnotkun	2.215	5,61
B2.	Mannv.gerð og hafnarsv	3.302	6,79
C1.	Stórnotkun (Afltaxti)	25.223	2,43
	Aflgjald kr/kW/ár	7.026	
D1.	Hitun án rofs	3.822	5,50
D2.	Hitun, rof 1,5 klst.	3.822	2,97
D3.	Hitun, rof 2,5 klst.	3.822	2,68
D4.	Næturhitun	3.822	1,93
D5.	Sumarhitun	3.822	2,07
D6.	Rof breytilegt	3.822	2,44
E1.	Sérsamningar		
E2.	Gatna og hafnarlýsing	24.435	kr/kVA/ár
E3.	Lokun og enduropnun veitu	1.057	kr.
E4.	Innheimtugjald	508	kr.
E5.	Álestrargjald	508	kr.

Leigugjöld:

10	Einfasa mælir	394	kr/ár
11	Einfasa mælir með liða	2.031	kr/ár
20	Þrífasa mælir	1.535	kr/ár
21	Þrífasa mælir með liða	3.010	kr/ár
24	Þrífasa mælir með str.sp.	3.840	kr/ár
30	Þrífasa aflmælir	2.410	kr/ár
31	Þrífasa aflm.m/str.sp.	4.674	kr/ár

Heimtaugar:

Málstærð	Stofngjald	Gjald yfirlengdar
63 A 1 fasi	31.460 kr.	1.354 kr/m
63 A 3ja fasa	53.650 kr.	1.654 kr/m
100 A 3ja fasa	77.120 kr.	1.990 kr/m
200 A 3ja fasa	136.350 kr.	2.782 kr/m
350 A 3ja fasa	223.500 kr.	3.969 kr/m

Spennistöðvar:

Stærð spennis	Stofngjald	Stærð spennis	Stofngjald
300 kVA	259.000 kr.	600 kVA	604.000 kr.
500 kVA	525.000 kr.	800 kVA	805.000 kr.

Bráðabirgðaheimtaugar:

Málstærð	Stofngjald	Málstærð	Stofngjald
35 A einfasa	8.130 kr.	60 A 3 fasa	14.330 kr.
35 A 3ja fasa	11.680 kr.		

Tengigjald v/skammtímanotkunar	2.540 kr.
Tenging við Akraneshöfn	2.020 kr.

Á gjöld þessi leggst virðisaukaskattur eins og hann er samkvæmt lögum og reglum á hverjum tíma.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. febrúar 1994 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 39, 28. janúar 1993.

Iðnaðarráðuneytið, 17. janúar 1994.

F. h. r.

Þorkell Helgason.

Steinunn Bjarman.

27. janúar 1994 Nr. 38

REGLUGERÐ

um línu- og netasvæði út af Faxaflóa.

1. gr.

Frá og með 1. febrúar 1994 til og með 30. apríl 1994, eru allar togveiðar bannaðar á svæði út af Faxaflóa, sem að sunnan markast af línu, sem dregin er réttvísandi 270° frá Stafnesvita. Að vestan markast svæðið af 23°42'V og að norðan af 64°20'N.

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 481, 2. desember 1993, um sérstök línu- og netasvæði.

Sjávarútvegsráðuneytið, 27. janúar 1994.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

AUGLÝSING

um reglur um takmarkanir á þátttöku frambjóðenda til almennra kosninga í dagskrá Ríkisútvarpsins.

Útvarpsráð samþykkti hinn 29. október 1993 eftirfarandi reglur um takmarkanir á þátttöku frambjóðenda til almennra kosninga í dagskrá Ríkisútvarpsins:

1. gr.

Frambjóðendur í kosningum til Alþingis eða til sveitarstjórna skulu ekki, nema að því marki sem kveðið er á um í reglum þessum, koma fram í dagskrá Ríkisútvarpsins frá þeim degi sem framboðsfrestur rennur út.

Sama regla skal gilda um starfsmenn Ríkisútvarpsins sem í framboði eru og skal gilda einu hvort um fastráðna starfsmenn er að ræða eða lausráðna, svo og verktaka. Fastráðnir starfsmenn skulu tímabundið leystir frá dagskrárstörfum og þeim falin önnur verkefni hjá stofnuninni.

2. gr.

Takmarkanir þær sem kveðið er á um í 1. gr. skulu einungis taka til frambjóðenda í aðalsæti. Með frambjóðendum í aðalsæti er átt við þá frambjóðendur í hverju framboði sem skipa jafn mörg efstu sæti viðkomandi framboðs og nemur fulltrúatölu þeirri sem kjósa á.

3. gr.

Ákvæðum 1. gr. skal ekki beitt, þegar um er að ræða sérstakar dagskrár eða fréttapistla, sem dagskrárstjórn Ríkisútvarpsins hefur samþykkt í tilefni af kosningaundirbúningi, eða í öðrum tilvikum þegar beinlínis er gert ráð fyrir þátttöku frambjóðenda og fyllstu óhlutdrægni er gætt í samræmi við starfsreglur Ríkisútvarpsins.

4. gr.

Fréttastofur skulu forðast að leiða frambjóðendur fram í fréttum eða fréttatengdum þáttum eftir að framboðsfrestur rennur út og þar til kosningar eru um garð gengnar, nema sterk rök mæli með nauðsyn þess að viðkomandi komi fram í fréttum, eða til hans sé vitnað vegna sérstaklega fréttnæmra atvika.

5. gr.

Að því er varðar frambjóðendur í prófkjöri eða forvali um skipan sæta í framboði skulu fréttastofur forðast að leiða þá fram í fréttum eða fréttatengdum þáttum eftir að þeir hafa tilkynnt um framboð sitt í prófkjöri eða forvali og þar til prófkjör eða forval er um garð gengið, nema sterk rök mæli með nauðsyn þess að viðkomandi komi fram í fréttum, eða til hans sé vitnað vegna sérstaklega fréttnæmra atvika.

Nú tekur starfsmaður Ríkisútvarpsins þátt í prófkjöri eða forvali og fær þar kosningu sem mun leiða til framboðs í aðalsæti og skal hann þá þegar leystur frá dagskrárstörfum fram yfir kosningar. Fastráðnum starfsmönnum skulu falin önnur verkefni hjá stofnuninni.

6. gr.

Reglur þessar taka ekki til þátta sem byggjast á sameiginlegu framlagi fleiri en tveggja listflytjenda, svo og leikrita, kvikmynda eða hljómsveitartónleika.

Deildarstjórar skulu vísa vafaatriðum til útvarpsstjóra sem skal meta hvort hann vísar þeim til úrskurðar útvarpsráðs eða lýkur sjálfur ákvörðun um þau.

7. gr.

Reglur þessar eru settar með stoð í 2. mgr. 20. gr., sbr. 2. mgr. 15. gr. útvarpslaga nr. 68/1985 og öðlast þegar gildi.

Framangreindar reglur eru hér með birtar að ósk Ríkisútvarpsins.

Menntamálaráðuneytið, 17. janúar 1994.

F. h. r.
Guðríður Sigurðardóttir.

Árni Gunnarsson.

24. janúar 1994 Nr. 40

GJALDSKRÁ

um sorphirðu fyrir Húsavíkurkaupstað árið 1994.

1. gr.

Bæjarstjórn Húsavíkur er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) árið 1994, sem er innheimt með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

A) **Íbúðir.**
Sorphirðugjald kr. 5.000 á íbúð.

B) **Fyrirtæki.**
Sorpeyðingargjald er samkvæmt eftirfarandi flokkum:

Flokkur a)	kr. 15.000
Flokkur b)	kr. 30.000
Flokkur c)	kr. 60.000
Flokkur d)	kr. 120.000

Bæjarstjórn raðar fyrirtækjum í flokka.

C) Eyðing á brennanlegu sorpi fyrir önnur sveitarfélög í sorpeyðingarstöð kostar fyrir árið 1994, 6 kr/kg.

3. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samþykkt af bæjarstjórn Húsavíkur er hér með staðfest samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit ásamt síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytið, 24. janúar 1994.

F. h. r.
Magnús Jóhannesson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðin biðskylda á Árskóga gagnvart Skógarseli.

Ákvörðun þessi hefur þegar tekið gildi.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 21. janúar 1994.

Böðvar Bragason.

Nr. 42 17. janúar 1994

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um fullnustu refsidóma, nr. 29 28. janúar 1993.

1. gr.

3. mgr. 4. gr. fellur brott.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 30. gr. laga um fangelsi og fangavist, nr. 48 19. maí 1988, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 17. janúar 1994.

Þorsteinn Pálsson.

Þorsteinn A. Jónsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 8 - 1994

28. janúar 1994 69 Nr. 43

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 313/1993 um greiðslumark mjólkur á lögbýlum og beinar greiðslur til bænda verðlagsárið 1993-1994.

1. gr.

3. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Aðilaskipti greiðslumarks skulu tilkynnt á þar til gerðum eyðublöðum sem Framleiðsluráð landbúnaðarins lætur í té og liggja frammi á skrifstofum búnaðarsambanda. Tilkynningu um aðilaskipti að greiðslumarki skal fylgja staðfesting um eignarhald að lögbýli. Tilkynningar um aðilaskipti fyrir verðlagsárið 1993-1994 skulu hafa borist Framleiðsluráði landbúnaðarins fyrir 1. mars 1994 til að þau taki gildi á verðlagsárinu. Aðilaskiptin taka fyrst gildi þegar staðfesting Framleiðsluráðs liggur fyrir.

2. gr.

Við 4. gr. reglugerðarinnar bætist ný málsgrein, er verði 4. mgr., svohljóðandi:

Eigi að selja greiðslumark út af búnaðarsambandssvæði skal tilkynna það viðkomandi búnaðarsambandi. Skal söluverð og aðrir skilmálar tilgreindir á tæmandi hátt. Eiga aðrir bændur á búnaðarsambandssvæðinu þá forkaupsrétt að greiðslumarkinu í tvær vikur eftir að tilkynning um sölu berst til búnaðarsambands. Sé forkaupsréttar neytt og andvirði greiðslumarks ekki staðgreitt skal fullnægjandi trygging sett að mati seljanda fyrir eftirstöðvum.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögun nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytið, 28. janúar 1994.

Halldór Blöndal.

Jón Höskuldsson.

B 6
Steindórsprent Gutenberg hf.

AUGLÝSING

um verðjöfnunargjald á innflutt súkkulaði, brauð, kex og kökur.

1. gr.

Greiða skal í ríkissjóð við tollafgreiðslu verðjöfnunargjald af súkkulaði, brauði, kexi og kökum í samræmi við upptalningu tollskrárnúmera í neðangreindri gjaldskrá. Gjaldið skal lagt á sem krónur á kíló. Þó skal samanlagður tollur og verðjöfnunargjald aldrei vera hærra en 46% af tollverði vöru í vöruliðum 1806 og 1901, og aldrei hærra en 37% af tollverði vöru í vörulið 1905.

Tollskrárnúmer	kr/kg	Tollskrárnúmer	kr/kg
1806.2009	54	1901.2018	7
1806.3101	59	1901.2019	5
1806.3109	59	1901.2022	52
1806.3202	54	1901.2029	67
1806.3203	24	1905.2000	47
1806.3209	24	1905.3011	20
1806.9002	20	1905.3019	18
1806.9003	55	1905.3021	49
1806.9005	61	1905.3029	27
1806.9006	55	1905.3030	13
1806.9007	54	1905.4000	23
1806.9009	54	1905.9011	61
1901.2012	32	1905.9019	7
1901.2013	23	1905.9020	5
1901.2014	49	1905.9040	52
1901.2015	13	1905.9090	67
1901.2016	23	2104.1003	4
1901.2017	61	2104.1004	4

2. gr.

Að því leyti sem ekki er kveðið á um völuflokkun, gjalddaga, lögvernd, viðurlög og aðra framkvæmd álagningar og innheimtu verðjöfnunargjalds skulu ákvæði laga nr. 55/1987, með síðari breytingum, gilda eftir því sem við á svo og ákvæði reglugerða og annarra fyrirmæla settra samkvæmt þeim.

3. gr.

Tollstjórar annast innheimtu verðjöfnunargjalds samkvæmt þessari auglýsingu og standa skil á því í ríkissjóð eftir fyrirmælum sem fjármálaráðuneytið setur, sbr. 15. gr. reglugerðar nr. 530/1975, um reikningsskil innheimtumanna ríkissjóðs.

4. gr.

Fjármálaráðherra getur veitt undanþágu frá greiðslu gjalda skv. 1. gr., enda innihaldi vara engin eða óverulegt magn af hráefnum sem verðjafna á fyrir.

5. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 120. gr. A tollalaga nr. 55/1987, sbr. lög nr. 18/1993, gildir frá 1. febrúar til 30. apríl 1994. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 3/1994.

Fjármálaráðuneytið, 31. janúar 1994.

F. h. r.
Indriði H. Þorláksson.

Ingibjörg Þorsteinsdóttir.

AUGLÝSING

um verðjöfnun vegna útflutnings sjávarafurða í febrúarmánuði 1994.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 39, 15. maí 1990, um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins, hefur hlutfall af andvirði sjávarafurða sem inn- og útgreiðslur skulu miðast við vegna útflutnings í febrúarmánuði 1994 verið ákveðið sem hér segir:

1. Skreið ..... Útborgun 8,8%

Ofangreind útborgun er af reikningi deildar fyrir viðkomandi afurð úr Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins. Reynist innstæða reiknings ekki hrökkva til greiðslu ákvarðaðs útborgunarhlutfalls vegna útflutnings viðkomandi afurðar í febrúarmánuði, skal lækka útborgun hlutfallslega.

Sjávarútvegsráðuneytið, 26. janúar 1994.

Þorsteinn Pálsson.

Gylfi Gautur Pétursson.

28. janúar 1994 Nr. 46

REGLUGERÐ

um greiðslur verðmiðlunargjalda til mjólkurbúa árið 1993.

1. gr.

Verðmiðlunargjald til þeirra verkefna sem um getur í 19. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum skal miðast við það gjald sem innheimt er af framleiðslu mjólkur skv. ákvörðun landbúnaðarráðherra á tímabilinu 1. janúar 1993 til 31. desember 1993.

2. gr.

Verðmiðlunin skal ná til eftirtaldra mjókurbúa:

M.s. í Reykjavík
M.s. í Borgarnesi
M.s. í Búðardal
M.s. á Patreksfirði
M.s. á Ísafirði
M.s. á Hvammstanga
M.s. á Blönduósi
M.s. á Sauðárkróki
M.s. á Akureyri
M.s. á Húsavík
M.s. á Vopnafirði
M.s. á Egilsstöðum
M.s. í Neskaupstað
M.s. á Höfn í Hornafirði
Mjólkurbú Flóamanna

Við ákvörðun á verðmiðlunarþörf innan 1. sölusvæðis skal rekstur allra mjólkurbúa á því svæði reiknaður sameiginlega. Þá skal við ákvörðun á verðmiðlunarþörf einstakra mjólkurbúa taka tillit til samstarfssamninga og samninga sem mjólkurbú hefur gert við þriðja aðila um framkvæmd tiltekinna þátta við flutning, móttöku, vinnslu og markaðssetningu mjólkurvara sem telja verður að annars væri eðlilegur þáttur í rekstri og starfsemi mjólkurbúsins með hliðsjón af starfsemi annarra mjólkurbúa er verðmiðlun tekur til. Skal slíkur rekstur reiknaður sameiginlega við útreikning skv. 3. gr.

3. gr.

Framleiðsluráð landbúnaðarins reiknar út verðmiðlunargreiðslur til mjólkurbúa skv. ákvæðum þessarar reglugerðar. Við ákvörðun á greiðslum úr verðmiðlunarsjóði skal leggja til grundvallar ársreikning viðkomandi mjólkurbús. Ársreikningurinn skal vera endurskoðaður og áritaður fyrirvaralausri áritun af löggiltum endurskoðanda. Ársreikningur skal geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, fjármagnsstreymi eða sjóðsstreymi og skýringar. Framleiðsluráð landbúnaðarins getur krafist enn frekari sundurliðana og skýringa af hálfu viðkomandi mjólkurbús áður en því er ákveðinn réttur til framlags úr verðmiðlunarsjóði.

Með ársreikningi skal fylgja:

a. Sundurliðanir á samsettum liðum.
b. Fyrninga- og endurmatsskýrsla.
c. Rekstraruppgjör flutninga mjólkur að vinnslustöð.
d. Yfirlit yfir öll langtímalán er sýni stöðu þeirra í upphafi árs, lántökur, afborganir, verðbætur/gengismun, stöðuna í árslok, gjaldfallna vexti, gjaldfallnar afborganir og afborganir á næsta ári.
e. Greinargerð um vaxtaútreikning milli mjólkurbús og rekstraraðila/mjólkurbús og vegna stofnsjóðs og varasjóðs.
f. Skýrsla um fjárfestingar og viðhald. Sé um umtalsverðar fjárfestingar eða viðhald að ræða skal viðkomandi mjólkurbú láta fylgja staðfesta heimild til framkvæmdanna, sbr. samning Framleiðsluráðs landbúnaðarins og Samtaka afurðastöðva í mjólkuriðnaði á grundvelli 59. gr. laga nr. 99/1993.
g. Yfirlit um myndun grundvallarverðs.
h. Yfirlit yfir magn hrámjólkur sem fer um vinnslustöðina, þ.e. innvegið magn +/- aðkeypt/seld hrámjólk.
i. Skýrsla um nýtingu innveginnar mjólkur (fita, undanrenna o.fl.).
j. Greinargerð um hlutdeild í sameiginlegum kostnaði, sbr. ákvæði 6. gr.

4. gr.

Við ákvörðun á verðmiðlunarþörf hvers mjólkurbús skulu, auk þess sem um getur í 7. gr., neðangreindir liðir teljast til kostnaðar með eftirfarandi hætti:

1. Af reiknuðum vöxtum af varasjóði mjólkursamlaganna og öðru eigin fé 40%.
2. Af tillögum í varasjóð og aðra eiginfjársjóði 40%.
3. Rýrnun vegna slæmrar nýtingar á innveginni mjólk, sbr. 5. gr., skal ekki telja með sem kostnað.
4. Verðfellingar eða afslætti frá skráðu heildsöluverði vegna gæðaaffalla skal ekki telja með sem kostnað.

5. gr.

Tekjuskerðing sem hefur orðið vegna slæmrar nýtingar á innveginni mjólk skiptist þannig milli vinnslustöðvar og verðmiðlunarsjóðs við ákvörðun verðmiðlunargjalda:

	Vinnslustöð	Verðmiðlunarsjóður
a. Fiturýrnun	100%	
b. Undanrennurýrnun	50%	50%
c. Nýmjólkurrýrnun	100%	

Hvert mjólkurbú skal skila greinargerð um nýtingu og rýrnun með ársuppgjöri. Heimilt er að veita M.s. Patreksfirði undanþágu frá ákvæðum b-liðar.

6. gr.

Þar sem mjólkurbú er rekið í fjárhagslegum tengslum við annan atvinnurekstur, skal sá hluti sameiginlegs kostnaðar sem bókfærður er á rekstur mjólkurbúsins, grundvallast á sannanlegum kostnaði sem hinn aðilinn leggur til mjólkurbúsins og skal fylgja í gögnum um verðmiðlunarþörf sérstök greinargerð þar um.

7. gr.

Við endanlega ákvörðun verðmiðlunar til hvers mjólkurbús fyrir sig, skal draga frá reiknaðri þörf verðmiðlunar 60% meðalhagnaðar af rekstri þess er varð árin 1991 og 1992 og hann framreiknaður m.v. lánskjaravísitölu í lok hvers árs.

Þá skal lækka verðmiðlun til hvers mjólkurbús til samræmis við umsamda hagræðingarkröfu, sbr. samkomulag milli Samtaka afurðastöðva og framkvæmdanefndar búvörusamninga frá 15. desember 1992. Samkvæmt því kemur þó ekki til lækkunar á verðmiðlun, ef kostnaður mjólkurbús á innveginn lítra mjólkur hefur lækkað um 2,5% milli áranna 1992 og 1993 á föstu verðlagi miðað við lánskjaravísitölu.

Nú verður reiknuð verðmiðlunarþörf meiri en heimilt er að ráðstafa til verðmiðlunar, og skal þá skerða rétt allra búa til verðmiðlunar í sama hlutfalli af reiknaðri verðmiðlunarþörf.

Greiðslum úr verðmiðlunarsjóði vegna rekstrarársins 1993 skal lokið eigi síðar en 31. ágúst 1994. Ársreikning mjólkurbús ásamt fylgigögnum fyrir árið 1993 skal skila til Framleiðsluráðs landbúnaðarins eigi síðar en 30. mars 1994. Ef reikningsskil mjólkurbús berast síðar, er ekki tryggt að viðkomandi aðili komi til álita við frekari úthlutun úr verðmiðlunarsjóði fyrir árið 1993.

8. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 27. gr. laga nr. 99 8. september 1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum og öðlast gildi þegar í stað.

Landbúnaðarráðuneytið, 28. janúar 1994.

Halldór Blöndal.

Jón Höskuldsson.

31. janúar 1994 Nr. 47

REGLUGERÐ

um verðjöfnunargjald af innfluttum unnum landbúnaðarvörum.

1. gr.

Greiða skal í ríkissjóð við tollafgreiðslu verðjöfnunargjald af þeim landbúnaðarvörum sem innihalda landbúnaðarhráefni og falla undir upptalin tollskrárnúmer skv. eftirfarandi gjaldskrá. Gjaldið skal lagt á m.v. kr/kg. Þó skal samanlagður tollur, jöfnunargjald og verðjöfnunargjald aldrei vera hærra en 37% af tollverði í vörulið 1905.

Tollskrárnúmer	kr/kg	Tollskrárnúmer	kr/kg
0403.1001	65	1901.2023	99
0403.1003	34	1901.2024	71
0403.9001	28	1905.9051	99
0403.9002	28	1905.9059	71
0403.9003	28	2202.9001	42

2. gr.

Að því leyti sem ekki er kveðið á um vöruflokkun, gjalddaga, lögvernd, viðurlög og aðra framkvæmd álagningar og innheimtu verðjöfnunargjalds skulu ákvæði laga nr. 55/1987, með síðari breytingum, gilda eftir því sem við á svo og ákvæði reglugerða og annarra fyrirmæla settra samkvæmt þeim.

3. gr.

Skil á innheimtu verðjöfnunargjaldi skv. reglugerð þessari fer eftir fyrirmælum reglugerðar nr. 530/1975 um reikningsskil innheimtumanna ríkissjóðs.

4. gr.

Landbúnaðarráðherra getur veitt undanþágu frá greiðslu gjalda skv. 1. gr., enda innihaldi vara ekkert eða óverulegt magn af hráefnum sem verðjafna á fyrir.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 126/1993 um breytingu á lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum og öðlast gildi 1. febrúar 1994. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð um sama efni nr. 1/1994.

Landbúnaðarráðuneytið, 31. janúar 1994.

Halldór Blöndal.

Guðmundur Sigþórsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 9 – 1994

27. janúar 1994 75 Nr. 48

MENGUNARVARNAREGLUGERÐ

1. KAFLI
Gildissvið.

1. gr.

Reglugerð þessi nær til allrar mengunar ytra umhverfis svo og til starfsemi og framkvæmda sem haft geta í för með sér slíka mengun. Undanþegin er þó starfsemi og framkvæmd sem fellur undir lög nr. 117/1985 um geislavarnir, sbr. reglugerð nr. 356/1985 um öryggisráðstafanir gegn jónandi geislun, og lög nr. 46/1980 um aðbúnað og hollustuhætti á vinnustöðum.

2. KAFLI
Skilgreiningar.

2. gr.

Merking orða og orðasambanda í reglugerð þessari:

Bein losun í grunnvatn: losun efna í grunnvatn án þess að þau síist í gegnum jarðveg, þéttan jarðgrunn eða berggrunn.

Efnafræðileg súrefnisþörf (COD): mælikvarði á magn lífrænna efna í vatni, mælt með staðlaðri aðferð.

Eftirlitsmæling: stakar mælingar sem framkvæmdar eru samkvæmt fyrirmælum í starfsleyfum, sbr. ákvæði 8. kafla, eða í þeim tilgangi að kanna hvort settum reglum og viðmiðunarmörkum sé fylgt.

Endurmyndun: hver sú aðgerð sem nota má til að hreinsa úrgang svo að hann eða hluti hans komist í svipað eða sama form og hann var upphaflega.

Endurvinnsla: hvers konar nýting úrgangs til framleiðslu, orkuvinnslu o. þ. h.

Ferskvatnsmörk: sá staður í á þar sem selta hækkar vegna nálægðar sjávar á fjöru enda sé miðað við lítið rennsli í ánni.

Fráveita: leiðslukerfi og búnaður til meðhöndlunar skólps.

Fráveituvatn: vatn (skólp, ofanvatn, vatn frá upphitunarkerfum húsa o. fl.) sem veitt er í fráveitur.

Förgun úrgangs: aðgerð eða ferli þegar úrgangi er umbreytt, t. d. með brennslu, böggun eða á efnafræðilegan hátt og komið í geymslu (t. d. urðun), sbr. og aðferðir sem getið er í viðauka 18.

Gámastöð: sérstök aðstaða þar sem tekið er við úrgangi frá almenningi og smærri fyrirtækjum til flokkunar áður en hann er fluttur til móttökustöðva.

Steindórsprent Gutenberg hf.

Grunnvatn: vatn í gegnmettuðum jarðlögum undir yfirborði jarðar.

Hreinsun skólps:

Eins þreps hreinsun: hreinsun skólps með aflfræðilegum og/eða efnafræðilegum aðferðum þar sem svifagnir eru botnfelldar eða önnur hreinsun þar sem BOD_5-gildi skólps er lækkað um að minnsta kosti 20% áður en það er losað og heildarmagn svifagna í skólpi er lækkað um að minnsta kosti 50%.

Grófhreinsun: hreinsun fastra hluta úr fráveituvatni, með rist, síu eða öðrum búnaði, til að koma í veg fyrir sjónmengun.

Tveggja þrepa hreinsun: frekari hreinsun skólps en eins þreps með aðferð sem oftast felur í sér líffræðilega hreinsun sem fylgt er eftir með botnfellingu eða öðru ferli, sbr. kröfur í viðauka 12 (I. viðauki, 1. tafla). Rotþró með siturlögn eða sandsíu telst t. d. vera tveggja þrepa hreinsun.

Viðeigandi hreinsun: hreinsun skólps með viðurkenndum hreinsibúnaði í samræmi við ákvæði reglugerðar þessarar svo að gæðamarkmiðum fyrir viðtaka sé náð, sbr. viðauka 1, 2 og 12.

Húsaskólp: skólp frá íbúðarhúsnæði og þjónustustarfsemi sem einkum á rætur að rekja til efnaskipta mannslíkamans og heimilisstarfa.

Iðjuver: þar sem iðnaðarstarfsemi, orkufrekur iðnaður eða önnur mengandi starfsemi fer fram.

Iðnaðarskólp: skólp annað en húsaskólp og ofanvatn sem losað er frá húsnæði eða annarri aðstöðu sem notuð er til atvinnurekstrar eða iðnaðar.

Líffræðileg súrefnisþörf (BOD_5): mælikvarði fyrir magn lífrænna efna í vatni mælt með staðlaðri aðferð.

Losun: þegar efnum og efnasamböndum er veitt í fráveitur og viðtaka.

Meðhöndlun úrgangs: söfnun, flutningur, nýting og förgun úrgangs, þar með talið eftirlit með slíkri starfsemi og umsjón með förgunarstöðvum eftir að þeim hefur verið lokað.

Mengun: þegar örverur, efni og efnasambönd valda óæskilegum og skaðlegum áhrifum á heilsufar almennings, raska lífríki eða óhreinka loft, láð eða lög. Mengun tekur einnig til óþæginda vegna ólyktar, óbragðs, hvers konar hávaða og titrings, geislunar og varmaflæðis.

Móttökustöð: staður og aðstaða þar sem tekið er við úrgangi til lengri eða skemmri geymslu, umhleðslu, flokkunar eða annarrar meðhöndlunar. Þaðan fer úrgangur til förgunar eða nýtingar.

Nýting úrgangs: hvers konar meðhöndlun, umbreyting eða endurvinnsla efna eða hluta í stað förgunar, sbr. og aðgerðir sem nefndar eru í viðauka 18.

Næringarefnaauðgun: ofauðgun næringarsalta í vatni, einkum efnasambanda köfnunarefnis og/eða fosfórs, sem veldur því að þörungar og æðri tegundir plantna vaxa hraðar en ella og valda óæskilegri röskun á jafnvægi lífríkis í vatninu og spilla gæðum þess.

Ofanvatn: regnvatn og leysingarvatn sem rennur í fráveitur af húsþökum, götum, gangstéttum og öðru þéttu yfirborði.

Óbein losun í grunnvatn: þegar efni eða gerlar berast í grunnvatn eftir síun í gegnum jarðveg, þéttan jarðgrunn eða berggrunn.

Persónueining (p.e.): magn lífrænna efna, næringarsalta og annarra efna sem samsvarar því sem einn einstaklingur er að jafnaði talinn losa frá sér á sólarhring. Ein p.e. af lífrænu efni er það magn lífrænna efna í skólpi sem getur brotnað niður líffræðilega með 60g súrefnis á dag mælt með 5 sólarhringa líffræðilegri súrefnisnotkun.

Ruslabiða: ílát sem komið er fyrir á almannafæri í því skyni að auðvelda fólki að losa sig við rusl.

Sigvatn: mengað vatn frá hvers konar starfsemi sem ekki er veitt í fráveitu og vatn sem rennur frá úrgangi eða í gegnum hann.

Siturleiðsla: götuð leiðsla sem lögð er í jörðu og dreifir fráveituvatni út í jarðveg.

Skólp: húsaskólp og iðnaðarskólp eða blanda húsaskólps eða iðnaðarskólps og/eða ofanvatns.

Sorpbrennslustöð: hvers kyns tæknibúnaður sem notaður er til að meðhöndla úrgang með brennslu, hvort sem hitinn sem myndast við brennsluna er nýttur eða ekki. Undanskildar eru þó stöðvar sem notaðar eru sérstaklega til að brenna seyru, spilliefnum, sóttmenguðum úrgangi eða öðrum tegundum sérstaks úrgangs, á landi eða í sjó, jafnvel þótt þessar stöðvar brenni öðrum úrgangi jafnhliða.

Sorpílát: ílát sem sorpi er safnað í áður en það er losað eða flutt til móttökustöðvar.

Strandsjór: sjór utan við stórstraumsfjörumörk eða ytri mörk ármynnis.

Strandsvæði: fjara ásamt 250 m breiðu svæði út frá stórstraumsfjörumörkum.

Úrgangur: hvers kyns efni eða hlutir sem einstaklingar eða lögaðilar ákveða að losa sig við eða er gert að losa sig við á tiltekinn hátt, sbr. og flokkun í viðauka 18.

Helstu gerðir úrgangs eru:

Framleiðsluúrgangur: úrgangur sem fellur til við framleiðslu, verslun og þjónustu, svo sem pappír, timbur, gler o. þ. h.

Ristarúrgangur: fastur úrgangur sem fellur til við grófhreinsun á skólpi.

Salernisúrgangur: allur úrgangur frá þurr- eða vatnssparandi salernum sem ekki eru tengd við fráveitu.

Seyra: allur fastur úrgangur sem fellur til við skólphreinsun nema ristarúrgangur.

Sérstakur úrgangur: úrgangur sem ekki verður meðhöndlaður á sama hátt og sorp eða framleiðsluúrgangur, t. d. vegna umfangs, eðlis, eða hættu á alvarlegri mengun.

Sorp (neysluúrgangur): leifar, rusl og umbúðir sem til falla við heimilishald eða aðra starfsemi og úrgangur sem hefur svipaða eiginleika.

Sóttmengaður úrgangur: Hvers kyns úrgangur sem getur haft í för með sér smithættu fyrir menn og dýr sem komast í beina eða óbeina snertingu við hann.

Spilliefni: hvers kyns sérstakur úrgangur (hættulegur úrgangur) sem inniheldur efni sem skráð eru í viðauka 4 eða 19 eða er mengaður af þeim, á þann hátt, í slíku magni eða af slíkum styrkleika að það stofni heilsu manna eða umhverfi í hættu.

Útblástursmörk: leyfilegur hámarksstyrkur og/eða massi mengunarefna í útblæstri iðjuvera og vélknúinna ökutækja miðað við tiltekinn tíma.

Úttektarrannsókn: viðamikil rannsókn eða langtímamæling, venjulega bundin við stærra svæði, svo sem landsvæði, þéttbýli eða hluta af þéttbýli, eða rannsókn á yfirgripsmiklum þáttum mengunar, svo sem frá farartækjum, eða rannsókn á mengun er berst frá öðrum löndum.

Viðmiðunarmörk: leyfilegur hámarksstyrkur mengandi efna í viðtaka á tilteknu tímabili.

Viðtaki: svæði sem tekur við mengun og þynnir hana eða eyðir.

Yfirborðsvatn: kyrrstætt eða rennandi yfirborðsvatn, ár, vötn og jöklar.

Ytra umhverfi: land, lögur og loft utandyra og utan vinnustaða.

Þéttbýlissvæði: svæði þar sem þéttbýli er nægilegt og/eða atvinnustarfsemi nægilega mikil til að hægt sé að safna og veita skólpi til hreinsistöðva eða til staða þar sem það er endanlega losað.

Þynningarsvæði: sá hluti viðtaka þar sem þynning mengunar á sér stað og eftirlitsaðilar með reglugerð þessari samþykkja, að mengun megi vera yfir viðmiðunarmörkum.

Viðkvæm og síður viðkvæm svæði: sjá m. a. viðmiðanir í viðauka 12 (II. viðauki).

3. KAFLI

Eftirlit.

Almenn ákvæði.

3. gr.

3.1 Heilbrigðisnefnd hefur eftirlit með framkvæmd reglugerðar þessarar undir yfirumsjón Hollustuverndar ríkisins. Hollustuvernd ríkisins annast eftirlit með þeim atvinnurekstri sem upp er talinn í viðauka 7.

3.2 Eftirlitið nær til lofts, láðs og lagar, svo og búnaðar og allra aðstæðna, sem valdið geta mengun. Eftirlitið felst í að framfylgja ákvæðum laga, reglugerða og starfsleyfa.

3.3 Eftirlitsaðili skal með fræðslu, leiðbeiningum og upplýsingum stuðla að aðgerðum, sem miða að því að hindra og/eða takmarka mengun.

3.4 Eftirlitsaðila skal, þegar óskað er, veittur aðgangur að starfsleyfisskyldri og/eða eftirlitsskyldri starfsemi, að svæðum og mannvirkjum, þar sem mengunarhætta er til staðar, svo og að búnaði og tækjum, sem geta valdið mengun. Eftirlitsaðila skulu veittar allar upplýsingar sem hann álítur nauðsynlegar vegna eftirlitsins.

3.5 Ákvæði kafla þessa hafa ekki áhrif á framkvæmd eftirlits samkvæmt lögum nr. 32/1986 um varnir gegn mengun sjávar.

Eftirlit með starfsleyfisskyldum atvinnurekstri.

4. gr.

Eftirlit skal vera reglubundið, sbr. 5. gr. Hollustuvernd ríkisins sér um eftirlit með atvinnurekstri og starfsemi sem upp er talin í viðauka 7. Heilbrigðisnefndir sjá um eftirlit með atvinnurekstri og starfsemi sem upp er talin í viðauka 8. Reglubundið eftirlit með starfsleyfisskyldum atvinnurekstri og starfsemi skiptist í 5 flokka eins og fram kemur í viðauka 9.

Lágmarkstíðni reglubundinna mælinga og eftirlits.

5. gr.

5.1 Lágmarkstíðni reglubundinna mælinga og eftirlits skal vera sem hér segir nema annað segi í reglugerð þessari eða starfsleyfum:

Flokkun sbr. viðauka 9	Tímabil milli skoðana	Mengunar-mælingar
1.	6 mánuðir	Þriðja hvert ár
2.	12 mánuðir	Fimmta hvert ár
3.	12 mánuðir	Tíunda hvert ár
4.	24 mánuðir	Aldrei
5.	Samkvæmt ákvörðun eftirlitsaðila	Aldrei

5.2 Komi ítrekað fram við eftirlit að ekki sé fylgt ákvæðum laga, reglugerða eða starfsleyfis, er eftirlitsaðila heimilt að flytja viðkomandi fyrirtæki upp um einn flokk, sbr. 1. mgr. Leiði eftirlitið í ljós að fyrirtæki starfi ávallt samkvæmt gildandi ákvæðum laga, reglugerða og starfsleyfis og að mengunarvarnir séu fullnægjandi, er eftirlitsaðila heimilt að flytja fyrirtækið niður um einn flokk, sbr. 1. mgr.

6. gr.

Fyrirtæki sem upp eru talin í viðaukum 7 og 8, greiða árlegt eftirlitsgjald samkvæmt gjaldskrá sem ráðherra staðfestir að fengnum tillögum stjórnar Hollustuverndar ríkisins vegna fyrirtækja í viðauka 7 og hlutaðeigandi svæðisnefndar um heilbrigðiseftirlit vegna fyrirtækja í viðauka 8. Gjaldið skal standa straum af kostnaði við eftirlitið.

7. gr.

Komi, að mati eftirlitsaðila, í ljós veruleg frávik frá ákvæðum starfsleyfis, laga eða reglugerða, getur eftirlitsaðili krafist úttektar á kostnað hlutaðeigandi fyrirtækis. Ágreiningi um nauðsyn slíkrar úttektar og/eða um kostnað er heimilt að vísa til stjórnar Hollustuverndar ríkisins, eigi heilbrigðiseftirlit sveitarfélaganna í hlut. Eigi Hollustuvernd ríkisins hins vegar hlut að máli er heimilt að vísa málinu til úrskurðarnefndar sem starfar samkvæmt 30. gr. laga um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit nr. 81/1988.

8. gr.

Heilbrigðisnefnd skal árlega skila til Hollustuverndar ríkisins yfirliti yfir framkvæmd og niðurstöður eftirlits með þeim atvinnurekstri sem upp er talinn í viðauka 8. Upplýsingum skal skila á þar til gerðum eyðublöðum, sem Hollustuvernd ríkisins leggur til. Á sama hátt skal Hollustuvernd ríkisins senda hlutaðeigandi heilbrigðiseftirliti niðurstöður og túlkun allra mengunarmælinga hjá atvinnurekstri sem fellur undir viðauka 7 á viðkomandi heilbrigðiseftirlitssvæði. Geri Hollustuvernd ríkisins skriflega kröfur um úrbætur, ber að senda afrit bréfsins til viðkomandi heilbrigðiseftirlits.

9. gr.

Með sérstöku samkomulagi við hlutaðeigandi heilbrigðisnefndir, sem ráðherra staðfestir, getur Hollustuvernd ríkisins tekið að sér að sinna hluta eftirlitsins með starfsemi fyrirtækja sem talin eru upp í viðauka 8. Á sama hátt getur heilbrigðisnefnd tekið að sér að sinna hluta eftirlits með starfsemi fyrirtækja sem talin eru upp í viðauka 7. Ábyrgð á eftirlitinu hvílir eftir sem áður hjá þeim aðila sem skal annast það samkvæmt flokkun í viðaukum 7 og 8.

4. KAFLI
Varnir gegn vatnsmengun.
Almenn ákvæði.

10. gr.

10.1 Öll losun mengandi efna og skólps í vatn er óheimil án tilskilinna leyfa. Í ákvæðum starfsleyfa skulu allar viðeigandi ráðstafanir gerðar til að koma í veg fyrir vatnsmengun. Beita skal fullkomnustu tækni sem völ er á að því tilskildu að kostnaðurinn við það sé ekki óhóflegur. Jafnframt skal leitast við að nota þau efni sem skaða umhverfið sem minnst.

10.2 Losun hættulegra efna í vatn sem talin eru upp á lista I og II í viðauka 10, er óheimil nema í samræmi við ákvæði reglugerðar þessarar og starfsleyfa. Einungis er heimilt að gefa leyfi til tiltekins tíma ef áætlað er að losa efni á lista I. Draga skal úr mengun af völdum annarra hættulegra efna, sbr. lista II í viðauka 10 og 11.

10.3 Um losun í grunnvatn gilda sérstakar reglur, sbr. 12. gr.

10.4 Atvinnurekstri sem hefur undir höndum eða notar efni sem getið er á lista I og II í viðauka 10 eða á lista I og II í viðauka 11, sbr. viðauka 20, ber að fara eftir leiðbeiningum Hollustuverndar ríkisins sem miða að því að draga úr mengun af völdum þessara efna í vatni.

10.5 Allt skólp skal hreinsað með tveggja þrepa hreinsun eða með sambærilegri hreinsun áður en því er veitt í viðtaka nema kveðið sé á um annað í reglugerð þessari.

Varnir gegn mengun yfirborðsvatns.

11. gr.

11.1 Til að koma í veg fyrir vatnsmengun skulu sveitarstjórnir og skipulagsyfirvöld flokka vatnasvæði í eftirfarandi flokka við gerð svæðis- og aðalskipulags í samráði við heilbrigðisnefnd, Náttúruverndarráð og Hollustuvernd ríkisins:

Flokkur I: svæði sem hafa sérstaka þýðingu vegna nytja af ýmsu tagi, lífríkis, jarðmyndana eða útivistar, auk annarra sérstakra vatnsverndunarsvæða.

Flokkur II: yfirborðsvatn sem ekki nýtur sérstakrar verndar.

Flokkun þessi gildir einnig þó að skipulagsáætlanir hafi ekki verið samþykktar.

11.2 Óheimilt er að losa skólp í yfirborðsvatn á svæðum sem hafa sérstaka þýðingu samkvæmt flokki I í 1. mgr., sbr. þó 14. - 22. gr.

11.3 Heilbrigðisnefnd getur, þegar um er að ræða starfsemi sem ekki er starfsleyfisskyld samkvæmt viðauka 7, veitt tímabundna undanþágu frá banni samkvæmt 2. mgr., ef sérstakar aðstæður gefa tilefni til og að höfðu samráði við Hollustuvernd ríkisins. Umsókn um undanþágu ásamt niðurstöðum rannsókna og/eða útreikninga sem sýna væntanleg umhverfisáhrif, skal senda til heilbrigðisnefndar. Þegar við á er Hollustuvernd ríkisins heimilt að veita undanþágu frá banninu enda liggi fyrir rannsóknir og/eða útreikningar sem sýni væntanleg umhverfisáhrif.

11.4 Fráveituvatn einstakra íbúðarhúsa eða sumarbústaða er undanþegið rannsóknarskyldu, enda sé það veitt um rotþró og siturleiðslu samkvæmt leiðbeiningum Hollustuverndar ríkisins og fyrirmælum heilbrigðisnefndar. Aðeins má nota rotþrær sem Hollustuvernd ríkisins hefur viðurkennt.

11.5 Virkni hreinsibúnaðar á skólpi og dreifing þess í umhverfinu skal á hverjum tíma vera þannig að mengun í yfirborðsvatni utan þynningarsvæða sé innan þeirra viðmiðunarmarka, sem fram koma í viðauka 1 með reglugerð þessari.

Varnir gegn mengun grunnvatns.

12. gr.

12.1 Mengun grunnvatns er óheimil nema annað segi í reglugerð þessari. Óheimilt er að losa efni sem getið er á lista I í viðauka 11, í grunnvatn.

12.2 Heilbrigðisnefnd getur, þegar um er að ræða starfsemi sem ekki er starfsleyfisskyld samkvæmt viðauka 7 og að höfðu samráði við Hollustuvernd ríkisins, þegar um fráveitur er að ræða, veitt tímabundna undanþágu frá banni 1. mgr. Þegar við á er Hollustuvernd ríkisins eða Siglingamálastofnun ríkisins, heimilt að veita undanþágu frá banninu. Þó er ætíð óheimilt að veita undanþágu vegna efna sem getið er í viðauka 11 ef um beina losun er að ræða. Einungis er heimilt að veita leyfi til tiltekins tíma ef áætlað er að losa efni á listum I eða II í grunnvatn.

12.3 Áður en leyfi er veitt til að losa efni sem talin eru upp á lista I og II í viðauka 11, er skylt að rannsaka áhrif væntanlegrar losunar á umhverfið.

12.4 Umsókn um undanþágu ásamt niðurstöðum rannsókna og/eða útreikninga sem sýna væntanleg umhverfisáhrif, skal senda til heilbrigðisnefndar. Ef rannsókn leiðir í ljós að grunnvatn sé óhæft til notkunar, einkum til heimilis- og búsþarfa, má leyfa losun með því skilyrði að hún hindri ekki nýtingu auðlinda, skaði ekki vistkerfi eða annað vatn.

12.5 Fráveituvatn einstakra sumarbústaða eða íbúðarhúsa, sem ekki eru á lindarsvæðum, er undanþegið rannsóknarskyldu enda sé það leitt um rotþró og siturleiðslu samkvæmt reglum Hollustuverndar ríkisins og fyrirmælum heilbrigðisnefndar.

12.6 Dæling vatns niður í jarðlög er óheimil nema að fenginni umsögn Hollustuverndar ríkisins enda fylgi dælingunni engin hætta á mengun grunnvatns. Vatnsrannsóknir og -vöktun vegna dælinga skulu unnar í samráði við og samkvæmt leiðbeiningum Hollustuverndar ríkisins.

Varnir gegn mengun strandsvæða.

13. gr.

13.1 Öllu skólpi sem veitt er til sjávar, skal veitt minnst 5 metra niður fyrir meðalstórstraumsfjöruborð, eða 20 metra út frá meðalstórstraumsfjörumörkum. Yfirfallsleiðslur fyrir ofanvatn skal veita út fyrir stórstraumsfjörumörk. Við hönnun á fráveitum er heimilt að miða við að ofanvatn fari um yfirföll allt að 5% af tímanum eða þegar uppblandað skólp með hitaveitu- og/eða ofanvatni er í hlutföllunum 1:5 a. m. k.

13.2 Til að koma í veg fyrir vatnsmengun skulu sveitarstjórnir og skipulagsyfirvöld flokka vatnasvæði í eftirfarandi flokka við gerð svæðis- og aðalskipulags í samráði við heilbrigðisnefnd, Náttúruverndarráð og Hollustuvernd ríkisins:

Flokkur I: strandsvæði, mikilvæg vegna nytja, lífríkis, jarðmyndana og útivistar auk annarra sérstakra vatnsverndunarsvæða.

Flokkur II: önnur strandsvæði.

Flokkun þessi gildir einnig þó að skipulagsáætlanir hafi ekki verið samþykktar.

13.3 Bannað er að losa skólp út í strandsvæði sem tilheyra flokki I, samkvæmt 2. mgr., sbr. þó ákvæði 14. - 22. gr.

13.4 Heilbrigðisnefnd getur, þegar um er að ræða starfsemi sem ekki er starfsleyfisskyld samkvæmt viðauka 7 og að höfðu samráði við Hollustuvernd ríkisins, veitt tímabundna undanþágu frá ákvæðum 1. og 3. mgr., þó með þeim takmörkunum sem gilda fyrir viðkvæm svæði, sbr. og ákvæði viðauka 12. Umsókn um undanþágu frá 1. og/eða 3. mgr., ásamt niðurstöðum rannsókna og/eða útreikninga, er sýna væntanleg umhverfisáhrif fráveituvatnsins, skal senda til heilbrigðisnefndar. Þegar við á er Hollustuvernd ríkisins heimilt að veita undanþágu frá banninu enda liggi fyrir rannsóknir og/eða útreikningar sem sýna væntanleg umhverfisáhrif.

13.5 Fráveituvatn sem veitt er frá einstökum íbúðarhúsum eða sumarbústöðum er undanþegið rannsóknarskyldu enda sé því veitt um rotþró og siturleiðslu samkvæmt leiðbeiningum Hollustuverndar ríkisins og fyrirmælum heilbrigðisnefndar. Aðeins má nota rotþrær sem Hollustuvernd ríkisins hefur viðurkennt.

13.6 Saurgerlamengun í strandsjó sem er utan þynningarsvæða skal vera undir viðmiðunarmörkum, sem fram koma í viðauka 2 með reglugerð þessari.

Fráveitur, hreinsun skólps o. fl.

14. gr.

14.1 Skólpi skal farga á þann hátt að heilsu manna stafi ekki hætta af og með þeim hætti að lífríki og umhverfi raskist sem minnst. Eigandi fráveitu ber ábyrgð á því að fráveituvatni sé fargað í samræmi við ákvæði reglugerðar þessarar. Velja skal losunarstaði skólps með það í huga að viðtaki spillist sem minnst. Að öðru leyti skal förgunin vera í samræmi við ákvæði reglugerðarinnar.

14.2 Heilbrigðisnefnd samþykkir nýjar og endurbættar fráveitur einstaklinga og lögaðila. Heilbrigðisnefnd veitir einnig leyfi fyrir búnað sem notaður er við hreinsun og losun á skólpi. Heilbrigðisnefnd skal fá umsögn frá og hafa náið samráð við Hollustuvernd ríkisins áður en samþykki er veitt samkvæmt ákvæði þessu.

14.3 Sveitarstjórn skal senda áætlun um nýjar og endurbættar fráveitur til heilbrigðisnefndar. Í áætlun skulu koma fram upplýsingar um þá þætti sem fjallað er um í viðauka 12 um önnur atriði reglugerðar þessarar eins og við á hverju sinni. Jafnframt skulu m. a. koma fram upplýsingar um:

1. Svæðið sem fráveituvatni er veitt frá og að hve miklu leyti fráveitan kemur í stað eldri fráveitna.

2. Fyrirhugað magn fráveituvatns, annars vegar frá íbúðabyggð og hins vegar frá iðnaðarsvæðum, svo og um hvers konar iðnað er að ræða.

3. Fyrirhugaða hreinsun fráveituvatns, þ. á m. sérstaka hreinsun á fráveituvatni frá iðnaði.

4. Fyrirhugaðan viðtaka fráveituvatnsins og með hvaða hætti fyrirhugað er að leiða út í viðtakann.

5. Áætluð áhrif á viðtaka af völdum fráveituvatnsins.

6. Fyrirhugaða meðhöndlun ristarúrgangs og seyru frá hreinsivirkjum og fyrirhugaðan móttökustað.

7. Hvenær áætlað er að fráveitan verði tekin í notkun.

14.4 Sveitarstjórnir skulu senda tillögur að flokkun viðtaka til Hollustuverndar ríkisins til umsagnar. Flokkunin skal miða við hæfni til að taka við og eyða skólpi.

Fráveitur.

15. gr.

15.1 Á öllum þéttbýlisstöðum skal vera fráveita. Þegar fráveita er lögð skal hafa í huga kröfur sem gilda um hreinsun skólps. Hönnun, lagning og viðhald fráveitu skal samræmast bestu tækniþekkingu sem völ er á og ekki hafa í för með sér óhóflegan kostnað. Við hönnun skal einkum taka tillit til eðlis viðtaka, magns og eðlis skólps, lekavarna og yfirfalls vegna ofanvatns.

15.2 Safnræsi skal komið á sem hér segir:

Tímamark - ár	Magn p.e.	Viðtaki
a. fyrir 31.12. 2000	≥ 15.000	síður viðkvæmur
b. fyrir 31.12. 2005	< 15.000	allir
c. fyrir 31.12. 1998	≥ 10.000	viðkvæmur

15.3 Safnræsi sem taka við 2.000 p.e. eða meira magni af skólpi skulu uppfylla þær kröfur sem fram koma í viðauka 12 (I. viðauki, A-hluti).

15.4 Þar sem lagning safnræsa þykir ekki álitlegur kostur, annað hvort vegna þess að það hefur ekki umhverfisbætandi áhrif eða það hefur í för með sér óhóflegan kostnað, skal nýta önnur kerfi sem vernda umhverfið jafn vel. Gæta skal ákvæða 10. gr.

Skólphreinsistöðvar.

16. gr.

Skólphreinsi- og dælustöðvar skal hanna eða breyta þannig að unnt sé að taka sýni af skólpi sem kemur inn, svo og af hreinsuðu skólpi áður en það er losað í viðtaka. Í starfsleyfi skólphreinsistöðva og útrásadælustöðva skal taka mið af þeim kröfum sem getið er í viðauka 12 (viðauki I, B-hluti), eftir því sem við á hverju sinni auk annarra ákvæða reglugerðar þessarar. Við eftirlit og mat á mengunarmælingum skal taka mið af viðauka 12 (viðauki I, D-hluti). Magn p.e. í skólpi skal reiknað út á grundvelli mesta meðalmagns á viku sem fer um hreinsistöðina á ári að frádregnu því sem fellur til við óvenjulegar aðstæður t. d. við stórrigningar.

Eins þreps hreinsun.

17. gr.

17.1 Skylt er að beita a. m. k. eins þreps hreinsun þegar skólpi er veitt í viðtaka sem skilgreindur hefur verið sem síður viðkvæmur.

17.2 Eins þreps hreinsun skólps skal komið á sem hér segir:

Tímamark - ár	Magn p.e.	Viðtaki
a. fyrir 31.12. 2000	15.000 til 150.000	strandsjór
b. fyrir 31.12. 2005	10.000 til 15.000	strandsjór
c. fyrir 31.12. 2005	2.000 til 10.000	ármynni

17.3 Hreinsun skólps, sbr. a - c, skal a. m. k. uppfylla kröfur sem gerðar eru til eins þreps hreinsunar, sbr. skilgreiningu í 2. gr. Þó er fullnægjandi að beita síubúnaði þrátt fyrir að BOD_5 lækki minna en samkvæmt 2. gr.

17.4 Áður en eins þreps hreinsun er heimiluð skal eigandi fráveitu í samráði við heilbrigðisnefnd rannsaka ítarlega áhrif skólps á umhverfið. Viðkomandi heilbrigðisnefnd skal hafa samráð við Hollustuvernd ríkisins við gerð rannsóknarinnar. Þegar skólp er losað á svæðum sem skilgreind hafa verið sem síður viðkvæm, skal heilbrigðisnefnd hafa eftirlit með og hlutast til um allar þær rannsóknir sem staðfesta að losun hafi ekki óæskileg áhrif. Við eftirlit og mat á mengunarmælingum skal taka mið af viðauka 12 (viðauki I, D-hluti).

Tveggja þrepa hreinsun.

18. gr.

18.1 Tveggja þrepa hreinsun skólps skal komið á sem hér segir:

Tímamark - ár	Magn p.e.	Viðtaki
a. fyrir 31.12. 2000	≥ 15.000	flokkur II, sbr. 11. gr.
b. fyrir 31.12. 2005	10.000 til 15.000	flokkur II, sbr. 11. gr.
c. fyrir 31.12. 2005	2.000 til 10.000	ármynni/ferskvatn

Hreinsun skal uppfylla kröfur viðauka 12 (I. viðauki, B-hluti).

18.2 Jafnframt skal komið á tveggja þrepa hreinsun fyrir a og b þegar skólpi er veitt í viðtaka, sbr. flokk II í 13. gr. og viðtaki hefur verið skilgreindur sem viðkvæmt svæði.

18.3 Í undantekningartilvikum þegar hægt er að sýna fram á að þróaðri hreinsiaðferðir hafi engin umhverfisbætandi áhrif, má hreinsa skólp með meira en 150.000 p.e. sem veitt er í síður viðkvæm svæði með eins þreps hreinsun, sbr. 17. gr.

18.4 Við eftirlit og mat á mengunarmælingum skal taka mið af viðauka 12 (I. viðauka, D-hluta).

19. gr.

Á hálendi þar sem skólp er losað í yfirborðsvatn og örðugt reynist að beita líffræðilegri hreinsun að gagni vegna lágs hitastigs, er heimilt að beita aðferðum sem ekki eru eins ítarlegar og þær sem getið er í 18. gr. Sérstök rannsókn skal þó fara fram áður en slík losun er heimiluð, sbr. ákvæði 17. gr. Gæta skal ákvæða laga nr. 63/1993 um mat á umhverfisáhrifum.

Frekari hreinsun.

20. gr.

20.1 Frekari hreinsun skólps en getið er í 17. og 18. gr. skal beita á viðkvæmum svæðum, sbr. flokk I í 11. og 13. gr.

20.2 Hreinsun skal komið á sem hér segir:

Tímamark - ár	Magn p.e.	Viðtaki
a. fyrir 31.12. 1998	≥ 10.000	viðkvæm svæði
b. fyrir 31.12. 2000	<10.000	viðkvæm svæði

20.3 Hreinsun skal uppfylla kröfur viðauka 12 (I. viðauki, B-hluti og 2. tafla). Að fenginni umsögn Hollustuverndar ríkisins er heimilt að víkja frá ákvæðum þessum að uppfylltum þeim kröfum sem stofnunin setur.

Viðeigandi hreinsun.

21. gr.

Skylt er að koma á viðeigandi hreinsun skólps, sbr. skilgreiningu í 2. gr., sbr. og 5. mgr. 10. gr., í samræmi við eftirfarandi tímamörk:

Tímamark - ár	Magn p.e.	Viðtaki
a. fyrir 31.12. 2005	≤ 2.000	yfirborðsvatn/ármynni
b. fyrir 31.12. 2005	≤10.000	strandsjór

Iðnaðarskólp.

22. gr.

Iðnaðarskólp sem veitt er í safnræsi og fráveitur skal uppfylla þær kröfur sem koma fram í viðauka 12 (I. viðauki, C-hluti). Í starfsleyfi starfsleyfisskylds atvinnurekstrar skal setja kröfur um hreinsun skólps sem uppfylla skilyrði ákvæðis þessa.

Vatnsrannsóknir.

23. gr.

23.1 Hollustuvernd ríkisins annast, skipuleggur og hefur umsjón með úttektarrannsóknum á vatnsmengun þar með töldum grunnvatnsrannsóknum.

23.2 Heilbrigðisnefnd framkvæmir, eða lætur framkvæma, eftirlitsmælingar á fráveituvatni og viðtaka.

23.3 Hollustuvernd ríkisins gefur út leiðbeiningar um sýnatöku og rannsóknir miðað við magn fráveituvatns og mismunandi aðstæður.

Starfandi fráveitur.

24. gr.

24.1 Heilbrigðisnefnd skal sjá um að annaðhvort ár verði gefin út stöðuskýrsla um förgun skólps á svæði nefndarinnar. Skýrslan skal byggja á gögnum sveitarstjórnar um núverandi fráveitukerfi og framtíðaráform þeirra. Að auki skal hún byggja á niðurstöðum úr eftirlitsmælingum heilbrigðiseftirlitsins. Skýrsluna skal senda til Hollustuverndar ríkisins sem dregur efni þeirra saman í sameiginlega stöðuskýrslu yfir landið.

24.2 Í upplýsingum samkvæmt 1. mgr. komi a. m. k. fram:

1. Hvar og með hvaða hætti fráveituvatni er veitt út í umhverfið.
2. Magn fráveituvatns frá íbúðabyggð og iðnaðarsvæðum, svo og tegund iðnaðar sem veitir fráveituvatni í fráveitukerfið.
3. Hreinsun fráveituvatns, þ. á m. sérstök hreinsun á fráveituvatni frá iðnaði.
4. Meðhöndlun og förgun á ristarúrgangi og seyru frá hreinsibúnaði.
5. Dreifing gerlamengunar í viðtaka.
6. Niðurstöður eftirlitsmælinga.

24.3 Telji Hollustuvernd ríkisins, þegar leitað hefur verið eftir áliti umsagnaraðila, að úrbóta sé þörf, skal stofnunin leita eftir tillögum sveitarstjórnar um þær.

5. KAFLI
Varnir gegn loftmengun.

Almenn ákvæði.

25. gr.

25.1 Halda skal loftmengun í lágmarki og viðhalda þeim gæðum sem felast í hreinu og ómenguðu lofti.

25.2 Í ákvæðum starfsleyfa iðjuvera skulu allar viðeigandi ráðstafanir gerðar til þess að hamla gegn loftmengun og beita til þess fullkomnustu tækni sem völ er á að því tilskildu að kostnaðurinn við beitingu tækninnar sé ekki óhóflegur.

25.3 Heimilt er að beita strangari ákvæðum en í reglugerð þessari greinir vegna útblásturs frá iðjuverum, ef loftmengun á svæði þar sem iðjuver er staðsett er sérstaklega mikil eða ef svæðið á að njóta sérstakrar verndar.

Viðmiðunarmörk fyrir loftgæði.

26. gr.

26.1 Styrkur köfnunarefnisdíoxíðs í andrúmslofti sem mældur er í samræmi við viðauka 13 (III. viðauki) skal ekki vera meiri en viðmiðunarmörk viðauka 3.

26.2 Styrkur brennisteinsdíoxíðs og svifryks í andrúmslofti sem mældur er í samræmi við tilvísunaraðferðir í viðaukum 14 og 15 eða aðrar sambærilegar aðferðir sem Hollustuvernd ríkisins samþykkir, skal ekki vera yfir viðmiðunarmörkum í viðauka 3.

26.3 Styrkur blýs í andrúmslofti sem mældur er í samræmi við tilvísunaraðferðir í viðauka 16 skal ekki vera yfir viðmiðunarmörkum í viðauka 3.

26.4 Styrkur kolmónoxíðs og fallryks skal ekki vera yfir viðmiðunarmörkum, sbr. viðauka 3.

27. gr.

Fari loftmengun yfir viðmiðunarmörk samkvæmt reglugerð þessari eða ef hætta er á slíku, skal viðkomandi heilbrigðisnefnd gera ráðstafanir til að dregið verði úr loftmengun og viðmiðunarmörkin virt.

28. gr.

Heilbrigðisnefnd getur takmarkað umferð og aðra starfsemi á ákveðnum svæðum um skemmri tíma, fari mengun verulega yfir viðmiðunarmörk, t. d. vegna ófyrirséðra atvika, eða ef óþæginda gætir af völdum annarra efna en þeirra sem talin eru upp í viðauka 3.

29. gr.

Heilbrigðisnefnd getur, þegar um er að ræða starfsemi sem ekki er starfsleyfisskyld samkvæmt viðauka 7, sett reglur um brennslu sem getur haft skaðleg áhrif á umhverfið eða gefið frá sér lykt eða reyk sem veldur óþægindum.

30. gr.

Í starfsleyfi loftmengandi iðjuvera skal tilgreina í hvaða fjarlægð frá verksmiðjuvegg ákvæði um viðmiðunarmörk skuli uppfyllt.

31. gr.

Dreifing útblásturslofts í umhverfinu og virkni hreinsibúnaðar skal á hverjum tíma

vera slík að mengun sé innan viðmiðunarmarka, sbr. ákvæði reglugerðar þessarar. Þegar olíu/olíuúrgangi er brennt í orku- eða iðjuveri sem er 3 MW eða meira að varmaafli, miðað við lægra brennslugildi (LBG), skal virða viðmiðunarmörkin sem fram koma í viðauka 17.

32. gr.

Húseigendur skulu sjá svo um að reykur frá kynditækjum o. þ. h. valdi ekki óþægindum í nærliggjandi umhverfi. Óheimilt er að nota úrgangsolíu og önnur spilliefni á kynditæki nema hafa til þess tilskilin leyfi.

33. gr.

33.1 Eigendur vélknúinna ökutækja, eins og þau eru skilgreind í umferðarlögum, skulu sjá til þess að vélbúnaði sé haldið við og hann stilltur á þann hátt að ekki valdi óþarfa reyk- eða sótmyndun.

33.2 Óheimilt er að skilja ökutæki eftir í gangi þegar þau eru yfirgefin. Jafnframt er óheimilt að láta vélar kyrrstæðra ökutækja ganga lengur en í örstutta stund nema sérstaklega standi á. Regla þessi á ekki við um ökutæki lögreglu, slökkviliðs o. þ. h.

33.3 Mengun frá bifreiðum, sem fluttar eru til landsins frá og með 1. júlí 1992, skal vera innan viðmiðunarmarka samkvæmt viðauka 6.

34. gr.

Forráðamenn fyrirtækja og stofnana skulu sjá svo um að reykur, ryk og hættulegar, daunillar eða lyktarmiklar lofttegundir valdi ekki óþægindum í nærliggjandi umhverfi.

Loftgæðarannsóknir.

35. gr.

35.1 Hollustuvernd ríkisins annast, skipuleggur og hefur umsjón með loftgæðarannsóknum.

35.2 Heilbrigðisnefnd framkvæmir eða lætur framkvæma reglubundnar eftirlitsmælingar á loftmengun.

35.3 Í viðauka 13, 14, 15 og 16 eru birtar aðferðir sem beita skal við loftgæðarannsóknir. Heimilt er að beita jafngildum aðferðum, enda hafi Hollustuvernd ríkisins staðfest að þær uppfylli ákvæði alþjóðlegra samninga sem Ísland er aðili að.

35.4 Hollustuvernd ríkisins skal hafa yfirumsjón með samræmingu loftgæðamælinga og að farið sé að tilvísunaraðferðum samkvæmt 3. mgr. Stofnunin skal stuðla að því að settar verði upp mælistöðvar til að afla nauðsynlegra gagna um loftgæði.

35.5 Niðurstöður eftirlitsmælinga sem gerðar eru til að uppfylla ákvæði þessarar reglugerðar, skulu sendar Hollustuvernd ríkisins. Stofnunin skal með reglulegu millibili birta niðurstöður um loftgæði á Íslandi.

36. gr.

Við gerð svæða- og aðalskipulags skulu skipulagsyfirvöld hafa hliðsjón af loftgæðarannsóknum sem framkvæmdar eru samkvæmt reglugerð þessari, svo og áliti eftirlitsaðila, sbr. einnig skipulagsreglugerð nr. 318/1985, ásamt síðari breytingum.

6. KAFLI
Varnir gegn mengun af völdum úrgangs.

Meðferð úrgangs.

37. gr.

37.1 Draga skal eins og unnt er úr framleiðslu úrgangs. Stefnt skal að endurvinnslu

og endurmyndun hans svo sem kostur er. Leitast skal við að beita bestu fáanlegu tækni við meðhöndlun úrgangs.

37.2 Atvinnurekstur sem meðhöndlar úrgang, eða stundar einhverja þá starfsemi sem tilgreind er í viðauka 18 (II. viðauki, A og B-hluti), skal hafa starfsleyfi.

37.3 Óheimilt er að meðhöndla úrgang nema í samræmi við ákvæði reglugerðar þessarar og starfsleyfa. Jafnframt er bannað að skilja eftir, flytja eða geyma úrgang á þann hátt að valdið geti skaða eða lýtum á umhverfinu. Þetta gildir jafnt um smærri sem stærri hluti, svo sem bílflök, skipsskrokka o. s. frv.

38. gr.

38.1 Forráðamenn verslana, bensín- og olíustöðva, söluturna, samkomustaða, orlofsbúða, tjaldstæða o. þ. h., skulu í samráði við heilbrigðisnefnd koma fyrir nægilegum fjölda ruslabiða og sjá um viðhald og tæmingu þeirra. Forráðamenn skulu einnig sjá um nauðsynlega hreinsun nálægs umhverfis.

38.2 Sveitarstjórn og yfirvöld fólkvanga og þjóðgarða skulu í samráði við heilbrigðisnefnd setja upp ruslabiður á ferðamannastöðum og öðrum stöðum þar sem reikna má með mannsöfnuði og sjá um viðhald og tæmingu þeirra sé það ekki falið öðrum, sbr. 1. mgr.

38.3 Sveitarstjórn skal sjá um að tæma sorpílát og flytja sorpið brott sé það ekki falið öðrum með samningi. Sveitarstjórn getur, að höfðu samráði við heilbrigðisnefnd, ákveðið flokkun á sorpi jafnt á heimilum, stofnunum og vinnustöðum sem og á móttöku- og losunarstað.

38.4 Þeir aðilar, sem framleiðsluúrgangur og sérstakur úrgangur fellur til hjá, sjá um alla meðferð og brottflutning úrgangs og bera kostnað vegna förgunar hans. Sveitarstjórn getur, að höfðu samráði við heilbrigðisnefnd, ákveðið flokkun þessa úrgangs.

39. gr.

39.1 Sveitarstjórnir skulu sjá til þess að komið sé á kerfisbundinni tæmingu á seyru úr rotþróm og úrgangi úr öðrum hreinsivirkjum þar sem til fellur lífrænn, mengandi og/eða sóttmengaður úrgangur.

39.2 Rekstraraðilar húsnæðis eða svæða, þar sem salernisúrgangur, ristarúrgangur eða seyra fellur til, sjá um alla meðferð og flutning úrgangsins, svo fremi ekki sé í gildi sérstök heilbrigðissamþykkt sem kveður á um annað.

40. gr.

Þeim hluta sérstaks úrgangs, sem telst til spilliefna samkvæmt viðauka 4 má ekki blanda saman við annan úrgang. Einstökum tegundum spilliefna (hættulegs úrgangs) skal auk þess halda aðgreindum frá öðrum efnum og efnaleifum í samráði við eftirlitsaðila.

41. gr.

Heilbrigðisnefnd getur krafist þess að sá sem brotið hefur ákvæði 3. mgr. 37. gr. hreinsi upp eða greiði kostnað þeim sem verkið vinna. Þessu ákvæði má einnig beita gagnvart þeim sem sjá um að tæma ruslabiður og sorpílát, hafi ófullnægjandi tæming leitt til þess að úrgangur hafi dreifst.

Förgun úrgangs.

42. gr.

42.1 Sveitarstjórn eða sveitarstjórnir leggja til og sjá um að rekin sé móttökustöð fyrir úrgang, sbr. þó 3. mgr. 43. gr.

42.2 Sorp og framleiðsluúrgangur, sem ekki verður endurnýttur eða nýttur á annan hátt, skal fluttur til móttökustöðva samkvæmt 1. mgr.

42.3 Í undantekningartilvikum og þegar sérstaklega stendur á getur heilbrigðisnefnd heimilað einstaklingum utan þéttbýlis að urða sorp og farga seyru sem frá þeim kemur, enda leyfi aðstæður slíkt að mati nefndarinnar. Heilbrigðisnefnd skal leita umsagnar Hollustuverndar ríkisins ef hætta er talin á mengun í slíkum tilfellum.

43. gr.

43.1 Ávallt skal leita leiða til að nýta sérstakan úrgang. Þann hluta sem ekki verður nýttur skal flytja til móttökustöðva samkvæmt 42. gr., sem Hollustuvernd ríkisins hefur veitt starfsleyfi til að taka á móti slíkum úrgangi.

43.2 Salernisúrgang, ristarúrgang og seyru, sem ekki verður nýtt, skal flytja til móttökustöðvar sem hefur til þess tilskilin leyfi samkvæmt 42. gr. Hreinsa skal seyru áður en hún er nýtt til uppgræðslu sem áburður í landbúnaði eða til annarra nota.

43.3 Spilliefni (hættulegan efnaúrgang) samkvæmt viðauka 4 með reglugerð þessari, og annan úrgang sem inniheldur spilliefni skal flytja til móttökustöðva sem hafa fengið starfsleyfi til að taka á móti slíkum úrgangi, sbr. 8. kafla þessarar reglugerðar.

44. gr.

44.1 Starfsleyfishafa, sbr. 3. mgr. 43. gr., er heimilt að farga úrgangi sem inniheldur takmarkað magn spilliefna á sama hátt og heimilis- og framleiðsluúrgangi. Hollustuvernd ríkisins gefur út lista yfir þennan úrgang þar sem fram kemur við hvaða styrk spilliefna miðað er í hverju tilfelli og hvernig förgunin skuli framkvæmd.

44.2 Nú er úrgangur sem inniheldur takmarkað magn spilliefna ekki á lista samkvæmt 1. mgr. og geta aðilar þá sótt um að hann sé settur á listann. Umsókn skal fylgja staðfesting viðurkenndrar rannsóknarstofu á styrk spilliefna í úrganginum.

Meðferð olíuúrgangs.

45. gr.

45.1 Stefnt skal að endurmyndun olíuúrgangs eða förgun hans með endurnýtingu. Tryggja skal að við meðhöndlun olíuúrgangs séu gerðar viðeigandi ráðstafanir til að vernda umhverfið og heilsu manna. Tryggt skal að endurmynduð olía innihaldi ekki önnur spilliefni eða sé menguð af þeim, á þann hátt, í því magni eða af þeim styrkleika að það fari umfram leyfileg mörk fyrir viðkomandi efni samkvæmt reglugerð þessari.

45.2 Öll meðhöndlun olíuúrgangs skal vera í samræmi við ákvæði reglugerðar þessarar. Bannað er að losa olíuúrgang í yfirborðsvatn, grunnvatn, í sjó eða í frárennsli svo og í jarðveg.

46. gr.

46.1 Þeim aðilum sem olíuúrgangur fellur til hjá er skylt að tryggja að hann sé geymdur á viðeigandi hátt og ber að skila honum til viðurkenndra móttökuaðila, sbr. 3. mgr. 43. gr.

46.2 Fyrirtæki sem sjá um söfnun og förgun á olíuúrgangi skulu hafa til þess tilskilin leyfi.

46.3 Þar sem fram fer framleiðsla, söfnun og/eða förgun á meira en 200 lítrum af olíuúrgangi á ári, ber að halda skrá yfir magn, ástand, uppruna og geymslustað úrgangsolíunnar, afhendingu og móttöku ásamt dagsetningum.

46.4 Olíuúrgang sem inniheldur meira en 50 hluta í milljón (ppm) af PCB- eða PCT-efnum skal meðhöndla sem PCB/PCT-spilliefni nema þegar hægt er að eyða PCB- eða PCT- efnunum eða draga svo úr magni þeirra með endurmyndun að olían innihaldi ekki efnin umfram tilgreint hámark, sbr. ákvæði reglugerðar þessarar.

46.5 Efnaleifum frá brennslu olíuúrgangs skal farga sem spilliefnum nema annað sé tilgreint í starfsleyfi.

46.6 Olíuúrgangur sem notaður er sem eldsneyti má ekki innihalda önnur spilliefni umfram leyfileg mörk fyrir viðkomandi efni. Jafnframt má úrgangurinn ekki innihalda PCB- eða PCT-efni í meiri styrk en sem nemur 50 hlutum í milljón (ppm).

Meðferð annarra spilliefna.

47. gr.

47.1 Draga skal eins og unnt er úr framleiðslu spilliefna, sbr. viðauka 4. Stuðla ber að öruggri eyðingu þeirra eða nýtingu og öðru sem lýtur að endurnotkun.

47.2 Heilbrigðisnefnd er heimilt að samþykkja takmörkun á meðferð spilliefna til að tryggja framkvæmd kafla þessa, m. a. á vatnsverndarsvæðum.

47.3 Fyrirtæki sem sjá um meðhöndlun spilliefna skulu hafa til þess starfsleyfi.

47.4 Umbúðir spilliefna skal merkja á viðeigandi hátt. Á umbúðunum skulu a. m. k koma fram upplýsingar um eiginleika, samsetningu og magn úrgangsins. Eingöngu skal nota traustar umbúðir sem henta viðkomandi efnum. Geymsla spilliefna skal vera þannig að ekki sé hætta á að umbúðir verði fyrir hnjaski.

47.5 Spilliefni skal skrá og staðfesting liggja fyrir um hvar eða hvernig þeim hafi verið fargað. Fyrirtæki sem framleiða eða meðhöndla spilliefni skulu halda nákvæma skrá yfir úrganginn. Í skránni skal m. a. koma fram gerð og magn úrgangs, eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar, uppruni úrgangs, flutningsaðili, meðferð hans og móttöku- eða förgunarstaður.

47.6 Þeir aðilar sem flytja spilliefni til annarra landa skulu afla sér vottorðs Hollustuverndar ríkisins áður en spilliefnin eru flutt frá landinu. Sama gildir um innflutning spilliefna. Í beiðni um vottorð skulu m. a. koma fram upplýsingar um gerð og magn úrgangsins, nafn og aðsetur viðtakanda, innflutnings- eða útflutningsland, fyrirhugaða flutningsleið og fyrirhugaða meðhöndlun eða förgun spilliefnanna.

48. gr.

48.1 Aðili sem framleiðir eða hefur undir höndum spilliefni og hefur ekki starfsleyfi samkvæmt 3. mgr. 47. gr. skal eins fljótt og unnt er, afhenda þau til stöðvar, stofnunar eða fyrirtækis sem hefur samkvæmt áðurnefndri grein leyfi til að meðhöndla þau.

48.2 Aðilum sem sjá um flutning spilliefna er skylt að láta fylgja með farminum skrifleg gögn þar sem fram koma upplýsingar um gerð, samsetningu, magn og þyngd úrgangs, nafn og heimilisfang framleiðanda eða fyrri úrgangshafa, nafn og heimilisfang móttakanda úrgangs eða förgunaraðila og hvar úrganginum verður endanlega fargað, ef vitað er.

48.3 Fyrirtæki sem farga spilliefnum eða senda þau til annarra landa skulu eigi síðar en 1. mars ár hvert senda Hollustuvernd ríkisins skrá yfir móttöku, meðferð, förgun og útflutning spilliefna almannaksárið á undan.

Um spilliefnarannsóknir.

49. gr.

Hollustuvernd ríkisins semur áætlanir og yfirlit um förgun spilliefna. Áætlanirnar skulu nýtast við gerð stöðuskýrslu um förgun spilliefna sem út skal koma á þriggja ára fresti.

7. KAFLI
Varnir gegn hávaða.

Almenn ákvæði.

50. gr.

Hávaði skal vera undir þeim viðmiðunarmörkum sem fram koma í viðauka 5 með reglugerð þessari, sbr. þó 53. gr.

51. gr.

Hávaðavarnir skulu á hverjum tíma vera slíkar að hávaði sé innan viðmiðunarmarka samkvæmt 50. gr., sbr. þó 53. gr. Stuðlað skal að hávaðavörnum, m. a. á eftirfarandi hátt:

1. Forráðamönnum fyrirtækja og stofnana er skylt að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að koma í veg fyrir óþægindi af völdum hávaða.

2. Eigendur vélknúinna ökutækja skulu sjá svo um að farartæki þeirra valdi ekki óþarfa hávaða.

3. Við allar framkvæmdir, svo sem byggingar, gröft, gatnagerð o. fl., skal þess sérstaklega gætt að ekki verði óþægindi af völdum hávaða.

52. gr.

Nú reynast hávaðavarnir ekki nægilegar og gerir þá heilbrigðisnefnd tillögur til sveitarstjórnar, t. d. um takmörkun umferðar og/eða starfsemi á ákveðnum tímum og svæðum, þ. á m. takmörkun umferðar um tilteknar götur að kvöldlagi, um nætur, eða allan sólarhringinn eftir atvikum, til að halda hávaða innan viðmiðunarmarka samkvæmt 50. gr.

53. gr.

Heilbrigðisnefnd getur, vegna sérstakra, óviðráðanlegra aðstæðna og að höfðu samráði við Hollustuvernd ríkisins, leyft að á ákveðnum, afmörkuðum svæðum megi hávaði vera yfir viðmiðunarmörkum samkvæmt viðauka 5.

Hávaðamælingar.

54. gr.

54.1 Hollustuvernd ríkisins annast, skipuleggur og hefur umsjón með úttektarrannsókn á hávaða.

54.2 Heilbrigðisnefnd framkvæmir eða lætur framkvæma reglubundnar eftirlitsmælingar á hávaða. Hollustuvernd ríkisins gefur út reglur um mælingar.

55. gr.

Við gerð svæða- og aðalskipulags skulu skipulagsyfirvöld hafa hliðsjón af niðurstöðum hávaðamælinga svo og áliti eftirlitsaðila samkvæmt reglugerð þessari, sbr. einnig skipulagsreglugerð nr. 318/1985, ásamt síðari breytingum.

8. KAFLI
Starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Almennt um starfsleyfi.

56. gr.

56.1 Atvinnurekstur sem upp er talinn í viðaukum 7 og 8 með reglugerð þessari má ekki hefja fyrr en fengið er starfsleyfi samkvæmt ákvæðum þessa kafla.

56.2 Eigi má breyta eða auka við atvinnurekstur samkvæmt viðaukum 7 og 8 ef það getur leitt til aukinnar og/eða annarrar mengunar, nema að fengnu nýju starfsleyfi.

56.3 Hollustuvernd ríkisins og heilbrigðisnefndir geta lagt til við ráðherra að atvinnurekstri verði bætt við eða hann felldur út í viðaukum 7 og 8.

56.4 Nú er fyrirsjáanlegt að ekki tekst að uppfylla ákvæði relgugerðar þessarar og/eða ákvæða starfsleyfa og skal þá ekki gefa út starfsleyfi fyrr en að öruggt er að svo verði.

57. gr.

57.1 Ef um er að ræða atvinnurekstur, sem upp er talinn í viðaukum 7 eða 8, þar sem

fjárfesting er meiri en 800 milljónir miðað við byggingarvísitölu 187, febrúar 1992, skal gera forkönnun vegna staðarvals þar sem fram fari mat á umhverfisröskun vegna starfseminnar.

57.2 Einnig skal, áður en starfsemi hefst, þegar fjárfesting í atvinnurekstri er meiri en 800 milljónir miðað við byggingarvísitölu 187, febrúar 1992, til samanburðar við síðara ástand, framkvæma nauðsynlegar rannsóknir og mælingar á þeim umhverfisþáttum sem starfsemin hefur helst áhrif á. Rannsóknir og mat á umhverfisröskun er á kostnað umsækjanda.

58. gr.

58.1 Hollustuvernd ríkisins er heimilt að gefa út sérstakan lista yfir tiltekinn atvinnurekstur, sbr. viðauka 8 með þessari reglugerð, enda sé ekki talin þörf á formlegri starfsleyfisgerð. Listanum skulu fylgja leiðbeiningarreglur sem viðkomandi atvinnurekstur þarf að uppfylla.

58.2 Hlutaðeigandi heilbrigðisnefnd er heimilt að falla frá starfsleyfisgerð að uppfylltum þeim kröfum sem Hollustuvernd ríkisins setur.

59. gr.

Umsækjendur starfsleyfa greiða kostnað við starfsleyfisvinnuna samkvæmt gjaldskrá sem ráðherra staðfestir og birt er í B-deild Stjórnartíðinda.

Atvinnurekstur þar sem vinnsla starfsleyfis er í höndum Hollustuverndar ríkisins.

60. gr.

60.1 Umsóknir um starfsleyfi skulu sendar Hollustuvernd ríkisins.

60.2 Umsóknum skal fylgja nákvæm lýsing á starfseminni, upplýsingar um mengunarhættu og fyrirhugaðar mengunarvarnir, lýsing á og uppdrættir af staðsetningu, staðháttum, mannvirkjum og næsta umhverfi, svo og önnur þau gögn sem máli kunna að skipta.

61. gr.

61.1 Hollustuvernd ríkisins skal við gerð starfsleyfistillagna ávallt leita umsagnar hlutaðeigandi heilbrigðisnefndar og eftir því sem við á hverju sinni, Náttúruverndarráðs, Skipulags ríkisins, Vinnueftirlits ríkisins, Siglingamálastofnunar ríkisins og annarra sérfróðra aðila.

61.2 Áður en umsagnar heilbrigðisnefndar er leitað skal liggja fyrir mat Hollustuverndar ríkisins á áhrifum hugsanlegrar mengunar á umhverfið.

61.3 Telji Hollustuvernd ríkisins eða umsagnaraðilar að upplýsingar um mengun og áhrif hennar á umhverfið séu ekki fullnægjandi getur stofnunin krafist þess að fram fari athuganir, mælingar eða rannsóknir á kostnað umsækjanda.

Réttur til athugasemda.

62. gr.

Telji starfsleyfisumsækjandi að krafist sé óeðlilegra athugana og/eða rannsókna, sbr. 57. gr. og/eða 3. mgr. 61 gr. getur hann leitað úrskurðar úrskurðarnefndar samkvæmt 30. gr. laga um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit nr. 81/1988.

63. gr.

Starfsleyfistillögur skulu liggja frammi á skrifstofu viðkomandi sveitarstjórnar til kynningar þeim aðilum sem rétt hafa til að gera athugasemdir, sbr. 64. gr. Skal auglýsing birt í Lögbirtingablaði þar sem fram kemur frá hvaða degi starfsleyfistillögur liggi frammi á skrifstofu viðkomandi sveitarstjórnar. Frestur til að gera athugasemdir er 6 vikur frá því starfsleyfistillögur eru lagðar fram. Heimilt er að lengja frestinn í allt að 12 vikur ef sérstakar ástæður mæla með því.

64. gr.

Rétt til að gera athugasemdir við starfsleyfistillögur hafa eftirtaldir aðilar:

1. Sá sem sótt hefur um starfsleyfi svo og forsvarsmenn og starfsmenn tengdrar eða nálægrar starfsemi.
2. Íbúar þess svæðis sem ætla má að geti orðið fyrir óþægindum vegna mengunar.
3. Opinberir aðilar, félög og aðrir þeir, sem málið varðar.

65. gr.

Skriflegar athugasemdir við starfsleyfistillögur skal senda Hollustuvernd ríkisins. Stofnunin kannar málið í ljósi þeirra athugasemda sem fram hafa komið og lætur í ljós álit sitt. Sætta aðilar málsins sig ekki við það álit og náist ekki málamiðlun, úrskurðar úrskurðarnefnd samkvæmt 30. gr. laga nr. 81/1988 ef í hlut eiga opinberar eftirlitsstofnanir, sveitarstjórnir eða umsækjandi. Eigi aðrir í hlut er heimilt að vísa málinu til stjórnar Hollustuverndar ríkisins, og sætta aðilar sig ekki við úrskurð hennar er heimilt að vísa áfram til úrskurðarnefndar samkvæmt lögum nr. 81/1988.

Atvinnurekstur þar sem vinnsla starfsleyfis er í höndum heilbrigðisnefnda.

66. gr.

66.1 Umsóknir um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem upp er talinn í viðauka 8 skal senda til viðkomandi heilbrigðisnefndar.

66.2 Umsóknum skulu fylgja nákvæmar upplýsingar um fyrirhugaða starfsemi, hugsanlega mengunarhættu og fyrirhugaðar mengunarvarnir. Umsóknum skulu einnig fylgja lýsing á staðháttum, uppdrættir af staðsetningu mannvirkja og næsta umhverfi, svo og annað það er máli kann að skipta.

67. gr.

67.1 Heilbrigðisnefnd skal við gerð starfsleyfistillagna leita umsagnar Hollustuverndar ríkisins, Náttúruverndarráðs, Skipulags ríkisins, Vinnueftirlits ríkisins, Siglingamálastofnunar ríkisins og annarra sérfróðra aðila eftir því sem við á hverju sinni.

67.2 Áður en umsagna er leitað skal liggja fyrir mat viðkomandi heilbrigðiseftirlits á áhrifum hugsanlegrar mengunar á umhverfið.

67.3 Telji heilbrigðisnefnd eða umsagnaraðilar að upplýsingar um mengun og áhrif hennar á umhverfið séu ekki fullnægjandi getur hún krafist þess að fram fari athuganir, mælingar eða rannsóknir á kostnað umsækjanda.

68. gr.

Hollustuvernd ríkisins skal, í þeim tilfellum sem ástæða er talin til og að höfðu samráði við heilbrigðisnefndir sveitarfélaganna, gefa út tæknilegar leiðbeiningar vegna starfsleyfisvinnslu og eftirlits með atvinnurekstri í viðauka 8. Stofnunin skal í þessu sambandi hafa samráð við heilbrigðisnefndir sveitarfélaganna um forgangsröðun verkefna.

Réttur til athugasemda.

69. gr.

Telji starfsleyfisumsækjandi að krafist sé óeðlilegra athugana og/eða rannsókna, sbr. 57. gr. og/eða 3. mgr. 67. gr., getur hann leitað úrskurðar samkvæmt 30. gr. laga um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit nr. 81/1988.

70. gr.

70.1 Starfsleyfistillögur skulu liggja frammi á skrifstofu viðkomandi sveitarstjórnar til kynningar þeim aðilum sem rétt hafa til að gera athugasemdir, sbr. 64. gr. Skal auglýsing þess efnis birtast með tryggilegum hætti þar sem fram kemur frá hvaða degi þær liggi frammi á skrifstofu viðkomandi sveitarstjórnar. Frestur til að gera athugasemdir er 4 vikur frá því starfsleyfistillögur eru lagðar fram. Heimilt er að lengja frestinn í allt að 8 vikur ef sérstakar ástæður mæla með því.

70.2 Skriflegar athugasemdir við starfsleyfistillögur skal senda til hlutaðeigandi heilbrigðisnefndar. Heilbrigðisnefnd kannar málið í ljósi þeirra athugasemda sem fram hafa komið og lætur í ljós álit sitt. Sætti aðilar málsins sig ekki við það álit og náist ekki málamiðlun, úrskurðar úrskurðarnefnd samkvæmt 30. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit ef í hlut eiga opinberar eftirlitsstofnanir, sveitarstjórnir eða umsækjandi. Eigi aðrir í hlut er heimilt að vísa málinu til stjórnar Hollustuverndar ríkisins og, sætti aðilar sig ekki við úrskurð hennar, áfram til úrskurðarnefndar samkvæmt lögum nr. 81/1988.

Veiting starfsleyfa.

71. gr.

71.1 Hollustuvernd ríkisins gefur út starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem upp er talinn í viðauka 7 og ekki fellur undir ákvæði 57. gr.

71.2 Heilbrigðisnefnd gefur út starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem upp er talinn í viðauka 8 og ekki fellur undir ákvæði 57. gr.

72. gr.

72.1 Umhverfisráðherra gefur út starfsleyfi fyrir starfsemi þar sem krafist er mats á umhverfisröskun, sbr. 57. gr.

72.2 Hollustuvernd ríkisins afgreiðir endanlegar starfsleyfistillögur fyrir slíkan atvinnurekstur, sem upp er talinn í viðauka 7, til ráðuneytisins í samræmi við kynntar tillögur, úrskurð og/eða samkomulag vegna framkominna athugasemda, sbr. 62. - 65. gr.

72.3 Heilbrigðisnefnd afgreiðir endanlegar starfsleyfistillögur fyrir atvinnurekstur, sem upp er talinn í viðauka 8 og fellur undir ákvæði 57. gr., til ráðuneytisins í samræmi við kynntar tillögur, úrskurð og/eða samkomulag vegna framkominna athugasemda, sbr. 69. og 70. gr.

73. gr.

73.1 Heimilt er að gefa starfsleyfi út til tiltekins tíma.

73.2 Ef sérstaklega stendur á er heimilt að víkja frá ákvæðum 56., sbr. 63. og 70. gr. og gefa út bráðabirgðastarfsleyfi til starfandi atvinnurekstrar. Slík leyfi má einungis gefa út til þriggja mánaða í senn.

73.3 Starfsleyfi sem ráðherra gefur út samkvæmt reglugerð þessari skulu birt í B-deild Stjórnartíðinda í formi auglýsingar.

73.4 Hollustuvernd ríkisins skal senda afrit af útgefnum starfsleyfum til viðkomandi heilbrigðisnefnda.

Sérstök ákvæði varðandi starfsleyfi.

74. gr.

Tryggja skal við gerð starfsleyfa að ráðstafanir sem gerðar eru til þess að draga úr mengun umhverfis valdi ekki aukinni mengun annars staðar í umhverfinu.

75. gr.

Losun mengandi efna í vatn.

75.1 Í starfsleyfi skal setja viðmiðunarmörk um leyfilegan hámarksstyrk mengandi efna í fráveituvatni og leyfilegt hámarksmagn yfir tilgreind tímabil eða á framleiðslueiningu, sbr. viðauka 20.

75.2 Í undantekningartilvikum er hægt að beita reglum um gæðamarkmið í stað viðmiðunarmarka, sbr. viðauka 20, í samræmi við leiðbeiningarreglur Hollustuverndar ríkisins.

75.3 Í starfsleyfum fyrirtækja sem losa mengandi efni í vatn og talin eru upp í viðauka 10, skulu viðmiðunar- og gæðamarkmið vera í samræmi við það sem segir í viðauka 20.

75.4 Viðmiðunarmörk og gæðamarkmið fyrir losun kvikasilfurs frá rafgreiningu alkalíklóríða og annarri starfsemi en rafgreiningu alkalíklóríða skal vera í samræmi við viðauka 21. Sama á við um tilvísunaraðferðir við mælingar og tilhögun eftirlits.

75.5 Viðmiðunarmörk og gæðamarkmið fyrir losun á kadmíum og hexaklórsýklóhexani skal vera í samræmi við viðauka 21. Sama á við um tilvísunaraðferðir við mælingar og tilhögun eftirlits.

75.6 Heimilt er að beita öðrum tilvísunaraðferðum en vísað er til í 4. og 5. mgr. að fengnu samþykki Hollustuverndar ríkisins.

Húsaskólp.

76. gr.

Heilbrigðisnefnd veitir starfsleyfi vegna hreinsibúnaðar sem notaður er við hreinsun og losun á skólpi. Sjá að öðru leyti 14. gr. og önnur ákvæði 4. kafla.

Skólp frá iðnaðarstarfsemi sem losar meira en 4.000 p.e.

77. gr.

Iðnaðarstarfsemi, sbr. viðauka 12 (III. viðauki), sem losar meira en 4.000 p.e. af skólpi sem ekki er leitt í fráveitu fyrir þéttbýli og inniheldur efni sem eyðast auðveldlega í umhverfinu er háð ákvæðum starfsleyfa um hreinsibúnað.

Losun efna í andrúmsloft.

78. gr.

78.1 Í starfsleyfum iðjuvera sem talin eru upp í viðauka 22 (I. viðauka) skulu vera ákvæði um varnir gegn loftmengun, sérstaklega af völdum efna sem talin eru upp í viðaukanum (II. viðauka). Jafnframt skulu vera ákvæði í starfsleyfum um útblásturs- og viðmiðunarmörk, sbr. önnur ákvæði reglugerðar þessarar, þegar við á.

78.2 Heimilt er að hafna útgáfu starfsleyfis fyrir iðjuver sem frá er greint í viðauka 22, sbr. og ákvæði 5. kafla um viðkvæm svæði, nema sérstökum skilyrðum um mengunarvarnir sé fullnægt, sbr. 25. gr.

Nýjar sorpbrennslustöðvar.

79. gr.

Í starfsleyfum nýrra sorpbrennslustöðva skal taka mið af kröfum þeim sem koma fram í viðauka 23 og öðrum kröfum reglugerðar þessarar eins og við á hverju sinni.

Starfandi sorpbrennslustöðvar.

80. gr.

Í starfsleyfum starfandi sorpbrennslustöðva skal taka mið af þeim kröfum sem fram koma í viðauka 24 og öðrum kröfum reglugerðar þessarar eins og við á hverju sinni.

Meðhöndlun úrgangs.

81. gr.

81.1 Meðhöndlun úrgangs er háð starfsleyfi eins og nánar segir í reglugerð þessari. Í starfsleyfi skulu vera ákvæði sem miða að því að vernda umhverfi og heilsu manna. Jafnframt skal tekið tillit til aðstæðna á viðkomandi stað. Heimilt er að synja um starfsleyfi ef förgunaraðferð samrýmist ekki sjónarmiðum umhverfis- og vatnsverndar.

81.2 Í starfsleyfi fyrirtækja, sbr. 1. mgr., skulu vera ákvæði um skrásetningu, magn, eðli, uppruna og, þar sem við á, áfangastað, söfnunartíðni, flutningsaðferð og meðferð úrgangs. Enn fremur skulu vera ákvæði í starfsleyfi sem varða tegund og magn úrgangs, tæknikröfur, varúðarráðstafanir, förgunarstað og meðferð úrgangs, í samræmi við ákvæði viðauka 18. Áður en starfsleyfi er veitt fyrir förgun úrgangs er skylt að láta fara fram rannsókn eins og við á hverju sinni á styrk eiturefna og hættulegra efna í vatni og grunnvatni sem hætta er á að geti mengast.

81.3 Heimilt er að veita starfsleyfisskyldum starfsstöðvum eða fyrirtækjum sem sjálf sjá um að farga eigin úrgangi á framleiðslustað og starfsstöðvum sem nýta úrgang, undanþágu frá ákvæðum 2. mgr. um skráningarskyldu. Undanþágunnar skal getið í starfsleyfi.

81.4 Óheimilt er að nota seyru í landbúnaði nema að uppfylltum þeim kröfum sem koma fram í viðauka 26. Hollustuvernd ríkisins gefur út leiðbeiningar um meðhöndlun seyru. Greina skal seyru og jarðveg sem hún er borin á samkvæmt ákvæðum í viðauka 26 (II. viðuaki B). Jafnframt skal fara eftir tilvísunaraðferðum í viðauka 26 (II. viðauki C) við söfnun og greiningu.

81.5 Í starfsleyfi starfsleyfisskyldra fyrirtækja sem meðhöndla seyru skal setja ákvæði um skráningu á magni, samsetningu og eiginleikum seyru sem framleidd er og afhent. Jafnframt skulu fyrirtæki sem meðhöndla seyru skrá nöfn viðtakenda hennar og áætlaðan notkunarstað.

Meðhöndlun olíuúrgangs og annarra spilliefna.

82. gr.

82.1 Í starfsleyfum fyrirtækja, sbr. 47. gr., skulu vera ákvæði um gerð og magn úrgangs, tæknikröfur, varúðarráðstafanir, förgunarstað og förgunaraðferðir. Starfsleyfisskyldir aðilar sem framleiða spilliefni, hafa þau undir höndum, eða farga þeim, skulu halda skrár um magn, gerð, eðlis- og efnafræðilega eiginleika og uppruna efnanna, förgunaraðferðir og förgunarstaði ásamt upplýsingum um dagsetningar móttöku og förgunar. Að öðru leyti er vísað til 6. kafla hvað varðar meðhöndlun olíuúrgangs.

82.2 Þar sem úrgangi er fargað í því skyni að farga efnum sem getið er í viðauka 11 er skylt að rannsaka hvort óbein losun í grunnvatn eigi sér stað. Í ljósi þessara rannsókna skal banna þessar aðgerðir eða veita starfsleyfi með því skilyrði að allar tæknilegar varúðarráðstafanir séu gerðar til að koma í veg fyrir mengun af völdum þessara efna.

Um asbest.

83. gr.

83.1 Draga skal eins og unnt er úr notkun asbests. Þegar nauðsynlegt er að nota asbest skal beita fullkomnustu tækni sem völ er á að því tilskildu að kostnaðurinn við það sé ekki óhóflegur til þess að koma í veg fyrir umhverfismengun af völdum asbests.

83.2 Í útblæstri frá starfsemi þar sem asbest er notað má styrkur þess ekki fara yfir viðmiðunarmörk, sbr. viðauka 25. Í starfsleyfum atvinnurekstrar sem framleiðir eða meðhöndlar vörur úr asbesti skal einnig fara eftir þeim kröfum sem gerðar eru í viðauka 25 auk annarra krafna reglugerðar þessarar eins og við á hverju sinni.

83.3 Nýta skal fráveituvatn frá framleiðslu á asbestsementi ef unnt er. Þar sem slík

endurnýting er ekki hagkvæm skal miða við viðmiðunarmörk í viðauka 25. Nýta skal fráveituvatn frá framleiðslu á asbestpappír eða asbestpappa. Heimilt er að losa fráveituvatn sem inniheldur asbest, sbr. viðmiðunarmörk í viðauka 25, meðan á reglulegri hreinsun eða viðhaldi stendur.

9. KAFLI
Gildistaka, undanþágur o. fl.

84. gr.

84.1 Um valdsvið, þvingunarúrræði, málsmeðferð, úrskurði og viðurlög fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, ásamt síðari breytingum.

84.2 Ef sérstaklega stendur á getur Hollustuvernd ríkisins eða Siglingamálastofnun ríkisins eftir því sem við á, veitt undanþágur frá einstökum ákvæðum reglugerðar þessarar, m. a. í samræmi við ákvæði EES-samningsins. Áður en undanþágur eru veittar skal leita umsagnar umhverfisráðuneytisins.

85. gr.

Ef aðili sinnir ekki fyrirmælum eftirlitsaðila innan tiltekins frests, getur eftirlitsaðilinn ákveðið honum dagsektir allt að kr. 100.000,- á dag, þar til úr er bætt.

86. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 3. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, ásamt síðari breytingum, og samkvæmt lögum nr. 32/1986 um varnir gegn mengun sjávar, ásamt síðari breytingum, einkum 9. og 10. gr. laganna. Reglugerðin er enn fremur sett með hliðsjón af 4., 6., 8. - 18., 20. - 22., 26.- 27., 29. og 32. tölul. XX. viðauka við EES-samninginn (tilskipanir nr. 76/464/EBE, 80/68/EBE, 82/176/EBE, 83/513/EBE, 84/156/EBE, 84/491/EBE, 86/280/EBE, ásamt síðari breytingum, 91/271/EBE, 80/779/EBE, ásamt síðari breytingum, 82/884/EBE, 84/360/EBE, 85/203/EBE, ásamt síðari breytingu, 87/217/EBE, 89/369/EBE, 89/429/EBE, 76/403/EBE, 75/439/EBE, ásamt síðari breytingu, 74/442/EBE, ásamt síðari breytingu, 78/319/EBE, ásamt síðari breytingum og 86/278/EBE).

Ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið sem vísað er til í 28. og 30. tölul. XX. viðauka samningsins, skulu öðlast gildi með þeim breytingum og viðbótum sem leiða af bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans, og eru birt í sérstökum fylgiskjölum með reglugerð þessari (tilskipun 78/176/EBE frá 20. febrúar 1978 um úrgang frá títandíoxíðiðnaði, eins og henni var breytt með: tilskipun 82/883/EBE frá 3. desember 1982 um aðferðir við eftirlit og gæslu svæða þar sem úrgangur frá títandíoxíðiðnaði er settur og tilskipun 83/29/EBE frá 24. janúar 1983).

87. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi mengunarvarnareglugerð nr. 396/1992.

ÁKVÆÐI TIL BRÁÐABIRGÐA.

1. Starfandi atvinnurekstur, sem upp er talinn í viðaukum 7 og 8 og hefur ekki við gildistöku reglugerðar þessarar gilt starfsleyfi, skal sækja um það eigi síðar en 1. mars 1994. Ákvæði þetta á ekki við um atvinnurekstur sem þegar hefur sótt um starfsleyfi samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 396/1992.

2. Þeir sem bera ábyrgð á atvinnurekstri samkvæmt reglugerð þessari skulu innan þriggja mánaða frá útgáfu eða endurskoðun starfsleyfis hafa lokið öllum almennum úrbótum vegna ákvæða þess. Heimilt er í starfsleyfi að veita lengri frest fyrir sértækum, flóknum og/eða kostnaðarsömum úrbótum.

3. Starfsleyfi starfandi sorpbrennslu skulu endurskoðuð fyrir 1. desember 1995. Þá skulu stöðvarnar uppfylla ákvæði viðauka 24. Frá 1. desember 2000 gilda sömu ákvæði fyrir nýjar og starfandi sorpbrennslustöðvar, sbr. viðauka 23.

4. Sveitarstjórnir skulu senda Hollustuvernd ríkisins áætlanir fyrir nýjar og endurbættar fráveitur sem ætlað er að uppfylla ákvæði 4. kafla reglugerðar þessarar og viðauka 12 fyrir 1. júlí 1994. Endurskoðun starfsleyfa vegna starfandi skólphreinsistöðva skal vera lokið fyrir 1. janúar 1995.

5. Almennri skilgreiningu á viðkvæmum og síður viðkvæmum svæðum skal vera lokið fyrir 1. maí 1994. Sveitarstjórnir skulu setja fram nákvæmari skilgreiningu á svæðum í viðkvæm og síður viðkvæm og skal því lokið fyrir 1. júlí 1994.

6. Iðnaðarstarfsemi, sbr. 77. gr., skal uppfylla ákvæði reglugerðar þessarar eigi síðar en 31. desember 2000.

7. Atvinnurekstur, þ. m. t. sorpbrennslustöðvar, sem fær útgefið starfsleyfi eftir gildistöku reglugerðar þessarar telst nýr atvinnurekstur enda hafi meginundirbúningur leyfisins farið fram eftir gildistöku hennar. Atvinnurekstur, þ. m. t. sorpbrennslustöðvar, sem fengið hefur útgefið starfsleyfi í fyrsta sinn fyrir gildistöku reglugerðar þessarar eða að undirbúningur starfsleyfis hefur að mestu leyti farið fram fyrir það tímamark telst starfandi atvinnurekstur.

8. Þrátt fyrir ákvæði 87. gr. taka viðaukar nr. 10, 16, 19, 20, 21, 22, 23 og 25 gildi 1. janúar 1995. Sama á við um viðmiðunarmörk fyrir blý í viðauka 3, 3. mgr. 26. gr. og 79. gr.

9. Reglugerð þessi skal endurskoðuð fyrir 1. júlí 1994.

Umhverfisráðuneytið, 27. janúar 1994.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Aðalheiður Jóhannsdóttir.

VIÐAUKI 1

Viðmiðunarmörk fyrir hámarksmengun í ám og vötnum.

A. Við útrásir þar sem fráveituvatn er leitt í ár og vötn sem ekki njóta sérstakrar verndar má hvergi vera:

- Set eða útfellingar.
- Þekjur af rotverum (bakteríur og sveppir).
- Olía eða froða.
- Sorp eða aðrir aðskotahlutir.
- Efni sem veldur óþægilegri lykt, lit, eða gruggi.

B. Í ám og vötnum utan þynningarsvæðis skal eftirfarandi gilda:

Hámarkshitabreyting af völdum frárennslis: 2°C
Súrefnismettun, lágmark: 70% Má aldrei fara undir 6 mg O_2/l 50% af tímanum yfir 9 mg O_2/l
Sýrustig, pH: 6 - 9 Hámarksbreyting á sýrustigi vegna frárennslis: 0,5
Ammoníak, NH_3: Minna en 0,025 mg/l Súrefnisnotkun BOD_5: Hæst 4 mg O_2/l
HOCl: Hæst 0,004 mg/l
Olíur og fitur: Olíubrák má ekki sjást
Hámarksaukning á svifögnum vegna frárennslis: 2 mg/l

VIÐAUKI 2

Viðmiðunarmörk fyrir hámarksgerlamengun við strendur og voga vegna holræsaútrása.

1. Fjöldi saurkólígerla eða saurkokka skal utan þynningarsvæðis í a. m. k. 90% tilfella vera undir 1000 pr. 100 ml miðað við lágmark 10 sýni.

2. Þar sem útivistarsvæði eru við fjörur ellegar matvælaiðnaður í grennd, skal fjöldi saurkólígerla eða saurkokka í a. m. k. 90% tilfella vera undir 100 pr. 100 ml utan þynningarsvæðis miðað við lágmark 10 sýni.

VIÐAUKI 3

Viðmiðunarmörk fyrir hámarksmengun andrúmslofts.

Efni	Viðmiðunartími	Mörk
Brennisteinsdíoxíð (SO_2)	Sólarhringur	50 $\mu g/m^3$
	Ár og vetur	30 $\mu g/m^3$
Köfnunarefnisdíoxíð (NO_2)	Ein klst.	110 $\mu g/m^3$
	Sólarhringur	75 $\mu g/m^3$
	Ár og vetur	30 $\mu g/m^3$
Kolmonoxíð (CO)	Ein klst.	20 mg/m^3
	Átta klst.	6 mg/m^3
Svifryk (Þ < 10 μm)	Sólarhringur	130 $\mu g/m^3$
	Ár og vetur	40 $\mu g/m^3$
Fallryk, ekki vatnsleysanlegt	Mánuður	10 g/m^2
Blý	Ár og vetur	0,4 $\mu g/m^3$

Mörk fyrir mánuð og ár eru meðaltöl sem mengun má ekki fara yfir. Vetur er skilgreindur frá 1.10. til 31.3. ár hvert. Mörk fyrir sólarhring eða skemmri tíma skulu vera undir viðmiðunarmörkum í 98% tilvika á ári, sbr. og viðauka 13 (I. viðauki). Svifryksmælingar eru miðaðar við þyngdarmælingar, sbr. viðauka 15 (IV. viðauki).

VIÐAUKI 4
Spilliefni - hættulegur efnaúrgangur.

1. Olíuúrgangur.
   Dæmi:
   1.1. Smurolía, smurfeiti, vökvaolía, spennaolía, hráolía, svartolía, tjara og þess háttar úrgangur, svo og úrgangur mengaður þess háttar olíum.
   1.2. Olíuþeytur, t. d. frá málmiðnaði, svo sem bor- og sögunarolíur.
   1.3. Olíuúrgangur (sori) frá hreinsun geyma, olíugildrum olíumóttöku í höfnum o. fl.
   1.4. Olía, sem hreinsuð hefur verið upp eftir olíuslys, olíumenguð síuefni, sem notuð hafa verið t. d. við hreinsun stranda og olíu úr sjó, mikið olíumengaður jarðvegur o. fl.

2. Lífrænn leysiefnaúrgangur.
   2.1. Leysiefni sem innihalda halógen (F, Cl, Br, I).
   Dæmi:
   -metýlenklóríð (díklórmetan)
   -metýlklóróform (1,1,1,-tríklóretan)
   -tríklóretýlen
   -perklóretýlen

   2.2. Leysiefni sem ekki innihalda halógen.
   Dæmi:
   -iðnaðarbensín
   -lakknafta (white sprit o. fl.) - tólúen - sýlen - terpentína
   -metanól (tréspíritus) - ísóprópanól - bútanól - aseton
   -metýletýlketon (MEK) - metýlísóbútýlketon (MIBK)
   -etýlasetat - bútýlasetat - glýkól (etýlenglýkól).
3. Annar lífrænn efnaúrgangur.
   Dæmi:
   3.1. Fenól, formaldehýð, ísósýanöt.
   3.2. Fastur, fljótandi eða hálffastur úrgangur, t. d. eimingarleifar og afgangar frá efnasmíði (syntese), efnahreinsunum, affitunarstöðvum, plastiðnaði, efnaiðnaði o. fl., sem inniheldur eiturefni eða meira en 5% lífrænt bundinn brennistein eða halógen.
   3.3. Lífræn halógensambönd, þar með talin ýmis ósoneyðandi efni.
   3.4. Öll efni í flokki fjölklóraðra díbensófúrana og díbensóparadíoxína.
   3.5. Amínar, bæði alifatískir og aromatískir.
4. Málningar- og lakkúrgangur frá málningarverksmiðjum, sprautuklefum og málningarverktökum.
   4.1. Fljótandi og duftkenndur úrgangur.
   4.2. Fastir og hálffastir tví- eða fjölþátta málningar- og lakkafgangar þar sem ofgnótt er af einum þættinum.
   4.3. Fastir og hálffastir málningar- og lakkafgangar, sem innihalda antimon, blý, kadmíum, kóbolt, kopar, króm, mangan, tin eða sambönd af ofangreindum málmum.
5. Límúrgangur frá verksmiðjum, verktökum og verkstæðum.
   Dæmi:
   5.1. Allir fljótandi límafgangar nema einþáttalím sem ekki inniheldur lífræn leysiefni.

5.2. Fastir og hálffastir tví- og fjölþátta límafgangar þar sem ofgnótt er af einum þættinum.
5.3. Fastir og hálffastir límafgangar sem innihalda fenól eða lífræn halógensambönd.

6. Lútar og sýrur.
Ef pH-gildið fellur utan við sviðið 2 - 11,5.
Dæmi um sýrur:
- saltsýra
- saltpéturssýra
- brennisteinssýra
- flússýra
- fosfórsýra
- perklórsýra

Dæmi um lúta:
- natríumhýdoxíð (vítissóti)
- kalíumhýdroxíð (kalílútur)

7. Úrgangur sem inniheldur kadmíum eða kvikasilfur.
Dæmi:
7.1. Rafhlöður sem innihalda meira en 0,025% kvikasilfurs eða kadmíums.
7.2. Óhreinsaðar umbúðir sem innihalda kadmíumsambönd, kvikasilfur eða kvikasilfurssambönd.
7.3. Málmblöndur sem innihalda kadmíum.
7.4. Ryk og seyra sem inniheldur kadmíum frá hreinsivirkjum í iðnaði.
7.5. Tæki og hlutir sem innihalda kvikasilfur, svo sem sjálfvirkir rofar, hitamælar, þrýstimælar o. fl.
7.6. Úrgangur frá tannlæknastofum og þess háttar sem inniheldur kvikasilfur.
7.7. Hjálparefni o. fl. sem inniheldur kadmíum.

8. Úrgangur sem inniheldur antimon, arsenik, beryllíum, silfur, selen, kóbolt, króm, kopar, blý, mangan, nikkel, sink, tallíum eða vanadíum, tellúr, tin og baríum (nema baríumsúlfat).
Dæmi:
8.1. Úrgangur frá yfirborðsmeðhöndlun málma, t. d. sinkhúðun.
8.2. Úrgangur frá prent- og framköllunarstofum.
8.3. Hvatar frá iðnaði, ryk og seyra frá hreinsivirkjum sem inniheldur ofangreinda málma.
8.4. Geymasýrur og annar úrgangur frá blýrafgeymum.
8.5. Úrgangur sem inniheldur króm frá sútunarverksmiðjum.

9. Úrgangur sem inniheldur sýaníð.
10. Úrgangur sem inniheldur PCB eða PCT og hlutir og tæki sem innihalda efnin.
Dæmi:
10.1. Einangrunar- og kælivökvar, spenna- og þéttaolía (askeral).
11. Ýmis eiturefnaúrgangur.
Dæmi:
11.1. Sveppaeitur, illgresiseitur, skordýraeitur, rotvarnarefni, sótthreinsiefni og fúavarnarefni.
11.2. Óhreinsuð ílát sem innihalda eiturefni.
12. Asbestryk.
Dæmi:
12.1. Ryk frá hreinsibúnaði á útblæstri frá sögun og slípun hemlaborða o. fl.
13. Efnaúrgangur frá rannsóknarstofum, lyfjagerðum, lyfjaverslunum, sjúkrahúsum o. fl.
14. Ólífræn súlfíðsambönd og ólífræn flúorsambönd nema kalsíumflúoríð (CaF_2).
15. Alkalí- og jarðalkalímálmarnir lithíum, natríum, kalíum, kalsíum, og magnesíum í óblönduðu formi.

VIÐAUKI 5

Viðmiðunarmörk fyrir hámarkshávaða, mæld sem A-veginn jafngildishávaði ($dB(_A)Leq$) frá umferð, fyrirtækjum og annarri starfsemi.

	Virka daga kl. 07 - 18	Kvöld kl. 18 - 23	Nótt kl. 23 - 07 og helgidaga
Iðnaðarsvæði	70	70	70
Blönduð byggð (verslun, þjónusta, smáiðnaður, íbúðarbyggð)	55	50	40
Hrein íbúðarbyggð	50	45	40
Sumarhúsabyggð	40	35	35

Mælingar skulu framkvæmdar í u. þ. b. 1,5 m hæð, minnst 3,5 m frá vegg eða öðrum hlutum sem endurkasta hljóði. Vindhraði skal ekki vera meiri en 5 m/sek.

Ef um er að ræða ríkjandi tón eða reglulega hávaðatoppa skal lækka ofangreind mörk um 5 $dB(_A)Leq$.

VIÐAUKI 6

Leyfilegt hámark mengunarefna í útblásturslofti bifreiða.

Um hámark mengandi efna í útblæstri bifreiða sem eru fluttar til landsins frá og með 1. júlí 1992 skulu gilda eftirfarandi mörk. Miðað er við prófanir samkvæmt US-87/88 reglum, sænskum A12/13 reglum eða tilskipun nr. 70/220/EBE með breytingum nr. 91/441/EBE og nr. 83/351/EBE eða tilskipun nr. 88/77/EBE, og að mengunarvarnabúnaður bifreiða sé samkvæmt reglugerð um gerð og búnað ökutækja.

A. Þegar prófað er samkvæmt sænskum reglum A12/13 eða bandarískum reglum US-87/88:

Kolmónoxíð.....	CO	2,11	gr/km
Kolvetni.....	CH	0,25	gr/km
Köfnunarefnisoxíð.....	NO_X	0,62	gr/km
Ryk.....		0,124	gr/km

B. Þegar prófað er eftir tilskipun nr. 70/220/EBE með breytingum nr. 91/441/EBE og nr. 83/351/EBE:

Viðmiðunarþyngd kg	Kolmónoxíð(CO) í gr á hverja prófun	Summa kolvetna og köfnunarefnisoxíða í gr á hverja prófun
vþ ≤ 1020	58	19,0
1020 < vþ ≤ 1250	67	20,5
1250 < vþ ≤ 1470	76	22,0
1470 < vþ ≤ 1700	84	23,5
1700 < vþ ≤ 1930	93	25,0
1930 < vþ ≤ 2150	101	26,5
2150 ≤ vþ	110	28,0

eða

Kolmónoxíð.....	CO	2,72 gr/km
Kolvetni og köfnunarefnisoxíð	HC+ NO_X	0,97 gr/km
Ryk.		0,14 gr/km

C. Þegar prófað er samkvæmt tilskipun nr. 88/77/EBE:

Kolmónoxíð.....	CO	1,2 gr/km
Kolvetni.....	HC	2,4 gr/km
Köfnunarefnisoxíð.....	NOx	14,4 gr/km

VIÐAUKI 7

Atvinnurekstur sem Hollustuvernd ríkisins vinnur starfsleyfi fyrir.

1. Fiskimjölsverksmiðjur
2. Álframleiðsla
3. Áburðarframleiðsla
4. Sements- og kalkframleiðsla
5. Kísiljárnsframleiðsla
6. Kísilmálmsframleiðsla
7. Kísilframleiðsla
8. Járn- og stálframleiðsla
9. Glerullar- og steinullarframleiðsla
10. Sútunarverksmiðjur
11. Eldi sjávar- og ferskvatnslífvera þar sem ársframleiðsla er meiri en 200 tonn og fráveita til sjávar eða þar sem ársframleiðsla er meiri en 20 tonn og fráveita í ferskvatn
12. Móttökustöðvar sveitarfélaga; urðunarstaðir og sorpbrennslustöðvar
13. Meðhöndlun og förgun spilliefna
14. Lím- og málningarvöruframleiðsla
15. Olíumalar- og malbikunarstöðvar með fasta staðsetningu
16. Annar sambærilegur atvinnurekstur

VIÐAUKI 8

Atvinnurekstur sem heilbrigðisnefnd vinnur starfsleyfi fyrir.

1. Vinnsla úr járni og öðrum málmum

1.1. Málmsteypur
1.2. Stálsmíði og stálskipagerð
1.3. Völsunar-, víra- og stangaverksmiðjur
1.4. Nagla- og skrúfuframleiðsla
1.5. Vélaframleiðsla
1.6. Blikksmiðjur
1.7. Vinnsla á málmum í raftækniiðnaði, t. d. rafgeymaverksmiðjur og verkstæði
1.8. Zink- og krómhúðun málma
1.9. Annar sambærilegur atvinnurekstur

2. Vinnsla og úrvinnsla á kalki, leir, steinum og sambærilegum jarðefnum

2.1. Steinmölun og framleiðsla á ofaníburði og fyllingarefnum
2.2. Steinsmíði
2.3. Steypustöðvar og steypueiningarverksmiðjur
2.4. Leirmunaverkstæði
2.5. Annar sambærilegur atvinnurekstur

3. Efnaiðnaður

3.1. Fyrirtæki sem geyma klórgas
3.2. Lakksprautun
3.3. Prentiðnaðarfyrirtæki
3.4. Efnalaugar
3.5. Lyfja- og snyrtivöruframleiðsla
3.6. Framköllun á ljósmyndum og kvikmyndum
3.7. Átöppun og pökkun ýmissa efnasambanda
3.8. Framleiðsla á aukefnum og hjálparefnum fyrir matvælaiðnað
3.9. Hreinlætisvöruverksmiðjur
3.10. Plastframleiðsla
3.11. Annar sambærilegur atvinnurekstur

4. Vinnsla og úrvinnsla á efnum úr jurta- og dýraríkinu

4.1. Fóðurstöðvar
4.2. Fóðurblöndur
4.3. Gúmmívinnsla
4.4. Trésmíðaverkstæði
4.5. Sögunarmyllur
4.6. Fúavörn á timbri
4.7. Framleiðsla á spónaplötum, límtré og þess háttar
4.8. Pappírsvöru- og pappakassaframleiðsla
4.9. Leðurvinnsla
4.10. Vefnaðar- og spunaverksmiðjur
4.11. Litun og bleiking
4.12. Ullarþvottastöðvar
4.13 Framleiðsla á mjöli og feiti úr sláturúrgangi
4.14. Lifrarbræðsla

4.15. Fituhersla
4.16. Annar sambærilegur atvinnurekstur

5. Matvælavinnsla
5.1. Sláturhús
5.2. Kjötvinnsla
5.3. Niðursuðuverksmiðjur
5.4. Reykhús og reykofnar
5.5. Vinnsla fisks og annarra sjávarafurða
5.6. Framleiðsla tilbúinna rétta
5.7. Heitloftsþurrkun fiskafurða
5.8. Mjólkurstöðvar
5.9. Framleiðsla mjólkurdufts
5.10. Öl-, gos- og svaladrykkjagerðir
5.11. Kaffibrennsla
5.12. Smjörlíkisgerðir
5.13. Kartöfluvinnsla
5.14. Framleiðsla á kartöflumjöli og sterkju
5.15. Lauksteikingarverksmiðjur
5.16. Mörbræðsla og tólgarframleiðsla
5.17. Meðhöndlun, blöndun og mölun á korni
5.18. Kæli- og frystigeymslur
5.19. Annar sambærilegur atvinnurekstur

6. Búfjár- og dýrahald
6.1. Minkabú
6.2. Refabú
6.3. Hænsna- og kjúklingabú
6.4. Svínabú
6.5. Kanínurækt og kanínuhald
6.6. Hestahald
6.7. Dýraspítalar
6.8. Hunda- og kattageymslur
6.9. Gæludýraverslanir
6.10. Fiskeldisstöðvar, aðrar en þær sem falla undir viðauka 7
6.11. Seiðaeldisstöðvar, aðrar en þær sem eru í tengslum við fiskeldi, sbr. viðauka 7
6.12. Annar sambærilegur atvinnurekstur

7. Starfsemi er snertir vélknúin farartæki
7.1. Kappaksturs-, æfinga- og kennslubrautir
7.2. Flugvellir og flugbrautir
7.3. Bifreiða - og vélaverkstæði
7.4. Ryðvarnarverkstæði
7.5. Smurstöðvar
7.6. Bensínstöðvar
7.7. Vöruflutningamiðstöðvar
7.8. Biðstöðvar leigubifreiða
7.9. Bið- og endastöðvar strætisvagna
7.10. Bílaþvottastöðvar

7.11. Atvinnurekstur sem meðhöndlar asbest
7.12. Annar sambærilegur atvinnurekstur

8. Ýmislegt
8.1. Stórar spennistöðvar
8.2. Stórar vörugeymslur
8.3. Líkbrennslur
8.4. Skotvellir
8.5. Skemmtigarðar, tívolí, fjölleikahús o. þ. h.
8.6. Æfingasvæði slökkviliðs
8.7. Skólphreinsistöðvar, útrásadælustöðvar og fráveitur í þéttbýli
8.8. Þvottahús
8.9. Gámastöðvar
8.10. Gámaflutningsaðilar og aðilar sem flytja spilliefni og sérstakan úrgang
8.11 Aðilar sem sérhæfa sig í flutningi og hreinsun á seyru.
8.12. Olíumalar- og malbikunarstöðvar með breytilega staðsetningu
8.13. Endurvinnsla úrgangs
8.14. Saltvinnsla úr sjó
8.15. Gasbirgðastöðvar
8.16. Annar sambærilegur atvinnurekstur

VIÐAUKI 9

Flokkun starfsleyfisskyldra fyrirtækja með tilliti til mengunarhættu og fyrirkomulags eftirlits.

1. flokkur.

Álframleiðsla
Framleiðsla á tilbúnum áburði
Sements- og kalkframleiðsla
Kísiljárnsframleiðsla (SiFe)
Kísilmálmsframleiðsla (Si)
Kísilframleiðsla (SiO_2)
Járn- og stálframleiðsla
Glerullar- og steinullarframleiðsla
Fiskeldisstöðvar ef framleiðsla er meiri en 1000 tonn á ári og afrennsli til sjávar, eða meiri en 100 tonn á ári og afrennsli er í ferskvatn.
Móttökustöðvar og urðunarstaðir sem þjóna fleiri en 20.000 einstaklingum.
Sorpbrennslustöðvar
Meðhöndlun og förgun spilliefna
Annar sambærilegur atvinnurekstur

2. flokkur.

Fiskimjölsverksmiðjur ef framleiðslugeta er meiri en 500 tonn á sólarhring og staðsetning í þéttbýli.
Fiskeldisstöðvar ef framleiðslugeta er meiri en 200 tonn á ári og afrennsli til sjávar, eða framleiðslugeta er meiri en 20 tonn og afrennsli er í ferskvatn.
Seiðaeldisstöðvar með meira en 350 þús. seiðum og afrennsli í ferskvatn.
Móttökustöðvar og urðunarstaðir sem þjóna fleiri en 1.000 einstaklingum.
Skólphreinsistöðvar
Annar sambærilegur atvinnurekstur

3. flokkur.

Fiskimjölsverksmiðjur ef framleiðsla er meiri en 500 tonn á sólarhring og staðsetning í strjálbýli. Einnig minni verksmiðjur sem staðsettar eru í þéttbýli.
Yfirborðsmeðhöndlun á járni, stáli og öðrum málmum.
Sútunarverksmiðjur
Olíumalar- og malbikunarstöðvar með fasta staðsetningu.
Fiskeldisstöðvar ef framleiðsla er meiri en 100 tonn á ári og afrennsli til sjávar, eða meiri en 10 tonn og afrennsli í ferskvatn.
Seiðaeldisstöðvar með meira en 150 þús. seiði og afrennsli í ferskvatn.
Móttökustöðvar, urðunarstaðir sem þjóna fleiri en 100 einstaklingum.
Ullarþvottastöðvar
Fituherslur
Gasbirgðastöðvar með meira en 100 m^3 geymslurými (STP).
Lifrarbræðslur
Framleiðsla á mjöli og feiti úr sláturúrgangi.
Saltvinnsla úr sjó.
Bensínstöðvar
Annar sambærilegur atvinnurekstur

4. flokkur.

Seiða- og fiskeldisstöðvar aðrar en um getur í 1-3.
Lím- og málningarverksmiðjur
Hreinlætisvöruverksmiðjur
Plastframleiðsla
Olíumalar- og malbikunarstöðvar með breytilega staðsetningu.
Móttökustöðvar, urðunarstaðir aðrir en um getur í 1-3.
Stálsmíði og stálskipagerð
Efnalaugar
Framköllun á ljósmyndum og kvikmyndum
Sláturhús
Reykhús
Mjólkurstöðvar
Flugvellir
Ryðvarnarverkstæði og smurstöðvar
Heitloftsþurrkun fiskafurða
Málmsteypur
Litun og bleiking
Prentiðnaður
Bílaþvottastöðvar
Annar sambærilegur atvinnurekstur

5. flokkur

Atvinnurekstur sem upp er talinn í viðaukum 7 og 8 annar en sá sem fram kemur í flokkum 1 til 4 hér á undan.

VIÐAUKI 10

VARNIR GEGN VATNSMENGUN
LISTAR YFIR FLOKKA EFNA OG EFNASAMBANDA
LISTI I

Á lista I eru efni sem tilheyra eftirfarandi efnaflokkum og hafa einkum verið valin á grundvelli eiturvirkni þeirra, þrávirkni og uppsöfnunar í lífverum, að undanskildum þeim efnum sem eru líffræðilega óskaðleg eða breytast fljótt í efni sem eru líffræðilega óskaðleg:

1. Lífræn halógensambönd og efni sem geta myndað slík sambönd í vatni.
2. Lífræn fosfórsambönd.
3. Lífræn tinsambönd.
4. Efni í vatni sem sannað hefur verið að geti valdið krabbameini eða fyrir milligöngu þess (1).
5. Kvikasilfur og sambönd þess.
6. Kadmíum og sambönd þess.
7. Þrávirkar jarðolíur og kolvetni af jarðolíuuppruna.
8. Þrávirk gerviefni sem geta flotið, marað í kafi eða sokkið og kunna að raska hvers kyns notkun vatns.

LISTI II

Á lista II eru:

a. efni sem tilheyra efnaflokkum sem eru á lista I, þar sem viðmiðunarmörk, sbr. 75. gr., hafa ekki verið ákvörðuð,

b. tiltekin efni og hópar efna sem tilheyra þeim efnaflokkum sem eru taldir upp í listanum hér að neðan,

og hafa hættuleg áhrif á umhverfi vatnsins, sem kunna þó að vera svæðisbundin og háð einkennum og staðsetningu þess vatns sem þau eru losuð í.

Efnaflokkar sem um getur í II b:

1. Eftirfarandi málmleysingjar og málmar og sambönd þeirra.

1. sink	6. selen	11. tin	16. vanadíum
2. kopar	7. arsen	12. baríum	17. kóbalt
3. nikkel	8. antímon	13. beryllíum	18. þallíum
4. króm	9. mólýbden	14. bór	19. tellúr
5. blý	10. títan	15. úran	20. silfur

2. Ósérhæfð drepandi efni og afleiður þeirra sem eru ekki á lista I.
3. Efni sem hafa skaðleg áhrif á bragð og/eða lykt af vörum sem eru upprunnar í vatninu og nýttar eru til manneldis, og sambönd sem hætt er við að stuðli að myndun slíkra efna í vatni.
4. Eitruð, þrávirk og lífræn kísilsambönd eða efni sem geta stuðlað að myndun slíkra sambanda í vatni, að undanskildum þeim sem eru líffræðilega óskaðleg eða breytast fljótt í skaðlaus efni í vatni.
5. Ólífræn fosfórsambönd eða frumefnið fosfór.
6. Óþrávirkar jarðolíur og kolvetni úr jarðolíu.
7. Blásýrusambönd, flúorsambönd.
8. Efni sem hafa skaðleg áhrif á súrefnisjafnvægi, einkum þó: ammoníak og nítrítsambönd.

(1) Í þeim tilvikum sem tiltekin efni á lista II eru krabbameinsvaldandi teljast þau til 4. flokks lista I.

VIÐAUKI 11

VARNIR GEGN GRUNNVATNSMENGUN

LISTAR YFIR FLOKKA EFNA OG EFNASAMBANDA

LISTI I

Á lista I eru tiltekin efni sem tilheyra eftirtöldum flokkum efna og efnasambanda, að undanskildum þeim efnum sem teljast ekki eiga heima á lista I vegna lítillar hættu á eiturvirkni, þrávirkni eða uppsöfnun í lífverum.

Þau efni sem teljast tilheyra lista II með tilliti til eiturvirkni, þrávirkni eða uppsöfnunar í lífverum skulu flokkast á lista II.

1. Lífræn halógensambönd og efni sem geta myndað slík sambönd í vatni.
2. Lífræn fosfórsambönd.
3. Lífræn tinsambönd.
4. Efni í vatni, sem geta valdið krabbameini, stökkbreytingum eða fósturskaða eða fyrir milligöngu þess (1).
5. Kvikasilfur og sambönd þess.
6. Kadmíum og sambönd þess.
7. Jarðolíur og kolvetni.
8. Blásýrusambönd.

LISTI II

Á lista II eru tiltekin efni og flokkar efna sem tilheyra efnafræðilega skyldum efnum og eru talin upp í listanum hér að neðan og gætu haft skaðleg áhrif á grunnvatn.

1. Eftirfarandi málmleysingjar og málmar og sambönd þeirra:

1. Sink	6. Selen	11. Tin	16. Vanadíum
2. Kopar	7. Arsen	12. Baríum	17. Kóbalt
3. Nikkel	8. Antímon	13. Beryllíum	18. Þallíum
4. Króm	9. Mólýbden	14. Bór	19. Tellúr
5. Blý	10. Títan	15. Úran	20. Silfur

2. Ósérhæfð og drepandi efni og afleiður þeirra sem eru ekki á lista I.
3. Efni sem hafa skaðleg áhrif á bragð og/eða lykt grunnvatns og sambönd sem líklegt er að valdi því að efni af því tagi myndist í slíku vatni og geri það óhæft til neyslu.
4. Eitruð, þrávirk og lífræn kísilsambönd og efni sem geta stuðlað að myndun slíkra sambanda í vatni, að undanskildum þeim sem eru líffræðilega óskaðleg eða breytast fljótt í skaðlaus efni í vatni.
5. Ólífræn fosfórsambönd eða frumefnið fosfór.
6. Flúoríðsambönd.
7. Ammoníak og nítrít.

---

(1) Í þeim tilvikum sem tiltekin efni sem eru á lista II geta valdið krabbameini, stökkbreytingum eða fósturskaða teljast þau til 4. flokks listans.

VIÐAUKI 12
I. VIÐAUKI

KRÖFUR VEGNA SKÓLPS FRÁ ÞÉTTBÝLI

A. Safnræsi[1])

Við lagningu safnræsa skal hafa í huga kröfur þær sem gilda um hreinsun skólps.

(1) Sjá 15. gr. reglugerðar þessarar.

Hönnun, lagning og viðhald safnræsa skal samræmast bestu tækniþekkingu sem völ er á og hefur ekki í för með sér óhóflegan kostnað, einkum að því er varðar:
- magn og eðli skólps frá þéttbýli,
- lekavarnir,
- takmörkun mengunar viðtökuvatns vegna ofanvatns.

B. Hönnun skólphreinsistöðva fyrir þéttbýli og losun skólps

1. Skólphreinsistöðvar skal hanna eða breyta þannig að unnt sé að taka dæmigerð sýni af aðveituskólpi, svo og hreinsuðu skólpi áður en það er losað í viðtökuvatn.
2. Skólp frá þéttbýli sem hreinsa á í samræmi við 4. kafla skal uppfylla kröfur þær sem fram koma í 1. töflu.
3. Skólp frá þéttbýli til viðkvæmra svæða þar sem næringarefnaauðgun kann að eiga sér stað eins og bent er á í a-lið A-hluta II. viðauka skal að auki uppfylla kröfur þær sem fram koma í 2. töflu þessa viðauka.
4. Beita skal strangari kröfum en þeim sem fram koma í 1. töflu og/eða 2. töflu þessa viðauka ef nauðsyn krefur til að tryggt sé að viðtakinn uppfylli kröfur sem gerðar eru samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar.
5. Útrásir skólps frá þéttbýli skulu, eftir því sem kostur er, valdir með það í huga að viðtökuvatn spillist sem minnst.

C. Iðnaðarskólp

Iðnaðarskólp sem veitt er í safnræsi og til skólphreinsistöðva fyrir þéttbýli skal forhreinsað. Markmiðið skal vera að:
- vernda heilsu starfsfólks sem vinnur í tengslum við safnræsi og hreinsistöðvar,
- tryggja að safnræsi, skólphreinsistöðvar og tengdur búnaður verði ekki fyrir skemmdum,
- tryggja að starfsemi skólphreinsistöðvarinnar og hreinsun skólps verði ekki fyrir truflunum,
- tryggja að skólp hreinsistöðva spilli umhverfinu ekki alvarlega eða komi í veg fyrir að viðtaki uppfylli aðrar kröfur reglugerðar þessarar,
- tryggja að hægt sé að farga seyru á öruggan hátt.

D. Tilvísunaraðferðir við eftirlit og mat á niðurstöðum

1. Tryggt skal að eftirlitsaðferðir þær sem beitt er séu að minnsta kosti í samræmi við þær kröfur sem lýst er hér að neðan.
   Beita má öðrum aðferðum en þeim sem getið er um í 2., 3. og 4. mgr. að því tilskildum að hægt sé að færa sönnur á að sambærilegar niðurstöður fáist.
2. Sýni eru tekin með jöfnu millibili yfir sólarhring sem miðast við hlutfall flæðis eða hlutfall á sólarhring á fastákveðnum stað í útrás og ef nauðsyn krefur í aðrás hreinsistöðvarinnar til að fylgjast með því hvort ákvæði reglugerðar þessarar séu uppfyllt.
   Beita skal viðurkenndum alþjóðlegum rannsóknaraðferðum sem miða að því að gæði sýna rýrni ekki milli þess sem þeim er safnað og þau greind.

3. Lágmarksfjöldi sýna á ári skal ákveðinn í samræmi við stærð hreinsistöðvarinnar og sýnunum safnað með reglulegu millibili allt árið.

   - 2 000 til 9 999 p.e.: 12 sýni á fyrsta ári.

     Síðan eru tekin fjögur sýni næstu árin, sé hægt að sýna fram á að vatnið sem rannsakað er fyrsta árið standist kröfur reglugerðar þessarar. Ef eitt þessara fjögurra sýna stenst ekki settar kröfur skal taka 12 sýni næsta ár á eftir.

   - 10 000 til 49 999 p.e.: 12 sýni.
   - 50 000 p.e. eða fleiri: 24 sýni.

4. Hreinsað skólp telst í samræmi við færibreyturnar ef skólpsýnin, fyrir hverja færibreytu um sig, samræmast þeim sem hér segir:
   a) vegna þeirra færibreytna sem tilgreindar eru í 1. töflu, og sbr. 2. og 17. gr., og gefnar eru upp sem styrkur og/eða lækkun miðað við hundraðshluta, sem tilgreindur er í 3. töflu,
   b) vegna færibreytnanna í 1. töflu sem gefnar eru upp sem styrkur mega sýnin sem ekki standast settar kröfur og eru tekin við venjulega starfrækslu ekki víkja meira frá settum færibreytum en 100%. Að því er varðar færibreytur fyrir styrk miðað við heildarmagn svifagna má frávikið nema allt að 150%,
   c) vegna færibreytnanna sem tilgreindar eru í 2. töflu skal ársmeðaltal sýnanna fyrir hverja færibreytu uppfylla kröfur um viðeigandi færibreytur.
5. Ekki skal taka mark á gildum sem eru mjög frábrugðin því sem venjulegt getur talist, einkum ef rekja má þau til aðstæðna sem heyra til undantekninga, t.d. stórrigninga.

1. tafla: Kröfur sem gilda um skólp frá skólphreinsistöðvum fyrir þéttbýli samkvæmt 18., 19. og 20. gr. Gildin fyrir styrk eða lækkun miðað við hundraðshluta skulu eiga við:

Færibreytur	Styrkur	Lágmarkslækkun miðað við hundraðshluta([1])	Tilvísunaraðferð
Líffræðileg súrefnisþörf (BOD% við 20°C) án nítrunar(2)	25 mg/l O_2	70 til 90 40 samkvæmt 19. gr.	Einsleitt, ósíað og óafhellt sýni. Mæling upplausts súrefnis á undan og eftir fimm daga ræktun við 20°C ± 1 í algjöru myrkri. Nítrunarlata bætt við.
Efnafræðileg súrefnisþörf (COD)	125 mg/l O_2	75	Einsleitt, ósíað og óafhellt sýni. Kalíumdíkrómataðferð.
Heildarmagn svifagna	35 mg/l([3]) 35 samkvæmt 2. mgr. 4. gr. (meira en 10 000 p.e.) 60 samkvæmt 2. mgr. 4. gr. (2 000 – 10 000 p.e.)	90([3]) 90 samkvæmt 19. gr. (meira en 10 000 p.e.) 70 samkvæmt 19. gr. (2 000 - 10 000 p.e.)	– Síun dæmigerðs sýnis í gegnum 0,45 µm himnu. Þurrkað við 105°C og vegið. – Skiljun dæmigerðs sýnis (í að minnsta kosti fimm mínútur með 2 800 til 3 200 g meðalhröðun), þurrkað við 105°C og vegið.

([1]) Lækkun miðað við styrk aðveituskólps.

([2]) Setja má aðra færibreytu inn í stað þessarar: heildarmagn lífræns kolefnis í vatninu (TOC) eða heildarsúrefnisþörf (TOD) ef hægt er að sýna fram á tengsl milli BOD_5 og færibreytunnar sem kemur í stað hinnar.

([3]) Þessi krafa er valfrjáls.

Greining á skólpi frá lónum skal gerð með því að nota síuð sýni; styrkur heildarmagns svifagna í ósíuðum vatnssýnum skal ekki fara yfir 150 mg/l.

2. tafla: Kröfur sem gilda um skólp frá skólphreinsistöðvum fyrir þéttbýli til viðkvæmra svæða þar sem næringarefnaauðgun kann að eiga sér stað eins og bent er á í a-lið A-hluta II. viðauka. Beita má annarri eða báðum færibreytunum með hliðsjón af staðbundnum aðstæðum. Gildin fyrir styrk eða lækkun miðað við hundraðshluta skulu eiga við:

Færibreytur	Styrkur	Lágmarkslækkun miðað við hundraðshluta(1)	Tilvísunaraðferð
Heildarstyrkur fosfórs.	2 mg/l P (10 000 – 100 000 p.e.) 1 mg/l P (meira en 100 000 p.e.)	80	Sameindagleypnilitrófsmæling
Heildarstyrkur köfnunarefnis (2)	15 mg/l N (10 000 – 100 000 p.e.) 10 mg/l N (meira en 100 000 p.e.,(3)	70 – 80	Sameindagleypnilitrófsmæling

(1) Lækkun miðað við styrk aðveituskólps.

(2) Heildarstyrkur köfnunarefnis merkir: heildarsumma Kjeldahl-köfnunarefnis (lífrænt N + NH_3- N), nítrat-köfnunarefni (NO_3- N) og nítrít-köfnunarefni (NO_2-N).

(3) Annar kostur er sá að sólarhringsmeðaltal fari ekki yfir 20 mg/l N. Miðað er við 12°C vatnshita eða hærri meðan líffræðilegur hvarfvaki skólphreinsistöðvarinnar starfar. Í stað kröfunnar um hitastig má starfrækja hreinsistöð tímabundið ef tillit er tekið til veðurskilyrða á staðnum. Nýta má þennan möguleika ef hægt er að færa sönnur á ákvæðum 1. mgr. D-hluta, I. viðauka sé fullnægt.

3. tafla

Sýni sem tekin eru ár hvert	Leyfilegur hámarksfjöldi sýna sem ekki uppfylla settar kröfur
4 – 7	1
8 – 16	2
17 – 28	3
29 – 40	4
41 – 53	5
54 – 67	6
68 – 81	7
82 – 95	8
96 – 110	9
111 – 125	10
126 – 140	11
141 – 155	12
156 – 171	13
172 – 187	14
188 – 203	15
204 – 219	16
220 – 235	17
236 – 251	18
252 – 268	19
269 – 284	20
285 – 300	21
301 – 317	22
318 – 334	23
335 – 350	24
351 – 365	25

II. VIÐAUKI

VIÐMIÐANIR UM HVAÐA SVÆÐI SKULI TALIN VIÐKVÆM EÐA SÍÐUR VIÐKVÆM

A. Viðkvæm svæði

Vatnsumhverfi skal teljast viðkvæmt svæði ef hægt er að flokka það sem hér segir:

a) stöðuvötn mynduð af náttúrunnar hendi, annað yfirborðsvatn, ármynni og strandsjór þar sem næringarefnaauðgun hefur orðið eða kann að verða í náinni framtíð ef ekki er gripið til fyrirbyggjandi ráðstafana.
Eftirfarandi þættir skulu hafðir í huga þegar ákvörðun er tekin um úr hvaða næringarsöltum á að draga með frekari hreinsun:
   i) stöðuvötn og vatnsföll sem tengjast stöðuvötnum, neysluvatnslónum eða lokuðum flóum þar sem endurnýjun vatns er lítil og uppsöfnun getur átt sér stað. Á þessum svæðum er nauðsynlegt að fjarlægja fosfór nema hægt sé að sýna fram á að það hafi engin áhrif á næringarefnastigið. Þar sem losun á sér stað frá fjölmennum þéttbýlisstöðum er ef til vill einnig þörf á að fjarlægja köfnunarefni.

ii) ármynni, flóar og annar strandsjór þar sem endurnýjun vatns er lítil eða aðflutningur næringarsalta mikill. Losun frá fámennum þéttbýlisstöðum hefur allajafna minni áhrif á þessum svæðum en þegar fjölmennir þéttbýlisstaðir eiga í hlut. Á þessum svæðum ætti að fjarlægja fosfór og/eða köfnunarefni nema hægt sé að sýna fram á að það hafi engin áhrif á næringarefnastigið,

b) ferskt yfirborðsvatn sem nýta á til drykkjar og kann að hafa meiri köfnunarefnisstyrk en kveðið er á um í heilbrigðisreglugerð.

c) svæði þar sem þörf er á frekari hreinsun en mælt er fyrir um í 18. gr.

B. Síður viðkvæm svæði

Sjór eða hafsvæði getur talist síður viðkvæmt svæði ef losun skólps hefur ekki skaðleg áhrif á umhverfið vegna formfræðilegra, vatnafræðilegra eða annarra sérstakra aðstæðna í vatninu.

Eftirtalda þætti skal taka til athugunar þegar síður viðkvæm svæði eru tilgreind:

Opna flóa, ármynni og annan strandsjó þar sem endurnýjun vatns er mikil og ekki hætta á ofnæringu eða súrefnisþurrð eða ólíklegt talið að ofnæring eða súrefnisþurrð verði vegna losunar skólps frá þéttbýli.

III. VIÐAUKI

IÐNAÐARSTARFSEMI

1. Mjólkurvinnsla.
2. Framleiðsla ávaxta- og grænmetisafurða.
3. Framleiðsla og átöppun óáfengra drykkja á flöskur.
4. Kartöfluvinnsla.
5. Kjötiðnaður.
6. Ölgerðir.
7. Framleiðsla vínanda og áfengra drykkja.
8. Framleiðsla á dýrafóðri úr jurtaafurðum.
9. Framleiðsla gelatíns (hlaupefnis) og líms úr húðum, skinni og beinum.
10. Maltgerðarhús.
11. Fiskvinnsla.

VIÐAUKI 13

I. VIÐAUKI

VIÐMIÐUNARMÖRK FYRIR KÖFNUNAREFNISDÍOXÍÐ

(Viðmiðunarmörk skulu gefin upp í µg/m³. Rúmmál skal leiðrétt miðað við hitastig og þrýsting sem hér segir: 293 K og 101,3 kPa.)

Viðmiðunartímabil(1)	Viðmiðunarmörk fyrir köfnunarefnisdíoxíð
	Sjá viðauka 3
Ár	98. hundraðshlutamark sem reiknað er af meðalgildi eða gildum sem eru yfir skemmri tíma en 1 klukkustund á ársgrundvelli(2)

(1) Árlegt viðmiðunartímabil hefst 1. janúar á hverju almanaksári og lýkur 31. desember.

(2) Til að viðurkenning fáist á útreikningi 98. hundraðshlutamarks verða 75 af hundraði hugsanlegra gilda að liggja fyrir, dreifð eins jafnt yfir árið og unnt er á þeim mælingarstað sem um er að ræða.
Ef mæligildi frá ákveðnum stöðum liggja ekki fyrir á tímabili sem er lengra en 10 dagar skal geta þess þegar hið útreiknaða hundraðshlutamark er gefið upp.
98. hundraðshlutmark skal útreiknað sem hér segir á grundvelli þeirra gilda sem skráð eru allt árið. Það skal reiknað út frá þeim gildum sem hafa í raun verið mæld. Mæligildin eru jöfnuð til næsta µg/m³. Fyrir hvern mælistað skal gildunum síðan raðað eftir vaxandi stærð:

$$X_1 \leq X_2 \leq X_3 \leq \ldots\ldots\ldots \leq X_k \leq \ldots\ldots\ldots \leq X_{N-1} \leq X_N$$

98. hundraðshlutamarkið er gildi k-liðar þegar k er reiknað út með eftirfarandi formúlu:

$$k = (q \times N)$$

þar sem q er jafnt og 98 fyrir 98. hundraðshlutamark og 50 fyrir 50. hundraðshlutamark en N er fjöldi þeirra mælinga sem hafa í raun verið gerðar. Stærðin (q x N) skal jöfnuð til næstu heilu tölu.
Ef mælitækin geta ekki enn gefið afmörkuð gildi, en gefa aðeins gildisbil hærri en 1 µg/m³ er heimilt að beita innreikningi, enda sé innreikningsaðferðin samþykkt af Hollustuvernd ríkisins og gildisbilin ekki hærri en 10 µg/m³. Þessi tímabundna undanþága gildir aðeins um búnað sem nú hefur þegar verið settur upp og ekki lengur en sem endingartíma hans nemur.

II. VIÐAUKI

LEIÐBEININGARMÖRK FYRIR KÖFNUNAREFNISDÍOXÍÐ

(Viðmiðunarmörk skulu gefin upp í µg/m³. Rúmmál skal leiðrétt miðað við hitastig og þrýsting sem hér segir: 293 K og 101,3 kPa.)

Viðmiðunartímabil	Leiðbeiningarmörk fyrir köfnunarefnisdíoxíð
	Viðauki 3
	50. hundraðshlutamark reiknað úr frá klukkustunda meðaltalsgildum eða styttri mælitímabilum, mælt allt árið
Ár	Viðauki 3
	98. hundraðshlutamark reiknað út frá klukkustunda meðaltalsgildum eða styttri mælitímabilum, mælt allt árið

Við útreikning á hundraðshlutamörkunum skal notuð formúlan í 2. neðanmálsgrein í I. viðauka, þar sem gildi á q er 0,50 fyrir 50. hundraðshlutamark og 0.98 fyrir 98. hundraðshlutamark.

III. VIÐAUKI

EFTIRLIT MEÐ STYRK KÖFNUNAREFNISDÍOXÍÐS

1. NO_2–magn er mælt í umhverfinu til þess að meta megi sem nákvæmast einstaklingsbundna hættu á því að verða fyrir mengun umfram viðmiðunarmörk, og skulu því staðir sem valdir eru til mælinga, eftir því sem unnt er, vera þar sem búast má við að hættan sé mest.
   Í þessu sambandi ber að hafa tvenns konar aðstæður í huga:
   1.1. Svæði þar sem mengun stafar aðallega frá vélknúnum ökutækjum og takmarkast því við nágrenni vega þar sem umferð er mikil.
   1.2. Stærri svæði þar sem mengun frá fastastöðvum skiptir einnig verulegu máli.
2. Við aðstæður þær sem lýst er í lið 1.1 skulu mælistaðir valdir
   — þannig að meðal þeirra séu helstu dæmi um svæði þar sem mengun stafar aðallega af vélknúnum ökutækjum, svo sem þröngar götur með mikilli umferð og stór vegamót,
   — eftir því sem unnt er, þar sem búast má við að NO_2–magn, eins og tilgreint er í 1. tölul., sé hvað mest.
3. Við aðstæður þær sem lýst er í lið 1.2 ber við ákvörðun á fjölda mælingarstaða að hafa hliðsjón af:
   — stærð svæðisins þar sem mengunarinnar gætir
   — ójafnri dreifingu mengunarinnar í rúmi.
   Við staðarvalið ber ekki að útiloka þröngar götur með mikilli umferð og stór vegamót eins og skilgreint er í 2. tölul. ef hætt er við að farið verði yfir viðmiðunarmörk vegna verulegrar mengunar frá föstum brennslustöðvum.
4. Endanlegur álestur mælitækja skal fara fram þannig að reikna megi út klukkustundarmeðaltöl eða meðaltöl fyrir styttri tíma en eina klukkustund samkvæmt ákvæðum I. viðauka. Gögnin skal geyma svo að athuga megi niðurstöðurnar síðar.

IV. VIÐAUKI

TILVÍSUNARAÐFERÐ

Að því er varðar framkvæmd reglugerðar þessarar skal sú tilvísunaraðferð sem notuð er til greiningar á köfnunarefnisoxíðum vera efnaljómunaraðferðin sem lýst er í ISO–staðli DIS 7996.

Þegar mælingaraðferðunum er beitt skal taka tillit til eftirfarandi atriða:

1. Sýnatökuopi skal komið fyrir í a.m.k. 0,5 m fjarlægð frá byggingum til að komast hjá veggáhrifum.
2. Sýnatökurás (rör og tengi) skal vera úr óvirku efni (t.d. gleri, PTFE eða ryðfríu stáli) sem ekki hefur áhrif á NO_2–magnið.
3. Sýnatökurás skal vera sem styst á milli sýnatökuops og mælitækis. Ekki ætti að taka meira en 10 sek. fyrir loftsýni að berast milli sýnatökuops og tækis.
4. Sýnatökuop skal varið fyrir regni og skordýrum. Sé notuð forsía skal val hennar og viðhald (með reglulegri hreinsun) miðast við að áhrif hennar á NO_2–magnið verði sem minnst.
5. Forðast skal rakaþéttingu í sýnatökurás.

6. Hreinsa ber sýnatökurás reglulega með tilliti til staðbundinna aðstæðna.
7. Við sýnatöku mega sýni ekki verða fyrir áhrifum af loftútstreymi frá tækinu eða útstreymi frá kvörðunartæki.
8. Þegar sýni eru tekin mega þau ekki verða fyrir áhrifum frá aukabúnaði (loftræsti- og gagnaflutningsbúnaði) við sýnatökuopið.
9. Allar nauðsynlegar varúðarráðstafanir skulu gerðar til að koma í veg fyrir að hitasveiflur leiði til of hás skekkjuhlutfalls við mælingar.
10. Greiningartæki skulu reglulega kvörðuð.
11. Sýnatökurás skal vera loftþétt og skal athuga hraða loftflæðis reglulega.

VIÐAUKI 14

III. VIÐAUKI

TILVÍSUNARAÐFERÐIR VIÐ SÝNATÖKU OG GREININGU

A. BRENNISTEINSDÍOXÍÐ

Við beitingu tilvísunaraðferðarinnar við sýnatöku og greiningu til að ákvarða brennisteinsdíoxíð er notaður búnaður sem lýst er í alþjóðlega staðlinum ISO–4219, 1. útgáfu 1979/09/15. Sýnatökutíminn er venjulega 24 stundir.

Tilvísunaraðferð við greiningu er lýst nákvæmlega í viðauka 15, V. viðauka; hún er byggð á tillögu að alþjóðlegum staðli ISO DP–6767, endurskoðaðri útgáfu frá febrúar 1979: „loftgæði – ákvörðun massastyrks brennisteinsdíoxíðs í andrúmslofti – tetraklórmerkúrat (TCM)/pararósanilín–aðferð". Þessi greiningaraðferð byggist á reglunni um litefnahvarf við pararósanilíni.

B. SVIFRYK

Við greiningu á svertustigi og umreikning í þyngdarmælieiningar er litið svo á að sú aðferð, sem stöðluð er af vinnuhópi OECD er fjallar um aðferðir til að mæla mengun og mælingartækni (1964), sé tilvísunaraðferðin.

VIÐAUKI 15

IV. VIÐAUKI

UM BRENNISTEINSDÍOXÍÐ OG SVIFRYK

(MÆLT MEÐ ÞYNGDARMÆLINGU)

Viðmiðunarmörk. Sjá viðauka 3.

Sýnatöku- og greiningaraðferðir fyrir:

i) **Brennisteinsdíoxíð**

— *Sýnatökuaðferð:* sjá viðauka 14.

— *Greiningaraðferð:* sjá viðauka 14.

ii) **Svifryk**

— *Sýnatökuaðferð:*

1. Svifrykinu er safnað í síu sem er annaðhvort gerð úr himnu eða trefjagleri.
2. Sýnatökukerfið samanstendur af:
   — síu,
   — síuhaldara,
   — dælu,
   — loftrúmmálsmæli.
3. Sýnatökukerfi felur ekki í sér búnað til að sundurgreina rykagnirnar.
4. Mælitími er 24 stundir.
5. Sían er varin gegn beinni útfellingu agna og gegn beinum áhrifum aðstæðna í andrúmsloftinu.
6. Síurnar sem notaðar eru skulu að minnsta kosti geta síað 99% þeirra agna sem eru 0,3 µm að loftfræðilegu þvermáli.
7. Hraði loftsins við yfirborð síunnar er milli 33 og 55 cm/sek að báðum stærðum meðtöldum. Ef trefjaglersíur eru notaðar má hraðaminnkunin meðan á sýnatöku stendur ekki fara yfir 5% en 25% ef síur með himnu eru notaðar.
8. Að minnsta kosti 100 sýnatökur skulu fara fram á árinu og skal þeim dreift jafnt á allt árið.

   — *Greiningaraðferð:*

   a) Greining fer fram með vigtun.

      b) 1. Himnusíurnar skulu stilltar af fyrir og eftir sýnatöku, með því að halda þeim við jafnan hita milli 90 og 100 °C í tvær stundir og hafa þær síðan í þurrkara í tvær stundir áður en þær eru vigtaðar.

      b) 2. Glertrefjasíurnar skulu stilltar af fyrir og eftir sýnatöku, með því að láta þær vera í 24 stundir í andrúmslofti við 20 °C og 50% rakastig áður en þær eru vigtaðar.

V. VIÐAUKI

TILVÍSUNARAÐFERÐIN VIÐ GREININGU BRENNISTEINSDÍOXÍÐS

Loftgæði – ákvörðun massastyrks brennisteinsdíoxíðs í andrúmslofti – tetraklórmerkúrat (TCM)/pararósanilín-aðferð

1. UMFANG

Þessi drög að alþjóðlegum staðli mæla fyrir um litrófsmælingaraðferð til ákvörðunar

á massastyrk brennisteinsdíoxíðs í andrúmslofti. Staðallinn felur bæði í sér sýnatöku- og greiningaraðferðir.

2. GILDISSVIÐ

Hægt er að ákvarða massastyrk brennisteinsdíoxíðs milli 7 og 1 150 µg/m^3 með sýnatökuaðferðinni sem lýst er í þessum staðli.

Athugasemd

Sé nauðsynlegt að ákvarða meiri styrk má nota til þess ákveðinn hluta af sýnatökulausn smærri loftsýni en staðallinn tilgreinir. Í slíkum tilvikum verður að ákvarða gleypni miðað við það rúmmál og styrk þann sem rannsaka skal.

Truflunum vegna þungmálma, köfnunarefnisoxíða, ósons og afoxaðra brennisteinssambanda (t.d. vetnissúlfíðs og þíóla) er eytt eða dregið úr þeim. Brennisteinssýra og súlföt hafa ekki áhrif. Ekki hefur verið staðfest með tilraunum að brennisteinstríoxíð hafi áhrif þar sem allar líkur eru á því að það gangi í sambandi við vatn og verði að brennisteinssýru í gleypnilausninni.

3. HELSTU AÐFERÐIR

Tilteknu loftmagni er dælt gegnum natríumtetraklórmerkúratlausn (TCM – lausn) sem gleypir brennisteinsdíoxíðið í loftsýninu með myndun díklórsúlfítmerkúratsambands.

Sýnatökulausnin er meðhöndluð með súlfamíðsýrulausn til að eyða nítratjónum sem myndast úr köfnunarefnisoxíðum í loftinu. Hún er síðan meðhöndluð með formaldehýðlausn og sýrubleiktu pararósanilíni sem inniheldur fosfórsýru til að ná pH-gildi 1,6 ± 0,1.

Pararósanilín, formaldehýð og bísúlfítjón hvarfast og mynda hina litsterku pararósanilínmetýlsúlfónsýru, er hegðar sér sem tveggja lita indíkator (λ_max = 548 nm við pH 1,6 ± 0,1).

Brennisteinsdíoxíðstyrkur er lesinn af kvörðunarlínuriti sem gert er á grundvelli staðlaðra loftblandna (6.3.1). Í sumum tilvikum kann að vera heppilegt, eftir því hvaða búnaði rannsóknarstofan hefur yfir að ráða, að nota til reglubundins eftirlits natríumbísúlfítlausnir af þekktum styrk í stað hinna stöðluðu loftblandna. Þá aðferð ætti einungis að nota eftir nákvæma stöðlun.

4. HVARFEFNI

4.1. Öll hvarfefni skulu vera af þeim gæðum að henti til greiningar (pro analysi).

Sé ekki annað tekið fram er með vatni átt við eimað vatn. Það skal vera án oxunarefna og helst tvíeimað úr eimingartæki sem er úr gleri eingöngu.

4.2. Gleypnilausn: Natríumtetraklórmerkúrat (TCM), 0,04 mól/l.

10,9 g af kvikasilfurs(II)klóríði, 4,7 g af natríumklóríði og 0,07 g af dínatríumetýlendíamíntetraasetati (EDTA) eru leyst upp í vatni og þynnt í 1 lítra.

Lausnin endist mánuðum saman en er ónýt ef botnfall myndast.

Athugasemdir

1. Það magn af EDTA sem er sett út í kemur í veg fyrir hugsanleg áhrif frá þungmálmum fyrir allt að 60 µg af járni(III), 10 µg af mangani(II), 10 µg af krómi(III), 10 µg af kopar(II) og 22 µg af vanadíum (V) í 10 ml af gleypnilausn.
2. Lausnin er baneitruð og þarf að fara með hana samkvæmt því. Aðferð til að endurvinna kvikasilfrið eftir greininguna er lýst í viðauka C. Ef gleypnilausn slettist á húð þarf að skola hana tafarlaustf með vatni.

4.3. **Saltsýra, 1 mól/l**

86 ml af óþynntri saltsýru, HCl, (ρ = 1,19 g/ml) eru þynntir í 1 lítra.

4.4. **Pararósanilínhýdróklóríðstofnlausn, 0,2%**

Leysið 0,2 g af pararósanilínhýdróklóríði, $C_{19}H_{17}N_3 \cdot HCl$, upp í 100 ml af saltsýru (4.3).

Athugasemd
Pararósanilínhýdróklóríð sem notað er við gerð stofnlausnarinnar skal vera hreinna en 95% (sjá viðauka D), og sýna hámarksgleypni við 540 nm í stuðpúðalausn úr ediksýru og natríumasetati (0,1 mól/l). Enn fremur skal gleypni blindsýnis ekki fara yfir 0,10 þegar það er búið til samkvæmt lýsingu í 6.2.
Hvarfefni sem ekki uppfylla þessar kröfur eru ónýt nema þau séu hreinsuð. Hreinsun getur farið fram með kristöllun eða útskiljun (sjá viðauka D).

4.5. **Fosfórsýra, 3 mól/l**
205 ml af óblandaðri fosfórsýru, H_3PO_4 (ρ = 1,69 g/ml) eru þynntir með vatni í 1 lítra.

4.6. **Pararósanilínhvarfefnalausn**
20 ml af pararósanilínhýdróklóríðstofnlausn (4.4) og 25 ml af fosfórsýru (4.5) eru fluttir með pípettu í 250 ml mælikolbu, sem síðan er fyllt með vatni upp að merkinu. Þetta hvarefni endist mánuðum saman sé það geymt í myrkri.

4.7. **Formaldehýð–vinnulausn**
5 ml af 40% formaldehýðlausn, HCHO, eru fluttir með pípettu í 1 mælikolbu, sem síðan er fyllt með vatni upp að merkinu. Búin til daglega.

4.8. **Súlfamíðsýra, 0,6% vinnulausn**
0,6 g af súlfamíðsýru, NH_2SO_3H, eru leyst upp í 100 ml af vatni.
Lausn þessi endist nokkra daga ef hún kemst ekki í snertingu við loft.


4.9. **Stofnlausn af natríumbísúlfíti**
0,3 g af natríummetabísúlfíti, $Na_2S_2O_5$, eru leyst upp í 500 ml af nýsoðnu en kældu eimuðu vatni (æskilegt er að nota vatn sem er tvíeimað og hreinsað af lofti). Lausnin inniheldur milli 320 og 400 µg af jafngildum brennisteinsdíoxíðs á ml. Raunverulegur styrkur er ákvarðaður með því að bæta umframmagni af joði í hluta af lausninni og títra til baka með staðlaðri natríumþíósúlfatlausn (sjá viðauka B).
Lausnin endist skammt.

4.10. **Stöðluð natríumbísúlfítlausn**
Strax eftir að natríumbísúlfítstofnlausnin (4.9) hefur verið gerð eru 2,0 ml af henni fluttir með pípettu í 100 ml mælikolbu sem síðan er fyllt upp að merkinu með natríumtetraklórmerkúratlausn (4.2).
Lausn þessi endist í 30 daga ef hún er geymd við 5 °C. Við stofuhita endist hún aðeins í einn dag.

5. TÆKI

5.1. **Sýnatökubúnaður**
Búnaður sá sem nota skal við sýnatöku er tilgreindur í ISO/DIS 4219, loftgæði – mæling á loftkenndum efnasamböndum í andrúmslofti – sýnatökubúnaður eins og sýndur er á mynd 1.


Mynd 1
Skýringarmynd af sýnatökubúnaði



Í stað loftmagnsmælis má nota sprautunál í hitastilltum kassa sem loftskammtara. Sé það gert verður dælan að geta náð þrýstingshlutfalli $pd/pu \leq 0{,}5$, þar sem pd táknar þrýsting á undan nálinni, pu á eftir henni (sjá 5.5).

Búnaðurinn er sýndur á mynd 2.

Mynd 2



5.2. **Söfnunarflöskur**

Söfnunarflöskur verða að hafa a.m.k. 95% brennisteinsdíoxíðgleypni svo fullnægjandi sé. Dæmi um hentugar söfnunarflöskur eru sýnd í viðauka A.

Gleypni er háð lögun flösku, stærð loftbóla og því hve lengi þær eru í snertingu við lausnina. Hægt er að ákvarða hana með því að raðtengja aðra söfnunarflösku við hina fyrri og finna hlutfallið milli brennisteinsdíoxíðmagns í fyrri flöskunni og brennisteinsdíoxíðmagns beggja flaskna samanlagt. Séu notaðar litlar gasþvottaflöskur við þær aðstæður sem lýst er í 6.1 kemur í ljós að gleypni er yfir 98%.

Sé blanda af brennisteinsdíoxíði og lofti eins og greinir í 6.3.1 notuð til stillingar er gleypni búnaðarins gefin upp sjálfkrafa.

5.3 **Vetnissúlfíðsafnari**

Glerrör fyllt kvarsull, sem gegndreypt hefur verið með lausn er inniheldur 0,5% silfursúlfat, Ag_2SO_4, og 2,5% kalíumhýdrógensúlfat, $KHSO_4$. Kvarsullin er gegndreypt með því að leiða lausnina tvisvar gegnum rörið og þurrka hana síðan með upphitun í köfnunarefnisstraumi.

5.4 **Sýnaflöskur**

Pólýetýlenflöskur, 100 ml, til að flytja gleypnilausnirnar til rannsóknarstofu að aflokinni sýnatöku.

5.5 **Þrýstimælir**

Tveir þrýstimælar, nákvæmir upp að 1 000 Pa, til þrýstingsmælinga þegar notaður er loftskammtari í stað loftmagnsmælis.

5.6. **Lítrófsmælir eða litmælir**

Lítrófsmælir eða litmælir sem hentar til mælingar á gleypni við um það bil 550 nm. Þegar notaður er litrófsmælir skal nota bylgjulengd 548 nm. Sé litmælir notaður ætti sían að hafa hámarksgegnhleypni við um það bil 550 nm. Ef litrófsborði mælisins er breiðari en 20 nm kunna að koma upp vandamál með núlllausn.

Þegar gleypni er mæld skal nota sömu sellu fyrir sýni og staðallausnir. Ef fleiri en ein sella er notuð verður að samstilla þær fyrir litrófsmælingu.

6. AÐFERÐ

6.1 **Sýnataka**

10 ml af TCM–lausninni (4.2) er hellt í söfnunarflösku, og hún síðan sett í sýnatökubúnaðinn (mynd 1). Meðan taka sýna fer fram skal gleypnilausninni hlíft við sólarljósi með því að hylja söfnunarflöskuna með viðeigandi vörn, svo sem álpappír, til að koma í veg fyrir niðurbrot hverfefna. Tími og hraði loftsflæðis við innsogið fara eftir magni brennisteinsdíoxíðs í loftinu.

Við notkun lítilla gasþvottaflaskna ætti hraði loftflæðis að vera milli 0,5 og 1 l/mín. Lágmarksmagn af lofti sem sogað er inn ætti að vera 25 lítrar.
Til þess að ná sem bestum árangri ætti að velja hraða loftflæðis og sýnatökutíma þannig að gleypnin verði 0,5 – 3,0 µg (0,2 – 1,2 µl við 25 °C og 101,325 kPa) af brennisteinsdíoxíði á ml af gleypnilausn.
Leiki grunur á að loftið innihaldi vetnissúlfíð verður að fjarlægja það með vetnissúlfíðsafnara (5.3).
Safnarinn er settur á milli ryksíunnar og söfnunarflöskunnar.
Að lokinni sýnatökunni er rúmmál loftsýnisins ákvarðað og skráður hiti og þrýstingur andrúmsloftsins (7.1, athugasemd). Þurfi að geyma sýnið lengur en 24 stundir fyrir greiningu skal halda því við 5 °C.
Athugasemd
Ef botnfall kemur fram í sýnatökulausninni er ástæðan sennilega sú að Hg II hvarfast við afoxað brennisteinssamband. Botnfallið er fjarlægt með síun eða skiljun í skilvindu fyrir greiningu.

6.2. **Greining**

Sýni eiga að standa í að minnsta kosti 20 mínútur eftir sýnatökuna til að gefa innilokuðu ósoni færi á að brotna niður. Síðan er sýnatökulausnin flutt yfir í 25 ml mælikolbu og notaðir um það bil 5 ml af vatni til hreinsunar.
Núlllausn er búin til með því að hella 10 ml af ónotaðri gleypnilausn (4.2) í 25 ml mælikolbu, bæta við hvarfefnum eins og lýst er hér á eftir og lesa af gleypnina miðað við eimað vatn með því að nota 10 mm sellur. Þetta gildi er borið saman við það gildi sem skráð var fyrir núlllausnina þegar kvörðunarferillinn var gerður. Mismunur sem nemur meira en 10% á þessum tveimur gildum er til marks um óhreinindi í eimaða vatninu eða hvarfefnunum eða niðurbrot þeirra og verður þá að búa til ný hvarfefni.
Einum ml af súlfamíðsýrulausn (4.8) er hellt í hverja kolbu og látið hvarfast í 10 mínútur til að eyða nítrati frá köfnunarefnisoxíðum. Síðan er með pípettu bætt út í kolburnar nákvæmlega 2 ml af formaldehýðlausninni (4.7) og 5 ml af pararósanilínhvarefninu (4.6). Fyllt er upp að merkinu með nýsoðnu og kældu eimuðu vatni og látið standa í hitastilltum kassa við 20 °C. Eftir 30 – 60 mínútur er mæld gleypni sýnisins og núlllausnarinnar með eimuðu vatni í viðmiðunarsellunni.
Litlausnin má ekki verða eftir í sellunni því að þá sest litalag innan á hliðarnar.

Athugasemd
Það tryggir betri niðurstöðu í litaþróuninni ef hvarfefnin eru sett út í með jöfnu millibili, t.d. einnar mínútu.
Lausnir með meiri gleypni en er í staðallausnum með mestra styrknum skal þynna allt að sexfalt með núlllausninni til að aflestur verði innan kvarðans. Þessi aflestur er þó aðeins vísbending innan ± 10% til eða frá réttu gildi á gleypninni.

6.3. **Kvörðun**

6.3.1. *Kvörðun með blöndu af brennisteinsdíoxíði og lofti*

Blöndur af brennisteinsdíoxíði og lofti eru búnar til samkvæmt staðlinum ISO/DIS 6349.
Til þess að geta teiknað kvörðunarferilinn sem sýnir tengslin milli gleypninnar og brennisteinsdíoxíðstyrks þarf að minnsta kosti fjögur mismunandi styrkstig fyrir brennisteinsdíoxíð á bilinu sem mælt er fyrir um í 2. lið.
Sýnatökuaðferðinni og greiningaraðferðinni sem lýst er annars vegar í 6.1 og hins vegar í 6.2 er beitt á hverja staðalblöndu. Gleypnigildin eru merkt inn sem fall af brennisteinsdíoxíðstyrknum og kvörðunarferillinn teiknaður.

6.3.2. *Kvörðun með natríumbísúlfítlausn*

Með pípettu eru fluttir 0, 1,0, 2,0, 3,0, 4,0 og 5,0 ml skammtar af staðallausn natríumbísúlfíts (4.10) yfir í röð af 25 ml mælikolbum. Bætt er í hverja kolbu nógu miklu af natríumtetraklórmerkúratlausn (4.2) til að magnið verði um það bil 10 ml. Síðan er bætt við hvarfefnunum eins og lýst er í 6.2. Gleypnin í kolbunum er mæld með eimuðu vatni í viðmiðunarsellunni. Til þess að ná meiri nákvæmni er nauðsynlegt að nota jafnhitabað. Hitanum við kvörðunina má ekki skakka meira en ± 1 °C frá hitanum við greininguna.

Gleypnin í lausnunum (lóðhnit) er teiknuð sem fall af míkrógrömmum af brennisteinsdíoxíði, reiknuðum eins og lýst er í viðauka B. Þá fást línuleg tengsl. Skurðpunktur milli lóðrétta ássins og þeirrar línu sem liggur næst punktunum er venjuleg innan 0,02 gleypnieininga frá aflestrinum fyrir núlllausnina (staðalnúllpunktur) ef notuð eru 10 mm sella. Kvörðunarþátturinn (andstæða gildið við hallatölu línunnar) er reiknaður út. Þennan kvörðunarþátt má nota við útreikning á niðurstöðunum að því tilskildu að veruleg breyting verði hvorki á hita né pH-gildi. Mælt er með að minnsta kosti einu staðfestingarsýni fyrir hverja röð til þess að tryggja áreiðanleika þessa þáttar.

7. FRAMSETNING NIÐURSTAÐNA

7.1. **Útreikningar**

Massastyrkur brennisteinsdíoxíðs í sýninu er reiknaður þannig:

$$SO_2 = \frac{f(a_s - a_b)}{V}$$

þar sem

SO_2 = massastyrkur brennisteinsdíoxíðs í µg/m³
f = kvörðunarþátturinn (sjá 6.3.2)
a_s = gleypni í sýnatökulausninni
a_b = gleypni í núlllausn
V = magn loftsýnis í rúmmetrum

Athugasemd

Ef þörf er á að vita um brennisteinsdíoxíðstyrkinn við viðmiðunarskilyrðin (25 °C, 1 bar) verður í stað rúmmálsins V af uppsafnaða loftinu að setja samsvarandi rúmmálsgildi við viðmiðunarskilyrðin, V_R:

$$V_R = \frac{298\ V\ p}{273 + T}$$

þar sem

p = loftþrýstingurinn í börum,
T = hiti loftsýnisins í °C.

7.2. **Greiningarmörk**

Greiningarmörkin fyrir brennisteinsdíoxíð í 10 ml af TCM-sýnatökulausn liggja á milli 0,2 og 1,0 µg/m³ (grundvallað á tvöföldu staðalfráviki). Þetta samsvarar massastyrk brennisteinsdíoxíðs milli 7 og 33 µg/m³ (0,002 – 0,011 ppm) í loftsýni sem er 30 l (t.d. einnar klukkustundar sýnataka með 0,5 l/mín).

7.3. **Nákvæmni og hittni**

Nákvæmni og hittni aðferðarinnar hafa ekki ennþá verið ákvörðuð með neinni vissu með tilliti til mismikils massastyrks brennisteinsdíoxíðs og söfnunargetan er ekki heldur þekkt fyrir hið fjölbreytta úrval sýnatöku- og prófunarkerfa.


Hlutfallslegt staðalfrávik í sambærilegri TCM-aðferð fyrir endurtekningu tilraunarinnar hefur reynst vera 17 $\mu g/m^3$ við styrkinn $\mu g/m^3$([1]).

8. HEIMILDARIT

([1]) H.C. McKee, R. E. Childers, O. Saenz: Collaborative Study of Reference Method for Determination of Sulphur Dioxide in the Atmosphere (Pararosaniline Method). Contract CPA 70–40, SwRI Project 21–2811. Environmental Protection Agency, Research Triangle Park, N.C., Sept. 1971.


VIÐAUKI A

SÖFNUNARÍLÁT



Muenke-flaska

75 ml
4 op, 1 á botninum, hvert 1,5 Ø



Lítil gasþvottaflaska

VIÐAUKI B

STÖÐLUN NATRÍUMBÍSÚLFÍTSTOFNLAUSNARINNAR (4.9)

B1. **Hvarfefni**

B.1.1. *Joðlausn, 0.05 mól/l*

Stofnlausn

Vigtuð eru 12,7 g af joði, I_2, í 250 ml bikarglas og bætt út í 40 g af kalíumjoðíði, KI, og 25 ml af vatni. Hrært er í þangað til allt er leyst upp og lausninni síðan hellt magnbundið yfir í eins lítra mælikolbu. Fyllt er upp að merkinu með vatni.

B.1.2. *Joð-vinnulausn, um það bil 0,005 mól/l*

50 ml af stofnlausninni af joði (B.1.1) eru þynntir í 500 ml með vatni.

B.1.3. *Mjölvaindíkatorlausn, 0,2%*

0,4 g af leysanlegum mjölva og 0,002 g af kvikasilfurs(II)-joðíði, HgI_2 (rotvarnarefni) eru mulin sundur með smávegis af vatni og deigið smám saman sett út í 200 ml af sjóðandi vatni. Suðunni er haldið áfram uns lausnin er tær en síðan er hún kæld og flutt yfir í flösku með glertappa.

B.1.4. *Natríumþíósúlfatlausn, um það bil 0,1 mól/l*

25 g af natríumþíósúlfati, $Na_2S_2O_3 \cdot 5H_2O$, eru leyst upp í 1 lítra af nýsoðnu og eimuðu vatni og bætt út í 0,1 g af natríumkarbónati. Lausnin er látin standa í einn dag áður en hún er stöðluð.

Fyrir stöðlunina eru vigtuð 1,5 g af kalíumjoðati, KIO_3, af hæsta gæðaflokki, þurrkuð við 180 °C í 500 ml mælikolbu og þynnt með vatni upp að merkinu. Með pípettu eru fluttir 50 ml af joðatlausninni yfir í 500 ml joðflösku. Bætt er við 2 g af kalíumjoðíði og 10 ml af saltsýru, óblandaðri sýru þynntri í hlutfallinu 1:10. Tappi er settur í flöskuna. Eftir 5 mín. er títað með natríumþíósúlfatlausn þangað til liturinn er orðinn fölgulur. Bætt er út í 5 ml af mjölvaindíkatorum og títrað til loka. Mólstyrkur natríumþíósúlfatlausnarinnar, M, er reiknaður þannig:

$$M = \frac{g\ KIO_3 \times 10^3 \times 0{,}1}{ml\ natríumþíósúlfatlausn \times 35{,}67}$$

B.1.5. *Natríumþíósúlfatlausn, um það bil 0,01 mól/l*

50,0 ml af natríumþíósúlfatlausninni (B.1.4) er þynnt í 500 ml með vatni og blandað saman. Lausnin endist skammt og verður að búa hana til daginn sem á að nota hana með því að þynna stöðluðu natríumþíósúlfatlausnina (B.1.4).

B.2. **Aðferð**

25 ml af vatni er hellt í 500 ml kolbu og með pípettu eru fluttir 50 ml af joðlausninni (B.1.2) í kolbuna (hér táknuð sem kolba A/núlllausn). Með pípettu eru fluttir 25 ml af natríumbísúlfítstofnlausninni (4.9) í aðra 500 ml kolbu og með pípettu eru fluttir 50 ml af joðlausninni (B.1.2) í þá kolbu (hér táknuð sem kolba B/sýni). Kolbunum er lokað með tappa og efnin látin hvarfast í 5 mínútur. Með býrettu sem inniheldur natríumþíósúlfatlausn (B1.5) er títrað í kolbunum hvorri á eftir annarri þangað til liturinn er fölgulur. Þá er bætt út í 5 ml af mjölvalausninni (B.1.3) og títrun haldið áfram þangað til blái liturinn hverfur. Brennisteinsdíoxíðstyrkurinn í natríumbísúlfatstofnlausninni (4.9) er reiknaður þannig:

$$SO_2\ (\mu g/ml = \frac{(A - B) \times M \times K}{V}$$

þar sem

A = rúmmál natríumþíósúlfatlausnar (B.1.5) sem þarf til að títra núlllausn, í millilítrum
B = rúmmál natríumþíósúlfatlausnar (B.1.5) sem þarf til að títra sýnið, í millilítrum
M = mólstyrkur natríumþíósúlfatlausnarinnar (=0,01)
K = jafngildismólmassi brennisteinsdíoxíðs í míkrógrömmum = 32,030
V = natríumbísúlfítstofnlausn notuð, í millilítrum

Styrkur brennisteinsdíoxíðs í bísúlfítstaðallausninni (4.10) fæst með því að deila í niðurstöðuna með 50.

VIÐAUKI C

KVIKASILFUR FJARLÆGT ÚR AFGANGSLAUSNUM

Í þessum viðauka er lýst aðferð til að fjarlægja úr afgangslausnum það kvikasilfur sem safnast hefur upp við notkun gleypnilausnarinnar (4.2).

C.1. **Hvarfefni**

C.1.1. Natríumhýdroxíðlausn, um það bil 400 g af NaOH á lítra

C.1.2. Vetnisperoxíð H_2O_2, um það bil 30%, iðnaðargæði

C.1.3. Natríumsúlfíð, $Na_2S \cdot 9H_2O$ iðnaðargæði

C.2. **Aðferð**

Í pólýetýlenílát með rúmmál um það bil 50 lítra er safnað þeim afgangslausnum þar sem kvikasilfursmagn er of mikið til að hella megi þeim í vaskinn. Þegar safnast hafa um það bil 40 lítrar er bætt út í lausnina í eftirfarandi röð, um leið og hrært er í með loftbólustreymi gegnum lausnina, nægilegu magni af natríumhýdroxíðlausn (C.1.1) til hlutleysingar ásamt 400 ml til viðbótar. Síðan er bætt út í 100 g af natríumsúlfíði (C.1.3) og eftir 10 mín. með hægð 400 ml af vetnisperoxíðlausn (C.1.2). Blandan er látin standa í 24 stundir en síðan er tæri vökvinn fjarlægður og honum fleygt. Botnfallið er flutt yfir í annað ílát.

VIÐAUKI D

EIGINLEIKAR OG HREINSUN PARARÓSANILÍNHÝDRÓKLÓRÍÐS

D.1. **Prófun á hreinleika hvarfefnisins**

1 ml af PRA-lausninni (4.4) er þynntur í 100 ml með eimuðu vatni. 5 ml af því eru fluttir yfir í 50 ml mælikolbu og út í bætt 5 ml af 0,1 M ediksýru-natríumasetati bufferlausn. Fyllt er upp að merkinu með vatni og blandað saman.

Beðið er í 1 klst. og síðan er gleypni lausnarinnar mæld í litrófsmæli við 540 nm í 10 mm sellu.

Styrkur pararósanilíns (PRA) er reiknaður þannig:

$$\% \text{ PRA} = \frac{\text{gleypni x K}}{100 \text{ mg}}$$

þar sem

K = 21 300

Ef hreinleiki pararósanilínsins er undir 95% verður að hreinsa hvarfefni með einni þeirra aðferða sem lýst er í D.2 og D.3.

D.2. **Hreinsun með útskiljun**

Í 250 ml skiljutrekt er haft í jafnvægi 100 ml annars vegar af 1-bútanóli og hins vegar af 1 M HCI. 0,1 g af pararósanilínhýdróklóríði (PRA) er vigtað í bikarglas. Í það er bætt 50 ml af sýrunni og látið standa í nokkrar mínútur. 50 ml af 1-bútanólinu er hellt í 125 ml skiljutrekt. Sýrulausnin, sem inniheldur litarefnið, er flutt yfir í trektina og hreinsuð með útskiljun. Fjólublá óhreinindin færast yfir í lífræna fasann. Neðri (vatns-) fasinn er fluttur yfir í aðra skiljutrekt og bætt út í 20 ml skömmtum af 1-bútanóli. Þetta nægir venjulega til að fjarlægja næstum öll fjólublá óhreinindin sem hafa áhrif á núlllausnina. Ef enn eru fjólublá óhreinindi í 1-bútanólfasanum eftir fimm útskiljanir er þessum sendingum litarefna fleygt.

Eftir lokaútskiljunina er vatnsfasinn síaður gegnum bómullartappa yfir 50 ml mælikolbu og síðan er fyllt upp að merkinu með 1 M HCI. Þessi hvarfefnastofnlausn er rauðgul.

Athugasemd

Vissar sendingar af 1-bútanóli innihalda oxunarefni sem skapa þörf fyrir brennisteinsdíoxíð. Þetta er kannað með því að hrista saman 20 ml af 1-bútanóli og 5 ml af 15% kalíumjoðíðlausn. Ef gulur litur kemur fram í alkóhólhlutanum er 1-bútanólið endureimað frá silfuroxíði.

D.3. **Hreinsun með umkristöllun**

1 g af pararósanlilínhýdróklóríði er leyst upp í 250 ml af 2,5 M saltsýru. Lausnin er látin standa í tvær stundir við stofuhita. Eftir síun er pararósanilín fellt út að nýju með því að bæta út í smávegis umframmagni af 2,5 M natríumhýdroxíðlausn.

Botnfallið er sett á síutrekt (gljúpleiki 3). Síuvökvinn ætti að vera litlaus. Botnfallið er skolað með eimuðu vatni til að fjarlægja umframmagn af natríumhýdroxíði og það natríumklóríð sem hefur myndast.

Botnfallið er leyst upp í 70 ml af metanóli sem er hitað upp að suðumarki og að lokum er bætt við 300 ml af vatni við 80 °C . Lausnin er látin standa við stofuhita. Pararósanilín fellur út aftur smám saman. Afrakstur umkristöllunar er um það bil 64%. Pararósanilín verður dökkleitt milli 200 og 205 °C og sundrast við 285 °C.

Heimildarit

H.G.C. King and U.G. Pruden: The determination of sulphur dioxide with rosaniline dyes. *Analyst* 94, 43–48 (1969).

VIÐAUKI 16

VIÐMIÐANIR SEM SKULU HAFÐAR AÐ LEIÐARLJÓSI ÞEGAR VALIN ER SÝNATÖKUAÐFERÐ OG TILVÍSUNARAÐFERÐ VIÐ GREININGU Á BLÝSTYRK Í ANDRÚMSLOFTI

Ögnunum í andrúmslofti skal safnað í síu í sýnatökubúnaði með það fyrir augum að greina blýinnihald.

A. Viðmiðanir sem fara skal að þegar sýnatökuaðferð er valin

1. *Sía.*
   Söfnunarvirkni síunnar skal ekki vera minni en 99% fyrir allar agnir með loftfræðilegt meðalþvermál 0,3 μm við hraðann sem notaður er við sýnatökuna.
2. *Sýnatökuvirkni.*
   Sýnatökuvirkni er skilgreind sem hlutfall af massastyrk agnanna í loftinu sem safnast á síuna á móti styrk þeirra í andrúmsloftinu. Virkni sýnatökubúnaðarins má ekki vera minni en þau gildi sem gefin eru upp í eftirfarandi töflu og skal hún vera óháð vindátt.

   Lágmarsvirkni (%) sýnatökubúnaðar:

Vindhraði	*Stærð agna (loftfræðilegt þvermál)*	
	5 μm	*10 μm*
2 ms^{-1}	95	65
4 ms^{-1}	95	60
6 ms^{-1}	85	40

3. *Sýnatökuhraði.*
   Sýnatökuhraði skal vera stöðugur við ± 5% af nafngildi yfir tiltekið sýnatökutímabil.
4. *Staðsetning.*
   Sýnatökustöðinni skal eftir því sem tök er á vera komið fyrir á stöðum sem eru dæmigerð fyrir viðkomandi mælisvæði.
5. *Framkvæmd.*
   Sýni skulu tekin samfellt þó svo að leyfilegt sé að gera fárra mínútna hlé á degi hverjum eða í viku hverri þegar skipt er um síur. Ársmeðaltal er ekki gilt nema því aðeins að sýni hafi verið tekin 10 virka daga í mánuði hið minnsta fyrstu fimm árin frá gildistöku reglugerðar þessarar og 15 virka daga á mánuði hið minnsta eftir það, eftir því sem tök eru á, með jafnri dreifingu yfir tímabilið sem um er að ræða. Ársmeðaltal er reiknað þannig að deilt er í summu marktækra sólarhringsgilda með fjölda þeirra daga sem marktæk gildi hafa mælst.

B. Tilvísunaraðferð við greiningu

Tilvísunaraðferðin sem notuð er við greiningu er frumeindagleypnimæling þar sem greiningarskekkja við að ákvarða blý í söfnuðum ögnum er minni en sem svarar til blýstyrks í lofti sem nemur 0,1 μg m^{-3}. Greiningarskekkjan skal vera innan tiltekinna marka sem miðast við viðeigandi kvörðunartíðni.

VIÐAUKI 17

VIÐMIÐUNARMÖRK VEGNA BRENNSLU OLÍUÚRGANGS

Viðmiðunarmörk (1) fyrir útstreymi tiltekinna efna sem falla til við brennslu olíuúrgangs í verum sem eru 3 MW (LBG) eða meira að varmaafli

Mengunarefni	Viðmiðunarmörk mg/Nm³		
Cd	0,5		
Ni	1		
	annaðhvort	eða	
Cr	1,5	Cr	5
Cu		Cu	
V		V	
Pb	5	Pb	
Cl (3)	100		
F (4)	5		
SO_2 (5)	—		
Ryk (alls) (5)	—		

(1) Þessi viðmiðunarmörk, sem ekki má fara yfir þegar olíuúrgangur er brenndur, gefa til kynna massastyrk áðurnefndra efna í afgasi, miðað við rúmmál afgass í stöðluðu ástandi (hiti 273 K, þrýstingur 101, 3 kPa), eftir að dregið hefur verið frá innihald vatnsgufu og 3% innihald súrefnis í afgasi miðað við rúmmál.
Ef um er að ræða efni sem skráð eru hér fyrir ofan og geta að auki stafað frá hitun framleiðslunnar skal tryggt með eftirliti að hlutfall þessara efna sem stafa frá brennslu olíuúrgangs fari ekki yfir viðmiðunarmörkin. Súrefnisinnihald skal miðast við venjulegar starfsaðstæður við vinnsluna sem um ræðir.

(2) Ólífræn klórsambönd í loftkenndu ástandi sýnd sem vetnisklóríð.

(3) Ólífræn flúorsambönd í loftkenndu ástandi sýnd sem vetnisflúoríð.

(4) Ekki er hægt að ákvarða viðmiðunarmörk fyrir þessi efni á þessu stigi, sbr. þó viðauka 3.

VIÐAUKI 18
UM ÚRGANG

I. VIÐAUKI

Flokkar úrgangs

Q1 Efnaleifar sem falla til við framleiðslu eða neyslu og ekki eru tilgreindar annars staðar hér að neðan.
Q2 Vörur sem uppfylla ekki gildandi staðla.
Q3 Vörur sem eru komnar fram yfir leyfilegan notkunardag.
Q4 Efni sem farið hafa forgörðum eða tapast við óhöpp, þar með talin efni, búnaður o.s.frv. sem mengast hefur vegna óhappsins.
Q5 Efni sem mengast hafa vegna skipulagðrar starfsemi (til dæmis leifar sem falla til við hreingerningar, umbúðir, ílát o.s.frv.).
Q6 Ónothæfir hlutir (til dæmis notaðar rafhlöður, notaðir hvatar o.s.frv.).
Q7 Efni sem teljast ekki lengur nothæf (til dæmis mengaðar sýrur, menguð leysiefni, notuð herslusölt o.s.frv.).
Q8 Leifar sem falla til í iðnaði (til dæmis gjall, leifar sem falla til við eimingu o.s.frv.).
Q9 Leifar sem falla til við mengunarvarnaraðgerðir (til dæmis eðja sem fellur til við gashreinsun, ryk úr loftsíum, notaðar síur o.s.frv.).
Q10 Leifar sem falla til við vinnslu-/eftirmeðferð (til dæmis járnspænir, spænir frá fræsivélum o.s.frv.).
Q11 Leifar sem falla til við öflun og vinnslu hráefna (til dæmis leifar frá náma- og olíuvinnslu o.s.frv.).
Q12 Menguð efni (til dæmis PCB-mengaðar olíur o.s.frv.).
Q13 Öll efni eða vörur sem bannaðar hafa verið með lögum.
Q14 Vörur sem notandinn hefur enginn not fyrir lengur (til dæmis ónýt efni sem falla til í landbúnaði, á heimilum, í verslun og viðskiptum o.s.frv.).
Q15 Menguð efni eða vörur sem falla til við hreinsun mengaðra landsvæða.
Q16 Hvers kyns efni eða vörur sem ekki er að finna í ofannefndum flokkum.

II. VIÐAUKI A-HLUTI

Förgunaraðgerðir

Ath: Í viðauka þessum eru taldar upp förgunaraðgerðir eins og þeim er beitt í reynd. Í samræmi við ákvæði reglugerðarinnar skal farga úrgangi án þess að heilsu manna stafi hætta af og á þann hátt að umhverfið skaðist ekki.
D1 Förgun úrgangs ofan jarðar sem neðan (til dæmis með því að urða hann o.s.frv.).
D2 Meðhöndlun lands (til dæmis niðurbrot vökva eða eðju, sem losuð er í jarðveg, fyrir áhrif örvera o.s.frv.).
D3 Dæling djúpt niður í jarðlög (til dæmis dæling fljótandi úrgangsefna niður í borholur, saltstöpla eða geymslustaði frá náttúrunnar hendi o.s.frv.).
D4 Losun í yfirborðsvatn (til dæmis þegar vökvum eða eðju er komið fyrir í gjótum, tjörnum eða lónum o.s.frv.).
D5 Sérstaklega hannaðir urðunarstaðir (til dæmis þar sem úrgangi er komið fyrir í aðskildum klæddum hólfum sem eru einangruð hvert frá öðru og umhverfinu o.s.frv.).
D6 Losun fasts úrgangs í vatn, að undanskildu hafinu.
D7 Losun fastra úrgangsefna í hafið, þar með talinn niðurgröftur í hafsbotninn.
D8 Líffræðileg meðferð sem ekki er tilgreind annars staðar í viðauka þessum þar sem falla til efnasambönd eða blöndur sem fargað er

með einhverjum þeim aðgerðum sem fram koma í viðauka þessum.

D9 Eðlisefnafræðileg meðferð sem ekki er tilgreind annars staðar í viðauka þessum þar sem falla til efnasambönd eða blöndur sem fargað er með einhverjum þeim aðgerðum sem fram koma í viðauka þessum (til dæmis uppgufun, þurrkun, kalkbrennslu o.s.frv.).

D10 Brennsla á landi.

D11 Brennsla á sjó.

D12 Varanleg geymsla (til dæmis staðsetning gáma í námum o.s.frv.).

D13 Blöndun eða lögun áður en gripið er til einhverra af þeim aðgerðum sem fram koma í viðauka þessum.

D14 Endurpökkun áður en gripið er til einhverra af þeim aðgerðum sem fram koma í viðauka þessum.

D15 Geymsla þar til gripið er til einhverra af þeim aðgerðum sem fram koma í viðauka þessum, að undanskilinni geymslu til bráðabirgða á framleiðslustað, meðan beðið er eftir söfnun.

II. VIÐAUKI B-HLUTI

Aðgerðir sem leitt gætu til nýtingar

Ath: Í viðauka þessum er nýtingaraðgerðum lýst eins og þær fara fram í reynd. Í samræmi við ákvæði reglugerðar þessarar skal nýta úrgang án þess að heilsu manna stafi hætta af og án þess að beita aðferðum sem kunna að stofna umhverfinu í hættu.

R1 Endurmyndun leysiefna.

R2 Endurvinnsla/endurmyndun lífrænna efna sem ekki eru notuð sem leysiefni.

R3 Endurvinnsla/endurmyndun málma og málmsambanda.

R4 Endurvinnsla/endurmyndun annarra ólífrænna efna.

R5 Endurmyndun sýru og basa.

R6 Nýting vara sem notaðar eru til að hreinsa upp mengun.

R7 Nýting vara sem notaðar eru við hvataferli.

R8 Olíuhreinsun og önnur endurnotkun olíu.

R9 Notkun einkum til eldsneytisþarfa eða annarra þarfa til orkuframleiðslu.

R10 Áburðardreifing á landi til góðs fyrir landbúnað eða vistkerfið, þar með talið söfnun lífræns úrgangs eða líffræðileg ummyndun af öðru tagi.

R11 Notkun úrgangs sem fenginn er frá einhverri þeirri starfsemi sem merkt er R1-R10.

R12 Skipti á úrgangi með það í huga að grípa til einhverra af aðgerðunum sem merktar eru R1-R10.

R13 Geymsla efna sem nota á til að grípa til einhverra þeirra aðgerða sem fram koma í viðauka þessum, að undanskildri tímabundinni geymslu á framleiðslustað, meðan beðið er eftir söfnun.

VIÐAUKI 19

LISTI YFIR EITUREFNI OG HÆTTULEG EFNI

Á listanum hér á eftir eru talin upp tiltekin eiturefni eða hættuleg efni, raðað í áhersluröð

1	Arsen; arsensambönd.
2	Kvikasilfur; kvikasilfurssambönd.
3	Kadmíum; kadmíumsambönd.
4	Þallíum; þallíumsambönd.
5	Beryllíum; beryllíumsambönd.
6	Króm-6-sambönd.
7	Blý; blýsambönd.
8	Antímon; antímonsambönd.
9	Fenól; fenólsambönd.
10	Blásýrusölt, lífræn og ólífræn.
11	„Ísósýanöt"
12	Lífræn halógensambönd, að undanskildum ónæmum fjölliðuefnum ásamt öðrum efnum sem getið er um í þessum lista eða öðrum ákvæðum reglugerðar þessarar sem fjalla um förgun spilliefna.
13	Klóreruð leysiefni.
14	Lífræn leysiefni.
15	Ósérhæfð drepandi efni og jurtalyfjaefni.
16	Tjöruefni sem falla til við hreinsun og tjöruleifar sem falla til við eimingu.
17	Lyfjasambönd.
18	Peroxíð, klóröt, perklóröt og asíð.
19	Eterar.
20	Ógreinanleg og/eða ný efni sem falla til á efnarannsóknastofum og hafa óþekkt áhrif á umhverfið.
21	Asbest (ryk og trefjar).
22	Selen; selensambönd.
23	Tellúr; tellúrsambönd.
24	Arómatísk fjölhringjasambönd (með krabbameinsvaldandi áhrif.)
25	Karbónílmálmar.
26	Leysanleg koparsambönd.
27	Sýrur og/eða grunnefni sem notuð eru við yfirborðsmeðferð og lokavinnslu málma.

VIÐAUKI 20

VIÐMIÐUNARMÖRK OG GÆÐAKRÖFUR VEGNA LOSUNAR EFNA Á LISTUM I OG II Í VIÐAUKA 10.

I. VIÐAUKI

ALMENN ÁKVÆÐI

Viðauka þessum er skipt í þrjá liði þar sem sett eru fram almenn ákvæði er gilda um öll efni sem viðaukinn fjallar um:

- A: viðmiðunarmörk fyrir losunarstaðla,
- B: gæðamarkmið,
- C: tilvísunaraðferð við mælingu.

Nánar er greint frá almennu ákvæðunum og þau aukin í II. viðauka með sérákvæðum um tiltekin efni.

A-LIÐUR

Viðmiðunarmörk, frestur til að virða þau ásamt tilhögun eftirlits með losun.

1. Í II. viðauka í A-lið eru sett fram viðmiðunarmörk og frestur til að virða þau með tilliti til hinna ýmsu tegunda iðjuvera sem hlut eiga að máli.
2. Fyrir efni sem ekki eru viðmiðunarmörk fyrir í reglugerð þessari skal setja sérstök viðmiðunarmörk í starfsleyfi. Þau mörk skulu miðast við að beitt sé fullkomnustu tækni sem völ er á.
3. Í starfsleyfum skal kveða á um hvernig taka ber sýni, greina þau og mæla frárennsli og magn efna sem unnið er með eða, ef nauðsyn krefur, mæla færibreyturnar sem eru einkennandi fyrir starfsemi, sbr. lista í A-lið II. viðauka.
4. Tekið skal sýni sem er dæmigert fyrir frárennsli á einum sólarhring. Reikna verður út magn efna sem losað er á einum mánuði á grundvelli daglegs magns efna sem losuð eru.

B-LIÐUR

Gæðamarkmið, frestur til að fylgja þeim og tilhögun eftirlits með því að þeim sé fylgt.

1. Í þeim tilgangi að koma í veg fyrir mengun eru gæðamarkmið og frestir til að fylgja þeim sett fram í B-lið II. viðauka.
2. Nema annað sé tekið fram í B-lið II. viðauka vísa allar tölur um styrk, sem tilgreindar eru sem gæðamarkmið, til reiknaðs meðaltals þeirra niðurstaðna sem fást á einu ári.
3. Ef fleiri en eitt gæðamarkmið gilda fyrir vatn á tilteknu svæði skulu gæði vatnsins vera nægileg til að öllum þessum markmiðum sé fylgt.
4. Í starfsleyfi skal setja sérstök ákvæði um tilhögun eftirlits og fresti til að tryggja að viðeigandi gæðamarkmiðum sé fylgt.

5. Sýni skulu tekin á stað sem er nægilega nálægt losunarstað til að gefa góða mynd af ástandi vatnsins á því svæði þar sem áhrifa losunarinnar gætir, og þau skulu tekin nægilega oft til að hægt sé að greina sérhverja breytingu á vatninu, einkum að teknu tilliti til náttúrlegra sveiflna í vatnasviðinu.

C-LIÐUR

Tilvísunaraðferðir við mælingar og greiningarmörk.

1. Tilvísunaraðferðirnar sem notaðar eru til að ákvarða styrk efnanna sem um er að ræða og greiningarmörkin fyrir viðkomandi umhverfi eru sett fram í C-lið II. viðauka.
2. Mæla verður rennsli með hittninni ± 20%.

II. VIÐAUKI

Sérákvæði

I. Varðandi koltetraklóríð.
II. Varðandi DDT.
III. Varðandi pentaklórfenól.
IV. Varðandi aldrín, díeldrín, endrín og ísódrín.
V. Varðandi hexaklóróbensen.
VI. Varðandi hexaklórbútadíen.
VII. Varðandi klóróform.
VIII. Varðandi 1,2-díklóretan (EDC).
IX. Varðandi tríklóretýlen (TRI).
X. Varðandi perklóretýlen (PER).
XI. Varðandi tríklórbensen (TCB).

Númerin sem gefin eru upp í sviga á eftir nafni efnanna hér á eftir svara til EBE-númera (frá 22. júní 1982).

I. Sérákvæði um koltetraklóríð (nr. 13) (1)

CAS-númer 56-23-5(2)

(1) Athuga ber 10. gr. reglugerðar þessarar vegna notkunar koltetraklóríðs í þvottahúsum sem sem rekin eru í atvinnuskyni.

A-liður (13): Viðmiðunarmörk fyrir losunarstaðla

Tegund iðjuvers (1) (2)	Tegund meðaltalsgildis	Viðmiðunarmörk tilgreind sem (3)		Fara skal að frá og með
		þyngd	styrkur	
1. Framleiðsla koltetraklóríðs með perklórun	Mánaðarlegt	a) aðferð með þvotti: 40 g CCl_4 fyrir hvert tonn af heildarframleiðslugetu CCl_4 og perklóretýlen	1,5 mg/l	1.1. 1995
		b) aðferð án þvotts: 2,5 g/tonn	1,5 mg/l	
	Daglegt	a) aðferð með þvotti: 80 g/tonn	3 mg/l	
		b) aðferð án þvotts:5 g/tonn	3 mg/l	
2. Framleiðsla klórmetans með metanklórun (þar með talin framleiðsla klórs til rafgreiningar með háþrýstingi) og úr metanóli	Mánaðarlegt	10 g CCl_4 fyrir hvert tonn af heildarframleiðslugetu klórmetans	1,5 mg/l	1.1. 1995
	Daglegt	20 g/tonn	3 mg/l	
3. Framleiðsla klórflúrkarbóna (4)	Mánaðarlegt	—	—	—
	Daglegt	—	—	—

(1) Meðal þeirra iðnfyrirtækja sem getið er um í 2. tölul. A-liðar í I. viðauka er einkum verið að vísa til iðjuvera sem nota koltetraklóríð sem leysiefni.

(2) Taka má upp einfalda tilhögun eftirlits ef árleg losun fer ekki yfir 30 kg.

(3) Í ljósi þess hve rokgjarnt koltetraklóríð er og til að tryggja að farið sé að ákvæðum reglugerðar þessarar skal þegar aðferð sem felur í sér mikla hreyfingu frárennslis, sem inniheldur koltetraklóríð, úti undir beru lofti, krefjast þess að viðmiðunarmörkin séu virt að því er varðar vatnið ofan við iðjuverið sem um er að ræða; þau skulu tryggja að allt vatn sem kann að vera mengað sé tekið gaumgæfilega til athugunar.

(4) Á þessari stundu er ekki gerlegt að setja viðmiðunarmörk á þessu sviði.

B-liður (13): Gæðamarkmið (1)

Umhverfi	Gæðamarkmið	Mælieining	Fara skal að frá og með
Yfirborðsvatn á landi Vatn í ármynni Strandsjór annar en vatn í ármynni Landhelgi	12	μg/l CCl_4	1.1. 1995

(1) Taka má upp einfaldaða tilhögun eftirlits ef engin vandkvæði eru því fylgjandi að fylgja gæðamarkmiðunum sem sett eru hér að ofan og fullnægja þeim framvegis.

C-liður (13): Tilvísunaraðferð við mælingar

1. Tilvísunaraðferð sú sem beita á til að ákvarða innihald koltetraklórs í fráveituvatn og vatni er greining í gasgreini.
   Nauðsynlegt er að nota næman skynjara ef styrkurinn er undir 0,5 mg/l og greiningarmörkin (1) eru 0,1 µg/l. Ef styrkurinn fer yfir 0,5 mg/l er viðunandi að greiningarmörkin (1) séu 0,1 mg/l.
2. Nákvæmni og hittni aðferðarinnar skal vera ± 50% við styrk sem er tvöfalt gildi greiningarmarkanna(1).

(1) Með „greiningarmörkum" 'g af efni er átt við minnsta magn þess sem hægt er að magnákvarða í sýni með tiltekinni aðferð, og unnt er að greina frá núlli.

II. Sérákvæði um DDT (nr. 46) (1) (2)

CAS-númer 50-29-3(3)

TIL ATHUGUNAR: Styrkur DDT í vatni, seti og/eða skelfiski og/eða lindýrum og/eða fiski má ekki aukast að marki með tímanum.

(1) Summa myndbriðganna 1,1,1-tríklór-2,2 bis (*p*-klórfenýl) etan;
1,1,1-tríklór-2 (*o*-klórfenýl) -2- (*p*-klórfenýl) etan;
1,1,1-díklór-2,2 bis (*p*-klórfenýl) etýlen; og
1,1,1-díklór-2,2 bis (*p*-klórfenýl) etan.

(2) Ákvæði 10. gr. gilda um DDT ef í ljós kemur að upptök mengunar eru önnur en þau sem getið er um í viðauka þessum.

(3) CAS-númer (Chemical Abstract Service).

A-liður (46): Viðmiðunarmörk fyrir losunarstaðla (1)

Tegund iðjuvers (3) (4)	Tegund meðaltalsgildis	Viðmiðunarmörk tilgreind sem		Fara skal að frá og með
		g/tonn af framleiddum, meðhöndluðum eða notuðum efnum	mg/l af vatni sem losað er	
Framleiðsla DDT-efnis, þar með talin blöndun DDT á sama svæði	Mánaðarlegt	8	0,7	1.1. 1995
	Daglegt	16	1,3	1.1. 1995
	Mánaðarlegt	4	0,2	1.1. 1995
	Daglegt	8	0,4	1.1. 1995

(1) Þegar ný iðjuver eiga í hlut hefur notkun fullkomnustu tækni sem völ er á í för með sér að nú þegar er kleift að setja losunarstaðla DDT sem eru lægri en 1 g/tonn í framleiddu efni.

(3) Meðal þeirra iðjuvera sem getið er um í 2. tölul. A-liðar í I. viðauka er einkum verið að vísa til iðjuvera sem blanda DDT fyrir utan framleiðslusvæði sitt og atvinnugreina sem framleiða díkófól.

(4) Beita má einfaldaðri aðferð við eftirlit ef magn losaðra efna er undir 1 kg á ári.

B-liður (46): Gæðamarkmið

Umhverfi	Gæðamarkmið	Mælieining	Fara skal að frá og með
Yfirborðsvatn á landi Vatn í ármynni Strandsjór annar en vatn í ármynni Landhelgi	10 fyrir myndbrigðið para-para-DDT 25 fyrir heildarmagn DDT	µg/l	1.1. 1995

C-Liður (46): Tilvísunaraðferð við mælingar

1. Tilvísunaraðferð sú sem beita á til að ákvarða DDT í fráveituvatni og vatni er greining í gasgreini með rafeindahremmingarskynjara eftir skiljun með viðeigandi leysiefni. Greiningarmörk (1) fyrir heildarmagn DDT í vatni er um það bil 4 µg/l og 1 µg/l í frárennsli en það fer eftir magni framandi efna í sýninu.
2. Tilvísunaraðferð sú sem beita á til að ákvarða DDT í seti og lífverum er greining í gasgreini með rafeindahremmingarskynjara eftir viðeigandi meðferð sýna. Greiningarmörkin (1) eru 1 µg/kg.
3. Nákvæmni og hittni aðferðarinnar skal vera ± 50% við styrk sem er tvöfalt gildi greiningarmarkanna (1).

(1) Með „greiningarmörkum" 'g af efni er átt við minnsta magn þess sem hægt er að magnákvarða í sýni með tiltekinni aðferð, og unnt er að greina frá núlli.

III. Sérákvæði um pentaklórfenól (nr. 102) (1) (2)

CAS-númer 87-86-5(3)

TIL ATHUGUNAR: Styrkur PCP í seti og/eða lindýrum og/eða skelfiski og/eða fiski má ekki aukast að marki með tímanum.

(1) Efnasambandið 2,3,4,5,6-pentaklór-1-hýdroxýbensen og sölt þess.
(2) Ákvæði 10. gr. gilda um pentaklórfenól, einkum ef það er notað til að meðhöndla við.
(3) CAS-númer (Chemical Abstract-Service).

A-liður (102): Viðmiðunarmörk fyrir losunarstaðla.

Tegund iðjuvers (1) (2)	Tegund meðaltalsgildis	Viðmiðunarmörk tilgreind sem		Fara skal að frá og með
		g/tonn framleiðslugeta/nýtni	mg/l af vatni sem losað er	
Framleiðsla natríumpentaklórfenólats með vatnsrofi hexaklórbensens	Mánaðarlegt	25	1	1.1. 1995
	Daglegt	50	2	1.1. 1995

(1) Meðal þeirra iðjuvera sem getið er um í 2. tölul. A-liðar í I. viðauka er einkum verið að vísa til iðjuvera sem framleiða natríumpentaklórfenólat með sápumyndun og iðjuvera sem framleiða pentaklórfenól með klórun.
(2) Beita má einfaldaðri aðferð við eftirlit ef magn losaðra efna er undir 3 kg á ári.

B-liður (102): Gæðamarkmið

Umhverfi	Gæðamarkmið	Mælieining	Fara skal að frá og með
Yfirborðsvatn á landi Vatn í ármynni Strandsjór annar en vatn í ármynni Landhelgi	2	µg/l	1.1. 1995

C-liður (102): Tilvísunaraðferð við mælingar.

1. Tilvísunaraðferð sú sem beita á til að ákvarða pentaklórfenól í fráveituvatni og vatni er vökvagreining á súlu með háþrýstingi eða greining í gasgreini með rafeindahremmingarskynjara eftir skiljun með viðeigandi leysiefni. Greiningarmörkin(1) eru 2 µg/l fyrir frárennsli og 0,1 µg/l fyrir vatn.
2. Tilvísunaraðferð sú sem beita á til að ákvarða pentaklórfenól í seti og lífverum er vökvagreining á súlu með háþrýstingi eða greining í gasgreini með rafeindahremmingarskynjara eftir viðeigandi meðferð sýna. Greiningarmörkin(1) eru 1 µ/kg.
3. Nákvæmni og hittni aðferðarinnar skal vera ± 50% við styrk sem er tvöfalt gildi greiningarmarkanna (1).

(1) Með „greiningarmörkum" 1g af efni er átt við minnsta magn þess sem hægt er að magnákvarða í sýni með tiltekinni aðferð, og unnt er að greina frá núlli.

IV. Sérákvæði um:

— aldrín (nr. 1) (1) CAS-nr. 309-00-2
— díeldrín (nr. 71) (2) CAS-nr. 60-57-1
— endrín (nr. 77) (3) CAS-nr. 72-20-8
— ísódrín (nr. 130) (4) CAS-nr. 465-73-6

(1) Aldrín er efnasambandið $C_{12}H_8Cl_6$
1, 2, 3, 4, 10, 10-hexaklór-1, 4, 4a, 5, 8, 8a-hexahýdró-1, 4-endó-5, 8-exó-dímetanónaftalen.
(2) Díeldrín er efnasambandið $C_{12}H_8Cl_6O$
1, 2, 3, 4, 10, 10-hexaklór-6, 7, epoxý-1, 4, 4a, 5, 6, 7, 8, 8a-oktahýdró-1, 4-endó-5, 8-exó-dímetanónaftalen.
(3) Endrín er efnasambandið $C_{12}H_8Cl_6O$
1, 2, 3, 4, 10, 10-hexaklór-6, 7, epoxý-1, 4, 4a, 5, 6, 7, 8, 8a-oktahýdró-1, 4-endó-5, 8-endó-dómetanónaftalen.
(4) Ísódrín er efnasambandið $C_{12}H_8Cl_6$
1, 2, 3, 4, 10, 10-hexaklór-1, 4, 4a, 5, 8, 8a-hexahýdró-1, 4-endó-5, 8-endó-dómetanónaftalen.

A-liður (1, 71, 77, 130): Viðmiðunarmörk fyrir losunarstaðla(1)

Tegund iðjuvers (2)	Tegund meðaltalsgildis	Viðmiðunarmörk tilgreind sem		Fara skal að frá og með
		þyngd	styrkur í µg/l frárennsli(3)	
Framleiðsla aldríns og/eða díeldríns og/eða endríns, þar með talin blöndun þessara efna í sama iðjuveri	Mánaðarlegt	3 g í hverju tonni miðað við heildarframleiðslugetu (g/tonn)	2	1.1. 1995
	Daglegt	15 g í hverju tonni miðað við heildarframleiðslugetu (g/tonn)(4)	10 (4)	1.1. 1995

(1) Viðmiðunarmörk í þessum lið eiga við um samanlagt magn aldríns, díeldríns og endríns.
Ef fráveituvatn frá framleiðslu eða notkun aldríns, díeldríns eða endríns (blöndunarstig meðtalið) inniheldur einnig ísódrín, gilda ofangreind viðmiðunarmörk um samanlagt magn aldríns, díeldríns endríns og ísódríns.

(2) Meðal þeirra iðjuvera sem getið er um í 2. tölul. A-liðar í I. viðauka er einkum verið að vísa til iðjuvera þar sem blöndun aldríns, díeldríns eða endríns fer fram utan framleiðslustaðar.

(3) Tölurnar eru miðaðar við heildarmagn vatns sem notað er í iðjuverum.

(4) Dagleg gildi mega ekki fara fram úr tvöföldu mánaðargildi, nema annað reynist óhjákvæmilegt.

B-liður (1, 71, 77, 130): Gæðamarkmið.

Umhverfi	Efni	Gæðamarkmið ng/l sem hlíta á frá og með	
		1.1. 1995	1.1. 1995
Yfirborðsvatn á landi	Aldrín	Samtals 30 fyrir hin fjögur efni og hæst 5 fyrir endrín	10
Vatn í ármynni	Díeldrín		10
Strandsjór annar en vatn í ármynni	Endrín		5
Landhelgi	Ísódrín		5

TIL ATHUGUNAR: Með tímanum má ekki eiga sér stað bein eða óbein raunaukning á styrk aldríns, díeldríns, endríns eða ísódríns í seti, lindýrum, skeldýrum eða fiski.

C-liður (1, 71, 77, 130): Tilvísunaraðferð við mælingar.

1. Sem tilvísunaraðferð við mælingar til ákvörðunar á aldríni, díeldríni, endríni og/eða ísódríni í fráveituvatni og í vatnsumhverfinu er beitt greiningu í gasgreini með rafeindahremmingarskynjara, eftir útdrátt með viðeigandi leysiefni. Greiningarmörk (1) fyrir hvert efni eru 2,5 ng/l í vatnsumhverfinu og 400 ng/l í fráveituvatni, háð fjölda truflandi aðskotaefna í sýni.
2. Sem tilvísunaraðferð við mælingar til ákvörðunar á aldríni, díeldríni og/eða endríni, þeim efnum ásamt ísódríni eða ísódríni sérstaklega, í seti og lífverum, er beitt greiningu í gasgreini með rafeindahremmingarskynjara, að afloknum viðeigandi undirbúningi á sýnum. Greiningarmörk (1) fyrir hvert einstakt efni eru 1 µg í kg þurrefnis.

3. Hittni og nákvæmni skal vera ± 50% við styrk sem nemur tvöföldum greiningarmörkum.

(1) Með „greiningarmörkum" x g af efni er átt við minnsta magn þess sem hægt er að magnákvarða í sýni með tiltekinni aðferð, og unnt er að greina frá núlli.

V. Sérákvæði um hexaklórbensen (HCB) (nr. 83)

CAS-118-74-1

A-liður (83): Viðmiðunarmörk fyrir losunarstaðla

TIL ATHUGUNAR: Með tímanum má ekki eiga sér stað bein eða óbein raunaukning á mengun af völdum HCB-losunar, sem hefur áhrif á styrk í seti, lindýrum, skeldýrum eða fiski.

Tegund iðjuvers (1) (2)	Tegund meðaltalsgildis	Viðmiðunarmörk tilgreind sem		Fara skal að frá og með
		þyngd	styrkur	
1. Framleiðsla og vinnsla á HCB	Mánaðarlegt	10 g HCB í hverju tonni miðað við heildarframleiðslugetu HCB	1 mg/l HCB	1.1. 1995
	Daglegt	20 g HCB í hverju tonni miðað við heildarframleiðslugetu HCB	2 mg/l HCB	
2. Framleiðsla perklór-etýlens (PER) og tetraklórmetans (CCl_4) með perklórun	Mánaðarlegt	1,5 g HCB í hverju tonni miðað við heildarframleiðslugetu PER + CCl_4	1,5 mg/l HCB	1.1. 1995
	Daglegt	3 g HCB í hverju tonni miðað við heildarframleiðslugetu PER + CCl_4	3 mg/l HCB	
3. Framleiðsla tríklóretýlens og/eða perklóretýlens með öðrum aðferðum (3)	Mánaðarlegt	—	—	—
	Daglegt	—	—	—

(1) Ef árleg losun er ekki meira en 1 kg má koma á einfaldari eftirlitstilhögun.

(2) Meðal þeirra iðjuvera sem getið er um í 2. tölul. A-liðar í I. viðauka er einkum verið að vísa til iðjuvera sem blanda kvintósen og tekknasen, iðjuvera sem framleiða klór við klóralkalírafgreiningu með grafítrafskautum, iðjuvera til gúmmívinnslu, skot- og skrauteldaverksmiðja, og iðjuvera sem framleiða vinýlklóríð.

(3) Ekki er unnt að setja viðmiðunarmörk.

Liður B (83): Gæðamarkmið.

TIL ATHUGUNAR: Með tímanum má ekki eiga sér stað raunaukning á HCB-styrk í seti, lindýrum, skeldýrum eða fiski.

Umhverfi	Gæðamarkmið	Mælieining	Fara skal að frá og með
Yfirborðsvatn á landi Vatn í ármynni Strandsjór annar en vatn í ármynni Landhelgi	0,03	µg/l	1.1. 1995

C-liður (83): Tilvísunaraðferð við mælingar.

1. Sem tilvísunaraðferð við mælingar til ákvörðunar á HCB í fráveituvatni og í vatni er beitt greiningu í gasgreini með rafeindahremmingarskynjara, eftir útdrátt með viðeigandi leysiefni.
   Greiningarmörk (1) fyrir HCB eru milli 1 og 10 ng/l í vatni og milli 0,5 og 1 µg í fráveituvatn, háð fjölda truflandi aðskotaefna í sýni.
2. Sem tilvísunaraðferð við mælingar til ákvörðunar á HCB í seti og lífverum er beitt greiningu í gasgreini með rafeindahremmingarskynjara, að afloknum viðeigandi undirbúningi á sýnum. Greiningarmörk (1) eru milli 1 og 10 µg í kg þurrefnis.
3. Hittni og nákvæmni mælinga skal vera ± 50% við styrk sem nemur tvöföldum greiningarmörkum (1).

(1) Með „greiningarmörkum" 1g af efni er átt við minnsta magn þess sem hægt er að magnákvarða í sýni með tiltekinni aðferð, og unnt er að greina frá núlli.

VI. Sérákvæði um hexaklórbútadíen (HCBD) (nr. 84)

CAS-87-68-3

A-liður (84): Viðmiðunarmörk fyrir losunarstaðla.

TIL ATHUGUNAR: Með tímanum má ekki eiga sér stað bein eða óbein raunaukning á mengun af völdum HCBD-losunar, sem hefur áhrif á styrk í seti, lindýrum, skeldýrum eða fiski.

Tegund iðjuvers (1) (2)	Tegund meðaltals-gildis	Viðmiðunarmörk tilgreind sem		Fara skal að frá og með
		þyngd	styrkur	
1. Framleiðsla perklóretýlens (PER) og koltetraklóríðs (CCl_4) með perklórun	Mánaðarlegt	1,5 g HCBD í hverju tonni heildarframleiðslu PER + CCl_4	1,5 mg/l HCBD	1.1. 1995
	Daglegt	3 g HCBD í hverju tonni heildarframleiðslu PER + CCl_4	3 mg/l HCBD	
2. Framleiðsla tríklóretýlens og/eða perklóretýlens með öðrum aðferðum (4)	Mánaðarlegt	—	—	—
	Daglegt	—	—	—

(1) Taka má upp einfaldaða tilhögun eftirlits ef árleg losun fer ekki yfir 1 kg.

(2) Meðal þeirra iðjuvera sem getið er um í 2. tölul. A-liðar í I. viðauka er einkum verið að vísa til iðjuvera sem nota HCBD til tæknilegra þarfa.

(4) Ekki er unnt að setja viðmiðunarmörk.

Liður B (84): Gæðamarkmið.

TIL ATHUGUNAR: Með tímanum má ekki eiga sér stað raunaukning á HCBD-styrk í seti, lindýrum, skeldýrum eða fiski.

Umhverfi	Gæðamarkmið	Mæliening	Fara skal að frá og með
Yfirborðsvatn á landi Vatn í ármynni Strandsjór annar en vatn í ármynni Landhelgi	0,1	µg/l	1.1. 1995

C-liður (84): Tilvísunaraðferð við mælingar.

1. Sem tilvísunaraðferð við mælingar til ákvörðunar HCBD í fráveituvatni og í vatni er beitt greiningu í gasgreini með rafeindahremmingarskynjara, eftir útdrátt með viðeigandi leysiefni.
   Greiningarmörk (1) fyrir HCBD eru milli 1 og 10 ng/l í vatnsumhverfinu og milli 0,5 og 1 µg í fráveituvatn, háð fjölda truflandi aðskotaefna í sýni.
2. Sem tilvísunaraðferð við mælingar til ákvörðunar á HCBD í seti og lífverum er beitt greiningu í gasgreini með rafeindahremmingarskynjara að afloknum viðeigandi undirbúningi á sýnum. Greiningarmörk (1) eru milli 1 og 10 µg í kg þurrefnis.
3. Hittni og nákvæmni mælinga skal vera ± 50% við styrk sem nemur tvöföldum greiningarmörkum. (1)

(1) Með „greiningarmörkum" ^{1}g af efni er átt við minnsta magn þess sem hægt er að magnákvarða í sýni með tiltekinni aðferð, og unnt er að greina frá núlli.

VII. Sérákvæði um klóróform ($CHCl_3$) (nr. 23) (1)

CAS-67-66-3

A-liður (23): Viðmiðunarmörk fyrir losunarstaðla

Tegund iðjuvers (2) (3)	Viðmiðunarmörk (mánaðarmeðaltöl) tilgreind sem (4) (5)		Fara skal að frá og með
	þyngd	styrkur	
1. Framleiðsla klórmetanefna! úr metanóli eða blöndu af metanóli og metani (6)	10 g $CHCl_3$ í hverju tonni heildarframleiðslu klórmetanefna	1 mg/l	1.1. 1995
2. Framleiðsla klórmetanefna með klórun á metani	7,5 g $CHCl_3$ í hverju tonni heildarframleiðslu á klórmetanefnum	1 mg/l	1.1. 1995
3. Framleiðsla á klórflúrkolefni (7)	—	—	—

(1) Ef vart verður við önnur upptök mengunar en tilgreind eru í viðauka þessum gilda ákvæði 10. gr. reglugerðar þessarar.

(2) Meðal þeirra iðjuvera sem getið er um í 2. tölul. A-liðar í I. viðauka, er hvað klóróform snertir, einkum verið að vísa til iðjuvera sem framleiða einliða vinýlklóríð með díklóretan-hitasundrun, iðjuver sem framleiða bleiktan pappírsmassa og önnur iðjuver sem nota $CHCl_3$ sem leysiefni og iðjuver þar sem klór er blandað í kælivatn eða annað frárennsli.

(3) Taka má upp einfaldaða tilhögun eftirlits ef árleg losun fer ekki yfir 1 kg.

(4) Dagleg meðaltalsviðmiðunarmörk eru jöfn tvöföldum mánaðarlegum meðaltalsmörkum.

(5) Í ljósi þess hve rokgjarnt klóróform er og til að tryggt sé að farið sé að ákvæðum 8. kafla ef beitt er aðferð sem felur í sér mikla hreyfingu frárennslisvatns, sem inniheldur klóróform, úti undir beru lofti skal krefjast þess að farið sé að viðmiðunarmörkunum fyrir ofan iðjuverin sem í hlut eiga; tryggt skal að allt vatn sem kann að vera mengað sé tekið gaumgæfilega til athugunar.

(6) Þ.e. með hýdróklóreringu metanóls og síðan klórun metýlklóríðs.

(7) Ekki er unnt að setja miðviðunarmörk.

Liður B (23): Gæðamarkmið (1)

(1) Heimilt er að taka upp einfaldaða tilhögun eftirlits ef ekki eru nein vandkvæði á að uppfylla og halda stöðugt þeim gæðamarkmiðum sem sett eru hér að ofan.

Umhverfi	Gæðamarkmið	Mælieining	Fara skal að frá og með
Yfirborðsvatn á landi Vatn í ármynni Strandsjór annar en vatn í ármynni Landhelgi	12	µg/l	1.1. 1995

C-liður (23): Tilvísunaraðferð við mælingar

1. Sem tilvísunaraðferð við mælingar til ákvörðunar á klóróformi í fráveituvatni og í vatnsumhverfinu er notuð gasgreining á súlu.
   Nota skal næmt greiningartæki þegar styrkur nær ekki 0,5 mg/l, og eru greiningarmörk (1) þá við 0,1 µg/l. Við meiri styrk en 0,5 mg/l mega greiningarmörk vera við 0,1 mg/l.

2. Hittni og nákvæmni mælinga skal vera ± 50% við styrk sem nemur tvöföldum greiningarmörkum.

(1) Með „greiningarmörkum" ^{1}g af efni er átt við minnsta magn þess sem hægt er að magnákvarða í sýni með tiltekinni aðferð, og unnt er að greina frá núlli.

VIII.: Sérákvæði um 1,2-díklóretan (EDC) (nr. 59) (*)

CAS-nr. 107-06-2

(*) Ákvæði 10. gr. reglugerðar þessarar gilda einkum um EDC sem notað er í formi leysiefnis fjarri framleiðslu- og vinnslustað, fari árleg losun ekki yfir 30 kg.

A-liður (59): Viðmiðunarmörk fyrir losunarstaðla (1)

Tegund iðjuvers (2) (3)	Tegund meðaltals-gildis	Viðmiðunarmörk tilgreind sem		Fara skal að frá og með
		þyngd (g/tonn)(4)	styrkur (mg/lítra)(5)	
a) Eingöngu framleiðsla á 1,2-díklóretani (án þess að það sé unnið eða notað á sama stað)	Mánaðarlegt	4	2	1.1. 1995
		2,5	1,25	1.1. 1995
	Daglegt	8	4	1.1. 1995
		5	2,5	1.1. 1995
b) Framleiðsla 1,2-díklóretans og vinnsla eða notkun á sama stað, nema ef um er að ræða notkun skilgreinda í e-lið hér að neðan (6)	Mánaðarlegt	12	6	1.1. 1995
		5	2,5	1.1. 1995
	Daglegt	24	12	1.1. 1995
		10	5	1.1. 1995
c) Vinnsla 1,2-díklóretans í efni önnur en vinýlklóríð(8)	Mánaðarlegt	2,5	1	1.1. 1995
	Daglegt	5	2	1.1. 1995
d) Notkun EDC til að fituhreinsa málma (fjarri iðnaðarsvæði sem b-liður(9) nær til)	Mánaðarlegt	—	0,1	1.1. 1995
	Daglegt	—	0,2	1.1. 1995
e) Notkun EDC við framleiðslu á jónaskiptum(10)	Mánaðarlegt	—	—	—
	Daglegt	—	—	—

(1) Í ljósi þess hve rokgjarnt EDC er skal sérstaklega gæta að ákvæðum 3. og 8. kafla reglugerðar þessarar.

(2) Í framleiðslugetu af hreinsuðu EDC er meðtalinn sá hluti efnisins sem ekki er klofinn í þeim búnaði til framleiðslu á vinýlklóríði sem tengdur er EDC-framleiðslubúnaðinum.

Framleiðslu- eða vinnslugeta er sú sem ákveðin er í starfsleyfi eða mesta árlegt magn sem framleitt hefur verið eða unnið á næstliðnum fjórum árum áður en starfsleyfið var gefið út eða endurskoðað, ef ekki hefur verið tilkynnt um magnið. Geta sú sem heimiluð er má ekki víkja verulega frá raunverulegu magni.

(3) Taka má upp einfaldaða tilhögun eftirlits ef árleg losun fer ekki yfir 30 kg.
(4) Viðmiðunarmörk þessi varða:
- í a- og b-lið, framleiðslugetu af hreinsuðu EDC í tonnum talið,
- í c-lið, EDC-vinnslugetu í tonnum.

Ef vinnslu- og nýtingargeta er meiri en framleiðslugeta eiga viðmiðunarmörk í b-lið þó við um vinnslu- og nýtingarmagn í heild. Ef mörg iðjuver eru á sama stað eiga viðmiðunarmörkin við um þau öll samanlagt.
(5) Án þess að brjóta í bága við ákvæði 2. tölul. A-liðs 1. viðauka tengjast styrkleikamörk eftirfarandi viðmiðunarmagni:
a): 2m³/tonn framleiðslugetu af hreinsuðu EDC,
b): 2,5 m³/tonn framleiðslugetu af hreinsuðu EDC,
c): 2,5 m³/tonn vinnslugetu af EDC.
(6) Í viðmiðunarmörkunum er tekið tillit til alls EDC sem verður til við aðra starfsemi innan iðjuversins og/eða þess EDC sem notað er sem leysiefni á framleiðslustað, og tryggir það að losun á EDC minnkar um yfir 99%.
Með bestu tækni sem völ er á er þó unnt að minnka losun á EDC um meira en 99,9% ef ekki verður til meira EDC við aðra starfsemi innan versins.
(8) Þetta gildir meðal annars um framleiðslu á etýlendíamíni, etýlenpólýamíðum, 1.1.1.-tríklóretani og perklóretýleni.
(9) Viðmiðunarmörk þessi gilda aðeins um iðjuver þar sem árleg losun fer ekki yfir 30 kg.
(10) Ekki er unnt að setja viðmiðunarmörk.

B-liður (59): Gæðamarkmið

Umhverfi	Gæðamarkmið (µg/lítra)	Fara skal að frá og með
Yfirborðsvatn á landi Vatn í ármynni Strandsjór annar en vatn í ármynni Landhelgi	10	1.1. 1995

C-liður (59): Tilvísunaraðferð við mælingar

1. Tilvísunaraðferð sú sem beita á til að ákvarða hvort 1,2-díklóretan er í fráveituvatni og vatni er greining í gasgreini með rafeindahremmingarskynjara eftir skiljun með viðeigandi leysiefni, eða greining í gasgreini eftir einangrun með hjálp „purge and trap"-aðferðarinnar og hremmingu með ofurkældri hárpípugildru. Ákvörðunarmörkin eru 10 µg/l fyrir fráveituvatn og 1 µg/l fyrir vatn.
2. Nákvæmni og hittni aðferðarinnar skal vera ± 50% við styrk sem er tvöfalt gildi ákvörðunarmarkanna.

IX. Sérákvæði um tríklóretýlen (TRI) (nr. 121) (*)

(*) Ákvæði 10. gr. gilda einkum um TRI sem notað er sem leysiefni til þurrhreinsunar, til útdráttar fitu eða lyktar og til að fituhreinsa málma, fari árleg losun ekki yfir 30 kg.

A-liður (121): Viðmiðunarmörk fyrir losunarstaðla (1)

Tegund iðjuvers (2)	Tegund meðaltalsgildis	Viðmiðunarmörk tilgreind sem		Fara skal að frá og með
		þyngd (g/tonn)(3)	styrkur (mg/lítra)(4)	
a) Framleiðsla tríklóretýlens (TRI) og perklóretýlens (PER)	Mánaðarlegt	10	2	1.1. 1995
		2,5	0,5	1.1. 1995
	Daglegt	20	4	1.1. 1995
		5	1	1.1. 1995
b) Notkun TRI til að fituhreinsa málma(5)	Mánaðarlegt		0,1	1.1. 1995
	Daglegt		0,2	1.1. 1995

(1) Í ljósi þess hve rokgjarnt tríklóretýlen er skal gæta ákvæða 3. og 8. kafla.
(2) Taka má upp einfalda tilhögun eftirlits ef árleg losun fer ekki yfir 30 kg.
(3) Varðandi a-lið tengjast viðmiðunarmörk fyrir losun TRI heildarframleiðslu TRI + PER.
Hvað snertir iðjuver sem þegar eru starfrækt og þar sem úrlausn klórvetnis á tetraklóretani fer fram svarar framleiðslugeta til framleiðslu á TRI-PER þegar framleiðsluhlutfallið er 1:3.
Framleiðslu- eða vinnslugeta er sú sem ákveðin er í starfsleyfi, eða mesta árlegt magn sem framleitt hefur verið eða unnið á næstliðnum fjórum árum áður en starfsleyfið var gefið út eða endurskoðað, ef ekki hefur verið tilkynnt um magnið. Magn það sem heimilað er má ekki vera verulega frábrugðið raunverulegu framleiðslumagni.
(4) Án þess að brjóta í bága við ákvæði 2. tölul. A-liðs, I. viðauka tengist viðmiðunarstyrkur TRI eftirfarandi viðmiðunargildum:
– í a-lið, 5m³/tonn af framleiðslu TRI + PER.
(5) Viðmiðunarmörk þessi gilda aðeins um iðjuver þar sem árleg losun fer yfir 30 kg.

B-liður (121): Gæðamarkmið

Umhverfi	Gæðamarkmið (µg/lítra)	Fara skal að frá og með
Yfirborðsvatn á landi Vatn í ármynni Strandsjór annar en vatn í ármynni Landhelgi	10	1.1. 1995

C-liður (121): Tilvísunaraðferð við mælingar

1. Tilvísunaraðferð sú sem beita á til að ákvarða hvort tríklóretýlen (TRI) er í fráveituvatni og vatni er greining í gasgreini með rafeindahremmingarskynjara eftir skiljun með viðeigandi leysiefni.
Ákvörðunarmörkin fyrir TRI eru 10 µg/l fyrir fráveituvatn og 0,1 µg/l fyrir vatn.
2. Nákvæmni og hittni aðferðarinnar skal vera ± 50% við styrk sem er tvöfalt gildi ákvörðunarmarkanna.

X. Sérákvæði um perklóretýlen (PER) (nr. 111) (*)

CAS-nr. 127-18-4

(*) Ákvæði 10. gr. reglugerðar þessarar gilda einkum um PER sem notað er sem leysiefni til þurrhreinsunar, til útdráttar fitu eða lyktar og til að fituhreinsa málma, fari árleg losun ekki yfir 30 kg.

A-liður (111): Viðmiðunarmörk fyrir losunarstaðla (1)

Tegund iðjuvers (2)	Tegund meðaltalsgildis	Viðmiðunarmörk tilgreind sem		Fara skal að frá og með
		þyngd (g/tonn)(3)	styrkur (mg/lítra)(4)	
a) Framleiðsla tríklóretýlens (TRI) og perklóretýlens (PER) (TRI-PER-aðferð)	Mánaðarlegt	10	2	1.1. 1995
		2,5	0,5	1.1. 1995
	Daglegt	20	4	1.1. 1995
		5	1	1.1. 1995
b) Framleiðsla koltetraklóríðs og perklóretýlens (TETRA-PER-aðferðir)	Mánaðarlegt	10	5	1.1. 1995
		2,5	1,25	1.1. 1995
	Daglegt	20	10	1.1. 1995
		5	2,5	1.1. 1995
c) Notkun PER til að fituhreinsa málma(5)	Mánaðarlegt	—	0,1	1.1. 1995
	Daglegt	—	0,2	1.1. 1995
d) Framleiðsla klórflúrkolefnis (6)	Mánaðarlegt	—	—	—
	Daglegt	—	—	—

(1) Í ljósi þess hve rokgjarnt tríklóretýlen er skal gæta að ákvæðum í 3. og 8. kafla.
(2) Taka má upp einfaldaða tilhögun eftirlits ef árleg losun fer ekki yfir 30 kg.
(3) Hvað a- og b-lið snertir eru viðmiðunarmörk um losun á PER annaðhvort gefin upp sem hlutfall af heildarframleiðslugetu TRI + PER eða heildarframleiðslugetu TETRA + PER.
Framleiðslu- eða vinnslugeta er sú sem ákveðin er í starfsleyfi, eða mesta árlegt magn sem framleitt hefur verið eða unnið á næstliðnum fjórum árum áður en starfsleyfið var gefið út eða endurskoðað, ef ekki hefur verið tilkynnt um magnið. Magn það sem heimilað er má ekki vera verulega frábrugðið raunverulegu framleiðslumagni.
(4) Án þess að brjóta í bága við ákvæði 2. tölul. A-liðs I. viðauka tengist viðmiðunarstyrkur PER eftirfarandi viðmiðunargildum:
– í a-lið 5 m^3/tonn af framleiðslu TRI + PER.
– í b-lið, 2 m^3/tonn af framleiðslu TETRA + PER.
(5) Viðmiðunarmörk þessi gilda aðeins um iðjuver þar sem árleg losun fer yfir 30 kg.
(6) Ekki er unnt að ákveða viðmiðunarmörk.

B-liður (111): Gæðamarkmið

Umhverfi	Gæðamarkmið (μg/lítra)	Fara skal að frá og með
Yfirborðsvatn á landi Vatn í ármynni Strandsjór annar en vatn í ármynni Landhelgi	10	1.1. 1995

C-liður (111): Tilvísunaraðferð við mælingar

1. Tilvísunaraðferð sú sem beita á til að ákvarða hvort perklóretýlen (PER) er í fráveituvatni og í vatni í umhverfinu er greining í gasgreini með rafeindahremmingarskynjara eftir úrlausn með viðeigandi leysiefni.
   Ákvörðunarmörkin fyrir PER eru 10 µg/l fyrir fráveituvatn og 0,1 µg/l fyrir vatn í umhverfinu.
2. Nákvæmni og hittni aðferðarinnar skal vera ± 50% við styrk sem er tvöfalt gildi ákvörðunarmarkanna.

XI. Sérákvæði um tríklórbensen (TCB) (nr. 117, 118) (*)

(*) Ákvæði 10. gr. þessarar reglugerðar gilda einkum um TCB sem notað er sem leysiefni eða sem litfestir í textíliðnaði eða sem hluti af þeim olíum sem notaðar eru í spenna.

(**) TCB getur komið fyrir sem eitt af eftirfarandi þremur myndbrigðum:
- 1,2,3-TCB–CAS-nr. 87/61-6,
- 1,2,4-TCB–CAS nr. 120-82-1 (nr. 118 á lista EBE).
- 1,3,5-TCB–CAS-nr. 180-70-3.

Tæknilegt TCB (nr. 117 á lista EBE) er blanda þessara þriggja myndbrigða, þar af aðallega 1,2,4-TCB, og kann einnig að innihalda dí- og tetraklórbensen í litlu magni. Hvað sem öðru líður gilda þessi ákvæði um heildarmagn TCB (summu hinna þriggja myndbrigða).

A-liður (117, 118): Viðmiðunarmörk fyrir losunarstaðla

TIL ATHUGUNAR: Bein eða óbein mengun af völdum losunar TCB, sem hefur áhrif á styrk þess í seti og/eða lindýrum og/eða skelfiski og/eða fiski, má ekki aukast að marki með tímanum.

Tegund iðjuvers	Tegund meðaltalsgildis	Viðmiðunarmörk tilgreind sem		Fara skal að frá og með
		þyngd (g/tonn)(1)	styrkur (mg/lítra)(2)	
a) Framleiðsla TCB með úrlausn klórvetnis á HCH og/eða vinnslu TCB	Mánaðarlegt	25	2,5	1.1. 1995
		10	1	1.1. 1995
	Daglegt	50	5	1.1. 1995
		20	2	1.1. 1995
b) Framleiðsla og/eða vinnsla klórbensens með klórun bensens(3)	Mánaðarlegt	5	0,5	1.1. 1995
		0,5	0,05	1.1. 1995
	Daglegt	10	1	1.1. 1995
		1	0,1	1.1. 1995

(1) Viðmiðunarmörk fyrir losun TCB (summa hinna þriggja myndbrigða) eru gefin upp:
- fyrir a-lið, í tengslum við heildarframleiðslugetu á TCB,
- fyrir b-lið, í tengslum við heildarframleiðslu- eða vinnslugetu mónó- og díklórbensens.

Framleiðslu- eða vinnslugeta er sú sem tilgreind er í starfsleyfi, eða mesta árlegt magn sem framleitt hefur verið eða unnið á næstliðnum fjórum árum áður en starfsleyfi var gefið út eða endurskoðað, ef ekki hefur verið tilkynnt um magnið. Magn það sem heimilað er má ekki vera verulega frábrugðið raunverulegu framleiðslumagni.

(2) Án þess að brjóta í bága við ákvæði 4. mgr. A-liðs I. viðauka tengist viðmiðunarstyrkur eftirfarandi viðmiðunargildum:
- í a-lið, 10 m^3/tonn af framleiddu eða unnu TCB,
- í b-lið, 10 m^3/tonn af framleiddu eða unnu mónó- eða díklórbenseni.

B-liður (117, 118): Gæðamarkmið

TIL ATHUGUNAR: TCB-styrkur í seti og/eða lindýrum og/eða skelfiski og/eða fiski má ekki aukast að marki með tímanum.

Umhverfi	Gæðamarkmið (µg/lítra)	Fara skal að frá og með
Yfirborðsvatn á landi Vatn í ármynni Strandsjór annar en vatn í ármynni Landhelgi	0,4	1.1. 1995

C-liður (117, 118): Tilvísunaraðferð við mælingar

1. Tilvísunaraðferð sú sem beita á til að ákvarða hvort tríklórbensen (TBC) sé í fráveituvatni og í vatni í umhverfinu er greining í gasgreini með rafeindahremmingarskynjara eftir skiljun með viðeigandi leysiefni. Ákvörðunarmörkin fyrir hvert einstakt myndbrigði eru 10 µg/l fyrir fráveituvatn og 1 µg/l fyrir vatn.
2. Tilvísunaraðferðin sem notuð er til að ákvarða hvort TCB sé í seti og lífverum er greining í gasgreini með rafeindahremmingarskynjara eftir að sýnið hefur verið undirbúið á viðeigandi hátt. Greiningarmörk fyrir hvert einstakt myndbrigði er við 1 µg í kg þurrefnis.
3. Nákvæmni og hittni aðferðarinnar skal vera ± 50% við styrk sem er tvöfalt gildi ákvörðunarmarkanna.

VIÐAUKI 21

1. Sérákvæði um viðmiðunarmörk og gæðamarkmið fyrir losun á kvikasilfri frá rafgreiningu alkalíklóríða.
2. Sérákvæði um viðmiðunarmörk og gæðamarkmið fyrir losun á kvikasilfri frá annarri starfsemi en rafgreiningu alkalíklóríða.
3. Sérákvæði um viðmiðunarmörk og gæðamarkmið fyrir losun á hexaklórósýklóhexan.
4. Sérákvæði um viðmiðunarmörk og gæðamarkmið fyrir losun á kadmíum.

1. SÉRÁKVÆÐI UM VIÐMIÐUNARMÖRK OG GÆÐAMARKMIÐ FYRIR LOSUN Á KVIKASILFRI FRÁ RAFGREININGU ALKALÍKLÓRÍÐA

I. VIÐAUKI

Viðmiðunarmörk, frestur til að virða þessi mörk ásamt tilhögun eftirlits með losun

1. Viðmiðunarmörkin, sem gefin eru upp í formi styrks sem í raun ætti ekki að fara yfir, eru sett fram í eftirfarandi töflu:
Í engum tilvikum mega gildin sem gefin eru upp sem hámarksstyrkur vera hærri en

Mælieining	Viðmiðunarmörk fyrir mánaðarlegt meðaltal sem virða skal frá og með 1. janúar		Athugasemdir
	1995	1995	
Endurunnið og tapað saltvatn Míkrógrömm af kvikasilfri í hverjum lítra	75	50	Gildir um heildarmagn kvikasilfurs sem er fyrir hendi í öllu kvikasilfursmenguðu vatni sem losað er frá svæði iðjuversins.

þau sem gefin eru upp sem hámarksmagn deilt með vatnsnotkun á hvert tonn uppsettrar klórframleiðslugetu.

2. Kvikasilfursstyrkur í fráveituvatni ræðst af vatnsmagninu sem notað er, en það er mismunandi eftir vinnsluaðferðum og tegundum iðjuvera. Í hvívetna skal þó uppfylla skilyrði um viðmiðunarmörkin sem gefin eru upp í töflunni hér að framan um magn kvikasilfurs sem losað er í hlutfalli við uppsetta klórframleiðslugetu.

Mælieining	Viðmiðunarmörk fyrir mánaðarlegt meðaltal sem virða skal frá og með 1. janúar		Athugasemdir
	1995	1995	
Endurunnið saltvatn Grömm af kvikasilfri á hvert tonn uppsettrar klórframleiðslugetu	0,5	0,5	Gildir um kvikasilfur í fráveituvatni sem losað er frá einingunni sem framleiðir klór
	1,5	1,0	Gildir um heildarmagn kvikasilfurs sem er fyrir hendi í öllu kvikasilfursmenguðu vatni sem losað er frá svæði iðjuversins.

Tapað saltvatn Grömm af kvikasilfri á hvert tonn uppsettrar klórframleiðslugetu	8,0	5,0	Gildir um heildarmagn kvikasilfurs sem er fyrir hendi í öllu kvikasilfursmenguðu vatni sem losað er frá svæði iðjuversins

3. Viðmiðunarmörkin fyrir daglegt meðaltal samsvara fjórföldum viðmiðunarmörkum fyrir mánaðarlegt meðaltal sem gefin eru upp í 1. og 2. tölul.
4. Með eftirliti skal ganga úr skugga um hvort magn mengunarefna í fráveituvatni sé innan marka þeirra losunarstaðla sem settir hafa verið í samræmi við viðmiðunarmörkin sem ákveðin eru í viðauka þessum.
   Í starfsleyfi skal kveða á um að:
   - taka skuli daglega sýni sem er dæmigert fyrir rennsli á einum sólarhring og mæla kvikasilfursstyrk sýnisins,
   - mæla skuli heildarfrárennslið á því tímabili.

   Reikna verður út það kvikasilfursmagn sem losað er á einum mánuði með því að leggja saman magn kvikasilfurs sem losað er á hverjum degi í þeim mánuði. Síðan skal deila í samtölu með uppsettri framleiðslugetu klórs.

II. VIÐAUKI

Gæðamarkmið

Í samræmi við ákvæði 75. gr. er heimilt að beita gæðamarkmiðum í stað viðmiðunarmarka, sbr. 1.-3. tölul.

1. Til að koma í veg fyrir mengun, sbr. viðauka 10, eru eftirfarandi gæðamarkmið sett:

1.1. Styrkur kvikasilfurs í dæmigerðu sýni af fiskholdi sem valið er sem vísitegund má ekki fara yfir 0,3 mg/kg af blautu fiskholdi.

1.2. Heildarstyrkur kvikasilfurs í yfirborðsvatni á landi þar sem áhrifa fráveituvatns gætir má ekki fara yfir 1 µg/lítra sem miðast við reiknað meðaltal niðurstaðnanna sem fást á einu ári.

1.3. Styrkur uppleysts kvikasilfurs í vatni í ármynni þar sem áhrifa fráveituvatns gætir, má ekki fara yfir 0,5 µg/lítra sem miðast við reiknað meðaltal niðurstaðnanna sem fást á einu ári.

1.4. Styrkur uppleysts kvikasilfurs í sjó innan landhelgi og strandsjó, sem ekki telst vera vatn í ármynni, þar sem áhrifa fráveituvatns gætir, má ekki fara yfir 0,3 µg/lítra sem miðast við reiknað meðaltal niðurstaðnanna sem fást á einu ári.

1.5. Gæði vatns skulu vera nægilega mikil til að fullnægja skilyrðum sem sett eru og gilda um það með tilliti til kvikasilfursinnihalds.

2. Styrkur kvikasilfurs í seti eða í skelfiski má ekki aukast að marki með tímanum.

3. Ef mörg gæðamarkmið gilda fyrir vatn á tilteknu svæði skulu gæði vatnsins vera nægileg til að fullnægja hverju og einu þessara markmiða.

III. VIÐAUKI

Tilvísunaraðferð við mælingar

1. Tilvísunaraðferð sú sem notuð er til að ákvarða magn kvikasilfurs í vatni, fiskholdi, seti og skelfiski er frumeindagleypniaðferð án loga eftir að sýnið hefur verið meðhöndlað á viðeigandi hátt þar sem einkum er höfð hliðsjón af foroxun kvikasilfursins og fækkun kvikasilfursjónanna í kjölfarið.
   Greiningarmörkin skulu vera á þann veg að mæla megi styrk kvikasilfursins með nákvæmni sem er ± 30% og hittni sem er ± 30% við eftirfarandi styrk:
   - ef um er að ræða fráveituvatn, einn tíunda hluta af hámarksstyrk kvikasilfurs sem heimilt er samkvæmt leyfinu,
   - ef um er að ræða yfirborðsvatn, einn tíunda hluta af hámarksstyrk kvikasilfurs sem tilgreint er samkvæmt gæðamarkmiðunum,
   - ef um er að ræða fiskhold eða skelfisk, einn tíunda hluta af styrk kvikasilfurs sem tilgreindur er samkvæmt gæðamarkmiðunum,
   - ef um er að ræða set, einn tíunda hluta af styrk kvikasilfurs í sýninu eða 0,05 mg/kg þurrvigtuðu, hvort sem hærra er.
2. Mæla verður rennsli með hittninni ± 20%.

IV. VIÐAUKI

Tilhögun eftirlits með gæðamarkmiðum

1. Í hvert sinn sem leyfi er veitt í samræmi við þennan viðauka skal kveða á um takmarkanir, tilhögun eftirlits og fresti til að tryggja að viðeigandi gæðamarkmiðum sé fylgt.
2. Hollustuvernd ríkisins skal tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA um:
   - losunarstaði og dreifingarleiðir,
   - svæðið þar sem gæðamarkmiðunum er beitt,
   - staðsetningu sýnatökustaða,
   - sýnatökutíðni,
   - sýnatöku- og mæliaðferðir,
   - fengnar niðurstöður.
3. Sýni skulu gefa nægilega góða mynd af ástandi vatnsins á því svæði þar sem áhrifa losunarinnar gætir, þau skulu tekin nægilega oft til að hægt sé að greina sérhverja breytingu á vatninu, einkum að teknu tilliti til náttúrlegra sveiflna í vatnasviðinu. Þegar um er að ræða fisk úr saltvatni skal fjöldi sýna vera nægilegur og ná yfir nægilega margar tegundir til að niðurstöður greininga verði dæmigerðar.
4. Að því er varðar gæðamarkmiðin sem getið er um í 1.1 í II. viðauka skulu eftirlitsaðilar velja fisktegundir sem notaðar verða sem vísitegundir til greiningar. Þegar um er að ræða saltvatn ber að velja úr þeim tegundum sem hafast við í strandsjó og eru veiddar staðbundið, meðal annars þorsk, lýsu, skarkola, makríl, ýsu og lúðu.

2. SÉRÁKVÆÐI UM VIÐMIÐUNARMÖRK OG GÆÐAMARKMIÐ FYRIR LOSUN Á KVIKASILFRI FRÁ ANNARRI STARFSEMI EN RAFGREININGU ALKALÍKLÓRÍÐA

I. VIÐAUKI

Viðmiðunarmörk, frestur til að virða þessi mörk ásamt tilhögun eftirlits með losun

1. Viðmiðunarmörkin og frestirnir sem gilda um þær tegundir iðnaðar sem í hlut eiga eru settir fram sameiginlega í eftirfarandi töflu:

Tegundir iðnaðar (1)	Viðmiðunarmörk sem virða skal frá og með 1. janúar 1995	Mælieiningar
1. Efnaiðnaður þar sem kvikasilfurshvatar eru notaðir: (a) við framleiðslu vinýlklóríðs	0,05	mg/l fráveituvatns
	0,1	g/t framleiðslugeta vinýlklóríðs
(b) við aðra framleiðslu	0,05	mg/l fráveituvatns
	5	g/kg unnins kvikasilfurs
2. Framleiðsla kvikasilfurshvata sem notaðir eru við framleiðslu vinýlklóríðs	0,05	mg/l fráveituvatns
	0,7	g/kg unnins kvikasilfurs
3. Framleiðsla lífrænna eða ólífrænna kvikasilfurssambanda (að undanskildum þeim framleiðsluvörum sem getið er um í 2. tölul.)	0,05	mg/l fráveituvatns
	0,05	g/kg unnins kvikasilfurs
4. Framleiðsla einnota rafhlaðna sem innihalda kvikasilfur	0,05	mg/l fráveituvatns
	0,03	g/kg unnins kvikasilfurs
5. Vinnsla annarra málma en járns 5.1. Ver sem endurvinna kvikasilfur	0,05	mg/l fráveituvatns
5.2. Vinnsla og hreinsun annarra málma en járns	0,05	mg/l fráveituvatns
6. Iðjuver sem meðhöndla spilliefni sem inniheldur kvikasilfur	0,05	mg/l fráveituvatns

(1) Viðmiðunarmörk fyrir aðrar tegundir iðnaðar en þeirra sem fást við rafgreiningu alkalí-klóríða og ekki er fjallað um í þessari töflu, til dæmis pappírs- og stáliðjuver eða kolakynnt orkuver, skulu ákveðin í starfsleyfum.

1. Viðmiðunarmörkin sem gefin eru upp í töflunni samsvara mánaðarlegum meðalstyrk eða mánaðarlegri hámarksþyngd.
   Magn losaðs kvikasilfurs er gefið upp sem fall af magni kvikasilfurs sem notað er eða meðhöndlað í iðjuverinu á sama tímabili eða sem fall af uppsettri framleiðslugetu vinýlklóríðs.
2. Viðmiðunarmörk, sem gefin eru upp sem styrkur og ekki má í grundvallaratriðum fara yfir, eru sett fram í töflunni hér að framan fyrir tegundir iðnaðar í 1.-4. hluta. Í engum tilvikum mega viðmiðunarmörk sem gefin eru upp sem hámarksstyrkur vera hærri en þau sem gefin eru upp sem hámarksmagn deilt með vatnsnotkun á hvert kílógramm af meðhöndluðu kvikasilfri eða hvert kílógramm af uppsettri framleiðslugetu vinýlklóríðs. Kvikasilfursstyrkur í fráveituvatni ræðst af vatnsmagninu sem notað er, en það er mismunandi eftir vinnsluaðferðum og tegundum iðjuvera.
   Í hvívetna skal þó uppfylla skilyrði um viðmiðunarmörkin sem gefin eru upp í töflunni hér að framan um magn kvikasilfurs sem losað er í hlutfalli við magn kvikasilfurs sem unnið er eða uppsetta framleiðslugetu vinýlklóríðs.

3. Viðmiðunarmörkin fyrir daglegt meðaltal samsvara tvöföldum viðmiðunarmörkum fyrir mánaðarlegt meðaltal sem gefin eru upp í töflunni.
4. Með eftirliti skal ganga úr skugga um hvort magn mengunarefna í fráveituvatni sé innan marka þeirra losunarstaðla sem settir hafa verið í samræmi við viðmiðunarmörkin sem ákveðin eru í viðauka þessum.
   Í starfsleyfum skal kveða á um hvernig beri að taka sýni, greina þau, mæla frárennslið og magn þess kvikasilfurs sem unnið er, þegar við á.
   Ef ómögulegt reynist að ákvarða það magn kvikasilfurs sem unnið er má grundvalla tilhögun eftirlits á því magni kvikasilfurs sem heimilt er að vinna, með tilliti til þeirrar framleiðslugetu sem starfsleyfið byggðist á.
5. Tekið skal sýni sem er dæmigert fyrir rennsli á einum sólarhring. Reikna verður út það kvikasilfursmagn sem losað er á einum mánuði á grundvelli daglegs magns af kvikasilfri sem losað er.
   Þó má taka upp einfaldaða aðferð við eftirlit ef í hlut eiga iðjuver sem losa ekki meira en 7,5 kg af kvikasilfri á ári.

II. VIÐAUKI

Gæðamarkmið

Í samræmi við ákvæði 75. gr. er heimilt að beita gæðamarkmiðum í stað viðmiðunarmarka, sbr. 1, í II. viðauka.

3. SÉRÁKVÆÐI UM VIÐMIÐUNARMÖRK OG GÆÐAMARKMIÐ FYRIR LOSUN Á HEXAKLÓRÓSÝKLÓHEXAN

I. VIÐAUKI

Viðmiðunarmörk, frestur til að virða þessi mörk ásamt tilögun eftirlits með losun

1. Viðmiðunarmörk og frestir.

Tegund iðnaðar (a)	Mælieining	Viðmiðunarmörk (d) sem virða skal frá og með 1. janúar 1995
1. Iðjuver sem framleiðir HCH	grömm af HCH í hverju tonni af framleiddu HCH (b)	2
	milligrömm af HCH í hverjum lítra sem losaður er (c)	2
2. Iðjuver sem vinnur lindan	grömm af HCH í hverju tonni af HCH sem meðhöndlað er (b)	4
	milligrömm af HCH í hverjum lítra sem losaður er (c)	2
3. Iðjuver þar sem HCH er framleitt og vinnsla lindans fer fram	grömm af HCH í hverju tonni af framleiddu HCH (b)	5
	milligrömm af HCH í hverjum lítra sem losaður er (c)	2

(a) Viðmiðunarmörkin í töflunni ná einnig til frárennslis af völdum lindanlögunar á sama stað. Viðmiðunarmörk skal setja í starfsleyfi.
(b) Viðmiðunarmörk miðað við þyngd (mánaðarlegt meðaltal).
(c) Viðmiðunarmörk miðað við styrk (veginn meðalstyrkur HCH í frárennsli).
(d) Viðmiðunarmörk fyrir heildarmagn HCH sem er fyrir hendi í öllu fráveituvatni vatns sem inniheldur HCH og er upprunnið frá svæði því sem iðnverið stendur á.

2. Viðmiðunarmörk sem gefin eru upp sem styrkur og ekki má í grundvallaratriðum fara yfir eru sett fram í töflunni hér að framan. Í engum tilvikum mega viðmiðunarmörkin sem gefin eru upp sem hámarksstyrkur vera hærri en þau sem gefin eru upp sem þyngd deilt með vatnsnotkun á hvert tonn af HCH sem framleitt er eða meðhöndlað. Ætíð skal virða viðmiðunarmörkin, miðað við þyngd, sem gefin eru upp í töflunni hér að framan sem magn af losuðu HCH í hlutfalli við magn af HCH sem framleitt er, unnið eða meðhöndlað.
3. Viðmiðunarmörkin fyrir daglegt meðaltal samsvara tvöföldum viðmiðunarmörkum fyrir mánaðarlegt meðaltal sem gefin eru upp í töflunni hér að framan þegar eftirlit fer fram í samræmi við ákvæði 4. og 5. tölul. hér að aftan.
4. Með eftirliti skal ganga úr skugga um hvort magn mengunarefna í fráveituvatni sé innan marka losunarstaðla.
   Í starfsleyfum skal kveða á um hvernig beri að taka sýni, greina þau, mæla frárennslið og magn þess HCH sem framleitt er eða meðhöndlað. Ef ómögulegt reynist að ákvarða það magn HCH sem framleitt er eða meðhöndlað má í mesta lagi grundvalla tilhögun eftirlits á því magni HCH sem líklegt er að framleitt verði eða meðhöndlað á því tímabili sem um ræðir og að teknu tilliti til þeirra takmarkana sem leyfið byggist á.
5. Tekið skal sýni sem er dæmigert fyrir frárennsli á einum sólarhring. Reikna verður út það HCH-magn sem losað er á einum mánuði á grundvelli daglegs magns af HCH sem losað er.
   Þó má taka upp einfaldaða aðferð við eftirlit ef í hlut eiga iðjuver sem losa ekki meira en 3 kg af HCH á ári.

II. VIÐAUKI

Gæðamarkmið

Í samræmi við ákvæði 75. gr. er heimilt að beita gæðamarkmiðum í stað viðmiðunarmarka, skv. 1.-4. tölul.

1. Eftirfarandi gæðamarkmið (1) eru sett með það að markmiði að koma í veg fyrir mengun vatns.
1.1. Heildarstyrkur HCH í yfirborðsvatni á landi, þar sem áhrifa fráveituvatns gætir, má ekki fara yfir 100 µg/lítra.
1.2. Heildarstyrkur uppleysts HCH í vatni í ármynni og umhverfi má ekki fara yfir 20 µg/lítra.
1.3. Þegar um er að ræða vatn sem ætlað er til nýtingar sem drykkjarvatn skal HCH-innihald samrýmast þeim skilyrðum sem sett eru í heilbrigðisreglugerð.
2. Að viðbættum ofan nefndum skilyrðum skal HCH-styrkur í yfirborðsvatni á landi mældur af eftirlitsaðilum, niðurstöðurnar bornar saman við heildarstyrk HCH í 50 µg/lítra. Sé ekki farið að þessum skilyrðum á einum tilteknum mælistað ber að skýra Hollustuvernd ríkisins frá því.
3. Heildarstyrkur HCH í seti og/eða í skelfiski og/eða í lindýrum og/eða fiski má ekki aukast að marki með tímanum.
4. Ef mörg gæðamarkmið gilda fyrir vatn á tilteknu svæði skulu gæði vatns vera nægileg til að fullnægja hverju og einu þessara markmiða.

---

(1) Styrkurinn sem tilgreindur er í 1.1. og 1.2. er lágmarksskilyrði sem nauðsynlegt er til að vernda líf í vatni fyrir mengun.

(2) Ef frá eru talin gæðamarkmiðin í lið 1.3, miðast allar tölur um styrk við reiknað meðaltal niðurstaðnanna sem fást á einu ári.

III. VIÐAUKI

Aðferðir við mælingar

1. Tilvísunaraðferð sú sem notuð er til að ákvarða magn efnanna sem um ræðir í útstreymi og í vatni er gasgreining á súlu með rafeindadrægigreiningu eftir skiljun með viðeigandi leysiefni og hreinsimiðli. Nákvæmni og hittni aðferðarinnar skal vera ± 50% í magni sem er tvöfalt meira en greiningarmörkin:
   Greiningarmörkin skulu vera:
   - ef um er að ræða rennsli, einn tíunda hluta þess styrks sem leyfilegur er á sýnatökustað,
   - ef um er að ræða vatnasvæði þar sem gæðamarkmið gilda:
     i) fyrir yfirborðsvatn á landi, einn tíunda hluta þess styrks sem mælt er fyrir um með gæðamarkmiðunum,
     ii) fyrir vatn í ármynni og landhelgi, einn fimmta hluta þess styrks sem mælt er fyrir um með gæðamarkmiðunum,
   - ef um er að ræða set, µg/kg þurrvigtað;
   - ef um er að ræða lífverur, µg/kg blautvigtað.
2. Mæla verður rennsli með hittninni ± 20%.

IV. VIÐAUKI

Tilhögun eftirlits með gæðamarkmiðum

1. Ef veitt er starfsleyfi samkvæmt þessum viðauka skal selja sérstök ákvæði um tilhögun eftirlits og fresti til að tryggja að viðeigandi gæðamarkmiðum sé fylgt.
2. Hollustuvernd ríkisins skal tilkynna eftirlitsstofnun EFTA um:
   - losunarstaði og dreifingarleiðir,
   - svæðið þar sem gæðamarkmiðunum er beitt,
   - staðsetningu sýnatökustaða,
   - sýnatökutíðni,
   - sýnatöku- og mæliaðferðir,
   - fengnar niðurstöður.
3. Sýni skulu gefa nægilega góða mynd af ástandi vatnsins á því svæði þar sem áhrifa losunarinnar gætir, þau skulu tekin nægilega oft til að hægt sé að greina sérhverja breytingu á vatninu, einkum að teknu tilliti til náttúrlegra sveiflna í vatnasviðinu.

4. SÉRÁKVÆÐI UM VIÐMIÐUNARMÖRK OG GÆÐAMARKMIÐ FYRIR LOSUN Á KADMÍUM

I. VIÐAUKI

Viðmiðunarmörk, frestur til að virða þessi mörk ásamt tilhögun eftirlits með losun

1. Viðmiðunarmörk og frestir.

Tegund iðnaðar (1)	Mælieining	Viðmiðunarmörk sem virða skal frá og með 1. janúar 1995
1. Sinknám, blý- og sinkhreinsun, kadmíummálmvinnsla og vinnsla annarra málma en járns	Milligrömm af kadmíum í hverjum lítra sem losaður er	0,2 (3)
2. Framleiðsla á kadmíumsamböndum	Milligrömm af kadmíum í hverjum lítra sem losaður er	0,2 (3)
	Grömm af kadmíum sem losað eru við vinnslu hvers kílógramms af kadmíum	0,5 (4)
3. Framleiðsla á litarefnum	Milligrömm af kadmíum í hverjum lítra sem losaður er	0,2 (3)
	Grömm af kadmíum sem losuð eru við vinnslu hvers kílógramms af kadmíum	0,3 (4)
4. Framleiðsla á varðveisluefnum	Milligrömm af kadmíum í hverjum lítra sem losaður er	0,2 (3)
	Grömm af kadmíum sem losuð eru við vinnslu hvers kílógramms af kadmíum	0,5 (4)
5. Framleiðsla á einnota rafhlöðum og hleðslurafhlöðum	Milligrömm af kadmíum í hverjum lítra sem losaður er	0,2 (3)
	Grömm af kadmíum sem losuð eru við vinnslu hvers kílógramms af kadmíum	1,5 (4)
6. Rafhúðun	Milligrömm af kadmíum í hverjum lítra sem losaður er	0,2 (3)
	Grömm af kadmíum sem losuð eru við vinnslu hvers kílógramms af kadmíum	0,3 (4)
7. Framleiðsla á fosfórsýru og/eða fosfóráburði úr bergtegundum sem innihalda fosföt (7)		

(1) Viðmiðunarmörk fyrir þær tegundir iðnaðar sem ekki er fjallað um í þessari töflu verða ákveðin síðar ef nauðsyn krefur. Í starfsleyfum skal kveða á um viðmiðunarmörk.
(3) Mánaðarlega vegið meðaltal af heildarstyrk kadmíums.
(4) Mánaðarlegt meðaltal.
(7) Á þessari stundu er ekki um neinar hagkvæmar tæknilegar aðferðir að ræða til að fjarlægja kadmíum kerfisbundið úr frárennsli sem stafar frá framleiðslu fosfórsýru og/eða fosfóráburðar úr bergtegundum sem innihalda fosföt. Kveða skal á um viðmiðunarmörk í starfsleyfi.

2. Viðmiðunarmörk sem gefin eru upp sem styrkur og ekki má í grundvallaratriðum fara yfir eru sett fram í töflunni hér að framan fyrir tegundir iðnaðar í 2., 3., 4., 5. og 6. hluta. Í engum tilvikum mega viðmiðunarmörk sem gefin eru upp sem hámarksstyrkur vera hærri en þau sem gefin eru upp sem hámarksmagn deilt með vatnsnotkun á hvert kílógramm af unnu kadmíum. Þar sem styrkur kadmíums í fráveituvatni ræðst af vatnsmagninu sem notað er, en það er mismunandi eftir vinnsluaðferðum og tegundum iðjuvera, skal þó í hvívetna uppfylla skilyrði um viðmiðunarmörkin sem gefin eru upp í töflunni hér að framan um magn kadmíums sem losað er í hlutfalli við magn kadmíums sem unnið er.
3. Viðmiðunarmörkin fyrir daglegt meðaltal samsvara tvöföldum viðmiðunarmörkum fyrir mánaðarlegt meðaltal sem gefin eru upp í töflunni hér að framan.
4. Með eftirliti skal ganga úr skugga um hvort magn mengunarefna í fráveituvatni sé innan marka þeirra losunarstaðla sem settir hafa verið í samræmi við viðmiðunarmörkin sem ákveðin eru í viðauka þessum.
   Í starfsleyfum skal kveða á um hvernig beri að taka sýni, greina þau, mæla rennslið og magn þess kadmíums sem unnið er.
   Ef ómögulegt reynist að ákvarða það magn kadmíums sem unnið er má grundvalla

tilhögun eftirlits á því magni kadmíums sem heimilt er að vinna, með tilliti til þeirrar framleiðslugetu sem starfsleyfið byggðist á.

5. Tekið skal sýni sem er dæmigert fyrir rennsli á einum sólarhring. Reikna verður út það kadmíummagn sem losað er á einum mánuði á grundvelli daglegs magns af kadmíum sem losað er.
   Þó má taka upp einfaldaða aðferð við eftirlit ef í hlut eiga iðjuver sem losa ekki meira en 10 kg af kadmíum á ári. Þegar um er að ræða iðjuver sem stunda rafhúðun má eingöngu taka upp einfaldaðar aðferðir við eftirlit ef heildarrúmál rafhúðunartanka er minna en 1,5 m^3.

II. VIÐAUKI

Gæðamarkmið

Í samræmi við ákvæði 75. gr. er heimilt að beita gæðamarkmiðum í stað viðmiðunarmarka, sbr. 1.-4. tölul.

1. Eftirfarandi gæðamarkmið (1) eru sett með það að markmiði að koma í veg fyrir mengun vatns.
1.1 Heildarstyrkur kadmíums í yfirborðsvatni á landi þar sem áhrifa fráveituvatns gætir má ekki fara yfir 5 µg/lítra.
1.2. Styrkur uppleysts kadmíums í vatni í ármynni þar sem áhrifa fráveituvatns gætir má ekki fara yfir 5 µg/lítra.
1.3. Styrkur uppleysts kadmíums í sjó innan landhelgi og strandsjó, sem ekki telst vera vatn, í ármynni þar sem áhrifa fráveituvatns gætir má ekki fara yfir 2,5 µg/lítra.
1.4. Þegar um er að ræða vatn sem ætlað er til nýtingar sem drykkjarvatn skal kadmíuminnihald samrýmast þeim skilyrðum sem sett eru í heilbrigðisreglugerð.
2. Til viðbótar ofannefndum skilyrðum skal kadmíumstyrkur ákvarðaður af eftirlitsaðilum og niðurstöðurnar bornar saman við eftirfarandi tölur um styrk (2):
2.1. Heildarstyrkur kadmíums 1 µg/lítra þegar um er að ræða yfirborðsvatn á landi.
2.2. Styrkur uppleysts kadmíums 1 µg/lítra þegar um er að ræða vatn í ármynni.
2.3. Styrkur uppleysts kadmíums 0,5 µg/lítra þegar um er að ræða sjó innan landhelgi og strandsjó annan en vatn í ármynni.
   Sé ekki farið að þessum skilyrðum á einum tilteknum mælistað eftirlitsaðila skal skýra Hollustuvernd ríkisins frá ástæðum þess.
3. Styrkur kadmíums í seti og/eða í skelfiski, ef mögulegt er í dýrategundinni *Mytilus edulis*, má ekki aukast að marki með tímanum.
4. Ef mörg gæðamarkmið gilda fyrir vatn á tilteknu svæði skulu gæði vatnsins vera nægileg til að fullnægja hverju og einu þessara markmiða.

---

(1) Styrkur kadmíums sem tilgreindur er í 1.1, 1.2 og 1.3 eru lágmarksskilyrði sem nauðsynleg eru til að vernda líf í vatni.
(2) Ef frá eru talin gæðamarkmiðin í lið 1.4, miðast allar tölur um styrk við reiknað meðaltal niðurstaðnanna sem fást á einu ári.

III. VIÐAUKI

Tilvísunaraðferðir við mælingar

1. Tilvísunaraðferð sú sem notuð er til að ákvarða magn kadmíums í vatni, seti og

skelfiski er frumeindagleypniaðferðin eftir að sýnið hefur verið varðveitt og meðhöndlað á viðeigandi hátt.
Greiningarmörkin skulu vera á þann veg að mæla megi styrk kadmíums með nákvæmni sem er ± 30% og hittni sem er ± 30% við eftirfarandi styrk:
- ef um er að ræða fráveituvatn einn tíunda hluta af hámarksstyrk kadmíums sem leyfilegur er samkvæmt leyfinu,
- ef um er að ræða yfirborðsvatn, 0,1 µg/lítra eða einn tíunda hluta af hámarksstyrk kadmíums sem tilgreint er samkvæmt gæðamarkmiðunum, hvort sem meira er,
- ef um er að ræða skelfisk, 0,1 mg/kg blautvigtaður,
- ef um er að ræða set, einn tíunda af styrk kadmíums í sýninu eða 0,1 mg/kg þurrvigtað þar sem þurrkun fer fram við 105-110°C við stöðuga þyngd, hvort gildið sem hærra er.

2. Mæla verður rennsli með hittninni ± 20%.

IV. VIÐAUKI

Tilhögun eftirlits með gæðamarkmiðum

1. Ef veitt er starfsleyfi samkvæmt þessum viðauka skal setja sérstök ákvæði um tilhögun eftirlits og fresti til að tryggja að viðeigandi gæðamarkmiðum sé fylgt.
2. Hollustuvernd ríkisins skal tilkynna eftirlitsstofnun EFTA um:
   - losunarstaði og dreifingarleiðir,
   - svæðið þar sem gæðamarkmiðunum er beitt,
   - staðsetningu sýnatökustaða,
   - sýnatökutíðni,
   - sýnatöku- og mæliaðferðir,
   - fengnar niðurstöður.
3. Sýni skulu gefa nægilega góða mynd af ástandi vatnsins á því svæði þar sem áhrifa losunarinnar gætir, þau skulu tekin nægilega oft til að hægt sé að greina sérhverja breytingu á vatninu, einkum að teknu tilliti til náttúrlegra sveiflna í vatnasviðinu.

VIÐAUKI 22

I. VIÐAUKI

LOFTMENGUN FRÁ IÐJUVERUM

Flokkar iðjuvera(1)

1. Orkuiðnaður

1.1. Koksverksmiðjur.
1.2. Olíuhreinsistöðvar (að undanskildum fyrirtækjum þar sem eingöngu eru framleidd smurefni úr hráolíu).
1.3. Iðjuver þar sem kolagösun og þétting fer fram.
1.4. Varmaorkuver (að undanskildum kjarnorkuverum) og aðrar brennslustöðvar þar sem nafnhitaafköst eru meira en 50 MW.

2. Framleiðsla og vinnsla málma

2.1. Iðjuver þar sem málmgrýti er frumunnið með yfir 1.000 tonna vinnslugetu á ári.
2.2 Iðjuver með blandaða framleiðslu þar sem steypujárn og hrástál er framleitt.
2.3. Járnblendisteypur með yfir 5 tonna bræðslugetu.
2.4. Iðjuver þar sem framleiddir eru og bræddir málmar sem ekki innihalda járn og hafa búnað til að vinna yfir 1 tonn af þungmálmum eða 0.5 tonn af léttmálmum alls.

3. Framleiðsla jarðefna sem ekki innihalda málma

3.1. Sementsverksmiðjur og iðjuver þar sem kalk er framleitt í hverfiofnum.
3.2. Iðjuver þar sem asbest er framleitt og unnið, svo og vörur sem innihalda asbest.
3.3 Iðjuver þar sem gler- eða steinullartrefjar eru framleiddar.
3.4. Iðjuver þar sem gler (venjulegt og sérsmíðað) er framleitt og framleiðslugetan er yfir 5.000 tonn á ári.
3.5. Iðjuver þar sem framleitt er úr grófum leir, einkum eldfastur múrsteinn, steinsteypurör, múrsteinn til klæðningar og fyrir gólf ásamt tígulsteini á þök.

4. Efnaiðnaður

4.1. Efnaverksmiðjur þar sem framleiddir eru alkenar, afleiður alkena, einliður og fjölliður.
4.2. Efnaverksmiðjur þar sem framleiddar eru aðrar lífrænar, hálfunnar vörur.
4.3. Iðjuver þar sem framleidd eru ólífræn hráefni.

5. Förgun úrgangs

5.1. Brennslustöðvar þar sem spilliefnum er fargað.
5.2. Brennslustöðvar fyrir annan fastan og fljótandi úrgang.

6. Annar iðnaður

Iðjuver þar sem efnaaðferðum er beitt við framleiðslu pappírsmassa þar sem árleg framleiðslugeta er yfir 25.000 tonn.

---

(1) Mörkin sem gefin eru upp í viðauka þessum miðast við framleiðslugetu.

II. VIÐAUKI.

Listi yfir mikilvægustu mengunarefnin

1. Brennisteinsdíoxíð og önnur brennisteinssambönd.
2. Köfnunarefnisoxíð og önnur köfnunarefnissambönd.
3. Kolmónoxíð.
4. Lífræn efnasambönd, einkum kolvetnissambönd (að undanskildu metani).
5. Þungmálmar og sambönd þeirra.
6. Ryk; asbest (svifryk og trefjar), glertrefjar og steinullartrefjar.
7. Klór og sambönd þess.
8. Flúor og sambönd þess.

VIÐAUKI 23

UM VARNIR GEGN MENGUN FRÁ NÝJUM SORPBRENNSLUSTÖÐVUM

1. gr.

1. Eftirfarandi útblástursmörk sem stöðluð eru við þessi skilyrði: hiti 273 K, þrýstingur 101,3 kPa, 11% súrefnisinnihald eða 9% CO_2 og þurrt loft, skulu gilda um nýjar sorpbrennslustöðvar:

2. gr.

1. Allar nýjar sorpbrennslustöðvar skulu vera hannaðar, útbúnar og starfræktar með það í huga að lofttegundir, sem myndast við brennslu úrgangsins, séu hitaðar eftir síðustu inndælingu brennslulofts, á skipulegan og jafnan hátt og jafnvel við óhagstæðustu aðstæður, upp í að minnsta kosti 850°C í tvær sekúndur hið minnsta, og sé súrefnisinnihald eigi minna en 6%.

Útblástursmörk í mg/Nm³ í hlutfalli við nafnafköst brennslustöðvarinnar

Mengunarefni	Minna en 1 tonn/klst.	1 tonn/klst. eða meira en minna en 3 tonn/klst.	3 tonn/klst. eða meira
Ryk alls	200	100	30
Þungmálmar			
– Pb+Cr+Cu+Mn	–	5	5
– Ni+As	–	1	1
– Cd og Hg	–	0,2	0,2
Saltsýra (HCl)	250	100	50
Flúorsýra (HF)	–	4	2
Brennisteinsdíoxíð (SO_2)	–	300	300

2. Þegar í hlut eiga stöðvar með afköst undir einu tonni á klukkustund er heimilt að miða útblástursmörk við 17% súrefnisinnihald. Ef svo er má styrkur ekki fara yfir þau gildi sem kveðið er á um í 1. mgr., deilt með 2,5.
3. Þrátt fyrir 1. mgr. er heimilt ef sérstakar aðstæður á staðnum krefjast þess, að veita leyfi fyrir stöðvar með nafnafköst undir einu tonni á klukkustund að því tilskildu að farið sé eftir viðmiðunarmörkunum 500 mg/Nm³ heildarrykmagn.
4. Í starfsleyfi skal setja útblástursmörk fyrir önnur mengunarefni en þau sem nefnd eru í 1. mgr. þegar við á með tilliti til samsetningar úrgangsins sem brenna á og gerðar brennslustöðvarinnar. Við setningu þessara útblástursmarka skal taka tillit til hugsanlegra skaðlegra áhrifa þeirra mengunarefna sem um ræðir á umhverfið, heilsu manna, svo og til fullkomnustu tækni sem völ er á og hefur ekki í för með sér óhóflegan kostnað. Einkum skal setja útblástursmörk fyrir díoxín og fúrön.
2. Allar nýjar sorpbrennslustöðvar skulu fullnægja eftirfarandi kröfum þegar þær eru starfræktar:
   a) styrkur kolmónoxíðs (CO) í útblásturslofti frá brennslu má ekki fara yfir 100 mg/Nm³;
   b) styrkur lífrænna efnasambanda (tilgreindur sem heildarmagn kolefnis) í útblásturslofti frá brennslu má ekki fara yfir 20 mg/Nm³.

   Mörkin sem kveðið er á um í a- og b-lið hér að ofan skulu stöðluð við þessi skilyrði: hiti 273 K, þrýstingur 101,3 kPa, 11% súrefni eða 9% CO_2 og þurrt loft.
3. Heimila má önnur skilyrði en þau sem kveðið er á um í 1. mgr. ef viðeigandi aðferðum er beitt í brennsluofnum eða búnaði til meðhöndlunar á útblásturslofti frá brennslu, að því tilskildu að

hafi gengið úr skugga um að með notkun þessara aðferða verði magn fjölklóraðra díbensódíoxína (PCDD) og fjölklóraðra díbensófúrana (DCDF), sem losuð eru jafnt eða minna en það sem fæst með þeim tæknilegu skilyrðum sem kveðið er á um í 1. mgr.

4. Allar nýjar sorpbrennslustöðvar verður að hanna, útbúa og starfrækja þannig að koma megi í veg fyrir útblástur út í andrúmsloftið sem veldur verulegri loftmengun niður við jörðu; einkum skal þess gætt að úrgangssloft sé losað á skipulegan hátt um reykháf.
Tryggt skal að hæð reykháfsins sé reiknuð út með það fyrir augum að vernda heilsu manna og umhverfi.

3. gr.

1. Hiti og súrefnisinnihald sem kveðið er á um í 2. gr. eru lágmarksgildi sem ætíð skal fara eftir meðan vinnsla fer fram í stöðinni.
2. Sá styrkur kolmónoxíðs (CO), sem kveðið er á um í a-lið 2. mgr. 2. gr., er viðmiðunarmark fyrir meðalgildi á klukkustund í öllum stöðvum. Enn fremur, ef um er að ræða stöðvar með nafnafköst sem nema 1 tonni á klukkustund eða meira, verða a.m.k. 90% allra mælinga sem gerðar eru yfir 24 klukkustunda tímabil að vera undir 150 mg/Nm^3. Þessi meðalgildi skulu aðeins reiknuð út frá þeim tíma sem stöðin starfar í raun, þar með talinn gangsetningar- og stöðvunartími.
3. Ef um er að ræða einhver hinna efnanna sem samkvæmt 4. gr. á stöðugt að fylgjast með:
   a) má ekkert sólarhringsmeðaltal af mælingum á styrk umræddra efna fara fram úr samsvarandi viðmiðunarmörkum;
   b) má ekkert sólarhringsmeðaltal af mælingum á styrk umræddra efna fara meira fram úr samsvarandi viðmiðunarmörkum en sem nemur 30%.

   Í tengslum við útreikning á ofannefndum meðaltalsgildum skal aðeins taka mið af þeim tíma sem stöðin starfar í raun, þar með talinn gangsetningar- og stöðvunartími.
4. Þar sem eingöngu er krafist stakra mælinga skal líta svo á að farið hafi verið að útblástursmörkum ef niðurstöður hverrar syrpu mælinga, sem skilgreind er og ákvörðuð í starfsleyfi í samræmi við 3., 4. og 5. mgr. 4. gr., fara ekki yfir útblástursmörk.

4. gr.

1. Við nýjar sorpbrennslustöðvar skal mæla:
   a) styrk tiltekinna efna í útblásturslofti frá brennslu:
      i) heildarrykmagn, styrk CO, súrefnis og HCl skal stöðugt mæla og skrá þegar í hlut eiga stöðvar þar sem nafnafköst eru 1 tonn á klukkustund eða meira:
      ii) eftirfarandi skal mæla með reglulegu millibili:
      - styrk þungmálmanna sem um getur í 1. mgr. 1. gr., styrk HF og SO_2 þegar í hlut eiga stöðvar þar sem nafnafköst eru 1 tonn á klukkustund eða meira,
      - heildarrykmagn, styrk HCI, CO og súrefnis þegar í hlut eiga stöðvar þar sem nafnafköst eru minni en 1 tonn á klukkustund.
      - styrk lífrænna efna (tilgreindur sem heildarmagn kolefnis) almennt;
   b) vinnsluaðstæður:
      i) stöðugt skal mæla og skrá hita lofttegundanna í því rými þar sem skilyrðum 1. mgr. 2. gr. er fullnægt, svo og magn vatnsgufu í útblásturslofti frá brennslu. Ekki er þörf á að mæla magn vatnsgufu stöðugt ef útblástursloft frá brennslu er þurrkað áður en útblástur er efnagreindur;
      ii) Sannprófa skal á viðeigandi hátt dvalartíma útblásturslofts frá brennslu við lágmarkshitann 850°C, svo sem tilgreint er í 1. mgr. 2. gr., að minnsta kosti einu

sinni þegar brennslustöð er tekin í notkun og við óhagstæðustu vinnsluskilyrði sem fyrirsjáanleg eru.

2. Niðurstöður mælinga sem um getur í 1. mgr. skulu staðlaðar við eftirfarandi skilyrði:
   hiti 273 K, þrýstingur 101,3 kPa, 11% súrefni eða 9% CO_2, þurrt loft.
   Þegar 2. mgr. 1. gr. er beitt má þó staðla þær við eftirfarandi skilyrði:
   hiti 273 K, þrýstingur 101,3 kPa, 17% súrefni, þurrt loft.
3. Allar niðurstöður mælinga skulu skráðar, unnið úr þeim og þær settar fram á viðeigandi hátt svo að eftirlitsaðili geti gengið úr skugga um að farið sé að þeim skilyrðum sem sett hafa verið.
4. Tilhögun við sýnatöku og mælingar sem stuðst er við til að fullnægja þeim kröfum sem gerðar eru í 1. mgr. svo og staðsetning sýnatöku- eða mælistaða, skal vera háð samþykki eftirlitsaðila.
5. Hvað varðar mælingarnar sem gerðar eru með reglulegu millibili skal eftirlitsaðili gera viðeigandi mælingaáætlanir til að tryggja að niðurstöðurnar gefi rétta mynd af venjulegu magni útblásturs þeirra efna sem um ræðir.
   Niðurstöðurnar verða að gera það kleift að hægt sé að ganga úr skugga um hvort farið hafi verið eftir gildandi viðmiðunarmörkum.

5. gr.

Allar nýjar sorpbrennslustöðvar skulu búnar aukabrennurum. Þessir brennarar eru ræstir sjálfvirkt þegar hiti útblásturslofts frá brennslu fer niður fyrir 850°C. Einnig skal nota þá meðan verið er að hefja eða stöðva vinnslu í stöðinni til þess að tryggja að framangreindum lágmarkshita sé ávallt haldið meðan þessi starfsemi fer fram og eins lengi og úrgangurinn er í brunahólfinu.

6. gr.

1. Sýni mælingar að farið hafi verið yfir viðmiðunarmörk þau sem kveðið er á um í viðauka þessum skal gera eftirlitsaðila viðvart eins fljótt og unnt er. Honum ber að tryggja að engin vinnsla fari fram í hlutaðeigandi stöð á meðan ekki er farið eftir útblástursstöðlum og skal hann gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að stöðinni sé breytt eða starfseminni hætt.
2. Eftirlitsaðili skal ákveða hversu lengi hreinsibúnaður má stövast af tæknilega óviðráðanlegum orsökum, með þeim afleiðingum að styrkur efnanna, sem losuð eru út í andrúmsloftið á meðan, og búnaðinum er ætlað að draga úr, fari yfir sett viðmiðumarmörk. Ef bilun verður skal stöðvarstjóri draga úr starfseminni eða stöðva hana eins fljótt og unnt er að koma því við þangað til hægt er að hefja eðlilega starfsemi á ný. Óheimilt er með öllu að halda áfram vinnslu í stöðinni lengur en átta stundir samfleytt; enn fremur skal samanlagður rekstrartími á starfsári við slíkar aðstæður vera skemmri en 96 klukkustundir.
   Magn ryks í útblásturslofti má í engum tilvikum fara yfir 600 mg/Nm^3 á þeim tíma sem um getur hér að ofan og fullnægja skal öllum öðrum skilyrðum, einkum brennsluskilyrðum.

7. gr.

Í undantekningartilvikum er heimilt að víkja frá sumum ákvæðum þessa viðauka þegar um er að ræða stöðvar sérstaklega hannaðar til að brenna eldsneyti sem unnið er úr úrgangi (þ.e. eldsneyti framleitt úr brennanlegum hluta sorps með háþróuðum aflrænum aðferðum til að auka endurvinnslumöguleika slíks úrgangs til hins ítrasta, og sem inniheldur ekki meira en 15% ösku áður en efnum til að auka brennsluhæfni er blandað í það) ef óhóflegur kostnaður fylgir því að farið er eftir þessum viðauka eða ef tæknileg séreinkenni stöðvarinnar gera slík ákvæði óþörf frá tæknilegu sjónarhorni, að því tilskildu að:

- slíkar stöðvar brenni ekki öðrum úrgangi en skilgreindur er hér að ofan (að undanskildu aukaeldsneyti sem notað er til gangsetningar),
- farið sé að ákvæðum 78. gr. reglugerðar þessarar.

VIÐAUKI 24

VARNIR GEGN LOFTMENGUN FRÁ STARFANDI SORPBRENNSLUSTÖÐVUM

1. gr.

Þegar um er að ræða starfandi stöðvar:

i) gilda, frá 1. desember 1995, skilyrði sem sett eru í 2.-6. gr. viðaukans,

ii) gilda, frá 1. desember 2000, sömu skilyrði og sett eru fyrir nýjar brennslustöðvar með sömu afkastagetu samkvæmt skilmálum í viðauka 23, að undanskildum ákvæðum 2. gr. en þess í stað gilda ákvæði 3. gr. þessa viðauka.

2. gr.

1. Frá 1. desember 1995 skulu eftirfarandi útblástursmörk gilda um starfandi sorpbrennslustöðvar og eru þau stöðluð við þessi skilyrði: hiti 273 K, þrýstingur 101,3 kPa, 11% súrefni eða 9% CO_2 og þurrt loft:
   a) stöðvar með minni nafnafköst en 6 tonn af úrgangi á klukkustund en þó að minnsta kosti 1 tonn:
      – ryk alls 100 mg/Nm³;
   b) stöðvar með minni nafnafköst en eitt tonn af úrgangi á klukkustund:
      – ryk alls 600 mg/Nm³.
2. Þegar í hlut eiga stöðvar með afköst undir einu tonni á klukkustund, er heimilt að miða útblástursmörk við 17% súrefnisinnihald. Ef svo er, má styrkleiki ekki fara yfir þau gildi sem kveðið er á um í 1. mgr., deilt með 2,5.
3. Í starfsleyfi skal setja útblástursmörk fyrir önnur mengunarefni en þau sem nefnd eru í 1. mgr. þegar við á með tilliti til samsetningar úrgangsins sem brenna á og gerðar brennslustöðvarinnar. Við setningu þessara útblástursmarka skal taka tillit til hugsanlegra skaðlegra áhrifa þeirra mengunarefna sem um ræðir á umhverfið og heilsu manna, svo og til fullkomnustu tækni sem völ er á og hefur ekki í för með sér óhóflegan kostnað. Meðal annars er heimilt að setja útblástursmörk fyrir díoxín og fúrön.

3. gr.

1. Eigi síðar en 1. desember 1995 verða starfandi sorpbrennslustöðvar að uppfylla eftirfarandi brennsluskilyrði: Lofttegundir, sem myndast við brennslu úrgangsins, séu hitaðar, eftir síðustu inndælingu brennslulofts og jafnvel við óhagstæðustu aðstæður, í þann tíma sem ákveðinn er í starfsleyfi að sé nægilegur, upp í að minnsta kosti 850°C, og sé súrefnisinnihald eigi minna en 6%.
2. Fyrir 1. desember 1995 skulu allar starfandi sorpbrennslustöðvar virða viðmiðunarmörk um 100 mg/Nm³ hámarksstyrk kolmónoxíðs (CO) í útblásturslofti frá brennslu á meðan vinnsla stendur yfir.
   Viðmiðunarmörkin skulu stöðluð við þessi skilyrði: hiti 273 K, þrýstingur 101,3 kPa, 11% súrefni eða 9% CO_2 og þurrt loft.
3. Heimila má önnur skilyrði en þau sem sett eru í 1. mgr. ef viðeigandi tækni er beitt í brennsluofnum eða búnaði til meðhöndlunar á útblásturslofti frá brennslu, að því tilskildu að magn fjölklóraðra díbensódíoxína (PCDD) og fjölklóraðra díbensófúrana (PCDF), sem losnar, verði jafnt eða minna en það sem fæst með þeim tæknilegu skilyrðum sem sett eru í 1. mgr.
   Ef ákvæði þessu er beitt skal Hollustuvernd ríkisins tilkynna það Eftirlitsstofnun EFTA.

4. gr.

1. Hiti og súrefnisinnihald sem kveðið er á um í 1. mgr. 3. gr. eru lágmarksgildi sem ætíð skulu virt meðan vinnsla fer fram í stöðinni.
2. Sá styrkur kolmónoxíðs (CO), sem kveðið er á um í 2. mgr. 3. gr., er:
   a) viðmiðunarmark fyrir meðalgildi á klukkustund, ef um er að ræða

stöðvar með minni nafnafköst en 6 tonn á klukkustund, en þó ekki minni en 1 tonn á klukkustund;

b) viðmiðunarmark fyrir sólarhringsmeðaltal, ef um er að ræða stöðvar með minni nafnafköst en 1 tonn á klukkustund.

Við útreikning á ofannefndum meðaltalsgildum skal aðeins taka með í reikninginn þann tíma sem stöðin er í gangi, þar með talinn gangsetningar- og stöðvunartíma.

3. Þegar um er að ræða ryk sem samkvæmt 5. gr. á að fylgjast stöðugt með:
   a) má ekkert sjö daga hlaupandi meðaltal af mælingum á styrk umræddra efna fara yfir samsvarandi viðmiðunarmörk;
   b) má ekkert sólarhringsmeðaltal af mælingum á styrk umræddra efna fara meira yfir samsvarandi viðmiðunarmörk en sem nemur 30%.

   Við útreikning á áðurnefndum meðaltalsgildum, skal aðeins taka með í reikninginn þann tíma sem stöðin er í gangi, þar með talinn gangsetningar- og stöðvunartíma.
4. Þegar krafist er reglubundinna mælinga á öllu ryki samkvæmt 5. gr. má styrkurinn sem mælist ekki fara yfir viðmiðunarmörk.

5. gr.

1. Við starfandi stöðvar skal eigi síðar en 1. desember 1995 mæla:
   a) styrk tiltekinna efna í útblásturslofti frá brennslu:
      i) heildarrykmagn, CO og súrefni skal stöðugt mæla og skrá þegar í hlut eiga stöðvar þar sem nafnafköst eru 1 tonn á klukkustund eða meiri;
      ii) eftirfarandi skal mæla með reglulegu millibili:
      – heildarrykmagn, styrk súrefnis og CO þegar í hlut eiga starfandi stöðvar með minni nafnafköst en 1 tonn af úrgangi á klukkustund;

   b) vinnsluaðstæður:
      i) stöðugt skal mæla og skrá hita lofttegundanna í því rými þar sem skilyrðum 1. mgr. 3 gr. er fullnægt;
      ii) sannprófa skal á viðeigandi hátt og við óhagstæðustu vinnsluskilyrði sem fyrirsjáanleg eru í stöðinni, dvalartíma útblásturslofts frá brennslu við lágmarkshitann 850°C, svo sem tilgreint er í 1. mgr. 3. gr., að minnsta kosti einu sinni eftir hverja breytingu á stöðinni og eigi síðar en 1. desember 1995.
2. Niðurstöður mælinganna sem greint er frá í 1. mgr. skulu staðlaðar við eftirfarandi skilyrði:
   – hiti 273 K, þrýstingur 101,3 kPa, 11% súrefni eða 9% CO_2, þurrt loft.
   Þegar 2. mgr. 2. gr. er beitt má þó staðla miðurstöðurnar við eftirfarandi skilyrði:
   – hiti 273 K, þrýstingur 101,3 kPa, 17% súrefni, þurrt loft.
3. Niðurstöður allra mælinga skulu skráðar, svo eftirlitsaðili geti gengið úr skugga um að farið sé að þeim skilyrðum sem sett hafa verið.
4. Tilhögun við sýnatöku og mælingar, aðferðir og búnaður, sem stuðst er við til að fullnægja þeim kröfum sem gerðar eru í 1. mgr., svo og staðsetning sýnatöku- og mælistaða, skal vera háð samþykki eftirlitsaðila.
5. Hvað varðar mælingarnar sem gerðar eru með reglulegu millibili, skal eftirlitsaðili gera viðeigandi mælingaáætlanir til að tryggja að niðurstöðurnar gefi rétta mynd af venjulegu magni útblásturs þeirra efna sem um ræðir.
   Niðurstöðurnar verða að gera það kleift að ganga úr skugga um hvort farið hafi verið eftir gildandi viðmiðunarmörkum.

6. gr.

1. Sýni mælingar að farið hafi verið yfir viðmiðunarmörk þau sem sett eru með þessari tilskipun, skal tryggja að engin vinnsla fari fram í hlutaðeigandi stöð á

meðan ekki er farið eftir útblásturs-stöðlum og gera skal nauðsynlegar ráð-stafanir til að tryggja að henni sé breytt eða starfsemi hennar hætt.

2. Í starfsleyfi skal ákveða hversu lengi hreinsibúnaður má stöðvast af tækni-lega óviðráðanlegum orsökum, með þeim afleiðingum að styrkur efnanna, sem hleypt er út í andrúmsloftið á með-an og búnaðinum er ætlað að draga úr, fari yfir sett viðmiðunarmörk. Ef bilun verður, ber rekstraraðila að draga úr starfsemi eða hætta vinnslu eins fljótt og unnt er að koma því við og þar til hægt er að hefja eðlilega starfsemi á ný. Ekki er heimilt undir nokkrum kring-umstæðum að halda áfram vinnslu í stöðinni lengur en í 16 stundir sam-fleytt; enn fremur skal samanlagður rekstrartími á starfsári við slíkar að-stæður vera skemmri en 200 klukku-stundir.

Magn ryks í útblásturslofti má í engum tilvikum fara yfir 600 mg/Nm^3 á þeim tíma sem greint er frá í ofannefndri undirgrein og fullnægja skal öllum öðr-um skilyrðum, einkum skilyrðum um brennslu.

VIÐAUKI 25.

UM ASBEST

Aðferðir við sýnatöku, greiningu og viðmiðunarmörk

VIÐAUKI

A. Losun fráveituvatns

Tilvísunaraðferðin sem notuð er við ákvörðun á heildarmagni svifagna (síanlegt efni úr sýninu fyrir botnfellingu), gefið upp í mg/l, felst í síun gegnum 0,45 µm síuhimnu, þurrkun við 105°C og vigtun.

Sýni skulu tekin þannig að þau gefi rétta mynd af losuninni á 24 klukkustunda tímabili. Þessi ákvörðun skal gerð með nákvæmninni ± 5% og hittninni ± 10%.

B. Forskriftir sem fara skal eftir þegar aðferð er valin til að mæla útblástur í andrúmsloftið

I. Þyngdarmæling

1. Valin er þyngdarmælingaraðferð sem gerir kleift að mæla heildarmagn ryks sem losað er í andrúmsloftið um útblástursrásir.
   Taka skal tillit til styrks asbests í ryki. Þegar styrkmælinga er krafist skal mæla eða meta styrk asbests í ryki. Eftirlitsaðili skal, með hliðsjón af því um hvaða framleiðslu og iðjuver er að ræða, ákveða hversu oft slíkar mælingar fara fram en þær skulu í fyrstu fara fram að minnsta kosti sjötta hvern mánuð.
   Sýnataka skal fara fram áður en útblástur, sem mæla á, þynnist.
2. Sýnataka fer fram með nákvæmninni ± 40% og hittninni ± 20% við viðmiðunarmörkin. Greiningarmörkin skulu vera 20%. Mæla skal að minnsta kosti tvisvar við sömu skilyrði til þess að komast að því hvort viðmiðunarmörkunum sé hlítt.
3. *Starfsemi starfsstöðvarinnar*
   Mælingar eru aðeins gildar ef sýni eru tekin við eðlilega starfsemi starfsstöðvarinnar.
4. *Sýnatökustaður valinn*
   Sýnataka skal fara fram á stað þar sem loftflæði er ótruflað. Forðast skal eins og hægt er loftsveipi og hindranir sem kunna að trufla flæði loftsins.
5. *Breytingar vegna sýnatöku*
   Gera skal viðeigandi op í útblástursrásir þar sem taka á sýni auk þess sem hentugum vinnupöllum skal komið fyrir.
6. *Mælingar sem gera þarf áður en sýni eru tekin*
   Áður en sýnataka hefst er nauðsynlegt að mæla lofthita og -þrýsting auk hraða loftstreymis í útblástursrásinni. Venjulega skal mæla lofthita og -þrýsting meðfram sýnatökurásinni þegar loftstreymi er eðlilegt. Við óvenjulegar aðstæður er einnig nauðsynlegt að mæla magn vatnsgufu svo hægt sé að leiðrétta niðurstöðurnar á viðeigandi hátt.
7. *Almennar kröfur um aðferð við sýnatöku*
   Gerð er krafa um að sýnatökuaðferð feli í sér að tekið sé loftsýni í gegnum síu úr útblástursrás þar sem asbestryki er blásið út og mælt asbestmagnið sem verður eftir í síunni.

7.1. Prófa skal sýnatökurásina til að ganga úr skugga um að hún sé þétt svo að tryggt sé að það valdi ekki mæliskekkju. Inntaksopinu er lokað gaumgæfilega og sýnatökudælan gangsett. Leki má ekki vera meiri en 1% af venjulegu sýnatökuflæði.

7.2. Sýnataka fer venjulega fram við „ísókínetískar“ aðstæður.

7.3. Sá tími sem sýnataka varir fer eftir starfseminni sem haft er eftirlit með og sýnatökurásinni sem notuð er og sýnatökutíminn skal vera nægilega langur til að tryggt sé að nógu miklu magni efnis sé safnað til að vega. Hann skal vera dæmigerður fyrir allt eftirlitsferlið.

7.4. Ef sýnatökusían er ekki staðsett fast við inntaksopið er mikilvægt að safna saman þeim efnum sem falla út í sýnatökuinntakinu.

7.5. Ákvörðun um inntaksop og fjölda sýnatökustaða er tekin í samræmi við gildandi staðla.

8. *Tegund sýnatökusíunnar*

8.1 Velja skal síu sem best hentar fyrir þá greiningartækni sem beitt er. Sé þyngdarmælingu beitt er æskilegt að nota glertrefjasíur.

8.2. Krafist er 99% lágmarkssíunarvirkni, skilgreindri samkvæmt DOP-prófun þar sem notaður er úði með ögnum sem eru 0,3μm að þvermáli.

9. *Vigtun*

9.1. Nota skal viðeigandi nákvæmnisvog.

9.2. Til þess að uppfylla kröfur um nákvæmni vigtunar er mikilvægt að laga síurnar að stöðluðum aðstæðum fyrir og eftir sýnatöku.

10. *Framsetning á niðurstöðum*

Auk niðurstaðna mælinganna skal skrá tölur um hita, þrýsting og flæði sem og allar upplýsingar sem skipta máli, svo sem einfalda skýringarmynd sem sýnir staðsetningu sýnatökustaða, mál útblástursrása, safnað magn og aðferð við að reikna út niðurstöðurnar. Niðurstöðurnar skulu gefnar upp miðað við staðalhitastig (273 K) og þrýsting (101,3 kPa).

II. Trefjatalningaraðferð

Þar sem þeirri aðferð er beitt að telja trefjar í þeim tilgangi að fylgjast með hvort viðmiðunarmörkum sé hlítt má nota breytistuðulinn tvær trefjar/ml sem jafngilda 0,1 mg/m^3 af asbestryki, sbr. þó ákvæði þessa viðauka.

Í þessum viðauka eru trefjar skilgreindar sem hlutir sem eru lengri en 5 μm, grennri en 3 μm og þar sem hlutfall milli lengdar og breiddar er hærra en 3:1 og hægt er að telja með hjálp fasasmásjár samkvæmt evrópsku tilvísunaraðferðinni.

Aðferðin við að telja trefjar skal vera í samræmi við eftirfarandi forskrift:

1. Með aðferðinni skal vera mögulegt að mæla fjölda teljanlegra trefja í útblásturslofti.

Eftirlitsaðili skal, með hliðsjón af því um hvaða framleiðslu og iðjuver er að ræða, ákveða hversu oft slíkar mælingar fara fram en þær skulu í fyrstu fara fram a.m.k. sjötta hvern mánuð. Ef reglulegar mælingar fara ekki fram gilda viðmiðunarmörkin, sem tilgreind eru, um heildarmagn ryks í útblæstri.

Sýnatakak skal fara fram áður en útblástur, sem mæla á, þynnist.

2. *Starfsemi starfsstöðvarinnar*

Mælingar eru aðeins gildar ef sýni eru tekin við eðlilega starfsemi starfsstöðvarinnar.

3. *Sýnatökustaður valinn*

Sýnataka skal fara fram á stað þar sem loftflæði er ótruflað. Forðast skal eins og hægt er loftsveipi og hindranir sem kunna að trufla flæði loftsins.

4. *Breytingar vegna sýnatöku*

Gera skal viðeigandi op í útblástursrásir þar sem taka á sýni auk þess sem hentugum vinnupöllum skal komið fyrir.

5. *Mælingar sem gera þarf áður en sýni eru tekin*

Áður en sýnataka hefst er nauðsynlegt að mæla lofthita og -þrýsting auk hraða loftflæðis í útblástursrásinni. Venjulega skal mæla lofthita og -þrýsting meðfram

sýnatökurásinni þegar loftstreymi er eðlilegt. Við óvenjulegar aðstæður er einnig nauðsynlegt að mæla magn vatnsgufu svo hægt sé að leiðrétta niðurstöðurnar á viðeigandi hátt.

6. *Almennar kröfur um aðferð við sýnatöku*
Gerð er krafa um að sýnatökuaðferð feli í sér að tekið sé loftsýni í gegnum síu úr útblástursrás þar sem asbestryki er blásið út og asbestmagnið sem verður eftir í síunni mælt.

6.1. Prófa skal sýnatökurásina til að ganga úr skugga um að hún sé loftþétt svo að tryggt sé að það valdi ekki mæliskekkju. Inntaksopinu er lokað gaumgæfilega og sýnatökudælan gangsett. Leki má ekki vera meiri en 1% af venjulegu sýnatökuflæði.

6.2. Sýnataka fer venjulega fram við „ísókínetískar" aðstæður.

6.3. Sá tími sem sýnataka varir fer eftir starfseminni sem haft er eftirlit með og stærð sýnatökustútsins sem notaður er. Sýnatökutíminn skal vera nægilega langur til að tryggt sé að á síuna hafi safnast milli 100-600 teljanlegar asbeststrefjar/mm^2. Hann skal vera dæmigerður fyrir allt eftirlitsferlið.

6.4. Ákvörðum um inntaksop og fjölda sýnatökustaða er tekin í samræmi við staðla.

7. *Tegund sýnatökusíunnar*

7.1. Velja skal síu sem best hentar fyrir þá mælingartækni sem beitt er. Sé trefjatalningaraðferðinni beitt skal nota himnusíur (blandaðir sellulósa eða sellulósanítratesterar) með opnuninni 5 µm, 25 mm í þvermál, með þrykktum ferningum.

7.2. Lágmarkssíunarvirkni sýnatökusíunnar skal vera 99% miðað við teljanlegar asbeststrefjar.

8. *Trefjatalning*
Aðferðin sem notuð er við trefjatalningu skal samræmast evrópsku tilvísunaraðferðinni.

9. *Framsetning á niðurstöðum*
Auk niðurstaðna mælinganna skal skrá tölur um hita, þrýsting og flæði sem og allar upplýsingar sem skipta máli, svo sem einfalda skýringarmynd sem sýnir staðsetningu sýnatökustaða, mál útblástursrása, safnað magn og aðferð við að reikna út niðurstöðurnar. Þær skulu gefnar upp miðað við staðalhitastig (273 k) og þrýsting (101,3 kPa).

III. Viðmiðunarmörk

1. Viðmiðunarmörk fyrir magn asbests sem veitt er um útblástursrásir út í andrúmsloftið meðan á notkun asbests stendur eru 0,1 mg/m^3.
2. Ef heildarútblástur lofts er minni en 5.000 m^3/klst. og útblástur asbests í andrúmsloftið er aldrei meiri en 0,5 g á klst. við eðlileg skilyrði má veita undanþágu frá ofangreindum viðmiðunarmörkum.
3. Viðmiðunarmörk fyrir losun asbests í fráveituvatni sem inniheldur asbest er 30 g af svifefnum í m^3 vatns.
4. Þessi mörk gilda við útrásir þar sem vatn er losað úr iðjuverinu.

VIÐAUKI 26

UM NOTKUN SEYRU

I. VIÐAUKI A

Viðmiðunarmörk fyrir styrk þungmálma í jarðvegi sem seyra er borin á
(mg/kg af þurrefnum í dæmigerðu jarðvegssýni með pH-gildi 6-7,
svo sem skilgreint er í II. viðauka C)

Færibreytur	Viðmiðunarmörk
Kadmíum	1 – 3
Kopar	50 – 140
Nikkel	30 – 75
Blý	50 – 300
Sink	150 – 300
Kvikasilfur	1 – 1,5
Króm (1)	–

I. VIÐAUKI B

Viðmiðunarmörk fyrir styrk þungmálma í seyru sem er notuð í landbúnaði
(mg/kg af þurrefnum)

Færibreytur	Viðmiðunarmörk
Kadmíum	20 – 40
Kopar	1.000 – 1.750
Nikkel	300 – 400
Blý	750 – 1.200
Sink	2.500 – 4.000
Kvikasilfur	16 – 25
Króm (1)	–

(1) Ekki er unnt á þessu stigi að setja viðmiðunarmörk fyrir króm.

I. VIÐAUKI C

Viðmiðunarmörk fyrir þungmálmaí seyru, byggt á tíu ára meðaltali
(kg/ha á ári)

Færibreytur	Viðmiðunarmörk
Kadmíum	0,15
Kopar	12
Nikkel	3
Blý	15
Sink	30
Kvikasilfur	0,1
Króm (1)	–

(1) Ekki er unnt á þessu stigi að setja viðmiðunarmörk.

II. VIKAUKI A

Greining seyru

1. Að jafnaði skal greina seyru að minnsta kosti á sex mánaða fresti. Ef breytingar verða á eðli hreinsaðs skólps er nauðsynlegt að greina oftar. Ef niðurstöður greininga breytast ekki á marktækan hátt í heilt ár skal greina seyruna að minnsta kosti á 12 mánaða fresti.
2. Eftirtaldar færibreytur skulu greindar:
   - þurrefni, lífrænt efni,
   - pH,
   - köfnunarefni og fosfór,
   - kadmíum, kopar, nikkel, blý, sink, kvikasilfur og króm.

II. VIÐAUKI B

Jarðvegsgreining

1. Þegar seyra sem ekki hefur verið rannsökuð m.t.t. þungmálma er notuð skal tryggja að innihald þungmálma í jarðveginum fari ekki yfir viðmiðunarmörk sem sett eru í samræmi við I. viðauka A.
2. Eftirlitsaðilar ákveða hve langt skal líða milli frekari greininga á grundvelli niðurstaðna um innihald málma í jarðvegi áður en seyra var notuð, magn og samsetningu seyrunnar sem notuð er auk annarra þátta sem máli skipta.
3. Eftirtaldar færibreytur skulu greindar:
   - pH,
   - kadmíum, kopar, nikkel, blý, sink, kvikasilfur og króm.

II. VIÐAUKI C

Sýnatöku- og greiningaraðferðir

1. **Taka jarðvegssýna**
   Dæmigerð jarðvegssýni til greiningar skulu að jafnaði samanstanda af blöndu úr 25 kjarnasýnum af svæði sem ekki er stærra en 5 hektarar og ræktað er í einum tilgangi. Sýni skulu tekin niður á 25 cm dýpi nema yfirborðsjarðvegur sé þynnri en það. Í því tilviki skal sýnatökudýpi þó ekki vera meira en 10 cm.
2. **Taka seyrusýna**
   Seyrusýni skulu tekin eftir hreinsun en áður en notandi tekur við seyrunni og skulu þau vera dæmigerð fyrir framleidda seyru.
3. **Sýnatökuaðferðir**
   Greining þungmálma skal fara fram eftir sterka sýrumeltingu. Tilvísunaraðferð við greiningu skal vera sameinda (ísogs) litrófsmæling og greiningarmörk fyrir hverja málmtegund mega ekki vera hærri en 10% af viðeigandi viðmiðunarmörkum.

Fylgiskjal I.

TILSKIPUN RÁÐSINS

frá 20. febrúar 1978

um úrgang frá títandíoxíðiðnaði

(78/176/EBE)

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

Með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 100. og 235. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af áliti Evrópuþingsins [1],

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndarinnar [2],

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Líklegt er að úrgangur frá títandíoxíðiðnaði sé skaðlegur heilsu manna og umhverfinu. Því er brýnt að koma í veg fyrir og draga smám saman úr mengun af völdum slíks úrgangs, með það að markmiði að útrýma slíkri mengun.

Umhverfisverndaráætlanir Evrópubandalagsins frá 1973 [3] og 1977 [4] fjalla um þörfina á því að bandalagið grípi til aðgerða gegn úrgangi frá títandíoxíðiðnaði.

Hvers kyns ósamræmi í lagaákvæðum um úrgang frá títandíoxíðiðnaði, sem þegar eru í gildi eða eru í undirbúningi í aðildarríkjunum, gæti skapað ójöfn samkeppnisskilyrði og haft á þann hátt bein áhrif á starfsemi hins sameiginlega markaðar. Því er nauðsynlegt að samræma lög um þessi málefni, eins og kveðið er á um í 100. gr. sáttmálans.

Nauðsynlegt virðist að þessari samræmingu laga fylgi aðgerðir af hálfu bandalagsins, svo að ná megi einu af markmiðum þess á sviði umhverfisverndar og bættra lífskjara með viðtækari reglum. Setja ætti sérstök ákvæði í þessum tilgangi. Í sáttmálanum er ekki gert ráð fyrir nauðsynlegu umboði til þessa og er því skírskotað til 235. gr. hans.

Tilskipun 75/442/EBE [5] fjallar um förgun úrgangs almennt. Ráðlegt er að koma upp sérstöku kerfi yfir úrgang frá títandíoxíðiðnaði, sem tryggir heilsuvernd og verndun umhverfisins gegn skaðlegum áhrifum af völdum þess að slíkur úrgangur er losaður eða honum komið í lóg eftirlitslaust.

Til að ná þessum markmiðum ætti að koma á laggirnar kerfi um veitingu leyfa til að losa, kasta, geyma, lóga og dæla úrgangi niður í jarðlög. Útgáfa slíkra leyfa ætti að vera háð sérstökum skilyrðum.

Eftirlit þarf að vera með losun, úrkasti, geymslu, lógun og dælingu úrgangs sem og eftirlit og umsjón með því umhverfi sem um ræðir.

Fyrir 1. júlí 1980 verða aðildarríkin að hafa samið áætlanir fyrir starfandi iðjuver um að dregið verði í auknum mæli úr mengun af völdum slíks úrgangs, með það að markmiði að útrýma slíkri mengun. Í þessum áætlunum verður að setja almenn markmið sem skulu nást eigi síðar en 1. júlí 1987 og gefa til kynna hvaða ráðstafanir verða gerðar fyrir einstök iðjuver.

Aðildarríkin gefa út starfsleyfi til handa nýjum iðjuverum. Áður en slíkt starfsleyfi er gefið út, þarf að hafa farið fram rannsókn á umhverfisröskun og er aðeins heimilt að veita þeim fyrirtækjum leyfi sem skuldbinda sig til að nota einvörðungu þau efni, stunda einungis þá vinnslu og beita aðeins þeim aðferðum sem valda minnstum umhverfisspjöllum og unnt er að afla á almennum markaði.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

1. Með tilskipun þessari er stefnt að því að koma í veg fyrir og draga í auknum mæli úr mengun af völdum úrgangs frá títandíoxíðiðnaði, með það að markmiði að útrýma slíkri mengun.

---

(1) Stjtíð. EB nr. C 28, 9. 2. 1976, bls. 16.
(2) Stjtíð. EB nr. C 131, 12. 6. 1976, bls. 18.
(3) Stjtíð. EB nr. C 112, 20. 12. 1973, bls. 3.
(4) Stjtíð. EB nr. C 139, 13. 6. 1977, bls. 3.
(5) Stjtíð. EB nr. L 194, 25. 7. 1975, bls. 39.

2. Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „mengun": bein eða óbein losun allra leifa frá títandíoxíðframleiðslu út í umhverfið af mannavöldum, þannig að það stefni heilsu manna í hættu, skaði lífrænar auðlindir og vistkerfi, spilli eftirsóttum stöðum eða hafi áhrif á aðra lögmæta notkun umhverfisins;

b) „úrgangur":

— allar leifar frá títandíoxíðframleiðslu sem úrgangshafi fargar eða er gert að farga samkvæmt gildandi landslögum;

— allar leifar frá meðhöndlun leifanna sem um getur í fyrsta undirlið;

c) „förgun":

— söfnun, flokkun, flutningur og meðhöndlun úrgangs, svo og geymsla hans og lögun ofan jarðar sem neðan og dæling ofan í jarðlög;

— losun úrgangs í yfirborðsvatn, grunnvatn og sjó ásamt því að varpa honum útbyrðis á hafi úti;

— allar umbreytingar sem nauðsynlegar teljast fyrir endurnotkun, nýtingu eða endurvinnslu úrgangs;

d) „starfandi iðjuver": iðjuver sem þegar eru starfandi á birtingardegi tilskipunar þessarar;

e) „ný iðjuver": iðjuver sem verið er að koma á fót á þeim degi sem tilskipun þessi öðlast gildi eða sem reist eru eftir þann dag. Viðbyggingar við starfandi iðjuver sem fela í sér aukningu á framleiðslugetu versins er nemur 15 000 tonnum eða meira af títandíoxíði á ári skulu einnig teljast ný iðjuver.

2. gr.

Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að úrgangi sé fargað án þess að heilsu manna stafi hætta af eða umhverfi skaðist og einkum:

— án þess að vatn, loft, jarðvegur, gróður og dýr hljóti skaða af,

— án þess að hafa skaðleg áhrif á sveitir eða staði sem eru rómaðir fyrir náttúrufegurð.

3. gr.

Aðildarríkin skulu gera viðeigandi ráðstafanir sem stuðla að því að koma í veg fyrir, endurnýta eða vinna úrgang, vinna úr honum hráefni, sem og öllu öðru er lýtur að endurnotkun úrgangs.

4. gr.

1. Óheimilt er að losa, kasta, geyma, lóga og dæla úrgangi niður í jarðlög nema lögbær yfirvöld í því aðildarríki þar sem úrgangurinn fellur til hafi gefið til þess leyfi sitt. Einnig þurfa lögbær yfirvöld að gefa út leyfi í því aðildarríki

— þar sem úrgangur er losaður, geymdur, komið í lóg eða dælt;

— þaðan sem úrgangur er losaður eða honum kastað.

2. Aðeins er heimilt að gefa út leyfi til takmarkaðs tíma. Heimilt er að endurnýja leyfið.

5. gr.

Þegar losa skal eða kasta úrgangi er lögbærum yfirvöldum heimilt, í samræmi við 2. gr. og á grundvelli upplýsinga sem veittar eru í samræmi við I. viðauka, að veita leyfi samkvæmt 4. gr. svo fremi:

a) ekki finnist betri leiðir til að farga úrganginum;

b) mat, sem byggist á þeirri vísinda- og tækniþekkingu sem fyrir hendi er, leiði í ljós að vatnasvæði verði ekki fyrir skaðlegum áhrifum, hvorki í bráð né lengd;

c) skemmtisiglingar, veiðar, tómstundaiðkanir, hráefnavinnsla, saltvinnsla, fisk- og skelfiskeldi, vísindalega mikilvæg svæði og önnur lögmæt notkun viðkomandi vatnasvæða verði ekki fyrir neinum skaðlegum áhrifum.

6. gr.

Þegar geyma skal, lóga eða dæla niður í jarðlög, er lögbærum yfirvöldum heimilt, í samræmi við 2. gr. og á grundvelli upplýsinga sem veittar eru í samræmi við I. viðauka, að veita leyfi samkvæmt 4. gr. svo fremi:

a) ekki finnist betri leiðir til að farga úrganginum;

b) mat, sem byggist á þeirri vísinda- og tækniþekkingu sem fyrir hendi er, leiði í ljós að jarðvatn, jarðvegur eða andrúmsloft verði ekki fyrir skaðlegum áhrifum, hvorki í bráð né lengd;

c) tómstundaiðkanir, hráefnavinnsla, gróður, dýr, vísindalega mikilvæg svæði eða önnur lögmæt notkun viðkomandi umhverfis verði ekki fyrir neinum skaðlegum áhrifum.

7. gr.

1. Óháð því hvaða aðferð er beitt og hversu mikið úrgangurinn er meðhöndlaður, skal hafa eftirlit með losun úrgangs, geymslu, lógun og dælingu niður í jarðlög eins og um getur í II. viðauka og því umhverfi sem um er að ræða, með hliðsjón af eðlisfræðilegum, efnafræðilegum, líffræðilegum og vistfræðilegum þáttum þess.

2. Aðilar sem skipaðir hafa verið af því aðildarríki þar sem lögbær yfirvöld hafa gefið út leyfi samkvæmt 4. gr. sjá um reglubundið eftirlit. Þegar um er að ræða mengun sem berst yfir landamæri aðildarríkja, skulu hlutaðeigandi ríki skipa þessa aðila í sameiningu.

3. Innan árs frá birtingu tilskipunar þessarar, skal framkvæmdastjórnin leggja fyrir ráðið tillögu um tilhögun gæslu og eftirlits með því umhverfi sem um er að ræða. Ráðið fer að tillögu þessari innan sex mánaða frá birtingu álits Evrópuþingsins og efnahags- og félagsmálanefndarinnar í *Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins.*

8. gr.

1. Lögbært yfirvald í hlutaðeigandi aðildarríki gerir allar viðeigandi ráðstafanir til að ráða bót á einu af eftirfarandi atriðum og, ef þörf krefur, krefst þess að hætt verði að losa, kasta, geyma, lóga eða dæla úrgangi niður í jarðlög um tíma:

a) ef niðurstöður eftirlitsins sem um getur í 1. mgr. A-liðar í II. viðauka leiða í ljós að skilyrðunum sem fylgja leyfisveitingunni sem um getur í 4., 5. og 6. gr. hafi ekki verið fullnægt, eða

b) ef niðurstöður athugana á bráðum eiturhrifum sem um getur í 2. mgr. A-liðar í II. viðauka leiða í ljós að farið hefur verið yfir þau mörk sem þar eru tilgreind, eða

c) ef niðurstöður eftirlitsins sem kveðið er á um í B-lið II. viðauka sýna að umhverfinu á þeim stað sem um er að ræða hafi hrakað, eða

d) ef losun eða úrkast hefur skaðleg áhrif á skemmtisiglingar, veiðar, tómstundaiðkanir, hráefnavinnslu, saltvinnslu, fisk- og skelfiskeldi, vísindalega mikilvæg svæði og aðra lögmæta notkun viðkomandi vatnasvæða, eða

e) ef geymsla, lógun eða dæling úrgangs niður í jarðlög hefur skaðleg áhrif á tómstundaiðkanir, hráefnavinnslu, gróður, dýr, vísindalega mikilvæg svæði eða aðra lögmæta notkun viðkomandi umhverfis.

2. Þegar fleiri aðildarríki eiga hlut að sama máli skal haft samráð um ráðstafanir.

9. gr.

1. Aðildarríkin skulu gera áætlanir um að draga jafnt og þétt úr mengun vegna úrgangs frá starfandi iðjuverum þar til henni hefur að fullu verið útrýmt.

2. Í áætlununum sem um getur í fyrstu málsgrein skulu sett fram almenn markmið um að draga úr mengun af völdum fljótandi, fasts eða loftkennds úrgangs og þeim skuli náð eigi síðar en 1. júlí 1987. Áætlanirnar skulu einnig hafa að geyma markmið til skemmri tíma. Að auki skulu koma þar fram upplýsingar um ástand viðkomandi umhverfis, ráðstafanir til að draga úr mengun og aðferðir við að meðhöndla úrgang sem til fellur við framleiðslu í iðnaði.

3. Áætlanirnar sem um getur í fyrstu málsgrein skulu sendar framkvæmdastjórninni eigi síðar en 1. júlí 1980 svo henni verði kleift að leggja viðeigandi tillögur fyrir ráðið, innan sex mánaða frá því að henni hafa borist áætlanir allra þjóðanna, um samræmingu þessara áætlana með tilliti til þess að dregið verði úr mengun og henni loks útrýmt og að samkeppnisskilyrði í títandíoxíðiðnaði verði bætt. Ráðið skal samþykkja tillögur þessar innan sex mánaða frá birtingu álits Evrópuþingsins og efnahags- og félagsmálanefndarinnar í *Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins.*

4. Aðildarríkin skulu hrinda í framkvæmd áætlun eigi síðar en 1. janúar 1982.

10. gr.

1. Áætlanirnar sem um getur í 1. mgr. 9. gr. þurfa að taka til allra starfandi iðjuvera og tilgreina þær ráðstafanir sem gerðar eru fyrir hvert þeirra um sig.

2. Valdi sérstakar aðstæður því að aðildarríki telur engra viðbótarráðstafana þörf vegna einstakrar starfsstöðvar til að uppfylla þær kröfur sem fram koma í tilskipun þessari, skal það framvísa til framkvæmdastjórnarinnar gögnum sem rökstyðja slíka niðurstöðu innan sex mánaða frá birtingu tilskipunar þessarar.

3. Eftir að fram hefur farið sjálfstæð athugun á gögnunum, eftir því sem nauðsynlegt er talið, er framkvæmdastjórninni heimilt að lýsa sig sammála aðildarríkinu um að viðbótarráðstafana sé ekki þörf vegna hlutaðeigandi starfsstöðvar. Framkvæmdastjórnin leggur fram samþykki sitt, ásamt rökstuðningi, innan sex mánaða.

4. Reynist framkvæmdastjórnin ósammála aðildarríkinu, skal bæta viðbótarráðstöfunum vegna starfsstöðvarinnar við áætlun hlutaðeigandi aðildarríkis.

5. Sé framkvæmdastjórnin sammála, mun samþykki hennar endurskoðað reglulega í ljósi niðurstaðna þess eftirlits sem fram fer samkvæmt tilskipun þessari og í ljósi verulegra breytinga sem kunna að verða á framleiðsluaðferðum eða umhverfisverndarmarkmiðum.

11. gr.

Ný iðjuver þurfa að sækja um starfsleyfi til lögbærra yfirvalda þess aðildarríkis þar sem fyrirhugað er að reisa starfsstöðvar. Áður en slík leyfi eru veitt, skal fara fram athugun á umhverfisröskun. Einungis er heimilt að veita þeim fyrirtækjum leyfi sem skuldbinda sig til að nota einvörðungu þau efni, stunda einungis þá vinnslu og beita aðeins þeim aðferðum sem valda minnstum umhverfisspjöllum og unnt er að afla á almennum markaði.

12. gr.

Án þess að brjóta í bága við ákvæði þessarar tilskipunar, er aðildarríkjunum heimilt að setja strangari reglur.

13. gr.

1. Vegna beitingar tilskipunar þessarar, skulu aðildarríkin veita framkvæmdastjórninni allar nauðsynlegar upplýsingar um:

— leyfi sem veitt eru samkvæmt 4., 5. og 6. gr.,

— niðurstöður eftirlits með viðkomandi umhverfi sem fram fer samkvæmt 7. gr.,

— ráðstafanir sem gerðar eru samkvæmt 8. gr.

Þau skulu einnig veita framkvæmdastjórninni almennar upplýsingar um efni, vinnslu og aðferðir sem þeim hefur verið tilkynnt um samkvæmt 11. gr.

2. Einungis er heimilt að nota þær upplýsingar sem fást með beitingu þessarar greinar í þeim tilgangi sem tilskipun þessi kveður á um.

3. Framkvæmdastjórninni og lögbærum yfirvöldum aðildarríkjanna, embættismönnum þeirra og öðrum starfsmönnum er óheimilt að opinbera upplýsingar sem þeim berast samkvæmt tilskipun þessari og eru af því tagi sem fellur undir þagnarheiti opinberra starfsmanna.

4. Ákvæði annarrar og þriðju málsgreinar standa ekki í vegi fyrir því að birtar verði almennar upplýsingar eða kannanir svo fremi þær feli ekki í sér upplýsingar um einstök fyrirtæki eða samtök fyrirtækja.

14. gr.

Á þriggja ára fresti semja aðildarríkin skýrslu um varnir gegn mengun af völdum úrgangs frá títandíoxíðiðnaði og hvernig markvisst er dregið úr henni og senda hana framkvæmdastjórninni sem sér um að dreifa henni til hinna aðildarríkjanna.

Á þriggja ára fresti leggur framkvæmdastjórnin skýrslu fyrir ráðið og Evrópuþingið um beitingu tilskipunar þessarar.

15. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynlegar ráðstafanir til að fara að tilskipun þessari innan 12 mánaða frá birtingu hennar og tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem samþykkt verða um málefni sem tilskipun þessi nær til.

16. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 20. febrúar 1978.

Fyrir hönd ráðsins,

Per HÆKKERUP

forseti.

I. VIÐAUKI

UPPLÝSINGAR SEM LEGGJA ÞARF FRAM VEGNA LEYFISVEITINGAR ÞEIRRAR SEM UM GETUR Í 4., 5. OG 6. GR.

A. Eiginleikar og samsetning efnisins:

1. heildarmagn og almenn samsetning efna sem er kastað (t.d. á ári);
2. tegund (t.d. fast, leðjukennt, fljótandi eða loftkennt);
3. eiginleikar: eðlisfræðilegir (t.d. leysanleiki og eðlismassi), efnafræðilegir og lífefnafræðilegir (t.d. súrefnisþörf) og líffræðilegir;
4. eiturvirkni;
5. þrávirkni: eðlisfræðileg, efnafræðileg og líffræðileg;
6. lífmögnun og umbrot í lífrænum efnum eða setlögum;
7. næmi fyrir eðlisfræðilegum, efnafræðilegum eða lífefnafræðilegum breytingum og víxlverkunum í tengslum við önnur lífræn og ólífræn efni í umhverfinu;
8. líkur á litun eða öðrum breytingum sem rýrt gætu sölugildi auðlindaafurða (fisks, skelfisks o.þ.h.).

B. Einkenni úrkasts- eða losunarstaðar og förgunaraðferðir:

1. staðsetning (t.d. hnattstaða úrkasts- eða losunarsvæðis, dýpt og fjarlægð frá strönd), staðsetning miðað við önnur svæði (t.d. útivistarsvæði, hrygningarstöðvar, uppeldisstöðvar og fiskimið og nýtanlegar auðlindir);
2. förgun yfir ákveðið tímabil (t.d. daglegt, vikulegt eða mánaðarlegt magn);
3. aðferðir við innpökkun, ef um slíkt er að ræða;
4. upphafsútþynning sem fæst með fyrirhuguðum losunaraðferðum, einkum hraða skipsins;
5. dreifing (t.d. áhrif strauma, sjávarfalla og vinds á útbreiðslu og blöndun);
6. einkenni vatns, (t.d. hitastig, sýrustig, selta, lagskipting, súrefnisstuðlar sem viðmið um mengun — uppleyst súrefni (DO), kemísk súrefnisþörf (COD), lífræn súrefnisþörf (BOD), lífrænt og ólífrænt köfnunarefni, einnig ammoníak, sviflausnir, önnur næringarefni og framleiðni);
7. botnlag (t.d. yfirborðslögun, jarðefnafræðileg og jarðfræðileg einkenni og líffræðileg framleiðni);
8. fyrra úrkast eða losanir og áhrif þeirra á viðkomandi svæði (t.d. heimildir um þungmálma og lífræn klefnasambönd).

C. Einkenni lögunar-, geymslu- eða dælingarstaðar og förgunaraðferðir:

1. landfræðileg lega;
2. einkenni nærliggjandi svæða;
3. aðferðir við innpökkun, ef um slíkt er að ræða;
4. aðferðir við lögun, geymslu og dælingu úrgangs niður í jarðlög, ásamt mati á varúðarráðstöfunum sem gerðar eru til að koma í veg fyrir mengun vatns, jarðvegs og andrúmslofts.

II. VIÐAUKI

UMSJÓN OG EFTIRLIT MEÐ FÖRGUN

A. Eftirlit með úrgangi

Jafnhliða förgun skulu fara fram:

1. athuganir á magni, samsetningu og eiturvirkni úrgangs til að tryggja að skilyrðum um leyfisveitingu samkvæmt 4., 5. og 6. gr. sé fullnægt;

2. rannsóknir á bráðri eiturvirkni í ákveðnum tegundum lindýra, krabbadýra, fiska og svifdýra, einkum og sér í lagi í tegundum sem fyrirfinnast á losunarsvæðunum. Að auki skulu gerðar rannsóknir á sýnum af saltkefa (artemia salina).

   Rannsóknir sem taka 36 klukkustundir og mæla þynnt útstreymi í hlutföllunum 1/5000 mega ekki leiða í ljós:

   — meira en 20% dánartíðni fullorðinna dýra af þeim tegundum sem verið er að rannsaka,

   — þegar um er að ræða lirfur, dánartíðni sem er hærri en hjá viðmiðunarhóp.

B. Umsjón og eftirlit með viðkomandi umhverfi

I. Þegar losað er í ferskvatn eða sjó, eða þegar um er að ræða úrkast, skal eftirlit ná til þriggja eftirtalinna þátta: dýptar, lífs og setlaga. Reglulegar athuganir á ástandi þess svæðis sem verður fyrir áhrifum losunarinnar gerir kleift að fylgjast með ástandi viðkomandi umhverfis.

   Við eftirlit skal ákvarða:

   1. pH-gildi;

   2. uppleyst súrefni;

   3. grugg;

   4. hýdroxíð og járnoxíð í sviflausn;

   5. eiturmálma í vatni, föstum svifögnum, setlögum og uppsafnaða í tilteknum botn- og uppsjávarlífverum;

   6. fjölbreytni og afstæð og algild gnægð jurta og dýra.

II. Þegar geyma á úrgang, koma honum í lóg eða dæla niður í jarðlög skal eftirlitið felast í:

   1. athugunum sem tryggja að yfirborðsvatn og grunnvatn sé ekki mengað; þær skulu meðal annars felast í mælingum á:

      — sýrustigi,

      — járninnihaldi (uppleysanlegu og samsettu úr ögnum),

      — kalsíuminnihaldi,

      — eiturmálmainnihaldi (uppleysanlegu og samsettu úr ögnum) ef um slíkt er að ræða;

   2. athugunum sem skera úr um skaðleg áhrif á jarðvegsgrunn ef nauðsyn krefur;

   3. almennu mati á vistfræði svæðisins í grennd við lógunar-, geymslu- eða dælingarstað.

Fylgiskjal II.

TILSKIPUN RÁÐSINS

frá 3. desember 1982

um aðferðir við eftirlit og gæslu svæða þar sem úrgangur frá títandíoxíðiðnaði er settur

82/883/EBE

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 100. og 235. gr.,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 78/176/EBE frá 20. febrúar 1978 um úrgang frá títandíoxíðiðnaði [1], einkum 3. mgr. 7. gr.,

með hliðsjón af tillögu af framkvæmdastjórnarinnar [2],

með hliðsjón af áliti Evrópuþingsins [3],

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndarinnar [4],

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Án tillits til þess hvernig og hve mikið úrgangur frá títandíoxíðiðnaði er meðhöndlaður verður að gera ráðstafanir um eftirlit og gæslu með þeim svæðum þar sem slíkur úrgangur er losaður, geymdur, honum fleygt eða dælt ofan í jörðina með hliðsjón af eðlisfræðilegum, efnafræðilegum, líffræðilegum og vistfræðilegum þáttum.

Í því skyni að fylgjast með ástandi þessara svæða ætti að taka sýni svo oft sem verða má til þess að hægt sé að mæla þær færibreytur sem tilteknar eru í viðaukunum. Fækka mætti sýnatökum í ljósi fenginna niðurstaðna. Taka ætti sýni, ef hægt er, á svæðum sem talin eru ómenguð af þeim úrgangi sem til umræðu er til þess að tryggja virkt eftirlit.

Í tengslum við þær rannsóknir sem aðildarríkin gera ætti að ákveða sameiginlega tilvísunaraðferðir við mælingar til að ákvarða færibreytugildin sem segja til um eðlisfræðileg, efnafræðileg, líffræðileg og vistfræðileg einkenni umræddra svæða.

Aðildarríkin geta hvenær sem er mælt fyrir um aðrar færibreytur en þær sem kveðið er á um í þessari tilskipun við eftirlit og gæslu með menguðum svæðum.

Nauðsynlegt er að tilgreina í smáatriðum aðferðir við eftirlit og gæslu sem aðildarríkin tilkynna framkvæmdastjórninni um. Að fengnu samþykki aðildarríkjanna birtir framkvæmdastjórnin heildarskýrslu með þessum upplýsingum.

Við vissar kringumstæður úti í náttúrunni kann að reynast örðugt að halda uppi eftirliti og gæslu og því þarf að kveða á um undanþágur frá þessari tilskipun í vissum tilvikum.

Tækni og vísindaframfarir kunna að krefjast örrar aðlögunar sumra ákvæða í viðaukanum. Til þess að auðvelda framkvæmd þeirra ráðstafana sem þörf er á þarf að koma á tilhögun um nána samvinnu milli aðildarríkjanna og fram-

---

(1) Stjtíð. EB nr. L 54, 25. 2. 1978, bls. 19.
(2) Stjtíð. EB nr. C 356, 31. 12. 1980, bls. 32 and Stjtíð. EB nr. C 187, 32. 7. 1982, bls. 10.
(3) Stjtíð. EB nr. C 149, 14. 6. 1982, bls. 101.
(4) Stjtíð. EB nr. C 230, 10. 9. 1981, bls. 5.

kvæmdastjórnarinnar fyrir milligöngu nefndar um aðlögun að tækni- og vísindaframförum.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Í þessari tilskipun er í samræmi við 3. mgr. 7. gr. í tilskipun 78/176/EBE mælt fyrir um aðferðir við eftirlit og gæslu með áhrifum þess á umhverfið er úrgangsefni frá títandíoxíðiðnaði eru losuð, geymd, þeim fleygt eða dælt ofan í jörðina, með hliðsjón af eðlisfræðilegum, efnafræðilegum, líffræðilegum og vistfræðilegum þáttum.

2. gr.

Í skilningi þessarar tilskipunar:

— merkir „menguð svæði" vatn, landsvæði, jarðlög neðanjarðar og loftið þar sem úrgangur úr títandíoxíðiðnaði er losaður, geymdur, honum fleygt eða dælt niður,

— merkir „sýnatökustaður" staðinn þar sem sýni eru tekin.

3. gr.

1. Þær færibreytur sem gilda um eftirlit og gæslu þess sem um getur í 1. gr. eru tilgreindar í viðaukunum.

2. Sé getið um færibreytur í dálkinum „skyldubundin ákvörðun" í viðaukunum, verður að taka sýni og greina þau vegna hinna tilgreindu umhverfisþátta.

3. Sé getið um færibreytur í dálkinum „valkvæð ákvörðun" í viðaukunum skulu aðildarríkin láta taka sýni og greina þau vegna hinna tilgreindu umhverfisþátta ef þau telja það nauðsynlegt.

4. gr.

1. Aðildarríkin skulu hafa eftirlit og gæslu með þeim svæðum sem menguð eru og nálægum svæðum sem talin eru ómenguð, með sérstöku tilliti til umhverfisþátta í grennd og aðferða við förgun, þ.e. hvort hún er regluleg eða óregluleg.

2. Sé annað ekki tekið fram í viðaukunum skulu aðildarríkin ákveða í hverju tilviki fyrir sig hvar taka skuli sýni, fjarlægð þessara staða frá næsta mengunarstað og dýpi eða hæð þar sem sýnin skuli tekin. Sýnin verður að taka hverju sinni á sama stað og dýpi og við sömu kringumstæður, til dæmis á sama tíma á stöðum sem gætir flóðs og fjöru.

3. Við eftirlit með og skoðun á menguðum svæðum skulu aðildarríkin ákvarða fyrir sérhverja færibreytu í viðaukunum hve oft sýni eru tekin og greind.

Fyrir þær færibreytur þar sem ákvörðun er skyldubundin skulu sýni tekin og greind eigi sjaldnar en tilgreint er í viðaukunum. Þó geta aðildarríkin, þegar með réttu lagi er orðið ljóst hvað um úrganginn verður og hvaða áhrif hann hefur, og að því tilskildu að umtalsverð umhverfisspjöll hafi ekki orðið, ákveðið að sýni verði tekin og greind sjaldnar en fyrir er mælt í viðaukunum. Komi síðar í ljóst umtalsverð umhverfisspjöll vegna úrgangsins eða breyttra aðferða við förgun hans, skulu aðildarríkin á ný taka sýni og greina svo oft sem fyrir er mælt í viðaukunum. Ef aðildarríki telur það ráðlegt eða nauðsynlegt getur það greint á milli færibreytna og beitt fyrir sig þessari undirgrein þegar sýnt er að umtalsverð umhverfisspjöll hafa ekki orðið.

4. Við eftirlit og skoðun á nærliggjandi svæði sem ekki er talið mengað skal aðildarríkið leggja mat á hversu oft skuli taka og greina sýni. Þegar aðildarríki telur að ekki sé mögulegt að tilgreina neitt slíkt nærliggjandi svæði skal það tilkynna framkvæmdastjórninni þar um.

5. gr.

1. Tilvísunaraðferðirnar við mælingar sem liggja til grundvallar færibreytugildunum eru tilgreindar í viðaukunum. Rannsóknastofur sem nota aðrar aðferðir skulu tryggja að niðurstöðurnar séu samanburðarhæfar.

2. Ílát undir sýni, efni eða aðferðir við að geyma hlutasýni fyrir greiningu á einni eða fleiri færibreytum, flutning-

ur og geymsla á sýnum og undirbúningur undir greiningu verður að vera með þeim hætti að það hafi ekki markverð áhrif á niðurstöður greiningarinnar.

6. gr.

Við eftirlit og gæslu með menguðum svæðum geta aðildarríkin hvenær sem er mælt fyrir um færibreytur umfram þær sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun.

7. gr.

1. Skýrslan sem aðildarríkjunum ber að senda framkvæmdastjórninni samkvæmt 14. gr. tilskipunar 78/176/EBE skal greina frá eftirliti og gæslu sem þeir aðilar er tilnefndir eru samkvæmt 2. mgr. 7. gr. í þeirri tilskipun láta fara fram. Í skýrslunni skal veita eftirfarandi upplýsingar um hvert mengað svæði:

— lýsingu á sýnatökustaðnum, þ.m.t. varanlegir eiginleikar hans, sem hægt er að binda í tákn, svo og aðrar stjórnsýslulegar og landfræðilegar upplýsingar. Þessar upplýsingar þarf aðeins að gefa einu sinni um hvern sýnatökustað sem tilgreindur er,

— lýsingu á því hvernig sýnatöku er háttað,

— niðurstöður af mælingum á þeim færibreytum sem skylt er að ákvarða og, telji aðildarríki það til bóta, einnig þeim færibreytum þar sem ákvörðun er valkvæð,

— aðferðir við mælingar og greiningu og eftir atvikum greiningarmörk, nákvæmni og hittni,

— breytingar, sem gerðar eru samkvæmt 3. mgr. 4. gr. á því hve oft sýni eru tekin og greind.

2. Fyrstu gögnin sem senda ber samkvæmt fyrstu málsgrein skulu vera þau sem safnað er á þriðja ári eftir birtingu þessarar tilskipunar.

3. Framkvæmdastjórnin skal, að fengnu samþykki hlutaðeigandi aðildarríkis, gefa út útdrátt úr þeim upplýsingum sem henni eru sendar.

4. Framkvæmdastjórnin metur hversu skilvirkt eftirlit og gæsla með menguðum svæðum er og skal eigi síðar en sex árum eftir birtingu þessarar tilskipunar leggja tillögur fyrir ráðið, ef við á, um endurbætur á þessari tilhögun og, ef nauðsyn krefur, um samræmingu á aðferðum við mælingar, þ.m.t. greiningarmörk þeirra, nákvæmni og hittni og um aðferðir við sýnatöku.

8. gr.

Aðildarríki mega víkja frá þessari tilskipun komi til flóða eða náttúruhamfara eða vegna óvenjulegra veðurskilyrða.

9. gr.

Nauðsynlegar breytingar til að laga efni viðaukanna varðandi:

— færibreytur í dálkinum „valkvæð ákvörðun",

— tilvísunaraðferðir við mælingar,

að vísinda- og tækniframförum skulu gerðar í samræmi við þá tilhögun sem mælt er fyrir um í 11. gr.

10. gr.

1. Nefnd um aðlögun að tækni- og vísindaframförum (hér eftir kölluð „nefndin"), skipuð fulltrúum aðildarríkjanna og undir formennsku fulltrúa framkvæmdastjórnarinnar, er hér með sett á fót.

2. Nefndin setur sér eigin starfsreglur.

11. gr.

1. Þegar fylgja skal málsmeðferð þeirri sem sett er fram í þessari grein ber formanni nefndarinnar að vísa málinu til hennar, annaðhvort að eigin frumkvæði eða að ósk fulltrúa aðildarríkis.

2. Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar leggur fyrir nefndina drög að þeim ráðstöfunum sem gera skal. Nefndin skal skila áliti sínu á drögunum fyrir þau tímamörk sem formaður setur eftir því hversu brýnt málið er. Álit skal samþykkt með 45 atkvæða meirihluta og vega atkvæði aðildarríkjanna eins og mælt er fyrir um í 2. mgr. 148. gr. sáttmálans. Formaðurinn greiðir ekki atkvæði.

3. a) Framkvæmdastjórnin skal samþykkja fyrirhugaðar ráðstafanir séu þær í samræmi við álit nefndarinnar.

b) Séu fyrirhugaðar ráðstafanir ekki í samræmi við álit nefndarinnar eða skili nefndin ekki áliti ber framkvæmdastjórninni án tafar að leggja tillögu fyrir ráðið um ráðstafanir sem gera skal. Ráðið tekur ákvörðun með auknum meirihluta.

c) Hafi ráðið ekkert aðhafst innan þriggja mánaða frá því að tillagan var lögð fyrir það skal framkvæmdastjórnin samþykkja fyrirhugaðar ráðstafanir.

12. gr.

Í stað c-liðar í 1. mgr. 8. gr. í tilskipun 78/176/EBE komi eftirfarandi:

c) „ef niðurstöður eftirlitsins sem aðildarríkin þurfa að láta fara fram leiða í ljós umhverfisspjöll á umræddu svæði, eða".

13. gr.

Þegar losun úrgangs krefst þess, sbr. 1. mgr. 4. gr. í tilskipun 78/176/EBE, að lögbær yfirvöld í fleiri en einu aðildarríki gefi fyrst út leyfi, skulu þau aðildarríki sem í hluta eiga hafa með sér samráð um inntak og framkvæmd eftirlitsáætlunarinnar.

14. gr.

1. Aðildarríki skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að þessari tilskipun innan tveggja ára frá birtingu hennar og tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði laga sem samþykkt verða á því sviði sem tilskipun þessi nær til.

15. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 3. desember 1982.

Fyrir hönd ráðsins,

Ch. CHRISTENSEN

forseti.

I. VIÐAUKI

AÐFERÐ VIÐ FÖRGUN ÚRGANGS: LOSUN ÚT Í ANDRÚMSLOFTIÐ

Miðill	Til ákvörðunar		Hversu oft á úri sýnataka og greining skal fara fram	Athugasemdir
	skyldubundið	valkvætt		
Loft	Brennisteinsdíoxíð (SO_2) ([1]) Klór ([2])	Ryk	Samfellt	1. Svæði, þar sem fylgst er með loftmengun með hjálp núverandi eftirlitskerfis, þar sem að minnsta kosti ein stöð nálægt framleiðslustaðnum getur gefið marktækar niðurstöður um mengun sem stafar frá framleiðslustaðnum.
			12 ([3])	2. Svæði þar sem ekkert eftirlit fer fram. Mælingar á heildarmagni útblásturs frá framleiðslustað. Ef á staðnum eru margar uppsprettur mengunar má beita raðmælingum. Tilvísunaraðferð þeirri sem beitt er við mælingar á brennisteinsdíoxíði er lýst í III. viðauka tilskipunar ráðsins 80/779/EBE frá 15. júlí 1980 um viðmiðunarmörk og leiðbeiningarmörk fyrir loftgæði varðandi brennisteinsdíoxíð og svifryk (Stjtíð. EB nr. L 229, 30.8. 1980, bls. 30).

([1]) Ef súlfataðferðin er notuð við framleiðsluna.
([2]) Notist ef mælitækni gerir kleift að mæla stöðugt og ef klóraðferðinni er beitt.
([3]) Tölurnar verða að vera marktækar og gefa nægilega rétta mynd af ástandinu.

II. VIÐAUKI

AÐFERÐ VIÐ FÖRGUN ÚRGANGS: LOSUN Í SALTVATN
(í ármynni, við strendur, á hafi úti)

Miðill	Til ákvörðunar		Hversu oft á ári sýnataka og greining skal fara fram	Tilvísunaraðferð við mælingar
	skyldubundið	valkvætt		
Vatnssúla Ósíaður sjór (1)	Hiti (°C)		3	Hitamælingar. Mælingar eiga að fara fram á staðnum um leið og sýni eru tekin.
	Selta (prómill)		3	Leiðnimælingar.
	pH (pH-gildi)		3	Rafmælingar. Mælingar eiga að fara fram á staðnum um leið og sýni eru tekin.
	Uppleyst O_2 (mg/O_2 uppleyst/l)		3	— Aðferð Winklers. — Rafefnafræðileg aðferð.
	Grugg (mg föst efni/l) eða svifefni (mg/l)		3	Fyrir grugg: gruggmælingar. Fyrir svifefni: fellingarmælingar. — Vigtun eftir síun í gegnum himnu sem er 0,45 µm gljúp, þurrkað við 105 °C. — Vigtun eftir miðflóttaaflsskiljun (lágmark fimm mínútur, meðalhröðun 2 800 til 3 200 g), þurrkað við 105 °C.
	Fe (uppleyst og í sviflausn) (mg/l)		3	Eftir að sýnið hefur verið meðhöndlað á viðeigandi hátt, ákvörðun með frumeindagleypni- eða sameinda (ísogs) litrófsmælingu.
		Cr, Cd alls, Hg alls (mg/l)	3	— Frumeindagleypnilitrófsmæling. — Sameinda (ísogs) litrófsmæling.
	Ti (mg/l)	V, Mn, Ni, Zn (mg/l)	3	Frumeindagleypnilitrófsmæling.
		Cu, Pb (mg/l)	3	— Frumeindagleypnilitrófsmæling. — Spennumælingar.

(1) Aðildarríkin mega velja um það hvort ósíaður eða síaður sjór er greindur með tilliti til efnanna í dálknum „Til ákvörðunar".

Miðill	Til ákvörðunar		Hversu oft á ári sýnataka og greining skal fara fram	Tilvísunaraðferð við mælingar
	skyldubundið	valkvætt		
Sjór sem síaður er í gegnum himnu sem er 0,45 μm gljúp([1])	Uppleyst Fe (mg/l)		3	Ákvörðun með frumeindagleypni- eða sameinda (ísogs) litrófsmælingu..
		Cr, Cd, Hg (mg/l)	3	— Frumeindagleypnilitrófsmæling. — Sameinda (ísogs) litrófsmæling.
		Ti, V, Mn, Ni, Zn (mg/l)	3	Frumeindagleypnilitrófsmæling.
		Cu, Pb (mg/l)	3	— Frumeindagleypnilitrófsmæling. — Spennumælingar.
Svifagnir sem verða eftir við síun í gegnum himnu sem er 0,45 μm gljúp	Fe alls (mg/l)	Cr, Cd, Hg (mg/l)	3	— Frumeindagleypnilitrófsmæling. — Sameinda (ísogs) litrófsmæling.
		Ti, V, Mn, Ni, Zn (mg/l)	3	Frumeindagleypnilitrófsmæling.
		Cu, Pb (mg/l)	3	— Frumeindagleypnilitrófsmæling. — Spennumælingar.
	Hýdroxíð og járnhýdroxíð. (mg Fe/l)		3	Útdráttur sýnisins í viðeigandi súru umhverfi: Frumeindagleypni- eða sameinda (ísogs) litrófsmæling. Nota skal sömu aðferð við útdrátt sýru við öll sýni sem koma frá sama svæði.

([1]) Aðildarríkin mega velja um það hvort ósíaður eða síaður sjór er greindur með tilliti til efnanna undir liðnum „Til ákvörðunar".

Miðill	Til ákvörðunar		Hversu oft á ári sýnataka og greining skal fara fram	Athugasemdir
	skyldubundið	valkvætt		
Setlög Í efsta setlagi eins nálægt yfirborðinu og hægt er.	Alls Ti, Fe (mg/kg þurrt efni)	V, Cr, Mn, Ni, Cu, Zn, Cd, Hg, Pb (mg/kg þurrt efni)	1	Sömu aðferðir og þær sem beitt er til mælinga á vatnssúlum Eftir að sýnið hefur verið meðhöndlað á viðeigandi hátt (blaut eða þurr steingerving og hreinsun). Málminnihaldið skal mælt miðað við tiltekna kornstærð.
	Hýdroxíð og járnhýdroxíð (mg Fe/kg)		1	Sömu aðferðir og þær sem beitt er til mælinga á vatnssúlum.
Lífverur Tegundir sem eru dæmigerðar fyrir svæðið: Botnlægur fiskur og hryggleysingjar eða aðrar viðeigandi tegundir([1])	Ti, Cr, Fe, Ni, Zn, Pb (mg/kg blaut- og þurrvigtað)	V, Mn, Cu, Cd, Hg (mg/kg blaut- og þurrvigtað)	1	Frumeindagleypnilitrófsmæling eftir viðeigandi meðhöndlun á sýninu sem vera skal fínsaxað (blaut eða þurr steingerving og hreinsun). — Fiskur: Mæla skal málmana í vöðvavefum eða viðeigandi vefum. Sýnið skal samanstanda af að minnsta kosti 10 eintökum. — Lindýr og krabbadýr: Mæla skal málmana í kjötinu. Sýnið skal samanstanda af að minnsta kosti 50 eintökum.
Botnlæg dýr	Fjölbreytileg og hlutfallsleg gnægð.		1	Flokkun dæmigerðra tegunda miðað við eðli og magn þannig að fram komi fjöldi eintaka í sýni, þéttleiki og hve ríkjandi þær eru.
Svifdýr		Fjölbreytileiki og hlutfallsleg gnægð	1	Flokkun dæmigerðra tegunda miðað við eðli og magn þannig að fram komi fjöldi eintaka í sýni, þéttleiki og hve ríkjandi þær eru.
Plönturíki		Fjölbreytileiki og hlutfallsleg gnægð	1	Flokkun dæmigerðra tegunda miðað við eðli og magn þannig að fram komi fjöldi eintaka í sýni, þéttleiki og hve ríkjandi þær eru.
Einkum fiskur	Líffærameinafræðilegar vefskemmdir í fiskum		1	Skoðun á sýnum dæmigerðra tegunda sem tekin eru til efnagreiningar.

([1]) Tegundir sem eru dæmigerðar fyrir losunarsvæðið, einkum með tilliti til hve viðkvæmar þær eru fyrir því að efni safnist fyrir í þeim, t.d. Mytilus edulis, crangon crangon, flyðra, skarkoli (rauðspretta), þorskur, makríll, sæskeggur, síld, sólflúra (eða aðrar viðeigandi botnlægar tegundir).

III. VIÐAUKI

AÐFERÐ VIÐ FÖRGUN ÚRGANGS: LOSUN Í FERSKT YFIRBORÐSVATN

Miðill	Til ákvörðunar		Hversu oft á ári sýnataka og greining skal fara fram	Tilvísunaraðferð við mælingar
	skyldubundið	valkvætt		
Vatnssúla([1]) Ósíað ferskvatn	Hiti (°C)		3	Hitamælingar. Mælingar eiga að fara fram á staðnum um leið og sýni eru tekin.
	Leiðni við 20 °C (μS cm^{-1})		3	Rafmælingar.
	pH (pH-gildi)		3	Rafmælingar. Mælingar eiga að fara fram á staðnum um leið og sýni eru tekin.
	Uppleyst O_2 (mg/O_2 uppleyst/l)		3	— Aðferð Winklers. — Rafefnafræðileg aðferð.
	Grugg (mg föst efni/l eða svifefni (mg/l)		3	Fyrir grugg: gruggmælingar. Fyrir svifefni: fellingarmælingar. — Vigtun eftir síun í gegnum himnu sem er 0,45 μm gljúp, þurrkað við 105 °C. — Vigtun eftir miðflóttaaflsskiljun (lágmark fimm mínútur, meðalhröðun 2 800 til 3 200 g), þurrkað við 105 °C.

([1]) Sýni skulu tekin á sama tíma árs og 50 cm undir yfirboði vatnsins, ef hægt er.

Miðill	Til ákvörðunar		Hversu oft á ári sýnataka og greining skal fara fram	Tilvísunaraðferð við mælingar
	skyldubundið	valkvætt		
Ósíað ferskvatn (1)	Fe (uppleyst og í svillausn) (mg/l)		3	Eftir að sýnið hefur verið meðhöndlað á viðeigandi hátt, ákvörðun með frumeindagleypni- eða sameinda (ísogs) litrófsmælingu.
		Cr, Cd alls, Hg alls (mg/l)	3	— Frumeindagleypnilitrófsmæling. — Sameinda (ísogs) litrófsmæling.
	Ti (mg/l)	V, Mn, Ni, Zn (mg/l)	3	Frumeindagleypnilitrófsmæling.
		Cu, Pb (mg/l)	3	— Frumeindagleypnilitrófsmæling. — Spennumælingar.
Ferskvatn síað í gegnum himnu sem er 0,45 μm gljúp(1)	Uppleyst Fe (mg/l)		3	Frumeindagleypnilitrófs- eða sameinda (ísogs) litrófsmæling.
		Cr, Cd, Hg (mg/l)	3	— Frumeindagleypnilitrófsmæling. — Sameinda (ísogs) litrófsmæling.
		Ti, V, Mn, Ni, Sn (mg/l)	3	Frumeindagleypnilitrófsmæling.
		Cu, Pb (mg/l)	3	— Frumeindagleypnilitrófsmæling. — Spennumælingar.

(1) Aðildarríkin mega velja um það hvort ósíað eða síað vatn er greint með tilliti til efnanna í dálkinum „Til ákvörðunar".

Miðill	Til ákvörðunar		Hversu oft á ári sýnataka og greining skal fara fram	Tilvísunaraðferð við mælingar
	skyldubundið	valkvætt		
Svifagnir sem verða eftir við síun í gegnum himnu sem er 0,45 µm gljúp	Fe (mg/l)	Cr, Cd, Hg (mg/l)	3	— Frumeindagleypnilitrófsmæling. — Sameinda (ísogs) litrófsmæling.
		Ti, V, Mn, Ni, Zn (mg/l)	3	Frumeindagleypnilitrófsmæling.
		Cu, Pb (mg/l)	3	— Frumeindagleypnilitrófsmæling. — Spennumælingar.
	Hýdroxíð og járnhýdroxíð (mg Fe/l)		3	Útdráttur sýnisins í viðeigandi súru umhverfi: Frumeindagleypni- eða sameinda (ísogs) litrófsmæling. Nota skal sömu aðferð við útdrátt sýru við öll sýni sem koma frá sama svæði.
Setlög Í efsta setlagi eins nálægt yfirborðinu og hægt er.	Ti, Fe (mg/kg þurrt efni)	V, Cr, Mn, Ni, Cu, Zn, Cd, Hg, Pb (mg/kg þurrt efni)	1	Sömu aðferðir og þær sem beitt er til mælinga á vatnssúlum. Eftir að sýnið hefur verið meðhöndlað á viðeigandi hátt (blaut eða þurr steingerving og hreinsun). Málminnihaldið skal mælt miðað við tiltekna kornstærð.
	Hýdroxíð og járnhýdroxíð (mg Fe/kg)		1	Sömu aðferðir og þær sem beitt er til mælinga á vatnssúlum.
Lífverur Tegundir sem eru dæmigerðar fyrir svæðið.	Ti, Cr, Fe, Ni, Zn, Pb (mg/kg blaut- og þurrvigtað)	V, Mn, Cu, Cd, Hg (mg/kg blaut- og þurrvigtað)	1	Frumeindagleypnilitrófsmæling eftir viðeigandi meðhöndlun á sýninu sem vera skal fínsaxað (blaut eða þurr steingerving og hreinsun). — Fiskur: Mæla skal málmana í vöðvavefum eða viðeigandi vefum. Sýnið skal samanstanda af að minnsta kosti 10 eintökum. — Lindýr og krabbadýr: Mæla skal málmana í kjötinu. Sýnið skal samanstanda af að minnsta kosti 50 eintökum.

Miðill	Til ákvörðunar		Hversu oft á ári sýnataka og greining skal fara fram	Tilvísunaraðferð við mælingar
	skyldubundið	valkvætt		
Botnlæg dýr	Fjölbreytileg og hlutfallsleg gnægð.		1	Flokkun dæmigerðra tegunda miðað við eðli og magn þannig að fram komi fjöldi eintaka í sýni, þéttleiki og hve ríkjandi þau eru.
Svifdýr		Fjölbreytileg og hlutfallsleg gnægð.	1	Flokkun dæmigerðra tegunda miðað við eðli og magn þannig að fram komi fjöldi eintaka í sýni, þéttleiki og hve ríkjandi þau eru.
Plönturíki		Fjölbreytileg og hlutfallsleg gnægð.	1	Flokkun dæmigerðra tegunda miðað við eðli og magn þannig að fram komi fjöldi eintaka í sýni, þéttleiki og hve ríkjandi þau eru.
Einkum fiskur		Líffæramein af ræðilegar vefskemmdir í fiskum	1	Skoðun á sýnum dæmigerðra tegunda sem tekin eru til efnagreiningar.

IV. VIÐAUKI

AÐFERÐ VIÐ FÖRGUN ÚRGANGS: GEYMSLA OG LOSUN Á LANDI

Miðill	Til ákvörðunar		Hversu oft á ári sýnatöku og greiningar	Tilvísunaraðferð við mælingar
	skyldubundið	valkvætt		
1. Ósíað yfirborðsvatn umhverfis þann stað á svæðinu sem skaðast vegna geymslu, svo og á tilteknum punkti utan þessa svæðis (1) (2) (3) 2. Ósíað grunnvatn umhverfis staðinn, þar með talið útrennslisstaði ef með þarf (1) (2)	pH (pH-gildi)		1	Rafmælingar. Mælingar eiga að fara fram á staðnum um leið og sýni eru tekin.
	SO_4 (4) (mg/l)		1	— Fellingarmæling. — „Komplex-" títranir með EDTA-aðferð. — Sameinda (ísogs) litrófsmæling.
	Ti (5) (mg/l)	V, Mn, Ni, Zn (mg/l)	1	Frumeindagleypnilitrófsmæling.
	Fe (6) (mg/l)	Cr (mg/l)	1	— Frumeindagleypnilitrófsmæling. — Sameinda (ísogs) litrófsmæling.
	Ca (mg/l)		1	— Frumeindagleypnilitrófsmæling. — „Komplex-"títranir
		Cu, Pb (mg/l)	1	— Frumeindagleypnilitrófsmæling. — Spennumælingar.
	Cl (5) (mg/l)		1	Títrunarmælingar (aðferð Mohrs).
Umhverfi geymslu- og losunarstaðar.	Skoðun á: — landslagi og skipulagi staðarins — áhrifum á jarðvegsgrunn — vistfræði staðarins.		1	Aðferðir sem aðildarríkin ákveða.

(1) Sýni skulu tekin á sama tíma árs.
(2) Við eftirlit með yfirborðsvatni og grunnvatni skal hafa sérstaka gát á tilfærslu efnis með rennandi vatni frá svæðum þar sem úrgangur er geymdur.
(3) Sýni skulu tekin 50 cm undir yfirborði vatnsins ef hægt er.
(4) Skyldubundin ákvörðun ef geyma á eða losa úrgang sem fellur til við vinnslu súlfats.
(5) Skyldubundin ákvörðun ef geyma á eða losa úrgang sem fellur til við vinnslu klórs.
(6) Nær einnig til mælinga á Fe í síuðum vökva (svifagnir).

V. VIÐAUKI

AÐFERÐ VIÐ FÖRGUN ÚRGANGS: DÆLING OFAN Í JÖRÐINA

Miðill	Til ákvörðunar		Hversu oft á ári sýnataka og greining skal fara fram	Tilvísunaraðferð við mælingar
	skyldubundið	valkvætt		
1. Ósíað yfirborðsvatn umhverfis þann stað á svæðinu sem skaðast vegna dælingar 2. Ósíað grunnvatn umhverfis staðinn, þar með talið útrennslisstaði	pH (pH-gildi)		1	Rafmælingar. Mælingar eiga að fara fram á staðnum um leið og sýni eru tekin.
	SO_4 (1) (mg/l)		1	— Þyngdarmæling. — „Komplex-" títranir með EDTA-aðferð. — Sameinda (ísogs) litrófsmæling.
	Ti (2) (mg/l)	V, Mn, Ni, Zn (mg/l)	1	Frumeindagleypnilitrófsmæling.
	Fe (3) (mg/l)	Cr (mg/l)	1	— Frumeindagleypnilitrófsmæling. — Sameinda (ísogs) litrófsmæling.
	Ca (mg/l)		1	— Frumeindagleypnilitrófsmæling. — „Komplex-" títranir.
		Cu, Pb (mg/l)	1	— Frumeindagleypnilitrófsmæling. — Spennumælingar.
	Cl (2) (mg/l)		1	Títrunarmælingar (aðferð Mohrs).
Umhverfi Landslag	Stöðugleiki jarðvegs		1	Eftirlit með hjálp ljósmyndunar og staðfræðirannsókna.
	Gegndræpi Gljúpleiki		1	Tilraunadæling. Skrásetning borhola.

(1) Skyldubundin ákvörðun ef úrgangi sem fellur til við vinnslu súlfats er dælt ofan í jörðina.
(2) Skyldubundin ákvörðun ef úrgangi sem fellur til við vinnslu klórs er dælt ofan í jörðina.
(3) Nær einnig til mælinga á Fe í síuðum vökva (svifagnir).

Fylgiskjal III.

TILSKIPUN RÁÐSINS

frá 24. janúar 1983

um breytingu á tilskipun 78/176/EBE um úrgang frá títandíoxíðiðnaði

(83/29/EBE)

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 100. og 235. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af áliti Evrópuþingsins [1],

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndarinnar [2],

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Framkvæmdastjórninni hefur reynst erfitt að leggja fram tillögur við hæfi, innan frests þess sem settur er í 3. mgr. 9. gr. tilskipunar 78/176/EBE [3], varðandi samhæfingu áætlana um að draga jafnt og þétt úr mengun. Því þarf að framlengja frestinn.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Í 3. mgr. 9. gr. tilskipunar 78/176/EBE breytist klausan „Áætlanirnar sem um getur í 1. mgr. skulu sendar framkvæmdastjórninni eigi síðar en 1. júlí 1980 svo henni verði kleift að leggja viðeigandi tillögur fyrir ráðið, innan sex mánaða frá því að henni hafa borist áætlanir allra þjóðanna..." í „Eigi síðar en 1. júlí 1980 skulu áætlanirnar sem um getur í 1. mgr. sendar framkvæmdastjórninni, en hún skal leggja viðeigandi tillögur fyrir ráðið fyrir 15. mars 1983...".

2. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 24. janúar 1983.

Fyrir hönd ráðsins,

H.W. LAUTENSCHLAGER

forseti.

([1]) Stjtíð. EB nr. C 292, 8. 11. 1982, bls. 101.
([2]) Stjtíð. EB nr. C 326, 13. 12. 1982, bls. 1.
([3]) Stjtíð. EB nr. L 54, 25. 2. 1978, bls. 19.

REGLUGERÐ

um starfsháttu barnaverndarráðs.

1. gr.

Hlutverk barnaverndarráðs.

Barnaverndarráð fer með úrskurðarvald í þeim málum, sem skotið er til þess, skv. lokamálslið 2. mgr. 3. gr. og 1. mgr. 49. gr. laga nr 58/1992 um vernd barna og ungmenna.

2. gr.

Aðild að málskoti.

Foreldrar barns, forráðamenn þess og aðrir þeir, sem barninu eru nákomnir geta skotið úrskurði barnaverndarnefndar til fullnaðarúrskurðar barnaverndarráðs.

Félagsmálaráðuneytið getur skotið máli til endanlegs úrskurðar barnaverndarráðs verði það þess áskynja að barnaverndarnefnd hafi kveðið upp úrskurð andstæðan lögum.

3. gr.

Málskotsfrestur.

Málskot skal hafa borist barnaverndarráði innan fjögurra vikna frá því að viðkomandi var kunnugt um úrskurð barnaverndarnefndar.

Barnaverndarráð eða starfsmenn þess skulu veita þeim, sem til þess leita, alla nauðsynlega aðstoð og leiðbeiningar varðandi málskot.

4. gr.

Réttaráhrif málskots.

Málskot til barnaverndarráðs frestar ekki framkvæmd úrskurðar barnaverndarnefndar.

Barnaverndarráð skal svo fljótt sem auðið er frá því að kæra berst að eigin frumkvæði eða að beiðni aðila, taka afstöðu til þess hvort aðstæður séu það sérstakar að fresta beri framkvæmd úrskurðar barnaverndarnefndar þar til endanlegur úrskurður barnaverndarráðs er kveðinn upp.

5.gr.

Ályktunarhæfi barnaverndarráðs.

Barnaverndarráð er ályktunarfært ef allir ráðsmenn sitja fund og tveir þeirra fylgjast að máli. Varamaður tekur sæti ef ráðsmaður hefur boðað forföll eða er vanhæfur, sbr. 6. gr.

6. gr.

Vanhæfi.

Um vanhæfi ráðsmanna til meðferðar einstakra mála gilda ákvæði 5. gr. laga um meðferð einkamála í héraði nr. 91/1991 eftir því sem við getur átt. Sama gildir um starfsmenn barnaverndarráðs.

7. gr.

Rannsóknarskylda – gagnaöflun.

Barnaverndarráð skal sjá til þess að mál sé nægjanlega upplýst áður en það kveður upp úrskurð sinn, sbr, nánar 43. gr. laga nr. 58/1992.

Barnaverndarráð getur mælt fyrir um formlegan málflutning fyrir ráðinu.

8. gr.

Afhending gagna.

Barnaverndarráð skal með nægilegum fyrirvara hafa frumkvæði að því að láta aðilum í té afrit af öllum skriflegum gögnum máls.

Barnaverndarráði er þó heimilt að ákveða með rökstuddum úrskurði að tiltekin gögn skuli ekki afhent. Á það einkum við í þeim tilvikum þegar raunveruleg hætta telst vera fyrir hendi vegna hagsmuna barns eða vegna sambands þess og foreldra, að aðilar fái þau í hendur, svo sem skýrslur sérfræðinga, sem byggjast á upplýsingum er þeir hafa aflað í samtölum við börn eða gögn með upplýsingum sem ætla má að reynst gætu hættulegar aðila sjálfum eða öðrum. Í þessum tilvikum ber þó ætíð að hafa að leiðarljósi meginregluna, sbr. 1. mgr. um rétt aðila til aðgangs að gögnum.

Einnig er barnaverndarráði heimilt á sama hátt að úrskurða að aðilar geti kynnt sér gögn án þess að þau verði afhent.

9. gr.

Leiðbeiningarskylda.

Barnaverndarráði ber, áður en það kveður upp úrskurð sinn, að leiðbeina foreldrum eða öðrum forráðamönnum barns eða ungmennis um réttarstöðu þeirra samkvæmt lögum um vernd barna og ungmenna.

10. gr.

Andmælaréttur aðila .

Málsaðilum skal veittur kostur á að tjá sig um málið fyrir barnaverndarráði, munnlega eða skriflega, þ.á m. með liðsinni lögmanna.

11. gr.

Andmælaréttur barns.

Að jafnaði ber að veita barni kost á að tjá sig um mál og er það skylt ef mál varðar barn 12 ára eða eldra.

Þegar sérstaklega stendur á getur barnaverndarráð skipað barni eða ungmenni talsmann.

12. gr.

Málshraði.

Barnaverndarráði ber að taka mál, sem skotið er til úrskurðar þess, til skjótrar meðferðar og úrlausnar. Að jafnaði skal barnaverndarráð kveða upp fullnaðarúrskurð innan sex mánaða frá því að málinu var skotið til ráðsins.

13. gr.

Niðurstaða úrskurðar.

Barnaverndarráð getur metið að nýju bæði lagahlið málsins og sönnunargögn þess. Það getur ýmist staðfest úrskurð barnaverndarnefndar að niðurstöðu til eða hrundið honum að nokkru eða öllu, þar á meðal mælt fyrir um aðrar ráðstafanir en barnaverndarnefnd hefur ákveðið. Þá getur ráðið einnig vísað málinu til hlutaðeigandi barnaverndarnefndar til meðferðar að nýju, svo og aflað gagna sjálft eða fyrir atbeina barnaverndarnefnda eða með öðrum hætti ef því er að skipta.

14. gr.

Form og efni úrskurðar.

Úrskurðir barnaverndarráðs skulu vera skriflegir og rökstuddir. Þeir skulu undirritaðir í tveimur samhljóða eintökum. Annað eintakið skulu aðilar fá. Hitt skal varðveitt með tryggilegum hætti hjá barnaverndarráði.

Í úrskurði skal greina eftirfarandi atriði á stuttan og glöggan hátt:

1. Nöfn aðila og kennitölu.
2. Nafn barns/barna og kennitölu.
3. Kröfur aðila.
4. Málavexti og forsendur.
5. Rökstuðning fyrir niðurstöðu máls.
6. Niðurstöðu, er skal draga saman í lok úrskurðar í sérstakt úrskurðarorð.

Með úrskurði skal fylgja yfirlit um öll þau gögn sem hann byggir á.

15. gr.

Birting úrskurða.

Úrskurð skal tilkynna aðila máls með ábyrgðarbréfi eða á annan jafntryggilegan hátt.

16. gr.

Afhending úrskurða.

Barnaverndarráði er óheimilt að afhenda úrskurð öðrum en aðilum máls eða lögmönnum þeirra og barnaverndarnefnd þeirri sem kvað upp hinn kærða úrskurð.

Þó má láta talsmanni barns, hafi hann verið skipaður, í té afrit úrskurðar, svo og öðrum þeim sem starfs síns vegna hafa hlutverk við að fullnægja úrskurðinum. Ennfremur geta opinberir aðilar, eftir skriflega rökstuddri beiðni, fengið afrit úrskurðar, ef nauðsyn þykir bera til.

17. gr. *Valdbeiting.*

Beri brýna nauðsyn til að beita valdi við að hrinda úrskurði barnaverndarráðs í framkvæmd heyrir slík valdbeiting undir lögreglustjóra/sýslumann. Fulltrúi barnaverndarráðs eða hlutaðeigandi barnaverndarnefndar skal ávallt vera viðstaddur ef til slíkra ráðstafana þarf að grípa í þeim tilgangi að gæta hagsmuna þess barns sem í hlut á.

18. gr.

Skýrsla til félagsmálaráðuneytis.

Barnaverndarráð skal fyrir 1. febrúar ár hvert gefa félagsmálaráðuneytinu skýrslu um starfsemi sína á liðnu ári.

19. gr.

Starfsmenn barnaverndarráðs.

Barnaverndarráð skal hafa sérhæfða starfsmenn í þjónustu sinni og annað starfsfólk eftir þörfum. Þar skal starfa framkvæmdastjóri er fari með umboð til að rækja dagleg störf ráðsins.

Þess skal jafnan gætt að til staðar sé lagaleg, sálfræðileg og félagsleg þekking hjá þeim sem starfa að þeim málum, sem barnaverndarráð fær til úrlausnar.

Heimilt er barnaverndarráði að leita álits utanaðkomandi sérfræðinga þegar ástæða þykir til.

20. gr.
Þagnarskylda.

Barnaverndarráðsmenn og starfsmenn á vegum þeirra njóta réttinda og bera skyldur opinberra starfsmanna. Þeim ber að sýna börnum og ungmennum, er þeir fjalla um mál þeirra, fulla nærgætni og mega ekki skýra óviðkomandi mönnum frá því sem þeir verða vísir í starfa sínum um einkamál manna og heimilisháttu.

Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

21. gr.
Fundarboðun.

Formaður, eða framkvæmdastjóri í umboði hans, skal boða fund hjá barnaverndarráði með hæfilegum fyrirvara. Skylt er að boða til fundar ef meirihluti ráðsmanna krefst þess.

Ráðsmaður skal svo fljótt sem auðið er tilkynna formanni (framkvæmdastjóra) um forföll og boðar þá formaður (framkvæmdastjóri) varamann hans.

22. gr.
Fundarhöld.

Fundir barnaverndarráðs skulu að jafnaði haldnir fyrir luktum dyrum. Ráðið getur kvatt á sinn fund starfsmenn og fulltrúa barnaverndarnefndar ásamt þeim sérfræðingum sem þörf krefur hverju sinni.

23. gr.
Fundargerðarbók.

Barnaverndarráð skal halda fundargerðarbók. Í henni skal getið, hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji hann. Víki einhver af fundi skal það skráð í gerðarbók.

Í upphafi hvers fundar skal leggja fram fundargerð síðasta fundar og skrá í fundargerðarbók hvort hún hafi verið samþykkt óbreytt eða breytingar gerðar á henni.

Skrá skal mál, sem tekið er fyrir á hverjum fundi, númer þess og fylgiskjala , nöfn aðila og meginefni máls og hvaða afgreiðslu það fær hverju sinni. Sé mál ekki afgreitt samhljóða skal þess getið í fundargerð.

Þá ber og að skrá í fundargerðarbók hvaða önnur gögn eru lögð fram í máli og númer þeirra, sbr. bréfabók barnaverndarráðs.

Í gerðarbók skal getið allra krafna, sem ekki koma fram í skriflegum og framlögðum gögnum, svo og breytingar á kröfugerð.

Óski einhver fundarmanna að færð verði til bókar stutt yfirlýsing/athugasemd af hans hálfu skal það gert og skal síðan lesa bókunina upphátt fyrir viðstadda og hún staðfest af hlutaðeigandi.

Kveði barnaverndarráð upp úrskurð á fundi sínum, skal færa úrskurðarorðið í heild sinni í fundargerð. Undirritaður úrskurður skal varðveittur í skjalasafni ráðsins.

Í lok fundar ber ráðsmönnum að undirrita fundargerð þess fundar.

24. gr.
Málaskrá.

Barnaverndarráð skal halda skrá yfir þau mál, sem því berast til úrskurðar. Í málaskrá skal færa eftirtalin atriði:

1. Númer máls.
2. Móttökudag þess.
3. Eldra númer þess hafi það borist ráðinu áður.
4. Nöfn málsaðila, heimilisfang og kennitölu.

5. Nöfn barna og kennitölu.
6. Málskotsaðila og dagsetningu málskots.
7. Barnaverndarnefnd sem kvað upp hinn kærða úrskurð og dagsetningu hans.
8. Lyktir máls og dagsetningu.

Ef málaskrá er í tölvutæku formi skal með reglulegu millibili taka öryggisafrit af skránni.

25. gr.

Skráning skjala.

Öll skjöl mála, sem barnaverndarráð fær til umfjöllunar, skal merkja í bréfabók. Í þeirri merkingu skal tilgreina eftirtalin atriði:

1. Númer máls.
2. Móttökudag og númer skjals.
3. Eldra númer máls hafi það verið til umfjöllunar fyrir barnaverndarráði áður.
4. Nafn bréfritara.
5. Stofnun sem bréf kemur frá ef því er að skipta.
6. Efni skjals í stuttu máli.

Þeirri reglu skal fylgt að merkja aðalbréf með hlaupandi töluröð í þeirri röð sem þau berast, 1, 2 o.s.frv. Fylgiskjöl með þeim bréfum skal merkja í áframhaldandi töluröð út frá aðalbréfi 1.1, 1.2; 2.1, 2.2 o.s.frv.

Sömu atriði eiga við um útsend bréf barnaverndarráðs.

Félagsmálaráðuneytið, 20. janúar 1994.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Húnbogi Þorsteinsson.

27. janúar 1994 Nr. 50

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 579/1989 um búfjármörk, markaskrár og takmörkun á sammerkingum búfjár, sbr. breytingu með rg. nr. 410/1992.

1. gr.

3. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 579/1989, sbr. breytingu með rg. nr. 410/1992, falli brott.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 6 21. mars 1986 um afréttarmálefni, fjallskil o.fl. og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytið, 27. janúar 1994.

Halldór Blöndal.

Jón Höskuldsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 89, 2. mars 1992, um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins.

1. gr.

4. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Eigendur fiskiskipa 10 brl. og stærri skulu greiða gjald til Hagræðingarsjóðs. Skal gjaldið á árinu 1994 nema 975 kr. af hverri brúttórúmlest en þó skal gjaldið aldrei vera hærra en 293.000 kr. fyrir hvert skip og er það fallið í gjalddaga fyrir árið 1994. Gjaldið skal greiðast án tillits til þess hvort skipi er haldið til veiða eða ekki. Liggi brúttórúmlestamæling skips ekki fyrir skal miða gjaldið við brúttótonn.

Gjald skv. 1. mgr. skal innheimt gegnum greiðslumiðlunarkerfi sjávarútvegsins og skal hluti þess fjár, sem greiðist inn á vátryggingarreikning skips, skv. 2. tl. 7. gr. laga nr. 24/1986, ganga til greiðslu gjaldsins. Skal Landssamband íslenskra útvegsmanna mánaðarlega skila þessum hluta til Hagræðingarsjóðs uns fullnaðarskil vegna viðkomandi almanaksárs hafa verið gerð.

Sé gjald ekki greitt fyrir lok álagningarárs skal greiða í Hagræðingarsjóð dráttarvexti af því sem gjaldfallið er, skv. ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma, sbr. III. kafla vaxtalaga, nr. 25/1987, með síðari breytingum. Lögveð er í skipum fyrir hagræðingarsjóðsgjaldi.

2. gr.

1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Sjóðurinn veitir eingöngu styrki vegna úreldingar þeirra skipa sem gjaldskyld eru skv. 1. mgr. 4. gr. Skal úreldingarstyrkurinn vera 30% af húftryggingarverðmæti fiskiskips eins og það var við upphaf þess almanaksárs er umsókn um styrkinn barst. Liggi húftryggingarverðmæti ekki fyrir skal stjórn sjóðsins ákveða þá viðmiðun, sem hún telur eðlilega. Á árinu 1994 skal úreldingarstyrkur þó aldrei vera hærri fjárhæð en 61.246.000 kr. fyrir hvert skip.

3. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með heimild í lögum nr. 65, 26. júní 1992, um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytið, 17. janúar 1994.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 10 – 1994

28. janúar 1994 205 Nr. 52

GJALDSKRÁ

um sorphirðu í Garðabæ árið 1994.

1. gr.

Af öllu íbúðarhúsnæði í lögsagnarumdæmi Garðabæjar sem virt er fasteignamati skal greiða sorphirðugjald árið 1994.

2. gr.

Eigendur annarra fasteigna sem virtar eru fasteignamati og ekki annast sorphirðu sjálfir fá sérmerkta sorppoka gegn gjaldi sem er kr. 130 á poka og innifelur það kostnað við sorphirðu (sorphreinsun og sorpeyðingu).

3. gr.

Sorphirðugjald á aðrar fasteignir fellur niður enda annast eigendur sjálfir alla sorphirðu.

4. gr.

Sorphirðugjald greiðist til bæjarsjóðs Garðabæjar og skulu gjalddagar þess vera hinir sömu og gjalddagar fasteignagjalda.

5. gr.

Sorphirðugjald skal vera kr. 6 200.

6. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Garðabæjar er hér með staðfest samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til að öðlast gildi nú þegar.

Umhverfisráðuneytið, 28. janúar 1994.

F. h. r.
Magnús Jóhannesson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

B 15
Steindórsprent Gutenberg hf.

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Rangárvallahreppi fyrir árið 1994.

1. gr.

Gjald fyrir sorphirðu (sorphreinsun og sorpeyðingu) í Rangárvallahreppi, sbr. samþykkt nr. 344/1987 um sorphreinsun á Hellu, fyrir árið 1994 skal vera sem hér segir og innheimtast með fasteignagjöldum:

a) Íbúðir í þéttbýli	kr. 7 000	
b) Íbúðir í dreifbýli	kr. 3 500	
c) Sumarhús	kr. 2 950	
d) Fyrirtæki sem losað er frá	kr. 7 000	(einn poki á viku)
e) Fyrirtæki með gáma, eyðingargjald	kr. 26 000	

Gjalddagar eru sömu og fasteignagjalda.

2. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samin og samþykkt af hreppsnefnd Rangárvallahrepps er hér með staðfest samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Umhverfisráðuneytið, 27. janúar 1994.

F. h. r.
Magnús Jóhannesson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

Nr. 54 27. janúar 1994

REGLUGERÐ

um skiptingu rekstrarkostnaðar Húsnæðisstofnunar ríkisins.

1. gr.

Rekstrarkostnaður Húsnæðisstofnunar ríkisins skal færður á viðkomandi sjóði sem stofnunin rekur, þ.e. Byggingarsjóð ríkisins, Byggingarsjóð verkamanna og húsbréfadeild.

Launum og öðrum starfsmannakostnaði, húsnæðiskostnaði og afskriftum fastafjármuna skal skipta eftir fjölda starfsmanna hvers sjóðs.

Öðrum rekstrarkostnaði skal skipta eftir heildareign hvers sjóðs, í lok reikningsárs, að frádregnum lánveitingum milli þeirra.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 117. gr. laga nr. 97/1993 um Húsnæðisstofnun ríkisins, sbr. 2. mgr. 3. gr., öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 27. janúar 1994.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Húnbogi Þorsteinsson.

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu á Ísafirði.

1. gr.

Bæjarstjórn Ísafjarðar er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald).

2. gr.

Gjaldið er árlega sem hér greinir:

A) Íbúðir, íbúðarhúsnæði . . . . . Sorphirðugjald kr. 7 000 á íbúð.
Gjaldið skal innheimta með fasteignagjöldum.

B) Fyrirtæki, stofnanir, félög og aðrir sambærilegir lögaðilar.
Sorpeyðingargjald miðast við magn úrgangs og er samkvæmt eftirfarandi flokkum:

Flokkur 1	Sorpeyðingargjald	kr. 0
Flokkur 2	Sorpeyðingargjald	kr. 17 500
Flokkur 3	Sorpeyðingargjald	kr. 25 000
Flokkur 4	Sorpeyðingargjald	kr. 75 000
Flokkur 5	Sorpeyðingargjald	kr. 125 000
Flokkur 6	Sorpeyðingargjald	kr. 175 000

Bæjarstjórn skipar aðilum í flokka.

Aðilar skulu sjálfir sjá um að koma úrgangi á móttökustað.

Óski aðilar eftir að sorphreinsun kaupstaðarins sjái um hreinsun húsasorps skulu þeir greiða kr. 3 000 fyrir hvert ílát (sorppoka).

Gjalddagar eru tveir, 5. apríl og 5. október. Dráttarvextir reiknast 30 dögum eftir gjalddaga.

3. gr.

A) Eyðing á brennanlegu sorpi fyrir önnur sveitarfélög og aðila utan Ísafjarðarkaupstaðar . . . . . 12 kr/kg

B) Móttaka spilliefna frá öðrum sveitarfélögum og aðilum utan Ísafjarðarkaupstaðar . . . . . 100 kr/kg

C) Heimilt er að innheimta fyrir urðun á rækjuskel og öðrum stoðgrindum hryggleysingja sem svarar áætluðum urðunarkostnaði sem bæjarstjórn hefur samþykkt.

4. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að veita afslátt frá ofangreindri gjaldskrá.

5. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Ísafjarðar, er hér með staðfest samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Umhverfisráðuneytið, 28. janúar 1994.

F. h. r.
Magnús Jóhannesson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

GJALDSKRÁ

um hreinsun taðþróa í hesthúsahverfinu við Kjóavelli í Garðabæ árið 1994.

1. gr.

Af öllum hesthúsum í hesthúsahverfinu við Kjóavelli skal greiða taðþróargjald árið 1994.

2. gr.

Taðþróargjald skal vera kr. 52 000 á hvert hús.

3. gr.

Taðþróargjald skal greiða til bæjarsjóðs Garðabæjar og skulu gjalddagar þess vera hinir sömu og gjalddagar fasteignagjalda.

4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Garðabæjar, sbr. 4. gr. samþykktar nr. 439/1991 um notkun og hreinsun taðþróa við hesthús í hesthúsahverfinu við Kjóavelli, staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til að öðlast gildi nú þegar.

Umhverfisráðuneytið, 28. janúar 1994.

F. h. r.
Magnús Jóhannesson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

Nr. 57 31. janúar 1994

REGLUGERÐ

um gerð og búnað reiðhjóla.

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um reiðhjól sem notuð eru í almennri umferð á akbraut, gangstétt, gangstíg eða hjólreiðastíg.

2. gr.

Almennar reglur.

Reiðhjól skal þannig gert, sett saman, búið og haldið við að það þoli það álag sem hlýst af venjulegri notkun þess og nota má án þess að valda óþarfa hættu eða óþægindum.

Reiðhjól skal á augljósan og varanlegan hátt merkt framleiðanda hjólsins og framleiðslunúmeri. Því skulu fylgja leiðbeiningar á íslensku um réttar stillingar og viðhald á öryggisbúnaði. Yfirlýsing skal fylgja frá framleiðanda hjólsins um aflfræðilega eiginleika þess og skal hún studd tilvitnun í viðurkennda staðla og/eða vottorðum um prófanir.

3. gr.

Hemlar.

Reiðhjól skal hafa a.m.k. tvo sjálfstæða hemla sem hafa þannig yfirfærslu að hægt sé að stöðva hjólið á öruggan, virkan og skjótan hátt. Annar hemillinn skal virka á framhjól en hinn á afturhjól.

Yfirfærslubúnaður (handfang eða fótstig) skal verka óháð hvor öðrum. Búnaðinn skal vera hægt að nota þótt hjólreiðamaður hafi báðar hendur á stýri.

4. gr.

Ljós og glitmerki.

Reiðhjól skal búið rauðu þríhliða glitmerki að aftan og hvítu að framan. Á báðum hliðum fótstigs skulu vera hvít eða gul glitmerki. Gul eða hvít glitmerki skulu vera í teinum hjólsins.

Reiðhjól sem notað er í myrkri eða skertu skyggni skal búið ljóskeri að framan sem lýsir hvítu eða gulu ljósi og ljóskeri að aftan sem lýsir rauðu ljósi. Ljóskerin skulu vera fest við hjólið.

Ljóskerið að framan skal lýsa nægilega vel án þess að valda glýju.

5. gr.

Þjófnaðarvörn.

Á reiðhjóli skal vera búnaður sem gerir kleift að læsa því örugglega.

6. gr.

Keðjuhlíf.

Yfir keðju og/eða drifbúnaði sem hætta er á að fatnaður hjólreiðamanns festist í skal vera örugg hlíf.

7. gr.

Hljóðmerki.

Reiðhjól skal hafa bjöllu. Óheimilt er að nota annan hljóðmerkjabúnað.

8. gr.

Búnaður til að reiða barn.

Ef reiðhjól er ætlað til að reiða barn sem farþega skal búnaður til þeirra nota vera traustur, öruggur og af viðurkenndri gerð. Stóll sem ætlaður er til að flytja í barn skal vera með beltum og örugg hlíf skal vera fyrir fætur barnsins.

9. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 60. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, öðlast gildi 1. mars 1994. Jafnframt fellur úr gildi VIII. kafli reglugerð um gerð og búnað ökutækja, nr. 51 15. maí 1964.

Ákvæði til bráðabirgða.

Reiðhjól sem tekin hafa verið í notkun fyrir gildistöku reglugerðarinnar skulu frá 1. maí 1994 búin samkvæmt reglugerð þessari.

Nægilegt er þó að reiðhjól sem tekin hafa verið eða tekin verða í notkun fram til 1. janúar 1995 séu búin einum traustum hemli sem virkar á afturhjól.

Ákvæði 2. mgr. 2. gr., 3. gr. og 6. gr. gilda einungis um ný reiðhjól sem afhent eru nýjum eiganda eftir 1. janúar 1995.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 31. janúar 1994.

Þorsteinn Pálsson.

Ólafur W. Stefánsson.

REGLUR

um endurgreiðslu sjúkratrygginga á tannlækningakostnaði vegna alvarlegra afleiðinga meðfæddra galla, sjúkdóma og slysa.

1. gr.

1. Reglur þessar varða endurgreiðslu sjúkratrygginga Tryggingastofnunar ríkisins á meðferðarkostnaði vegna tannaðgerða vegna slysa og tannaðgerða vegna alvarlegra einkenna staðbundinna og kerfisbundinna sjúkdóma, meinsemda og meðfædds vanskapnaðar í mjúkum og hörðum vefjum tyggingarfæra.
2. Endurgreiðsla á meðferðarkostnaði ákvarðast af vanhæfni tyggingarfæra sjúklingsins, útlitslýtum og batahorfum. Hundraðshluti endurgreiðslu er 75% af gildandi gjaldskrá Tryggingastofnunar ríkisins á hverjum tíma fyrir börn og unglinga, sem hafið hafa meðferð fyrir 17 ára aldur en 50% af sömu gjaldskrá fyrir aðra aldurshópa.
   Tryggingaráði er heimilt að hækka greiðsluhlutfallið fyrir þá einstaklinga, sem njóta tekjutrygginga almannatrygginga í allt að 100% svo og fyrir þá einstaklinga sem vegna efnaleysis bera ekki þennan kostnað að mati tryggingaráðs.
   Umsækjandi sækir um endurgreiðslu á eyðublaði sem Tryggingastofnun ríkisins leggur til.
3. Réttur hins tryggða til endurgreiðslu vegna meðfæddra staðbundinna tanngalla fellur niður, hafi ekki verið sótt um endurgreiðslur fyrir 31 árs aldur hans.
4. Komi fram rökstudd ábending frá tannlækni um endurnýjun á meiriháttar tannaðgerð, sem stofnað var til vegna sjúkdóms eða afleiðinga meðferðar við sjúkdómi, meðfædds vanskapnaðar eða slysaáverka, er Tryggingastofnun ríkisins heimilt að taka þátt í kostnaði við endurnýjun aðgerðarinnar sbr. tl. 2.
5. Aðgerðir sem beitt er við tannlækningar, skulu færðar á reikning skv. gildandi gjaldskrá Tryggingastofnunar ríkisins á hverjum tíma og tilheyrandi taxtaskýringum. Aðgerðar- og smíðaefni tannlækna skal vera viðurkennt af NIOM (Nordisk Institutt for Odontologisk Materialprövning) og samþykkt af samstarfsnefnd Tryggingastofnunar ríkisins og Tannlæknafélags Íslands þegar það á við. Til endurgreiðslu tannplanta getur einungis komið skv. ákvæðum 5. gr.

2. gr.

Sjúkratryggingar endurgreiða sbr. 2. tl. 1. gr. kostnað við tannlækningar í eftirtöldum tilvikum, enda sé um að ræða alvarlegar afleiðingar meðfæddra galla og sjúkdóma:

1. Aðgerðir fortannlækninga/almennar og sérhæfðar aðgerðir, sem skoðast hluti af heildarlæknismeðferð við alvarlegum og/eða illkynjuðum sjúkdómum.
2. Aðgerð við meðfæddu og/eða áunnu misræmi kúpu og kjálka og rangstöðu tanna, sem leiðir til grófrar tannskekkju og/eða sjúklegra breytinga í kjálkabeinum/kjálkaliðum/tyggingarvöðum.
3. Aðgerðir við meðfæddri tannvöntun og oftenni; staðbundnu eða kerfisbundu.
4. Aðgerðir við vansköpuðum tönnum og rangstæðum tönnum.
5. Aðgerðir við staðbundum eða dreifðum glerungs- og/eða tannbeinsgöllum og mislitun tanna.
6. Aðgerð við eyðingu tannkróna af völdum sýru frá súrum maga og/eða aukins sýrustigs munnvatns.

3. gr.

Sjúkratryggingar endurgreiða allt að 50% af kostnaði við tannlækningar vegna smíða brenndra og steyptra tanngerva hjá börnum og unglingum 16 ára og yngri vegna annarra tilefna en tilgreind eru í 1. tl. 1. gr. Í tilvikum, þegar fresta þarf aðgerð vegna vanþroska tanna, ber að sækja um frestun fyrir 17 ára aldur.

4. gr.

Sjúkratryggingar endurgreiða sbr. 2. tl. 1. gr. tannlækningakostnað við meðferð alvarlegra áverka af völdum slysa á tönnum/tannvegi/kjálkum/mjúkvefjum munns og/eða andlitsbeinum svo sem hér greinir:

1. Með slysi er átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur áverka á tönnum/tannvegi/kjálkum/mjúkvefjum munns og/eða andlitsbeinum. Áverki, sem orsakast af völdum sjúkdóms (t.d. flogaveiki), telst einnig vera vegna slyss.
2. Tekinn er þáttur í kostnaði við meðferð alvarlegra áverka af völdum slysa að því leyti sem 27. gr. og 37. gr. laga um almannatryggingar nr. 117/1993 með síðari breytingum taka ekki til og/eða að því leyti sem skaðabætur þriðja aðila fást ekki greiddar:
   2.1. á börnum og unglingum 16 ára og yngri í leik, námi og starfi;
   2.2. á öðrum sjúkratryggðum, enda hafi slysið ekki orðið vegna ásetnings eða stórkostlegs gáleysis hans.

5. gr.

Sjúkratryggingum er heimilt að endurgreiða tannlækningakostnað við tannplantaaðgerðir vegna tilvika sem falla undir 2. - 4. gr., sbr. 1. gr., svo sem hér greinir:

1. Kosið er að beita tannplöntum í stað hefðbundinna aðgerða og er þá endurgreiðslufjárhæð í báðum þessum tilvikum hin sama.
2. Gert er að stærri eða meiriháttar vanskapnaði og sambærilegum áunnum lýtum og slysaáverkum, þegar sýnt þykir, að viðunandi mælanlegur árangur náist þá aðeins, að tannplantar séu notaðir, enda séu aðrir möguleikar hefðbundinna aðgerða áður kannaðir.

6. gr.

Reglur þessar eru settar að fengnum tillögum tryggingaráðs skv. c-lið 1. mgr. 33. gr. og 3. tl. 2. mgr. 37. gr. laga um almannatryggingar nr. 117/1993 með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 26. janúar 1994.

Guðmundur Árni Stefánsson.

Páll Sigurðsson.

4. febrúar 1994 Nr. 59

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Ytri-Torfustaðahrepps.

I. KAFLI.

1. gr.

Hitaveita Ytri-Torfustaðahrepps selur afnot hitaorku úr hitaveitukerfum þeim sem gerð hafa verið eða verða gerð á Laugarbakka eftir þeim reglum sem settar eru í gjaldskrá þessari, sbr. og reglugerð fyrir Hitaveitu Ytri-Torfustaðahrepps staðfesta af iðnaðarráðuneyti 29. september 1986.

2. gr.

Hitaveita Ytri-Torfustaðahrepps lætur hverju húsi sem er í sambandi við vatnsæðar hennar í té vatnsmagn er ætla má að nægi til hitunar á húsinu, enda séu ofnar hússins nægilega stórir að dómi hitaveitustjóra.

3. gr.

Vatnsmagn það sem látið er í té samkvæmt 1. og 2. gr. er afhent notanda um rennslismæli sem hitaveitan leggur til og annast viðhald á. Mælir þessi skal innsiglaður og er húseiganda/notanda með öllu óheimilt að rjúfa innsigli mælisins.

II. KAFLI.

4. gr.

Gjald fyrir afnot af heita vatninu er sem hér segir:

1. Heitt vatn um rennslismæli:
   A. Fyrir hvern rúmmetra vatns til annarra en í B lið ..... kr. 22,00
   B. Garðyrkjustöðvar, fyrir hvern rúmmetra vatns ..... kr. 15,00
   Auk þess greiðist mælaleiga fyrir hvern mánuð ..... kr. 350,00

5. gr.

Hitaveitugjöld skv. 4. gr. verða krafin annan hvern mánuð og skulu þau greiðast til innheimtumanns eða innheimtustofnunar sem sveitastjórn ákveður. Gjalddagi er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Það eru vanskil ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 15 daga frá gjalddaga.

III. KAFLI.

6. gr.

Heimæðargjald Hitaveitu Ytri-Torfustaðahrepps skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Rúmmál húss (utanmál m^3)

Allt að 600 m^3	kr. 100.000
600 - 2000 m^3	kr. 100.000 fyrir 600 m^3 + 100,00 pr. m^3 þar yfir.
Stærri en 2000 m^3	kr. 258.000 fyrir 2000 m^3 + 80,00 pr. m^3 þar yfir.

Heimæðargjald skal greiðast áður en heimæð tengist hitakerfi hússins samkvæmt þágildandi gjaldskrá.

7. gr.

Stjórn hitaveitunnar er heimilt að breyta hitaveitugjöldum, enda sé breytingin staðfest af iðnaðarráðuneytinu hverju sinni.

8. gr.

Nú eru leyfð afnot hitaveitunnar til annars en húshitunar og er þá stjórn hitaveitu heimilt að ákveða gjald fyrir þau afnot sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

9. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka fjárnámi á kostnað gjaldanda.

10. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð húseiganda sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirrætlun um lokun ber að tilkynna með þriggja daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá sem í vanskilum er kr. 2.000,00 í hvert skipti.

Við gjaldskrána bætist virðisaukaskattur skv. lögum og reglum á hverjum tíma.

11. gr.

Eftirlitsmaður Hitaveitu Ytri-Torfustaðahrepps skal hvenær sem er hafa frjálsan aðgang að öllum hitakerfum sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun á heita vatninu.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er af sveitarstjórn Ytri-Torfustaðahrepps, staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, til að öðlast gildi við birtingu og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 133, 23. mars 1993.

Iðnaðarráðuneytið, 4. febrúar 1994.

F. h. r.
Þorkell Helgason.

Steinunn Bjarman.

1. febrúar 1994 Nr. 60

REGLUGERÐ

um ráðstöfun á fóðurgjaldi til loðdýraræktar.

1. gr.

Af fóðurgjöldum sem innheimt eru samkvæmt reglugerð nr. 639/1989, með síðari breytingum, skal fella niður við tollafgreiðslu grunngjald skv. 1. tl. og hluta sérstaks fóðurgjalds skv. 2. tl. af innfluttu kolvetnafóðri til íblöndunar í loðdýrafóður og þurrfóðri til loðdýraræktar. Af sérstöku fóðurgjaldi skal innheimta 2,10 kr. af hverju kg.

2. gr.

Landbúnaðarráðuneytið veitir heimild til niðurfellingar á fóðurgjöldum og tilkynnir tollstjórum um innflytjendur loðdýrafóðurs sem það veitir rétt á niðurfellingu fóðurgjalds. Heimildir til niðurfellingar skulu gefnar til eins árs í senn og takmarkaðar við fóðurtegundir og erlenda framleiðendur (seljendur). Umsókn um niðurfellingu skal fylgja vottorð frá eftirlitsdeild Rannsóknastofnunar landbúnaðarins þar sem fram komi að viðkomandi fóður sé sérstaklega framleitt til loðdýraræktar.

Um skil á hluta hins sérstaka fóðurgjalds fer samkvæmt 4. gr. rg. 639/1989. Þó skal Framleiðsluráð landbúnaðarins halda sérgreindan reikning yfir fóðurgjöld skv. reglugerð þessari í endurgreiðslureikningi.

Þrátt fyrir ákvæði 5. gr. rg. 639/1989 skal ekki veittur greiðslufrestur á þeim hluta hins sérstaka fóðurgjalds sem innheimtur er skv. þessari reglugerð.

3. gr.

Framleiðsluráð landbúnaðarins skal mánaðarlega greiða hið sérstaka fóðurgjald, sem innheimt hefur verið, til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins, sem ráðstafar því til verkefna í þágu loðdýraræktar, að fengnum tillögum Sambands íslenskra loðdýraræktenda og eftir ákvæðum 2. mgr. 33. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum.

4. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða refsingu samkvæmt 70. gr. laga nr. 99 8. september 1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99 8. september 1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum og öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 629/1987 um innheimtu og ráðstöfun á fóðurgjaldi til loðdýraræktar og reglugerð nr. 41/1989 um breytingu á þeirri reglugerð.

Landbúnaðarráðuneytið, 1. febrúar 1994.

Halldór Blöndal.

Jón Höskuldsson.

Nr. 61 28. janúar 1994

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu á Seyðisfirði árið 1994.

1. gr.

Bæjarstjórn Seyðisfjarðar er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) árið 1994.

2. gr.

Gjaldið skal lagt á hverja íbúð og hvert fyrirtæki í kaupstaðnum. Innheimta skal gjaldið með fasteignagjöldum og eru gjalddagar og eindagar sorphirðugjaldsins þeir sömu og fasteignagjalda.

3. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:			Kr.
A) Íbúðir		Sorphreinsigjald	2.550
		Sorpeyðingargjald	1.450
B) Fyrirtæki		Sorphreinsigjald	5.100
	Flokkur 1	Sorpeyðingargjald	5.000
	Flokkur 2	Sorpeyðingargjald	20.000
	Flokkur 3	Sorpeyðingargjald	40.000
	Flokkur 4	Sorpeyðingargjald	60 000
	Flokkur 5	Sorpeyðingargjald	80.000

Bæjarstjórn skipar fyrirtækjum í flokka, m.a. eftir magni úrgangs.

4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Seyðisfjarðar, staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til að öðlast gildi nú þegar.

Umhverfisráðuneytið, 28. janúar 1994.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

GJALDSKRÁ

Rafveitu Reyðarfjarðar.

I. Gjaldskrárliðir.

Rafveita Reyðarfjarðar selur raforku á því verði sem hér segir:

1.	LÝSING.		
1.1.	Fast gjald F3		
	Orkugjald	6,44	kr/kWh
1.2.	Fast gjald F3		
	Orkugjald	6,44	kr/kWh
2.	*NOTKUN TIL HEIMILISÞARFA*.....		
2.1.	Fast gjald F3		
	Orkugjald	6,44	kr/kWh
3.	*VÉLANOTKUN.*		
3.1.	Fast gjald F3		
	Orkugjald	6,44	kr/kWh
3.2.	Aflgjald lágmark 3 kW.	34.216,00	kr/ári
	Aflgjald frá 3-5 kW.	11.006,00	kr/kWh/ári
	Fast gjald F3		
	Orkugjald	2,33	kr/kWh
3.3.	Aflgjald umfram 5 kW	10.264,00	kr/ári
	Fast gjald F3		
	Orkugjald	2,33	kr/kWh
3.4.	Til súgþurrkunar:		
	Fast gjald F4		
	Orkugjald	2,89	kr/kWh
4.	*HÚSHITUN.*		
4.1.	Fast gjald	13.762,00	kr/ári
	Orkugjald	5,72	kr/kWh
	Roftími allt að 1 klst. á dag.		

		Taxti I. Til hitunar á öðru en íbúðarhúsnæði	Taxti II. Til hitunar á íbúðarhúsnæði.
4.2.	Fast gjald	1.780,00 kr/kW/ári	13.762,00 kr/ári
	Roftími allt að 3 klst. á dag.		
	Orkugjald	3,49 kr/kWh	3,49 kr/kWh
	Roftími allt að 3 klst. á dag		
4.3.	Orkugjald		2,20 kr/kWh
	Roftími allt að 15 klst. á dag.		

5.	*UTANHÚSSLÝSING.*		
5.1.	Fast gjald F1		
	Orkugjald		6,44 kr/kWh

Skilgreiningar og ýmis ákvæði:

Föst gjöld.

F1	144,00	kr/mán.
F3	3.447,00	kr/ári

6. *HITUN.*

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar.

a) Að notandi setji á sinn kostnað klukkurofa fyrir hitalögnina og kosti viðhald þeirra.

b) Að vélarafl, götulínur og spennar þoli álag að dómi rafveitustjóra.

c) Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir með sérstökum rofum og hitastillar notaðir. Ef fasviksstuðull hjá notanda er lægri en 0,8% skal hann gera ráðstafanir á sinn kostnað til þess að hækka fasviksstuðulinn upp í það gildi. Notandi greiðir hærra verð fyrir raforku með fasviksstuðul undir 0,8%.

II. Opnunargjöld.

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 1.763,00.

Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun skal veitunni lokað og hún ekki opnuð aftur fyrr en notandi hefur greitt kr. 1.763,00. á skrifstofu rafveitunnar.

III. Heimtaugagjöld.

Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna, skal greiða heimtaugagjald sem hér segir:

Málstraumur:

63 A einfasa	kr.	55.962,00
63 A þrífasa	kr.	66.818,00
100 A þrífasa	kr.	102.187,00
200 A þrífasa	kr.	245.897,00
315 A þrífasa	kr.	389.049,00
400 A þrífasa	kr.	534.662,00
710 A þrífasa	kr.	956.057,00
1200 A þrífasa	kr.	1.603.875,00

Sé lengd jarðlínuheimtaugar meiri en 20 metrar og loftlínu meiri en 60 metrar og gildleiki víra meiri en 3x70 Q, skal húseigandi greiða kostnað af því sem umfram er.

Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að sama húsi skal greiða allan kostnað af síðari heimtauginni eftir reikningi.

Niðurgreiðslur vegna hitunar íbúðarhúsnæðis fara eftir reglum iðnaðarráðuneytisins og sérstakur afsláttur Landsvirkjunar skv. ákvörðun stjórnar fyrirtækisins.

Virðisaukaskattur leggst á gjöldin skv. gildandi lögum og reglum á hverjum tíma.

Gjaldskrá þessi sem sett er skv. vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 staðfestist hér með til að öðlast gildi við birtingu og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 57, 8. febrúar 1993.

Iðnaðarráðuneytið, 3. febrúar 1994.

F. h. r.
Þorkell Helgason.

Steinunn Bjarman.

4. febrúar 1994 Nr. 63

REGLUGERÐ

um frjálsa skráningu vegna fólksflutninga á milli landa.

1. gr.

Aðili sem í atvinnuskyni hefur með höndum fólksflutninga milli landa getur sótt um frjálsa skráningu til skattstjóra. Heimild til skráningar samkvæmt reglugerð þessari nær til flugfélaga og skipafélaga sem halda uppi reglulegum ferðum á milli landa.

2. gr.

Aðili sem fær heimild til frjálsrar skráningar skal ekki innheimta útskatt af fargjöldum vegna fólksflutninga á milli landa. Til fólksflutninga á milli landa teljast fólksflutningar innanlands þegar þeir eru í beinum tengslum við fólksflutninga á milli landa.

3. gr.

Aðili sem skráður er frjálsri skráningu skv. 1. gr. getur samkvæmt almennum ákvæðum laga nr. 50/1988 og reglugerða, sem settar eru samkvæmt þeim, talið til innskatts þann virðisaukaskatt sem eftir skráninguna fellur á kaup hans á vörum og þjónustu er varða umrædda starfsemi.

4. gr.

Umsóknir um frjálsa skráningu skal senda skattstjóra í því skattumdæmi þar sem aðili er heimilisfastur.

5. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessar varðar refsingu skv. 40. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 6. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, og gildir frá 1. janúar 1994.

Fjármálaráðuneytið, 4. febrúar 1994.

F. h. r.
Jón H. Steingrímsson.

Margrét Gunnlaugsdóttir.

REGLUGERÐ

um holræsagjöld í Njarðvíkurbæ.

1. gr.

Hverjum þeim, sem á hús eða húshluta í Njarðvíkurbæ eða leigir lóð í bænum við götu eða opið svæði, sem holræsi hefur verið lagt í, ber að greiða árlegt holræsagjald til bæjarsjóðs Njarðvíkur.

Upphæð holræsagjaldsins skal vera 0,15% af fasteignamati íbúðarhúsa og lóða, og 0,36% af fasteignamati atvinnuhúsnæðis og lóða skv. lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 94/1976. Sé ekkert mannvirki á lóð greiðist ekki holræsagjald.

2. gr.

Holræsagjald greiðist af hús- og íbúðareiganda, lóðareiganda, ef um eignarlóð er að ræða, en af leigutaka, ef um leigulóð er að ræða, og bera þessir aðilar ábyrgð á greiðslu gjaldsins. Gjaldið hefur lögtaksrétt og er tryggt með lögveðsrétti í lóð og mannvirkjum næstu 2 ár eftir gjalddaga þess, með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

3. gr.

Um gjalddaga og innheimtu holræsagjalds fer með sama hætti og um fasteignaskatt, enda skulu gjöld þessi innheimt sameiginlega.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Njarðvíkur, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15/1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 356/1975 um holræsagjöld í Njarðvíkurhreppi.

Ákvæði til bráðabirgða:

Fyrsti gjalddagi holræsagjalds af atvinnuhúsnæði á árinu 1994 er 15. mars og eindagi 15. apríl.

Félagsmálaráðuneytið, 4. febrúar 1994.

F. h. r.
Húnbogi Þorsteinsson.

Sesselja Árnadóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir vopnaleit á Keflavíkurflugvelli.

1. gr.

Greiða skal sérstakt gjald, vopnaleitargjald, fyrir hvern mann sem ferðast með loftfari frá Íslandi til annarra landa um Keflavíkurflugvöll.

Undanþegnir gjaldskyldu eru börn innan tveggja ára, skráðar áhafnir loftfara, þeir sem viðkomu hafa á Íslandi samkvæmt farseðli milli annarra landa og Norður-Ameríku og þeir sem ferðast með loftförum varnarliðs Bandaríkja Norður-Ameríku hér á landi.

2. gr.

Vopnaleitargjald er kr. 90,00 fyrir hvern farþega. Fyrir farþega á aldrinum tveggja til tólf ára skal greiða hálft gjald.

3. gr.

Eigandi loftfars eða sá sem ábyrgð ber á rekstri þess er ábyrgur fyrir greiðslu vopnaleitargjalds.

Við brottför loftfars frá Keflavíkurflugvelli skal afhenda sýslumanninum á Keflavíkurflugvelli eða eftir atvikum umboðsmanni hans í flugstöð skrá sem hefur að geyma upplýsingar um fjölda farþega með loftfarinu, áhöfn þess og hverjir séu gjaldfrjálsir skv. 2. mgr. 1. gr. eða greiða hálft gjald skv. 2. gr. Sýslumanni er heimilt að semja svo við rekstraraðila loftfars að umrædd skrá sé afhent um leið og vopnaleitargjaldið er greitt, sbr. 4. gr. hér á eftir.

4. gr.

Vopnaleitargjald vegna farþega er ferðast með loftförum sem skráð eru erlendis og allra loftfara sem ekki er flogið á áætlunarleiðum, skal greiða sýslumanninum á Keflavíkurflugvelli fyrir brottför loftfars um leið og afhent er skrá samkvæmt 2. mgr. 3. gr. Sýslumanni er þó heimilt að veita gjaldfrest til 15. dags næsta almanaksmánaðar eftir brottför. Vopnaleitargjald vegna farþega sem ferðast í áætlunarflugi á viðurkenndum áætlunarleiðum, skal greiða til sýslumannsins á Keflavíkurflugvelli eigi síðar en 15. dag næsta almanaksmánaðar eftir brottför. Sé vopnaleitargjaldi eigi skilað á réttum gjalddaga ber það dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá gjalddaga til greiðsludags. Nú er skrifstofa sýslumannsins á Keflavíkurflugvelli lokuð 15. dag mánaðar og telst þá gjalddagi vera næsti dagur þar á eftir sem skrifstofan er opin til almennrar afgreiðslu.

5. gr.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 106, 17. desember 1954 um yfirstjórn mála á varnarsvæðum o.fl., sbr. 10. tl. 14. gr. auglýsingar um staðfestingu forseta Íslands á reglugerð um Stjórnarráð Íslands nr. 96, 31. desember 1969, sbr. 78. gr. loftferðalaga nr. 34, 21. maí 1964 og tekur gildi 1. mars 1994. Gjaldskráin tekur til farseðla sem eru útgefnir frá og með þeim degi að telja.

Jafnframt er felld niður eldri gjaldskrá sama efnis nr. 148, 1. apríl 1993.

Utanríkisráðuneytið, 2. febrúar 1994.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Róbert Trausti Árnason.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið:

1. að einstefna verði á Veltusundi milli Austurstrætis og Hafnarstrætis.
2. að biðskylda verði á Veltisundi gagnvart Hafnarstræti.

Ákvörðun þessi hefur þegar tekið gildi.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 2. febrúar 1994.

Böðvar Bragason.

Nr. 67 4. febrúar 1994

AUGLÝSING

um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á sameiningu Ólafsvíkurbæjar, Staðarsveitar, Breiðuvíkurhrepps og Neshrepps utan Ennis í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu.

Með vísan til 112. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, sbr. einnig 2. tölulið 1. gr. laga nr. 75/1993, tilkynnir ráðuneytið að það hefur hinn 4. febrúar 1994 staðfest sameiningu Ólafsvíkurbæjar, Staðarsveitar, Breiðuvíkurhrepps og Neshrepps utan Ennis í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu í eitt sveitarfélag.

Jafnframt hefur verið ákveðið:

Kosning sveitarstjórnar hins nýja sveitarfélags skal fara fram sama dag og reglulegar sveitarstjórnarkosningar, þ.e. laugardaginn 28. maí 1994, sbr. 13. gr. sveitarstjórnarlaga.

Kosning skal vera bundin hlutfallskosning, sbr. 1. mgr. 15. gr. sveitarstjórnarlaga.

Kjósa skal níu fulltrúa í sveitarstjórn hins nýja sveitarfélags, sbr. 1. mgr. 11. gr. sveitarstjórnarlaga.

Kjörstjórnir þær sem kosnar voru í upphafi yfirstandandi kjörtímabils samkvæmt 23. gr. sveitarstjórnarlaga skulu vera undirkjörstjórnir við kosningarnar. Hreppsnefndirnar skulu koma sér saman um kosningu 3ja aðalmanna og jafnmargra til vara í yfirkjörstjórn og verði ráðuneytinu tilkynnt um kosninguna að henni lokinni.

Formleg sameining þessara sveitarfélaga skal taka gildi 11. júní 1994.

Skoðanakönun skal fara fram um nafn hins nýja sveitarfélags og skal nafnið ákveðið á grundvelli hennar. Nafn hins nýja sveitarfélags verður auglýst sérstaklega.

Félagsmálaráðuneytið, 4. febrúar 1994.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Húnbogi Þorsteinsson.

Stjórnartíðindi B 10, nr. 52–67. Útgáfudagur 10. febrúar 1994.

STJÓRNARTÍÐINDI B 11 – 1994

AUGLÝSING

um útreikning afla skipa er salta afla um borð.

1. gr.

Eftir vigtun á afla saltfiskskipa skv. 20.-23. gr. reglugerðar nr. 427/1993, um vigtun sjávarafla skal heildarþunginn margfaldaður með 1.981 til þess að reikna út afla skipsins, miðað við slægðan fisk með haus.

Landi skip söltuðum flökum skal, eftir vigtun aflans skv. 20.-23. gr. reglugerðar nr. 427/1993, margfalda þunga flakanna með 1.428. Síðan skal við útreikning á afla skipsins, miðað við slægðan fisk með haus, leggja til grundvallar afurðastuðla skv. 3. gr. reglugerðar nr. 481/1990, um mælingar á vinnslunýtingu um borð í vinnsluskipum eða afurðastuðla, sem fengist hafa með nýtingarmælingum um borð í veiðiskipinu í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 481/1990.

2. gr.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytið, 11. febrúar 1994.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

8. febrúar 1994 Nr. 69

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið:

1. að einstefna verði á Öldugötu frá Framnesvegi að Bræðraborgarstíg.
2. að einstefna verði á Baldursgötu frá Freyjugötu að Þórsgötu.

Ákvörðun þessi tekur gildi 20. febrúar 1994.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 8. febrúar 1994.

Böðvar Bragason.

B 16
Steindórsprent Gutenberg hf.

GJALDSKRÁ

fyrir Hitaveitu Laugaráss, Laugarási Biskupstungum.

1. gr.

Hitaveitan sér um dreifingu á heitu vatni á orkuveitusvæði sínu og innheimtir gjald fyrir eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Hitaveitan lætur notendum sínum í té það vatnsmagn, sem samið hefur verið um við Laugaráslæknishérað eða Biskupstungnahrepp og hitaveituna.

3. gr.

Hitaveitan stillir hámarksrennsli til hvers notanda. Miðast gjald hitaveitunnar fyrir dreifingu heita vatnsins við hámarksstillingu. Vatn til heimilisnota (kranavatn) má ekki nota til upphitunar af neinu tagi. Gefa má hlutfallslegan afslátt af hitaveitugjöldum ef notandi vill láta loka fyrir vatnið að vetri til, þó ekki skemur en 2 mánuði samfellt og ekki lengri tíma en 6 mánuði.

4. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta inntaksstillingu þeirri, sem um getur í 3. gr. Hitaveitan breytir inntaksstillingu eftir óskum notenda fyrsta árið, sem hús hans er tengt við hitaveitukerfið en síðan að jafnaði einungis einu sinni á ári. Skal beiðni um breytingu komið á framfæri við hitaveitustjóra fyrir 1. janúar ár hvert. Skylt er notanda að tilkynna hitaveitustjóra breytingar á hitakerfum, sem raskað geta mælingum.

5. gr.

Gjöld fyrir dreifingu heita vatnsins eru sem hér segir:

Garðyrkjustöðvar fyrir hvern mínútulítra á mánuði.	kr. 118,00
Íbúðarhús og önnur hús, sem ekki eru tilgreind annars staðar fyrir hvern mínútulítra á mánuði.	kr. 652,00
Iðnaðarhús fyrir hvern mínútulítra á mánuði.	kr. 304,00

Hjá þeim notendum, sem greitt hafa rúmmetragjald af íbúðar- og iðnaðarhúsum sínum, skal reikna minnst 1 mínútulítra fyrir hverja 100 rúmmetra og byrjaða 100 rúmmetra. Ekki má tvíreikna gjald á sama vatnið.

Gjöld fyrir heitt vatn til annarra nota en að framan greinir ákveður stjórn hitaveitunnar hverju sinni með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

6. gr.

Gjalddagar hitaveitugjalda samkvæmt 5. gr. eru sem hér segir:

Fyrir janúar - febrúar	25. febrúar, eindagi 5. mars.
Fyrir mars - apríl	25. apríl, eindagi 5. maí.
Fyrir maí - júní	25. júní, eindagi 5. júlí.
Fyrir júlí - ágúst	25. ágúst, eindagi 5. september.
Fyrir september - október	25. október, eindagi 5. nóvember.
Fyrir nóvember - desember	25. desember, eindagi 5. janúar.

Gjöld skal greiða til innheimtumanns eða innheimtustofnunar sem hann vísar til. Það eru vanskil ef gjöldin eru ekki greidd að fullu fyrir eindaga.

Heimilt er að taka hæstu leyfilega dráttarvexti af gjöldum, sem eru í vanskilum.

7. gr.

Tengigjöld hitaveitunnar skal miða við heildarrúmmál húsa, annarra en gróðurhúsa, og vera sem hér segir:

Íbúðarhús og önnur hús, sem ekki eru tilgreind annars staðar,		
allt að 400 rúmmetrum	kr.	101.400,00
og af hverjum rúmmetra þar fram yfir	kr.	75,00
Iðnaðarhús allt að 400 rúmmetrum	kr.	101.400,00
og af hverjum rúmmetra þar fram yfir	kr.	23,00

allt að 2000 rúmmetrum. Sé um stærri hús að ræða koma til sérsamningar við stjórn hitaveitunnar, enda sé þá tekið tillit til vatnsnotkunar.

Stofngjöld til garðyrkju skal miða við vatnsmagn og vera sem hér segir:

Fyrir hvern mínútulítra	kr.	2.490,00

Greiddu stofngjaldi af allt að 400 rúmmetra húsi fylgir réttur á allt að 4 mínútulítrum og einum mínútulítra fyrir hverja byrjaða 100 rúmmetra. Óski notandi eftir meira vatni til íveruhúss (t.d. til gróðurskála eða setlaugar) skal greiða fyrir samkvæmt gjaldskrá um stofngjöld og notkunargjöld gróðurhúsa.

8. gr.

Hitaveitan leggur dreifikerfi að lóðarmörkum og setur þar stillingu fyrir hámarksrennsli, samkvæmt 3. gr. Hitaveitunni er heimilt að setja hemla á inntök íbúðarhúsa. Allar heimæðar skulu lagðar á kostnað notenda. Í skipulögðum íbúðarhúsahverfum leggur hitaveitan heimæðar inn fyrir vegg íbúðarhúsa og greiðir notandi fyrir samkvæmt reikningi en aðrar heimæðar er notanda heimilt að leggja, en undir eftirliti hitaveitustjóra. Telji hitaveitustjóri frágang eða efni heimæðar ófullnægjandi getur hitaveitan neitað viðkomandi um vatn þar til úr hefur verið bætt.

9. gr.

Stjórn hitaveitunnar er heimilt að breyta hitaveitugjöldum, enda sé breytingin staðfest af iðnaðarráðuneytinu hverju sinni.

10. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka fyrir rennsli heita vatnsins að býli eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun skal tilkynna á sannanlegan hátt með 7 daga fyrirvara. Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá, sem vanskilum veldur kr. 2.300,00 í hvert sinn.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka fjárnámi á kostnað gjaldanda.

11. gr.

Hitaveitustjóra eða starfsmönnum hitaveitunnar skal hvenær sem er frjáls aðgangur að öllum lokum, hitagjöfum og vatnsæðum, sem eru í sambandi við hitaveituna. Er notendum hitaveitunnar skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hitaveitustjóra um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

12. gr.

Gjaldskrá þessi er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. janúar 1994 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafn-

framt fellur úr gildi eldri gjaldskrá sama efnis nr. 21, 12. janúar 1993, með síðari breytingum.

Iðnaðarráðuneytið, 10. febrúar 1994.

F.h.r.
Jón Ingimarsson.

Steinunn Bjarman.

Nr. 71 4. febrúar 1994

SKIPULAGSSKRÁ

Minningar- og fræðslusjóðs Guðmundar Óla Haukssonar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningar- og fræðslusjóður Guðmundar Óla Haukssonar. Tilgangur sjóðsins er að aðstoða og fræða börn sem haldin eru ótta eða fælni og styrkja aðila sem vinna á eða stunda rannsóknir á þessu sviði.

2. gr.

Fyrstu stjórn sjóðsins skipa þrír menn tilnefndir af foreldrum Guðmundar Óla Haukssonar. Láti stjórnarmaður af störfum tilnefnir stjórnin manns í hans stað. Stjórnin velur viðfangsefni sjóðsins, annast framkvæmd verkefna og stjórnar rekstri hans.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 500.000,00. Stofnfé má ekki skerða. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðenda.

4. gr.

Breytingar má gera á skipulagsskrá sjóðsins ef það telst nauðsynlegt eða heppilegt vegna breyttra aðstæðna en til þess þarf samþykki allra stjórnarmanna. Verði stjórn sjóðsins sammála um að hætta starfsemi hans og fær til þess samþykki dóms- og kirkjumálaráðuneytisins renna þær eignir sem þá kunna að vera í sjóðnum til Rauða kross Íslands.

5. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Kópavogi, 30. september 1993.

Birna Bjarnadóttir.
Haukur Ingibergsson.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 4. febrúar 1994.

F. h. r.
Ólafur W. Stefánsson.

Jón Thors.

REGLUGERÐ

um friðun hrygningarþorsks á vetrarvertíð 1994.

1. gr.

Frá kl. 20.00 mánudaginn 11. apríl 1994 til kl. 10.00 árdegis þriðjudaginn 26. apríl 1994, eru allar veiðar óheimilar á eftirgreindum svæðum:

1. Fyrir Suður- og Vesturlandi á svæði sem að austan markast af línu sem dregin er réttvísandi í austur frá Stokksnesi og að vestan af línu, sem dregin er réttvísandi í vestur frá Bjargtöngum. Frá Stokksnesi markast svæðið að utan af línu, sem dregin er í tólf sjómílna fjarlægð frá viðmiðunarlínu í punkt í 12 sjómílna fjarlægð suður frá Lundadrangi. Þaðan er línan dregin í punkt 63°08'N og 19°57'V og þaðan í 4ra sjómílna fjarlægð frá Surtsey í punkt í 5 sjómílna fjarlægð suður frá Geirfugladrangi. Þaðan er línan dregin í 5 sjómílna fjarlægð utan við Geirfugladrang í punkt 64°43'7N og 24°12'V og þaðan í 64°43'7N og 24°26'V og síðan í punkt í 12 sjómílna fjarlægð réttvísandi vestur frá Bjargtöngum.

2. Fyrir Suðvesturlandi á svæði, sem að austan markast af 21°V, að sunnan af 63°05'N og að vestan af línu, sem dregin er réttvísandi í suðvestur frá Reykjanesi (aukavita).

3. Allar veiðar innan þriggja sjómílna fjarlægðar frá fjörumarki meginlandsins fyrir Norður- og Austurlandi frá línu réttvísandi norður frá Horni að línu réttvísandi í austur frá Stokksnesi.

2. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. eru hrognkelsaveiðar, rækjuveiðar, hörpudisksveiðar og ígulkeraveiðar heimilar þeim, sem tilskilin leyfi hafa til þeirra veiða innan svæðisins.

3. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 17. febrúar 1994.

Þorsteinn Pálsson.

Jón B. Jónasson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 246, 14. júní 1993, um loðnuveiðar 1993/1994.

1. gr.

Í stað: „975 þúsund lestir" sbr. reglugerð nr. 486/1993 í ákvæði til bráðabirgða komi orðin: 1.072 þúsund lestir.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytini öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 17. febrúar 1994.

Þorsteinn Pálsson.

Jón B. Jónasson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 12 – 1994

21. febrúar 1994 227 Nr. 74

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 563/1993, um endurgreiðslu vegna virðisaukaskatts af neyslufiski.

1. gr.

Í stað orðanna „28. febrúar“ í 9. gr. kemur: 31. maí

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í ákvæði til bráðabirgða II í lögum nr. 122/1993, um breytingar í skattamálum og 49. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 21. febrúar 1994.

F. h. r.
Indriði H. Þorláksson.

Jón H. Steingrímsson.

11. febrúar 1994 Nr. 75

GJALDSKRÁ

fyrir sorphreinsun í Hveragerði fyrir árið 1994.

1. gr.

Gjald fyrir sorphreinsun í Hveragerði, sbr. samþykkt nr. 39/1983 um sorpheimtu í Hveragerði, fyrir árið 1994 skal vera kr. 6 300 og innheimtast með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Hveragerðis er hér með staðfest samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Umhverfisráðuneytið, 11. febrúar 1994.

F. h. r.
Magnús Jóhannesson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

Stjórnartíðindi B 12, nr. 74–75 1994. Útgáfudagur 22. febrúar 1994.

Steindórsprent Gutenberg hf.

STJÓRNARTÍÐINDI B 13 – 1994

Nr. 76 228 11. febrúar 1994

AUGLÝSING

um fyrirmynd að gjaldskrá fyrir mengunarvarnaeftirlit sveitarfélaga.

Samin hefur verið fyrirmynd að gjaldskrá fyrir mengunarvarnaeftirlit sveitarfélaga. Í fyrirmyndinni er annars vegar að finna helstu ákvæði sem nauðsynleg eru í nefnda gjaldskrá og hins vegar leiðbeiningar um flokkun fyrirtækja eftir eðli, áhættu og umfangi. Fyrirmyndin er prentuð sem fylgiskjal og birtist með auglýsingu þessari.

Umhverfisráðuneytið, 11. febrúar 1994.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

Fylgiskjal.

Fyrirmynd
að gjaldskrá fyrir mengunarvarnaeftirlit sveitarfélaga.

1. gr.

Af eftirlitsskyldri starfsemi á svæði heilbrigðiseftirlits N.N. svæðis er sveitarstjórnum heimilt, samkvæmt 5. og 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit að innheimta gjöld svo sem greinir í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Eftirlitsskyldum fyrirtækjum skal skipt í 5 flokka eftir eðli og áhættu starfseminnar í samræmi við fylgiskjal nr. 1 með gjaldskrá þessari, sbr. og viðauka 8 og 9 í mengunarvarnareglugerð. Í fylgiskjali þessu skal ennfremur gert ráð fyrir 5 undirflokkum í hverjum flokki en þeir ákvarðast af umfangi hvers fyrirtækis.

Framkvæmdastjóri heilbrigðiseftirlits semur fyrir hönd svæðisnefndar lista yfir eftirlitsskyld fyrirtæki á starfssvæðinu samkvæmt fyrrgreindu fylgiskjali. Listi um flokkun fyrirtækja samkvæmt ofangreindu skal afhentur hlutaðeigandi sveitarfélögum og skal hann endurskoðaður fyrir 1. janúar ár hvert. Fyrirtæki sem hefja rekstur fyrir 1. júlí greiða fullt eftirlitsgjald en annars hálft gjald.

Fyrirtæki sem geta fallið undir fleiri en einn flokk skulu flokkuð undir þann flokk sem mest vægi hefur.

3. gr.

Eftirlitsgjald hvers fyrirtækis er reiknað út frá grunngjaldinu X sem svæðisnefnd gerir tillögu um og viðkomandi sveitarstjórn afgreiðir í formi samþykktar sem hlýtur staðfestingu ráðherra.

Eftirlitsgjald er ávallt tiltekið margfeldi af grunngjaldi samkvæmt reglum í fylgiskjali nr. 1. Heimilt er að lækka eftirlitsgjöld vegna fyrirtækja sem hafa sérstakt innra eftirlit sem hlotið hefur samþykki heilbrigðiseftirlits.

4. gr.

Þegar gefin eru út ný starfsleyfi vegna eftirlitsskyldra fyrirtækja skal taka gjald sem nemur hálfu eftirlitsgjaldi, sbr. fylgiskjal nr. 1.

Sé um endurnýjun leyfis að ræða og/eða breytingar á rekstri eða húsakynnum, er heimilt að innheimta hálft starfsleyfisgjald. Ef framkvæmdastjóri metur breytingar smávægilegar er honum heimilt að lækka eða fella gjaldið niður.

Fyrir hvert vottorð sem heilbrigðisfulltrúi gefur út vegna eftirlits samkvæmt fyrirliggjandi gögnum er heimilt að innheimta eitt grunngjald.

5. gr.

Fyrir aðra útselda vinnu sem ekki tengist reglubundnu eftirliti er heimilt að innheimta gjöld í samræmi við gjaldskrá yfir útselda vinnu vegna þjónustuverkefna Hollustuverndar ríkisins eins og hún er á hverjum tíma.

Ef verkefni eru umfram reglubundið eftirlit og sýnatöku er heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga heimilt að gera sérstakan reikning vegna þeirra eins og um þjónustuverkefni væri að ræða.

6. gr.

Sveitarfélög innheimta eftirlitsgjöld, starfsleyfisgjöld og gjöld fyrir þjónustuverkefni á eigin ábyrgð og kostnað. Gjöld þessi skulu ganga til greiðslu á kostnaði vegna heilbrigðiseftirlits. Heimilt er að fela starfsfólki heilbrigðiseftirlitsins að innheimta gjöld fyrir vottorð og útselda vinnu, sbr. 4. og 5. gr.

7. gr.

Gjalddagi eftirlitsgjalds er 1. mars og eindagi 1. apríl ár hvert. Um innheimtu gjalda fer að öðru leyti samkvæmt lögum nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

8. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samin og samþykkt af sveitarfélögum á heilbrigðiseftirlitssvæði N.N., sbr. 5. gr., ... mgr. 6. gr., og 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit staðfestist hér með og öðlast þegar gildi.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. ...../..... .

Fylgiskjal 1.

Flokkun fyrirtækja eftir eðli, áhættu og umfangi.

Flokkur 1.

Umfang/Störf:	<1	<3	<5	<20	>20
Gjald:	20x	40x	60x	80x	100x

Flokkur 2.

Umfang/Störf:	<1	<3	<5	<20	>20
Gjald:	10x	20x	30x	40x	50x

1. Skólphreinsistöðvar
2. Annar sambærilegur rekstur

Flokkur 3.

Umfang/Störf:	<1	<3	<5	<20	>20
Gjald:	10x	20x	30x	40x	50x

1. Yfirborðsmeðhöndlun á járni, stáli og öðrum málmum
2. Fiskeldisstöðvar ef framleiðsla er meiri en 100 tonn á ári og afrennsli til sjávar, eða meiri en 10 tonn og afrennsli í ferskvatn
3. Seiðaeldisstöðvar með meira en 150 þús. seiði og afrennsli í ferskvatn
4. Ullarþvottastöðvar
5. Fituherslur
6. Gasbirgðastöðvar með meira en 100 m^3 geymslurými (STP)
7. Lifrarbræðslur
8. Framleiðsla á mjöli og feiti úr sláturúrgangi
9. Saltvinnsla úr sjó
10. Bensínstöðvar
11. Annar sambærilegur rekstur

Flokkur 4.

Umfang/Störf:	<1	<3	<5	<20	>20
Gjald:	5x	15x	25x	35x	45x

1. Seiða- og fiskeldisstöðvar aðrar en um getur í 1-3
2. Hreinlætisvöruverksmiðjur
3. Plastframleiðsla
4. Olíumalar- og malbikunarstöðvar með breytilega staðsetningu
5. Stálsmíði og stálskipagerð
6. Efnalaugar
7. Framköllun á ljósmyndum og kvikmyndum
8. Sláturhús
9. Reykhús
10. Mjólkurstöðvar
11. Flugvellir
12. Ryðvarnarverkstæði og smurstöðvar
13. Heitloftsþurrkun fiskafurða
14. Málmsteypur
15. Litun og bleiking
16. Bílaþvottastöðvar
17. Annar sambærilegur rekstur

Flokkur 5.

Umfang/Störf:	<1	<3	<5	<20	>20
Gjald:	5x	10x	15x	20x	25x

1. Völsunar-, víra og stangaverksmiðjur
2. Nagla- og skrúfuframleiðsla
3. Vélaframleiðsla
4. Blikksmiðjur
5. Vinnsla á málmum í raftækniiðnaði, t.d. rafgeymaverksmiðjur og verkstæði
6. Steinmölun og framleiðsla á ofaníburði og fyllingarefnum
7. Steinsmíði
8. Steypustöðvar og steypueiningarverksmiðjur
9. Leirmunaverkstæði
10. Fyrirtæki sem geyma klórgas
11. Lakksprautun
12. Lyfja- og snyrtivöruframleiðsla
13. Átöppun og pökkun ýmissa efnasambanda
14. Framleiðsla á aukefnum og hjálparefnum í matvælaiðnaði
15. Fóðurstöðvar
16. Fóðurblöndun
17. Gúmmívinnsla
18. Trésmíðaverkstæði
19. Sögunarmyllur
20. Fúavörn á timbri
21. Framleiðsla á spónaplötum og þess háttar
22. Pappírsvöru- og pappakassaframleiðsla
23. Leðurvinnsla
24. Vefnaðar- og spunaverksmiðjur
25. Kjötvinnsla
26. Niðursuðuverksmiðjur
27. Vinnsla fisks og annarra sjávarafurða
28. Framleiðsla tilbúinna rétta
29. Framleiðsla mjólkurdufts
30. Öl-, gos- og svaladrykkjagerðir
31. Kaffibrennsla
32. Smjörlíkisgerðir
33. Kartöfluvinnsla
34. Framleiðsla á kartöflumjöli og sterkju
35. Lauksteikingarverksmiðjur
36. Mörbræðsla og tólgarframleiðsla
37. Meðhöndlun, blöndun og mölun á korni
38. Kæli- og frystigeymslur
39. Minkabú
40. Refabú
41. Hænsna- og kjúklingabú

42. Svínabú
43. Kanínurækt og kanínuhald
44. Hestahald
45. Dýraspítalar
46. Hunda- og kattageymslur
47. Gæludýraverslanir
48. Kappaksturs-, æfinga- og kennslubrautir
49. Bifreiða- og vélaverkstæði
50. Smurstöðvar
51. Völuflutningamiðstöðvar
52. Biðstöðvar leigubifreiða
53. Bið- og endastöðvar strætisvagna
54. Stórar spennistöðvar
55. Stórar vörugeymslur
56. Líkbrennslur
57. Skotvellir
58. Skemmtigarðar, tívolí, fjölleikahús o.þ.h.
59. Æfingasvæði slökkviliðs
60. Þvottahús
61. Gámastaðir, gámaflutningsaðilar og aðilar sem flytja spilliefni
62. Endurvinnsla úrgangs
63. Gasbirgðastöðvar
64. Annar sambærilegur rekstur

Nr. 77 14. febrúar 1994

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 453/1988.

1. gr.

E-liður 52. gr. samþykktarinnar fellur brott.

2. gr.

62. gr. samþykktarinnar hljóðar svo:

Bæjarstjórn kýs í eftirtaldar nefndir, ráð og stjórnir:

A. Til eins árs. Á fundi í júní ár hvert:

1. *Bæjarráð.* Þrír aðalfulltrúar í bæjarstjórn sem aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 55. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.
2. *Hafnarstjórn.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 9. gr. hafnalaga nr. 69/1984.
3. *Skoðunarmenn.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 84. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.
4. *Skrifarar.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara.
5. *Kjörstjórn við alþingiskosningar.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 10. gr. laga nr. 80/1987 um kosningar til Alþingis.
6. *Stjórn veitustofnana.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Veitustofnun fer með. málefni hitaveitu og vatnsveitu. Veitustofnun er ætlað að sjá um rafveitu og virkjanir ef

bærinn hefur slíkan rekstur.

7. *SSA.* Fulltrúa og varafulltrúa á fundi samkvæmt lögum SSA.
8. *Flugfélag Austurlands.* Einn aðalfulltrúi og einn varafulltrúi á aðalfund samanber lög félagsins.
9. *Atvinnuþróunarfélag Austurlands.* Einn aðalfulltrúi og einn varafulltrúi á aðalfund samanber lög félagsins.
10. *Atvinnuþróunarsjóður Austurlands.* Einn fulltrúi og einn varafulltrúi á aðalfund samanber lög sjóðsins.

B. Til fjögurra ára. Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum:

1. *Almannavarnanefnd.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 8. gr. laga nr. 94/1962 um almannavarnir, sbr. 5. gr. laga nr. 85/1985.
2. *Byggingarnefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. byggingarlaga nr. 54/1978. Byggingarnefnd fer og með verkefni skipulagsnefndar skv. skipulagslögum.
3. *Atvinnumálanefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin hefur á hendi eftirlit með atvinnumálum og gerir tillögur um úrbætur í þeim.
4. *Félagsmálaráð.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 5. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Félagsmálaráð fer með verkefni barnaverndarnefndar skv. lögum nr. 58/1992, sbr. og 32. gr. laga nr. 40/1991, verkefni áfengisvarnarnefndar skv. lögum nr. 82/1969, sbr. og 50. gr. laga nr. 40/1991, verkefni dagvistar- og leikskólanefndar skv. lögum nr. 48/1991, sbr. og 33. gr. laga nr. 40/1991, verkefni húsaleigunefndar skv. lögum nr. 44/1979, sbr. og 49. gr. laga nr. 40/1991, verkefni jafnréttisnefndar skv. lögum nr. 28/1991. Öldrunarmál skv. 5. gr. laga nr. 82/1989.
5. *Heilbrigðisnefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. ákvæðum 6. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.
6. *Íþrótta- og tómstundaráð.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara, samanber samþykkt um íþrótta- og tómstundaráð Seyðisfjarðar. Ráðið hefur umsjón með rekstri íþróttamannvirkja bæjarins og gerir tillögur um uppbyggingu á aðstöðu til íþróttaiðkana. Ráðið fer með málefni félagsmiðstöðvar og tómstundastarf unglinga og aldraðra í samvinnu við skóla, íþróttafélög, önnur félagasamtök og félagsmálaráð.
7. *Skólanefnd grunnskóla.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 19. gr. laga nr. 49/1991 um grunnskóla.
8. *Skólanefnd tónlistarskóla.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 2. gr. laga nr. 75/1985 um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla.
9. *Safnanefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Safnanefnd skal stuðla að söfnun gamalla muna og vera stjórn Tækniminjasafns til aðstoðar. Einnig fer safnanefnd með stjórn skjalasafns Seyðisfjarðar þegar það verður sett á fót.
10. *Umhverfismálaráð.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Er fegrunarnefnd fyrir Seyðisfjörð. Fer auk þess með málefni þau sem gróðurverndarnefnd og náttúruverndarnefnd er ætlað skv. lögum nr. 17/1965 og 47/1971.
11. *Stjórnarnefnd vinnumiðlunar.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 9. gr. laga. nr. 18/1985 um vinnumiðlun.
12. *Stjórn bókasafns.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 7. gr. laga nr. 50/1976 um almenningsbókasöfn og reglugerð nr. 138/1978.
13. *Stjórn sjúkrahúss og heilsugæslustöðvar.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 21. og 30. gr. laga nr. 97/1990 um heilbrigðisþjónustu.
14. *Húsnæðisnefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara samanber 40. gr. laga nr.

97/1993 um Húsnæðisstofnun ríkisins. Þrír kosnir af bæjarstjórn og tveir tilnefndir af stærstu samtökum launafólks á Seyðisfirði. Nefndin fer með stjórn og samræmingu á félagslegu húsnæði í umboði bæjarstjórnar.

15. *Framtalsnefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Framtalsnefnd skal yfirfara álagningu bæjargjalda frá skattstjóra og gera athugasemdir ef þurfa þykir.
16. *Umferðarnefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 2. mgr. 116. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Umferðarnefnd hefur forgöngu um skipulag umferðarmála í samráði og samvinnu við byggingar-/skipulagsnefnd.
17. *Kjörstjórn við sveitarstjórnarkosningar.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 23. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.
18. *Búfjáreftirlitsmaður.* Einn og annar til vara skv. 9. gr. laga nr. 46/1991 um búfjárhald.
19. Fulltrúaráð Brunabótafélags Íslands. Einn aðalmaður og annar til vara skv. 5. gr. laga nr. 9/1955 um Brunabótafélag Íslands.
20. *Heilbrigðismálaráð Austurlands.* Einn fulltrúi og einn varafulltrúi skv. 7. gr. laga um heilbrigðisþjónustu nr. 97/1990.
21. *Samband íslenskra sveitarfélaga.* Einn fulltrúi og einn varafulltrúi á landsþing.
22. *Stjórn Tækniminjasafns.* Einn aðalmaður og annar til vara. Samkvæmt skipulagsskrá safnsins.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Seyðisfjarðar hefur sett samkvæmt 3. mgr. 7. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 með síðari breytingum, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 14. febrúar 1994.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Sesselja Árnadóttir.

Nr. 78 7. febrúar 1994

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 281/1980 um flokkun loftfara.

1. gr.

Greinar 4.1.2 og 4.1.3 orðist svo:

4.1.2. Undir deildina „almennt" í normalflokki heyra loftför sem fullnægja einhverjum neðangreindra hönnunarákvæða:

a) Þegar um er að ræða svifflugur og hreyfilsvifflugur:
JAR-22 Sailplanes and Powered Sailplanes, Luftfahrt Bundesamt Lufttüchtigkeitsforderungen für Segelflugzeuge und Motorsegler (LFSM) og British Civil Airworthiness Requirements Section E, Sub-Section E 2.

b) Þegar um er að ræða flugvélar:
US Federal Aviation Regulations (FAR) Part 23 Airworthiness Standards: Normal, Utility and Acrobatics Category Airplanes.

c) Þegar um er að ræða þyrlur:
US Federal Aviation Regulations (FAR) Part 27 Airworthiness Standards: Normal Category Rotorcraft, og

d) Önnur hönnunarákvæði sem Flugmálastjórn samþykkir til flokkunar eftir prófun í sérhverju tilviki.

4.1.3 Undir „sérflokk" falla loftför, sem

a) Ekki eru álitin fullnægja alveg hönnunarkröfum um lofthæfi, skv. ákvæðum sem fram koma í 4.1.1 og 4.1.2, en hafa með því að fullnægja fastákveðnum eða sérstaklega viðurkenndum lofthæfiskröfum, sem settar eru af Flugmálastjórn, náð fullnægjandi lofthæfi með hliðsjón af notkuninni, eða sem

b) hafa áður verið skráð í öðrum deildum en eru starfrækt við önnur skilyrði (álag, umhverfi m.m.) en þau sem upphaflega voru lögð til grundvallar við skráningu.

Þær takmarkanir á notkunarsviði loftfars, sem ákveðnar eru í hlutaðeigandi tilviki, skal færa inn í flughandbók loffarsins og/eða eru hluti af rekstrarfyrirmælum þess.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 26. gr. laga um loftferðir nr. 34 21. maí 1964 til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 7. febrúar 1994.

Halldór Blöndal.

Halldór S. Kristjánsson.

10. febrúar 1994 Nr. 79

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu á Hvammstanga árið 1994.

1. gr.

Hreppsnefnd Hvammstangahrepps er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) árið 1994 sem innheimta skal með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

A)	Íbúðir		Sorphirðugjald	kr.	4 450
B)	Fyrirtæki	flokkur	a) Sorpeyðingargjald	"	4 450
		"	b) "	"	13 350
		"	c) "	"	22 250
		"	d) "	"	53 400
		"	e) "	"	111 250
		"	f) "	"	222 500
		"	g) "	"	249 200

Hreppsnefnd skipar fyrirtækjum í flokka.

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af hreppsnefnd Hvammstangahrepps, er hér með staðfest samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til að öðlast gildi nú þegar.

Umhverfisráðuneytið, 10. febrúar 1994.

F. h. r.
Magnús Jóhannesson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir,

Nr. 80 10. febrúar 1994

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu á Dalvík árið 1994.

1. gr.

Bæjarstjórn Dalvíkur er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) árið 1994.

2. gr.

Gjaldið skal lagt á hverja íbúð og hvert fyrirtæki í lögsagnarumdæmi Dalvíkurbæjar. Gjaldið skal innheimt með fasteignagjöldum eða á annan hátt eftir því sem við verður komið og þá með sömu gjalddögum og fasteignagjöld.

3. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

A)	Íbúðir í þéttbýli				sorphirðugjald	kr.	5 000
B)	Fyrirtæki						
	Flokkur 1	sorphreinsigjald	kr.	250 000 og	sorpeyðingargjald	kr.	100 000
	" 2	"	"	100 000 og	"	"	80 000
	" 3				sorphirðugjald	kr.	60 000
	" 4				"	"	40 000
	" 5				"	"	20 000
	" 6				"	"	10 000
	" 7				"	"	5 000
C)	Íbúðir í dreifbýli og sumarhús		sorphirðugjald			"	5 000

Bæjarstjórn skipar fyrirtækjum í flokka, m. a. eftir magni úrgangs.

Fyrirtækjum í 1. og 2. flokki er heimilt að sjá um flutning á sorpi sínu sjálf á urðunarstað gegn því að leggja fram fullnægjandi göng um þann flutning. Bæjarráð Dalvíkur getur þá fellt niður sorphreinsigjald þessara fyrirtækja.

Fyrirtækjum í flokkum 3 - 7 er heimilt að nota gámasvæði bæjarins og verður álagt gjald þeirra ekki fellt niður.

Hvað förgun á timbri, brotajárni og öðrum úrgangi varðar skal leita umsagnar verkstjóra Dalvíkurbæjar hverju sinni.

4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Dalvíkur, staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til að öðlast gildi nú þegar.

Umhverfisráðuneytið, 10. febrúar 1994.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

10. febrúar 1994 Nr. 81

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Grýtubakkahreppi árið 1994.

1. gr.

Hreppsnefnd Grýtubakkahrepps er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) árið 1994 sem innheimta skal með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

Íbúðir á Grenivík	Sorphirðugjald	kr.	6 600
Sveitabýli eða sveitaheimili	Sorpeyðingargjald	"	3 300

Heimilt er hreppsnefnd Grýtubakkahrepps að að veita 50% afslátt ef tveir eða færri eru á heimili.

Fyrirtæki flokkur	1	Sorpeyðingargjald	kr.	3 300
"	2	"	"	6 600
"	3	"	"	20 000
"	4	"	"	40 000

Hreppsnefnd skipar fyrirtækjum í flokka eftir stærð fyrirtækis og magni úrgangs.

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af hreppsnefnd Grýtubakkahrepps, er hér með staðfest samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til að öðlast gildi nú þegar.

Umhverfisráðuneytið, 10. febrúar 1994.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

REGLUR

um úthlutun styrkja úr Atvinnuleysistryggingasjóði árið 1994.

1. gr.

Á árinu 1994 er stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs heimilt að ráðstafa allt að 600 m.kr. sem sveitarfélög greiða Atvinnuleysistryggingasjóði á árinu, auk allt að 600 m.kr. af öðru ráðstöfunarfé sjóðsins á árinu 1994, til að styrkja sérstök verkefni á ábyrgð sveitarfélaga til að fjölga atvinnutækifærum í samræmi við reglur þessar.

Reglur þessar ná ekki til styrkja samkvæmt 37. gr. laga um atvinnuleysistryggingar.

2. gr.

Fjárhæð styrks skal vera jafnhá þeim atvinnuleysisbótum og lífeyrissjóðsgreiðslum, sem ella hefðu verið greiddar þeim einstaklingum sem falla af atvinnuleysisskrá vegna þátttöku í verkefninu, þó þannig að ef hlutaðeigandi einstaklingur á bótarétt á bilinu 25-50% þá greiðast hálfar bætur og fullar bætur ef hlutaðeigandi á bótarétt á bilinu 51-100%.

Annar kostnaður við verkefnið, sem umfram er, s.s. launakostnaður umfram atvinnuleysisbætur, þ.m.t. launatengd gjöld, efniskostnaður, stjórnunarkostnaður, kostnaður við eftirlit og umsýslu, skipulagningu og undirbúning, skal borinn af viðkomandi sveitarfélagi eða vera á ábyrgð þess.

3. gr.

Til að verkefni teljist styrkhæft þarf það að uppfylla eftirtalin skilyrði:

1. Vera til að fjölga eða viðhalda atvinnutækifærum í sveitarfélaginu, við sem flestra hæfi.
2. Vera unnið á vegum sveitarfélags eða þriðja aðila. Ef verkefni er unnið á vegum þriðja aðila ber sveitarfélag ábyrgð á verkefninu með þeim hætti að það skal hafa eftirlit með að framkvæmd þess sé í samræmi við þær áætlanir sem þriðji aðili lagði fram.
3. Vera skýrt afmarkað og tímabundið. Verkefnið skal að jafnaði ekki ná yfir lengri tíma en sex mánuði.
4. Vera nýtt viðfangsefni eða verkefni umfram venjuleg umsvif. Ekki skal veita styrki úr sjóðnum til niðurgreiðslu á vinnuafli í fyrirtæki, sem er í hliðstæðum rekstri og önnur fyrirtæki í landinu þannig að um mismunun og röskun á samkeppnisstöðu verði að ræða. Hefðbundin viðfangsefni sveitarfélaga, s.s. gatna- og lóðahreinsun, gatna- og holræsalagnir eru ekki stykhæf nema um sérstakt tíma- og staðbundið átaksverkefni sé að ræða. Heimilt er að styrkja verkefni þar sem samþætt er fræðsla og vinna.
5. Nota vinnuafl á atvinnuleysisskrá í viðkomandi sveitarfélagi. Að jafnaði skulu þeir sem lengst hafa verið á atvinnuleysisskrá hafa forgang að starfi við verkefni. Þó getur sveitarfélag ákveðið verkefni með störfum fyrir tiltekna hópa atvinnulausra, þar sem tekið er tillit til félagslegra aðstæðna. Sömuleiðis er heimilt að víkja frá skilyrðinu um forgang eftir lengd atvinnuleysis ef um er að ræða verkefni sem krefjast sérhæfðs starfskrafts.

Verkefni við atvinnusköpun fyrir fólk, sem ekki á bótarétt úr Atvinnuleysistryggingasjóði eru ekki styrkhæf.

4. gr.

Heimilt er að styrkja sérstök verkefni á vegum sveitarfélaga, sem ætluð eru námsmönnum, einkum námsmönnum sem lokið hafa námi og komast ekki á vinnumarkað vegna atvinnuástands, ennfremur sérstök verkefni á vegum sveitarfélaga sem ætluð eru fólki með skerta starfsorku.

Styrkur vegna slíkra verkefna skal vera jafnhár þeim atvinnuleysisbótum, sem hlutaðeigandi á að viðbættu barnaálagi og lífeyrissjóðsgreiðslu sbr. þó 2. gr.

5 . gr.

Heimilt er að styrkja atvinnulausa einstaklinga til að hleypa af stokkunum eigin viðskiptahugmynd með þeim hætti að þeir haldi atvinnuleysisbótum í 6 mánuði meðan látið er á það reyna að hugmyndin sé framkvæmanleg, enda sé hugmyndin eða starfsemin ekki í beinni samkeppni við annan atvinnurekstur.

6. gr.

Við mat á umsóknum skal stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs veita forgang umsóknum frá sveitarfélögum þar sem atvinnuleysi er alvarlegast.

7. gr.

Sveitarfélög sem hyggjast sækja um styrk samkvæmt reglum þessum skulu senda stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs umsókn þar að lútandi. Með umsókn skulu fylgja nákvæmar upplýsingar um verkefnið s.s. kostnað við það, framkvæmdaaðila, áhrif þess á atvinnuástand í sveitarfélaginu ásamt fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árin 1993 og 1994. Jafnframt skulu fylgja nýjustu upplýsingar um atvinnuleysi í sveitarfélaginu samkvæmt atvinnuleysisskráningu.

8. gr.

Á árinu 1994 skal einn fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga taka sæti í stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs.

Kostnaður vegna fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga í stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs greiðist af Atvinnuleysistryggingasjóði.

9. gr.

Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs skal hraða umfjöllun og afgreiðslu styrkumsókna svo sem kostur er. Telji stjórnin frekari upplýsinga þörf skal viðkomandi sveitarstjórn gert viðvart án tafar og tímafrestur gefinn til að skila viðbótarupplýsingum.

Afgreiðslu stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs skal að jafnaði lokið tveimur vikum eftir að fullnægjandi umsókn hefur borist stjórninni.

10. gr.

Þegar stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs hefur fjallað um og afgreitt umsóknir af sinni hálfu skal hún leggja tillögu sína um afgreiðslu umsóknar fyrir félagsmálaráðherra.

Þess skal freistað að ná samstöðu innan stjórnarinnar um afgreiðslu umsóknar.

Nú verður ágreiningur í stjórninni um afgreiðslu umsóknar og skal þá gerð grein fyrir ágreiningnum í tillögunni til ráðherra um afgreiðslu umsóknar og hvernig atkvæði féllu.

Félagsmálaráðherra skal að jafnaði innan viku frá því að tillaga um afgreiðslu barst frá stjórninni staðfesta tillöguna eða hafna henni.

11. gr.

Eftir að verkefni hefst, sem stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs hefur samþykkt og félagsmálaráðherra staðfest skal Atvinnuleysistryggingasjóður greiða styrkfjárhæð með föstum mánaðarlegum greiðslum eftirá þann tíma sem verkefnið stendur yfir. Heimilt er að helmingur styrks, miðað við áætlaðan fjölda fólks af atvinnuleysisskrá við hvert verkefni, verði greiddur, þegar upphaflegur listi yfir ráðningar liggur fyrir og verkefnið er hafið. Uppgjör fari síðan fram við lok hvers verkefnis á grundvelli lista yfir nöfn og starfstíma þeirra, sem ráðnir voru af atvinnuleysisskrá meðan á verkefninu stóð.

12. gr.

Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs skal fylgjast með því að verkefni, sem styrkt er samkvæmt reglum þessum sé framkvæmt með þeim hætti sem ráðgert var.

Komi í ljós að framkvæmd verkefnis sé á einhvern hátt ekki í samræmi við upplýsingar er stjórn sjóðsins heimilt að stöðva greiðslu styrksins.

13. gr.

Kostnaður við verkefni skal færður sérstaklega og honum haldið aðskildum frá öðrum kostnaði hjá viðkomandi sveitarfélagi eða þeim aðila sem annast framkvæmd verksins á ábyrgð sveitarfélagsins.

Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs er heimilt að óska eftir því að Ríkisendurskoðun endurskoði bókhald þeirra verkefna sem unnin eru með styrk samkvæmt reglum þessum.

14. gr.

Innan fjögurra vikna frá því að verkefni lýkur skal sveitarfélag senda stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs greinargerð um verkefnið. Þar skal sérstaklega láta koma fram áhrif verkefna á atvinnuástand í hlutaðeigandi sveitarfélagi.

15. gr.

Reglur þessar, sem settar eru með stoð í 17. gr. laga nr. 127/1993 um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1994, sbr. IV. ákvæði til bráðabirgða í lögum um atvinnuleysistryggingar, nr. 93/1993 öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 14. febrúar 1994.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Húnbogi Þorsteinsson.

AUGLÝSING

um að gjaldskrá nr. 56/1993 vegna eftirlits á vegum Geislavarna ríkisins fyrir árið 1993 skuli gilda árið 1994.

1. gr.

Gjaldskrá vegna eftirlits á vegum Geislavarna ríkisins fyrir árið 1993 nr. 56 9. febrúar 1993 skal gilda vegna eftirlits stofnunarinnar árið 1994.

2. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er með stoð í 18. gr. laga um geislavarnir nr. 117/1985 öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 14. febrúar 1994.

Guðmundur Árni Stefánsson.

Páll Sigurðsson.

15. febrúar 1994 Nr. 84

SAMÞYKKT

um forkaupsrétt Ísafjarðarkaupstaðar á fasteignum innan sveitarfélagsins.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 22, 23. júní 1932 og 26. gr. skipulagslaga nr. 19/1964 hefur bæjarstjórn Ísafjarðar, þann 13. janúar 1994, samþykkt að áskilja sér forkaupsrétt að eftirtöldum fasteignum:

Staðsetning/fasteignanr.:		Eign: Eigandi (eigendur):
Aðalstræti 26a	lóð, íbúðarhús	Sigurður B. Guðbjartsson
0033-0261		Bergþóra K. Borgarsdóttir
		Bjarni J. Sveinsson
		Baldur R. Baldursson
Aðalstræti 37	iðnaðarhús	Steinþór Friðriksson
0033-0370		Kristinn L. Jónsson
v/Aðalstræti	lóð	Kjartan Guðmundsson
0033-7500		Níels Guðmundsson
		Sigurður Guðmundsson
		Sæmundur Guðmundsson
Ásgeirsgata	vöruskemma	Eimskipafélag Íslands
0443-0030		Ísafjarðarhöfn
Brunngata 7	lóð, íbúðarhús	Lífeyrissj. Vestf.
1543-0070		Rut Tryggvason
v/Djúpveg	iðnaðarhús	Jón og Magnús sf.
9988-1100		

Engjavegur 3	íbúðarhús	Óðinn Gústafsson
2123-0030		Elín S. Jónsdóttir
Fjarðarstræti 14	lóð, íbúðarh., skúrar	Ingibjörg Sigtryggsdóttir
2323-0140		Atli Rúnar Stefánsson
		Redy Luz de Valdimarsson
		Össur P. Valdimarsson
Fjarðarstræti 16	iðnaðarhús, bílsk.	Sigurborg Þorkelsdóttir
2323-0160		Óli Reynir Ingimars.
Fjarðarstræti 18	lóð, íbúðarhús	Jón Kristján Hilmarsson
2323-0180		Svanhildur Skarphéðinsdóttir
Fjarðarstræti 20	iðnaðarh., bílskúr	Ísafjarðarkirkja
2323-0200, 01/07		Gunnlaugur Jónasson
		Tréver sf.
		Hálfdán Daði Hinriksson
		Kaupfélag Ísfirðinga
Fjarðarstræti 32	lóð, íbúðarhús	Ásmundur Björnsson
2323-0320		Ragnheiður Á. Ingvarsdóttir
Fjarðarstræti 32	lóð, íbúðarhús	Guðmundur S. Ásgeirsson
2323-0321-01		Ingibjörg S. Guðmundsdóttir
Fjarðarstræti 32	bílskúr	Guðmundur S. Ásgeirsson
2323-0321-02		Ingibjörg S. Guðmundsdóttir
Fjarðarstræti 38	lóð, íbúðarhús	Birkir Kristjánsson
2323-0380-01		Hildur Hilmarsdóttir
		Ásgeir Vilhjálmsson
Fjarðarstræti 38	lóð, íbúðarhús	Valgerður Pálmadóttir
2323-0381-01		Höskuldur Guðmundsson
Hafnarstræti 11	lóð, íb.hús., skúr, versl.	Jónas Magnússon
3343-0110		Vilberg Vilbergsson
Hafnarstræti 11a	lóð, íbúð, versl.,	Db. Ástu Eggertsdóttur
3343-0111-01,02	geymsla	
Hafnarstræti 17	lóð, íbúð, skúr	Db. Jóhanns Eiríkssonar
3343-0170-01,02		Ísafjarðarkaupstaður
Heiðarbraut 14	fjárhús, hlaða	Magnús Ingi Bjarnason
3523-014-02,03		Hrefna Ragnheiður Magnúsd.
v/Heiðarbraut	fjárhús, hlaða	Kristján Kristjánsson
3523-1000-04		
Hlíðarvegur 51	lóð, íbúðarhús	Alf Överby
3943-0510		
Ísafjarðarvegur 6	íbúð, fjárh., land	Ingibjörg Guðmundsd.
4703-0060		
Mjallargata 1	lóð	Ísverk hf.
6283-0010		

Norðurvegur 2 6663-0020	lóð, íbúðarh.	Einar Friðbergsson
Seljalandsvegur 7183-0600	lóð	Db. Ástu Eggertsd.
Seljalandsvegur 78 7183-0780-02,03	fiskverk., rækjust.	Þórður Júlíusson
Seljalandsvegur 84 7183-0840	bílskúr	Kjartan Sigmundsson
Silfurgata 8a 7333-0081	lóð, íbúð, geymsla	Sigtryggur Jörundsson
Silfurgata 9a 7333-0090	lóð, íbúðarhús	Ingibjörg Snorrad.
Silfurgata 12 7333-0120	lóð, íbúðarhús	Pétur S. Kristjánsson Ingvar Friðbjörn Sveinsson
Skólavegur 13 7723-0130	lóð	Leifur Pálsson
Stekkjargata 4 8293-0040	íbúðarhús	Hringur sf.
Stekkjargata 7 8293-0070	íbúðarhús	Miðfell hf. Ragnar Benediktsson
Stekkjargata 25	íbúðarh., hjallur	Kjartan Ólafsson
Stekkjargata 29 8293-0290	íbúðarhús, bílskúr	Daníel Örn Ingþórsson Sólveig Guðmunda Skúlad.
Stekkjargata 31 8293-0310	íbúðarhús geymsla	Elinóra Ásgeirsdóttir "
Stekkjargata 33 8293-0330	iðnaðarhús	Litli leikklúbburinn
Stekkjargata 38 8293-0380	fiskverkun	Óskar Friðbjarnarson
Stekkjargata 40 8293-0400	íbúðarhús	Valdimar Ágústsson
Suðurtangi 2 8493-0020	vörug., íbúð	Hringur sf.
Sundstræti 11 8553-0130	lóð, íbúðarhús	Sigríður Guðfinna Ásgeirsd.
Sundstræti 14 8553-0140	íbúð	Arnfinnur Örn Arnarsson
Sundstræti 14 8553-0141	íbúð	Kristján Ólafsson Hulda Valdís Steinarsdóttir
Sundstræti 15 8553-0150	lóð, íbúðarhús	Magnús Arnórsson
Sundstræti 20 8553-0200	smíðahús	Hörður Jakobsson

Urðarvegur 10 8993-0100-01	íbúðarhús	Björg Aðalheiður Jónsdóttir
Urðarvegur 10 8993-0100-02	fjós, hlaða	Tryggvi Andrés Jónsson Tryggvi Andrés Jónsson Db. Einars Guðmundssonar
v/Urðarveg 8993-1600	bílskúr	Tryggvi Andrés Jónsson
Árbær (Árholt 6) 0233-0050	land, mannvirki	Ólafur Guðmundsson
Brautarholt 9988-2500	land	Raguel Hagalínsson
Efri-Tunga 0002-5001	land, mannvirki	Jóhann P. Ragnarsson
Fagrihvammur 0003-0000	" "	Gestur Benediktsson
Fossar, Engidal 0003-1000	land	Andrés Jónsson
Fremri-Hnífsdalur 0003-6000	"	Þorvarður Björn Jónsson Kristján Kristjánsson
Góustaðir 0004-0001	" "	Sigurður Sveins. o.fl.
Heimabær III (Heimabæjarst. 2) 3583-0020	íbúð, lóð	Landflutningasjóður
Heimabær IV (Heimabæjarst. 4) 3583-0040	lóð	Hraðfrystihúsið Hnífsdal
Heimabær V 0004-5500	land	María Friðriksdóttir Ísafjarðarkaupstaður
Hraun 0004-7000, 01/12	land, mannvirki	Hjálmar Sigurðsson
Kolfinnustaðir 0006-0001	mannvirki	Einar Halldórsson
Seljaland 7183-4200	íbúðarhús, hesthús	Jón B. Hjartarson
Tunga 0007-0000, 01/06	mannvirki, land	Svæðistj. málefna fatlaðra
Efri-Engidalur 0002-0000, 01/14	mannvirki, land	Kristín G. Magnúsdóttir
Efri-Engidalur 0002-0020	sumarbústaður, lóð	Magdalena Jónsdóttir
Neðri-Engidalur 0006-5000, 01/05	mannvirki, land	Kristín Pétursdóttir Gerða Pétursdóttir Katrín Pétursdóttir Guðrún Jóhannsdóttir Guðmundur Jens Jóhannsson

Fremrihús, Arnardal 0003-5000, 01/14	land, mannvirki	Katarínus Matthíasson
Fremri-Arnardal 0003-3100, 01/04	land, íbúðarhús hlaða, fjárh.	Sæmundur Guðmundsson "
Fremri-Arnardal 0003-3000	land	Katarínus Matthíasson
Heimabær, Arnardal 0004-5000, 01/09	" "	Db. Marvins Kjarval
Heimabær, Arnardal 0004-5000, 10/12	íbúðarhús, fjós, bílskúr	Jóhann Björgvin Marvinsson
Heimabær, Arnardal 0004-5000-13	sumarbústaður	Guðjón Jóhannes Jónsson
Holt, Arnardal 0004-5800	íbúðarhús, land	Guðjón Eiríksson
Ytri-hús, Arnardal 0004-7000	sumarbústaður, land	Auður Guðjónsdóttir
Sumarbústaður í Arnardal		Guðlaug Þorsteinsdóttir
Sumarbústaður, Dagverðardal 9998-2010		Bæring Gunnar Jónsson
Sumarbúst., Dagverðardal 9998-2060		Þorsteinn Jóakimsson
Sumarbúst., Dagverðardal 9998-2080		Kristín Jónsdóttir
Sumarbúst., Dagverðardal Sigurlaugsdóttir 9998-2130		Lýdía Rósa
Sumarbúst., Dagverðardal 9998-2160		Oddur Pétursson
Sumarbúst., Dagverðardal 9998-2180		Þórir Sigurðsson
Verkstæðishús, Dagverðardal 9973-2000		Sigurður Sveinsson

Hnífsdalur: Öll ræktuð og óræktuð tún og stykki í einkaeign.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi og gildir í 5 ár frá dagsetningu hennar að telja. Birtist hún hér með til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi samþykkt um forkaupsrétt Ísafjarðarkaupstaðar að fasteignum innan sveitarfélagsins nr. 398 frá 9. ágúst 1989.

Umhverfisráðuneytið, 15. febrúar 1994

F. h. r.
Magnús Jóhannesson.

Hrafn Hallgrímsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 105/1990 um framhaldsskóla sbr. reglugerð nr. 23/1991 og reglugerð nr. 421/1991.

1. gr.

1. mgr. 15. gr. orðist svo:

Menntamálaráðherra skipar skólanefnd við hvern framhaldsskóla til fjögurra ára í senn. Í skólanefndum skulu sitja sjö menn: Tveir fulltrúar starfsmanna kosnir á fundi allra starfsmanna skólans, einn fulltrúi kosinn af nemendum skólans, þrír fulltrúar tilnefndir af hlutaðeigandi sveitarfélagi eða samtökum sveitarfélaga í viðkomandi landshluta og einn fulltrúa skipar ráðherra án tilnefningar. Fulltrúi nemenda skal þó kosinn til eins árs. Varamenn skulu valdir með sama hætti. Nefndin velur sér formann til tveggja ára í senn, en fulltrúi ráðuneytisins kallar nýja nefnd saman til fyrsta fundar.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 40. gr. laga um framhaldsskóla nr. 57/1988 sbr. lög nr. 107/1988, lög nr. 74/1989 og lög nr. 81/1993 og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 11. febrúar 1994.

Ólafur G. Einarsson.

Guðríður Sigurðardóttir.

Nr. 86 16. febrúar 1994

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 194/1990, um virðisaukaskatt af þjónustu fyrir erlenda aðila og af aðkeyptri þjónustu erlendis frá, með síðari breytingum.

1. gr.

Við 2. gr. bætist nýr töluliður, sem verður 10. töluliður, er orðast svo:

Vöruflutningar innanlands þegar flutt er beint til eða frá landinu.

2. gr.

2. tölul. 3. gr. orðast svo:

Vöruflutninga, aðra en vöruflutninga innanlands þegar flutt er beint til eða frá landinu.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 2. mgr. 12. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, og öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 16. febrúar 1994.

F. h. r.

Jón H. Steingrímsson.

Margrét Gunnlaugsdóttir.

AUGLÝSING

um ökutækjatryggingar.

1. gr.

Samkvæmt heimild í 3. mgr. 91. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, er ákveðið að vátryggingarfjárhæðir ábyrgðartryggingar ökutækja samkvæmt 2. mgr. 91. gr. skuli vera 439 millj. kr. vegna líkamstjóns eða vegna missis framfæranda og 102 millj. kr. vegna tjóns á munum.

2. gr.

Samkvæmt heimild í 2. mgr. 92. gr. umferðarlaga er ákveðið að vátryggingarfjárhæð slysatryggingar ökumanns samkvæmt 1. mgr. 92. gr. skuli vera 17 millj. kr.

3. gr.

Samkvæmt heimild í 4. málsl. 3. mgr. 6. gr. reglugerðar um lögmæltar ökutækjatryggingar, nr. 556 29. desember 1993, er ákveðið að hámark eigin áhættu vátryggingartaka samkvæmt 2. málsl. 3. mgr. 6. gr. skuli vera 75.000 kr. fyrir einstakling og 162.000 kr. fyrir rekstraraðila, svo og að hámark eigin áhættu samkvæmt 3. málsl. 3. mgr. 6. gr. skuli vera 27.000 kr.

4. gr.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi 1. mars 1994.

Jafnframt fellur úr gildi auglýsing um ábyrgðartryggingu ökutækja o.fl., nr. 77 17. febrúar 1993.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 23. febrúar 1994.

Þorsteinn Pálsson.

Ólafur W. Stefánsson.

24. febrúar 1994 Nr. 88

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Akureyrar.

Samkvæmt 29. gr. orkulaga nr. 58 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrá Hitaveitu Akureyrar er taki gildi 1. janúar 1994:

Gjaldskrá Hitaveitu Akureyrar, nr. 176, 26. apríl 1993 með áorðnum breytingum:

Verð fyrir hvern rúmmetra af heitu vatni lækkar um 5,44% úr kr. 119,50 í kr. 113,00. Aðrir gjaldskrárliðir verða óbreyttir.

Iðnaðaráðuneytið, 24. febrúar 1994.

F. h. r.

Árni Þ. Árnason.

Steinunn Bjarman.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um kosningu vígslubiskups, nr. 118 12. mars 1991.

1. gr.

1. tölul. 2. gr. orðist svo:

1. Biskup Íslands; þjónandi vígslubiskup, sóknarprestar og aðstoðarprestar, sbr. 3. gr. laga nr. 62/1990, í vígslubiskupsdæmi, svo og sérþjónustuprestar, sbr. II. kafla laga nr. 62/1990, sem hafa starfsstöð í vígslubiskupsdæmi. Kennarar guðfræðideildar sem eru í föstum embættum eða störfum (prófessorar, dósentar eða lektorar) enda séu þeir guðfræðikandidatar, biskupsritari með sama skilorði, svo og prestvígðir menn sem ráðnir eru til sérstakra starfa innan þjóðkirkjunnar á vegum biskups og kirkjuráðs og í föstu starfi, í vígslubiskupsdæmi þar sem þeir hafa starfsstöð.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 2. mgr. 43. gr. laga um skipan prestakalla og prófastsdæma og um starfsmenn þjóðkirkju Íslands, nr. 62 17. maí 1990, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 23. febrúar 1994.

Þorsteinn Pálsson.

Ólafur W. Stefánsson.

Nr. 90 24. febrúar 1994

AUGLÝSING

um verðjöfnun vegna útflutnings sjávarafurða í marsmánuði 1994.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 39, 15. maí 1990, um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins, hefur hlutfall af andvirði sjávarafurða sem inn- og útgreiðslur skulu miðast við vegna útflutnings í marsmánuði 1994 verið ákveðið sem hér segir:

1. Skreið ..... Útborgun 8,5%

Ofangreind útborgun er af reikningi deildar fyrir viðkomandi afurð úr Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins. Reynist innstæða reiknings ekki hrökkva til greiðslu ákvarðaðs útborgunarhlutfalls vegna útflutnings viðkomandi afurðar í marsmánuði, skal lækka útborgun hlutfallslega.

Sjávarútvegsráðuneytið, 24. febrúar 1994.

Þorsteinn Pálsson.

Gylfi Gautur Pétursson.

Stjórnartíðindi B 13, nr. 76–90. Útgáfudagur 28. febrúar 1994.

STJÓRNARTÍÐINDI B 14 – 1994

2. mars 1994 249 Nr. 91

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Dalvíkur.

Samkvæmt 29. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrá Hitaveitu Dalvíkur er taki gildi við birtingu:

Gjaldskrá Hitaveitu Dalvíkur, nr. 594, 9. desember 1991:

Gjaldskráin hækkar sem hér segir:

1. Notendagjöld:
   - Orkugjald ..... kr. 28,37 pr. m^3
   - Mælagjald ..... kr. 10,19 pr. dag
   - Lokunargjald ..... kr. 1.948,00
2. Tengigjöld:
   - Lágmarksgjald miðað við 400 m^3 ... kr. 96.428,00
   - Gjald fyrir hús umfram 400 m^3 ..... kr. 121,27 pr. m^3

Gjaldskrá þessi miðast við BVT 01.01.94 sem er 195,5 stig og er óbreytt að öðru leyti en að ofan greinir.

Iðnaðarráðuneytið, 2. mars 1994.

F. h. r.

Þorkell Helgason.

Steinunn Bjarman.

28. febrúar 1994 Nr. 92

REGLUGERÐ

um hrognkelsaveiðar.

1. gr.

Allar veiðar á grásleppu í fiskveiðilandhelgi Íslands eru óheimilar nema að fengnu sérstöku leyfi Fiskistofu.

2. gr.

Rétt til grásleppuveiða eiga þeir bátar, sem leyfi fengu á vertíð 1991 samkvæmt reglugerð nr. 474, 2. desember 1990. Óheimilt er að veita grásleppuleyfi til báta, sem eru stærri en 12 brl., hafi þeir ekki stundað veiðar á grásleppu árið á undan. Heimilt er að binda útgáfu leyfa til grásleppuveiða þeim skilyrðum, sem þurfa þykir, m.a. varðandi skýrsluskil um veiðarnar og skil vegna greiðslumiðlunar.

B 19
Steindórsprent Gutenberg hf.

3. gr.

Flutningur grásleppuleyfis milli báta er bundinn eftirfarandi skilyrðum: a) að bátur, sem leyfi er flutt frá, hafi haft það í a.m.k. eina vertíð, b) að bátur, sem grásleppuleyfi er flutt á, hafi leyfi til veiða í atvinnuskyni og c) að hinn nýi bátur sé ekki meira en 10 rúmmetrum stærri en sá bátur, sem veiðileyfið er flutt frá.

4. gr.

Selji aðili, sem kost átti á leyfi skv. reglugerð nr. 474/1990, bát sinn fylgir leyfið bátnum nema um annað sé samið í kaupsamningi. Hafi seljandi báts, með grásleppuleyfi, tekið fram í kaupsamningi, að grásleppuleyfið fylgdi ekki með við sölu bátsins, hefur seljandinn heimild til að flytja leyfið á annan bát, enda hafi sá bátur leyfi til veiða í atvinnuskyni og sé innan stærðarmarka sbr. 2. og 3. gr. Nýti seljandi ekki þessa heimild næstu tvær vertíðar frá sölu bátsins fellur leyfið niður.

5. gr.

Eingöngu er heimilt að nota við grásleppuveiðar þann bát, sem tilgreindur er í veiðileyfi. Ekki er heimilt að stunda á sama tíma veiðar á grásleppu og netaveiðar á þorskfiski.

6. gr.

Hvert veiðileyfi skal bundið við ákveðið veiðisvæði og veiðitíma. Er leyfilegur veiðitími á hverju veiðisvæði sem hér segir:

A: Fyrir Vesturlandi, frá línu réttvísandi vestur frá Garðskagavita að línu réttvísandi vestur frá Dritvíkurflögum, er veiðitímabilið 20. apríl - 20. júlí.

B: Í Breiðafirði, frá línu réttvísandi vestur frá Dritvíkurflögum að línu réttvísandi vestur frá Bjargtöngum, er veiðitímabilið 10. apríl - 20. júlí.
Innan línu, sem dregin er úr Krossnesvita, vestan Grundarfjarðar, í Lambanes, vestan Vatnsfjarðar, er veiðitímabilið þó 5. maí - 5. ágúst.

C: Fyrir Vestfjörðum, frá línu réttvísandi vestur frá Bjargtöngum að línu réttvísandi norður frá Horni, er veiðitímabilið 10. apríl - 20. júlí.

D: Í Húnaflóa, frá línu réttvísandi norður frá Horni að línu réttvísandi norður frá Skagatá, er veiðitímabilið 1. apríl - 1. júlí.

E: Fyrir Norðurlandi, frá línu réttvísandi norður frá Skagatá að línu réttvísandi austur frá Fonti á Langanesi, er veiðitímabilið 20. mars - 20. júní.

F: Fyrir Austurlandi, frá línu réttvísandi austur frá Fonti á Langanesi að línu réttvísandi austur frá Hvítingum, er veiðitímabilið 20. mars - 20. júní.

G: Fyrir Suðurlandi, frá línu réttvísandi austur frá Hvítingum að línu réttvísandi vestur frá Garðskagavita, er veiðitímabilið 20. mars - 1. júlí.

Veiðileyfishöfum er óheimilt að leggja grásleppunet fyrir kl. 08.00 fyrsta dag veiðitímabils. Skylt er að draga öll grásleppunet, sbr. 8. gr. úr sjó fyrir lok veiðitímabils sbr. 1. mgr. þessarar greinar. Óheimilt er að stunda veiðar með rauðmaganetum sbr. 8. gr. eftir 30. júní ár hvert.

7. gr.

Sé einn maður á báti, er bannað að eiga fleiri en 100 grásleppunet í sjó. Séu tveir menn í áhöfn, skulu ekki fleiri en 200 net í sjó. Aldrei er heimilt að eiga fleiri en 300 net í sjó. Takmörkun þessi á netafjölda miðast við 60 faðma ófellda slöngu.

8. gr.

Lágmarksmöskvastærð grásleppuneta, sem heimilt er að nota, er 10,5 þumlungar (266,7 mm). Við ákvörðun á hvort um grásleppunet eða rauðmaganet er að ræða teljast öll net grásleppunet, sem eru með stærri möskva en 8,5 þumlungar (216 mm). Óheimilt er að nota til rauðmagaveiða net með minna en 7 þumlunga möskva.

9. gr.

Netabaujur skulu vera á báðum endum netatrossu og skulu allar netabaujur merktar með flaggi, sem komið er fyrir efst á baujustönginni. Flaggið skal auðkennt þannig að séð verði hvaða bátur eigi netið.

10. gr.

Allir þeir, sem grásleppuveiðar stunda, skulu senda Fiskistofu skýrslur um veiðarnar.

11. gr.

Auk eftirlits Landhelgisgæslu með veiðum og veiðarfærum hafa veiðieftirlitsmenn Fiskistofu eftirlit með, að ákvæðum reglugerðar þessarar sé fylgt og er leyfishöfum skylt að gera þessum aðilum kleift að gera þær athuganir á veiðarfærum, sem þeir telja nauðsynlegar.

12. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða refsingu samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála. Jafnframt er heimilt að svipta báta heimild til grásleppuveiða í tiltekinn tíma, að mati ráðuneytisins, vegna brota á ákvæðum reglugerðar þessarar eða leyfisbréfa til grásleppuveiða.

13. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 6, 12. janúar 1993, ásamt síðari breytingum.

Sjávarútvegsráðuneytið, 28. febrúar 1994.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð um greiðslur almannatrygginga á lyfjakostnaði, nr. 515/1992.

1. gr.

3. mgr. 1. gr. orðist svo:

Ávísað magn á hverri lyfjaávísun (ordination) skal miða við mest 100 daga notkun, nema þegar ávísað er á eftirfarandi lyf, en þá skal miða við mest 30 daga notkun:

	ATC-flokkur
a. Lyf við sársjúkdómi (ulcus pepticum)	A 02 B
b. Sveppalyf til inntöku	D 01 BA
c. Geðdeyfðarlyf, tvíhringlaga afbrigði	N 06 AB

Tryggingastofnun ríkisins er heimilt að gefa út skírteini, sem heimilar að lyfjaávísunin sé miðuð við 100 daga notkun á einni lyfjaávísun fyrir ofangreind lyf fyrir þá sjúklinga, sem sýnt er fram á að nauðsynlega þurfi að nota lyfin að staðaldri.
Tryggingastofnun ríkisins er heimilt að tilgreina á skírteinin ódýrasta lyf viðkomandi lyfjaflokks.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á b-lið 5. gr.:

a) Síðasta lína orðist svo:
R 05 Hósta- og kveflyf (nema lyf í flokkum R 05 CB, slímþynnar (mucolytica) og R 05 DA 04, kódein, en þau skal greiða skv. 4. gr.).

b) Við b-lið 5. gr. bætist eftirfarandi:
D 06 Sýklalyf (antibiotica og chemotherapeutica)

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt c-lið 1. mgr. 36. gr., sbr. 2. mgr. 36. gr. laga um almannatryggingar nr. 117/1993 öðlast gildi 1. mars 1994.

Heilbrigðis-og tryggingamálaráðuneytið, 23. febrúar 1994.

Guðmundur Árni Stefánsson.

Einar Magnússon.

STJÓRNARTÍÐINDI B 15 – 1994

2. mars 1994 253 Nr. 94

REGLUGERÐ

um rétt manna til að kalla sig húsameistara.

1. gr.

Ráðherra er heimilt að veita mönnum, sem hlotið hafa leyfi í einhverju ríkja á Evrópska efnahagssvæðinu til að kalla sig húsameistara (arkitekt) og geta lagt fram vottorð því til sönnunar frá sínu heimaríki, leyfi til að kalla sig húsameistara, þrátt fyrir að þeir hafi ekki lokið prófi í byggingarlist.

2. gr.

Áður en leyfi skv. 1. gr. er veitt skal leitað umsagnar stéttarfélags húsameistara.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 1. mgr. 4. gr. laga nr. 83 18. maí 1993 um viðurkenningu á menntun og prófskírteinum, öðlast gildi þegar í stað.

Iðnaðarráðuneytið, 2. mars 1994.

F. h. r.
Þorkell Helgason.

Gunnar Viðar.

4. mars 1994 Nr. 95

REGLUGERÐ

um afnám reglna nr. 57/1929 fyrir Veðurstofu Íslands.

1. gr.

Með reglugerð þessari eru felldar úr gildi reglur nr. 57/1929 fyrir Veðurstofu Íslands.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 5. gr. laga nr. 30/1985 um Veðurstofu Íslands og öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytið, 4. mars 1994.

Össur Skarphéðinsson.

Magnús Jóhannesson.

Steindórsprent Gutenberg hf.

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Raufarhafnarhreppi árið 1994.

1. gr.

Raufarhafnarhreppi er heimilt að innheimta sérstakt sorphirðugjald, kr. 3.000, vegna söfnunar og förgunar á neysluúrgangi (heimilissorpi) sem til fellur í sveitarfélaginu á árinu 1994.

2. gr.

Gjaldið skal lagt á hverja íbúð í sveitarfélaginu. Innheimta skal gjaldið með fasteignagjöldum og eru gjalddagar þeir sömu.

3. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samin og samþykkt af sveitarstjórn Raufarhafnarhrepps staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Umhverfisráðuneytið, 25. febrúar 1994.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

Nr. 97 24. febrúar 1994

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Kópavogi á árinu 1994.

1. gr.

Árgjald vegna hundahalds sbr. 3. gr. c í samþykkt nr. 257/1988 um hundahald í lögsagnarumdæmi Kópavogs, skal vera kr. 7.700 á árinu 1994 með gjalddaga 1. mars.

Gjaldið skal greiðast fyrirfram og óskipt fyrir allt tímabilið og eigi síðar en á eindaga sem er 1. apríl.

Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga verði gjaldið eigi greitt í síðasta lagi á eindaga.

Gjaldið skal vera kr. 642 fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði.

2. gr.

Handsömunargjald er kr. 4.000. Geymslugjald fyrir handsamaðan hund er kr. 400 fyrir hvern sólarhring umfram þann fyrsta.

3. gr.

Ofangreind gjaldskrá bæjarstjórnar Kópavogs staðfestist hér með skv. 22. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit með ofangreindum gildistíma.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 24. febrúar 1994.

Guðmundur Árni Stefánsson.

Sólveig Guðmundsdóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 16 – 1994

23. febrúar 1994 255 Nr. 98

VIÐAUKI

við reglugerð nr. 38, 31. janúar 1991, um möskvastærðir í togvörpum, möskvamæla og mæliaðferðir.

1. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 12. gr. er heimilt við veiðar á úthafskarfa að klæða 25 öftustu metra flotvörpunnar, með styrktarneti með 135 mm möskvastærð.

Ákvæði 1. mgr. tekur aðeins til veiða á úthafskarfa með flotvörpu á svæði utan línu, sem dregin er milli eftirgreindra punkta:

1. 65° 20'N – 29°45'V (við miðlínu milli Íslands og Grænlands)
2. 63°N - 26°V
3. 62°N - 27°V

og vestan línu, sem dregin er 180° réttvísandi frá 62°N- 27°V.

2. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 12. gr. er heimilt við veiðar á blálöngu á „Franshóli" að nota í 25 öftustu metrum vörpunnar net með 110 mm lágmarksmöskvastærð. Einnig er heimilt að klæða 25 öftustu metra vörpunnar með styrktarneti með 135 mm möskvastærð.

Ákvæði 1. mgr. tekur til veiða á svæði utan línu sem dregin er milli eftirgreindra punkta:

1. Skurður 27°40'V við fiskveiðimörkin.
2. 61°03'N - 27°40'V
3. 61°03'N - 27°25'V
4. Skurður 27°25'V við fiskveiðimörkin.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og laga nr. 34, 17. maí 1976, um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi. Jafnframt er felldur úr gildi viðauki nr. 197 við reglugerð nr. 38, 31. janúar 1991, um möskvastæðir í togvörpum, möskvamæla og mæliaðferðir.

Sjávarútvegsráðuneytið, 23. febrúar 1994.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

Steindórsprent Gutenberg hf.

GJALDSKRÁ

vegna hundahalds í Garðabæ fyrir árið 1994.

1. gr.

Gjald fyrir leyfi til þess að halda hund í lögsagnarumdæmi Garðabæjar, sbr. c-lið 3. gr. samþykktar um hundahald í Garðabæ frá 11. mars 1983, skal vera kr. 9.500 fyrir árið 1994. Gjaldið greiðist fyrirfram á gjalddaga 15. nóvember 1993.

2. gr.

Gjald vegna töku á hundum sbr. 2. gr. ofangreindrar samþykktar skal vera kr. 4.000.

3. gr.

Um vexti á vangreiddu leyfisgjaldi gilda almennar reglur.

4. gr.

Ofangreind gjaldskrá bæjarstjórnar Garðabæjar staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, til þess að öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 24. febrúar 1994.

Guðmundur Árni Stefánsson.

Sólveig Guðmundsdóttir.

Nr. 100 25. febrúar 1994

AUGLÝSING

um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á sameiningu Keflavíkurbæjar, Njarðvíkurbæjar og Hafnahrepps.

Með vísan til 112. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, sbr. einnig 2. tölulið 1. gr. laga nr. 75/1993, tilkynnir ráðuneytið að það hefur hinn 25. febrúar 1994 staðfest sameiningu Keflavíkurbæjar, Njarðvíkurbæjar og Hafnahrepps í eitt sveitarfélag.

Jafnframt hefur eftirfarandi verið ákveðið:

Kosning sveitarstjórnar hins nýja sveitarfélags skal fara fram sama dag og reglulegar sveitarstjórnarkosningar, þ.e. laugardaginn 28. maí 1994, sbr. 13. gr. sveitarstjórnarlaga.

Kosningin skal vera bundin hlutfallskosning, sbr. 1. mgr. 15. gr. sveitarstjórnarlaga.

Kjósa skal ellefu fulltrúa í sveitarstjórn hins nýja sveitarfélags, sbr. 1. mgr. 11. gr. sveitarstjórnarlaga.

Kjörstjórnir þær sem kosnar voru í upphafi yfirstandandi kjörtímabils samkvæmt 23. gr. sveitarstjórnarlaga skulu vera undirkjörstjórnir við kosningarnar. Bæjarstjórnirnar og hreppsnefndin skulu koma sér saman um kosningu þriggja aðalmanna og jafnmargra til vara í yfirkjörstjórn og verði ráðuneytinu tilkynnt um kosninguna að henni lokinni.

Formleg sameining þessara sveitarfélaga skal taka gildi 11. júní 1994.

Skoðanakönnun skal fara fram um nafn hins nýja sveitarfélags og skal nafnið ákveðið á grundvelli hennar. Nafn hins nýja sveitarfélags verður auglýst sérstaklega.

Félagsmálaráðuneytið, 25. febrúar 1994.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Sesselja Árnadóttir.

SAMÞYKKT

um hundahald á Sauðárkróki

1. gr.

Hundahald í Sauðárkrókskaupstað sætir þeim takmörkunum sem getið er um í samþykkt þessari.

2. gr.

Umsókn um leyfi til hundahalds skal senda skrifstofu Sauðárkrókskaupstaðar, sem gefur út leyfið að uppfylltum skilyrðum.

3. gr.

Hundahald er háð leyfi bæjarstjórnar sem getur veitt lögráða einstaklingum, búsettum í kaupstaðnum, leyfi til hundahalds að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

a) Leyfið er bundið við nafn og heimili lögráða einstaklings og er óheimilt að framselja það.

b) Hundurinn skal skráður á skrifstofu Sauðárkrókskaupstaðar og þar fær eigandi hundsins afhenta merkta plötu, sem hundurinn skal ávallt bera um hálsinn. Hundaeiganda ber að tilkynna á bæjarskrifstofu um aðsetursskipti. Einnig skal tilkynnt ef hundur drepst eða er fluttur úr lögsagnarumdæminu. Sækja skal um leyfi fyrir hvolp áður en hann verður 3ja mánaða gamall.

c) Árlega skal bæjarsjóði greitt gjald fyrir þá hunda, sem leyfi er veitt fyrir samkvæmt sérstakri gjaldskrá sem heilbrigðisráðherra staðfestir. Gjaldið skal greitt í fyrsta sinn við skráningu hundsins og síðan árlega fyrirfram með gjalddaga 1. maí. Hafi gjaldið eigi verið greitt innan tveggja mánaða frá gjalddaga fellur leyfið úr gildi.

d) Skylt er hundaeiganda að hafa hund sinn ábyrgðartryggðan hjá viðurkenndu tryggingarfélagi. Við greiðslu árgjalds skal leggja fram kvittun frá tryggingarfélaginu er sýni að tryggingin sé í fullu gildi.

e) Hundurinn skal aldrei ganga laus á almannafæri, heldur vera í taumi í fylgd aðila, sem hefur fullt vald yfir honum. Eigi er leyfilegt að fara með hunda í matvöruverslanir eða aðra staði þar sem matvæli eru höfð um hönd. Sama gildir um aðrar verslanir í kaupstaðnum. Bannað er að fara með hunda inn í sjúkra- og skólahús, dagvistar- og dvalarheimili hvers konar, leikhús, félagsheimili, kvikmyndahús, sundlaug og önnur íþróttahús, hótel og gististaði. Bannað er að fara með hund inn á skipulögð leiksvæði barna, skipulögð íþróttasvæði svo og kirkjugarð.

f) Heimilt er að sleppa hundum lausum á auð svæði og ónotuð, fjarri mannabyggð.

g) Hundaeigandi skal gæta þess vel að hundur hans valdi ekki hættu, óþægindum eða óþrifnaði. Eiganda er skylt að fjarlægja saur eftir hundinn.

h) Ef sótt er um leyfi til að halda hund í fjölbýlishúsi, skal skriflegt samþykki allra íbúðareigenda í sama stigagangi fylgja umsókn. Sé um að ræða raðhús eða parhús skal samþykki aðliggjandi íbúða (íbúðar) fylgja umsókn. Í fjölbýlishúsi, þar sem sérinngangur fylgir íbúðum, þarf samþykki allra íbúðareigenda. Afla skal samþykkis nýrra íbúðareigenda í húsum þar sem hundur er fyrir. Íbúðareigendur geta skriflega afturkallað samþykki sitt. Við aftirköllun samþykkis eða synjun nýrra íbúðareigenda skal gefa hundaeiganda hæfilegan frest til að finna hundinum annan samastað.

i) Hundaeigendum ber auk þess að hlíta lögum og reglum er hundahald varða, þ.á m. reglum um árlega hreinsun hunda og greiðslu hundaskatts, svo og fyrirmælum er heilbrigðisnefnd setur.

j) Hundar, sem blindir eða sjónskertir þurfa á að halda vegna fötlunar sinnar og leitarhundar, eru undanþegnir greiðslu. Þó skal þeirra vegna greiddur kostnaður við hundahreinsun.

k) Eigendum hunda, sem grundaðir eru um að vera smitberar, er skylt að hlíta því að hundar þeirra séu rannsakaðir, sé þess óskað af heilbrigðisfulltrúa, lækni eða dýralækni.

4. gr.

Við brot á samþykkt þessari skal fjarlægja viðkomandi hund. Eiganda hundsins er skylt að leysa hann úr vörslu gegn greiðslu alls kostnaðar vegna brotsins, samkvæmt gjaldskrá sem staðfest er af heilbrigðisráðherra. Bæjarstjórn er heimilt að afturkalla viðkomandi undanþágu.

Sé hunds ekki vitjað innan tveggja daga frá því að eiganda var tilkynnt um handsömun hans, má aflífa hundinn, enda sé eiganda gert ljóst hvað vanræksla á að vitja hundsins getur haft í för með sér. Aldrei er skylt að geyma skráða hunda lengur en sjö daga frá handsömun. Heimilt er að aflífa hundinn að þeim tíma liðnum. Kostnaður greiðist af eiganda. Hættulega og óleyfilega hunda og þá hunda, sem ganga lausir utan húss, skal handsama og færa í geymslu. Heimilt er að lóga hættulegum hundum þegar í stað af þar til kvöddum yfirvöldum.

Handsömun á óskráðum hundi skal auglýst tryggilega, t.d. í útvarpi eða blöðum. Sé hunds ekki vitjað innan sjö daga má aflífa hann. Komi síðar í ljós hver átti hundinn má krefja eiganda um greiðslu kostnaðar.

Bæjarstjórn er heimilt, hvenær sem er, að afturkalla öll leyfi til hundahalds, telji hún þess þörf. Þá er bæjarstjóra heimilt að afturkalla leyfi fyrir einstökum hundum, sé þess talin þörf, en slíkri ákvörðun má skjóta til bæjarstjórnar.

5. gr.

Starfsmenn áhaldahúss Sauðárkrókskaupstaðar annast eftirlit með hundahaldi í Sauðárkrókskaupstað samkvæmt samþykkt þessari og geta leitað aðstoðar lögregluyfirvalda þegar þörf krefur.

6. gr.

Brot gegn samþykkt þessari eða reglum settum samkvæmt henni varða sektum, nema þyngri refsing liggi við að lögum. Með mál út af brotum á samþykkt þessari skal fara að hætti laga um meðferð opinberra mála og að öðru leyti í samræmi við ákvæði laga nr. 81/1988, VI. og VII. kafla.

7. gr.

Framangreind samþykkt bæjarstjórnar Sauðárkróks staðfestist hér með skv. 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og 1. gr. laga nr. 7/1953 um hundahald og varnir gegn sullaveiki til þess að öðlast gildi við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt um hundahald í Sauðárkrókskaupstað nr. 162 frá 8. maí 1974.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 24. febrúar 1994.

Guðmundur Árni Stefánsson.

Sólveig Guðmundsdóttir.

AUGLÝSING

um gildistöku ákvæða er leiða af sameiningu Evrópska efnahagssvæðisins vegna takmörkunar á hávaða frá loftförum.

1. gr.

Ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sem vísað er til í 2. og 5. tölulið XVII viðauka, skulu öðlast gildi með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af XyuVII viðauka.

Eftirtaldar tilskipanir öðlast því gildi:

1. Tilskipun ráðsins 80/51/EBE frá 20. nóvember 1979 um takmörkun á hávaða frá loftförum sem fljúga undir hljóðhraða ásamt breytingu:
   Tilskipun ráðsins 83/206/EBE frá 21. apríl 1983.
2. Tilskipun 89/629/EBE frá 4. desember 1989 um takmörkun á hávaða frá almennum þotum sem fljúga undir hljóðhraða.

2. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum um loftferðir nr. 34/1964 með síðari breytingu, öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytið, 7. febrúar 1994.

Halldór Blöndal.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um hundahald í Grenivík frá Grenivíkurhólum að Grenjá nr. 509/1981 með síðari breytingum.

1. gr.

F. liður 2. gr. fellur brott.

2. gr.

Ofangreind samþykkt hreppsnefndar Grýtubakkahrepps staðfestist hér með skv. lögum nr. 7/1953 um hundahald og varnir gegn sullaveiki og 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 9. febrúar 1994.

Guðmundur Árni Stefánsson.

Sólveig Guðmundsdóttir.

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp Súðavíkurhrepps nr. 446/1992.

1. gr.

12. gr. samþykktarinnar orðist svo:

Hreppsnefnd heldur reglulegan fund í hverjum mánuði. Fundi skal halda annan fimmtudag hvers mánaðar kl. 20.00. Heimilt er að fella niður fundi í hreppsnefnd í allt að tvo mánuði að sumarlagi.

Aukafundi skal halda í hreppsnefnd eftir því sem þörf krefur að mati sveitarstjóra og oddvita hreppsins. Skylt er að halda aukafund í hreppsnefnd ef a.m.k. þriðjungur hreppsnefndarmanna krefst þess.

2. gr.

14. gr. samþykktarinnar orðist svo:

Sveitarstjóri, sbr. þó 13. gr. samþykktar þessarar, boðar hreppsnefndarfundi og ákveður jafnframt fundarstað, hafi hreppsnefnd ekki gert það.

Hreppsbúum skal kunngert með auglýsingu, hvar og hvenær hreppsnefndarfundir eru haldnir.

3. gr.

15. gr. samþykktarinnar orðist svo:

Sveitarstjóri semur dagskrá hreppsnefndarfundar.

Á dagskrá hreppsnefndarfundar skal taka:

1. Lögákveðnar kosningar s.s. kosningar oddvita hreppsnefndar, kosningar nefnda, ráða og stjórna, svo og kosningar eða ráðningar sveitarstjóra og annarra starfsmanna hreppsins.
2. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna á vegum hreppsins, ef, eða að svo miklu leyti, sem hreppsnefnd þarf að samþykkja ályktanir, sem í þeim felast, sbr. 55. gr. samþykktar þessarar.
3. Önnur mál, sem falla undir verksvið hreppsnefndar og sveitarstjóri ákveður að taka á dagskrá eða einhver hreppsnefndarmanna óskar, að tekin verði á dagskrá. Hreppsnefndarmaður, sem óskar að fá mál tekið á dagskrá hreppsnefndarfundar, skal tilkynna það á skrifstofu hreppsins skriflega með tillögu eða fyrirspurn a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

Dagskrá hreppsnefndarfundar skulu fylgja afrit fundargerða, tillagna og annarra gagna, sem sveitarstjóri telur nauðsynleg. Fundargerð síðasta hreppsnefndarfundar skal að jafnaði send út eigi síðar en viku eftir fund.

4. gr.

16. gr. samþykktarinnar orðist svo:

Sveitarstjóri skal í síðasta lagi tveimur sólarhringum fyrir hreppsnefndarfund hafa boðað hreppsnefndarmenn bréflega á hreppsnefndarfund og kynnt þeim dagskrá fundarins.

5. gr.

17. gr. samþykktarinnar orðist svo:

Sveitarstjóri skal boða hreppsnefndarmenn símleiðis til aukafundar í hreppsnefnd a.m.k. 6 klst. fyrir fund.

6. gr.

4. töluliður 56. gr. B samþykktarinnar orðist svo:

Félagsmálanefnd. Þrjá aðalmenn og jafnmarga til vara. Félagsmálanefnd annast störf samkvæmt lögum nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga. Jafnframt fer félagsmálanefnd með verkefni barnaverndarnefndar samkvæmt lögum nr. 58/1992 og verkefni öldrunarnefndar samkvæmt 5. gr. laga nr. 82/1989 um málefni aldraðra.

7. gr.

6. töluliður 56. gr. B samþykktarinnar orðist svo:

Skólanefnd. Þrjá aðalmenn og jafnmarga til vara samkvæmt 19. gr. laga nr. 49/1991 um grunnskóla. Jafnframt fer skólanefnd með verkefni leikskólanefndar samkvæmt lögum nr. 48/1991.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Súðavíkurhrepps hefur sett, samkvæmt 3. mgr. 7. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 með síðari breytingum, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 25. febrúar 1994.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Sesselja Árnadóttir.

7. mars 1994 Nr. 105

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 274, 28. júní 1993, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 1. september 1993 til 31. ágúst 1994.

1. gr.

5. tl. 3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

5. Innfjarðarrækja samtals:	7.050 lestir
þ.a. Eldey	600 lestir
þ.a. Arnarfjörður	850 lestir
þ.a. Ísafjarðardjúp	2.500 lestir
þ.a. Húnaflói	1.000 lestir
þ.a. Skagafjörður	400 lestir
þ.a. Skjálfandi	800 lestir
þ.a. Öxarfjörður	900 lestir

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, öðlast þegar gildi. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 330, 16. ágúst 1993 og reglugerð nr. 449, 27. október 1993.

Sjávarútvegsráðuneytið, 7. mars 1994

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Vísindasjóð læknaráðs F.S.A.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Vísindasjóður læknaráðs F.S.A. (Vísindasjóður læknaráðs Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri). Sjóðurinn er stofnaður sameiginlega af læknaráði F.S.A. og stjórn F.S.A. Markmið sjóðsins er að efla vísindarannsóknir við F.S.A.

2. gr.

F.S.A. leggur til stofnfé sjóðsins kr. 500.000. Stofnféð má ekki skerða.

3. gr.

Tekjustofnar sjóðsins eru:

1. 0,5% af föstum launum hvers læknis sem ráðinn er til læknisstarfa við F.S.A. og óskar aðildar að sjóðnum.
2. Framlag F.S.A. sem jafngildir 1% af föstum launum ofangreindra lækna.
3. Framlög annarra sem styrkja vilja sjóðinn.
4. Arður af eignum sjóðsins.

4. gr.

Stjórn sjóðsins er skipuð 3 mönnum. Tveir þeirra eru kosnir á aðalfundi læknaráðs F.S.A. til tveggja ára í senn og má hvorugur sitja lengur en tvö kjörtímabil samfleytt í stjórn sjóðsins. Kjörgengi og atkvæðisréttur takmarkast við aðila að sjóðnum. Þriðji stjórnarmaðurinn er skipaður af stjórn F.S.A. til tveggja ára í senn. Stjórnin skiptir með sér verkum. Stjórnin er ábyrg gagnvart læknaráði F.S.A. Hún gerir aðalfundi ráðsins grein fyrir starfsemi sjóðsins á undanfarandi almanaksári og leggur reikninga sjóðsins fyrir aðila til samþykktar, endurskoðaða af löggiltum endurskoðanda eða Ríkisendurskoðun.

5. gr.

Stjórn sjóðsins sér um varðveislu og ávöxtun sjóðsins. Henni er heimilt að fela fésýslustofnun það verkefni að einhverju eða öllu leyti. Jafnan skal leitast við að tryggja sem mesta ávöxtun án þess að stofna fé sjóðsins í hættu.

6. gr.

Sjóðurinn styrkir vísindarannsóknir við F.S.A. með því að leggja fram fé til greiðslu á kostnaði við rannsóknarverkefni eða hluta af slíkum verkefnum, enda sé ekki talið að öðrum standi nær að fjármagna verkefnið. Sjóðsstjórnin ákveður hve miklu fé er úthlutað í hvert sinn og til hvaða verkefna. Styrkhæf teljast rannsóknarverkefni sem aukið gætu þekkingu á sjúkdómum og sjúkdómseinkennum, eðli þeirra, tilurð, greiningu, meðferð og afleiðingum. Ennfremur þarf fullnægjandi rannsóknaráætlun að liggja fyrir. Sjóðsstjórn er heimilt að leita álits annarra á rannsóknarverkefnum og rannsóknaraðferðum og má greiða sanngjarna þóknun fyrir. Styrki má einungis veita til aðila að sjóðnum. Einn tiltekinn læknir skal skrifaður fyrir hverjum styrk, jafnvel þó að verkefnið sé unnið í samvinnu við aðra meðlimi læknaráðs F.S.A. eða utanaðkomandi aðila. Einungis má veita einn styrk til hvers rannsóknarverkefnis við hverja úthlutun. Styrkir eru greiddir beint til styrkþega, í einu lagi eða skipt í fleiri greiðslur.

7. gr.

Auglýst skal eftir umsóknum úr sjóðnum í september og skal umsóknarfrestur vera 6 vikur. Úthlutun skal vera lokið í nóvember. Umsóknum skal skila á þar til gerðum eyðublöðum sem sjóðurinn lætur í té. Í umsókn skal gera ítarlega grein fyrir rannsóknarverkefninu þar sem fram kemur hvernig áformað er að verja styrknum. Sjóðsstjórn er heimilt að krefjast áfangaskýrslu um framgang rannsóknar áður en styrkur til tiltekins hluta hennar er greiddur. Fresta má greiðslu ef framvindan er ekki talin með eðlilegum hætti.

8. gr.

Styrkþegi skal gera stjórn sjóðsins skriflega grein fyrir niðurstöðum rannsóknarverkefnisins innan þriggja mánaða frá því að því lýkur eða greina árlega frá framvindu þess, ef það stendur yfir í meir en ár. Ef niðurstöður rannsóknarverkefnis, sem sjóðurinn hefur styrkt, birtast opinberlega skal styrkþeginn sjá til þess að sjóðurinn fái eintak eða afrit til varðveislu. Tæki, áhöld og efni, sem keypt eru fyrir styrk úr sjóðnum, teljast að rannsókn lokinni eign F.S.A.

9. gr.

Kostnaður vegna starfsemi sjóðsins greiðist úr sjóðnum.

10. gr.

Verði sjóðurinn lagður niður ráðstafar læknaráð F.S.A. eigum hans í samráði við stjórn F.S.A.

11. gr.

Starfsreglum sjóðsins má aðeins breyta á löglegum aðalfundi eða aukaaðalfundi læknaráðs F.S.A. Til að breyting hljóti samþykki þar 2/3 hluta greiddra atkvæða aðila að sjóðnum. Breyting öðlast þó ekki gildi fyrr en stjórn F.S.A. hefur einnig samþykkt hana.

12. gr.

Stjórn F.S.A. annars vegar og aðilar sjóðsins hins vegar geta hætt greiðslum í sjóðinn og er hinum aðilanum þá ekki skylt að greiða mótframlag frá sama tíma. Skal tilkynna stjórn sjóðsins slíkt með tveggja mánaða fyrirvara.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 23. febrúar 1994.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Jón Thors.

AUGLÝSING

um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á sameiningu Neskaupstaðar og Norðfjarðarhrepps.

Með vísan til 112. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, sbr. einnig 2. tölulið 1. gr. laga nr. 75/1993, tilkynnir ráðuneytið að það hefur hinn 28. febrúar 1994 staðfest sameiningu Neskaupstaðar og Norðfjarðarhrepps í eitt sveitarfélag.

Jafnframt hefur eftirfarandi verið ákveðið:

Kosning sveitarstjórnar hins nýja sveitarfélags skal fara fram sama dag og reglulegar sveitarstjórnarkosningar, þ.e. laugardaginn 28. maí 1994, sbr. 13. gr. sveitarstjórnarlaga.

Kosningin skal vera bundin hlutfallskosning, sbr. 1. mgr. 15. gr. sveitarstjórnarlaga.

Kjósa skal níu fulltrúa í sveitarstjórn hins nýja sveitarfélags, sbr. 1. mgr. 11. gr. sveitarstjórnarlaga.

Kjörstjórnir þær sem kosnar voru í upphafi yfirstandandi kjörtímabils samkvæmt 23. gr. sveitarstjórnarlaga skulu vera undirkjörstjórnir við kosningarnar. Bæjarstjórnin og hreppsnefndin skulu koma sér saman um kosningu þriggja aðalmanna og jafnmargra til vara í yfirkjörstjórn og verði ráðuneytinu tilkynnt um kosninguna að henni lokinni.

Formleg sameining þessara sveitarfélaga skal taka gildi 11. júní 1994.

Nafn hins nýja sveitarfélags skal vera Neskaupstaður.

Félagsmálaráðuneytið, 28. febrúar 1994.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Húnbogi Þorsteinsson.

Stjórnartíðindi B 16, nr. 98-106. Útgáfudagur 10. mars 1994.

Endurprentað blað.

STJÓRNARTÍÐINDI B 17 – 1994

9. mars 1994 265 Nr. 108

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 283, 20 júlí 1993, um friðunarsvæði við Ísland.

1. gr.

8. töluliður 1. gr. reglugerðar nr. 283/1993 orðist svo: Á Breiðdalsgrunni á svæði, sem markast af línum, sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. 64°05,76 N – 13°14,40 V
2. 64°17,65 N – 13°21,10 V
3. 64°33,00 N – 13°23,00 V
4. 64°33,00 N – 12°40,00 V
5. 64°25,00 N – 12°34,00 V
6. 64°16,00 N – 12°46,80 V
7. 64°08,00 N – 13°02,55 V

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast gildi 12. mars 1994.

Sjávarútvegsráðuneytið, 9. mars 1994.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

9. mars 1994 Nr. 109

REGLUGERÐ

um bann við togveiðum á Fætinum.

1. gr.

Frá og með 12. mars 1994 eru allar veiðar með fiskibotn- og flotvörpu bannaðar á svæði fyrir Austurlandi, sem markast af línu, sem dregin er milli eftirgreindra punkta:

1. 64°32,92 N – 12°15,51 V
2. 64°40,89 N – 12°17,51 V
3. 64°42,69 N – 12°04,45 V
4. 64°33,11 N – 12°10,98 V

Steindórsprent Gutenberg hf.

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 9. mars 1994.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 18 – 1994

16. mars 1994 267 Nr. 110

REGLUGERÐ

um bann við togveiðum vestur af Eldeyjarboða.

1. gr.

Frá kl. 21.00 17. mars 1994 eru allar veiðar með fiskibotn- og flotvörpu bannaðar á svæði suðvestur af landinu, sem markast af línu, sem dregin er milli eftirfarandi punkta:

1. 63°35,0'N - 26°06.0'V
2. 63°36,0'N - 25°51.0'V
3. 63°25,0'N - 25°37,0'V
4. 63°05,8'N - 24°50,5'V
5. 63°03,5'N - 24°50,5'V
6. 63°04,5'N - 25°02,0'V
7. 63°24,0'N - 25°45,0'V

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 16. mars 1994.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

Steindórsprent Gutenberg hf.

REGLUGERÐ

um greiðslur sveitarfélaga til Atvinnuleysistryggingasjóðs á árinu 1994.

1. gr.

Á árinu 1994 skulu sveitarfélög greiða 600 m.kr. til Atvinnuleysistryggingasjóðs eins og nánar er kveðið á um í reglugerð þessari.

2. gr.

Greiðslur sveitarfélaga samkvæmt 1. gr. skulu ákveðnar á eftirfarandi hátt:

a. Sveitarfélög með 300 íbúa eða fleiri greiði 2.312 kr. fyrir hvern íbúa.
b. Sveitarfélög með 299 íbúa eða færri greiði 1.387 kr. fyrir hvern íbúa.

Við útreikning á greiðslu sveitarfélags til Atvinnuleysistryggingasjóðs skal miða við íbúafjölda í viðkomandi sveitarfélagi eins og hann var samkvæmt þjóðskrá 1. desember 1993.

3. gr.

Greiðslur sveitarfélaga samkvæmt reglugerð þessari skulu greiddar með átta jöfnum greiðslum á gjalddögum 1. apríl, 1. maí, 1. júní, 1. ágúst, 1. september, 1. október, 1. nóvember og 1. desember 1994.

4. gr.

Ríkisbókhald sér um útreikning á greiðslum sveitarfélaga samkvæmt þessari reglugerð.

Ríkisbókhald skal senda mánaðarlega greiðsluáskorun til sveitarfélaganna þar sem fram kemur fjárhæð greiðslu og upplýsingar um greiðslustað.

Áður en innheimta á greiðslum sveitarfélaga hefst skal ríkisbókhald senda Sambandi íslenskra sveitarfélaga og hverju sveitarfélagi fyrir sig upplýsingar um útreikning á greiðslum þeirra og forsendur fyrir útreikningum.

5. gr.

Eigi síðar en fimm dögum eftir gjalddaga skal ríkisbókhald gera Atvinnuleysistryggingasjóði skil á greiðslum sveitarfélaga sem innheimtar hafa verið samkvæmt reglugerð þessari.

6. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í 1. mgr. bráðabirgðaákvæðis IV við lög nr. 93/1993, um atvinnuleysistryggingar, sbr. a.-lið 17. gr. laga nr. 127/1993, um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1994, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 17. mars 1994.

F. h. r.

Indriði H. Þorláksson.

Bragi Gunnarsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 19 – 1994

17. mars 1994 269 Nr. 112

VIÐAUKI

við reglugerð nr. 38, 31. janúar 1991, um möskvastærðir í togvörpum, möskvamæla og mæliaðferðir.

1. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 12. gr. er heimilt við veiðar á úthafskarfa að klæða 25 öftustu metra flotvörpunnar með styrktarneti með 135 mm möskvastærð eða nota í 25 öftustu metrum vörpunnar net með lágmarksmöskvastærð 110 mm.

Ákvæði 1. mgr. tekur aðeins til veiða á úthafskarfa með flotvörpu á svæði utan línu, sem dregin er milli eftirgreindra punkta:

1. 65°20'N - 29°45'V (við miðlínu milli Íslands og Grænlands)
2. 63°00'N - 26°00'V
3. 62°00'N - 27°00'V

og vestan línu, sem dregin er 180° réttvísandi frá 62°N–27°V.

2. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 12. gr. er heimilt við veiðar á blálöngu á Franshóli að klæða 25 öftustu metra vörpunnar með styrktarneti með 135 mm möskvastærð eða nota í 25 öftustu metra vörpunnar net með lágmarksmöskvastærð 110 mm.

Ákvæði 1. mgr. tekur til veiða á svæði innan línu, sem dregin er milli eftirgreindra punkta:

1. 61°03'N - 27°25'V
2. 60°57'N - 27°25'V
3. 60°57'N - 27°40'V
4. 61°03'N - 27°40'V

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og laga nr. 34, 17. maí 1976, um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi. Jafnframt er felldur úr gildi viðauki nr. 98 við reglugerð nr. 38, 31. janúar 1991, um möskvastærðir í togvörpum, möskvamæla og mæliaðferðir.

Sjávarútvegsráðuneytið, 17. mars 1994.

Þorsteinn Pálsson.

Jón B. Jónasson.

Steindórsprent Gutenberg hf.

REGLUGERÐ

um endurtekningu á atkvæðagreiðslu um sameiningu sveitarfélaga.

1. gr.

Nú er tillaga umdæmanefndar samþykkt í a.m.k. 2/3 hlutaðeigandi sveitarfélaga og þau sveitarfélög ákveða að ganga til sameiningar, sbr. 3. mgr. 2. tölulið 1. gr. laga nr. 75/1993, og er þá heimilt að endurtaka atkvæðagreiðslu um sameiningu í þeim sveitarfélögum, sem hafnað höfðu þeirri tillögu umdæmanefndar, enda samþykki allar hlutaðeigandi sveitarstjórnir slíkt afbrigði.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett á grundvelli 6. töluliðar 1. gr. laga nr. 75/1993 um breyting á sveitarstjórnarlögum nr. 8/1986 og öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 3. mars 1994.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Húnbogi Þorsteinsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 20 – 1994

3. mars 1994 271 Nr. 114

AUGLÝSING

um staðfestingu breytinga á skipulagsskrá fyrir Söngskólann í Reykjavík, nr. 395 26. október 1978.

Á aðalfundi sjálfseignarstofnunarinnar Söngskólinn í Reykjavík hinn 3. desember 1993 voru samþykktar eftirfarandi breytingar á 11. og 12. grein skipulagsskrár stofnunarinnar:

1. 2. mgr. 11. gr. orðist svo:
   Skólastjóri er framkvæmdastjóri skólans og ræður auk stundakennara annað starfsfólk skólans í samráði við stjórnina og sér um reikningshald fyrir skólann. Stjórnin heldur fundi er formaður eða skólastjóri telja þess þörf. Eigi síðar en 15. nóvember ár hvert, skal leggja fyrir stjórnarfund skýrslu um starfsemi skólans á liðnu starfsári, svo og endurskoðaða reikninga skólans fyrir sl. reikningsár. Ársreikningur skal gerður í samræmi við góða reikningsskilavenju og hafa að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning og skýringar. Skýrslu stjórnar og ársreikning undirritaðan af stjórn og löggiltum endurskoðendum, skal síðan leggja fyrir aðalfund Styrktarfélags Söngskólans. Þegar ný stjórn hefur verið kosin skal fráfarandi formaður boða hina nýkjörnu stjórn á fund og gangast fyrir kosningu formanns.
2. 12. gr. orðist svo:
   Reikningsár skólans miðast við skólaárið og er 1. ágúst til 31. júlí. Skulu endurskoðendur haf lokið endurskoðun fyrir lok októbermánaðar. Auk venjulegrar endurskoðunar kjörinna félagsendurskoðenda, skal stjórnin fela löggiltum endurskoðanda að endurskoða reikningana. Með endurskoðuninni skal hann komast að rökstuddri niðurstöðu um áreiðanleika þeirra upplýsinga sem ársreikningurinn veitir. Endurskoðandi skal ganga úr skugga um að ársreikningurinn sé gerður í samræmi við lög og reglur og góða reikningsskilavenju. Hann skal í áritun á ársreikninginn greina frá niðurstöðu endurskoðunarinnar og láta í ljós álit. Veita skal endurskoðanda óhindraðan aðgang að öllum eignum, bókum, fylgiskjölum og öðrum gögnum skólans.

Ofangreindar breytingar á skipulagsskrá fyrir sjálfseignarstofnunina Söngskólinn í Reykjavík staðfestast hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá nr. 19/1985.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 3. mars 1994.

F. h. r.
Þorsteinn Geirsson.

Jón Thors.

Steindórsprent Gutenberg hf.

SAMÞYKKT

fyrir Veiðifélag Rangæinga.

1. Félagið heitir Veiðifélag Rangæinga. Heimili þess og varnarþing er hið sama og heimili formanns.

2. Félagið nær til allra jarða, sem land eiga á vatnsvæði Hólsár, Ytri-Rangár, Þverár og Eystri-Rangár, en þær eru:

Djúpárhreppur: Bali I, Bali II, Bjóla I, Bjóla II, Bjóluhjáleiga, Borgartún I, Borgartún II, Brekka, Búð I, Dísukot, Eyrartún, Hábær I, Hábær II, Hái-Rimi II, Hái-Rimi III, Hákot, Hávarðarkot, Hrafntóftir II, Hraukur, Húnakot, Jaðar, Litla-Rimakot, Melur, Miðkot, Norður-Nýibær, Oddspartur, Skarð, Skinnar, Sólbakki, Stóra-Rimakot, Suður-Nýibær, Tobbakot I, Tobbakot II, Unuhóll I, Unuhóll II, Vatnskot I, Vatnskot II, Vesturholt, Ægissíða I, Ægissíða II, Ægissíða III, Ægissíða IV, Önnupartur, Hrafntóftir I.

Holtahreppur: Árbæjarhjáleiga, Árbær, Árbæjarhellir, Heiðarbrún.

Landmannahreppur: Árbakki, Austvaðsholt I, Austvaðsholt II, Bjalli, Efra-Sel, Galtalækur, Holtsmúli I, Holtsmúli II, Hrólfsstaðahellir, Húsagarður, Leirubakki, Lúnansholt I, Lækjarbotnar, Merkihvoll, Neðra-Sel, Réttanes, Snjallsteinshöfði, Tjörfastaðir, Vatnagarður.

Vestur-Landeyjahreppur: Eystri-Hóll, Grímsstaðir, Ytri-Hóll II, Hemla, Ytri-Hóll I.

Rangárvallahreppur: Ármót, Ártún, Bakkakot, Bolholt, Fróðholtshjáleiga, Gaddstaðir, Geldingalækur, Grafarbakki, Gröf, Gunnarsholt, Haukadalur, Heiðarbrekka, Heiði I, Heiði II, Helluvað I, Helluvað II, Helluvað III, Hjarðarbrekka, Hólar, Kaldbakur, Keldur, Ketilhúshagi, Kirkjubær, Lambhagi, Langekra, Minna-Hof, Nes, Næfurholt, Oddhóll, Oddi, Rauðnefsstaðir, Reynifell, Selalækur, Selsund, Sólvellir, Stokkalækur, Stóra-Hof, Svínhagi, Varmidalur I, Varmidalur II, Vestra-Fróðholt, Vindás, Þingskálar, Þorleifsstaðir, Eystra-Fróðholt, Uxahryggur I og II.

Hvolhreppur: Akur, Árgilsstaðir I, Árgilsstaðir II, Bakkavöllur, Djúpidalur, Efri-Hvoll, Gata, Hjarðartún, Kotvöllur, Króktún, Lynghagi, Markaskarð, Miðtún, Móeiðarhvoll I, Móeiðarhvoll II, Móeiðarhvolshjáleiga, Stórólfshvoll, Vallarhjáleiga, Völlur I, Völlur II, Þinghóll, Dufþaksholt, Stóri-Moshvoll, Litli-Moshvoll, Langagerði, Brekkur, Uppsalir, Vestri-Garðsauki, Miðkriki, Tjaldhólar, Vindás, Giljur, Miðhús, Þórunúpur og Skeið.

Fljótshlíðarhreppur: Hái-Múli, Árkvörn, Eyvindarmúli, Múlakot I, Múlakot II, Hlíðarendakot, Nikulásarhús, Hlíðarendi, Hallskot, Neðri-Þverá, Deild, Gambra, Heylækur I, Heylækur II, Valstrýta, Efri-Þverá, Teigur I, Teigur II, Smáratún, Bollakot, Grjótá, Hellishólar, Arngeirsstaðir, Kirkjulækur I, Kirkjulækur II, Kirkjulækur III, Kirkjulækjarkot I, Kirkjulækjarkot II, Kirkjulækjarkot III, Lambalækur, Kollabær I, Kollabær II, Kvoslækur, Ormskot, Stöðlakot, Tumastaðir, Tunga, Eystri-Torfastaðir I,

Eystri-Torfastaðir II, Vestri-Torfastaðir I, Vestri-Torfastaðir II, Vestri-Torfastaðir III, Fagrahlíð, Kotmúli, Sámsstaðir I, Sámsstaðir II, Sámsstaðir III, efri og neðri, Bjargarkot, Árnagerði, Ásvöllur, Lambey, Staðarbakki, Breiðabólsstaður, Flókastaðir, Núpur I, Núpur II, Vatnsdalur, Butra og Hlíðarból.

3. Veiðifélagið starfar samkvæmt lögum um lax- og silungsveiði nr. 76/1970. Það starfar deildaskipt og skal stofna sérstök félög sem fari með veiðimál hvert á sínu svæði í samræmi við samþykktir Veiðifélags Rangæinga. Deildirnar annist nauðsynlega ræktun til viðhalds góðri fiskgengd, svo og útleigu á veiði. Aðeins sé heimilt að veiða með stöng og gildir það um allt vatnasvæðið og félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu. Veiðifélagið sér um sameiginleg verkefni sem ráðast þarf í. Jafnan skal kostnaðarhlutdeild hverrar deildar metin og samið um greiðslur áður en framkvæmdir hefjast.

4. Aðalfundur og aðrir fundir Veiðifélags Rangæinga eru fulltrúafundir. Fulltrúar eru kosnir árlega hjá hverri deild sbr. 11. grein. Einnig skal kjósa varafulltrúa. Auk þess eiga stjórnarmenn Veiðifélags Rangæinga réttindi fulltrúa. Hver fulltrúi hefur aðeins eitt atkvæði. Sé sami maður kosinn fulltrúi frá fleiri en einni deild, skal varamaður taka sæti hans. Aðalfundur er lögmætur ef mættir eru 2/3 kjörinna fulltrúa. Almennum félögum er heimil seta á aðalfundum með málfrelsi og tillögurétt.

5. Stjórn félagsins skipa 11 menn. Formaður og 10 meðstjórnendur, þ.e. tveir frá hverri deild sbr. 11. grein. Formaður og varaformaður séu kosnir af aðalfundi óbundið hvað búsetu snertir og eru þá allir félagsmenn í kjöri. Meðan kjör formanns varir gegni hann ekki samtímis öðrum stjórnarstörfum í félaginu. Kjörtímabil sé þrjú ár. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan kosningu nema sérstök forföll hamli, eða hann hafi setið í stjórn heilt kjörtímabil. Kjósa skal tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn og gangi þeir út sitt árið hvor. Þeir séu ekki frá sömu deild.

6. Stjórnin hefur á hendi sameiginlegar framkvæmdir félagsins á milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar eftir þörfum við þau störf í þágu félagsins sem vinna þarf á hverjum tíma og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum. Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu nema með sérstöku skriflegu leyfi frá þar til bærum aðila. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma, veiðitæki og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

7. Aðalfund skal halda í marsmánuði ár hvert og boða fulltrúa til hans skriflega með minnst 10 daga fyrirvara. Auk þess sé auglýst tvisvar í útvarpi viku fyrir fundardag. Verkefni aðalfundar eru:

   1. Skýrsla stjórnar.
   2. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar til úrskurðar.
   3. Skýrslur deildanna.
   4. Kosning formanns, varaformanns og endurskoðenda skv. 6. grein.
   5. Tillögur um áætlaða starfsemi næsta árs, ásamt fjárhagsáætlun.
   6. Önnur mál.

8. Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikninga í gerðabók, svo og samþykktir félagsins, félagaskrár, aðskrár, jarðaskrár, kjörskrár, fundargerðir

og bréf. Stjórn veiðifélagsins hafi yfirumsjón með gerð félagaskrár, arðskrár, jarðaskrár og kjörskrár. Deildirnar aðstoði stjórnina við gerð skránna hver á sínu svæði eftir því sem kostur er og annist um leiðréttingar. Afrit að skránum, svo og leiðréttingum, séu jafnan afhent formanni veiðifélagsins til færslu í gerðabók.

9. Arði af veiði skal skipta niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá sem skal vera deildaskipt. Félagsmenn greiði gjöld í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

10. Félagið starfar í eftirfarandi deildum:
    1. Veiðifélag vestri bakka Hólsár og Ytri-Rangár ásamt öllum fiskgengum hliðarlækjum nema Hróarslæk.
    2. Veiðifélag Hróarslækjar. Félagssvæðið nær frá upptökum ofan Reyðarvatns og þar til lækurinn rennur í Ytri-Rangá vestur af Selalæk.
    3. Veiðifélag Eystri-Rangár. Félagssvæðið er Eystri-Rangá ásamt fiskgengum ám og hliðarlækjum sem í hana falla.
    4. Veiðifélag Þverár. Félagssvæðið nær frá ármótum við Eystri-Rangá og inn til Fljótshlíðar ásamt fiskgengum ám og hliðarlækjum sem í hana falla.
    5. Veiðifélag Eystribakka Hólsár og hluta Þverár. Félagssvæðið er þaðan sem Eystri-Rangá fellur í Þverá og síðan eystri bakki Hólsár.

    Hvert félag setur sér samþykktir en gæta skal þess að þær stangist hvorki á við lög um lax- og silungsveiði nr. 76/1970 eða samþykktir Veiðifélags Rangæinga.

11. Deildirnar kjósi sér hver fyrir sig fimm manna stjórn ásamt varamönnum. Stjórnarmenn séu formaður, ritari, gjaldkeri og tveir meðstjórnendur. Skal formaður kosinn sérstaklega, en hinir skipta með sér verkum. Kjörtímabil sé þrjú ár. Gangi formaður úr eftir eitt ár og síðan sé dregið um þá tvo sem ganga úr eftir tvö ár en hinir tveir gangi úr eftir þrjú ár og helst svo sama röð áfram. Ef stjórnarmaður er kosinn til formennsku í veiðifélaginu sé varamaður hans kvaddur til. Endurskoðendur séu hinir sömu og veiðifélagsins. Hver deild eigi tvo menn í aðalstjórn veiðifélagsins, sé formaður sjálfkjörinn, en hinn kjósa stjórnarmenn úr sínum hópi. Aðalfundur deildanna skulu haldnir í febrúar ár hvert. Skýrslur og greinargerðir sem þeim ber að færa, skulu tilbúnar þrem vikum fyrir aðalfund veiðifélagsins. Á aðalfundi skal árlega kjósa fulltrúa til setu á aðalfundi og öðrum fundum Veiðifélags Rangæinga. Kjósa skal einn fulltrúa fyrir hverja 10 atkvæðisbæra félagsmenn. Auk þess þrjá varafulltrúa.

12. Ákvæði til bráðabirgða. Veita má Veiðifélagi Þverár tímabundið undanþágur frá því að uppfylla stjórnunarákvæði þessara laga.

13. Ræktun nýrra fiskistofna á vatnasvæðinu, svo og stofnun og rekstur fiskeldisstöðva sem tengjast því, skal aðeins heimil með samþykki aðalfundar og að fengnum meðmælum veiðimálastjóra.

14. Samþykkt þessari má breyta á aðalfundi ef 2/3 félagsmanna samþykkja það, enda sé þess getið í fundarboði að um slíka breytingu sé að ræða og að breytingartillögurnar hafi áður verið kynntar á félagsfundum. Nú verður breyting á samþykktum ekki afgreidd vegna ónógrar fundarsóknar og má þá boða til annars fundar. Á þeim fundi ræður afl atkvæða.

15. Brot á samþykkt þessari varðar sektum skv. XVI. kafla laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt 52. gr. laga nr. 76 25. júní 1970 um lax- og silungsveiði og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 1. mars 1994.

Halldór Blöndal.

Jón Höskuldsson.

1. mars 1994 Nr. 116

ARÐSKRÁ

fyrir Veiðifélag Hörgár.

Veiðisvæði 1:	Gásir	50	einingar
	Glæsibæjarhreppur	60	"
	Skipalón	595	"
	Ós	180	"
	Ásláksstaðir	165	"
	Hof	80	"
	Hvammur	15	"
Veiðisvæði 2:	Hlaðir	252	"
	Tréstaðir	48	"
	Möðruvellir I	144	"
	Möðruvellir II	144	"
	Spónsgerði	65	"
Veiðisvæði 3:	Grjótgarður	61	"
	Djúpárbakki	180	"
	Laugaland	241	"
	Krossastaðir	200	"
	Vaglir	240	"
	Steðji	134	"
	Björg	110	"
	Litli-Dunhagi I	42	"
	Litli-Dunhagi II	42	"
	Stóri-Dunhagi	52	"
	Þríhyrningur	15	"
	Auðbrekka/Hólkot	196	"
	Brakandi/Bláteigur	74	"
	Fornhagi	48	"
	Dagverðartunga/Bláteigur	94	"

Veiðisvæði 4a:	Skógar	117	einingar
	Ás / N.Vindheimar	195	"
	E. og N. Rauðilækur	49	"
	Hamar	22	"
	Skriða	424	"
	Langahlíð/Hallfríðarstaðakot	385	"
Veiðisvæði 4b:	Hallfríðarstaðir	159	"
	Staðartunga	505	"
	Búðarnes/Bás/Skjaldarstaðir/1/2 Hraunshöfði	305	"
	Myrkárbakki o.fl.	46	"
	Öxnhóll	88	"
	Barká	48	"
	Þúfnavellir I og II/Gerði/Sörlatunga	218	"
	Myrká	70	"
	Flaga	28	"
Veiðisvæði 5a:	Ytri-Bægisá	249	"
	Syðri-Bægisá	262	"
	Miðland	48	"
	Efstaland	84	"
	Steinsstaðir II/Efstalandskot	45	"
	Steinsstaðir I	78	"
	Miðhálsstaðir	86	"
	Bakki/1/2 Hraunshöfði	166	"
Veiðisvæði 5b:	Þverá	25	"
	Auðnir	55	"
	Hraun/Varmavatnshólar	75	"
	Háls/Þverbrekka	88	"
	Bessahlaðir/Bakkasel	140	"
	Gil	25	"
	Hólar	43	"
	Engimýri/Fagranes/Geirhildargarðar	144	"
	Gloppa	88	"
	Öxnadalshreppur	80	"

Arðskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt 52. gr. laga nr. 76 25. júní 1970 um lax- og silungsveiði og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 1. mars 1994.

Halldór Blöndal.

Jón Höskuldsson.

REGLUR

um fyrirspurnir til tollstjóra um tollflokkun vara.

Skilgreiningar.

1. gr.

Í reglum þessum hafa eftirfarandi orð þá merkingu sem hér segir:
Fyrirspyrjandi er hver sá sem óskar eftir upplýsingum tollstjóra um tollflokkun vöru.
Aðili er einstaklingur eða lögpersóna.
Tollstjóri er tollstjórinn í stjórnsýsluumdæmi Reykjavíkur og sýslumaður í öðrum stjórnsýsluumdæmum.
Tollflokkun er að flokka vöru í númer samkvæmt flokkunarreglum tollskrár, sbr. viðauka I við tollalög nr. 55/1987, með síðari breytingum.

Gildissvið.

2. gr.

Reglur þessar fjalla um rétt aðila til að leita eftir og fá aðstoð og leiðbeiningar tollstjóra um hvernig flokka skuli vörur samkvæmt flokkunarreglum tollskrár.

3. gr.

Sérhver aðili getur leitað eftir upplýsingum til tollstjóra um tollflokkun.

Tollstjóra er ekki skylt að verða við beiðni ef hún er augljóslega tilefnislaus eða ef ekki reynist unnt að svara fyrirspurn vegna ófullnægjandi upplýsinga eða gagna frá fyrirspyrjanda, sbr. þó 4. mgr. 4. gr. Synjun tollstjóra samkvæmt þessari málsgrein má bera undir ríkistollstjóra.

Fyrirspurn um tollflokkun.

4. gr.

Fyrirspurn um tollflokkun skal sett fram skriflega.

Ríkistollstjóri getur ákveðið að fyrirspurn sé sett fram á sérstöku eyðublaði og hvaða upplýsingar skuli þar koma fram.

Fyrirspurn skulu fylgja þau gögn sem eru nauðsynleg til þess að unnt sé að ákveða tollflokkun vöru, t.d. teikning, mynd, vörulýsing eða bæklingur, auk þess sem lagt skal fram sýnishorn af viðkomandi vöru ef nauðsyn ber til þess að mati tollstjóra.

Telji tollstjóri að fyrirspurn hafi ekki að geyma fullnægjandi upplýsingar eða henni fylgi ekki nauðsynleg gögn til þess að unnt sé að ákveða tollflokkun, skal fyrirspyrjanda tilkynnt að ekki sé unnt að taka afstöðu til tollflokkunar og hvaða upplýsingar eða gögn vanti.

Svarfrestur.

5. gr.

Tollstjóri skal svara fyrirspurn skriflega svo fljótt sem við verður komið og eigi síðar en 30 dögum frá því að hún berst.

Hafi viðbótarupplýsingar eða gagna verið þörf samkvæmt 4. mgr. 4. gr., skal frestur samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar talinn frá því að fyrirspyrjandi lagði fram upplýsingar eða gögn sem á skorti.

Sending svars.

6. gr.

Tollstjóri skal senda ríkistollstjóra afrit af svari við fyrirspurn samkvæmt reglum þessum.

Ríkistollstjóri skal framsenda afrit af svari til ríkisskattstjóra ef upplýsingar um tollflokkun hafa sérstakt gildi fyrir skattyfirvöld.

Hafi fyrirspurn verið lögð fram af hálfu skattyfirvalda og upplýsingar um tollflokkun varða innlenda aðila sérstaklega, skal viðkomandi skattyfirvald framsenda þeim afrit af svari.

Réttaráhrif svars tollstjóra við fyrirspurn um tollflokkun.

7. gr.

Svar tollstjóra samkvæmt reglum þessum er leiðbeinandi fyrir fyrirspyrjanda og aðra þá, sem niðurstaða um tollflokkun kann að varða.

Svar við fyrirspurn skal ekki talið hafa efnisleg áhrif á rétt eða skyldu fyrirspyrjanda ef til ágreinings kemur síðar á milli hans og tollyfirvalda eða annarra stjórnvalda (t.d. skattyfirvalda) vegna gjaldskyldu sem bundin er tilteknum tollskrárnúmerum.

Hafi reglur um tollflokkun breyst eða telji tollstjóri, ríkistollstjóri eða önnur stjórnvöld að upplýsingar sem gefnar hafa verið um tollflokkun samkvæmt reglum þessum séu rangar, hafa þær ekki gildi að lögum.

8. gr.

Tollstjóri skal afturkalla svar um tollflokkun og veita leiðréttar upplýsingar ef í ljós kemur að niðurstaða var röng.

Úrskurðarvald og kæruleiðir.

9. gr.

Rísi ágreiningur um tollflokkun þegar gjaldskylda er bundin tollskrárnúmerum, sbr. 2. mgr. 6. gr., fer um úrskurðarvald eftir því sem við getur átt eftir ákvæðum þeirra laga og fyrirmæla samkvæmt þeim, sem gjaldskylda er byggð á, sbr. t.d. tollalög nr. 55/1987, með síðari breytingum, lög um vörugjald nr. 97/1987, með síðari breytingum, lög um virðisaukaskatt nr. 50/1988, með síðari breytingum og lög um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl. nr. 29/1993.

Gildistaka.

10. gr.

Reglur þessar eru settar með heimild í 148. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 10. mars 1994.

F. h. r.

Jón H. Steingrímsson.

Margrét Gunnlaugsdóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 188/1988 um slátrun, mat og meðferð sláturafurða, með síðari breytingum.

1. gr.

4. tl. 17. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

4. Um mat á kindakjöti utan venjulegrar sláturtíðar.

Lambhrútar sem fæddir eru að vori og slátrað er á tímabilinu frá 15. október til 1. mars skulu metnir í H II, séu þeir ógeltir. Gimbrar og geldingar flokkast sem lömb, uns eins árs aldri er náð.

2. gr.

18. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Nautgripakjöt.

Skilgreining á fituþykkt :

Þykkt fitu yfir bakvöðva mælist frá yfirborði hryggjar að bakvöðva á milli 10. og 11. rifbeins.

Skrokka af nautgripum skal meta og merkja sem hér segir:

1. Ungkálfakjöt.

Skrokka af kálfum yngri en þriggja mánaða:

MK, séu þeir með hvítt kjöt og vel holdfylltir.

UK I, séu þeir vel holdfylltir, kjötið ljóst og fallegt og ekki léttari en 30 kg.

UK II, séu þeir svipaðir að útliti og UK I og vegi 15 - 30 kg.

UK III, séu þeir af nýfæddum kálfum og vegi innan við 15 kg eða af kálfum allt að þriggja mánaða aldri, sem vegna rýrðar og útlits komast ekki í UK I eða UK II, þótt þyngd leyfi.

2. Alikálfakjöt.

Skrokka af kálfum þriggja til tólf mánaða:

AK I, séu þeir vel holdfylltir, einkum læri og bak, kjötið ljóst og fíngert og vegi a.m.k. 85 kg. Fita sé ljós og myndi sem jafnastan hjúp um skrokkinn.

AK II, sé holdafar og útlit sæmilegt og þeir vegi a.m.k. 40 kg.

AK III, skrokkar sem ekki fara í AK I eða AK II vegna rýrðar, útlitsgalla eða þyngdar.

3. Ungneytakjöt.

Skrokka af nautum, uxum og kvígum 12 til 30 mánaða. Ungneytakjöt skal flokkað eftir vaxtarlagi og vöðvafyllingu annars vegar og fitustigi hins vegar. Vaxtarlagsflokkar eru þrír, Úrvalsflokkur, I. flokkur og II. flokkur. Fituflokkarnir eru fjórir M, A, B og C. Yfirkjötmatið skal gefa út skýringarmyndir af þessum flokkum:

a. Í Úrvalsflokk skal meta þéttvaxna og vel vöðvafyllta skrokka, einkum á lærum og baki.
   Í I. flokk skal meta þokkalega vöðvafyllta skrokka, einkum á lærum og baki.
   Í II. flokk skal meta illa vöðvafyllta og rýra skrokka.
b. Fituflokkun skal byggjast á sjónmati og skulu mælingar á fituþykkt yfir bakvöðva

hafðar til viðmiðunar. Fitumörk fara eftir þyngd skrokka samkvæmt eftirfarandi töflu.
Í M fituflokk eru metnir skrokkar með litla eða enga fituhulu.
Í A fituflokk eru metnir skrokkar með jafna, þunna fituhulu.
Í B fituflokk eru metnir skrokkar með mikla fituhulu.
Í C fituflokk eru metnir skrokkar með mjög mikla fituhulu.

c. Við mat og merkingu á skrokkum skal þyngdarflokkur vera skráður samkvæmt eftirfarandi töflu:

Þungi skrokka í kg	**Fitumörk í millimetrum**			
	M	**A**	**B**	**C**
< 140	0-1	2-5	6-10	11+
141 - 160	0-1	2-5	6-10	11+
161 - 180	0-2	3-6	7-11	12+
181 - 200	0-2	3-6	7-11	12+
201 - 220	0-3	4-8	9-12	13+
221 - 240	0-3	4-8	9-12	13+
> 240	0-4	5-9	10-13	14+

4. Bolakjöt.

Skrokka af nautum og uxum 30 mánaða og eldri:
Þeir skulu merktir Vinnslukjöt N.

5. Kýrkjöt.

Skrokka af kúm skal meta og merkja eftir holdafari, fitustigi og aldri. Flokkarnir K I, K II og K III skulu merktir sem vinnslukjöt.

K I U, séu þeir vel holdfylltir og af 30 - 48 mánaða gömlum kúm.
Vinnslukjöt K I, séu þeir vel eða sæmilega holdfylltir.
Vinnslukjöt K II, séu þeir rýrir og magrir.
Vinnslukjöt K III, séu þeir mjög rýrir og þunnholda.

Fituflokkar í K I U og K I eru A, B og C. Í A flokki eru fita yfir hryggvöðva í mesta lagi 6 mm, 12 mm í B flokki og yfir 12 mm í C flokki.

6. Nautgripakjöt með áverka og aðra galla.

Skrokkar eða skrokkhlutar, sem teljast gölluð vara vegna marbletta, verkunargalla s.s. vegna rangrar sögunar, skorinna vöðva o.þ.h., merkist þannig að til viðbótar gæðaflokksmerkingu kemur stafurinn X. Skrokkar með blóðlitaða fitu og fitu sem ekki storknar skulu merktir XX.

7. Streitukjöt.

Skrokkar með áberandi dökka vöðva og sýrustig í langa hryggvöðva hærra en 6,0, 24 tímum eftir slátrun skulu sérmerktir þannig að til viðbótar við gæðaflokksmerkingu kemur St. Sýrustig skal skráð á merkimiða. Sýrustig skal skráð samkvæmt nánari fyrirmælum dýralæknis.

8. Litur á fitu.

Heimilt er að meta lit á fitu á eftirfarandi hátt:
1. Skrokkar með hvíta, eða ljósgula fitu.
2. Skrokkar með gula fitu.
3. Skrokkar með dökkgula fitu.

9. Nautgripakjöt í heilbrigðisflokki 2.

Skrokkar sem kjötskoðunarlæknir dæmir í heilbrigðisflokk 2 (sbr. 12 gr. reglugerðar nr.168/1970) skulu merktir þannig:

UK IV, af kálfum allt að þriggja mánaða gömlum.
AK IV, af kálfum þriggja til tólf mánaða gömlum.
UN IV, af nautum, uxum og kvígum tólf til þrjátíu mánaða gömlum.
K IV, af kúm þrjátíu mánaða eða eldri.
B IV, af nautum og uxum þrjátíu mánaða eða eldri.

3. gr.

20. gr. reglugerðarinnar, sbr. breytingu með 1. gr. rg. nr. 434/1988 orðist svo:

Svínakjöt.

Fitustig ákvarðast með tveimur mælingum, þ.e. minnsta fituþykkt á miðjum hrygg, mælt frá háþorni að innra borði puru (F1) og mesta fituþykkt á herðum að innra borði puru (F2).

Við kjötmat ber að greina svín í þrjá aðalflokka, grísi, gyltur og gelti, og merkja kjöt í hverjum þeirra sem hér segir:

1. Grísir.

Ung svín, geltir, sem vanaðir hafa verið innan þriggja mánaða aldurs og gyltur, sem ekki hafa gotið. Grísaskrokkar skiptast í flokka eftir þyngd, vaxtarlagi og fitustigi. Vaxtarlagsflokkarnir eru þrír, Úrvals, I. og II. flokkur, en I. flokkur skiptist í A, B og C eftir fitustigi. Sérstakur flokkur er fyrir unggrísi.

UNGGRÍS: Ungir grísir sem vega allt að 36 kg, aldur allt að þriggja mánaða. Útlit og verkun góð, fitudreifing jöfn og F1 minna en 16 mm.

GRÍS ÚRVAL: Skrokkar sem vega yfir 55 kg og hafa vel vöðvafyllt læri. Spiklag skal vera jafnt, þétt, fingert og hvítt. Útlit skrokksins og verkun góð. F1 og F2 fara eftir fallþunga:

Fallþungi	F1	F2
55 - 70 kg	< 18 mm	< 35 mm
> 70 kg	< 20 mm	< 37 mm

GRÍS I: Skrokkar sem vega yfir 36 kg. Spiklag skal vera jafnt, þétt, fingert og hvítt. Útlit skrokksins og verkun góð. Krafa um vöðvafyllingu minni en í Gris úrval. Gris I skiptist í þrjá fituflokka A, B og C. F1 og F2 fara eftir fallþunga:

	A		B	C
	F1	F2	F1	F1
< 50 kg	< 18 mm	< 36 mm	18-21 mm	> 21 mm
50 - 65 kg	< 20 mm	< 38 mm	20-23 mm	> 23 mm
> 65 kg	< 20 mm	< 40 mm	20-23 mm	> 23 mm

GRÍS II: Vöðvarýrir og holdlitlir skrokkar.

2. Gyltur.

Gyltur sem ganga með fóstri eða hafa gotið. Gyltur aðgreinast í tvo flokka:

GYLTA I: Skrokkar af ungum, vöðvafylltum og vel útlítandi gyltum sem ekki teljast óhóflega feitar.

GYLTA II: Skrokkar af öðrum gyltum.

3. Geltir.

Geltir á öllum aldri, sem ekki hafa verið vanaðir innan þriggja mánaða aldurs.

Geltir aðgreinast í tvo flokka:

GÖLTUR I: Skrokkar af ógeltum grísum.

GÖLTUR II: Skrokkar af öðrum göltum.

4. Kjöt með verkunar- og útlitsgalla.

Meta skal sérstaklega þá skrokka, sem vegna rispa, skráma, verkunargalla, útlitsgalla, marbletta og annarra áverka kallast gölluð vara. Slíkir skrokkar skulu auk gæðaflokks merkjast X og XX eins og að neðan greinir:

X: Skrokkar með minni háttar mar eða verkunargalla.

XX: Skrokkar mikið rispaðir eða marðir, limhöggnir eða með meiri háttar verkunargalla. Einnig skrokkar með litaða fitu og lina fitu.

5. Svínakjöt í heilbrigðisflokki 2.

Kjöt af svínum, sem kjötskoðunarlæknir dæmir í heilbrigðisflokk 2 (sbr. 12 gr. reglugerðar nr. 168/1970) skal merkja þannig:

a. Kjöt af grísum, GRÍS IV.

b. Kjöt af öðrum svínum, SVÍN IV.

4. gr.

4. mgr. 33. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Merkimiðar á kjöti skulu vera mismunandi litir eftir gæðaflokkum og gildir sama regla um allar tegundir sláturfénaðar og aðalflokka hverrar tegundar.

Gulur miði:	D I ÚRVAL, UN I ÚRVAL, GRÍS I ÚRVAL.
Hvítur miði:	D I A, V I, F I, H I, MK, UK I, AK I, UN I M, UN I A, VINNSLUKJÖT N, KU I A, K I A, FO I A, TR I A, UFO I, UH I, HR I A, GRÍS I A, UNGGRÍS, GYLTA I, GÖLTUR I.
Dökkblár miði:	D I B, UN I B, K I U B, FO I B, TR I B, HR I B.
	Ljósblár miði: D II, H II, UK II, AK II, UN II, K II, FO II, TR II, HR II, GRÍS II, GYLTA II, GÖLTUR II.
Dökkgrænn miði:	D I C, UN I C, K I U C, HR I C, GRÍS I C.
Ljósgrænn miði:	F III, UK III, AK III, K III.
Rauður miði:	Allt kjöt í heilbrigðisflokki 2.

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 30 28. apríl 1966 um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum, öðlast gildi 1. júní 1994.

Landbúnaðarráðuneytið, 3. mars 1994.

Halldór Blöndal.

Jón Höskuldsson.

SAMÞYKKT

fyrir Veiðifélag Laxár á Ásum.

1. Félagið heitir Veiðifélag Laxár á Ásum. Heimili þess og varnarþing er heimili formanns hverju sinni. Félagið starfar sem sjálfstæð deild Veiðifélagsins Orra, sem er veiðifélag um vatnasvæði Laxár á Ásum, Laxárvatns, Fremri-Laxár, Svínavatns, Svínadalsár og Sléttár.

2. Félagssvæðið er Laxár frá Húnaósi að Laxárvatni og nær félagið til allra jarða er land eiga að ánni eða njóta arðs samkvæmt arðskrá. Þessar jarðir eru: Skinnastaðir, Hjaltabakki, Húnsstaðir, Holt, Árholt, Laxholt, Hnjúkar, Sauðanes, Röðull, Laxabrekka, Mánafoss, Hurðarbak, Hurðarbak II og Hamrakot.

3. Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskgengd og fiskirækt á félagssvæðinu og að gera laxveiði í Laxá sem arðbærasta. Tilgangi sínum hyggst félagið ná með því að selja ána á leigu til stangveiða eða með því að skipta stangveiðidögum á milli veiðiréttareigenda í samræmi við arðskrá hverju sinni.

4. Stjórn félagsins skipa þrír menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl, þannig að formaður gengur út eftir eitt ár, annar meðstjórnandinn eftir tvö ár og hinn eftir þrjú ár, og helst svo sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan endurkosningu, nema sérstök forföll hamli eða að hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig að annar varamaðurinn og annar endurskoðandinn gangi út annað árið, og hinir hitt árið.

5. Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum. Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku leyfi félagsstjórnarinnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

6. Aðalfundur félagsins skal haldinn í mars eða apríl ár hvert. Aðalfund skal boða bréflega eigi síðar en tveimur vikum fyrir fundardag. Á fundi skal liggja frammi skrá um atkvæðisbæra félagsmenn. Nú er ráðgert að breyta samþykktum eða arðskrá og skal þess getið í fundarboði. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram áætlun og tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þar leggur hún fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá. Afl atkvæða ræður úrslitum mála á fundum. Þó verður breyting á samþykkt að hljóta samþykki 2/3 félagsmanna.

7. Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikninga í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir og bréf.

8. Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn skv. arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

9. Brot á samþykkt þessari varðar sektum skv. XVI. kafla laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt 52. gr. laga nr. 76 25. júní 1970 um lax- og silungsveiði til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld samþykkt fyrir Veiði- og fiskræktarfélagið Laxá á Ásum nr. 7 9. febrúar 1937.

Landbúnaðarráðuneytið, 1. mars 1994.

Halldór Blöndal.

Jón Höskuldsson.

Nr. 120 2. mars 1994

LÖGREGLUSAMÞYKKT

fyrir Eyrarsveit.

Lögreglusamþykkt fyrir Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, nr. 555 3. september 1982, skal gilda í Eyrarsveit með eftirfarandi breytingu:

Í stað 59. gr. komi eftirfarandi grein:

Allir almennir veitinga- og samkomustaðir skulu vera lokaðir frá kl. 23.30 til 06.00 að morgni; þó er heimilt að hafa opið til kl. 03.00 aðfaranótt laugardags, sunnudags eða almenns frídags. Heimilt er að selja ferðamönnum greiða á hvaða tíma sem er.

Lögreglusamþykkt þessi sem hreppsnefnd Eyrarsveitar hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum um lögreglusamþykktir, nr. 36 18. maí 1988, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 2. mars 1994.

Þorsteinn Pálsson.

Ólafur W. Stefánsson.

Nr. 121 9. mars 1994

AUGLÝSING

um umferð á Akureyri.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Akureyrar og samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð á Akureyri:

Allar bifreiðastöður eru bannaðar á Strandgötu frá Ráðhústorgi að gatnamótum við Hofsbót. Bann þetta gildir við báðar götubrúnir svo og svæði milli akbrauta (bíótorg). Strætisvagnar (SVA) eru þó undanskildir að því er varðar suðurbrún umrædds götukafla.

Ákvæði auglýsingar þessar taka gildi þegar í stað.

Sýslumaðurinn á Akureyri, 9. mars 1994.

Elías I. Elísasson.

REGLUGERÐ
fyrir Bjargráðasjóð.

I. KAFLI
Sjóðurinn og varnarþing hans.

1. gr.

Bjargráðasjóður er sjálfstæð stofnun, sameign ríkisins, sveitarfélaganna og Stéttarsambands bænda. Eignaraðilar bera ekki ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins umfram árleg, óafturkræf framlög sín til hans.

2. gr.

Heimili og varnarþing Bjargráðasjóðs er í Reykjavík.

II. KAFLI
Stjórn Bjargráðasjóðs.

3. gr.

Stjórn Bjargráðasjóðs er skipuð fimm mönnum, ráðuneytisstjóra félagsmálaráðuneytisins, sem er formaður stjórnarinnar, fiskimálastjóra, formanni Búnaðarfélags Íslands, formanni Sambands íslenskra sveitarfélaga og formanni Stéttarsambands bænda. Sé einhver stjórnarmanna forfallaður, tekur varamaður hans í viðkomandi starfi sæti í stjórninni.

4. gr.

Stjórn Bjargráðasjóðs hefur á hendi stjórn sjóðsins og tekur ákvarðanir um afgreiðslu á umsóknum um fyrirgreiðslu úr deildum hans, styrk- og lánveitingar.

5. gr.

Stjórn Bjargráðasjóðs ræður framkvæmdastjóra og annað starfslið sjóðsins og ákveður kaup þess og kjör í samræmi við launakerfi opinberra starfsmanna.

Stjórn Bjargráðasjóðs er heimilt að semja við Lánasjóð sveitarfélaga eða aðra stofnun, sem henta þykir, um sameiginlega framkvæmdastjórn, skrifstofuhald og rekstur sjóðsins. Fer þá um ráðningu og kjör starfsfólks eftir samstarfssamningi þeirra stofnana.

III. KAFLI
Verksvið framkvæmdastjóra.

6. gr.

Framkvæmdastjóri ber, í umboði stjórnarinnar, ábyrgð á fjárreiðum, reikningshaldi og uppgjöri sjóðsins og annast það, svo og daglega afgreiðslu á vegum sjóðsins ásamt öðru starfsliði hans.

7. gr.

Framkvæmdastjóri kemur fram sem fyrirsvarsmaður sjóðsins. Framkvæmdastjóri boðar stjórnarfundi og undirbýr mál fyrir fundi.

Framkvæmdastjóri getur, í samráði við sjóðsstjórn, sett öðru starfsfólki sjóðsins erindisbréf.

8. gr.

Kaup og kjör framkvæmdastjóra og annars starfsfólks sjóðsins skal vera í samræmi við launakerfi opinberra starfsmanna.

Starfsfólk sjóðsins hefur skyldur og réttindi opinberra starfsmanna.

IV. KAFLI
Tekjur sjóðsins og skipulag.

9. gr.

Árlegar tekjur Bjargráðasjóðs eru:

a. Framlög sveitarfélaga, sem nema skulu 81,31 kr. fyrir hvern íbúa sveitarfélags miðað við 1. desember undanfarið ár. Fjárhæð þessi er miðuð við framfærsluvísitölu 164.1 stig frá 1. janúar 1993 og skal síðan breytast árlega miðað við framfærsluvísitölu 1. janúar ár hvert.
b. Ákveðinn hundraðshluti af söluvörum landbúnaðarins samkvæmt ákvörðun Alþingis.
c. Framlag ríkissjóðs samkvæmt ákvörðun Alþingis.
d. Vextir af fé sjóðsins.

10. gr.

Bjargráðasjóður starfar í tveimur aðgreindum deildum, er nefnast almenn deild og búnaðardeild. Tekjur sjóðsins skiptast þannig á milli deilda:

a. Í almennu deild sjóðsins renna 75% af framlögum sveitarfélaga og jafnhá fjárhæð af framlagi ríkissjóðs, svo og vaxtatekjur sjóðsins.
b. Í búnaðardeild rennur árlegt framlag af söluvörum landbúnaðarins, 25% af framlögum sveitarfélaga og sá hluti af framlagi ríkissjóðs, sem ekki rennur til almennu deildar sjóðsins.

11. gr.

Framlög sveitarfélaga skulu greidd til Bjargráðasjóðs fyrir 1. desember ár hvert.

Þar sem við á greiðir félagsmálaráðuneytið framlög sveitarfélaga með því að draga þau frá úthlutun til þeirra úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Framlag ríkisins greiðist með jöfnum, mánaðarlegum greiðslum.

Framleiðsluráð landbúnaðarins innheimtir búvörugjald og greiðir Bjargráðasjóði hluta hans af gjaldinu, eftir því sem það innheimtist.

V. KAFLI
Deildaskipting.

12. gr.

Bókhaldi almennu deildar og búnaðardeildar Bjargráðasjóðs skal halda aðgreindu. Rekstrarkostnaður sjóðsins greiðist úr almennu deild hans.

13. gr.

Hlutverk deilda Bjargráðasjóðs er sem hér segir:

1. Hlutverk almennu deildar sjóðsins er að veita einstaklingum, félögum og sveitarfélögum fjárhagsaðstoð til að bæta meiriháttar tjón á fasteignum og lausafé af völdum náttúruhamfara, að svo miklu leyti sem ekki er unnt að tryggja gegn slíkum tjónum á almennum tryggingamarkaði eða fá það bætt með öðrum hætti, enda verði gáleysi eiganda eigi um kennt.

   Stjórn sjóðsins metur hverju sinni hvað teljist til meiriháttar tjóns.
2. Hlutverk búnaðardeildar er að veita einstaklingum eða sveitarfélögum fjárhagsaðstoð til:

a. að bæta meiriháttar tjón vegna búfjárdauða af völdum sjúkdóma eða af slysum;
b. að kaupa eða afla fóðurs á annan hátt vegna meiriháttar grasbrests af völdum kulda, kals, þurrka eða óþurrka til að afstýra óeðlilega mikilli förgun búfjár;
c. að bæta meiriháttar uppskerubrest á garðávöxtum;
d. að veita fjárhagsaðstoð vegna meiriháttar afurðatjóns á búfé.

Skilyrði er að gáleysi eiganda verði eigi um kennt.

Stjórn sjóðsins metur hverju sinni hvað teljist til meiriháttar tjóns.

VI. KAFLI
Fjárhagsaðstoð.

14. gr.

Fjárhagsaðstoð beggja deilda sjóðsins er fyrst og fremst fólgin í veitingu styrkja eftir nánari reglum, sem sjóðsstjórn setur. Stjórn sjóðsins er jafnframt heimilt að veita lán til aðstoðar og ákveður hún kjör þeirra, lánstíma, vexti og hvort þau skuli bundin verðtryggingu.

Stjórn sjóðsins ákveður með tilliti til ráðstöfunarfjár hverju sinni bótahlutfall sjóðsins í heildartjóni og eigináhættu tjónþola.

15. gr.

Árlegar tekjur almennu deildar sjóðsins skiptast í eftirtalda tvo ráðstöfunarflokka:
1. Framlög sveitarfélaga og helmingur vaxtatekna.
2. Framlag ríkissjóðs og helmingur vaxtatekna.

Rekstrarkostnaður sjóðsins greiðist hlutfallslega miðað við heildartekjur hvors flokks skv. 1. mgr. Óheimilt er þó að nota meira en 50% vaxtatekna hvors flokks skv. 1. mgr. til að greiða reksturskostnað sjóðsins.

16. gr.

Eftirtalin tjón bætast af framlögum sveitarfélaga og helmingi vaxtatekna eftir því sem ráðstöfunarfé hrekkur til árlega sbr. 1. tl. 13. gr.:
I. Tjón á fasteignum. þ.m.t. girðingar og tún er tengjast landbúnaði.
II. Tjón á fasteignum einstaklinga og félaga.
III. Tjón á fasteignum og landsvæðum sveitarfélaga.

Með fasteignum í flokki I-III er átt við fasteignir skv. skilgreiningu laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 91/1989, sbr. lög um Fasteignamat ríkisins nr. 94/1976.

Ráðstöfunarfé samkvæmt 1. mgr. skal skipt með jöfnum hætti á milli tjónaflokkanna þriggja. Heimilt er stjórn Bjargráðasjóðs að flytja ráðstöfunarfé á milli flokka, fullnýtist ráðstöfunarfé viðkomandi flokks ekki.

17. gr.

Eftirtalin tjón bætast af framlögum sveitarfélaga og helmingi vaxtatekna eftir því sem ráðstöfunarfé hrekkur til árlega sbr. 1. tl. 13. gr.:

I. Tjón á lausafé.
II. Önnur tjón á fasteignum, sem bótaskyld eru og ekki eru upp talin í 16. gr.

Ráðstöfunarfé samkvæmt 1. mgr. skal skipt með jöfnum hætti á milli ráðstöfunarflokkanna tveggja. Heimilt er stjórn Bjargráðasjóðs að flytja ráðstöfunarfé á milli flokka, fullnýtist ráðstöfunarfé viðkomandi flokks ekki.

18. gr.

Af samanlögðu árlegu ráðstöfunarfé búnaðardeildar skal, eftir því sem ráðstöfunarfé deildarinnar hrekkur til, veita fjárhagsaðstoð, sbr. 2. tl. 13. gr. til:

I. Að bæta meiriháttar tjón vegna búfjárdauða af völdum sjúkdóma eða af slysum.
II. Að kaupa eða afla fóðurs á annan hátt vegna meiriháttar grasbrests af völdum kulda, kals, þurrka eða óþurrka til að afstýra óeðlilega mikilli förgun búfjár.
III. Að bæta meiriháttar uppskerubrest á garðávöxtum.
IV. Að veita fjárhagsaðstoð vegna meiriháttar afurðatjóns á búfé.

Stjórn Bjargráðasjóðs er heimilt að takmarka fjárhagsaðstoð til einstakra búgreina við hlutfallsleg framlög greinarinnar til sjóðsins.

Skilyrði fyrir fjárhagsaðstoð úr búnaðardeild er að tjónþoli hafi gefið Framleiðsluráði landbúnaðarins fullnægjandi upplýsingar um framleiðslumagn og sjóðagjöld áður en tjón varð og taka bætur mið af því.

Stjórn Bjargráðasjóðs er heimilt að flytja ráðstöfunarfé á milli flokka fullnýtist ráðstöfunarfé viðkomandi flokks ekki.

19. gr.

Stjórn Bjargráðasjóðs er heimilt að lána fé á milli deilda sjóðsins án vaxta, ef fé annarrar hvorrar deildar sjóðsins hrekkur eigi til að veita þá aðstoð, sem nauðsyn krefur samkvæmt lögunum og að mati sjóðsstjórnar.

20. gr.

Stjórn Bjargráðasjóðs getur, ef um er að tefla almenn bótaskyld tjón í einu byggðarlagi eða fleirum, skipað nefnd til þess að rannsaka tjónin og gera tillögur til sjóðsstjórnar um aðstoð vegna þeirra. Kostnaður vegna slíkra nefndarstarfa greiðist úr þeirri deild sjóðsins, sem veitir aðstoð vegna tjónanna.

21. gr.

Lán sem veitt eru einstaklingum eða félögum skulu tryggð með ábyrgð, sem stjórn sjóðsins metur gilda.

Lán til sveitarfélaga skulu tryggð með framlagi til þeirra úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Verði vanskil á láni sveitarfélags, er ráðherra heimilt að inna greiðslu af hendi til Bjargráðasjóðs af Jöfnunarsjóðsframlagi til sveitarfélagsins. Sama gildir um vanskil sveitarfélags sem ábyrgðaraðila, enda hafi sveitarfélag sannanlega áður verið krafið um greiðslu án árangurs.

VI. KAFLI
Umsóknir.

22. gr.

Umsókn um aðstoð úr Bjargráðasjóði skal hafa borist sjóðnum innan árs, frá því að tjón varð. Umsókn skal vera skrifleg.

Umsókn skulu fylgja svo glöggar skýrslur, sem unnt er um tjónið. Jafnframt skulu fylgja umsókn vottorð eftir því sem við á, svo sem héraðsráðunautar, dýralæknis, dómkvaddra matsmanna, oddvita eða hreppstjóra. Stjórn Bjargráðasjóðs getur krafist fyllri gagna, ef ástæða þykir til, frá umsækjanda eða öðrum þeim aðilum, sem slíkar upplýsingar geta veitt.

Stjórn Bjargráðasjóðs getur frestað afgreiðslu eða synjað umsóknum um lán eða styrki, ef ekki eru lögð fram þau gögn sem sjóðsstjórn krefst, eða hún telur tjón ekki nægilega upplýst.

23. gr.

Umsóknir um bætur úr almennu deild sjóðsins skulu að jafnaði afgreiddar tvisvar á ári.

Umsóknir um bætur úr búnaðardeild sjóðsins skulu afgreiddar eigi sjaldnar en tvisvar á ári. Innan tveggja mánaða frá lokum framleiðslu- og sölutímabils skulu allar óafgreiddar umsóknir um afurðatjónsbætur úr búnaðardeild sjóðsins afgreiddar.

Tjónabætur úr báðum deildum sjóðsins skulu að jafnaði taka mið af árlegu ráðstöfunarfé þeirra á því ári sem umsókn berst.

Heimilt er stjórn Bjargráðasjóðs, ef ástæða þykir til, að víkja frá framangreindum viðmiðunum við sérstakar og óvenjulegar aðstæður, sem ekki þola bið að mati stjórnar sjóðsins.

VII. KAFLI
Eigið fé sjóðsins.

24. gr.

Fé Bjargráðasjóðs, sem ekki hefur verið ráðstafað samkvæmt reglugerð þessari, skal ávaxtað í Lánasjóði sveitarfélaga eða banka með ríkisábyrgð samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar sjóðsins.

25. gr.

Eigið fé Bjargráðasjóðs skal standa óskert svo sem kostur er. Vaxtatekjur, án verðbóta, skulu taldar til ráðstöfunartekna sjóðsins á ári hverju.

26. gr.

Við sérstakar og óvenjulegar aðstæður er stjórn sjóðsins heimilt að nota hluta af eigin fé sjóðsins til styrk- eða lánveitinga.

Eigið fé almennu deildar sjóðsins má þó aldrei verða minna en þrefalt framlag sveitarfélaganna til deildarinnar (75% framlagsins) miðað við næsta almanaksár á undan.

Eigið fé búnaðardeildarinnar má á sama hátt ekki verða minna en sem nemur 50% af framlagi söluvara landbúnaðarins miðað við næsta almanaksár á undan.

VIII. KAFLI
Reikningar og endurskoðun.

27. gr.

Ársreikningar sjóðsins skulu vera fullgerðir fyrir febrúarlok ár hvert. Sjóðsstjórn felur löggiltum endurskoðanda að endurskoða reikninga sjóðsins, og skal endurskoðun að jafnaði lokið fyrir 30. apríl ár hvert.

28. gr.

Að endurskoðun lokinni skv. 27. gr. skal birta reikninga sjóðsins í B-deild Stjórnartíðinda.

Reglugerð þessi, sem samin er af stjórn Bjargráðasjóðs, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51 26. maí 1972 um Bjargráðasjóð með síðari breytingum, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 58 18. apríl 1967 fyrir Bjargráðasjóð Íslands.

Félagsmálaráðuneytið, 21. febrúar 1994.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Húnbogi Þorsteinsson.

REGLUGERÐ

um verðmiðlunargjald af mjólk.

1. gr.

Innheimta verðmiðlunargjalds.

Landbúnaðarráðherra ákveður upphæð verðmiðlunargjalds af afurðum mjólkur og skal því varið til verkefna skv. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, sbr. breytingu með lögum nr. 129/1993.

Frá 1. júní 1994 skal upphæð gjaldsins vera kr. 0,65 á hvern lítra mjólkur, sem lagður er inn í afurðastöð innan greiðslumarks. Ráðherra tilkynnir breytingar á upphæð verðmiðlunargjalda til Framleiðsluráðs landbúnaðarins og fimmmannanefndar.

Framleiðsluráð landbúnaðarins leggur gjaldið á samkvæmt innvigtunarskýrslum afurðastöðva og innheimtir það mánaðarlega. Gjalddagi er 25. dag næsta mánaðar eftir innvigtun og eindagi 30 dögum síðar.

2. gr.

Skipting tekna milli verkefna.

Framleiðsluráð landbúnaðarins og Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði (SAM) gera tillögu um skiptingu tekna af verðmiðlunargjöldum milli eftirfarandi verkefna:

a) Rekstrarstyrkja til afurðastöðva, sbr. 3. gr.
b) Jöfnunar á flutningskostnaði frá framleiðanda að afurðastöð, sbr. 4. gr.
c) Til að styrkja flutninga á hráefni og mjólkurvörum milli afurðastöðva, sbr. 5. gr.

Óheimilt er að ráðstafa umfram 85% af árstekjum til verkefna samkvæmt liðum a og b og umfram 25% til verkefna samkvæmt c-lið. Aldrei má ráðstafa meiru en árstekjum af verðmiðlunargjaldi samanlagt til ofangreindra verkefna.

3. gr.

Rekstrarstyrkir til afurðastöðva.

Afurðastöðvar, sem nauðsynlegt er að starfrækja vegna landfræðilegrar einangrunar eða hagkvæmt þykir að starfrækja vegna fjarlægðar frá næstu afurðastöð, geta notið rekstrarstyrkja af innheimtu verðmiðlunarfé, enda sé sýnt fram á þörf fyrir slíka styrki.

Framleiðsluráð landbúnaðarins skal fyrir 1. maí ár hvert gera tillögu til landbúnaðarráðherra um hvaða afurðastöðvar skuli njóta rekstrarstyrkja og um upphæðir styrkjanna samkvæmt eftirfarandi reglum:

1. Rekstrarstyrkur veitist eingöngu afurðastöðvum sem uppfylla ákvæði 64. gr. laga nr. 99/1993 um aðgreiningu bókhalds og fjárreiða afurðastöðva frá öðrum rekstri og ákvæði 3. gr. rg. nr. 46/1994 um frágang og endurskoðun ársreikninga fyrir árið 1993.
2. Rekstrarstyrkur getur að hámarki orðið sem nemur áætluðum kostnaði við að flytja þá mjólk sem framleidd er innan greiðslumarks á svæði viðkomandi afurðastöðvar, frá henni að næstliggjandi afurðastöð sem getur tekið við mjólkinni til vinnslu og árlegum flutningskostnaði á seldu magni af nýmjólk, léttmjólk, undanrennu, rjóma, súrmjólk og skyri, að þeirri afurðastöð sem nýtur styrks frá næstliggjandi afurðastöð/afurðastöðvum sem sinnt geta þeirri eftirspurn. Framleiðsluráð metur þann flutningskostnað sem um ræðir og skal fara eftir auglýstum töxtum, tilboðum eða öðrum þeim gögnum sem réttust verða talin.

3. Rekstrarstyrkur skal þó aldrei nema hærri upphæð en framreiknuð verðmiðlun skv. lánskjaravísitölu til viðkomandi afurðastöðvar fyrir árið 1993.
4. Fari samanlögð styrkþörf þeirra afurðastöðva, sem Framleiðsluráð metur styrkhæfar, fram úr því fé sem til ráðstöfunar er, skal lækka styrkina hlutfallslega miðað við reiknað hámark í 2. og 3. tl. þessarar greinar.
5. Greiða skal 80% af þeim rekstrarstyrk sem landbúnaðarráðherra samþykkir til hverrar afurðastöðvar með jöfnum, mánaðarlegum greiðslum frá maí til desember, en ljúka uppgjöri, þegar ársreikningur hefur verið lagður fram, enda sé hann í samræmi við skilyrði í 1. tl. þessarar greinar. Þar til styrktarupphæð hefur verið ákveðin er Framleiðsluráði heimilt að greiða samkvæmt áætlun.

4 . gr.

Jöfnun flutningskostnaðar.

Reikna skal hámark flutningsjöfnunar frá framleiðendum til afurðastöðva á eftirfarandi hátt:

1. Fundinn skal meðalkostnaður á hvern lítra við flutning mjólkur að hverri afurðastöð á árinu að frádregnum tekjum vegna annarra flutninga eða þjónustu.
2. Flutningsstyrkur skal því aðeins greiddur að kostnaður á hvern lítra sé meira en 20% yfir meðalflutningskostnaði á landinu. Greiða skal að hámarki 80% af þeim kostnaði sem er umfram 120% af meðalflutningskostnaði á hvern lítra.
3. Fari útreiknuð styrkþörf samkvæmt þessari grein fram úr ráðstöfunarfé eftir skiptingu samkvæmt 2. gr. skal lækka styrkina hlutfallslega jafnt til allra búa.

5. gr.

Styrkir til flutninga milli afurðastöðva.

Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði skulu samkvæmt verkaskiptasamningi meta þörfina fyrir flutninga á hráefni og á tilteknum dagvörum (nýmjólk, léttmjólk, undanrenna, súrmjólk, rjómi og skyr) milli svæða. Flutningar skulu því aðeins styrktir að þeir séu liður í verkaskiptingu milli afurðastöðva sem eykur hagkvæmni mjólkurvinnslunnar í heild.

Ávallt skal leitast við að flutningar séu með sem hagkvæmustum hætti og skulu styrkir miðast við fasta fjárhæð í hvert verkefni. Framleiðsluráð landbúnaðarins ynnir greiðslur af hendi eftir áætlun sem staðfest er af SAM.

Þær afurðastöðvar sem sækja um styrk skulu gera áætlun um vörumagn og tímabil sem millisvæðaflutningar ná yfir.

Heimilt er að greiða sérstaka flutningastyrki samkvæmt samningi til afurðastöðva, sem hafa yfirtekið viðskipti á framleiðslu- og sölusvæðum, þar sem rekstur mjólkurbúa er lagður af.

6. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt heimild í 27. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytið, 3. mars 1994.

Halldór Blöndal.

Jón Höskuldsson.

REGLUR

um varnir gegn sorpmengun frá skipum.

1. gr.

Skilgreiningar.

Í reglum þessum merkir:

Skip: sérhvert fljótandi far, þ.m.t. skíðaskip, svifskip og kafbátar.

Sorp: alls konar matarúrgang, úrgang frá vistarverum og óvinnsluhæfan rekstrarúrgang, þar með taldar umbúðir, að undanskildum ferskum fiski og fiskúrgangi, sem til fellur við eðlilega starfsemi skipa og stöðugt eða öðru hvoru þarf að losna við.

Kvarnaður matarúrgangur: matarúrgang, tuskur, gler og þess háttar sorp sem hefur farið í gegnum kvörn eða mulningsvél og kemst í gegnum 25 mm sigti.

Samningurinn: Alþjóðasamning um varnir gegn mengun sjávar frá skipum frá 1973 ásamt bókun frá 1978 (MARPOL 73/78).

Sérhafsvæði: hafsvæði sem tilteknar reglur um varnir gegn mengun sjávar gilda um, svo sem vegna sérstakra umhverfisaðstæðna, í samræmi við samninginn. Hafsvæðin eru talin upp í viðauka með reglum þessum.

2. gr.

Gildissvið.

Reglur þessar gilda í mengunarlögsögu Íslands, sbr. skilgreiningu í 3. gr. laga nr. 32/1986 um varnir gegn mengun sjávar.

3. gr.

Losun sorps í sjó.

Losun sorps í sjó, að meðtöldum sérhafsvæðum, er óheimil nema annað segi í reglum þessum. Bannið gildir m.a. um öll þrávirk gerviefni sem fljóta eða mara í sjónum, t.a.m. plastefni, sorppoka úr plasti, kaðla og net.

4. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. er heimilt að losa sorp utan sérhafsvæða í sjó eins og hér segir:

a. utan tuttugu og fimm sjómílna frá grunnlínum landhelginnar, skorðunartré og klæðningar- og umbúðaefni sem flýtur,

b. utan tólf sjómílna frá grunnlínum landhelginnar, ókvarnaðan matarúrgang og allt annað sorp, t.a.m. pappír, tuskur, gler, málma, flöskur, leirvörur og annan álíka úrgang sem kemst ekki í gegnum sigti sem hefur göt með 25 mm þvermáli,

c. utan þriggja sjómílna frá grunnlínum landhelginnar, kvarnaðan matarúrgang og þess háttar sorp, t.a.m pappír, tuskur, gler og annan álíka úrgang sem kemst í gegnum sigti sem hefur göt með 25 mm þvermáli.

Ef sorpinu er blandað saman við annan úrgang sem háður er sérstökum ákvæðum laga skal framkvæma losunina samkvæmt þeim ákvæðum sem strangari eru.

5. gr.

Losun sorps í sjó á sérhafsvæðum.

Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. er heimilt að losa í sjó utan tólf sjómílna frá grunnlínum landhelginnar matarúrgang.

Ef sorpinu er blandað saman við annan úrgang, sem önnur ákvæði gilda um, skal framkvæma losunina samkvæmt þeim ákvæðum sem strangari eru.

6. gr.
Undantekningar.

Ákvæði 3., 4. og 5. gr. eiga ekki við um:

a. losun á sorpi frá skipi ef losunin er nauðsynleg vegna öryggis þess eða þeirra sem eru um borð eða framkvæmd í þeim tilgangi að bjarga lífi þeirra sem eru í sjávarháska.
b. losun á sorpi sem leiðir af skemmdum á skipi eða tækjum þess enda hafi áður og eftir að skemmdirnar urðu, allar þær varúðarráðstafanir sem með sanngirni má krefjast verið gerðar til þess að koma í veg fyrir eða draga úr losuninni.
c. fiskinet úr gerviefnum sem tapast hafa vegna óhappa, þ.m.t. gerviefni til viðgerða á slíkum netum, enda hafi allar þær varúðarráðstafnir sem með sanngirni má krefjast verið gerðar til að koma í veg fyrir slík óhöpp.

7. gr.
Móttökustöðvar.

Hafnaryfirvöld skulu koma upp eða tryggja rekstur viðunandi aðstöðu í höfnum fyrir móttöku á sorpi frá skipum. Aðstaðan skal miðast við þarfir skipa er koma í viðkomandi höfn.

8. gr.
Viðurlög.

Brot gegn reglum þessum varða refsingu samkvæmt XII. kafla laga nr. 32/1986 um varnir gegn mengun sjávar ásamt síðari breytingum.

9. gr.
Gildistaka.

Reglur þessar eru settar samkvæmt 7. gr. laga nr. 32/1986 um varnir gegn mengun sjávar ásamt síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytið, 8. mars 1994.


Össur Skarphéðinsson.

Magnús Jóhannesson.

Viðauki.

Eftirtalin hafsvæði hafa verið skilgreind sem sérhafsvæði í samningum við gildistöku þessara reglna: Miðjarðarhaf, Eystrasalt, Svartahaf, Rauðahaf, Persaflói, Norðursjór, hafsvæðið við Suðurheimskautið og Karíbahaf ásamt Mexíkóflóa. Nánari afmörkun er í viðauka V, (Regulation 5) við samninginn.

Fylgiskjal:


GRÆNLAND
ÍSLAND
FÆREYJAR
200M
25M
12M
3M
SJÓMÆLINGAR ÍSLANDS

REGLUR

um framkvæmd og lok frjálsrar skráningar vegna fólksflutninga innanlands.

1. gr.

Aðilar sem hafa með höndum fólksflutninga innanlands og skráðir eru skv. reglugerð nr. 170/1993, um frjálsa skráningu vegna fólksflutninga, skulu frá gildistöku reglna þessara innheimta útskatt skv. 1. mgr. 14. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, þar til skráningu lýkur.

2. gr.

Aðili sem skráður er frjálsri skráningu skv. reglugerð nr. 170/1993 getur samkvæmt almennum ákvæðum laga nr. 50/1988 og reglugerða, sem settar eru samkvæmt þeim, talið til innskatts þann virðisaukaskatt sem á gildistíma skráningarinnar fellur á kaup hans á vörum og þjónustu er varða umrædda starfsemi.

3. gr.

Skattstjóri skal fella niður frjálsa skráningu hjá aðila sem um ræðir í 1. gr. í eftirfarandi tilvikum:

a. Þegar skráður aðili óskar eftir því við skattstjóra. Hann skal tilkynna skattstjóra það í því skattumdæmi þar sem hann er heimilisfastur 14 dögum áður en næsta uppgjörstímabil hefst. Skattstjóri skal taka aðila af skrá þegar uppgjörstímabilinu, sem er að líða þegar beiðni berst, lýkur.
b. Þegar álagður útskattur alls er orðinn jafnhár eða hærri en heildarinnskattur hjá aðila á tímabili skráningar.
c. Fimm árum frá fyrsta degi fyrsta uppgjörstímabils þegar tilvik skv. a. og b. eiga ekki við.

Skattstjóri skal halda skrá yfir skil aðila. Eftir síðustu skil, sbr. 1. mgr., skulu teknar saman heildarfjárhæðir útskatts og innskatts á því tímabili sem aðili hefur notið frjálsrar skráningar skv. reglugerð nr. 170/1993.

Sé útskattur hærri en innskattur við heildaruppgjör, sbr. 2. mgr., skal mismunurinn endurgreiddur viðkomandi aðila á næsta reglulegum gjalddaga virðisaukaskatts. Sé innskattur hins vegar hærri en útskattur skal aðili skila mismuninum í ríkissjóð á næsta reglulegum gjalddaga virðisaukaskatts.

4. gr.

Reglur þessar eru settar með stoð í 6. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, og gilda frá 1. maí 1994 til 31. desember 1998.

Fjármálaráðuneytið, 8. mars 1994.

F. h. r.

Indriði H. Þorláksson.

Jón H. Steingrímsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu breytingar á skipulagsskrá fyrir Styrktarfélag og Styrktarsjóð Söngskólans í Reykjavík, nr. 394 26. október 1978.

Á aðalfundi Styrktarfélags Söngskólans í Reykjavík hinn 3. desember 1993 var samþykkt eftirfarandi breyting á skipulagsskrá fyrir Styrktarfélag og Styrktarsjóð Söngskólans í Reykjavík:

1. málsliður 1. mgr. 7. gr. orðist svo:

Aðalfundur Styrktarfélags Söngskólans skal haldinn fyrir lok nóvember ár hvert og skulu þar afgreidd eftirfarandi málefni:

Ofangreind breyting á skipulagsskrá fyrir Styrktarfélag og Styrktarsjóð Söngskólans í Reykjavík staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 3. mars 1994.

F. h. r.
Þorsteinn Geirsson.

Jón Thors.

Nr. 127 11. mars 1994

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Seltjarnarness.

Samkvæmt 29. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Seltjarnarness er taki gildi frá 1. janúar 1994.

Gjaldskrá Hitaveitu Seltjarnarness, nr. 503, 18. desember 1990:

3. gr. b. Vatnsgjald fyrir hvern rúmmetra lækkar úr kr. 32,00 í kr. 29,00.

Aðrir liðir gjaldskrárinnar verða óbreyttir.

Iðnaðarráðuneytið, 11. mars 1994.

F. h. r.

Þorkell Helgason.

Steinunn Bjarman.

STJÓRNARTÍÐINDI B 21 – 1994

28. febrúar 1994 297 Nr. 128

REGLUGERÐ

um mælieiningar.

1. gr.

1.1 Lögformlegar mælieiningar í skilningi þessarar reglugerðar sem nota á til að tákna stærðir, skulu vera þær einingar sem skráðar eru í viðauka I, það er alþjóðlega einingakerfið, SI-kerfið, sem samþykkt hefur verið af almenna þinginu fyrir mál og vog, CGPM.

1.2 Löggildingarstofan getur heimilað að notaðar séu mælieiningar utan SI-kerfisins. Þær skulu þó ávallt hafa viðmiðun í SI-kerfinu.

1.3 Löggildingarstofan getur gefið út leiðbeiningar um notkun mælieininga og tekið afstöðu til álita- og ágreiningsmála varðandi notkun mælieininga. Áliti Löggildingarstofunnar má skjóta til ráðherra.

2. gr.

2.1 Ákvæði 1. gr. gilda um mælitæki, mælingar og magnupplýsingar þar sem fram koma mælieiningar og notkun þeirra er á sviði efnahagsmála, almannaheilbrigðis, almannaöryggis og í stjórnsýslu.

2.2 Þessi reglugerð hefur ekki áhrif á þær mælieiningar sem notaðar eru í flutningum á sjó eða í lofti þótt þær séu ekki lögformlegar, ef mælt er fyrir um þær í alþjóðlegum samþykktum og samningum sem eru bindandi fyrir Ísland.

3. gr.

3.1 Heimilt er að nota „viðbótarmerkingar“, en í skilningi þessarar reglugerðar eru það ein eða fleiri merkingar sem sýna mælieiningar, sem eru taldar upp í viðaukum II, III og IV.

3.2 Heimilt er að fara fram á að á mælitækjum séu merkingar með einni lögformlegri mælieiningu.

3.3 Merking er notar lögformlegar mælieiningar skal ráða. Viðbótarmerkingar skulu eigi vera með stærra letri en tilsvarandi merkingar sem táknaðar eru með lögformlegum mælieiningum.

B 22
Steindórsprent-Gutenberg hf.

Endurprentað hefti.

4. gr.

Þær mælieiningar sem eru ekki eða ekki lengur lögformlegar skal heimilt að nota við:

a) framleiðsluvörur og búnað sem voru á markaði eða í notkun fyrir 1. janúar 1993;
b) íhluta fyrir og hluta af framleiðsluvörum eða tækjum sem nauðsynlegir eru til viðbótar, eða í stað íhluta eða hluta af ofangreindum vörum og búnaði.

Þó er heimilt að krefjast þess að álestrarbúnaður mælitækja sýni lögformlegar mælieiningar.

5. gr.

Íslenski staðallinn IST-ISO 2955, „Gagnavinnsla - táknun SI og annarra eininga sem eru notaðar í kerfi með takmörkuð stafamengi", skal gilda fyrir gagnasamskipti með tölvum og fyrir annan búnað sem notar takmarkað stafamengi.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum um vog, mál og faggildingu nr. 100/1992 og með hliðsjón af ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sem vísað er til í 24. tölul. IX. kafla II. viðauka, tilskipun 80/181/EBE ásamt síðari breytingum um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi mælieiningar, með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af II. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytið, 28. febrúar 1994.

F. h. r.
Þorkell Helgason.

Sveinn Þorgrímsson.

VIÐAUKI I.

LÖGFORMLEGAR MÆLIEININGAR SEM UM GETUR Í 1. GR.

1. SI-EININGAR OG MARGFELDISEININGAR.

1.1 Grunneiningar alþjóðlega einingakerfisins

Stærð	Eining:	
	Heiti	**Tákn**
Lengd	metri	m
Massi	kílógramm	kg
Tími	sekúnda	s
Rafstraumur	amper	A
Hitastig	kelvin	K
Efnismagn	mól	mol
Ljósstyrkur	kandela	cd

Skilgreiningar á grunneiningum alþjóðlega einingakerfisins eru sem hér segir:

Lengdareining: Metrinn er sú vegalengd sem ljósið fer í lofttómi á 1/299 792 458 sekúndum.

Massaeining: Kílógramm er mælieiningin fyrir massa. Það er skilgreint sem massi frumgerðar alþjóðlega kílógrammsins.

Tímaeining: Sekúndan er jafnlangur tími og 9 192 631 770 sveiflutímar geislunar er kemur fram þegar sesín 133 frumeind breytir um ástand milli hinna tveggja ofurfínu stiga grunnástandsins.

Rafstraumseining: Amper er skilgreint þannig að þegar fasti straumurinn eitt amper rennur um tvo beina, samsíða, óendanlega langa leiðara með hverfandi lítið þvermál og leiðararnir eru í eins metra fjarlægð og í tómarúmi, þá verkar krafturinn 2×10^{-7} njúton á hvern metra þvert á leiðarana.

Eining fyrir kelvinhitastig: Eitt kelvin, einingin fyrir kelvinhitastig, er 1/273,16 hluti af kelvinhitastigi vatns við þrípunkt.

Eining fyrir efnismagn: Mólið er magn efnis í kerfi sem inniheldur jafnmargar efniseindir og frumeindirnar eru margar í 0,012 kg (12 g) af kolefni-12. Þegar heitið mól er notað verður að tilgreina efniseindirnar sem við er átt og geta það verið atóm, sameindir, jónir, rafeindir, aðrar efniseindir eða tilteknir hópar slíkra efniseinda.

Eining fyrir ljósstyrk: Kandela er sá ljósstyrkur sem beinist í tiltekna átt frá ljósgjafa sem gefur frá sér einlita geisla með tíðninni 540×10^{12} herts og aflinu 1/683 vött á hvern steradían.

1.1.1 Sérstakt heiti og tákn SI-kerfisins um einingu hitastigs til þess að tákna Celsíushitastig.

Stærð		Eining
	Heiti	Tákn
Celsíushitastig	Gráða á Celsíus	°C

Celsíushitastig, t, er skilgreint sem mismunurinn $t = T - T_0$ milli tveggja kelvinhitastiga T og T_0 þar sem T_0 er = 273,15 kelvin. Bil eða mismun á hitastigi má ýmist gefa upp sem kelvin eða gráður á Celsíus. Einingin „gráða á Celsíus" er jöfn einingunni „kelvin".

1.2. Aðrar einingar alþjóðlega einingakerfisins.
1.2.1. SI-fyllieiningar.

Stærð	Heiti	Eining Tákn
Flatarhorn	radían	rad
Rúmhorn	steradían	sr

Skilgreiningar á SI-fyllieiningum:
Flatarhornseiningar: Radían er flatarhornið sem bogi hrings spannar, séð frá miðju hringsins, þegar boginn er jafnlangur hringgeislanum.
Rúmhornseiningar: Steradían er rúmhornið sem flatarskiki á kúlu þekur, séð frá miðju kúlunnar, þegar skikinn hefur sama flatarmál og sléttur ferningur sem hefur kúlugeislann að hlið.

1.2.2 Afleiddar einingar SI-kerfisins.
Einingar sem eru leiddar (kerfisbundið) út frá grunneiningum og fyllieiningum SI-kerfisins eru gefnar upp sem algebruyrðingar í formi margfelda grunneininga og fyllieininga í heilum veldum og margfeldið hefur tölugildið 1.

1.2.3 Afleiddar einingar alþjóðlega einingakerfisins (SI) sem eiga sér sérstök heiti og tákn.

Stærð	Eining		Táknað sem	
	Heiti	Tákn	Aðrar SI-einingar	Grundvallar- eða fyllieiningar
Tíðni	herts	Hz		s^{-1}
Kraftur	njúton	N		m kg s^{-2}
Þrýstingur, spenna	paskal	Pa	N m^{-2}	m^{-1} kg s^{-2}
Orka, vinna, varmi	júl	J	N m	m^2 kg s^{-2}
Afl(1), geislaflæði	vatt	W	J s^{-1}	m^2 kg s^{-3}
Rafhleðsla	kúlomb	C		s A
Rafspenna, íspenna	volt	V	W A^{-1}	m^2 kg s^{-3} A^{-1}
Rafviðnám	ohm	Ω	V A^{-1}	m^2 kg s^{-3} A^{-2}
Rafleiðni	símens	S	A V^{-1}	m^{-2} kg^{-1} s^3 A^2
Rýmd	farad	F	C V^{-1}	m^{-2} kg^{-1} s^4 A^2
Segulflæði	veber	Wb	V s	m^2 kg s^{-2} A^{-1}
Segulstyrkur	tesla	T	Wb m^{-2}	kg s^{-2} A^{-1}
Span (spanstuðull)	henry	H	Wb A^{-1}	m^2 kg s^{-2} A^{-2}
Ljósflæði	lúmen	lm		cd sr
Birta (lýsing)	lúx	lx	lm m^{-2}	m^{-2} cd sr
Geislavirkni	bekerel	Bq		s^{-1}
Geislaskammtur,	grei	Gy	J kg^{-1}	m^2 s^{-2}
Geislaálag	sívert	Sv	J kg^{-1}	m^2 s^{-2}

1) Sérstök heiti á afleiningu: Heitið voltamper (táknað „VA“) er notað til að tákna sýndarafl riðstraums og heitið var (tákn „var“) er notað til að tákna launafl. „va“ er ekki skráð í ályktunum almenna þingsins um mál og vog.

Einingar sem leiddar eru af grunneiningum alþjóðlega einingakerfisins eða viðbótareiningum þess er heimilt að gefa upp í þeim einingum sem skráðar eru í þessum viðauka. Einkanlega er hægt að gefa afleiddar alþjóðlegar einingar upp með sérstökum heitum og táknum sem sýnd eru í töflunni hér að ofan. Til dæmis er hægt að gefa upp alþjóðlegu einingunа fyrir skriðseigju ýmist sem m^{-1} kg s^{-1} eða N s m^{-2} eða Pa s.

1.3 Forskeyti og tákn þeirra sem notuð eru til að tákna tiltekin tugveldi.

Tugveldi	Forskeyti	Tákn	Tugveldi	Forskeyti	Tákn
10^{18}	exa	E	10^{-1}	desi	d
10^{15}	peta	P	10^{-2}	senti	c
10^{12}	tera	T	10^{-3}	milli	m
10^{9}	gíga	G	10^{-6}	míkró	μ
10^{6}	mega	M	10^{-9}	nanó	n
10^{3}	kíló	k	10^{-12}	píkó	p
10^{2}	hektó	h	10^{-15}	femtó	f
10^{1}	deka	da	10^{-18}	attó	a

Heitin og táknin fyrir margfeldiseiningar massa eru mynduð með því að bæta forskeytum við orðið „gramm“ og táknum þeirra framan við táknið „g“. Sé afleidd eining gefin upp sem almennt brot er hægt að gefa til kynna tugveldi hennar með því að bæta forskeytunum við einingar í teljara eða nefnara eða hvoru tveggja. Óheimilt er að nota samsett forskeyti, þ. e. forskeyti sem búin eru til með því að raða saman ofangreindum forskeytum.

1.4. Sérstök leyfileg heiti og tákn fyrir margfeldiseiningar

Stærð	**Eining**		
	Heiti	**Tákn**	**Gildi**
Rúmmál	lítri	l eða L[1)]	$1\ l = 1\ dm^3 = 10^{-3}\ m^3$
Massi	tonn	t	$1\ t = 1\ Mg = 10^3\ kg$
Þrýstingur, álag	bar	bar[2)]	$1\ bar = 10^5\ Pa$

1) Heimilt er að nota táknin tvö „l“ og „L“ fyrir einingunа lítra.
2) Þessi eining er skráð í riti Alþjóðlegu mælifræðistofnunarinnar (Bureau International des Poids et Mesures) meðal eininga sem leyfðar eru tímabundið.

Athugasemd: Forskeytin og tákn þeirra sem skráð eru í 1.3 er heimilt að nota með einingunum og táknum þeirra sem eru skráð í töflu.

2. EININGAR SEM SKILGREINDAR ERU Á GRUNNI SI-KERFISINS EN ERU EKKI MARGFELDISEININGAR

Stærð	**Heiti**	**Eining Tákn**	**Gildi**
Flatarhorn	snúningur*([1])(a)		$1\ \text{snúningur} = 2\ \pi\ rad$
	nýgráða* eða gon*	gon*	$1\ gon = \pi/200\ rad$
	gráða (horns)	°	$1° = \pi/180\ rad$
	mínúta (horns)	’	$1’ = \pi/10800\ rad$
	sekúnda (horns)	”	$1” = \pi/648000\ rad$
Tími	mínúta	min	$1\ min = 60\ s$
	klukkustund	h	$1\ h = 3600\ s$
	sólarhringur	d	$1\ d = 86400\ s$

([1]) Táknið (*) á eftir einingarheiti eða tákni merkir að það komi ekki fyrir í skrám sem gefnar hafa verið út af CGPM, CIPM eða Alþjóðlegu mælifræðistofnuninni. Þetta gildir um allan þennan viðauka.
(a) Ekki er til neitt alþjóðlegt tákn.

Athugasemd: Forskeytin sem talin eru upp í 1.3 er einungis heimilt að nota með heitunum „nýgráða“ eða „gon“ og tákninu „gon“.

3. EININGAR SEM SKILGREINDAR ERU ÓHÁÐ GRUNNEININGUNUM SJÖ

Atómmassaeining: er einn tólfti hluti af massa einnar frumeindar af kjarnategundinni kolefni –12.
Rafeindavolt: er hreyfiorkan sem rafeindin tekur í sig þegar hún fer í lofttómi frá einum stað til annars sem hefur eins volts meiri rafspennu.

Stærð	**Heiti**	**Eining Tákn**	**Gildi**
Massi	atómmassaeining	u	1 u ≈ 1,660 565 5 x 10^{-27} kg
Orka	rafeindavolt	eV	1 eV ≈ 1,602 189 2 x 10^{-19} J

Gildi þessara eininga, samkvæmt alþjóðlega einingakerfinu, er ekki þekkt með fullri vissu.

Athugasemd: Forskeytin og tákn þeirra sem eru skráð í 1.3 er heimilt að nota með þessum tveimur einingum og táknum þeirra.

4. EININGAR OG HEITI EININGA SEM EINVÖRÐUNGU ERU HEIMIL Á TILTEKNUM SÉRSVIÐUM

Stærð	**Heiti**	**Eining Tákn**	**Gildi**
Ljósbrot sjóntækja	dioptre*		1 dioptre = 1 m^{-1}
Massi eðalsteina	karat		1 karat = 2x10^{-4} kg
Flatarmál bújarða og byggingarlóða	ari	a	1 a = 10^{2} m^{2}
Massi á lengdareiningu textilþráða og garns	tex•	tex*	tex* = 10^{-6} kg m^{-1}
Þrýstingur blóðs og annarra líkamsvökva	millimetri kvikasilfurs	mm Hg (*)	1 mm Hg=133,322Pa
Þversnið áhrifasvæðis	barn	b	1 b = 10^{-28} m^{2}

Athugasemd: Forskeytin og tákn þeirra sem eru talin upp í lið 1.3 er heimilt að nota með ofangreindum einingum og táknum en þó ekki með millimetra kvikasilfurs og tákni hans. Margfeldið 10^{2} a heitir þó „hektari“.

5. SAMSETTAR EININGAR

Samsettar einingar verða til með því að setja saman einingarnar sem eru taldar upp í viðauka I.

VIÐAUKI II.

MÆLIEININGAR SEM UM GETUR Í 3. GR. OG EINUNGIS ERU LÖGFORMLEGAR VIÐ TILTEKNA NOTKUN Í ÁKVEÐNUM AÐILDARRÍKJUM.

Einingarnar í þessum viðauka eru aðeins lögformlegar í aðildarríkjum þar sem þær voru notaðar 21. apríl 1973 þar til annað verður ákveðið. Á Íslandi má nota þessar einingar í viðbótarmerkingar í samræmi við 3. gr.

Notkunarsvið	**Eining**		
	Heiti	**Nálgunargildi**	**Tákn**
Vegaskilti, vegalengdar- og hraðamælingar	mile	1 mile=1 609m	mile
	yard	1 yard=0,9144m	yd
	foot	1 ft=0,3084m	in
	inch	1 in=2,54x10^{-2}m	in
Skömmtun á tunnubjór og eplasafa; mjólk í margnota umbúðum	pint	1 pt=0,5683x10^{-3} m^{3}	pt
Fasteignaskráning	acre	1 ac=4047m^{2}	ac
Viðskipti með eðalsteina	troy ounce	1 oz tr=31,10x10^{-3}kg	oz tr

Nota má einingarnar í þessum kafla hverja með annarri til að mynda samsettar einingar.

VIÐAUKI III.

MÆLIEININGAR SEM UM GETUR Í 3.GR. OG EINUNGIS ERU LÖGFORMLEGAR Í VISSUM AÐILDARRÍKJUM.

Einingarnar í þessum viðauka eru aðeins lögformlegar í aðildarríkjum þar sem þær voru notaðar 21. apríl 1973 þar til annað verður ákveðið. Á Íslandi má nota þessar einingar í viðbótarmerkingar í samræmi við grein 3.

STÆRÐIR, HEITI EININGA	TÁKN OG NÁMUNDUNARGILDI	
Lengd		
inch	1 in	= 2,54 x 10^{-2} m
foot	1 ft	= 0,3048 m
mile	1 mile	= 1609 m
yard	1 yard	= 0,9144 m
Flatarmál		
square foot	1 sq ft	= 0,929 x 10^{-1} m^2
acre	1 ac	= 4047 m^2
square yard	1 sq yd	= 0,8361 m^2
Rúmmál		
fluid ounce	1 fl oz	= 28,41 x 10^{-6} m^3
gill	1 gill	= 0,1421 x 10^{-3} m^3
pint	1 pt	= 0,5683 x 10^{-3} m^3
quart	1 qt	= 1,1137 x 10^{-3} m^3
gallon	1 gal	= 4,546 x 10^{-3} m^3
Massi		
ounce (avoirdupois)	1 oz	= 28,35 x 10^{-3} kg
troy ounce	1 oz tr	= 31,10 x 10^{-3} kg
pound	1 lb	= 0,4536 kg
Orka		
Therm	1 therm	= 105,506 x 10^{6} J

Nota má ofangreindar einingar hverja með annarri til að mynda samsettar einingar.

VIÐAUKI IV.

MÆLIEININGAR SEM UM GETUR Í 3. GR. OG EINUNGIS ERU LÖGFORMLEGAR Á TILTEKNUM SVIÐUM Í ÁKVEÐNUM AÐILDARRÍKJUM.

Einingarnar í þessum viðauka eru aðeins lögformlegar í aðildarríkjum þar sem þær voru notaðar 21. apríl 1973 þar til annað verður ákveðið. Á Íslandi má nota þessar einingar í viðbótarmerkingar í samræmi við grein 3.

Notkunarsvið	**Eining**		
	Heiti	**Nálgunargildi**	**Tákn**
Siglingar	fathom	1 fm = 1,829 m	fm
Bjór, eplasafi, vatn, límonaði og ávaxtasafi í margnota umbúðum	pint	1 pt = $0{,}5683 \times 10^{-3}$ m^3	pt
	fluid ounce	1 fl oz = $28{,}41 \times 10^{-6}$ m^3	fl.oz
Brenndir drykkir	gill	1 gill = $0{,}142 \times 10^{-3}$ m^3	gill
Vörur seldar í lausri vigt	ounce (avoirdupois)	1 oz = $28{,}35 \times 10^{-3}$ kg	oz
	pound	1 lb = 0,4536 kg	lb
Gassala	therm	1 therm = $105{,}506 \times 10^{6}$ J	therm

Nota má ofangreindar einingar hverja með annarri til að mynda samsettar einingar.

REGLUGERÐ

um mælitæki og aðferðir við mælifræðilegt eftirlit.

I. KAFLI
Gildissvið og skilgreiningar.

1. gr.
Markmið.

Markmið þessarar reglugerðar er að samræma lögmælifræðilegt eftirlit í aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins til að koma í veg fyrir óeðlilegar viðskiptahindranir. Kröfurnar um hönnun og nothæfi eiga að tryggja að mælitæki mæli ætíð af nægilegri nákvæmni miðað við fyrirhugaða notkun þeirra.

Í reglugerðinni er mælt fyrir um almenn ákvæði, einkum og sér í lagi um EBE-gerðarviðurkenningu og EBE-frumsannprófun, sem og aðferðir við eftirlit með mælitækjum. Í sérreglugerðum er vísa til þessarar reglugerðar er mælt fyrir um tæknilegar kröfur fyrir hina ýmsu flokka tækja og vara, hönnun þeirra, nothæfi og leyfileg hámarksfrávik og aðferðir við eftirlit og aðstæður sem þurfa að vera fyrir hendi.

2. gr.
Gildissvið.

Þessi reglugerð tekur til tækja en þar eru meðtalin mælitæki, íhlutar mælitækja, aukabúnaður og hvers konar mælibúnaðar. Hún tekur einnig til samhæfingar aðferða við mælingar og mælifræðilegt eftirlit og, eftir því sem við á, til þeirra ráðstafana sem gera þarf til að beita slíkum aðferðum.

Reglugerðin tekur einnig til fyrirmæla um forpakkaðar vörur, magnmerkinga, mæliaðferða og mælifræðilegs eftirlits er tengjast þeim.

Heimilt er, í sérreglugerðum, að setja nánari ákvæði, um hin mælifræðilegu ákvæði þessarar greinar.

3. gr.
Skilgreiningar.

Í reglugerð þessari hafa eftirfarandi orð merkingu sem hér greinir:

Aukabúnaður (ancillary equipment, auxiliary measuring device): Tæki sem er ekki sjálfstætt mælitæki en er notað:

- til að halda mælistærð eða áhrifsstærð á hentugu sviði
- til að varðveita eða birta mæliniðurstöður á mismunandi formi
- til að auðvelda mæliaðgerðir
- til að breyta næmni eða mælisviði mælitækis

Ábyrgðaraðili: Sá aðili sem ber ábyrgð á markaðssetningu tækis hér á landi. Ábyrgðaraðili getur verið framleiðandi eða fulltrúi hans. Hann getur sótt um gerðarviðurkenningu og annast samskipti við lögmælifræðileg yfirvöld.

Forpakkaðar vörur (prepackaged products): Vara telst forpökkuð þegar hún er sett í umbúðir án þess að kaupandinn sé viðstaddur og þegar magn vörunnar sem í umbúðunum er hefur fyrirfram ákvarðað gildi sem ekki er hægt að breyta án þess að opna umbúðirnar eða breyta þeim svo sjáanlegt sé. Sér reglugerðir gilda um leyfilegt magn í slíkum pakkningum og um aðferðir til að tryggja að magn sé rétt og innan tilgreindra vikmarka.

Frumsannprófun (initial verification): Aðferð, sem lýst er í þessari reglugerð, til að ganga úr skugga um að framleiðsla tækis sé í samræmi við viðurkennda frumgerð og standist

mælifræðilegar kröfur, m.a. um leyfilegt hámarksfrávik og merkingar. Frumsannprófun er venjulega forsenda markaðssetningar.
Gerðarviðurkenning (type/pattern- approval): Gerðarviðurkenning byggir á ítarlegri gerðarprófun, þar sem prófað hefur verið eftir skilgreindum kröfum. Gerðarviðurkenning er venjulega forsenda frumsannprófunar.
Heildarnothæfi (overall functioning): Það, hvernig tæki vinnur og er hannað, nær einnig yfir rétta notkun tækisins og hvaða ytri skilyrði þurfa að vera uppfyllt til að það vinni rétt, hvað það þolir o.fl.
Íhlutar (components of ...): Bútur eða smíðahlutur sem lítill eða stór hluti mælitækis, þó ekki sjálfstætt mælitæki.
Lögmælifræði (legal metrology): Mælifræði, sem tekur til mælieininga og mælitækja að því leyti er snertir lög og reglur og tryggir almennum borgurum réttar mælingar.
Mælieiginleikar (measurement characteristics): Sérkenni mælitækis, ýmsar kennistærðir eins og næmni, stöðugleiki, endurtakanleiki, nákvæmni, samkvæmni, viðbragðsflýtir, mælisvið o.fl.
Mæliferli (measurement procedures): Bæði innra mæliferli mælitækis þ.e. hvernig mælimerkið verður til í mæliskynjara (sensor), fer í gegnum merkjabreyti (transducer) til vísibúnaðar (indicating device) eða skráningarbúnaðar (recording device) svo og ytra mæliferli, þ.e. aðferð sem notandinn á að nota við mælingar með tækinu.
Mælifræðilegir eiginleikar (metrological characteristics): Sama og mælieiginleikar, en hér er sérstaklega átt við eiginleika, sem lögmælifræðin gerir kröfur um.
Mælifræðilegt eftirlit (metrological control): Eftirlit í umsjá stjórnvalds með mælingum, mælibúnaði og því hvernig niðurstöður eru fengnar, settar fram og notaðar. Sérstaklega er hér átt við gerðarprófun, gerðarviðurkenningu, frumsannprófun og loks eftirlit með mælitækjum í notkun. Eftirlit með mælitækjum í notkun felst í löggildingum og markaðseftirliti svo og sérstöku eftirliti með forpökkun vara.
Mælifræðistofa (metrological service): Stjórnvald eða þjónustuaðili á sviði lögmælifræði er hefur fengið umboð til að annast mælifræðilegt eftirlit sem krafist er í lögum hvers lands.
Tæki (instrument, measuring instrument): Hér stytting á mælitæki. Mælitæki er hlutur ætlaður til að gera mælingar með, einn sér eða ásamt aukabúnaði.
Tilnefndur aðili (notified body): Prófunar-, vottunar- eða skoðunarstofa, sem er óháður aðilum að því er varðar viðkomandi viðfangsefni og sem stjórnvöld tilnefna til að annast yfirumsjón með samræmismati samkvæmt tilskipunum EB og samkomulagi EFTA-ríkja um gagnkvæma viðurkenningu á niðurstöðum prófana og staðfestingum á samræmi.

II. KAFLI
Markaðssetning og merkingar.

4. gr.
Markaðssetning og notkun.

Óheimilt er að banna markaðssetningu eða notkun mælitækis eða forpakkaðrar vöru ef á tækinu eða vörunni eru merki eða tákn sem uppfylla, og sett eru á í samræmi við, ákvæði þessarar reglugerðar og sérreglugerða um viðkomandi mælitæki eða vöru. Sérreglugerðir kveða á um prófunarkvaðir mælitækja áður en heimilt er að setja þau á markað og taka í notkun. Ýmist er krafist gerðarprófunar, eða frumsannprófunar, eða hvorutveggja.

Ef stjórnvöld neita um veitingu eða framlengingu á gerðarviðurkenningu, slík viðurkenning afturkölluð, eða ef neitað er um frumsannprófun, markaðssetning eða notkun mælitækis bönnuð, skal sú ákvörðun ítarlega rökstudd, og eftir atvikum tilkynnt til eftirlitsstofnunar EFTA (ESA), með viðeigandi útskýringum. Neitun, afturköllun eða bann, eins og hér er rætt um, ber að tilkynna ábyrgðaraðila. Ábyrgðaraðila skal gerð grein fyrir þeim úrræðum

sem honum standa til boða til að reyna að rétta sinn hlut samkvæmt lögum, svo og um þau tímamörk sem um það gilda.

5. gr.

EBE-jafngildisreglan.

EBE-gerðarviðurkenning og EBE-frumsannprófun eru jafngildar hliðstæðum innlendum ákvæðum um heimild til markaðssetningar og notkunar mælitækja hér á landi.

6. gr.

Merking tækja.

Tæki skulu merkt eins og reglugerð þessi, og sérreglugerðir er ná til viðkomandi tækja, mæla fyrir um. Mikilvægar áletranir skulu vera á íslensku, eins og kveðið er á um í sérreglugerðum.

Óheimilt er að festa á tæki merki sem líkleg eru til að villa um fyrir þriðja aðila hvað varðar þýðingu og form þeirra merkja sem nota skal á tækinu samkvæmt reglugerð þessari og sérreglugerðum. Einnig er óheimilt að festa á tæki merki sem hindra að tilskilin merki sjáist vel eða séu vel læsileg.

Ef ekki er krafist gerðarviðurkenningar fyrir flokk mælitækja sem fullnægir kröfum sérreglugerðar hefur framleiðandi heimild til að festa sérstakt merki sem lýst er í lið 3.3 í viðauka I á tæki í þessum flokki á sína eigin ábyrgð.

Ef ekki er krafist frumsannprófunar fyrir flokk mælitækja sem fullnægir kröfum sérreglugerðar skal framleiðandi festa sérstakt merki sem lýst er í lið 3.4 í I. viðauka á tæki í þessum flokki á sína eigin ábyrgð.

7. gr.

Tilkynningar til eftirlitsstofnunar EFTA (ESA).

Löggildingarstofunni, sem fer með framkvæmd reglugerðar þessarar, ber að tilkynna ESA og fastanefnd EFTA um alla þá sem veitt er leyfi til að framkvæma prófanir sem tilgreindar eru í þessari reglugerð og sérreglugerðum, gefa út vottorð um gerðarviðurkenningu og festa merki um frumsannprófun.

III. KAFLI
Gerðarviðurkenning.

8. gr.

Tæki.

8.1 Með gerðarviðurkenningu er í reglugerð þessari átt við EBE-gerðarviðurkenningu. Gerðarviðurkenning er veitt af Löggildingarstofunni, og skal hún veita gerðarviðurkenningu hverju því tæki sem stenst þær kröfur sem gerðar eru í þessari reglugerð og í þeim sérreglugerðum sem eiga við um viðkomandi tæki. Gerðarviðurkenningu fylgir vottorð og merki sem ábyrgðaraðila er ýmist skylt eða heimilt að láta festa á hvert tæki sem er í samræmi við gerðarviðurkenninguna.

8.2. Ekki mega aðrir en ábyrgðaraðili, með staðfestu innan EES, leggja fram umsókn um gerðarviðurkenningu. Einungis má sækja um gerðarviðurkenningu í einu aðildarríki EES fyrir sama tækið.

Ábyrgðaraðili sem fengið hefur gerðarviðurkenningu skal skuldbundinn til að tilkynna Löggildingarstofunni um allar breytingar á, eða viðbætur við, gerð tækis. Löggildingarstofan sér um að tilkynna öðrum aðildarríkjum um slíkar breytingar og tekur við tilkynningum frá þeim.

Ef gerðarviðurkenndu tæki er breytt, eða bætt við það skal tækið gangast undir nýja gerðarprófun, ef breytingarnar eða viðbæturnar hafa eða gætu haft áhrif á niðurstöðu mælinga eða þau skilyrði sem mælt er fyrir um við notkun tækisins.

9. gr.

Aukabúnaður.

Þegar veitt er gerðarviðurkenning fyrir aukabúnað mælitækja skal tilgreina í viðurkenningunni:

1) gerð mælitækjanna sem tengja má aukabúnaðinn við eða sem hann getur orðið hluti af og;
2) almenn skilyrði fyrir heildarnothæfi mælitækjanna sem aukabúnaðurinn er fyrir.

10. gr.

Gildistími.

10.1 Gerðarviðurkenning gildir í tíu ár hverju sinni. Framlengja má gerðarviðurkenningar um önnur tíu ár. Fjöldi tækjanna sem framleiða má í samræmi við gerðarviðurkenninguna er ótakmarkaður.

Gerðarviðurkenningu sem veitt hefur verið á grundvelli ákvæða þessarar reglugerðar, eða sérreglugerðar, má ekki framlengja ef breytingar á téðum reglugerðum hafa þegar gengið í gildi og ekki hefði verið unnt að veita viðurkenningu á grundvelli nýju ákvæðanna.

Nú er gerðarviðurkenning ekki framlengd og skal þá viðurkenningin engu að síður gilda áfram fyrir tæki sem þegar eru í notkun.

10.2 Ef notuð er ný tækni, sem ekki er kveðið á um í sérreglugerðum, má veita takmarkaða gerðarviðurkenningu að höfðu samráði við önnur ríki EES. Slík gerðarviðurkenning getur verið háð eftirfarandi takmörkunum:

1) fjöldi tækja sem viðurkenningin getur náð yfir er takmarkaður;
2) kvöð er lögð á um að Löggildingarstofunni sé tilkynnt um hvar setja á tæki upp;
3) notkun á tæki er takmörkuð;
4) tækninni sem beitt er eru settar sérstakar skorður.

Ekki má veita viðurkenninguna nema:

5) sérreglugerð um viðkomandi flokk tækja hafi tekið gildi;
6) engin undanþága hafi verið veitt frá heimiluðum hámarksfrávikum sem tilgreind eru í sérreglugerðinni.

Slík viðurkenning skal ekki gilda lengur en í tvö ár. Hana má síðan framlengja um þrjú ár til viðbótar, hið mesta.

10.3. Ef takmörkuð gerðarviðurkenning sem um getur í 2. mgr. 10. gr. hefur verið veitt skal sækja um að viðaukum við þessa reglugerð og sérreglugerðum verði breytt í samræmi við tækniframfarir, samkvæmt málsmeðferðinni sem sett er fram í 3. mgr. 17. gr., um leið og það telur ljóst að ný tækni sé fullnægjandi.

11. gr.

Afturköllun gerðarviðurkenningar.

Löggildingarstofan getur dregið gerðarviðurkenninguna til baka ef:

1) tæki sem hana hafa hlotið samræmast ekki viðurkenndu gerðinni eða kröfum sem fram koma í ákvæðum viðkomandi sérreglugerðar;
2) mælifræðilegum kröfum sem tilgreindar eru í vottorði fyrir gerðarviðurkenningu, eða kröfum sem fram koma í 2. mgr. 10. gr., er ekki fullnægt.

3) sannað þykir að gerðarviðurkenning var veitt á óviðeigandi hátt.
4) í ljós koma gallar almenns eðlis við notkun á tækjum og þau eru af þeim ástæðum óhentug til tilætlaðra nota.

Ef tilkynning berst frá öðru aðildarríki um tilvik sem fellur undir liði 1) og 2) skal tilnefndur aðili gera viðeigandi ráðstafanir í samráði við hitt ríkið.

Þegar Löggildingarstofan dregur viðurkenningu til baka skv. lið 4) getur hún bannað að viðkomandi tæki séu sett á markað og notuð þar til annað er ákveðið. Slíka ákvörðun og rökstuðning hennar skal án tafar tilkynna ESA og fastanefnd EFTA. Sami háttur skal hafður á í tilvikum sem falla undir liði 1) - 3) að því er varðar tæki sem hafa verið undanþegin frumsannprófun, ef framleiðandi, þrátt fyrir viðvaranir, lagar ekki tækin að gerð sem viðurkenningu hefur hlotið eða að kröfum viðkomandi sérreglugerðar.

Komi í ljós gallar almenns eðlis á tækjum sem smíðuð eru í samræmi við gerð sem viðurkennd hefur verið og tækin af þeim ástæðum óhentug til tilætlaðra nota skal Löggildingarstofan draga viðurkenninguna til baka.

IV. KAFLI
Frumsannprófun.

12. gr.

Með frumsannprófun er í reglugerð þessari átt við EBE-frumsannprófun. Frumsannprófun er prófun á nýju tæki, eða tæki sem gert hefur verið upp, til að ganga úr skugga um að það sé í samræmi við viðurkennda gerð eða að það standist þær kröfur sem gerðar eru í þessari reglugerð og þeim sérreglugerðum sem fjalla um viðkomandi tæki. Frumsannprófunin er vottuð með frumsannprófunarmerki.

Frumsannprófun er veitt af Löggildingarstofunni og skal frumsannprófun gerð á hverju því tæki sem framleiðandi leggur fram og vottar, hafi það uppfyllt þá mælieiginleika sem krafist er í sérreglugerð fyrir þennan flokk tækja og standist tæknilegar kröfur um smíði og nothæfi sem þar er mælt fyrir um.

Heimildin til frjálsrar markaðssetningar tækis með frumsannprófunarmerki sbr. 4. gr. skal gilda út næsta ár eftir árið sem frumsannprófunarmerkið var sett á viðkomandi tæki, nema lengri frestur sé tilgreindur í sérreglugerð.

13. gr.

Þegar tæki er lagt fram til frumsannprófunar skal gengið úr skugga um:
1) hvort tækið tilheyri flokki sem er undanþeginn gerðarviðurkenningu og, ef svo er, hvort það standist tæknilegar kröfur um smíði og nothæfi sem fram koma í sérreglugerð sem varða tækið;
2) hvort tækið hefur hlotið gerðarviðurkenningu og ef svo er, hvort það sé í samræmi við þá gerð sem hlaut viðurkenninguna og við þær sérreglugerðir sem varða tækið og voru í gildi þegar viðurkenningin var veitt.

14. gr.

Skoðunin sem framkvæmd er við frumsannprófun skal, í samræmi við sérreglugerðirnar, einkum beinast að:
1) mælifræðilegum eiginleikum;
2) heimiluðum hámarksfrávikum;
3) smíði tækisins til að ganga úr skugga um að hún tryggi að mælifræðilegir eiginleikar þess versni ekki að verulegu leyti við eðlilega notkun;
4) hvort þær áletranir og skilti, sem eiga að vera á tækinu, séu fyrir hendi eða hvort gert hafi verið ráð fyrir sannprófunarmerki.

15. gr.

Þegar mælitæki hefur undirgengist og staðist frumsannprófun samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar og sérreglugerða skal merki um takmarkaða eða endanlega frumsannprófun sem lýst er í II. viðauka reglugerðarinnar fest á tækið á ábyrgð Löggildingarstofunnar, samkvæmt þeim reglum sem þar eru tilgreindar.

V. KAFLI
Eftirlit með tækjum í notkun.

16. gr.

Löggildingarkröfur.

Í sérreglugerðunum eru tilgreindar þær kröfur sem gerðar eru um eftirlit með tækjum sem eru í notkun og sem hafa tákn eða merki, sem fyrirmæli eru um í þessari reglugerð, einkum og sér í lagi kröfur um heimiluð hámarksfrávik við notkun. Þar sem ekki eru settar jafn strangar kröfur um tæki sem hafa ekki téð merki, í ákvæðum landslaga má nota þær kröfur sem viðmiðun við eftirlit.

Þau mælitæki, sem eru löggildingarskyld samkvæmt 5. gr. laga nr. 100/1992 um vog, mál og faggildingu skulu uppfylla kröfur viðeigandi sérreglugerðar sem sett er í samræmi við tilskipanir EES ef slík reglugerð er til. Þau skulu einnig uppfylla aðrar reglugerðir sem kunna að vera í gildi um kröfur til og eftirlit með löggildingarskyldum mælitækjum í notkun.

VI. KAFLI
Breytingar á reglugerðunum í samræmi við tækniframfarir.

17. gr.

Breytingar, sem nauðsynlegar kunna að reynast vegna tækniframfara, á viðaukum við þessa reglugerð og á viðaukum við sérreglugerðir sem um getur í 2. gr. skal gera samkvæmt þeirri málsmeðferð sem lýst er í 3. mgr.

Löggildingarstofan skal hafa samráð við mælifræðistofur eða stjórnvöld á sviði lögmælifræði í EFTA-löndum um breytingartillögur vegna tækniframfara.

Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti kemur breytingatillögum á framfæri við sameiginlegu EES-nefndina í samræmi við 98. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.

VII. KAFLI
Lokaákvæði.

23. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum um vog, mál og faggildingu nr. 100/1992 og með hliðsjón af ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sem vísað er til í 1. tölul. IX. kafla II. viðauka og tilskipun 71/316/EBE, ásamt síðari breytingum, um mælitæki og aðferðir við mælifræðilegt eftirlit, með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af II. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytið, 28. febrúar 1994.

F. h. r.

Þorkell Helgason.

Sveinn Þorgrímsson.

VIÐAUKI I.

GERÐARVIÐURKENNING (EBE-gerðarviðurkenning).

1. Umsókn um gerðarviðurkenningu.

1.1. Umsóknina og bréf sem henni tengjast skal rita á íslensku nema um annað sé samið. Öll fylgiskjöl með umsókninni séu rituð á íslensku nema um annað sé samið. Um leið og sótt er um skal umsækjandi senda afrit af umsókninni til fastanefndar EFTA-ríkjanna.

1.2. Í umsókninni skal eftirfarandi koma fram:
- nafn og heimilisfang framleiðanda eða fyrirtækis, fulltrúa eða umsækjanda,
- flokkurinn sem tækið tilheyrir,
- fyrirhuguð notkun,
- mælifræðilegir eiginleikar,
- söluheiti, ef um slíkt er að ræða, eða gerð.

1.3. Með umsókninni skulu fylgja öll gögn í tvíriti sem nauðsynleg eru til að unnt sé að meta tækið; einkum og sér í lagi:

1.3.1. Lýsing á:
- smíði tækisins og hvernig það vinnur,
- búnaði sem tryggir að tæki vinni á réttan hátt,
- stjórn- og fínstillibúnaði,
- fyrirhugaðri staðsetningu á:
- eftirlitsmerkjum
- innsiglum (þar sem við á).

1.3.2. Teikningar sem sýna almennt fyrirkomulag og, ef þörf krefur, mikilvægar teikningar af einstökum þáttum í smíð tækisins.

1.3.3. Skýringarteikning sem sýnir í stórum dráttum hvernig tækið á að vinna og, ef þörf krefur, ljósmynd.

1.4. Þar sem það á við skulu fylgja umsókninni gögn varðandi innlendar viðurkenningar sem þegar hafa verið veittar.

2. Skoðun vegna gerðarviðurkenningar.

2.1. Í skoðuninni skal felast:

2.1.1. Rannsókn á gögnum og skoðun á mælifræðilegum eiginleikum gerðarinnar á rannsóknarstofum lögmælifræðistofu, á viðurkenndum rannsóknarstofum eða þar sem tækið er framleitt, afhent eða sett upp.

2.1.2. Rannsókn á gögnum eingöngu ef mælifræðilegir eiginleikar gerðarinnar eru kunnir í smáatriðum.

2.2. Í skoðuninni skulu athugaðir allir notkunarmöguleikar tækisins við eðlilegar kringumstæður. Við þær aðstæður verður tækið að halda þeirri nákvæmni sem krafist er.

2.3. Í sérreglugerð má tilgreina eðli og umfang skoðunarinnar sem um getur í lið 2.1.

2.4. Lögmælifræðistofa getur farið fram á að umsækjandi láti í té mæligrunna, efni og hluti, svo og aðstoðarmenn ef þörf er á slíku til að viðurkenningarprófanir geti farið fram.

3. Vottorð og merki um gerðarviðurkenningu.

3.1. Á vottorðinu skulu koma fram niðurstöður gerðarskoðunarinnar og aðrar kröfur sem

ber að uppfylla. Með vottorðinu skulu fylgja lýsingar, teikningar og skýringarmyndir sem nauðsynlegar eru til að auðkenna gerðina og skýra hvernig tækið vinnur. Merkið sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðarinnar skal vera stílfært „e“ en í stafnum skal vera:

- í efri hluta, IS fyrir Ísland og síðustu tvær tölur ártalsins fyrir árið sem gerðarviðurkenning var veitt.
- í neðri hluta, táknun sem Löggildingarstofan ákveður (auðkennistala).

Dæmi um slíkt merki um gerðarviðurkenningu er að finna í lið 6.1.

3.2. Í takmarkaðri gerðarviðurkenningu skal stafurinn P koma á undan hinu stílfærða e í sömu hlutföllum. Dæmi um slíkt merki um takmarkaða gerðarviðurkenningu er að finna í lið 6.2.

3.3. Merkið sem um getur í 6. gr. reglugerðarinnar er spegilmynd af merkinu um gerðarviðurkenningu þannig að stílfærði stafurinn e er speglaður um lóðréttan ás og á merkinu eru engin önnur tákn nema annað sé áskilið í sérreglugerðum. Dæmi um slíkt merki er að finna í lið 6.3.

3.4. Merkið sem um getur í 11. gr. reglugerðarinnar er eins og merkið um gerðarviðurkenningu nema að í kring um það er sexhyrningur. Dæmi um slíkt merki er að finna í lið 6.4.

3.5. Merkin sem getið er um í undanfarandi liðum og framleiðandi skal festa á tækin samkvæmt ákvæðum reglugerðarinnar verða að vera læsileg og varanleg og skulu fest þar sem þau eru greinileg á hverju tæki, svo og á allan aukabúnað sem lagður er fram til sannprófunar. Ef tæknilegir vankantar eru á að festa merkin má gera undantekningu í sérreglugerð eða eftir að samkomulag hefur náðst milli lögmælifræðistofa aðildarríkjanna.

4. Sýnishorn tækis til geymslu.

Hinn tilnefndi aðili getur, ef þess er getið í sérreglugerð og stofan telur það nauðsynlegt, farið fram á að geyma sýnishorn af tækinu sem viðurkennt var til samanburðar. Í stað alls tækisins getur stofan geymt hluta þess, líkön af því eða teikningar og skal þetta koma fram á vottorðinu um gerðarviðurkenningu.

5. Yfirlýsing um viðurkenningu.

5.1. Um leið og þeim aðila sem í hlut á er tilkynnt um viðurkenningu skulu afrit send eftirlitsstofnun og fastanefnd EFTA; aðildarríkin geta einnig fengið afrit af skýrslum um mælifræðilegar prófanir, óski þau þess.


5.2. Afturköllun á gerðarviðurkenningu og annað er varðar umfang og gildi gerðarviðurkenningar skal einnig tilkynna með þeim hætti sem lýst er í lið 5.1.

5.3. Þegar hinn tilnefndi aðili neitar að veita gerðarviðurkenningu skal hún tilkynna það með þeim hætti sem lýst er í lið 5.1.

6. Merki um gerðarviðurkenningu.

6.1. Gerðarviðurkenningarmerki

Dæmi:




Gerðarviðurkenning sem veitt væri af Löggildingarstofunni 1994 (samanber fyrsta undirlið í 3.1).

Auðkennistala gerðarviðurkenningarinnar (samanber annan undirlið í 3.1).

6.2. Merki um takmarkaða gerðarviðurkenningu (samanber lið 3.2)

Dæmi:



Takmörkuð gerðarviðurkenning sem veitt væri af Löggildingarstofunni 1994.


Auðkennisala takmarkaðrar gerðarviðurkenningar.

6.3. Merki um undanþágu frá gerðarviðurkenningu (samanber lið 3.3) lítur þannig út:



6.4. Merki um gerðarviðurkenningu fyrir tæki sem ekki er krafist frumsannprófunar fyrir (samanber lið 3.4)

Dæmi:



Gerðarviðurkenning sem veitt væri af Löggildingarstofunni 1994.

Auðkennistala gerðarviðurkenningarinnar.

VIÐAUKI II.

FRUMSANNPRÓFUN (EBE-frumsannprófun).

1. Almennt

1.1. Frumsannprófun er ýmist framkvæmd í einum eða fleiri áföngum (venjulega tveimur).

1.2. Með fyrirvara um ákvæði sérreglugerða gildir:

1.2.1. Framkvæma skal frumsannprófun í einum áfanga á tæki sem er ein heild er það fer úr verksmiðju, þ.e. tæki sem fræðilega séð er hægt að flytja á þann stað þar sem það verður sett upp, án þess að taka þurfi það í sundur fyrst.

1.2.2. Framkvæma skal frumsannprófun í tveimur eða fleiri áföngum ef nothæfi tækis veltur á því á hvaða hátt það er sett upp eða notað.

1.2.3. Í fyrsta hluta sannprófunarinnar skal einkum og sér í lagi ganga úr skugga um að tækið samsvari þeirri gerð sem viðurkenningu hlaut eða, ef um er að ræða tæki sem undanþegið er gerðarviðurkenningu, að það standist kröfur sem gerðar eru í ákvæðum um slík tæki.

2. Hvar framkvæma á frumsannprófun.

2.1. Ef ekki er tilgreint í sérreglugerð, hvar sannprófun skal fara fram, skal Löggildingarstofan ákveða það ef tækið er prófað í einum áfanga.

2.2. Tæki sem prófa þarf í tveimur áföngum, eða fleiri, skal Löggildingarstofan sannprófa. Fari annar hluti sannprófunar fram erlendis sér Löggildingarstofan um þann hlutann sem fram fer á Íslandi.

2.2.1. Síðasti áfangi sannprófunar skal fara fram þar sem tækið er sett upp.

2.2.2. Aðrir áfangar sannprófunar skulu framkvæmdir eins og kveðið er á um í 2.1.

2.3. Löggildingarstofan getur krafist af umsækjanda einkum ef sannprófunin þarf að fara fram utan stofunnar:

- að hann láti í té mæligrunn, efni og hluti, svo og starfsmenn til aðstoðar við sannprófunina.
- að hann útvegi afrit af vottorði fyrir gerðarviðurkenningu.

3. Frumsannprófunarmerki.

3.1. Lýsing á frumsannprófunarmerkjum.

3.1.1. Með fyrirvara um ákvæði sérreglugerða skulu merki um frumsannprófun sem fest eru á tæki samkvæmt lið 3.3 vera eins og hér segir:

3.1.1.1. Í merki um endanlega frumsannprófun eru tvö tákn:

a) það fyrra er stafurinn „e“ en í honum er:

- í efra helmingi, IS fyrir Ísland ásamt og ef þörf er á, einni eða tveimur tölum sem sýni nánar á hvaða svæði sannprófunin fór fram;
- í neðri helmingi, auðkennistala Löggildingarstofunnar eða aðilans sem framkvæmdi sannprófunina;

b) seinna táknið er myndað af tveimur tölum sem sýna seinni tvær tölurnar í ártalinu fyrir árið sem sannprófunin fór fram, í sexhyrningi.

3.1.1.2. Í merki um takmarkaða frumsannprófun er einungis fyrra táknið. Það skal einnig notað sem innsigli.

3.2. Lögun og stærð merkjanna.

3.2.1. Meðfylgjandi teikningar sýna lögun, stærð og útlit stafa og talna sem eru í frumsannprófunarmerkjunum eins og kveðið er á um í lið 3.1; á tveimur fyrstu

teikningunum má sjá mismunandi hluta merkisins en á þeirri þriðju er dæmi um hvernig frumsannprófunarmerki getur litið út. Stærðirnar sem koma fram á teikningunum eru hlutfallsgildi; þær eru fall af þvermáli hrings sem myndar útlínur lítils „e“ og hrings sem myndar svið sexhyrningsins. Raunverulegt þvermál hringja merkjanna er 1,6 mm, 3,2 mm, 6,3 mm og 12,5 mm.

3.2.2. Löggildingarstofan skiptist á frumteikningum af frumsannprófunarmerkjunum við mælifræðistofur í aðildarríkjunum en teikningarnar skulu vera í samræmi við teikningarnar sem hér fylgja.


3.3. Festing merkjanna.

3.3.1. Endanlegt sannprófunarmerki skal festa á fyrirhugaðan stað á tækinu eftir að sannprófun er algerlega lokið og viðurkennt er að tækið standist kröfur EBE.


3.3.2. Takmarkað frumsannprófunarmerki skal festa á:


3.3.2.1. Tækið eða hluta þess sem uppfyllir öll notkunarskilyrðin, að undanskildum kröfum um uppsetningu ef um er að ræða sannprófun í mörgum áföngum, á sama stað og dagsetningarstimpill er eða á hvern þann stað sem kveðið er á um í sérreglugerð.


3.3.2.2. Ætíð sem innsigli, á þeim stöðum sem kveðið er á um í sérreglugerðum.


D12
48


67




0·425
0·05
0·776
1·42
1·83
0·05


0·173
0·113
0·473
0·045
0·065
0·365
0·365
0·22
0·058
0·113
0·121
0·058
0·1
0·155
0·147
0·365
0·113
0·065
0·065
0·065
0·316
0·365
0·365
0·116
0·224
0·316
0·065
0·065
0·065
0·065
0·065

REGLUGERÐ

um gildistöku tiltekinna tilskipana Evrópubandalagsins um mælitæki.

1. gr.

Ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sem vísað er til í töluliðum 3., 5., 7., 13., 14., 16., 17., 18., 20., 22. og 26. tölul. í IX. kafla II. viðauka, skulu öðlast gildi með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af II. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans, sbr. lög um Evrópska efnahagssvæðið nr. 2/1993, með áorðnum breytingum.

2. gr.

Eftirtaldar EB-gerðir öðlast því gildi hér á landi, sbr. 1. gr.:

a. tilskipun ráðsins 71/318/EBE frá 26. júlí 1971 um samræmingu laga aðildaríkjanna varðandi gasrúmmálsmæla;
b. tilskipun ráðsins 71/347/EBE frá 12. október 1971 um samræmingu laga aðildarríkjanna um að ákvarða hektólítraþyngd kornvöru;
c. tilskipun ráðsins 71/349/EBE frá 12. október 1971 um samræmingu laga aðildarríkjanna um kvörðun á tönkum skipa;
d. tilskipun ráðsins 75/107/EBE frá 19. desember 1974 um samræmingu laga aðildaríkjanna varðandi flöskur (ílát) sem notaðar eru sem mælikeröld;
e. tilskipun ráðsins 75/410/EBE frá 24. júlí 1975 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi samfelldan samlagningarvogarbúnað;
f. tilskipun ráðsins 76/764/EBE frá 27. júlí 1976 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi kröfur til kvikasilfurs glerhitamæla með „maxima“ álestri;
g. tilskipun ráðsins 76/765/EBE frá 27. júlí 1976 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi alkóhólmæla og alkóhól-flotmæla;
h. tilskipun ráðsins 76/766/EBE frá 27. júlí 1976 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi alkóhól-töflur;
i. tilskipun ráðsins 77/95/EBE frá 21. desember 1976 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi gjaldmæla leigubíla;
j. tilskipun ráðsins 78/1031/EBE frá 5. desember 1978 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi sjálfvirkar gátvigtunar- og þyngdarflokkunarvélar;
k. tilskipun ráðsins 86/217/EBE frá 26. maí 1986 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi mælitæki til mælinga á loftþrýstingi í hjólbörðum vélknúinna ökutækja.

3. gr.

EB-gerðir, sem vísað er til í 1. og 2. gr., eru birtar í sérriti, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 31/1993.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 100/1992 um vog, mál og faggildingu, öðlast þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytið, 28. febrúar 1994.

F. h. r.
Þorkell Helgason.

Sveinn Þorgrímsson.

REGLUGERÐ

um tilgreint rúmmál tiltekins forpakkaðs vökva.

1. gr.
Gildissvið.

Í samræmi við reglugerð um mælitæki og aðferðir við mælifræðilegt eftirlit er nauðsynlegt að samhæfa kröfur um markaðssetningu tiltekins forpakkaðs vökva.

Til að neytendur fái réttar upplýsingar um málrúmmál vökva er nauðsynlegt að tilgreina heimiluð neikvæð frávik fyrir innihald tilbúinna pakkninga svo og að skilgreina viðmiðunaraðferð fyrir slíkt eftirlit þannig að til sé einföld aðferð til að ganga úr skugga um að tilbúnar pakkningar séu í samræmi við viðkomandi ákvæði.

Reglugerðin nær til tilbúinna pakkninga utan um vökva sem taldir eru upp í viðauka III og eru mældir eftir rúmmáli til sölu í tilteknu magni frá 5 ml til og með 10 l.

2. gr.
Skilgreiningar.

Í reglugerð þessari hafa eftirfarandi orð merkingu sem hér segir:

Ábyrgðaraðili: Sá aðili sem ber ábyrgð á markaðssetningu vöru hér á landi. Ábyrgðaraðili getur verið framleiðandi eða innflytjandi. Á ábyrgðaraðila hvíla ákveðnar skyldur umfram aðra seljendur.

Forpökkuð vara: Vara sem er sett í umbúðir án þess að kaupandinn sé viðstaddur og þegar magn vörunnar sem í umbúðunum er hefur fyrirfram ákvarðað gildi sem ekki er hægt að breyta án þess að opna umbúðirnar eða breyta þeim svo sjáanlegt sé.

Lota: Allar tilbúnar pakkningar sem skoða á af sömu gerð og úr sömu framleiðslueiningu.

Neikvætt frávik: Munur á magni er nemur því sem raunverulegt innihald er minna en málmagn.

Málrúmmál innihalds: Magn (rúmmál) þess vökva sem tilbúin pakkning telst innihalda og sýnt er á henni.

Mælifræðilegt eftirlit: Eftirlit í umsjá stjórnvalds með mælingum, mælibúnaði og því hvernig niðurstöður eru fengnar, settar fram og notaðar. Sérstaklega er hér átt við gerðarprófun, gerðarviðurkenningu, frumsannprófun og loks eftirlit með mælitækjum í notkun. Eftirlit með mælitækjum í notkun felst í löggildingum og markaðseftirliti svo og sérstöku eftirliti með forpökkun vara.

Raunverulegt innihald: Það magn (þyngd eða rúmmál) sem í raun er að finna í viðkomandi pakkningu, mælt við skilgreindar aðstæður, eins og við á.

Tilbúin pakkning: Vara ásamt umbúðunum sem hún er forpökkuð í.

3. gr.
Markaðssetning.

Óheimilt er að hindra, banna eða takmarka markaðssetningu á tilbúnum pakkningum sem standast kröfur og prófanir sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð af ástæðum er varða rúmmál innihalds, ákvörðun slíks rúmmáls eða vegna þess hvernig eftirliti með því er háttað.

Heimilt er að merkja tilbúnar pakkningar með sérstöku „e"-merki, 3 mm hátt hið minnsta, sem sést í sömu sjónhendingu og áletrun eða merking um nafrúmmál innihalds, uppfylli pakkningarnar ákvæði viðauka I. Bókstafurinn skal vera með því sniði sem sýnt er í reglugerð um mælitæki og aðferðir við mælifræðilegt eftirlit. Allar tilbúnar pakkningar skulu háðar mælifræðilegu eftirliti, eins og nánar er kveðið á um í viðaukum I og II.

4. gr.

Merkingar.

Á öllum tilbúnum pakkningum sem um getur í 3. gr. skal, í samræmi við I. viðauka, tilgreina málmagn vökvans og skulu pakkningarnar innihaldi það magn.

Einungis málrúmmál innihalds sem gefið er upp í viðauka III er leyfilegt fyrir þessar tilteknu pakkningar.

5. gr

Breytingar samfara tækniframförum,

Nauðsynlegar breytingar á ákvæðum í I. og II. viðauka við þessa reglugerð vegna tæknilegra framfara skulu gerðar í samræmi við þá tilhögun sem mælt er fyrir um í 17. gr. reglugerðar um mælitæki og aðferðir við mælifræðilegt eftirlit.

8. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum um vog, mál og faggildingu nr. 100/1992 og með hliðsjón af ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sem vísað er til í 12. tölulið, IX. kafla, II. viðauka, tilskipun 75/106/EBE, frá 19. desember 1974, ásamt síðari breytingum, um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi tilgreint rúmmál tiltekins forpakkaðs vökva, með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af viðauka II, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytið, 28. febrúar 1994.

F. h. r.

Þorkell Helgason.

Sveinn Þorgrímsson.

VIÐAUKI I.

1. MARKMIÐ

Tilbúnar pakkningar, sem þessi reglugerð nær til, skulu þannig gerðar að þegar þær eru frágengnar uppfylli þær eftirfarandi kröfur:
1.1 Raunverulegt innihald skal að meðaltali ekki vera minna en málmagn.
1.2 Hlutfall tilbúinna pakkninga sem hafa neikvæð frávik sem eru meiri en heimiluð neikvæð frávik sem mælt er fyrir um í lið 2.4 skal vera nægilega lítið til að lotur tilbúinna pakkninga standist kröfur prófananna sem tilgreindar eru í II. viðauka.
1.3 Óheimilt er að merkja með EBE-tákninu sem kveðið er á um í lið 3.3 tilbúna pakkningu með meira neikvætt frávik en tvöfalt heimilað neikvætt frávik sem gefið er í töflunni í lið 2.4.

2. SKILGREININGAR OG GRUNDVALLARÁKVÆÐI

2.1 Málrúmmál innihalds tilbúinnar pakkningar er rúmmál sem sýnt er á tilbúnu pakkningunni, þ.e. rúmmál þess vökva sem tilbúna pakkningin telst innihalda.

2.2. Raunverulegt rúmmál innihalds tilbúinnar pakkningar er það vökvarúmmál sem í raun er í pakkningunni. Við allt eftirlit skal gildið sem notað er fyrir raunverulegt rúmmál innihalds mælt, eða leiðrétt, við 20° C hita.

2.3. Neikvætt frávik er munur á magni sem nemur því sem raunverulegt rúmmál innihalds er minna en nafnrúmmál.

2.4. Heimilað neikvætt frávik er sett í samræmi við eftirfarandi töflu:

Málrúmmál Q_n í ml			Heimilað neikvætt frávik	
			í % af Q_n	í ml
frá	5 til	50	9	--
frá	50 til	100	--	4,5
frá	100 til	200	4,5	--
frá	200 til	300	--	9
frá	300 til	500	3	--
frá	500 til	1000	--	15
frá	1 000 til	10 000	1,5	--

3. ÁLETRANIR OG MERKINGAR

Á umbúðum allra tilbúinna pakkninga sem gerðar eru í samræmi við þessa reglugerð skulu vera eftirfarandi merkingar þannig festar að þær séu óafmáanlegar, greinilegar og læsilegar á pakkningunni við eðlilegar aðstæður:

3.1. Nafnmagn (nafnþyngd eða nafnrúmmál) í kílógrömmum, grömmum, lítrum, centilítrum

eða millilítrum og merkt í tölustöfum sem eru 6 mm háir hið minnsta ef nafnmagn innihalds er meira en 1 000 g eða 100 cl, 4 mm háir ef það er frá og með 1 000 g eða 100 cl niður að 200 g eða 20 cl, 3 mm háir ef það er frá 200 g eða 20 cl niður að 50 g eða 5 cl, 2 mm háir ef það er ekki meira en 50 g eða 5 cl, en á eftir tölustöfunum komi tákn fyrir mælieininguna sem notuð er eða, eftir því sem við á, heiti einingarinnar í samræmi við reglugerð mælieiningar;

Meðan heimilt er að nota breskar mælieiningar sem um getur í 3. gr. í reglugerð um mælieiningar, er heimilt að nafnrúmmál innihalds sem sýnt er í einingum alþjóðlega metrakerfisins (SI), í samræmi við málsgreinina hér að framan, sé einnig sýnt með samsvarandi gildi í breskum mælieiningum reiknuðu á grunni eftirfarandi breytistuðla:

einn millilítri = 0,0352 „fluid ounce“

einn lítri = 1,760 „pints“ eða 0,220 „gallon“

Merkingar í breskum mælieiningum (UK) skulu vera í bókstöfum og tölustöfum sem eru ekki stærri en samsvarandi tölur í alþjóðlega einingakerfinu (SI).

3.2. Merki eða áletrun sem gerir viðkomandi stjórnvöldum kleift að bera kennsl á pökkunaraðilann, einstaklinginn sem sá um pökkunina eða innflytjanda með staðfestu innan bandalagsins;

3.3. Lítið „e“ 3 mm hátt hið minnsta, sem sést í sömu sjónhendingu og áletrun eða merking um málrúmmál innihalds og ber vott um að tilbúna pakkningin standist kröfur þessarar reglugerðar.

Bókstafurinn skal vera með því sniði sem sýnt er á teikningu í 3. lið II. viðauka við reglugerð um mælitæki og aðferðir við mælifræðilegt eftirlit.

Í téðri reglugerð gildir 12. gr. að breyttu breytanda.

Ef tilbúna pakkningin er mælikerald sem er í samræmi við viðkomandi reglugerð og ef áletrun eða merking nafnrúmtaks er sjáanleg samkvæmt skilyrðum um útlit og frágang á tilbúnum pakkningum er ekki nauðsynlegt, að því er lýtur þessari reglugerð, að sýna nafnrúmmál innihalds eins og krafist er í lið 3.1 hér á undan.

4. ÁBYRGÐ PÖKKUNARAÐILA EÐA INNFLYTJANDA

Pökkunaraðili eða innflytjandi skal sjá til þess að tilbúnar pakkningar standist kröfur þessarar reglugerðar.

Þyngd eða rúmmál magns í tilbúinni pakkningu (eða pakkningarmagns) sem nefnt er „raunverulegt innihald“ skal mælt eða athugað á ábyrgð pökkunaraðila eða innflytjanda. Mælingin eða athugunin skal gerð með löggildu mælitæki sem hentar til þeirra aðgerða sem með þarf.

Athugunina má framkvæma með því að taka úrtak.

Nú er raunverulegt innihald ekki mælt og skal þá athugun pökkunaraðila þannig skipulögð að gengið sé úr skugga um magn innihaldsins.

Þessu skilyrði er fullnægt ef pökkunaraðili framkvæmir framleiðsluathuganir sem eru í samræmi við tilhögun sem þar til bær stofnun í aðildarríkinu viðurkennir og ef hann veitir téðum yfirvöldum aðgang að niðurstöðum slíkra athugana til að þau geti gengið úr skugga um að athuganirnar, ásamt leiðréttingum og stillingum sem reynst hafa nauðsynlegar, hafi verið gerðar á nákvæman og réttan hátt.

Ef vörur eru fluttar inn frá löndum utan bandalagsins er innflytjanda heimilt, í stað þess að setja þær í mælingar og eftirlit, að sanna að hann hafi allar nauðsynlegar tryggingar sem gera honum kleift að takast á hendur ábyrgð.

Ef um er að ræða vörur þar sem magn er sýnt í einingum rúmmáls er ein af aðferðunum við að uppfylla mæli- og eftirlitskröfur að nota mælikerald, þegar tilbúin pakkning er útbúin,

af þeirri gerð sem skilgreind er í viðkomandi reglugerð og fyllt er á við þau skilyrði sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð og reglugerð um mælikeröld.

VIÐAUKI II.

Í þessum viðauka er mælt fyrir um tilhögun viðmiðunaraðferðar fyrir tölfræðilegt eftirlit á lotum af tilbúnum pakkningum til að uppfylla kröfur 3. gr. reglugerðarinnar og 5. liðar í I. viðauka við hana.

Eftirlitið er byggt á ISO-staðli 2859 um aðferðir við eigindaprófun með 2,5% samþykktu gæðastigi. Úrtaksstig svarar til II. stigs í staðlinum þegar um er að ræða prófanir án eyðileggingar en til stigsins S 3 ef um er að ræða eyðileggingarprófanir.

1. KRÖFUR UM MÆLINGU Á RAUNVERULEGU INNIHALDI TILBÚINNA PAKKNINGA

Hægt er að mæla raunverulegt innihald tilbúinna pakkninga beint með vogum eða rúmmálsmælum eða, ef um er að ræða vökva, óbeint með því að vigta og finna út eðlismassann.

Frávik við mælingu á raunverulegu innihaldi tilbúinnar pakkningar skal ekki vera meira en fimmti hluti heimilaðs neikvæðs fráviks fyrir málmagn tilbúnu pakkningarinnar, óháð því hvaða aðferð er beitt við mælinguna.

Leyfilegt er að farið sé eftir innlendum reglum hvers aðildarríkis um tilhögun við mælingu á raunverulegu innihaldi tilbúinnar pakkningar.

2. KRÖFUR UM EFTIRLIT MEÐ LOTUM TILBÚINNA PAKKNINGA

Eftirlit með tilbúnum pakkningum skal fara fram með því að taka úrtak og í tveimur þáttum:

– skoðun á raunverulegu innihaldi hverrar tilbúinnar pakkningar í úrtakinu.

– önnur skoðun sem nær til meðaltals raunverulegs innihalds tilbúinna pakkninga í úrtakinu.

Lota tilbúinna pakkninga telst samþykkt ef niðurstöður beggja skoðananna fullnægja samþykktarviðmiðunum.

Fyrir hvora skoðunina eru tvær úrtaksáætlanir:

– hin fyrri felst í prófun án eyðileggingar, þ.e. prófun sem felur ekki í sér að pakkningin er opnuð,

– hin síðari felst í eyðileggingarprófun, þ.e. prófun sem felur í sér að pakkningin er opnuð eða eyðilögð.

Af fjárhags- og hagkvæmnisástæðum skal síðari prófunin algerlega einskorðuð við nauðsynlegt lágmark, hún er óskilvirkari en sú fyrri.

Eyðileggingarprófun skal því einungis notuð ef ekki er hægt að koma við prófun án eyðileggingar. Viðmiðunarreglan skal vera sú að beita henni ekki á lotu sem er minni en 100 einingar.

2.1. Lotur tilbúinna pakkninga.

2.1.1. Lota er allar tilbúnar pakkningar sem skoða á af sömu gerð og úr sömu framleiðslueiningu.

2.1.2. Ef tilbúnar pakkningar eru skoðaðar við endann á pökkunarfæribandinu skal pakkningafjöldi í hverri lotu vera jafn hámarksafköstum færibandsins á klukkustund.

Í öðrum tilvikum skal lotustærð ekki vera meiri en 10 000.

2.1.3. Ef færri en 100 pakkningar eru í lotu skal prófun án eyðileggingar, ef hún er framkvæmd, ná til allra pakkninganna.

2.1.4. Áður en próf sem um getur í liðum 2.2 og 2.3 eru framkvæmd skal nægilegur fjöldi tilbúinna pakkninga tekinn af handahófi úr lotunni þannig að unnt sé að framkvæma prófunina sem þarf stærra úrtak fyrir.

Úrtak sem er nægilega stórt skal valið af handahófi fyrir hina prófunina úr fyrsta úrtaki og merkt.

Merkingunum skal lokið áður en mælingar hefjast.

2.2. Eftirlit með samþykktu lágmarksinnihaldi tilbúinnar pakkningar.

2.2.1. Samþykkt lágmarksinnihald skal reiknað með því að draga heimilað neikvætt frávik viðkomandi innihalds frá málmagni tilbúnu pakkningarinnar.

2.2.2. Tilbúnar pakkningar í lotunni sem hafa raunverulegt innihald undir samþykktu lágmarksinnihaldi skulu teljast gallaðar.

2.2.3. Við eftirlit með úrtaki skal að vali hvers aðildarríkis notuð önnur af tveimur eftirfarandi úrtaksáætlunum (einföld eða tvöföld).

2.2.3.1. Einföld úrtaksáætlun

Fjöldi tilbúinna pakkninga sem skoða á skal vera jafn fjöldanum í úrtakinu eins og fram kemur í áætluninni:

– ef fjöldi gallaðra eininga sem finnast í úrtakinu er minni en eða jafn og samþykktarviðmiðun telst lota tilbúinna pakkninga samþykkt að því er þessa prófun varðar,

– ef fjöldi gallaðra eininga sem finnast í úrtakinu er jafn og eða meiri en höfnunarviðmiðun skal hafna viðkomandi lotu tilbúinna pakkninga.

2.2.3.1.1. Áætlun um prófun án eyðileggingar

Fjöldi í lotu	Fjöldi í úrtaki	Fjöldi gallaðra eininga	
		Samþykktar-viðmiðun	Höfnunar-viðmiðun
100 til 150	20	1	2
151 til 280	32	2	3
218 til 500	50	3	4
501 til 1.200	80	5	6
1.201 til 3.200	125	7	8
3.201 og yfir	200	10	11

2.2.3.1.2. Áætlun fyrir eyðileggingarprófun

Fjöldi í lotu	Fjöldi í úrtaki	Fjöldi gallaðra eininga	
		Samþykktar-viðmiðun	Höfnunar-viðmiðun
Hver sem fjöldinn er (≥ 100)	20	1	2

2.2.3.2. Tvöföld úrtaksáætlun.

Fjöldi fyrstu tilbúnu pakkninganna sem skoða á skal vera jafn fjöldanum í fyrra úrtakinu eins og fram kemur í áætluninni:

– ef fjöldi gallaðra eininga sem finnast í fyrra úrtakinu er minni en eða jafn og fyrri samþykktarviðmiðun telst lota tilbúinna pakkninga samþykkt að því er þessa prófun varðar,

– ef fjöldi gallaðra eininga sem finnast í fyrra úrtakinu er jafn og eða meiri en fyrri höfnunarviðmiðun skal viðkomandi lotu hafnað,

– ef fjöldi gallaðra eininga sem finnast í fyrra úrtakinu liggur á milli fyrri samþykktarviðmiðunar og fyrri höfnunarviðmiðunar skal skoða seinna úrtakið, en fjöldi eininga í því kemur fram í áætluninni.

Fjöldi gallaðra eininga í fyrra og síðara úrtaki skal lagður saman:

– ef samanlagður fjöldi gallaðra eininga er minni en eða jafn og síðari samþykktarviðmiðun telst lotan samþykkt að því er þessa prófun varðar,

– ef samanlagður fjöldi gallaðra eininga er meiri en eða jafn og síðari höfnunarviðmiðun er lotunni hafnað.

2.2.3.2.1. Áætlun um prófun án eyðileggingar

Fjöldi í lotu	Úrtök			Fjöldi gallaðra eininga	
	Röð	Fjöldi	Samanlagður fjöldi	Samþykktarviðmiðun	Höfnunarviðmiðun
100 til 150	1	13	13	0	2
	2	13	26	1	2
151 til 280	1	20	20	0	3
	2	20	40	3	4
281 til 500	1	32	32	1	4
	2	32	64	4	5
501 til 1 200	1	50	50	2	5
	2	50	100	6	7
201 til 3 200	1	80	80	3	7
	2	80	160	8	9
3 201 og yfir	1	125	125	5	9
	2	125	250	12	13

2.2.3.2.2. Áætlun um eyðileggingarprófun

Fjöldi í lotu	Úrtök			Fjöldi gallaðra eininga	
	Röð	Fjöldi	Samanlagður fjöldi	Samþykktarviðmiðun	Höfnunarviðmiðun
Hver sem fjöldinn er (≥ 100)	1	13	13	0	2
	2	13	26	1	2

2.3. Eftirlit með meðaltali raunverulegs innihalds hverrar tilbúinnar pakkningar sem er hluti af lotu.

2.3.1. Samþykkja má lotu af tilbúnum pakkningum að því er þetta eftirlit varðar

ef meðaltal er $\overline{x} = \frac{\sum x_i}{n}$ af raunverulegu innihaldi x_i af n tilbúnum pakkningum í úrtaki sem er stærra en gildið:

$$Q_n - \frac{s}{\sqrt{n}} \cdot t_{(1-a)}$$

Í þessari jöfnu er:

Q_n	=	málmagn tilbúnu pakkningarinnar,
n	=	fjöldi tilbúinna pakkninga í úrtakinu fyrir þetta eftirlit,
s	=	áætlað staðalfrávik frá raunverulegu innihaldi lotunnar,
$t_{(1 - a)}$	=	0,995 öryggisstig í t-dreifingu með frítölunni v = n -1.

2.3.2. Ef x_i er mælt gildi raunverulegs innihalds einingar númer i í úrtakinu:

2.3.2.1. er meðaltal mældra gilda fyrir úrtakið fundið með eftirfarandi útreikningi:

$$\overline{x} = \frac{\sum_{i=1}^{i=n} x_i}{n}$$

2.3.2.2. og áætlað gildi staðalfráviks s fundið með:

– summu ferningstölu eftirfarandi mældra gilda:

$$\sum_{i=1}^{i=n} (x_i)^2$$

– ferningstölu summu mældra gilda:

$$\left(\sum_{i=1}^{i=n} x_i \right)^2$$

og síðan

$$\frac{1}{n} \left(\sum_{i=1}^{i=n} x_i \right)^2$$

– leiðréttri summu:

$$SC = \sum_{i=1}^{i=n} (x_i)^2 - \frac{1}{n} \left(\sum_{i=1}^{i=n} x_i \right)^2$$

– áætlaðri dreifni

$$v = \frac{SC}{n-1}$$

Áætlað gildi staðalfráviks er

$$s = \sqrt{v}$$

2.3.3. Viðmiðanir fyrir samþykki eða höfnun lotna af tilbúnum pakkningum í þessari prófun:

2.3.3.1. Viðmiðanir fyrir prófun án eyðileggingar

Fjöldi í lotu	Fjöldi í úrtaki	Viðmiðanir	
		Samþykkt	Höfnun
100 til og með 500	30	$\bar{x} \geq Q_n - 0{,}503\ s$	$\bar{x} < Q_n - 0{,}503\ s$
> 500	30	$\bar{x} \geq Q_n - 0{,}379\ s$	$\bar{x} < Q_n - 0{,}379\ s$

2.3.3.2. Viðmiðanir fyrir eyðileggingarprófun

Fjöldi í lotu	Fjöldi í úrtaki	Viðmiðanir	
		Samþykkt	Höfnun
Hver sem fjöldinn er (≥ 100)	20	$\bar{x} \geq Q_n - 0{,}640\ s$	$\bar{x} < Q_n - 0{,}640\ s$

VIÐAUKI III

MÁLMAGN VÖKVA

Vökvar	Málrúmmál innihalds í lítrum I Fullt samþykki
1. a) Vín úr nýjum þrúgum; nýtt þrúguþykkni sem gerjun hefur verið stöðvuð í með íblöndum alkóhóls að meðtöldu víni löguðu úr ógerjuðum þrúgusafa blönduðum alkóhóli, að undanskildu víni sem er skráð í sameiginlegu tollskránni undir númerum 22.05 A og B / ST-númer 2204 10, 2204 21 og 2204 29 og líkkjörum (SAM-númer úr 22.05 C / ST-númer úr 2204); þrúguþykkni í gerjun eða sem gerjun hefur verið stöðvuð í með öðrum hætti en með íblöndun alkóhóls (SAM-númer 22.04 / ST-númer 2204 30)	0,10 - 0,187* - 0,25 - 0,375 - 0,50 - 0,75 - 1 - 1,5 - 2 - 4 - 5 - 6 - 8 - 9 - 10
b) „Gul“ vín þar sem leyfilegt er að nota eftirfarandi upprunamerkingu: „Côtes du Jura“, „Arbois“ „L'Etolie“ og „Chateau-Chalon“	0,62
c) Aðrar ófreyðandi, gerjaðar drykkjarvörur, t.d. eplavín, peruvín og mjöður (SAM-númer 22.07 BII / ST-númer 2206 00)	0,10 - 0,25 - 0,375 - 0,50 - 0,75 - 1 - 1,5 - 2 - 5
d) Vermút og annað vín úr nýjum þrúgum bragðbætt með ilmefnum (SAM-númer 22.06 / ST-númer 2205), líkkjörar (SAM-númer 22.05 C / ST-númer 2204)	0,05 upp að 0,10 - 0,10 - 0,2 - 0,375 - 0,50 - 0,75 - 1 - 1,5 - 3 - 5
2. a) Freyðivín (SAM-númer 22.05 A / ST-númer 2204 10)	0,125 - 0,20 - 0,375 - 0,75 - 1,5 - 3 - 4,5 - 6 - 9
Önnur vín en þau sem tilgreind eru við ST-númer 2204 10 í flöskum með „sveppalaga“ töppum sem strengdir eru fastir og vín með að minnsta kosti eins til þriggja bara yfirþrýsting sem er mældur við 20° C (SAM-númer 22.05 B/ST-númer úr 2204 21 og úr 2204 29)	
b) Aðrar, gerjaðar, freyðandi drykkjarvörur, t.d. eplavín, peruvín og mjöður (SAM-númer 22.07 B 1 / ST-númer 2206 00)	0,10 - 0,20 - 0,375 - 0,75 - 1 - 1,5 - 3

* Gildi sem einungis eiga við um neyslu um borð í loftförum, skipum og járnbrautarlestum og sölu í fríhöfnum.

3. Öll gert úr malti (SAM-númer 2203 /ST-númer 2203 00), að undanskildu sýrðu öli:	0,25 - 0,33 - 0,50 - 0,75 - 1 - 2 - 3 - 4 - 5
- sýrt öl, „gueuze“	0,25 - 0,375 - 0,75
4. Áfengir vökvar (aðrir en þeir sem heyra undir SAM-númerið 22.08 / ST-númer 2207); líkjörar og aðrar áfengar drykkjarvörur; áfengisblöndur (svokallaðar samþjappað kirni) sem notað er til framleiðslu á drykkjarvörum (SAM-númer 22.09 / ST-númer 2208)	0,02 - 0,03 - 0,04 - 0,05 - 0,10[1] - 0,20 - 0,35 - 0,50 - 0,70 - 1 - 1,125[2] - 1,5 - 2 - 2,5 - 3 - 4,5 - 5[2] - 10[2]
5. Edik og edikslíki (SAM-númer 22.10 / ST-númer 2209 00)	0,25 - 0,50 - 0,75 - 1 - 2 - 5
6. Ólívuolía (SAM-númer 15.07 A / ST-númer 1509 10 og 1509 90) og aðrar matarolíur (SAM-númer 15.07 D II / ST-númer 1507, 1508, og 1511-1517)	0,25 - 0,50 - 0,75 - 1 - 2 - 3 - 5 - 10
7. Mjólk, ný, ekki kjörnuð eða með viðbættum sykri (SAM-númer 04.01 / ST-númer 0401) að undanskilini jógúrt, kefír, hleyptri mjólk, mysu og annarri gerjaðri eða sýrðri mjólk. Drykkjarvörur unnar úr mjólk (SAM-númer 22.02 B / ST-númer úr 0403 10 og úr 0403 90)	0,2 - 0,25 - 0,50 - 0,75 - 1 - 2
8. a) Vatn, þar með talið ölkelduvatn og loftblandað vatn (SAM-númer 22.01 / ST-númer 2201)	0,125 - 0,20 - 0,25 - 0,33 - 0,50 - 0,75 - 1 - 1,5 - 2
b) Límonaði, bragðbætt ölkelduvatn og bragðbætt loftblandað vatn og aðrar óáfengar drykkjarvörur sem innihalda ekki mjólk eða mjólkurfitu (SAM-númer 22.02 A / ST-númer 2202), að undanskildum ávaxta- og jurtasafa sem fellur undir SAM-númer 22.07 / ST-númer 2209 og kirni	0,125 - 0,20 - 0,25 - 0,33 - 0,50 - 0,75 - 1 - 1,5 - 2
c) Drykkjarvörur sem merktar eru sem óáfengir fordrykkir	0,10
9. Ávaxtasafni (að þrúguþykkni meðtöldu) eða jurtasafi, hvort sem hann er með viðbættum sykri eða ekki, er ógerjaður og ekki með áfengi sem fellur undir SAM-númer 22.07 B / ST-númer 2009, ávaxtanektar (reglugerð um ávaxtasafa og tilteknar sambærilegar vörur)	0,125 - 0,125 - 0,20 - 0,25 - 0,33 - 0,50 - 0,70 - 0,75 - 1 - 1,5 - 2 - 3 - 4,5

1 Um áfenga drykki, sem loftblönduðu vatni eða sódavatni hefur verið bætt í, gildir að allt rúmmál minna en 0,10 l hefur fullt samþykki.
2 Gildi sem einungis eru ætluð til notkunar í verslun.

Aths.: Vökva sem um getur í a- og b-lið 1. liðar, 4. lið, a- og b-lið 8. liðar og 9. lið er einungis heimilt að selja innan bandalagsins ef tilbúnar pakkningar hafa málrúmmál innihalds sem fram kemur í töflunni að framan og eru í samræmi við viðkomandi reglur eða eðlilegar viðskiptavenjur í aðildarríkinu sem vökvinn kemur frá, hvort sem pökkunin fer fram þar eða í öðru ríki.

REGLUGERÐ

um tilgreint magn og rými sem leyfilegt er fyrir forpakkaðar vörur.

1. gr.
Markmið og gildissvið.

Í reglugerð um tilgreinda vigt, magn eða rúmmál tiltekinnar forpakkaðrar vöru eru tilgreind neikvæð frávik fyrir tilbúnar pakkningar, ásamt nauðsynlegum merkingum og aðferðum við eftirlit sem pakkningarnar þurfa að fá, til þess að heimilt sé að dreifa þeim innan Evrópska efnahagssvæðisins. Sú reglugerð eyðir þó ekki öllum hindrunum í viðskiptum með forpakkaðar vörur sem leiðir af mismunandi lögum um mælifræðilega eiginleika slíkrar vöru. Einkum eru í gildi mismunandi reglur í aðildarríkjunum um rúmmál eða þyngd slíkrar vöru, en með þessari reglugerð er tilgreint rými og magn forpakkaðrar vöru samræmt.

Pakkningastærðum tiltekinna vara, sem eru svo líkar að hætta er á að það rugli neytendur í ríminu, ætti að fækka eins og unnt er svo að auðveldara sé að glöggva sig á markaðinum. Þessi fækkun ætti að ná bæði til umbúða utan um forpakkaðar vörur og til vara sem seldar eru eftir þyngd eða rúmmáli.

Reglugerðin gildir um vörur sem boðnar eru til sölu í tilbúnum pakkningum í samræmi við ákvæði reglugerðar um tilgreinda vigt eða rúmmál tiltekinnar forpakkaðrar vöru og getið er í viðaukunum hér á eftir. Hún gildir ekki um forpakkaðar vörur sem eingöngu eru ætlaðar til nota í atvinnuskyni.

2. gr.
Skilgreiningar.

Í reglugerð þessari hafa eftirfarandi orð merkingu sem hér segir:

Ábyrgðaraðili: Sá aðili sem ber ábyrgð á markaðssetningu vöru hér á landi. Ábyrgðaraðili getur verið framleiðandi eða innflytjandi. Á ábyrgðaraðila hvíla ákveðnar skyldur umfram aðra seljendur.

Forpökkuð vara: Vara sem er sett í umbúðir án þess að kaupandinn sé viðstaddur og þegar magn vörunnar sem í umbúðunum er hefur fyrirfram ákvarðað gildi sem ekki er hægt að breyta án þess að opna umbúðirnar eða breyta þeim svo sjáanlegt sé.

Lota: Allar tilbúnar pakkningar sem skoða á af sömu gerð og úr sömu framleiðslueiningu.

Neikvætt frávik: Munur á magni er nemur því sem raunverulegt innihald er minna en málmagn.

Málmagn (málþyngd eða málrúmmál) innihalds: Magn (þyngd eða rúmmál) þeirrar vöru sem tilbúin pakkning telst innihalda og sýnt er á henni.

Mælifræðilegt eftirlit: Eftirlit í umsjá stjórnvalds með mælingum, mælibúnaði og því hvernig niðurstöður eru fengnar, settar fram og notaðar. Sérstaklega er hér átt við gerðarprófun, gerðarviðurkenningu, frumsannprófun og loks eftirlit með mælitækjum í notkun. Eftirlit með mælitækjum í notkun felst í löggildingum og markaðseftirliti svo og sérstöku eftirliti með forpökkun vara.

Raunverulegt innihald: Það magn (þyngd eða rúmmál) sem í raun er að finna í viðkomandi pakkningu, mælt við skilgreindar aðstæður, eins og við á.

Tilbúin pakkning: Vara ásamt umbúðunum sem hún er forpökkuð í.

3. gr.
Vöruflokkar.

Vörunum sem reglugerð þessi nær til skal skipt í þrjá flokka:

1) Vörur sem seldar eru eftir þyngd eða rúmmáli nema þær vörur sem nefndar eru í 2.- og 3.- lið hér á eftir.
   Í I. viðauka er að finna fyrirmæli um pakkningastærðir fyrir hverja af þessum vörum sem pakkaðar eru fyrirfram.
2) Vörur sem eru seldar eftir þyngd eða rúmmáli og boðnar til sölu í stífum ílátum sem talin eru upp í II. viðauka, þó ekki þær vörur sem taldar eru upp í I. viðauka.
   Í II. viðauka er að finna fyrirmæli um stærðir ílátanna fyrir þessar vörur.
3) Vörur sem seldar eru í úðabrúsum.
   Í III. viðauka er að finna fyrirmæli um rúmmál slíkrar vöru í vökvaformi og rúmtak ílátanna þegar um málmílát er að ræða.

4. gr.

Magnmerkingar.

Á tilbúnum pakkningum skal ætíð tilgreina málþyngd eða málrúmmál innihaldsins í samræmi við kröfur reglugerðar um tilgreinda vigt eða rúmmál tiltekinnar forpakkaðrar vöru.

Á pakkningum vöru, sem um getur í 2.- og 3.- lið 3. gr. skal einnig greina frá rúmtaki ílátanna þannig að ekki verði ruglað saman við ofangreindar merkingar, í samræmi við ákvæði II. viðauka og 1.- lið III. viðauka eða, eftir atvikum, tilvísun í EN-staðlana sem getið er í viðaukunum.

5. gr.

Samsettar pakkningar.

Ef safnpakkningar samanstanda af tveimur eða fleiri einstöku tilbúnum pakkningum gildir tilgreinda magnið, sem skráð er í I., II. og III. viðauka, um hinar einstöku pakkningar.

Ef tilbúin pakkning samanstendur af tveimur eða fleiri stökum pakkningum, sem ekki eru ætlaðar til sölu hver í sínu lagi, gildir tilgreinda magnið, sem skráð er í I., II. og III. viðauka, um heildarpakkninguna.

6. gr.

Markaðssetning.

Óheimilt að hafna, banna eða takmarka markaðssetningu á tilbúnum pakkningum sem fullnægja kröfum þessarar reglugerðar vegna málmagns þeirra þegar um er að ræða tilbúnar pakkningar sem skráðar eru í viðauka I og 2. lið viðauka III eða málrúmmál umbúðanna þegar um ræðir tilbúnar pakkningar sem skráðar eru í II. viðauka eða af báðum þessum ástæðum þegar um er að ræða vörur sem taldar eru upp í 1. lið III. viðauka.

7. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum um vog, mál og faggildingu nr. 100/1992 og með hliðsjón af ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sem vísað er til í 25. tölul. IX. kafla II. viðauka, tilskipun 80/232/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi tilgreint magn og rými sem leyfilegt er fyrir tilteknar forpakkaðar vörur, með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af bókun 1, viðauka II við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytið, 28. febrúar 1994.

F. h. r.
Þorkell Helgason.

Sveinn Þorgrímsson.

VIÐAUKI I.

MÁLMAGN Í TILBÚNUM PAKKNINGUM.

1. MATVÆLI SELD EFTIR ÞYNGD (magn gefið upp í g)

1.1. Smjör (SAM-númer 04.03 / ST-númer 0405 00), smjörlíki gert að fleyti eða ekki, dýrafita og jurtafita (smyrja með lítilli fitu)
125 – 250 – 500 – 1.000 – 1.500 – 2.000 – 2.500 – 5.000

1.2. Nýr ostur nema „petits suisses“ og annar ostur sem búinn er til með sama hætti (SAM-númer úr 04.04 E I c / ST-númer 0406 10)
62,5 – 125 – 250 – 500 – 1.000 – 2.000 – 5.000

1.3. Borð- og matarsalt (SAM-númer 25.01 A ST-númer 2501)
125 – 250 – 500 – 750 – 1.000 – 1.500 – 5.000

1.4. Hrár sykur, rauður eða brúnn sykur, steinsykur (kandís)
125 – 250 – 500 – 750 – 1.000 – 1.500 – 2.000 – 2.500 – 3.000 – 4.000 – 5.000

1.5. Kornvörur (að barnamat undanskildum)

1.5.1. Klíðislaust korn, flögur, haframjöl og mjöl, hafraflögur (að undanskildum vörunum sem vísað er til í 1.5.4)
125 – 250 – 500 – 1.000 – 1.500 – 2.000 – 2.500[1] – 5.000 – 10.000

1.5.2. Pastavörur (SAM-númer 19.03 / ST-númer 1902)
125 – 250 – 500 – 1.000 – 1.500 – 2.000 – 3.000 – 4.000 – 5.000 – 10.000

1.5.3. Rís (SAM-númer 10.06 / ST-númer 1006)
125 – 250 – 500 – 1.000 – 2.000 – 2.500 – 5.000

1.5.4. Matvæli úr belgdu eða steiktu korni eða kornvörum (blásið rís, kornflögur og sambærilegar vörur) (SAM-númer 19.05 / ST-númer 1904)
250 – 375 – 500 – 750 – 1.000 – 1.500 – 2.000

1.6. Þurrkaðar matjurtir (SAM-númer 07.05 / ST-númer 0712 - 0713)[2], þurrkaðir ávextir (SAM-númer eða úr flokkum 08.01, 08.03 B, 08.04 B, 08.12 / ST-númer úr 0803, úr 0804, úr 0805, úr 0806 og úr 0813)
125 – 250 – 500 – 1.000 – 1.500 – 2.000 – 5.000 – 7.500 – 10.000

1.7. Malað eða ómalað brennt kaffi, síkóría eða kaffilíki
125 – 250 – 500 – 1.000 – 2.000 – 3.000 – 4.000 – 5.000 – 10.000

1) Gildir ekki um haframjöl og hafraflögur.
2) Kartöflur og þurrkaðar matjurtir undanskildar.

1.8. Frystar vörur.

1.8.1. Ávextir og matjurtir ásamt forsoðnum kartöflum til steikingar
150 – 300 – 450 – 600 – 750 – 1.000 – 1.500 – 2.000 – 2.500

1.8.2. Fiskflök og -bitar, með eða án rasps
100 – 200 – 300 – 400 – 500 – 600 – 800 – 1.000 – 2.000

1.8.3. Fiskstautar
150 – 300 – 450 – 600 – 900 – 1.200 – 1.500 – 1.800

2. MATVÆLI SELD EFTIR RÚMMÁLI (magn gefið upp í ml)

2.1. Rjómaís í stærri pakkningum en 250 ml (að undanskildum rjómaís sem er seldur eftir rúmmáli án tillits til lögunar umbúðanna)
300 – 500 – 750 – 1.000 – 1.500 – 2.000 – 2.500 – 3.000 – 4.000 – 5.000

3. ÞURRKAÐUR HUNDA- OG KATTAMATUR[1] (magn gefið upp í g)
200 – 300 – 400 – 500 – 600 – 800 – 1.000 – 1.500 – 2.000 – 3.000 – 5.000 – 7.500 – 10.000

4. TILBÚIN MÁLNING OG LÖKK (með eða án leysiefna; SAM-númer 32.09 A II / ST-númer 3208, 3209 og 3210, að dreifðum litunarefnum og upplausnum undanskildum) (magn í ml)
25 – 50 – 125 – 250 – 375 – 500 – 750 – 1.000 – 2.000 – 2.500 – 4.000 – 5.000 – 10.000.

5. LÍM, TILBÚIÐ EÐA SEM DUFT (magn gefið upp í g)
25 – 50 – 125 – 250 – 500 – 1.000 – 2.500 – 5.000 – 8.000 – 10.000

6. HREINGERNINGARVÖRUR (úr föstum efnum og dufti í g, fljótandi og hlaup í ml) meðal annars vörur fyrir leður og fótabúnað, við og gólfefni, ofna og málma, þar með talið fyrir bifreiðar, gler og spegla, meðtalið í bifreiðar (SAM-númer 34.05 / ST-númer 3405); fægilögur, sterkjur og litunarefni til heimilisnota (SAM-númer 38.12 A og 32.09 C / ST-númer 3809 10 og úr 3212 90), skordýraeyðir til heimilisnota (SAM-númer úr 38.11 / ST-númer 3808 10), hreinsiefni (SAM-númer 34.02 / ST-númer úr 3401 og 3402), lyktareyðir til heimilisnota (SAM-númer 33.06 B / ST-númer 3307 20, 3307 41 og 3307 49), sótthreinsandi efni sem ekki eru notuð í lækningaskyni
25 – 50 – 75 – 100 – 150 – 200 – 250 – 375 – 500 – 750 – 1.000 – 1.500 – 2.000 – 5.000 – 10.000

7. SNYRTIVÖRUR: FEGRUNAR- OG HREINLÆTISVÖRUR (SAM-númer 33.06 A og B / ST-númer 3303, úr 3307) (föst efni og púður í g, vökvar og krem í ml)

7.1. Húðsnyrtivörur og vörur til munnhirðu, raksápa, alhliða krem og húðmjólk, handkrem og -áburður, sólbaðsvörur, munnhreinsiefni (að undanskildu tannkremi)
15 – 30 – 40 – 50 – 75 – 100 – 125 – 150 – 200 – 250 – 300 – 400 – 500 – 1.000

1) Vörur með minna rakainnihald en 14%.

7.2. Tannkrem
25 – 50 – 75 – 125 – 150 – 200 – 250 – 300

7.3. Hársnyrti- og baðvörur, (að undanskildum hárlit) hárlakk, hárþvottalögur, skolvörur, lagningarvökvi, hárgljái, hárkrem (að undanskildum hárvökva sem vísað er til í 7.4), freyðibaðsvörur og aðrar freyðivörur fyrir bað og sturtu
25 – 50 – 75 – 100 – 125 – 150 – 200 – 250 – 300 – 400 – 500 – 750 – 1.000 – 2.000

7.4. Vörur með alkóhóli með minna en 3% miðað við rúmmál af náttúrlegum eða tilbúnum ilmefnum og minna en 70% miðað við rúmmál af hreinu etýlalkóhóli: ilmgefandi vatn, hárvökvi og rakstursvökvi og rakspíri
15 – 25 – 30 – 40 – 50 – 75 – 100 – 125 – 150 – 200 – 250 – 300 – 400 – 500 – 750 – 1.000

7.5. Svitalyktareyðir, hreinlætisvörur til einkanota
20 – 25 – 30 – 40 – 50 – 75 – 100 – 150 – 200

7.6. Talkúm
50 – 75 – 100 – 150 – 200 – 250 – 500 – 1.000

8. ÞVOTTAEFNI

8.1. Handsápa og stangasápa (í g) (SAM-númer 34.01 / ST-númer úr 3401 11 og úr 3401 19)
25 – 50 – 75 – 100 – 150 – 200 – 250 – 300 – 400 – 500 – 1.000

8.2. Blautsápa (í g) (SAM-númer 34.01 / ST-númer 3401 (20))
125 – 250 –500 – 750 – 1.000 – 5.000 – 10.000

8.3. Sápuspænir, flögur o.s. frv. (í g) (SAM-númer 34.01 / ST-númer úr 3401 20)
250 – 500 – 750 – 1.000 – 3.000 – 5.000 – 10.000

8.4. Sápulögur, hreinsi- og ræstiduft og önnur hjálparefni (SAM-númer 34.02 / ST-númer 3402) og hýpóklórít efni (að undanskildum þeim vörum sem vísað er til í 6. lið) (í ml)
125 – 250 – 500 – 750 – 1.000 – 1.250[1] – 1.500 – 2.000 – 3.000 – 4.000 – 5.000 – 6.000 – 7.000 – 10.000

8.5. Ræstiduft (í g)
250 – 500 – 750 – 1.000 – 10.000

8.6. Forþvotta- og bleytilagningarefni í duftformi (í g)
250 – 500 – 1.000 – 2.000 – 5.000 – 10.000

9. LEYSIEFNI (í ml) í skilningi reglugerðar ráðsins 73/173/EBE frá 4. júní 1973 um samræmingu laga og stjórnsýslufyrirmæla aðildarríkjanna um flokkun, pökkun og merkingar á hættulegum blöndum (leysiefnum)
25 – 50 – 75 – 125 – 250 – 500 – 1.000 – 1.500 – 2.500 – 5.000 – 10.000

1) Gildir einungis um hýpóklórít.

10. SMUROLÍUR (í ml)
125 – 250 – 500 – 1.000 – 2.000 – 2.500 – 3.000 – 4.000 – 5.000 – 10.000

11. PRJÓNAGARN (í g) gert úr náttúrlegum trefjum (úr dýra-, jurta- og steinaríkinu), kemískar trefjar eða blöndur af hvoru tveggja.
10 – 25 – 50 – 100 – 150 – 200 – 250 – 300 – 350 – 400 – 450 – 500 – 1.000.
Framangreind gildi miðast við þurrvigt garnsins að viðbættu eðlilegu rakastigi eftir þeim reglum sem mælt er fyrir um í tilskipun 71/307/EBE.

VIÐAUKI II.

LEYFILEGAR STÆRÐIR ÍLÁTA.

Staðlarnir EN 23:1, önnur útgáfa (maí 1978), og EN 76, fyrsta útgáfa (desember 1978), skulu gilda nema í þeim tilvikum þar sem vörurnar og gildin sem gefin eru upp í stöðlunum eru önnur en í þessum viðauka.

1. NIÐURSOÐNAR OG HÁLF-NIÐURSOÐNAR VÖRUR Í MÁLMDÓSUM OG GLERÍLÁTUM: NEYSLUHÆFAR AFURÐIR ÚR JURTARÍKINU (ÁVEXTIR, MATJURTIR, TÓMATAR, KARTÖFLUR; ÞÓ EKKI SPERGILL, SÚPUR, ÁVAXTA- OG MATJURTASAFAR)

1.1. Málmdósir og glerílát (magn gefið upp í ml)
106 – 156 – 212 – 228 – 314 – 370 – 425 – 446 – 580 – 720 – 850 – 1.062 – 1.700 – 2.650 – 3.100 – 4.250 – 10.200

1.1.1. Viðbótarlisti yfir bikara
53 – 125 – 250

1.2. Listi yfir leyfilegt rúmmál fyrir sérstakar vörur (magn gefið upp í ml)

„Truffles“:
26 – 53 – 71 – 106 – 212 –425 –720 – 850

Tómatar:
– tómatkraftur: 71 – 142 – 212 – 370 – 425 – 720 – 850 – 3.100 – 4.250
– með hýði eða afhýddir: 236 – 370 – 425 – 720 – 850 – 2.650 – 3.100

Ávaxtablöndur, ávextir í safa:
106 – 156 – 212 – 228 – 236 – 314 – 370 – 425 – 446 – 580 – 720 – 850 – 1.062 – 1.700 – 2.650 – 3.100 – 4.250 – 10.200

2. HUNDA- OG KATTAMATUR Í MAUKI (magn gefið upp í ml)
212 – 228 – 314 – 425 – 446 – 850 – 1.062 – 1.700 – 2.650

3. ÞVOTTA- OG RÆSTIEFNI Í DUFTFORMI
Rúmmál pakkninganna er gefið hér að neðan:

Pakki númer	Rúmmál í ml
E 0,5	375
E 1	750
E 2	1.500
E 3	2.250
E 5	3.750
E 10	7.700
E 15	11.450
E 20	15.200
E 25	18.950
E 30	22.700
Tunnunúmer	
E 5	3.950
E 10	7.700
E 15	11.450
E 20	15.200
E 25	18.950
E 30	22.700

VIÐAUKI III.

LISTI YFIR RÚMMÁL ÚÐABRÚSA, AÐ UNDANSKILDUM VÖRUM SEM GETIÐ ER Í I. VIÐAUKA, LIÐ 7.4 OG LÆKNINGAVÖRUM.

Þrátt fyrir ákvæði e-liðar 1. mgr. 8. gr. tilskipunar ráðsins 75/324/EBE frá 20. maí 1975, um samræmingu laga aðildarríkja EB að því er varðar úðabrúsa, þarf ekki að geta um nafnþyngd á úðabrúsum sem uppfylla kröfur þessarar tilskipunar.

1. VÖRUR SELDAR Í MÁLMÍLÁTUM

Rúmmál vökvans (í ml)	Rúmmál íláts (í ml)	
	Drifefni: fljótandi gas	a) drifefni: þrýstiloft b) drifefni: einvörðungu níturoxíð eða koltvíildi eða blanda af þessu tvennu enda sé samanlagður Bunsen-stuðull þeirra 1,2 eða lægri.
25	40	47
50	75	89
75	110	140
100	140	175
125	175	210
150	210	270
200	270	335
250	335	405
300	405	520
400	520	650
500	650	800
600	800	1 000
750	1 000	---

2. VÖRUR SELDAR Í GAGNSÆJUM EÐA ÓGAGNSÆJUM GLER- EÐA PLASTÍLÁTUM (rúmmál vökvans er gefið upp í ml):
25 – 50 – 75 – 100 – 125 – 150

REGLUGERÐ

um tilgreinda vigt eða rúmmál tiltekinnar forpakkaðrar vöru.

1. gr.
Gildissvið.

Í samræmi við reglugerð um mælitæki og aðferðir við mælifræðilegt eftirlit er nauðsynlegt að samhæfa kröfur um markaðssetningu tiltekinnar forpakkaðrar vöru.

Til að neytendur fái réttar upplýsingar um málrúmmál eða málþyngd vöru er nauðsynlegt að tilgreina heimiluð neikvæð frávik fyrir innihald tilbúinna pakkninga svo og að skilgreina viðmiðunaraðferð fyrir slíkt eftirlit þannig að til sé einföld aðferð til að ganga úr skugga um að tilbúnar pakkningar séu í samræmi við viðkomandi ákvæði.

Reglugerðin nær til tilbúinna pakkninga utan um vöru, sem eru ætlaðar til sölu í stöðluðum einingum með málmagni sem er:

1) jafnt gildum sem pökkunaraðili ákveður fyrirfram,
2) gefið upp í einingum fyrir þyngd eða rúmmál, og
3) ekki minna en 5 g eða 5 ml og ekki meiri en 10 kg eða 10 l.

2. gr.
Skilgreiningar.

Í reglugerð þessari hafa eftirfarandi orð merkingu sem hér segir:

Ábyrgðaraðili: Sá aðili sem ber ábyrgð á markaðssetningu vöru hér á landi. Ábyrgðaraðili getur verið framleiðandi eða innflytjandi. Á ábyrgðaraðila hvíla ákveðnar skyldur umfram aðra seljendur.

Forpökkuð vara: Vara sem er sett í umbúðir án þess að kaupandinn sé viðstaddur og þegar magn vörunnar sem í umbúðunum er hefur fyrirfram ákvarðað gildi sem ekki er hægt að breyta án þess að opna umbúðirnar eða breyta þeim svo sjáanlegt sé.

Lota: Allar tilbúnar pakkningar sem skoða á af sömu gerð og úr sömu framleiðslueiningu.

Neikvætt frávik: Munur á magni er nemur því sem raunverulegt innihald er minna en málmagn.

Málmagn (málþyngd eða málrúmmál) innihalds: Magn (þyngd eða rúmmál) þeirrar vöru sem tilbúin pakkning telst innihalda og sýnt er á henni.

Mælifræðilegt eftirlit: Eftirlit í umsjá stjórnvalds með mælingum, mælibúnaði og því hvernig niðurstöður eru fengnar, settar fram og notaðar. Sérstaklega er hér átt við gerðarprófun, gerðarviðurkenningu, frumsannprófun og loks eftirlit með mælitækjum í notkun. Eftirlit með mælitækjum í notkun felst í löggildingum og markaðseftirliti svo og sérstöku eftirliti með forpökkun vara.

Raunverulegt innihald: Það magn (þyngd eða rúmmál) sem í raun er að finna í viðkomandi pakkningu, mælt við skilgreindar aðstæður, eins og við á.

Tilbúin pakkning: Vara ásamt umbúðunum sem hún er forpökkuð í.

3. gr.
Markaðssetning.

Óheimilt er að hindra, banna eða takmarka markaðssetningu á tilbúnum pakkningum sem standast kröfur og prófanir sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð af ástæðum er varða merkingar sem slíkar pakkningar skulu hafa samkvæmt reglugerðinni, ákvörðun þyngdar eða rúmmáls eða vegna þess hvernig mælingu eða prófunum á þeim er háttað.

Heimilt er að merkja tilbúnar pakkningar með sérstöku „e"-merki, uppfylli pakkning-

arnar ákvæði reglugerðarinnar. Allar tilbúnar pakkningar skulu háðar mælifræðilegu eftirliti, eins og nánar er kveðið á um það í viðaukum I og II.

4. gr.

Merkingar.

4.1 Á öllum tilbúnum pakkningum sem um getur í 3. gr. skal, í samræmi við I. viðauka, tilgreina málmagn vörunnar og skulu pakkningarnar innihaldi það magn.

Á tilbúnar pakkningar sem innihalda vökva skal merkt málrúmmál og á tilbúnar pakkningar sem innihalda annars konar vöru skal merkt málþyngd nema viðskiptavenjur eða innlend ákvæði kveði á um annað.

4.2 Nú eru viðskiptavenjur eða innlend ákvæði ekki eins hjá öllum aðildarríkjum EES varðandi tiltekinn vöruflokk eða tiltekna gerð tilbúinnar pakkningar og skulu þá að minnsta kosti koma fram á pakkningunum mælifræðilegar upplýsingar sem samsvara viðskiptavenjunni í viðtökulandinu eða innlendu ákvæðunum sem þar eru gildi.

4.3 Heimilt er að nota breskar mælieiningar sem um getur í reglugerð um mælieiningar, skal málrúmmál innihalds sem sýnt er í einingum alþjóðlega metrakerfisins, í samræmi við lið 3.1 í I. viðauka við þessa reglugerð, einnig vera í samsvarandi breskum mælieiningum ef Breska konungsríkið og Írland æskja þess á sínu yfirráðasvæði, reiknuðum á grunni eftirfarandi breytistuðla:

1 g = 0,0353 „ounces“ (avoirdupois),
1 kg = 2,205 „pounds“
1 ml = 0,0352 „fluid ounces“
1 l = 1,760 „pints“ eða 0,220 „gallon“.

5. gr.

Breytingar samfara tækniframförum.

Nauðsynlegar breytingar á ákvæðum í I. og II. viðauka við þessa reglugerð vegna tæknilegra framfara skulu gerðar í samræmi við þá tilhögun sem mælt er fyrir um í 17. gr. reglugerðar um mælitæki og aðferðir við mælifræðilegt eftirlit.

8. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum um vog, mál og faggildingu nr. 100/1992 og með hliðsjón af ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sem vísað er til í 15. tölul. IX. kafla II. viðauka, tilskipun 76/211/EBE ásamt síðari breytingum um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi tilgreinda vigt, magn eða rúmmál tiltekinnar forpakkaðrar vöru, með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af II. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytið, 28. febrúar 1994.

F. h. r.
Þorkell Helgason.

Sveinn Þorgrímsson.

VIÐAUKI I.

1. MARKMIÐ

Tilbúnar pakkningar, sem þessi reglugerð nær til, skulu þannig gerðar að þegar þær eru frágengnar uppfylli þær eftirfarandi kröfur:

1.1 Raunverulegt innihald skal að meðaltali ekki vera minna en málmagn.

1.2 Hlutfall tilbúinna pakkninga sem hafa neikvæð frávik sem eru meiri en heimiluð neikvæð frávik sem mælt er fyrir um í lið 2.4 skal vera nægilega lítið til að lotur tilbúinna pakkninga standist kröfur prófananna sem tilgreindar eru í II. viðauka.

1.3 Óheimilt er að merkja með EBE-tákninu sem kveðið er á um í lið 3.3 tilbúna pakkningu með meira neikvætt frávik en tvöfalt heimilað neikvætt frávik sem gefið er í töflunni í lið 2.4.

2. SKILGREININGAR OG GRUNDVALLARÁKVÆÐI

2.1 Raunverulegt innihald tilbúinnar pakkningar er það magn (þyngd eða rúmmál) sem í raun er í pakkningunni. Við allt eftirlit með magni sem sýnt er í rúmmálseiningum skal gildið sem notað er fyrir raunverulegt innihald mælt, eða leiðrétt, við 20° C hita, óháð því hver hitinn hefur verið þegar vörunni var pakkað eða þegar eftirlit fór fram. Þó skal þessi regla ekki gilda um djúpfrystar og frystar vörur þar sem magn er tilgreint með rúmmálseiningu.

2.2. Neikvætt frávik er munur á magni sem nemur því sem raunverulegt innihald er minna en málmagn.

2.3. Heimiluð neikvæð frávik í innihaldi tilbúinnar pakkningar eru fastsett í samræmi við eftirfarandi töflu:

Málrúmmál Q_n í ml			Heimilað neikvætt frávik	
			í % af Q_n	í ml
frá	5 til	50	9	--
frá	50 til	100	--	4,5
frá	100 til	200	4,5	--
frá	200 til	300	--	9
frá	300 til	500	3	--
frá	500 til	1000	--	15
frá	1 000 til	10 000	1,5	--

Þegar taflan er notuð skulu gildi heimilaðra neikvæðra frávika, sýnd í töflunni sem hlutfall af hundraði sem reiknað hefur verið í einingum fyrir þyngd eða rúmmál, hækkuð upp í næsta tíunda hluta af g eða ml.

3. ÁLETRANIR OG MERKINGAR

Á umbúðum allra tilbúinna pakkninga sem gerðar eru í samræmi við þessa reglugerð skulu vera eftirfarandi merkingar þannig festar á að þær séu óafmáanlegar, greinilegar og læsilegar á pakkningunni við eðlilegar aðstæður:

3.1. Nafnnmagn (nafnþyngd eða nafnrúmmál) í kílógrömmum, grömmum, lítrum, centilítrum eða millilítrum og merkt í tölustöfum sem eru 6 mm háir hið minnsta ef nafnmagn innihalds er meira en 1 000 g eða 100 cl, 4 mm háir ef það er frá og með 1 000 g eða 100 cl niður að 200 g eða 20 cl, 3 mm háir ef það frá 200 g eða 20 cl niður að 50 g eða 5 cl, 2 mm háir ef það er ekki meira en 50 g eða 5 cl, en á eftir tölustöfunum komi tákn fyrir mælieininguna sem notuð er eða, eftir því sem við á, heiti einingarinnar í samræmi við reglugerð um mælieiningar.

Merkingar í breskum mælieiningum (UK) skulu vera í bókstöfum og tölustöfum sem eru ekki stærri en samsvarandi tölur í alþjóðlega einingakerfinu (SI).

3.2. Merki eða áletrun sem gerir viðkomandi stjórnvöldum kleift að bera kennsl á pökkunaraðilann, einstaklinginn sem sá um pökkunina eða innflytjanda með staðfestu innan bandalagsins;

3.3. Lítið „e", 3 mm hátt hið minnsta, sem sést í sömu sjónhendingu og áletrun eða merking um málrúmmál innihalds og ber vott um að tilbúna pakkningin standist kröfur þessarar reglugerðar.

Bókstafurinn skal vera með því sniði sem sýnt er á teikningu í 3. lið II. viðauka við reglugerð um mælitæki og aðferðir við mælifræðilegt eftirlit.

Í téðri reglugerð gildir 12. gr. að breyttu breytanda.

Ef tilbúna pakkningin er mælikerald sem er í samræmi við viðkomandi reglugerð og ef áletrun eða merking nafnrúmtaks er sjáanleg samkvæmt skilyrðum um útlit og frágang á tilbúnum pakkningum er ekki nauðsynlegt, að því er lýtur að þessari reglugerð, að sýna nafnrúmmál innihalds eins og krafist er í lið 3.1 hér á undan.

4. ÁBYRGÐ PÖKKUNARAÐILA EÐA INNFLYTJANDA

Pökkunaraðili eða innflytjandi skal sjá til þess að tilbúnar pakkningar standist kröfur þessarar reglugerðar.

Þyngd eða rúmmál magns í tilbúinni pakkningu (eða pakkningarmagns) sem nefnt er „raunverulegt innihald" skal mælt eða athugað á ábyrgð pökkunaraðila eða innflytjanda. Mælingin eða athugunin skal gerð með löggildu mælitæki sem hentar til þeirra aðgerða sem með þarf.

Athugunina má framkvæma með því að taka úrtak.

Nú er raunverulegt innihald ekki mælt og skal þá athugun pökkunaraðila þannig skipulögð að gengið sé úr skugga um magn innihaldsins.

Þessu skilyrði er fullnægt ef pökkunaraðili framkvæmir framleiðsluathuganir sem eru í samræmi við tilhögun sem þar til bær stofnun í aðildarríkinu viðurkennir og ef hann veitir téðum yfirvöldum aðgang að niðurstöðum slíkra athugana til að þau geti gengið úr skugga um að athuganirnar, ásamt leiðréttingum og stillingum sem reynst hafa nauðsynlegar, hafi verið gerðar á nákvæman og réttan hátt.

Ef vörur eru fluttar inn frá löndum utan bandalagsins er innflytjanda heimilt, í stað þess að setja þær í mælingar og eftirlit, að sanna að hann hafi allar nauðsynlegar tryggingar sem gera honum kleift að takast á hendur ábyrgð.

Ef um er að ræða vörur þar sem magn er sýnt í einingum rúmmáls er ein af aðferðunum við að uppfylla mæli- og eftirlitskröfur að nota mælikerald, þegar tilbúin pakkning er útbúin, af þeirri gerð sem skilgreind er í viðkomandi reglugerð og fyllt er á við þau skilyrði sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð og reglugerð um mælikeröld.

VIÐAUKI II

Í þessum viðauka er mælt fyrir um tilhögun viðmiðunaraðferðar fyrir tölfræðilegt eftirlit á lotum af tilbúnum pakkningum til að uppfylla kröfur 3. gr. reglugerðarinnar og 5. liðar í I. viðauka við hana.

Eftirlitið er byggt á ISO-staðli 2859 um aðferðir við eigindaprófun með 2,5% samþykktu gæðastigi. Úrtaksstig svarar til II. stigs í staðlinum þegar um er að ræða prófanir án eyðileggingar en til stigsins S 3 ef um er að ræða eyðileggingarprófanir.

1. KRÖFUR UM MÆLINGU Á RAUNVERULEGU INNIHALDI TILBÚINNA PAKKNINGA

Hægt er að mæla raunverulegt innihald tilbúinna pakkninga beint með vogum eða rúmmálsmælum eða, ef um er að ræða vökva, óbeint með því að vigta og finna út eðlismassann.

Frávik við mælingu á raunverulegu innihaldi tilbúinnar pakkningar skal ekki vera meira en fimmti hluti heimilaðs neikvæðs fráviks fyrir málmagn tilbúnu pakkningarinnar, óháð því hvaða aðferð er beitt við mælinguna.

Leyfilegt er að farið sé eftir innlendum reglum hvers aðildarríkis um tilhögun við mælingu á raunverulegu innihaldi tilbúinnar pakkningar.

2. KRÖFUR UM EFTIRLIT MEÐ LOTUM TILBÚINNA PAKKNINGA

Eftirlit með tilbúnum pakkningum skal fara fram með því að taka úrtak og í tveimur þáttum:

– skoðun á raunverulegu innihaldi hverrar tilbúinnar pakkningar í úrtakinu.
– önnur skoðun sem nær til meðaltals raunverulegs innihalds tilbúinna pakkninga í úrtakinu.

Lota tilbúinna pakkninga telst samþykkt ef niðurstöður beggja skoðananna fullnægja samþykktarviðmiðunum.

Fyrir hvora skoðunina eru tvær úrtaksáætlanir:
– hin fyrri felst í prófun án eyðileggingar, þ.e. prófun sem felur ekki í sér að pakkningin er opnuð,
– hin síðari felst í eyðileggingarprófun, þ.e. prófun sem felur í sér að pakkningin er opnuð eða eyðilögð.

Af fjárhags- og hagkvæmnisástæðum skal síðari prófunin algerlega einskorðuð við nauðsynlegt lágmark, hún er óskilvirkari en sú fyrri.

Eyðileggingarprófun skal því einungis notuð ef ekki er hægt að koma við prófun án eyðileggingar. Viðmiðunarreglan skal vera sú að beita henni ekki á lotu sem er minni en 100 einingar.

2.1. Lotur tilbúinna pakkninga

2.1.1. Lota er allar tilbúnar pakkningar sem skoða á af sömu gerð og úr sömu framleiðslueiningu.

2.1.2. Ef tilbúnar pakkningar eru skoðaðar við endann á pökkunarfæribandinu skal pakkningafjöldi í hverri lotu vera jafn hámarksafköstum færibandsins á klukkustund.
Í öðrum tilvikum skal lotustærð ekki vera meiri en 10.000.

2.1.3. Ef færri en 100 pakkningar eru í lotu skal prófun án eyðileggingar, ef hún er framkvæmd, ná til allra pakkninganna.

2.1.4. Áður en próf sem um getur í liðum 2.2 og 2.3 eru framkvæmd skal nægilegur fjöldi tilbúinna pakkninga tekinn af handahófi úr lotunni þannig að unnt sé að framkvæma prófunina sem þarf stærra úrtak fyrir.

Úrtak sem er nægilega stórt skal valið af handahófi fyrir hina prófunina úr fyrsta úrtaki og merkt.

Merkingunum skal lokið áður en mælingar hefjast.

2.2. Eftirlit með samþykktu lágmarksinnihaldi tilbúinnar pakkningar

2.2.1. Samþykkt lágmarksinnihald skal reiknað með því að draga heimilað neikvætt frávik viðkomandi innihalds frá málmagni tilbúnu pakkningarinnar.

2.2.2. Tilbúnar pakkningar í lotunni sem hafa raunverulegt innihald undir samþykktu lágmarksinnihaldi skulu teljast gallaðar.

2.2.3. Við eftirlit með úrtaki skal að vali hvers aðildarríkis notuð önnur af tveimur eftirfarandi úrtaksáætlunum (einföld eða tvöföld).

2.2.3.1. Einföld úrtaksáætlun

Fjöldi tilbúinna pakkninga sem skoða á skal vera jafn fjöldanum í úrtakinu eins og fram kemur í áætluninni:

– ef fjöldi gallaðra eininga sem finnast í úrtakinu er minni en eða jafn og samþykktarviðmiðun telst lota tilbúinna pakkninga samþykkt að því er þessa prófun varðar,

– ef fjöldi gallaðra eininga sem finnast í úrtakinu er jafn og eða meiri en höfnunarviðmiðun skal hafna viðkomandi lotu tilbúinna pakkninga.

2.2.3.1.1. Áætlun um prófun án eyðileggingar.

Fjöldi í lotu	Fjöldi í úrtaki	Fjöldi gallaðra eininga	
		Samþykktar-viðmiðun	Höfnunar-viðmiðun
100 til 150	20	1	2
151 til 280	32	2	3
218 til 500	50	3	4
501 til 1.200	80	5	6
1.201 til 3.200	125	7	8
3.201 og yfir	200	10	11

2.2.3.1.2. Áætlun fyrir eyðileggingarprófun.

Fjöldi í lotu	Fjöldi í úrtaki	Fjöldi gallaðra eininga	
		Samþykktar-viðmiðun	Höfnunar-viðmiðun
Hver sem fjöldinn er (≥ 100)	20	1	2

2.2.3.2. Tvöföld úrtaksáætlun.

Fjöldi fyrstu tilbúnu pakkninganna sem skoða á skal vera jafn fjöldanum í fyrra úrtakinu eins og fram kemur í áætluninni:

– ef fjöldi gallaðra eininga sem finnast í fyrra úrtakinu er minni en eða jafn og fyrri samþykktarviðmiðun telst lota tilbúinna pakkninga samþykkt að því er þessa prófun varðar,

– ef fjöldi gallaðra eininga sem finnast í fyrra úrtakinu er jafn og eða meiri en fyrri höfnunarviðmiðun skal viðkomandi lotu hafnað,

– ef fjöldi gallaðra eininga sem finnast í fyrra úrtakinu liggur á milli fyrri samþykktarviðmiðunar og fyrri höfnunarviðmiðunar skal skoða seinna úrtakið, en fjöldi eininga í því kemur fram í áætluninni.

Fjöldi gallaðra eininga í fyrra og síðara úrtaki skal lagður saman:
– ef samanlagður fjöldi gallaðra eininga er minni en eða jafn og síðari samþykktarviðmiðun telst lotan samþykkt að því er þessa prófun varðar,
– ef samanlagður fjöldi gallaðra eininga er meiri en eða jafn og síðari höfnunarviðmiðun er lotunni hafnað.

2.2.3.2.1. Áætlun um prófun án eyðileggingar.

Fjöldi í lotu	Úrtök			Fjöldi gallaðra eininga	
	Röð	Fjöldi	Samanlagður fjöldi	Samþykktarviðmiðun	Höfnunarviðmiðun
100 til 150	1	13	13	0	2
	2	13	26	1	2
151 til 280	1	20	20	0	3
	2	20	40	3	4
281 til 500	1	32	32	1	4
	2	32	64	4	5
501 til 1200	1	50	50	2	5
	2	50	100	6	7
201 til 3200	1	80	80	3	7
	2	80	160	8	9
3201 og yfir	1	125	125	5	9
	2	125	250	12	13

Fjöldi í lotu	Úrtök			Fjöldi gallaðra eininga	
	Röð	Fjöldi	Samanlagður fjöldi	Samþykktarviðmiðun	Höfnunarviðmiðun
Hver sem fjöldinn er (≥ 100)	1	13	13	0	2
	2	13	26	1	2

2.2.3.2.2. Áætlun um eyðileggingarprófun.
2.3. Eftirlit með meðaltali raunverulegs innihalds hverrar tilbúinnar pakkningar sem er hluti af lotu

2.3.1. Samþykkja má lotu af tilbúnum pakkningum að því er þetta eftirlit varðar

ef meðaltal er $\bar{x} = \frac{\sum x_i}{n}$ af raunverulegu innihaldi x_i af n tilbúnum pakkningum í úrtaki sem er stærra en gildið: $Q_n - \frac{s}{\sqrt{n}} \cdot t_{(1-a)}$

Í þessari jöfnu er:

Q_n	=	málmagn tilbúnu pakkningarinnar,
n	=	fjöldi tilbúinna pakkninga í úrtakinu fyrir þetta eftirlit,
s	=	áætlað staðalfrávik frá raunverulegu innihaldi lotunnar,
$t_{(1 - a)}$	=	0,995 öryggisstig í t-dreifingu með frítölunni v = n -1.

2.3.2. Ef x_i er mælt gildi raunverulegs innihalds einingar númer i í úrtakinu:

2.3.2.1. er meðaltal mældra gilda fyrir úrtakið fundið með eftirfarandi útreikningi:

$$\overline{x} = \frac{\sum_{i=1}^{i=n} x_i}{n}$$

2.3.2.2. og áætlað gildi staðalfráviks s fundið með:

– summu ferningstölu eftirfarandi mældra gilda:

$$\sum_{i=1}^{i=n} (x_i)^2$$

– ferningstölu summu mældra gilda:

$$\left(\sum_{i=1}^{i=n} x_i \right)^2$$

og síðan

$$\frac{1}{n} \left(\sum_{i=1}^{i=n} x_i \right)^2$$

– leiðréttri summu:

$$SC = \sum_{i=1}^{i=n} (x_i)^2 - \frac{1}{n} \left(\sum_{i=1}^{i=n} x_i \right)^2$$

– áætlaðri dreifni

$$v = \frac{SC}{n-1}$$

Áætlað gildi staðalfráviks er

$$s = \sqrt{v}$$

2.3.3. Viðmiðanir fyrir samþykki eða höfnun lota af tilbúnum pakkningum í þessari prófun:

2.3.3.1. Viðmiðanir fyrir prófun án eyðileggingar

Fjöldi í lotu	Fjöldi í úrtaki	Viðmiðanir	
		Samþykkt	Höfnun
100 til og með 500	30	$\bar{x} \geq Q_n - 0{,}503\ s$	$\bar{x} < Q_n - 0{,}503\ s$
> 500	30	$\bar{x} \geq Q_n - 0{,}379\ s$	$\bar{x} < Q_n - 0{,}379\ s$

2.3.3.2. Viðmiðanir fyrir eyðileggingarprófun

Fjöldi í lotu	Fjöldi í úrtaki	Viðmiðanir	
		Samþykkt	Höfnun
Hver sem fjöldinn er (≥ 100)	20	$\bar{x} \geq Q_n - 0{,}640\ s$	$\bar{x} < Q_n - 0{,}640\ s$

REGLUGERÐ

um heitavatnsmæla.

1. gr.

Gildissvið.

Í samræmi við reglugerð um mælitæki og aðferðir við mælifræðilegt eftirlit, er nauðsynlegt að mæla fyrir um tæknikröfur um hönnun heitavatnsmæla og hvernig þeir vinna. Hér merkir „heitt vatn", vatn sem er yfir 30° C heitt en ekki heitara en 90° C.

Reglugerðin gildir um heitavatnsmæla sem gerðir eru til samfelldrar mælingar á rúmmáli þess heita vatns sem um þá fer. Í slíkum mælum skal vera mælitæki sem tengt er álestrarbúnaði.

Heitavatnsmælar sem fyrirhugað er að verði innbyggðir í varmaskiptakerfi falla ekki undir þessa reglugerð.

2. gr.

Markaðssetning og notkun.

Heitavatnsmælum sem heimilt er að setja EBE-merki eða -tákn á, er lýst í viðaukanum við þessa reglugerð. Þeir skulu hafa EBE-gerðarviðurkenningu og vera settir í EBE-frumsannprófun.

Óheimilt er vegna mælifræðilegra eiginleika mælanna, að hindra, banna eða takmarka markaðssetningu eða notkun á heitavatnsmælum sem bera merki um EBE-gerðarviðurkenningu og EBE-frumsannprófun. Heitavatnsmælar, sem notaðir eru við sölu á heitu vatni og falla undir lög um vog, mál og faggildingu nr. 100/1992, skulu löggiltir af þar til bærum aðilum.

3. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum um vog, mál og faggildingu nr. 100/1992 og með hliðsjón af ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sem vísað er til í 23. tölul. IX. kafla II. viðauka, tilskipun 79/830/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi heitavatnsmæla, með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af bókun 1, viðauka II við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytið, 28. febrúar 1994.

F. h. r.
Þorkell Helgason.

Sveinn Þorgrímsson.

VIÐAUKI

1. Skilgreiningar og íðorð.

1.0. Þessi viðauki á aðeins við um heitavatnsmæla sem vinna alfarið eftir aflfræðilegum lögmálum og nefnast þeir hér á eftir „mælar". Þess háttar mælar nota annaðhvort mælihólf með hreyfanlegum veggjum eða nýta vatnshraðann í tengslum við búnað sem snýst (túrbínu, skrúfu eða því um líkt). Þessi viðauki tekur ekki til heitavatnsmæla með rafeindabúnaði.

1.1. Rennsli.
Rennsli er það vatnsmagn sem rennur gegnum mælinn á tiltekinni tímaeiningu.

1.2. Rennslismagn.
Rennslismagn er það heildarmagn vatns sem hefur streymt gegnum mælinn á einhverjum tíma.

1.3. Hámarksrennsli (Q_{max}).
Hámarksrennsli, Q_{max}, er mesta rennsli sem mælirinn á að geta staðist í takmarkaðan tíma án þess að skemmast og án þess að fara yfir heimiluð hámarksfrávik og hámarksgildi fyrir þrýstingstap.

1.4. Málrennsli (Q_n).
Málrennsli, Q_n, jafngildir helmingi hámarksrennslis, Q_{max}. Það er gefið upp í rúmmetrum á klukkustund og notað til að lýsa mælinum.
Við málrennsli, Q_n, verður mælirinn að vinna við eðlilega notkun, þ.e. bæði við samfellt rennsli og með hléum, án þess að farið sé yfir heimiluð hámarksfrávik.

1.5. Lágmarksrennsli (Q_{min}).
Lágmarksrennsli, Q_{min}, er ákvarðað sem fall af Q_n og við það mega mælingar ekki fara yfir heimiluð hámarksfrávik.

1.6. Rennslissvið.
Rennslissviðið afmarkast af hámarksrennsli, Q_{max}, og lágmarksrennsli, Q_{min}. Það skiptist í tvö svæði, sem kallast efra og neðra, og hefur hvort um sig sín heimiluðu hámarksfrávik.

1.7. Markarennsli (Q_t).
Markarennsli, Q_t, er það rennsli sem skilur að efra og neðra svæði rennslissviðsins og við það rennsli verða heimiluðu hámarksfrávikin ósamfelld.

1.8. Heimiluð hámarksfrávik.
Heimiluð hámarksfrávik eru þau mörk frávika sem heimil eru samkvæmt þessari reglugerð við EBE-gerðarviðurkenningu og EBE-frumsannprófun mælisins.

1.9. Þrýstingstap.
Þrýstingstap merkir tap á þrýstingi sem orsakast af því að mælirinn er inni í lögninni.

2. Mælifræðilegir eiginleikar

2.1. Heimiluð hámarksfrávik
Heimiluðu hámarksfrávikin á neðra svæðinu, frá og með Q_{min} að Q_t eru ± 5 %.
Heimiluðu hámarksfrávikin á efra svæðinu frá Q_t til Q_{max}, að báðum meðtöldum, eru ± 3 %.

2.2. Mælifræðilegir flokkar.
Mælunum er skipt í fjóra mælifræðilega flokka samkvæmt gildunum á Q_{min} og Q_t, sem eru skilgreind hér að framan, eins og sýnt er í eftirfarandi töflu:

Flokkar	Q_n	
	< 15 m^3/h	≥15 m^3/h
Flokkur A		
Gildi Q_{min}	0,04 Q_n	0,08 Q_n
Gildi Q_t	0,10 Q_n	0,20 Q_n
Flokkur B		
Gildi Q_{min}	0,02 Q_n	0,04 Q_n
Gildi Q_t	0,08 Q_n	0,15 Q_n
Flokkur C		
Gildi Q_{min}	0,01 Q_n	0,02 Q_n
Gildi Q_t	0,06 Q_n	0,10 Q_n
Flokkur D		
Gildi Q_{min}	0,01 Q_n	
Gildi Q_t	0,015 Q_n	

3. Tæknilegir eiginleikar.

3.1. Bygging – almenn ákvæði.
Mælirinn verður að vera þannig byggður að hann:
– endist lengi og komi í veg fyrir svik,
– samræmist ákvæðum þessarar reglugerðar við venjulega notkun.
Sé hætta á því að rennsli snúist við að óvörum verða mælarnir að geta staðist slíkt án þess að þeir skemmist, eða mælifræðilegir eiginleikar þeirra skaðist, jafnframt því sem þeir eiga að skrá slíka viðburði.

3.2. Efni.
Mælirinn verður að vera gerður úr efnum sem eru nógu sterk og stöðug til þess að hann nýtist við það sem hann er ætlaður. Hann verður að vera að öllu leyti gerður úr efnum sem standast innri jafnt sem ytri tæringu og húðaður viðeigandi yfirborðsvörn ef þörf krefur. Hitabreytingar á vatni á bilinu 0 – 110° C mega ekki skaða efni þau sem mælirinn er gerður úr.

3.3. Styrkleiki – þrýstings- og hitaþol.

Mælirinn verður að þola viðvarandi vatnshita sem nemur 90° C og þann þrýsting sem hann er hannaður fyrir án þess að hann bili, tengi eða mælir leki eða aflagist varanlega; nefnist þessi þrýstingur mesti vinnuþrýstingur. Lægsta gildi fyrir þennan þrýsting er 10 bör.

3.4. Þrýstingstap.

Gildi fyrir þrýstingstap er ákvarðað um leið og prófanir vegna EBE-gerðarviðurkenningar fara fram; það má ekki vera meira en 0,25 bör við málrennsli eða 1 bar við hámarksrennsli.

Á grundvelli þeirra gagna sem aflað er við prófanirnar er mælunum skipt í fjóra flokka miðað við að þrýstingstap þeirra sé ekki hærra en eitthvert af eftirfarandi gildum: 1,0 - 0,6 - 0,3 og 0,1 bar. Gildi viðkomandi flokks þarf að koma fram á vottorðinu um EBE-gerðarviðurkenningu.

3.5. Álestrarbúnaður.

Álestrarbúnaður verður að gera það kleift með einfaldri samröðun álestrareininga tækisins að hægt sé að lesa örugglega, auðveldlega og ótvírætt það vatnsmagn sem mælt hefur verið, talið í rúmmetrum. Rúmtakið skal gefið upp:

a) með staðsetningu eins eða fleiri vísa á hringlaga kvarða;
b) með því að birta tölustafi hlið við hlið í einum eða fleiri gluggum;
c) eða með samblandi af þessu hvorutveggja.

Rúmmetrar og margfeldi þeirra skulu sýndir með svörtu en tíundu hlutar úr rúmmetra með rauðu.

Raunveruleg eða sýnileg hæð stafanna skal eigi vera minni en 4 mm.

Á stafrænum mælum (gerðum b og c) verða allir stafir að færast beint upp. Hreyfingu stafs í einhverju sæti verður að vera að fullu lokið þegar stafur í næsta sæti fyrir aftan breytist úr 9 í 0. Minnstu markverðu tölur mega hreyfast samfellt þegar í hlut á mælir af gerð c. Glögglega þarf að koma fram um hve marga heila rúmmetra er að ræða.

Álestrarbúnaður með vísum, af gerðum a og c, verður að hreyfa vísa sína réttsælis. Rúmmetragildin fyrir hvert deilingarbil skal gefa upp sem 10^n, þar sem n er jákvæð eða neikvæð heil tala eða núll; við þetta verður til kerfi samfelldra tugasæta. Við hliðina á hverjum hluta kvarðans skal skrá upplýsingar eins og eftirfarandi: x 1.000 - x 100 - x 10 - x 1 - x 0,1 - x 0,01 - x 0,001

Hvort sem um er að ræða mæliskífu eða stafrænan álestur:

– verður táknið m^3 að koma fram á skífunni sem allra næst álestrargluggunum,

– verður sá talnaliður sem hreyfist hraðast og er læsilegur – stýriliðurinn – að vera á stöðugri hreyfingu. Deilingargildi hans er nefnt skerðing. Þessi stýriliður getur verið áfastur eða tengdur til bráðabirgða eftir atvikum. Þessir hlutar mega ekki hafa nein veruleg áhrif á mælifræðilega eiginleika mælisins.

Kvarðabilslengdin má ekki vera minni en 1 mm og ekki meiri en 5 mm. Það skal gert:

– annaðhvort úr jafnbreiðum línum sem séu eigi breiðari en nemur einum fjórða af lengdinni milli miðjuása tveggja samliggjandi lína og aðeins frábrugðnar hver annarri í lengd,

– eða úr andstæðum borðum er hafa fasta breidd sem er jöfn lengd skerðingargildisins.

3.6. Fjöldi stafa og tölugilda skerðingarinnar.

Álestrartækið verður að geta sýnt í rúmmetrum vatnsrennsli við málrennsli í 1.999 klukkustundir án þess að núllstillast.

Skerðingin verður að byggjast á formúlunni 1 x 10^n, 2 x 10^n eða 5 x 10^n. Það á að vera svo lítið, að við sannprófun/löggildingu komi ekki fram meiri ónákvæmni en 0,5% (gera þarf ráð fyrir hugsanlegri álestrarvillu sem sé ekki meiri en nemur hálfri lengd minnsta deilingargildisins) og svo lítið að við lágmarksrennsli taki prófunin ekki lengri tíma en 1 1/2 klukkustund.

Hægt er að bæta við viðbótarbúnaði (stjörnu eða skífu með viðmiðunarmerki o.s.frv.) til að sýna hreyfingu á mælitækinu áður er álestrarbúnaðurinn sýnir niðurstöðurnar.

3.7. Stillingarbúnaður.

Á mælinn er hægt að setja stillingarbúnað sem notaður er til að breyta sambandinu milli þess magns sem fer um mælinn og þess magns sem mælirinn gefur til kynna. Skylt er að hafa þennan búnað í mælum sem nota áhrif vatnshraða á snúningsbúnað.

3.8. Hröðunarbúnaður.

Bannað er að nota hröðunarbúnað til að auka hraða mælisins þegar hann vinnur neðan við Q_{min}.

3.9. Viðbótarbúnaður.

Á mælinum er heimilt að hafa merkjagjafa hafi það ekki veruleg áhrif á mælifræðilega eiginleika hans.

Á vottorðinu um EBE-gerðarviðurkenningu má geta um fastan eða laustengdan viðbótarbúnað til að stilla mælinn sjálfvirkt.

4. Merki og áletranir.

4.1. Áletranir til auðkenningar.

Á mælinn verður að skrá eftirtalin atriði á læsilegan og varanlegan hátt, annaðhvort sundurgreint eða flokkað saman á umgerð mælisins, á álestrarskífuna eða á kennispjaldið:

a) nafn framleiðandans, viðskiptaheiti eða vörumerki hans;
b) mælifræðilegan flokk sem um er að ræða og málrennsli Q_n, talið í rúmmetrum á klukkustund;
c) framleiðsluár og raðnúmer mælisins;
d) eina eða tvær örvar sem sýna stefnu rennslisins;
e) merkið um EBE-gerðarviðurkenningu;
f) mesta vinnuþrýsting í börum talinn, ef hann getur orðið meiri en 10 bör;
g) mesta vinnuhita með þessum hætti: 90 °C;
h) stafina „V“ eða „H“ allt eftir því hvort mælinum er eiginlegt að vinna í lóðréttri (V) eða láréttri (H) stöðu.

4.2. Staðsetning sannprófunarmerkja.

Nóg rými þarf að vera á mælinum sjálfum (helst á umgerð hans) fyrir merki um EBE-sannprófun og skal það vera sýnilegt án þess að mælirinn sé tekinn í sundur.

4.3. Innsigli.

Mælirinn verður að vera búinn vörn sem hægt er að innsigla, svo að tryggja megi að bæði fyrir og eftir að hann hefur verið settur upp á réttan hátt, verði hvorki mælirinn né stillingarbúnaðurinn tekinn í sundur eða breytt án þess að vörnin skaddist.

5. EBE-gerðarviðurkenning.

5.1. Tilhögun.

Tilhöguninni við EBE-gerðarviðurkenningu er lýst í reglugerð um mælitækni og aðferðir við mælifræðilegt eftirlit.

5.2. Gerðarprófanir.

Þegar ljóst er orðið af umsóknarskjölunum að viðkomandi gerð samsvarar kröfum þessarar tilskipunnar verður Löggildingarstofan, eða annar aðili sem stjórnvöld samþykkja, að láta fara fram prófanir á prófunarstofum við eftirtalin skilyrði:

5.2.1. *Fjöldi mæla sem prófa skal.*

Fjölda mæla sem framleiðanda ber að leggja fram fer eftir neðangreindri töflu:

Málrennsli, Q_n í m^3/h.	Fjöldi mæla
$Q_n < 1,5$	10
$1,5 \leq Q_n < 15$	3
$Q_n \geq 15$	2

Eftir því hvernig prófununum vindur fram getur Löggildingarstofan:
- ákveðið að prófa ekki alla mælana sem lagðir voru fram, eða
- krafist þess að framleiðandinn leggi fram fleiri mæla og að prófunum verði haldið áfram

5.2.2. *Prýstingur.*

Við þær prófanir sem kveðið er á um í lið 5.2.4 verður þrýstingur við útrennsli mælisins að vera nægilega hár til að koma í veg fyrir að loftbólur myndist.

5.2.3. *Prófunarbúnaður.*

Yfirleitt verður að prófa mælana hvern fyrir sig og ætíð á þann hátt að eiginleikar hvers um sig komi nákvæmlega í ljós.

Prófunarstofu ber að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tryggja að ónákvæmni við mælingar á rúmmáli vatns verði ekki meiri en 0,3% eftir að tillit hefur verið tekið til ýmissa orsaka sem leiðir af uppsetningu mælisins.

Mesta leyfilega ónákvæmni við mælingu á þrýstingi er 5%, og 2,5% þegar þrýstingstap er mælt.

Við hverja prófun mega hlutfallsleg frávik rennslis ekki verða meiri en 2,5% frá Q_{min} til Q_t og 5% á bilinu frá Q_t til Q_{max}.

Mesta leyfilega ónákvæmni við mælingar á hitastigi má vera 1° C.

Búnaðurinn verður að hljóta viðurkenningu Löggildingarstofunnar án tillits til þess hvar prófanirnar fara fram.

5.2.4. *Prófanir.*

5.2.4.1. Tilhögun prófana.

Prófanirnar eru fólgnar í eftirfarandi aðgerðum sem eru framkvæmdar í þessari röð:
1. þéttleiki er prófaður;
2. fráviksferill er ákvarðaður á grundvelli rennslis með því að meta áhrif af þrýstingi og hita, og með hliðsjón af aðstæðum við uppsetningu (beinar pípur í lögn framan og aftan við mæli, þrengingar, hömlur o.s.frv.) eins og framleiðandi greinir frá fyrir þessa tegund mælis;
3. þrýstingstap er fundið út;
4. þolprófað;
5. mælar sem hafa málrennsli, Q_n, fyrir neðan 10 m^3/h. eru prófaðir með tilliti til þess hve vel þeir þola snögga hitaaukningu.

5.2.4.2. Lýsing á prófunum.

Prófanirnar verða að fara fram sem hér segir:

– Eftirfarandi tvær prófanir eru gerðar við 85 ± 5 °C til að kanna þéttleika:
a) hver mælir verður að þola þrýsting sem nemur 1,6-földum hámarksvinnuþrýstingi í 15 mínútur (sbr. f-lið í 4.1.) án þess að tengingar eða hús mælisins leki;
b) hver mælir verður að þola þrýsting sem nemur tvöföldum hámarksvinnuþrýstingi í eina mínútu án þess að skemmast eða festast (sbr. f-lið í 4.1).

– Niðurstöðurnar á prófun fyrir fráviksferil og prófun á þrýstingstapi verða að veita svo mörg aðskilin gildi að unnt sé að teikna ferilinn af nokkru öryggi yfir allt sviðið.
– Þolpróf við aukið álag fer fram eins og frá er greint í töflunni hér að neðan:

Málrennsli	Rennsli og hitastig við prófun	Gerð prófunar	Fjöldi stöðvana	Lengd á hléum	Tími sem rennslisprófun stóð yfir	Tími við að ná upp þrýstingi og fella hann
$Q_n \leq 10$ m^3/h.	Q_n og (50 ± 5)°C	ósamfellt	100 000	15 sek	15 sek	0,15 (Q_n) ([1]) minnst 1 sek.
	Q_{max} og (85 ± 5)°C	samfellt			100 h.	
$Q_n > 10$ m^3/h.	Q_n og (50 ± 5)°C	samfellt			500 h.	
	Q_{max} og (85 ± 5)°C	samfellt			200 h.	

([1]) (Q_n) er tölugildið á Q_n, þegar Q_n er tálknuð í m^3/h

Fyrir fyrstu prófunina og eftir hverja lotu prófana verður að ákvarða mælingarvillurnar, við sömu aðstæður og við að minnsta kosti eftirfarandi rennsli:

$$Q_{min} - Q_t - 0{,}5 \times Q_n - Q_{max}$$

Í hverri prófun verður vatnsmagnið sem fer í gegnum mælinn að vera nægilega mikið til þess að vísirinn eða keflið á sannprófunarkvarðanum fari einn eða fleiri snúninga til þess að leiðrétta megi áhrif bjögunar sem kann að vera fyrir hendi.

– Hitaþolspróf samanstendur af 25 lotum sem unnar eru sem hér segir:

Vatnshiti	Rennsli	Tímalengd
85 ± 5 °C	Q_{max}	8 mín
--	0	1 — 2 mín
Kalt vatn	Q_{max}	8 mín
--	0	1 — 2 mín

5.2.5. *Skilyrði fyrir EBE-gerðarviðurkenningu.*

Gerð mælis er viðurkennd ef:

a) hann er í samræmi við stjórnsýslu-, tækni- og mælifræðilegar kröfur þessarar reglugerðar og viðauka hennar;
b) prófanir 1, 2 og 3 í lið 5.2.4.1 sýna að hann uppfyllir II. og III. hluta þessa viðauka að því er varðar mælifræðilega og tæknilega eiginleika;
c) að afloknu hverju þolprófi við aukið álag og hitaþolsprófi hafa ekki komið fram nein frávik í mælingum, sem samanborið við upphaflegan feril eru meiri en 1,5 % milli Q_t og Q_{max} eða meiri en 3 % milli Q_{min} og Q_t.

5.3. Vottorð um EBE-gerðarviðurkenningu.

Í vottorðinu um EBE-gerðarviðurkenningu er heimilt að gera ráð fyrir því að prófun á nákvæmni verði gerð með köldu vatni við frumsannprófun.

Þessi möguleiki er aðeins heimill ef könnun á reglum um jafngildi milli heits og kalds vatns hefur leitt það í ljós, við prófun vegna EBE-gerðarviðurkenningar að hægt er að gera nákvæmnisprófun með köldu vatni og enn fremur að mælir sem stenst þá prófun uppfyllir einnig kröfur þær um heimiluð hámarksfrávik sem mælt er fyrir um í lið 2.1.

Þegar svo háttar til verður að koma fram á vottorðinu um EBE-gerðarviðurkenningu lýsing á þessari prófun og viðkomandi kröfum, nánar tiltekið kröfum um heimiluð frávik og rennsli við prófun.

6. EBE-frumsannprófun.

Tilhögun EBE-frumsannprófunar er lýst í reglugerð um mælitæki og aðferðir við mælifræðilegt eftirlit.

6.1. Aðferðir við sannprófun

EBE-frumsannprófun verður að fara fram á stað sem Löggildingarstofan viðurkennir.

Fyrirkomulag húsnæðis á prófunarstaðnum svo og prófunarbúnaður verður að vera með þeim hætti að sannprófun geti verið áreiðanleg og skjót fyrir eftirlitsaðilann. Uppfylla verður kröfur liðar 5.2.3, nema að því er varðar hita á prófunarstaðnum þegar prófanir fara fram með köldu vatni í samræmi við ákvæði sem um það kunna að verða sett í vottorði um EBE-gerðarviðurkenningu. Heimilt er að koma málum svo fyrir á prófunarstaðnum að kleift sé að gera raðprófun á mælunum. Þrýstingurinn við frárennsli mælanna verður alltaf að vera nægilega mikill til að koma í veg fyrir loftbólumyndun og einnig er heimilt að fara fram á að sérstakar ráðstafanir verði gerðar til þess að koma í veg fyrir að áhrifa frá einum mæli gæti í öðrum.

Prófunarbúnaðurinn getur verið gerður úr sjálfvirkum tækjum, hjástreymislokum og rennslishemlum o.s.frv. enda sé þess gætt að hver rás milli mælanna sem prófa á og afrennslistanka sé glögglega afmörkuð og að hægt sé að kanna þéttleika rásarinnar hvenær sem er.

Heimilt er að nota hvers konar aðrennsliskerfi, en ef nokkrar prófunarrásir eru í gangi í einu má ekki verða nein samverkun sem stríðir gegn kröfunum í lið 5.2.3.

Ef stýritanki er skipt í nokkur hólf verða skilveggir að vera nægilega stífir til að tryggja að rúmmál hólfsins breytist ekki um meira en 0,2% eftir því hvort aðliggjandi hólf eru full eða tóm.

6.2. Tilhögun prófunar.

Mælarnir verða að vera í samræmi við viðurkennda gerð.

EBE-frumsannprófun felur í sér þrýstiprófun og prófun á nákvæmni.

6.2.1. *Þrýstiprófun.*

Heimilt er að gera þrýstiprófunina með köldu vatni. Prófunin verður að standa í eina mínútu við 1,6-faldan hámarksvinnuþrýsting. Meðan prófunin stendur yfir má ekki koma fram leki í tengingum eða húsi mælisins.

6.2.2. *Nákvæmnisprófun.*

6.2.2.1. Nákvæmnisprófun með heitu vatni.

Nákvæmnisprófun er venjulega gerð með heitu vatni við 50 ±5 °C við að minnsta kosti þrenns konar rennsli:

a) milli 0,9 x Q_{max} og Q_{max};
b) milli Q_t og 1,1 x Q_t;
c) milli Q_{min} og 1,1 x Q_{min}.

Meðan prófunin stendur yfir verður mælirinn að standast kröfur um heimiluð hámarksfrávik eins og þau eru sett fram í lið 2.1.

Ef í ljós kemur að frávikin eru öll á einn og sama veg verður að endurstilla mælinn þannig að þau séu ekki öll umfram hálf heimiluð hámarksfrávik.

6.2.2.2. Nákvæmnisprófun með köldu vatni.

Heimilt er að nákvæmnisprófun sé gerð með köldu vatni sé það í samræmi við ákvæði vottorðsins um EBE-gerðarviðurkenningu. Þar sem svo háttar til fer prófunin fram í samræmi við þá tilhögun sem mælt er fyrir um í vottorðinu.

REGLUGERÐ

um lengdarmælingar.

1. gr.

Gildissvið.

Í samræmi við reglugerð um mælitæki og aðferðir við mælifræðilegt eftirlit er nauðsynlegt að setja reglur um tæknilegar kröfur sem lengdarmæliáhöld skulu standast til að hægt sé að flytja þau inn, markaðssetja og taka í notkun eftir að þau hafa verið skoðuð og búið er að festa á þau tilskilin merki og tákn sem mælt er fyrir um.

Reglugerð þessi tekur til áþreifanlegra áhalda til lengdarmælinga sem eru tilgreind í viðaukanum.

2. gr.

Skilgreiningar.

Í reglugerð þessari hafa eftirfarandi orð merkingu sem hér segir:

Frumsannprófun (EBE-frumsannprófun): Aðferð, sem lýst er í þessari reglugerð, til að ganga úr skugga um að framleiðsla tækis sé í samræmi við viðurkennda frumgerð og standist mælifræðilegar kröfur, m.a. um leyfilegt hámarksfrávik og merkingar.

Gerðarviðurkenning (EBE-gerðarviðurkenning): Gerðarviðurkenning byggir á ítarlegri gerðarprófun, þar sem prófað hefur verið eftir kröfum viðeigandi tilskipana/reglugerða, eða annarra kröfuskjala. Gerðarviðurkenning er forsenda frumsannprófunar og markaðssetningar eftir öðrum leiðum.

Mælifræðilegt eftirlit: Eftirlit í umsjá stjórnvalds með mælingum, mælibúnaði og því hvernig niðurstöður eru fengnar, settar fram og notaðar. Sérstaklega er hér átt við gerðarprófun, gerðarviðurkenningu, frumsannprófun og loks eftirlit með mælitækjum í notkun. Eftirlit með mælitækjum í notkun felst fyrst og fremst í löggildingum og markaðseftirliti.

Tæknilegar skilgreiningar er að finna í 1. hluta viðaukans.

3. gr.

Markaðssetning.

Tæki til lengdarmælinga sem heimilt er að setja EBE-merki eða -tákn á, er lýst í viðaukanum við þessa reglugerð. Þau þurfa að fá EBE-gerðarviðurkenningu og EBE-frumsannprófun.

Óheimilt er, á grundvelli mælifræðilegra eiginleika þeirra, að hafna, banna eða takmarka notkun eða markaðssetningu lengdarmæliáhalda ef á þeim er merki um EBE-gerðarviðurkenningu og merki um EBE-frumsannprófun.

4. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum um vog, mál og faggildingu nr. 100/1992 og með hliðsjón af ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sem vísað er til í 9. tölul. IX. kafla II. viðauka, tilskipun 73/362/EBE, ásamt síðari breytingum, um lengdarmælingar, með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af viðauka II, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytið, 28. febrúar 1994.

F. h. r.

Þorkell Helgason.

Sveinn Þorgrímsson.

VIÐAUKI

1. **Skilgreiningar**

1.1. Áþreifanleg áhöld til lengdarmælinga, hér eftir kölluð „lengdarmæliáhöld", eru tæki sem á eru kvarðamerki og er fjarlægð á milli merkjanna sýnd í löglegum lengdareiningum.

1.2. „Mállengd" lengdarmæliáhalds er heildarlengdin sem áhaldið sýnir.

1.3. Aðalkvarðamerki eru þau tvö merki sem hafa mállengdina á milli sín.

1.4. Kvarði lengdarmæliáhalds er myndaður af aðalkvarðamerkjum og öðrum kvarðamerkjum.

1.5. Lengdarmæliáhald telst vera:
1.5.1. – markmát, ef tvær brúnir mynda aðalkvarðamerki;
1.5.2. – línumát, ef aðalkvarðamerki eru tvö strik, göt eða merki;
1.5.3. – samsett mát, ef annað af aðalkvarðamerkjunum er brún en hitt er strik, gat eða merki.

2. **Efni.**
Lengdarmæliáhöld og aukabúnaður þeirra skulu gerð úr efni sem er stöðugt og endingargott og þolir vel áhrif umhverfis við eðlilegar notkunaraðstæður.
Gæði efnisins sem notað er skulu vera á þann veg að:

2.1. með eðlilegri notkun við hita sem er 8° C yfir eða undir viðmiðunarhita, séu lengdarfrávik ekki meiri en heimiluð hámarksfrávik.

2.2. séu áhöld notuð við tiltekinn togkraft verði frávik í lengd ekki meiri í mm en heimilað hámarksfrávik, þótt krafturinn aukist eða minnki um 10%.

3. **Smíði.**

3.1. Lengdarmæliáhöld og aukabúnaður þeirra skal vera vel og traustlega smíðaður og vandlega frá honum gengið.

3.2. Lengdarmæliáhald skal vera þannig að stærð og lögun á þverveginn að við eðlilegar notkunaraðstæður geri það kleift að mæla með þeirri nákvæmni sem nákvæmnisflokkurinn, sem áhaldið tilheyrir, krefst.

3.3. Brúnir markmáta skulu vera flatar. Þessar brúnir og strikin skulu vera hornrétt á lengdaráslínu áhaldsins.

3.4. Brúnir markmáta eða samsettra máta sem gerð eru úr tré eða öðru efni með svipað eða minna slitþol skulu gerðar úr slit- og höggþolinni ræmu eða hlíf og festar á viðeigandi hátt við áhaldið.

3.5. Heimilt er að hafa aukabúnað sem auðveldar notkun áhaldsins og eykur notkunar-

möguleika þess, svo sem fasta eða laustengda króka, hringi, handföng, plötur, pinna, tungur, vindubúnað eða brotmæla, að því tilskildu að búnaðurinn geti ekki valdið ruglingi. Hann skal þannig hannaður og festur við áhaldið að hann auki ekki í reynd á ónákvæmni þess við eðlilegar notkunaraðstæður.

3.6 Málbönd skulu þannig gerð að þegar strekkt er á bandinu á sléttum fleti séu hliðarbrúnir þess því sem næst beinar og samhliða.

3.7. Vindubúnaður á málböndum skal þannig gerður að hann valdi ekki varanlegri breytingu á lögun bandsins.

4. **Kvörðun og tölusetning.**

4.1. Kvörðun og tölusetning mállengdar á mæliáhöldum skal vera skýr, regluleg og óafmáanleg og þannig gerð að álestur sé öruggur, einfaldur og ótvíræður. Þó er heimilt að ótölusett kvarðamerki, sem ekki eru fleiri en sem nemur fjölda kvarðamerkja á milli tveggja samliggjandi tölusettra kvarðamerkja áhaldsins, nái lengra en aðalkvarðamerki við enda áhaldsins.

4.2. Gildi deilingargildis skal sýnt með sniðinu 1×10^n, 2×10^n eða 5×10^n, þar sem veldið „n“ er heil jákvæð eða neikvæð tala eða núll.
Það skal, í mesta lagi, vera jafnt:
- 1 cm á áhöldum með mállengd sem er 2 m eða minni,
- 10 cm ef mállengd er meiri en 2 m og minni en 10 m,
- 20 cm ef mállengd er 10 m eða meiri og minni en 50 m,
- 50 cm ef mállengd er 50 m eða meiri.

Heimilt er þó að þessi gildi séu hærri ef um sérstaka notkun er að ræða, að því tilskildu að skýringar fylgi með þegar sótt er um gerðarviðurkenningu og fram komi á áhaldinu að það sé ætlað til sérstakrar notkunar.

4.3. Nú eru kvarðamerkin strik og skulu þau þá vera bein, hornrétt á áslínu lengdarmæliáhalds og söm og jöfn að breidd. Lengd strikanna skal vera tengd viðkomandi mælieiningu. Þannig skal frá þeim gengið að þau myndi afmarkaðan og skýran kvarða og breidd þeirra valdi ekki ónákvæmni í mælingu.

4.4. Heimilt er að skipta tilteknum hlutum kvarðans, einkum við enda hans, upp í tugabrot deilingargildis sem notað er fyrir allt áhaldið. Sé þetta gert er heimilt að breidd strika sé minni þar sem deilingargildið er minna en á áhaldinu að öðru leyti.

4.5. Heimilt er að kvarðamerki séu göt ef gildi deilingargildis er jafnt eða meira en 1 sm eða með enn öðrum hætti ef gildi deilingargildis er jafnt eða meira en 1 dm, að því tilskildu að tryggður sé nægilega nákvæmur álestur af kvarðamerkjunum með tilliti til þess nákvæmnisflokks sem áhaldið tilheyrir.

4.6. Tölusetning má vera ýmist samfelld eða endurtekin. Í því tilviki sem um getur í lið 4.4 skal tölusetning þar sem deiling er minnkuð vera önnur en fyrir áhaldið að öðru leyti. Staða, stærð, lögun, litur og andstæður í litum talnanna skulu aðlagaðar kvarðanum og kvarðamerkjunum sem þær vísa til.

Hvert sem gildi deilingargildis, sem fastsett er í lið 4.2, er skulu tölusett kvarða-

merki vera tölusett í metrum, desimetrum, centimetrum eða millimetrum án þess að viðkomandi tákn sé sýnt.

Fjöldi tölusettra kvarðamerkja skal vera þannig að álestur sé ekki tvíræður.

Nú er tölueiningin ekki metri og er samt sem áður heimilt að tölusetja eftir þeirri einingu þau kvarðamerki sem standa á metra. Á eftir tölum fyrir metra skal þá koma „m".

Þá er heimilt að endurtaka metratölu sem kom á undan á sama hátt fyrir framan önnur tölusett kvarðamerki.

Ef gildi deilingargildis kvarða með strikum er sýnt með sniðinu 2×10^n og er ekki minna en tveir sentímetrar skulu öll kvarðamerki vera tölusett.

4.7. Nú eru tveir kvarðar eða fleiri á lengdarmæliáhaldi og er þá heimilt að deilingargildi sé mismunandi og að tölusetning aukist í sömu átt eða andstæða átt.

5. Mállengd.

5.1. Mállengd lengdarmæliáhalda skal vera eitt af eftirfarandi gildum: 0,5, 1, 1,5, 2, 3, 4, 5, 6, 7, 8, 9 m eða margfeldi af 5 m.

5.2. Þó má heimila önnur gildi við sérstaka notkun, að því tilskildu að gerð sé grein fyrir þörf á að nota áhald með slíkri mállengd þegar sótt er um gerðarviðurkenningu og að fram komi á áhaldinu að það sé ætlað til sérstakrar notkunar.

5.3. Óheimilt er að hafa sumar af mállengdunum í lið 5.1 á áhöldum sem um getur í lið 9.4.2.

6. Áletranir.

6.1. *Eftirfarandi áletranir skulu vera á lengdarmæliáhöldum:*

6.1.1. *Áletranir sem eru skyldubundnar í öllum tilvikum:*

6.1.1.1. mállengd;

6.1.1.2. auðkenni framleiðanda eða viðskiptaheiti hans;

6.1.1.3. I., II. eða III. nákvæmnisflokkur;

6.1.1.4. merki um gerðarviðurkenningu.

6.1.2. *Áletranir sem eru skyldubundnar í tilteknum tilvikum:*

6.1.2.1. viðmiðunarhiti, sé hann annar en 20° C;

6.1.2.2. togkraftur;

6.1.2.3. sérstök notkun sem áhaldið er ætlað til í tilvikum sem kveðið er á um í liðum 4.2 og 5.2.

6.2. Mállengd, spenna og hitastig skal sýnt í alþjóðlegum mælieiningum (SI), sem heimilaðar eru í reglugerð um mælieiningar, eða með tugveldi af þeim.

6.3. Allar þessar áletranir skulu vera sýnilegar og læsilegar og hefjast við byrjun áhaldsins.

Þó er heimilt, í samráði við viðkomandi innlend yfirvöld, að tilteknar áletranir birtist á áföstum hlutum áhaldsins. Ef svo er gert skal koma fram á gerðarviðurkenningarvottorði hvar setja á áletranirnar.

Enn fremur er heimilt, ef breidd mæliáhaldsins er ekki nægileg til að unnt sé að birta táknið um gerðarviðurkenningu þannig að það verði læsilegt, að nota eftirfarandi

tákn, þrátt fyrir ákvæði liðar 3.1 í viðauka I. í reglugerð um mælitæki og mælifræðilegt eftirlit, og í samræmi við lið 3.5 í þessum viðauka, hvert á eftir öðru:
- stílfærða bókstafinn ε,
- auðkennisstaf eða -stafi aðildarríkisins sem veitti gerðarviðurkenninguna,
- tvo síðustu tölustafi ársins sem gerðarviðurkenningin var veitt,
- tilvísunarnúmer gerðarviðurkenningarinnar (t.d. εF 75 5345).

6.4. Sýna má, á ábyrgð framleiðanda, stuðul fyrir línulega hitaþenslu efnisins sem mæliáhaldið er gert úr og skal hann táknaður með α=.....

6.5. Þá er heimilt að fram komi á mæliáhöldum upplýsingar sem heyra ekki undir mælifræði og mælt er fyrir um í reglugerð eða eru heimilaðar af innlendu lögbæru yfirvaldi.

6.6. Nú er ekki notast við tákn í áletrununum og skulu þær þá vera á opinberu máli aðildarríkjanna sem veita eiga áhaldinu viðtöku.

6.7. Heimilt er að hafa áletranir í auglýsingaskyni á lengdarmæliáhöldum, að því tilskildu að staðsetning þeirra sé í samræmi við ákvæði liðar 6.8.

6.8. Áletrununum, að meðtöldum áletrunum í auglýsingaskyni, skal þannig fyrir komið að þær trufli ekki notkun áhaldsins sem mælitækis. Skyldubundnar áletranir, að undanteknu merkinu um gerðarviðurkenningu, og staðsetning áletrana í auglýsingaskyni skal koma fram á sýnishorninu sem á að fá gerðarviðurkenningu.

7. Heimiluð hámarksfrávik.

Lengdarmæliáhöldum sem skilgreind hafa verið í þessari reglugerð skal skipt í þrjá flokka, sem kallaðir eru I, II og III, eftir nákvæmni áhaldanna.

7.1. *Heimilað jákvætt eða neikvætt hámarksfrávik*

a) mállengdar, eða

b) sérhverrar annarrar fjarlægðar milli tveggja kvarðamerkja sem liggja ekki saman,

skal sýnt í millímetrum sem hlutfall viðkomandi lengdar með formúlunni (a + b L) þar sem:
- L er viðkomandi lengd, hækkuð upp í næsta heila metra fyrir ofan,
- „a“ og „b“ eru stuðlar sem eru fastsettir fyrir hvern nákvæmnisflokk samkvæmt eftirfarandi töflu:

Nákvæmnisflokkur	a	b
I	0,1	0,1
II	0,3	0,2
III	0,6	0,4

7.2.

7.2.1. Jákvætt eða neikvætt heimilað hámarksfrávik lengdarinnar „i" fyrir bil sem eru ekki lengri en 1 sm skal fastsett fyrir hvern nákvæmnisflokk samkvæmt eftirfarandi töflu:

Lengd „i" á viðkomandi bili	Heimiluð hámarksfrávik í millimetrum fyrir nákvæmisflokk		
	I	II	III
i ≤ 1 mm	0,1	0,2	0,3
1 mm <i ≤ 1 cm	0,2	0,4	0,6

Heimiluð hámarksfrávik fyrir bil sem eru lengri en 1 sm skal sýna sem hlutfall af lengd bilsins með formúlunni (a + b L) mm, þar sem gildi færibreytnanna a og b er jafnt því sem kemur fram í lið 7.1 og þar sem L er viðkomandi lengd, hækkuð upp í næsta heila metra fyrir ofan.

7.2.2. Jákvæður eða neikvæður heimilaður hámarksmunur lengdarinnar i fyrir tvö samliggjandi bil sem eru ekki lengri en 1 sm skal fastsettur fyrir hvern nákvæmnisflokk samkvæmt eftirfarandi töflu:

Lengd „i" á viðkomandi bili	**Heimilaður hámarksmunur í millímetrum, fyrir nákvæmnisflokk**		
	I	II	III
i ≤ 1 mm	0,1	0,2	0,3
1 mm <i ≤ 1 cm	0,2	0,4	0,6

Heimilaður hámarksmunur fjarlægðar á milli kvarðamerkja sem eru ekki samliggjandi, fyrir bil sem eru lengri en 1 sm, skal sýndur sem hlutfall af lengd bilsins með formúlunni (a + b L) mm, eins og skilgreint er í lið 7.2.1.

7.3. Þó skal jákvætt eða neikvætt heimilað hámarksfrávik lengdar síðasta bils sem endar á brún aukið ef um er að ræða markmát eða samsett mát:
- um 0,1 mm fyrir áhöld í I. flokki,
- um 0,2 mm fyrir áhöld í II. flokki,
- um 0,3 mm fyrir áhöld í III. flokki.

– um 0,3 mm fyrir áhöld í III. flokki.

Enn fremur gilda ákvæði liða 7.1 og 7.2.2 ekki:
– ef annað af ósamliggjandi kvarðamerkjunum sem um getur í b-lið liðar 7.1 er brún, og
– ef annað af samliggjandi kvarðamerkjunum sem um getur í lið 7.2.2 er síðasta bil sem endar á brún.

7.4. Heimilað hámarksfrávik áhalda í notkun skal vera jafnt til tvisvar sinnum meira en heimilað hámarksfrávik við frumsannprófun.

7.5. Heimiluð hámarksfrávik skulu háð eftirfarandi viðmiðunaraðstæðum:

7.5.1. Viðmiðunarhiti skal að öllu jöfnu vera 20° C. Þó má nota annan viðmiðunarhita í undantekningartilvikum fyrir tiltekin áhöld sem tilgreind eru í 9. lið hér að neðan.

7.5.2. Lengdarmæliáhöld sem hafa togkraft sem sýndur er í 9. lið hér að aftan skulu prófuð, allan þann tíma sem skoðun stendur yfir, í reynd án núnings og á láréttum fleti við þann togkraft sem gefinn er upp á áhaldinu.

8. Frumsannprófunarmerki.

8.1. Gera verður ráð fyrir stað framarlega á lengdarmæliáhaldinu sjálfu eða á áfestum hluta þess þar sem hægt er að festa frumsannprófunarmerkið.

8.2. Festa verður merkin í samræmi við ákvæði liðar 3.1 í viðauka II við reglugerð um mælitæki og mælifræðilegt eftirlit.

8.3. Þó er heimilt, þrátt fyrir lið 3.1, að frumsannprófunarmerkið sé lítið „e" inni í sexhyrningi, þar sem í efri hluta stafsins sé stór auðkennistafur eða -stafir aðildarríkisins þar sem frumsannprófunin fór fram, en í neðri helmingi hans sé ártal sannprófunarinnar. Dæmi um merkið er sýnt í 12. lið.

8.4. Valið milli mismunandi gerða merkisins skal vera í höndum þeirra aðila sem ábyrgir eru fyrir frumsannprófuninni.

9. Mismunandi gerðir lengdarmæliáhalda sem um getur í þessari reglugerð.

9.1. *Markmát, línumát eða samsett mát sem gerð eru úr trefjagleri og plasti.*
Mállengd milli 0,5 og 100 m.
Sýna skal togkraftinn sem er um það bil 20 N.
Á lausum endum markmáta og samsettra máta skulu vera slitþolnar ræmur eða hlífar.
Þessi áhöld skulu tilheyra I., II. eða III. nákvæmnisflokki.

9.2. *Mæliáhöld sem eru í einu lagi, stíf eða hálfstíf úr málmi eða öðru efni.*
Mállengd milli 0,5 og 5 m.
Heimilt er, í vissum tilvikum, að viðmiðunarhiti sé annar en 20° C.
Til mæliáhalda af þessari gerð teljast einnig dýptarstikur sem notaðar eru til að

mæla yfirborðshæð vökva.

Við endann á stífum dýptarstikum skal vera slit- og höggþolinn hólkur eða hlíf. Ekki skal stafa neistaflug af hólkinum eða hlífinni við högg.

Þessi áhöld skulu tilheyra I. eða II. nákvæmnisflokki.

9.3. *Mæliáhöld úr málmi eða öðru efni og sem leggja má saman.*

Mállengd milli 0,5 og 5 metrar.

Hlutar áhaldsins skulu vera jafnlangir á milli samskeyta.

Tryggja skal að samskeytin myndi rétta línu þegar áhaldið er opið með skilvirkum búnaði sem sé þannig smíðaður að hann valdi ekki viðbótarfráviki við samskeyti sem sé meira en 0,3 mm á áhöldum sem tilheyra I. og II. nákvæmnisflokki og 0,5 mm á áhöldum sem tilheyra III. flokki.

Þessi áhöld skulu tilheyra I., II. eða III. nákvæmnisflokki.

9.4. *Málbönd úr stáli.*

9.4.1. *Markmát, línumát og samsett mát með vindubúnaði.*

Mállengd milli 0,5 og 10 m; þversnið málbanda sem eru 5 til 10 m skal vera hvolflaga.

Heimilt er að hafa þessi áhöld í kassa og að ein hlið hans sé notuð til mælinga, einkum þegar mælt er innanmál. Á lausum enda þessara áhalda skal vera fastur eða sígandi krókur eða tunga.

Þessi áhöld skulu tilheyra I. eða II. nákvæmnisflokki.

9.4.2. *Markmát eða línumát, ætluð til að mæla meiri lengd en mállengd áhaldsins.*

Mállengd: 5, 10, 20, 50, 100 eða 200 m.

Sýna skal á áhaldinu togkraftinn sem er um það bil 50 N.

Á þessum áhöldum skulu vera handföng eða hringir við báða enda.

Ef handföngin eru innifalin í mállengdinni skulu þau þannig smíðuð að samskeyti þeirra valdi ekki ónákvæmni í mælingunni.

Þessi áhöld skulu tilheyra I. eða II. nákvæmnisflokki.

9.4.3. *Línumát eða samsett mát með vindubúnaði, ekki ætluð til að mæla meiri lengd en mállengd.*

Mállengd milli 5 og 200 metrar.

Heimilt er, í vissum tilvikum, að viðmiðunarhiti sé annar en 20° C.

Sýna skal á áhaldinu togkraftinn sem er um það bil 50 N.

Á lausa endanum skal vera handfang, hringur eða krókur sem er ekki innifalinn í mállengdinni.

Þessi áhöld skulu tilheyra I. eða II. nákvæmnisflokki.

9.5. *Samsett dýptarmálbönd úr málmi með sökkum, notuð til að mæla yfirborðshæð vökva.*

Mállengd milli 5 og 50 m.

Heimilt er, í vissum tilvikum, að viðmiðunarhiti sé annar en 20° C.

Sýna verður togkraftinn á áhaldinu en hann skal vera nægilega mikill til að teygja á bandinu á réttan hátt.

Togkrafturinn skal orka á mæliáhaldið með hjálp sökku en á sökkunni skal vera áletruð þyngd hennar.

Aðalkvarðamerki, sem er jafnframt upphaf kvarðans, skal vera á neðri hlið sökkunnar og skal hún vera af viðeigandi lögun úr efni sem ekki stafar af neistaflug við högg.

Sakkan skal ýmist vera föst við bandið eða laustengd þannig að tengslin eða samskeytin valdi ekki ónákvæmni í mælingu.

Bandið skal allt kvarðað í millímetrum sem og ein slétt hlið sökkunnar.
Á hinum enda áhaldsins má vera vindubúnaður.
Þessi áhöld skulu tilheyra I. eða II. nákvæmnisflokki.

Þó skal heimilað hámarksfrávik áhalds í notkunarstöðu ásamt sökku aldrei vera minna en 0,6 mm.

10. Gerðarviðurkenning og frumsannprófun.

Gerðarviðurkenning og frumsannprófun á lengdarmæliáhöldum skulu fara fram í samræmi við þá tilhögun sem mælt er fyrir um í reglugerð um mælitæki og mælifræðilegt eftirlit.

10.1. *Skoðun fyrir gerðarviðurkenningu.*

Að frátöldum þeim skjölum sem rannsaka á skal skoðunin felast í að gengið er úr skugga um að gerðin sem lögð er fram sé í samræmi við 2., 3., 4., 5., 6. (að undanteknum lið 6.4), 7., 8. og 9. lið.

10.2. *Athuganir vegna frumsannprófunar.*

10.2.1. Athuganir vegna frumsannprófunar skulu gerðar á öllum lengdarmæliáhöldum sem lögð eru fram eða á lotu af mæliáhöldum í samræmi við 11. lið.

10.2.2. Athugun vegna frumsannprófunar felst í því að lengdarmæliáhald er skoðað berum augum til að ganga úr skugga um að það sé í samræmi við viðurkennda gerð; þetta á einkum við ákvæði liða 3.6, 4.1 og 4.3.

10.2.3. Einnig þarf að ganga úr skugga um að lengdarmæliáhaldið standist kröfur um heimiluð hámarksfrávik frá mállengd að teknu tilliti, eftir því sem við á, til ákvæða liðar 9.5.

10.2.4. Að auki skal athuga, á fimm mismunandi stöðum á mæliáhaldinu sem valdir eru af handahófi:
- fjarlægðina milli tveggja kvarðamerkja sem liggja ekki saman,
- lengd bilsins,
- mismuninn milli lengda tveggja samliggjandi bila,

til að ganga úr skugga um að þessi atriði séu í samræmi við b-lið liðar 7.1, liði 7.2.1 og 7.2.2 að teknu tilliti, eftir því sem við á, til ákvæða liða 7.3 og 9.3.

Þar til bærum aðilum er heimilt að fækka eða fjölga athugunum ef niðurstöður skoðunar gefa ástæðu til.

10.2.5. Allar athuganir sem um getur hér að ofan skulu fara fram við viðmiðunaraðstæður sem tilgreindar eru í lið 7.5.

11. Tölfræðilegri athugun beitt sem athugun vegna frumsannprófunar.

Nú eru lengdarmæliáhöld raðframleidd og aðilinn, sem er ábyrgur fyrir að þau eru lögð fram, lýsir yfir að þegar sé búið að skoða þau nægilega vel og skal þá framkvæma tölfræðilega eigindaprófun á áhöldunum, óski aðilinn þess, að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum.

11.1. *Almennt.*

11.1.1. *Lota.*

Lota er lengdarmæliáhöld sem:
- hafa sömu gerð,
- tilheyra sama nákvæmnisflokki,
- eru framleidd á sama hátt.

Stærð lotu er sá fjöldi lengdarmæliáhalda sem í henni er. Hámarksstærð lotu fyrir frumsannprófun er 10.000 einingar.

11.1.2. *Úrtak.*
Úrtak eru lengdarmæliáhöld sem valin eru af handahófi úr lotu. Fjöldi lengdarmæliáhalda kallast úrtaksstærð.

11.1.3. *Tölfræðileg eigindaprófun.*
Tölfræðileg eigindaprófun er skoðun þar sem lengdarmæliáhöld eru flokkuð sem gölluð eða ógölluð í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar.

11.1.4. *Markgildisgæðastig (LQ 5).*
Markgildisgæði er gæðastig lotu sem hefur verið lögð fram og þar sem 5% líkur eru taldar vera á samþykki í úrtaksáætlun.

11.1.5. *Samþykkt gæðastig (SQL).*
Samþykkt gæðastig er gæðastig lotu sem lögð hefur verið fram og þar sem 95% líkur eru taldar vera á samþykki í úrtaksáætlun.

11.1.6. *Samþykktargildi.*
Í tölfræðilegri einingaprófun er samþykktargildið hámarksfjöldi gallaðra mæliáhalda í skoðaða úrtakinu sem leyfir að viðkomandi lota sé samþykkt.

11.1.7. *Höfnunargildi.*
Í tölfræðilegri einingaprófun er höfnunargildið fjöldi gallaðra mæliáhalda í skoðaða úrtakinu er leiðir til þess að viðkomandi lotu er hafnað.

11.1.8. *Einföld úrtaksáætlun.*
Fjöldi einstakra mæliáhalda sem er skoðaður skal vera jafn stærð úrtaksins eins og hún er tilgreind í áætluninni. Ef fjöldi gallaðra áhalda sem finnst í úrtakinu er jafn eða minni en samþykktargildi skal samþykkja lotuna. Ef fjöldi gallaðra áhalda er jafn eða meiri en höfnunargildi skal hafna lotunni.

11.1.9. *Tvöföld úrtaksáætlun.*
Fjöldi einstakra mæliáhalda sem er skoðaður skal vera jafn stærð fyrra úrtaksins eins og hún er tilgreind í áætluninni. Ef fjöldi gallaðra áhalda sem finnast í fyrra úrtaki er jafn og eða minni en fyrra samþykktargildi skal samþykkja lotuna. Ef fjöldi gallaðra áhalda í fyrra úrtaki er jafn og eða meiri en fyrra höfnunargildi skal hafna lotunni. Ef fjöldi gallaðra áhalda sem finnast í fyrra úrtaki leikur á bilinu á milli fyrra samþykktargildis og fyrra höfnunargildis skal annað úrtak, af stærð sem áætlun tilgreinir, skoðað. Fjöldi gallaðra mæliáhalda sem finnast í fyrra og síðara úrtaki skal síðan lagður saman. Ef heildarfjöldi gallaðra áhalda er jafn og eða minni en síðara samþykktargildið skal samþykkja lotuna. Ef heildarfjöldi gallaðra áhalda er jafn og eða meiri en síðara höfnunargildi skal hafna lotunni.

11.2. *Skoðunaraðferðir*
Nota skal aðra af þeim tveimur aðferðum sem lýst er hér að neðan að vali aðilans sem er ábyrgur fyrir skoðuninni.

Fyrri aðferðin, hér eftir kölluð aðferð „A", er miðuð við að áhöld séu lögð fram í eitt skipti en sú seinni, hér eftir kölluð aðferð „B", er miðuð við að áhöld séu lögð fram oftar. Í athuguninni felst að talinn er fjöldi gallaðra mæliáhalda í viðkomandi úrtaki.

11.2.1. Ef valin er aðferð „A" skal ábyrgi aðilinn beita úrtaksáætlun, til að meta hvort samþykkja á eða hafna lotu sem lögð hefur verið fram, sem einkennist af eftirfarandi:
- samþykkt gæðastig (SQL) milli 0,40 og 0,90%,
- markgildisgæðastig (LQ 5) milli 4,0 og 6,5%.

Dæmi um úrtaksáætlun:

Einföld úrtaksáætlun

	Úrtaksstærð	Samþykktargildi	Höfnunargildi	LQ 5	SQL
a	80	1	2	5,8	0,44
b	125	2	3	5,0	0,65

Tvöföld úrtaksáætlun

		Úrtaks-stærð	Heildar-stærð	Samþykktar-gildi	Höfnunar-gildi	LQ 5	SQL
a	Fyrra úrtak	50	50	0	2	5,8	0,44
	Síðara úrtak	50	100	1	2		
b	Fyrra úrtak	80	80	0	3	5,0	0,65
	Síðara úrtak	80	160	3	4		

Nú er lotu hafnað og skal þá ábyrgur aðili framkvæma skoðun á allri lotunni eða gera nauðsynlegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að hún sé sett á markað í því ástandi sem hún er.

11.2.2. Ef valin er aðferð „B" skal ábyrgi aðilinn beita úrtaksáætlun, til að meta hvort samþykkja á eða hafna lotu sem lögð hefur verið fram, sem er í samræmi við eftirfarandi töflu:

Úrtaksáætlanir

Röð sem áhöld eru lögð fram í	Stærð	Samþykktar-gildi	Höfnunar-gildi
1	70	0	1
2	85	0	1
3	105	0	1
4	120	0	1

Þegar lota hefur verið samþykkt skal framkvæma skoðun á næstu lotu samkvæmt nr. 1 í röðinni sem áhöld eru lögð fram í.

Þegar lotu er hafnað skal ábyrgur aðili gera nauðsynlegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að hún sé sett á markað í því ástandi sem hún er og aðilanum sem lagði lotuna fram til frumsannprófunar er heimilt að leggja fram sömu lotu eða aðra. Þá

4 í röðinni sem áhöld eru lögð fram í, er ábyrgum aðila heimilt að framkvæma skoðun á hverju einstöku áhaldi í lotunni.

11.3. *Afleiðingar þess að lotum er oft hafnað.*
Nú er lotum hafnað oft og er þá ábyrgum aðila heimilt að hætta tölfræðilegu athuguninni. Ef gæði aukast ekki eftir að handhafa gerðarviðurkenningar hefur verið bent á galla, er heimilt að hefja málsmeðferðina um afturköllun gerðarviðurkenningar sem um getur í 11. gr. reglugerðar um mælitæki og mælifræðilegt eftirlit.

12. **Dæmi um frumsannprófunarmerki sem um getur í lið 8.3:**



REGLUGERÐ

um lóð frá 1mg-50kg í hærri nákvæmnisflokkum.

1. gr.

Markmið.

Í reglugerð um mælitæki og aðferðir við mælifræðilegt eftirlit, er kveðið á um aðferðir við gerðarviðurkenningu og frumsannprófun. Samkvæmt þeirri reglugerð er í þessari reglugerð mælt fyrir um tækniákvæði sem lóð í hærri nákvæmnisflokkum skulu uppfylla til að setja megi þau óheft á markað og taka í notkun eftir frumsannprófanir og þegar frumsannprófunarmerki hefur verið fest á þau.

Taka skal mið af alþjóðlegum tilmælum nr. 33 frá Alþjóðalögmælifræðistofnuninni um hugtakið „viðtekinn massi".

2. gr.

Gildissvið.

Þessi tilskipun tekur til lóða í hærri nákvæmnisflokkum sem hafa nafngildi sem er jafnt og eða meira en 1 mg eða jafnt og eða minna en 50 kg. Hún tekur ekki til karatalóða, sem eru framleidd í SI-stærðum, eða sérstakra lóða sem aðrar tilskipanir gilda um.

3. gr.

Skilgreiningar.

Í reglugerð þessari hafa eftirfarandi orð merkingu sem hér segir:

Frumsannprófun: Aðferð, sem lýst er almennt í reglugerð um mælitæki og aðferðir við mælifræðilegt eftirlit. Í þessari reglugerð er um að ræða aðferð til að ganga úr skugga um að tiltekin lóð séu í samræmi við mælifræðilegar kröfur þessarar reglugerðar, m.a. um leyfilegt hámarksfrávik og merkingar.

Gerðarviðurkenning: Gerðarviðurkenning byggir á ítarlegri gerðarprófun, þar sem prófað hefur verið eftir skilgreindum kröfum. Gerðarviðurkenning er venjulega forsenda frumsannprófunar. Lóð þurfa ekki gerðarviðurkenningu.

Grunnlóð: Lóð sem eru notuð við skoðun voga og lóða eru nefnd grunnlóð.

Lóð: Áþreifanlegt mæliáhald fyrir massa með lögboðnum smíða- og mælifræðilegum eiginleikum: lögun, stærð, efni, áferð, málgildi og heimilað hámarksfrávik.

Lóðasamstæða: Röð lóða sem venjulega eru saman í kassa og eru þannig saman sett að unnt er að vigta allar hleðslur frá minnsta málmassa upp í summu allra lóðanna í samstæðunni, í röð þar sem lóðið með minnsta málmassa í samstæðunni er einingin.

Röð í lóðasamstæðu er gjarnan á þennan hátt:

$(1; 1; 2; 5) \times 10^n$ kg

$(1; 1; 1; 2; 5) \times 10^n$ kg

$(1; 2; 2; 5) \times 10^n$ kg

$(1; 1; 2; 2; 5) \times 10^n$ kg

Í þessum yrðingum er n ýmist núll eða heil jákvæð eða neikvæð tala.

Málgildi lóða: Málgildi lóða skal vera jafnt 1×10^n kg, 2×10^n kg eða 5×10^n kg; í þessum yrðingum er n ýmist núll eða heil jákvæð eða neikvæð tala.

Viðtekinn massi: 3.1. Við 20° C er viðtekinn massi lóðs jafn viðmiðunarmassa með eðlismassanum 8000 kg/m^3 sem það er í jafnvægi við í lofti með eðlismassanum 1,2 kg/m^3.

Heimiluð hámarksfrávik sem um getur í 1. lið viðauka eiga við um viðtekinn massa.

4. gr.

Markaðssetning og merkingar.

Lóð sem mega fá EBE-merki og -tákn eru tilgreind í viðaukanum. Þau þurfa ekki að fá gerðarviðurkenningu, en þau þurfa að fá frumsannprófun.

Óheimilt er að hafna, banna eða takmarka notkun eða markaðssetningu lóða sem um getur í 2. gr. ef á lóðunum er merki um frumsannprófun.

5. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum um vog, mál og faggildingu nr. 100/1992 og með hliðsjón af ákvæðum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sem vísað er til í 10. tölul. IX. kafla II. viðauka og tilskipun 74/148/EBE um lóð sem eru frá 1 mg og upp í 50 kg í hærri nákvæmnisflokkum, með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af II. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytið, 28. febrúar 1994.

F. h. r.
Þorkell Helgason.

Sveinn Þorgrímsson.

VIÐAUKI.

1. Heimiluð hámarksfrávik fyrir frumsannprófun.

Jákvæð eða neikvæð heimiluð hámarksfrávik fyrir hvert lóð eru sýnd í millígrömmum í eftirfarandi töflu:

Málgildi	Flokkur E_1	Flokkur E_2	Flokkur F_1	Flokkur F_2	Flokkur M_1
50 kg	25	75	250	750	2 500
20 kg	10	30	100	300	1 000
10 kg	5	15	50	150	500
5 kg	2,5	7,5	25	75	250
2 kg	1,0	3,0	10	30	100
1 kg	0,50	1,5	5	15	50
500 g	0,25	0,75	2,5	7,5	25
200 g	0,10	0,30	1,0	3,0	10
100 g	0,05	0,15	0,5	1,5	5
50 g	0,030	0,10	0,30	1,0	3,0
20 g	0,025	0,080	0,25	0,8	2,5
10 g	0,020	0,060	0,20	0,6	2,0
5 g	0,015	0,050	0,15	0,5	1,5
2 g	0,012	0,040	0,12	0,4	1,2
1 g	0,010	0,030	0,10	0,3	1,0
500 mg	0,008	0,025	0,08	0,25	0,8
200 mg	0,006	0,020	0,06	0,20	0,6
100 mg	0,005	0,015	0,05	0,15	0,5
50 mg	0,004	0,012	0,04	0,12	0,4
20 mg	0,003	0,010	0,03	0,10	0,3
10 mg	0,002	0,008	0,025	0,08	0,25
5 mg	0,002	0,006	0,020	0,06	0,20
2 mg	0,002	0,006	0,020	0,06	0,20
1 mg	0,002	0,006	0,020	0,06	0,20

2. Lögun lóða.

Eins gramms lóð getur verið margfeldi eins gramms eða brot af því.

2.1. Eins gramms lóð og lóð sem eru margfeldi af grammi.

2.1.1. Lóð í flokki M_1 skulu vera eins að lögun og lóð í millinákvæmnisflokki.

2.1.2. Lóð í öðrum nákvæmnisflokkum geta verið að ytra máli eins og lóð í millinákvæmnisflokki. Lóð frá 10 kg til 1 gramms geta einnig verið sívöl eða að lögun eins og toppskorin keila með hnapplaga handfangi ofan á.

2.1.2.1. Hæð sjálfs lóðsins skal vera nokkurn veginn jöfn meðalþvermálinu og leyfilegur munur meðalþvermáls og hæðar á milli $^3/_4$ og $^5/_4$ þess þvermáls.

2.1.2.2. Á öllum lóðum skal hæð hnapplaga handfangs liggja á milli meðalþvermáls sjálfs lóðsins og helmings þess þvermáls.

2.1.3. Á lóðum í flokki E_1, E_2 og F_1 er ekki skylt að hafa hnapplaga handfang; þau geta verið einfaldur sívalningur að lögun.

2.1.4. Lóð í flokki E_1, E_2 skulu steypt í einu lagi; í lóðum í öðrum flokkum er leyfilegt að hafa stillihólf sem er lokað með hnapplaga handfanginu eða öðrum hentugum búnaði. Rúmmál stillihólfs skal ekki vera meira en sem nemur 1/5 af heildarrúmmáli lóðsins.

2.2. Lóð sem eru eitt gramm og lóð sem eru brot úr grammi.
Lóð sem eru eitt gramm og lóð sem eru brot úr grammi skulu vera samsett úr marghyrndum þynnum eða þráðum og þannig að lögun að auðvelt sé að handleika þau.

Lögun lóðanna skal gefa til kynna málgildi þeirra.
Marghyrndar þynnur, lögun og gildi:
þríhyrningur fyrir 1 - 10 - 100 - 1 000 mg
ferhyrningur fyrir 2 - 20 - 200 mg
fimmhyrningur fyrir 5 - 50 - 500 mg
Marghyrndir þráðhlutar og gildi þeirra:
1 hluti fyrir 1 - 10 - 100 - 1 000 mg
2 hlutar fyrir 2 - 20 - 200 mg
5 hlutar fyrir 5 - 50 - 500 mg

Nú er tvö lóð eða fleiri í samstæðu eins og skal þá aðgreina þau með einni eða tveimur stjörnum eða punktum ef um er að ræða lóð úr þynnum, en með einum eða tveimur krókum ef um er að ræða lóð úr þráðum.

2.3. Leyfilegt er að lóð sem eru 20 og 50 kg þung og tilheyra ekki flokki M_1 hafi þá lögun sem best hentar fyrirhugaðri notkun þeirra.

3. Smíðaefni lóða.

3.1. Lóð skulu gerð úr málmi eða málmblöndu. Gæði málmsins eða málmblöndunnar skulu vera slík að rýrnun lóðanna, við eðlilegar notkunaraðstæður, sé hverfandi miðað við heimiluð hámarksfrávik í nákvæmnisflokki þeirra.

3.1.1. Lóðin skulu vera nægilega þétt til að 10% breyting á loftþéttleika miðað við þann þéttleika sem tilgreindur er (1,2 kg/m^3) leiði ekki af sér frávik sem er meira en 1/4 af heimiluðu hámarksfráviki.

3.1.2. Málmur eða málmblanda sem lóð í flokkunum E_1, E_2 og F_1 eru gerð úr skal vera því sem næst ónæmur fyrir segulsviði.

6.2. Málmur eða málmblanda sem 5 til 50 kg rétthyrningslaga lóð í flokki M_1 eru gerð úr skal að minnsta kosti standast ryð og slit jafnvel og grátt steypujárn.

3.3. Sívöl lóð í flokki M_1 að málgildi jafnt og eða minna en 10 kg skulu gerð úr látúni eða öðru efni sem samsvarar að minnsta kosti látúni að gæðum.

3.4. Heimilt er að þeim eiginleikum sem um getur í liðum 6.2 og 6.3 sé náð fram með viðeigandi meðferð á yfirborði.

4. Áferð yfirborðs.

4.1. Yfirborð lóðanna, að meðtöldum botni þeirra og brúnum, skal vera algerlega slétt. Yfirborð lóða í flokki E_1, E_2, F_1 og F_2 skal vandlega fægt og ekki sýnast grópið sé það skoðað berum augum.

Yfirborð sívalra 10 kg til 1 kg lóða í flokki M_1 skal fægt og ekki sýnast grópið sé það skoðað berum augum. Áferð yfirborðs 50, 20, 10 og 5 kg rétthyrningslaga lóða í flokki M_1 skal sambærilegt við steypujárn sem er vandlega steypt í móti úr fínum sandi.

4.2. Leyfilegt er að yfirborð lóða í flokki E_1, E_2, F_1 og F_2 sem eru eins eða fleiri gramma þung sé varið með málmhúð.

4.3. Leyfilegt er að yfirborð lóða í flokki M_1, sem eru eins eða fleiri gramma þung sé varið með heppilegri húð.

5. Stillingarefni.

Lóð í nákvæmnisflokkum F_1 og F_2 sem hafa stillihólf skulu stillt með sama efni og þau eru gerð úr eða með hreinu tini eða með mólýbdeni.

Stilla má lóð í flokki M_1 með blýi.

6. Áletranir.

6.1. Lóð úr þynnum eða þráðum sem hafa málgildi minna en eða jafnt og eitt gramm skulu ekki merkt með málgildi.

6.2. Lóð sem hafa málgildi sem er jafnt og eða meira en eitt gramm:
– skulu ekki merkt með málgildi í flokkum E_1 og E_2
– skulu, í flokki F_1, einungis merkt með málgildi eins og mælt er fyrir um í lið 9.2.1; merkingin skal vera sorfin eða grafin í;
– skulu, í flokki F_2 merkt eins og lóð í flokki F_1 að viðbættum bókstafnum F;
– skulu, í flokki M_1 hafa málgildi í tölum og þar á eftir tákn viðkomandi einingar, ýmist upphleypt eða grafið í, ofarlega á lóðinu sjálfu eða á hnapplaga handfangi.

Sívöl lóð skulu merkt með bókstafnum „M“, ýmist upphleyptum eða gröfnum í; rétthyrningslaga lóð skulu merkt með bókstafnum „M“ sem þarf hvorki að vera upphleyptur né grafinn í.

6.2.1. Málgildi lóðanna skal sýnt í:
– kílógrömmum á lóðum sem eru 1 kílógramm eða meira,
– grömmum á lóðum sem eru 1 til 500 grömm.

6.2.2. Lóð sem eru tvö eða þrjú í samstæðu skulu auðkennd með einni eða tveimur stjörnum eða einum eða tveimur punktum.

7. Merki um lokasannprófun.

Á öllum kössum sem í eru lóð í flokki E_1, E_2 og F_1, svo og öllum kössum sem í eru eins gramms lóð og tugamargfeldi af grammi skal vera merki um lokasannprófun.

Á lóð í flokki F_2 skal setja merki um lokasannprófun á lok stillihólfs en ef stillihólf er ekki fyrir hendi á botn lóðsins. Á eins gramms til 50 kg lóð í flokki M_1 skal setja merkin um lokasannprófun á blýið sem lokar stillihólfi eða á botn lóðsins ef stillihólf er ekki fyrir hendi.

8. Frágangur.

8.1. Stök lóð og samstæður lóða í flokkum E_1, E_2, F_1 og F_2 skulu vera í kössum.

8.2. Í flokki M_1 skulu
- stök lóð eða samstæður lóða með gildi allt að 500 grömm vera í kössum
- lóð sem hafa málgildi meira en 500 grömm vera í kössum, í standi eða stök án hlífar.

8.3. Á lokum kassanna skal sjást í hvaða flokki lóðin í þeim eru: E_1, E_2, F_1, F_2 og M_1.

REGLUGERÐ

um 5-50 kg rétthyrningslaga lóð og 1-10 kg sívöl lóð í millinákvæmnisflokki.

1. gr.

Markmið og gildissvið.

Í reglugerð um mælitæki og aðferðir við mælifræðilegt eftirlit frá 1994, er kveðið á um aðferðir við gerðarviðurkenningu og frumsannprófun. Samkvæmt þeirri reglugerð er í þessari reglugerð settar tæknilegar kröfur um hönnun á rétthyrningslaga og sívölum lóðum í millinákvæmnisflokki.

Reglugerðin gildir um lóð í millinákvæmnisflokki af eftirfarandi málmassa:

1) Rétthyrningslaga lóð:
   5 kg, 10 kg, 20 kg og 50 kg.
2) Sívöl lóð:
   1 g, 2 g, 5 g, 10 g, 20 g, 50 g, 100 g, 200 g og 500 g og
   1 kg, 2 kg, 5 kg og 10 kg.

3. gr.

Skilgreiningar.

Í reglugerð þessari hafa eftirfarandi orð merkingu sem hér segir:

Frumsannprófun: (EBE-frumsannprófun) Aðferð, sem lýst er almennt í reglugerð um mælitæki og aðferðir við mælifræðilegt eftirlit. Í reglugerð þessari er um að ræða aðferð til að ganga úr skugga um að tiltekin lóð séu í samræmi við mælifræðilegar kröfur þessarar reglugerðar, m.a. um leyfilegt hámarksfrávik og merkingar.

Gerðarviðurkenning: (EBE-gerðarviðurkenning) Gerðarviðurkenning byggir á ítarlegri gerðarprófun, þar sem prófað hefur verið eftir skilgreindum kröfum. Gerðarviðurkenning er venjulega forsenda frumsannprófunar. Lóð þurfa ekki gerðarviðurkenningu.

4. gr.

Markaðssetning og merkingar.

Lóð sem mega hafa EBE-merki og tákn eru sýnd og þeim lýst í viðauka I. – IV. Þau þurfa ekki að fá gerðarviðurkenningu heldur eingöngu frumsannprófun.

Óheimilt að neita, banna eða takmarka að rétthyrningslaga eða sívöl lóð af millinákvæmnisflokki séu sett á markað eða tekin í notkun ef á lóðunum er frumsannprófunarmerki.

5. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum um vog, mál og faggildingu nr. 100/1992 og með hliðsjón af ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sem vísað er til í 2. tölul. IX. kafla, II.viðauka og tilskipun 71/317/EBE um 5 - 50 kg rétthyrningslaga lóð í millinákvæmnisflokki og 1 - 10 kg sívöl lóð í millinákvæmnisflokki, með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af II. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytið, 28. febrúar 1994.

F. h. r.
Þorkell Helgason.

Sveinn Þorgrímsson.

VIÐAUKI I.

RÉTTHYRNINGSLAGA LÓÐ.

1. Lögun, smíðaefni og framleiðsluaðferð.

1.1 Lóðin skulu vera rétthyrningslaga og með föstu handfangi sem stendur ekki út úr.

1.2. Efni sem nota á:

1.2.1. Lóðið sjálft: grátt steypujárn.

1.2.2. Gerð 1: handfang úr saumlausu stálröri með stöðluðu þvermáli.
Gerð 2: handfang úr steypujárni sem er áfast lóðinu.

2. Stillihólf.

Gerð 1.

2.1. Hólfið er inni í rörlaga handfanginu.

2.2. Hólfið er lokað af með skrúfu úr dregnu látúni eða látúnsskrúfu sem er eins og slétt skífa. Á skrúfunni er rauf fyrir skrúfjárn en fyrir miðju á sléttu skífunni er hola þar sem ná má taki á skífunni til að draga hana út

2.3. Skrúfan er innsigluð með blýloki sem gengur inn í hringlaga gróp eða inn í skrúfgang á handfanginu.

Gerð 2.

2.4. Hólfið er í öðrum stöpli lóðsins og er opnanlegt ofan á honum.

2.5. Hólfinu er lokað með lítilli plötu úr mjúku stáli.

2.6. Stálplatan er innsigluð með blýkúlu sem gengur inn í rauf eins og sýnt er í viðauka II.

3. Stilling.

3.1. Þegar nýtt lóð hefur verið stillt með blýhagli skulu tveir þriðju hlutar stillihólfs vera tómir.

4. Staðsetning á merki um frumsannprófun.

4.1. Merki um endanlega sannprófun er þrykkt á blýinnsiglið við stillihólfið.

5. Merkingar og sérstök tákn.

5.1. Tölur sem sýna málmassa, svo og auðkenni framleiðanda skulu vera ofan á miðhluta lóðsins, grafin í það eða upphleypt

5.2. Málmassi lóðsins skal tilgreindur á eftirfarandi hátt:
5 kg, 10 kg, 20 kg, 50 kg.

6. Mál og frávik.

6.1. Mælt er fyrir um málin sem farið skal eftir fyrir lóð af mismunandi þyngd í viðauka II (málin eru gefin í millímetrum).

6.2. Vikmörk fyrir hin ýmsu lengdarmál lóðsins eru eins og viðtekið er í slíkum framleiðsluiðnaði.

7. Heimiluð hámarksfrávik.


Málmassi	Heimiluð hámarksfrávik við frumsannprófun í millígrömmum
5 kg	+ 800 - 0
10 kg	+ 1600 - 0
20 kg	+ 3200 - 0
50 kg	+ 8000 - 0

8. Áferð.


8.1. Ef nauðsyn krefur skulu lóð varin gegn ryði með því að þekja þau með efni sem ver þau gegn skemmdum vegna slits og högga.

VIÐAUKI II.

RÉTTHYRNINGSLAGA LÓÐ.



Gerð 1



Gerð 2

Tafla yfir málsetningar í mm																				ISO / R 261 gengjur										
Málstærð	a	b	c	d	e	f	g	h	i	j	k	l	m	n	o	p	q	r	s	t	u	v	w	x	y	z	A	B
5 kg	150	85	84	152	88	36	13	20	12	145	18	30	6	5	12	19	16	55	65	M16 x 1,5	1	2	16	18	16,5	16	5	1,5
10 kg	190	95	109	193	97	46	25	20	12	185	25	38	8	6	16	25	35	80	81	M16 x 1,5	1	2	14	18	16,5	16	5	1,5
20 kg	230	115	139	234	117	61	30	32	24	220	30	52	12	8	20	29	50	95	106	M27 x 1,5	2	3	21	30	27,5	27	8	1,5
50 kg	310	155	192	314	157	83	40	32	24	300	40	74	16	10	25	40	80	148	159	M27 x 1,5	2	3	21	30	27,5	27	8	1,5

málsetningum a og d má snúa við

VIÐAUKI III.

SÍVÖL LÓÐ.

1. Lögun, smíðaefni og framleiðsluaðferð.

1.1. Sívalningur með flötu, hnapplaga handfangi.

1.2. Efni sem nota á: sérhvert efni með eðlismassa 7 til 9,5 g/sm^3, með hörku sem er jafn mikil og í steypulátúni hið minnsta, ekki ryðgjarnara eða hættara við að molna en grátt steypujárn og með yfirborðsflöt sem er sambærilegur við steypujárn sem er vandlega steypt í móti úr fínum sandi.
Ekki skal nota grátt steypujárn í lóð sem hefur minni málmassa en 100 g.

1.3. Framleiðsluaðferð skal miðast við það efni sem lóðið er úr.

2. Stillihólf.

2.1. Hólfið skal vera sívalt og stærra að ummáli í efsta hluta þess.

2.2. Hólfið skal lokað af með skrúfu úr dregnu látúni eða látúnsskrúfu sem er eins og slétt skífa. Á skrúfunni er rauf fyrir skrúfjárn en fyrir miðju á sléttu skífunni er hola þar sem ná má taki á skífunni til að draga hana út.

2.3. Skrúfan skal innsigluð með blýloki sem gengur inn í hringlaga gróp sem holuð hefur verið í víðari hluta hólfsins.

2.4. Ekki er þörf á stillihólfi í 1, 2, 5 og 10 g lóðum.

2.5. Frjálst er hvort stillihólf er í 20 og 50 g lóðum.

3. Stilling.

3.1. Þegar nýtt lóð hefur verið stillt með blýhagli skulu tveir þriðju hlutar stillihólfs vera tómir.

4. Staðsetning á merki um frumsannprófun.

4.1. Merki um endanlega sannprófun skal þrykkt á blýinnsiglið við stillihólfið.

4.2. Hafi lóðið ekki stillihólf skal merkinu þrykkt neðan á það.

5. Merkingar og sérstök tákn.

5.1. Tölur sem sýna málmassa, svo og auðkenni framleiðanda skulu vera ofan á handfangi lóðsins, grafin í það eða upphleypt

5.2. Málmassa lóðsins má þó tilgreina á sjálfu lóðinu ef það er 500 g til 10 kg.

5.3. Málmassi skal nefndur á eftirfarandi hátt:
1 g, 2 g, 5 g, 10 g, 20 g, 50 g, 100 g, 200 g, 500 g,
1 kg, 2 kg, 5 kg, 10 kg.

6. Mál og frávik.

6.1. Mælt er fyrir um málin sem farið skal eftir fyrir lóð af mismunandi þyngd í auka IV. (málin eru gefin í millímetrum).

6.2. Vikmörk fyrir hin ýmsu lengdarmál lóðsins eru eins og viðtekið er í slíkum framleiðsluiðnaði.

7. Heimiluð hámarksfrávik.


Málmassi	Heimiluð hámarksfrávik í milligrömmum við frumsannprófun
1 g	+ 5 - 0
2 g	+ 5 - 0
5 g	+ 10 - 0
10 g	+ 20 - 0
20 g	+ 20 - 0
50 g	+ 30 - 0
100 g	+ 30 - 0
200 g	+ 50 - 0
500 g	+ 100 - 0
1 kg	+ 200 - 0
2 kg	+ 400 - 0
5 kg	+ 800 - 0
10 kg	+ 1600 - 0

8. Áferð.

8.1. Ef nauðsyn krefur skulu lóð varin gegn ryði með því að þekja þau með efni sem ver þau gegn skemmdum vegna slits og högga; þau má fægja.

VIÐAUKI IV.

SÍVÖL LÓÐ



Mál-stærð	Tafla yfir málsetningar í mm																										ISO/R 261 gengjur
	a	b	c	d	e	f	g	h	i	j	k	l	m	n	o	p	q	r	s	t	u	v	w	x	y	z	
1 g	6	5,5	3	Breytilegt. Fer eftir hvaða efni er notað	0,5	0,9	0,5	–	1																		
2 g	6	5,5	3		0,5	0,9	0,5	–	1																		
5 g	8	7	4,5		0,7	1,25	0,5	–	1				Án stillihólfs														
10 g	10	9	6		0,8	1,5	0,5	–	1																		
20 g	13	11,5	7,5		1	1,8	0,5	10°	1,5																		
20 g	13	11,5	7,5		1	1,8	0,5	10°	1,5	5,5	2,5	3	M4 x 0,5	9	18	6,5	1,5	1	5	5	1	1	0,5	0,5	1	1
50 g	18	16	10		1,5	2,5	1	10°	2	Án stillihólfs																	
50 g	18	16	10		1,5	2,5	1	10°	2	7,5	3,5	4,5	M6 x 0,5	10	25	9	2	1	7	5	1	1,5	0,75	0,75	1,5	1,5
100 g	22	20	13		2	3,5	1	10°	2	7,5	3,5	4,5	M6 x 0,5	10	30	9	2	1	7	5	1	1,5	0,75	0,75	1,5	1,5
200 g	28	25	16		2,25	4	1,5	10°	3,2	10,5	4,5	7	M8 x 1	15	40	12	2,5	1,5	10	8	2	2	0,75	1	1,5	2
500 g	38	34	22		3	5,5	1,5	10°	3,2	10,5	4,5	7	M8 x 1	15	50	12	2,5	1,5	10	8	2	2	0,75	1	1,5	2
1 kg	48	43	27		4	7	2	10°	5	18,5	7	12	M 14 x 1,5	20	65	20	4	2,5	18	13	3	3	1	1,5	1,5	3
2 kg	60	54	36		5	9	2	10°	5	18,5	7	12	M 14 x 1,5	20	80	20	4	2,5	18	13	3	3	1	1,5	1,5	3
5 kg	80	72	46		6,5	12	2	10°	10	24,5	8	18	M 20 x 1,5	35	120	26,5	4	2,5	24	18	3	4	1,5	2	1,5	3
10 kg	100	90	58		8,5	15	3	10°	10	24,5	8	18	M 20 x 1,5	35	160	26,5	4	2,5	24	18	3	4	1,5	2	1,5	3

REGLUGERÐ

um raforkumæla.

1. gr.

Gildissvið.

Í samræmi við reglugerð um mælitæki og aðferðir við mælifræðilegt eftirlit er nauðsynlegt að mæla fyrir um tæknikröfur um hönnun raforkumæla og hvernig þeir vinna. Þessi reglugerð gildir um nýja beintengda spanmæla fyrir einn taxta eða fleiri sem hannaðir eru til að mæla 50 Hz virkan einfasa- eða fjölfasaorkustraum.

2. gr.

Skilgreiningar.

Í reglugerð þessari hafa eftirfarandi orð merkingu sem hér segir:

Frumsannprófun (EBE-frumsannprófun): Aðferð, sem lýst er í reglugerð þessari, til að ganga úr skugga um að framleiðsla tækis sé í samræmi við viðurkennda frumgerð og standist mælifræðilegar kröfur, m.a. um leyfilegt hámarksfrávik og merkingar.

Gerðarviðurkenning (EBE-gerðarviðurkenning): Gerðarviðurkenning sem byggir á ítarlegri gerðarprófun þar sem prófað hefur verið eftir kröfum viðeigandi reglugerða eða annarra kröfuskjala. Gerðarviðurkenning er forsenda frumsannprófunar og markaðssetningar eftir öðrum leiðum.

Tæknilegar skilgreiningar er að finna í I. kafla viðaukans.

3. gr.

Markaðssetning og notkun.

Raforkumælar, sem mega fá EBE-merki og -tákn, er lýst í viðaukanum við reglugerð þessa. Skylt er að þeir fái EBE-gerðarviðurkenningu og að EBE-frumsannprófun fari fram á þeim.

Óheimilt er að hindra, banna eða takmarka markaðssetningu eða notkun raforkumæla hafi slíkir mælar EBE-gerðarviðurkenningarmerkið og EBE-frumsannprófunarmerkið. Raforkumælar, sem nota á til að mæla orkunotkun vegna gjaldtöku og falla undir lög nr. 100/1992 um vog, mál og faggildingu, skulu löggiltir af þar til bærum aðila.

4. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum um vog, mál og faggildingu nr. 100/1992 og með hliðsjón af ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sem vísað er til í 19. tölul. IX. kafla II. viðauka, tilskipun 76/891/EBE ásamt síðari breytingum um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi raforkumæla, með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af bókun 1, II. viðauka við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytið 28. febrúar 1994.

F. h. r.

Þorkell Helgason.

Sveinn Þorgrímsson.

VIÐAUKI.

I. KAFLI
SKILGREININGAR.

Áhrifsstærð eða þáttur: Sérhver stærð eða þáttur, annar en mæld stærð, sem haft getur áhrif sem breyta niðurstöðu mælingarinnar.
Breyting skekkju vegna áhrifsstærðar: Breyting á skekkju mælisins þegar einstök áhrifsstærð fær tvö tiltekin gildi hvort á eftir öðru.
Viðmiðunargildi áhrifsstærðar: Það gildi áhrifsstærðar sem miðað er við þegar tiltekin einkenni mælisins eru ákvörðuð.
Grunnstraumur (I_b): Það straumgildi sem skil mælisins eru ákvörðuð í samræmi við.
Hámarksstraumur (I_{max}): Hámarksgildi straums sem mælirinn skal standast kröfur þessarar reglugerðar við.
Bjögunarstuðull: Hlutfalli raungildis yfirsveifluþáttar sem fundinn er með því að draga grunnþáttinn frá ósínuslagaðri riðstærð, á móti raungildi hinnar ósínuslöguðu stærðar. Bjögunarstuðullinn er venjulega tilgreindur sem prósent.
Grunnhraði: Málsnúningshraði snúðsins í snúningum á mínútu þegar mælirinn er við viðmiðunarskilyrði og flytur grunnstraum með aflstuðulinn 1.
Grunnsnúningsvægi: Málgildi þess snúningsvægis sem beita þarf á snúðinn til að halda honum kyrrum þegar mælirinn er við viðmiðunarskilyrði og flytur grunnstraum með aflstuðulinn 1.
Gerð: Hugtak notað til að skilgreina alla mæla, með einum eða fleiri taxta, sem eru framleiddir af sama framleiðanda og hafa:

- áþekka mælifræðilega eiginleika,
- áþekka byggingu þeirra hluta sem ákvarða þessa eiginleika,
- sama ampervindingafjölda í straumvöfum fyrir grunnstrauminn og sama fjölda vindinga í spennuvöfum fyrir viðmiðunarspennuna,
- sama hlutfall milli hámarksstraums og grunnstraums.

Innan sömu gerðar mega vera mismunandi gildi á grunnstraumi og viðmiðunarspennu.

Athugasemdir:
a) Framleiðandi skal merkja mælana með einni eða fleiri bókstafs- eða talnasamstæðum eða samsetningu bókstafa og talna. Hver gerð skal aðeins hafa eina merkingu.
b) Dæmigert fyrir gerðina skal vera sýni sem í eru þrír mælar og ætlað er til gerðarviðurkenningarprófana en kennistærðir (grunnstraumur og viðmiðunarspenna) skulu valin af viðkomandi mælifræðistofu úr þeim sem fram koma í þeim töflum sem framleiðandi gerir tillögu um (ákvæði 6.1.1).
c) Þegar um er að ræða sérstaka framleiðslu af sömu gerð kann margfeldið af gildi grunnstraums og vindingafjölda að vera frábrugðið því sem er á þeim mælum sem eru dæmigerðir fyrir gerðina. Skal þá velja næsta gildi þessa margfeldis fyrir ofan eða neðan til þess að fjöldi vindinga verði heil tala.

Aðeins af þessari ástæðu má fjöldi vindinga á volt hafa frávik sem ekki má fara yfir 20 % af vindingafjölda sýnismælanna sem eru dæmigerðir fyrir gerðina.
d) Hlutfall hæsta og lægsta grunnsnúningshraða snúðs hverra þeirra mæla, sem eru af sömu gerð, má ekki yfirstíga 1:5.

II. KAFLI
TÆKNILEGAR KRÖFUR.

2. Aflrænar kröfur.

2.1. Almenn atriði.
Mælarnir skulu þannig hannaðir og smíðaðir að þeir geti ekki valdið hættu við venjubundna notkun og við venjuleg skilyrði þannig að sérstaklega sé tryggt:
- að menn fái ekki rafstuð;
- að menn verði ekki fyrir öflugri hitageislun;
- að eldur breiðist ekki út.

Verja skal vandlega alla hluta sem hætt er við tæringu við venjuleg notkunarskilyrði.
Varnarhúð skal hvorki vera hætt við skemmdum við venjulega meðhöndlun né þegar hún kemst í snertingu við loft við venjuleg notkunarskilyrði.
Mælirinn skal hafa nægilegan aflrænan styrk og skal standast aukna hitageislun sem líklegt er að eigi sér stað við venjuleg notkunarskilyrði.
Íhlutar skulu tryggilega festir og tryggt að þeir losni ekki við flutninga eða venjulega notkun.
Raftengi skulu vera þannig að rafrásin geti ekki opnast við neinar aðstæður, þar með talið yfirálag sem tilgreint er í reglugerð þessari.
Við smíði mælis skal þess gætt að hætta á að skammhlaup eigi sér stað í einangrun milli hluta sem straumur er á og leiðandi hluta, vegna þess að t.d. vafningur eða skrúfa losni af ófyrirsjáanlegum orsökum, sé í lágmarki.

2.2. Mælishús.
Mælishúsið skal vera því sem næst rykþétt og unnt að innsigla það þannig að innri hlutar mælisins séu einungis aðgengilegir eftir að innsigli hafa verið rofin.
Einungis skal unnt að opna lokið með verkfæri, mynt eða öðru ámóta.
Mælishúsið skal þannig smíðað og því komið fyrir að þótt það beyglist um tíma komi það ekki í veg fyrir að mælirinn gangi eðlilega.
Mælar, sem tengja á við raflögn með yfir 250 V spennu miðað við jörð og hafa mælishús sem inniheldur aðgengilega málmhluta, skulu hafa varnarjarðtengiklemmu.
Ef um er að ræða mæla sem tengja á við raflögn með 250 V eða lægri viðmiðunarspennu miðað við jörð og hafa mælishús að öllu leyti eða að hluta úr málmi, skal gera viðeigandi ráðstafanir til að jarðtengja mælishúsið.

2.3. Gluggar.
Sé mælislokið ógagnsætt skal vera á því einn gluggi eða fleiri svo að unnt sé að lesa á skráningarbúnaðinn og fylgjast með hreyfingu snúðsins. Í gluggunum skulu vera plötur úr gagnsæju efni sem ógerlegt er að fjarlægja nema rjúfa innsiglin.

2.4. Tengiklemmur – tengiklemmuraðir.
Færa skal tengiklemmur saman í eina eða fleiri tengiklemmuraðir, nægilega burðugar til að tengja við þær stífa leiðara eða kapla.
Það skal vera unnt að taka spennutengiklemmurnar úr sambandi við strauminntakstengiklemmurnar án nokkurra erfiðleika.
Samtenging leiðara og tengiklemma skal vera þannig að nægjanlegt og varanlegt samband sé tryggt þannig að ekki sé hætta á að þær gefi sig eða ofhitnun eigi sér

stað. Götin í einangrunarefninu, sem eru í framhaldi af tengiklemmugötunum, skulu vera nægjanlega stór til að auðvelt sé stinga einangrun leiðarans inn í þau.

Athugasemd: Efnið, sem tengiklemmubrettið er gert úr, skal fullnægja prófunarskilyrðum sem mælt er fyrir um í tilmælum Alþjóðlegu staðlastofnunarinnar (ISO) R 75 (1958), 6. lið, fyrir 135 °C hita.

2.5. Tengiklemmulok.
Yfir tengiklemmunum í mælinum skal vera lok sem hægt er að innsigla óháð mælislokinu. Þegar mælirinn hefur verið settur upp á töfluna á ekki að vera unnt að ná til tengiklemmanna án þess að rjúfa innsiglin á tengiklemmulokinu. Tengiklemmulokið skal þess vegna hylja tengiklemmubrettið, skrúfurnar sem halda leiðurunum í tengiklemmunum og ef nauðsyn krefur, nægjanlega lengd af tengileiðurunum og einangrun þeirra.

2.6. Skráningarbúnaður (teljari).
Heimilt er að skráningarbúnaður sé með kefli eða vísa.
Eining skráningarbúnaðar skal vera kílóvattstund.
Í keflisskráningarbúnaði skulu einingarnar merktar til hliðar við keflin. Í vísaskráningarbúnaði skal kvörðunum deilt upp í tíu jafna hluta með tölum frá núll til níu (nema kvarðanum sem sýnir lægsta gildi). Einingakvarðanum skal deilt upp í hluta 1 d Δ 1 kWh og við hvern hinna kvarðanna skal merkja fjölda kílóvattstunda sem svarar til einnar tugaeiningar, þ.e. 10, 100, 1 000, 10 000.

Kvarðar vísaskráningarbúnaðar eða kefla í keflisskráningarbúnaði, sem sýnir einn tíunda aflestrareiningar, skulu vera afmörkuð með lit eða lituð.
Að auki skal kvarðinn eða keflið, sem snýst í sífellu og sýnir lægsta gildið, skiptast upp í 100 jafna hluta eða vera með öðru sniði sem tryggir sömu nákvæmni í aflestri.
Endingartími skráningarbúnaðarins skal, þegar talning hefst á núlli, vera minnst 1 500 klukkustundir við álag sem svarar til hámarksstraums við viðmiðunarspennu og aflþáttar sem jafngildir einum.
Allar upplýsingar, sem birtar eru á skráningarbúnaðinum, skulu vera varanlegar og læsilegar.

2.7. Snúningsátt snúðsins og merking.
Brún snúðsins sem horfir við þeim sem les af, skal hreyfast frá vinstri til hægri.
Snúningsátt snúðsins skal merkt með greinilegri og varanlegri ör.
Brúnin eða brúnin og efra borð skífunnar skal vera með meginmerki sem er milli 1/20 og 1/30 af ummáli skífunnar á breidd til að auðvelda talningu hringferða.
Einnig er heimilt að skífan sé með merki sem gera kleift að framkvæma snúðsjárprófanir eða aðrar prófanir. Þessi merki skulu ekki hindra notkun meginmerkisins þegar það er notað við talningu hringferða skífunnar með ljósnema.

3. Rafmagnsfræðilegar kröfur.

3.1. Orkutap.

3.1.1. *Spennurásir.*
Orkutap í hverri spennurás með viðmiðunarspennu, viðmiðunartíðni og við viðmið-

unarhitastig skal ekki vera meira en 2 W og 8 VA fyrir einfasamæla og 2 W og 10 VA fyrir fjölfasamæla.

3.1.2. *Straumrásir.*
Sýnilegt orkutap hverrar grunnstraumsrásar með viðmiðunartíðni og við viðmiðunarhitastig skal ekki vera meira en 2,5 VA fyrir mæla með lægri grunnstraum en 30 A. Það skal ekki vera meira en 5 VA fyrir hærri grunnstraum.

3.2. Hitun.
Vafningar og einangrun mega ekki, við venjuleg notkunarskilyrði, ná hitastigi sem líklegt er að hafi skaðleg áhrif á virkni mælisins.
Hitaris (Δ_t) ólíkra hluta mælisins við umhverfishitastig hæst 40°C má ekki vera meira en gefið er upp í töflunni að neðan þegar hámarksstraumi er hleypt gegnum hverja rafrás og hver spennurás (og aukarásir sem tengdar eru lengur en hitatímastuðull þeirra segir til um) hefur 1,2 sinnum hærri spennu en viðmiðunarspennu.
Prófa skal mælinn í tvær klukkustundir þar sem hvorki er dragsúgur né beint sólarljós.

Mælishlutar	Δ_t í °C
Vafningar	60
Ytra borð mælishúss	25

Þar að auki skal mælirinn, að lokinni prófun, ekki sýna nein merki um skemmdir og standast riðspennuprófunina í 3.3.3.
Ákvarða skal hitastig vafninga með viðnámsmunaraðferðinni (sjá útgáfu 28 frá Alþjóðlega raftækniráðinu (IEC), „Alþjóðlegar tækniforskriftir fyrir temprun koparteygunda").
Þegar viðnámsmæling rafrásar fer fram skulu aðtaugar mælisins vera að minnsta kosti 100 sm langar og með nægilegu þverskurðarflatamáli svo að straumflæði verði minna en 4 A/mm^2. Mælingar viðnámsbreytingar skulu fara fram við tengingar tengiklemmuhólfsins.

3.3. Rafstöðueiginleikar.
Mælirinn ásamt innbyggðum aukabúnaði, ef einhver er, skal þannig gerður að eðlilegir rafstöðueiginleikar haldist óbreyttir við venjuleg notkunarskilyrði þar sem tillit er tekið til áhrifa andrúmsloftsins og mismunandi rásaspennu hans við venjuleg notkunarskilyrði.
Þar af leiðandi skal mælirinn standast rafstöðuprófanirnar sem fjallað er um í ákvæðum 3.3.2 og 3.3.3 án þess að skemmdir hljótist af.
Prófun skal einungis fara fram á nýjum mælum með lok (með undantekningu sem að neðan greinir) og tengiklemmulok á sínum stað, tengiklemmuskrúfur leiðaranna hertar þannig að sverasti leiðarinn sem leyfður er sé fastspenntur á tengiklemmurnar.
Þessar prófanir skulu gerðar aðeins einu sinni á sama mælinum og skal aðferðin vera í samræmi við útgáfu 60 frá Alþjóðlega raftækniráðinu (IEC): „Háspennuprófanir (1962)".

Athugasemd: Sé tengiklemmum í mæli komið fyrir með öðrum hætti en í mælinum sem upphaflega var viðfang gerðarviðurkenningar skal framkvæma allar rafstöðueiginleikaprófanir á þeim tengiklemmum.

Hugtakið „jörð" hefur eftirfarandi merkingu í þessum prófunum:
a) sé mælishúsið einungis úr málmi er jörð sjálft húsið lagt á leiðandi plötu;
b) sé mælishúsið eða einungis hluti þess úr einangrandi efni er jörð leiðandi þynna tengd við leiðandi plötu sem mælirinn er lagður á.

Hafa skal um það bil 2 sm bil milli þynnunnar og gatanna fyrir leiðarana í tengiklemmuhólfinu þar sem tengiklemmulokið leyfir.
Meðan á höggspennu- og riðspennuprófunum stendur skal tengja þær rafrásir, sem ekki er verið að prófa, annaðhvort við grind eða jörð eins og lýst er hér á eftir.
Fyrst skal framkvæma höggspennuprófunina og síðan riðspennuprófunina.
Meðan á þessum prófunum stendur skal enginn yfirsláttur, hleðsla sem veldur gegnumslætti eða götun eiga sér stað.
Að þessum prófunum loknum skal engin breyting á frávikum mælisins í hundraðstölum, sem er stærri en óvissa í mælingum, eiga sér stað.
„Allar tengiklemmurnar" merkir í þessum lið allar þær straumrásatengiklemmur, spennurásatengiklemmur og aukarásatengiklemmur sem kunna að fyrirfinnast og hafa viðmiðunarspennu yfir 40 V.

3.3.1. *Almenn skilyrði fyrir prófunum á rafstöðueiginleikum*
Framkvæma skal þessar prófanir við venjuleg notkunarskilyrði. Meðan á prófun stendur skulu eiginleikar einangrunarinnar ekki spillast af völdum ryks eða óeðlilegs raka.
Venjuleg skilyrði fyrir einangrunarprófunum eru, nema annað sé tekið fram:
- umhverfishitastig 15°C til 25°C
- hlutfallslegur raki 45% til 75%
- loftþrýstingur $86 \cdot 10^3$ til $106 \cdot 10^3$ Pa (860 mbör til 1 060 mbör).

3.3.2. *Höggspennuprófun.*
Tilgangurinn með höggspennuprófun er að ákvarða hæfni mælisins til að standast háa skammtímayfirspennu án þess að verða fyrir skemmdum.

Athugasemd: Markmiðið með prófun í samræmi við ákvæði 3.3.2.1 er einkum að ganga úr skugga um einangrun spennuvafninga milli snúninga eða laga annars vegar og hins vegar einangrun milli ólíkra rása mælisins sem í venjulegri notkun eru tengdar við leiðara ólíkra fasa raflagna sem yfirspenna getur myndast á milli.

Tilgangurinn með ákvæðum í 3.3.2.2 er að innleiða almenna sannprófun á eiginleikum einangrunar allra jarðtengdra rafrása mælisins. Þessi einangrun er grundvallaröryggisatriði fyrir fólk ef yfirspenna myndast í raflögnum.
Orka rafalsins, sem notaður er við þessar prófanir, skal vera í samræmi við viðeigandi kröfur í útgáfu 60 frá Alþjóðlega raftækniráðinu (IEC). Höggspennubylgjur eru staðlaðar 1,2/50 og hæsta gildið er 6 kV. Við hverja prófun er höggspennu beitt tíu sinnum með sömu skautun.

3.3.2.1. Prófun á einangrun spennurása og einangrun milli rása.

Framkvæma skal prófunina á hverri rás fyrir sig (eða rásaknippi) sem einangruð er frá öðrum rásum mælisins við venjulega notkun. Tengiklemmur rása, sem ekki er hætta á að verði fyrir höggspennu, skulu vera jarðtengdar.
Þegar spennu- og straumrásir drifskautasamstæðu eru samtengdar við venjulega notkun skal þannig framkvæma prófunina á öllum rásum. Jarðtengja skal hinn enda spennurásarinnar og beita höggspennu milli straumrásartengiklemmunnar og jarðar.
Þegar nokkrar spennurásir mælis hafa sameiginlegan tengipunkt skal jarðtengja punktinn og beita höggspennu milli lausu endanna hvers á eftir öðrum (eða rafrásarinnar sem tengd er við hvern þeirra) og jarðar.
Aukarásir, sem tengja á beint við raflagnir og hafa viðmiðunarspennu hærri en 40 V skulu höggspennuprófaðar við sömu skilyrði og þegar hafa verið tilgreind fyrir spennurásir. Ekki skal prófa aðrar aukarásir.

3.3.2.2. Prófun á einangrun jarðtengdra rafrása.

Allar tengiklemmur á rafrásum mælisins, nema tengiklemmur aukarása með 40 V viðmiðunarspennu eða lægri, skulu vera samtengdar.
Aukarásir með 40 V viðmiðunarspennu eða lægri skulu vera jarðtengdar.
Beita skal höggspennu milli allra rása mælisins og jarðar.

3.3.3. *Riðspennuprófun.*

Framkvæma skal riðspennuprófun í samræmi við töfluna hér á eftir.
Prófunarspennan skal vera sínuslöguð í raun og hafa tíðnina 50 Hz sem beitt er í eina mínútu. Orkugjafinn skal að minnsta kosti geta séð fyrir 500 VA.
Rafrásir, sem ekki eru spennuprófaðar, skulu tengdar við grindina meðan prófanir A og B í töflunni eru framkvæmdar.
Aukarafrásir með viðmiðunarspennu 40 V eða lægri skulu jarðtengdar meðan prófanir á jarðtengingu eru framkvæmdar (C í töflunni hér að neðan).

Raungildi prófunarspennu	Viðmið fyrir beitingu prófunarspennu
	A. *Prófanir sem heimilt er að framkvæma án mæliloks og tengiklemmuloks* – milli grindar og:
2 kV	a) hvers knippis straumspennuvafninga einnar og sömu drifskautasamstæðu sem við venjulega notkun eru samtengdir, en aðgreindir og hæfilega einangraðir frá öðrum rásum;
2 kV	b) hverrar aukarásar eða knippis samliggjandi aukarása með sameiginlegan tengipunkt, þar sem viðmiðunarspennan er yfir 40 V;
500 V	c) hverrar aukarásar með viðmiðunarspennu sem er 40 V eða lægri

600 V eða tvöföld spenna sem beitt er á spennuvafninga við viðmiðunarskilyrði þar sem viðmiðunarspennan er hærri en 300 V (hærri talan skal gilda)	B. *Prófanir sem heimilt er að framkvæma án tengiklemmuloks en með mælislokið á sínum stað sé það úr málmi* – milli straumrásar og spennurásar hverrar drifskautasamstæðu, sem venjulega eru samtengdar. Þar sem þessi tenging er rofin tímabundið meðan prófunin er framkvæmd (*).
2 kV	C. *Prófanir sem framkvæma ber með mælishúsið lokað, með mælislokið og tengiklemmulokið á sínum stað* – milli allra straum- og spennurása og einnig aukarása sem hafa hærri viðmiðunarspennu en 40 V þegar þær eru samtengdar og jarðar mælisins.

(*) Þetta er ekki prófun á rafstöðustyrkleika í þröngri merkingu, heldur aðferð til að sannprófa að einangrunarbil séu nægjanleg þegar tengibúnaðurinn er opinn.

4. Upplýsingar sem birta skal á mælinum.

4.1. Kenniplata.
Hver mælir skal hafa kenniplötu sem annaðhvort getur verið skífa skráningarbúnaðarins eða plata, fest innan á mælinn.
Eftirfarandi upplýsingar skulu koma þar fram, varanlegar, læsilegar og greinilegar utan frá:

a) auðkenni eða viðskiptaheiti framleiðanda;
b) heiti tegundarinnar;
c) merki sem staðfestir EBE-gerðarviðurkenningu mælisins;
d) lýsing á fjölda og niðurröðun drifskautasamstæðna, annaðhvort á eftirfarandi hátt: einfasa með tvo víra, þriggjafasa með fjóra víra o.s.frv. eða með táknum í samræmi við samræmda Evrópustaðla;
e) viðmiðunarspenna;
f) grunnstraumur og hámarksstraumur á eftirfarandi hátt: 10 – 40 A eða 10 (40) A;
g) viðmiðunartíðni, 50 Hz;
h) stuðull mælisins, annaðhvort x Wh/snúningur eða x snúningar/kWh;
i) raðnúmar mælisins og framleiðsluár;
j) viðmiðunarhitastig sé það annað en 23 °C.

Einnig er heimilt að á mælinum komi fram upplýsingar eins og framleiðslustaður, verslunarheiti, sérstakt raðnúmer, heiti rafveitu, samræmismerki við evrópskan staðal og kennitala uppdráttar af tengingum. Allar aðrar upplýsingar eða áletranir skulu bannaðar nema fyrir þeim sé sérstakt leyfi.

4.2. Uppdráttur af tengingum og merkingar tengiklemma.
Á hverjum mæli skal vera skýr uppdráttur af tengingum sem sýnir samræmi milli tengiklemma, þar á meðal tengiklemma aukabúnaðar og leiðaranna sem tengja á. Þegar um þriggjafasamæla er að ræða skal sýna þá fasaröð sem mælirinn er ætlaður fyrir. Uppdrátturinn af tengingunum kann að hafa tilvísunarnúmer stimplað á kenniplötuna. Séu tengiklemmur mælisins merktar skal sýna slík merki á uppdrættinum.

Heimilt er að tilvísunarnúmer, sem tilgreint er í innlendum staðli þess aðildarríkis þar sem mælirinn verður notaður, komi í stað uppdrátta af tengingum.

III. KAFLI

5. Mælifræðilegar kröfur.

5.1. Heimiluð hámarksfrávik.
Einfasamælar og fjölfasamælar með jafnvægu álagi skulu ekki, samkvæmt viðmiðunarskilyrðum sem lýst er í ákvæði 5.2, fara fram úr þeim frávikum sem tilgreind eru í töflu I og fjölfasamælar með einfasaálagi (með jafnvægri spennu) skulu ekki fara fram úr frávikum sem tilgreind eru í töflu II.

TAFLA I

Straumgildi	Aflstuðull	Heimiluð hámarksfrávik (±)
$0{,}05\ I_b$	1	2,5%
$0{,}1\ I_b < I < I_{max}$	1	2,0%
$0{,}1\ I_b$	0,5 spanaður	2,5%
$0{,}2\ I_b < I < I_{max}$	0,5 spanaður	2,0%

TAFLA II

Straumgildi	Aflstuðull	Heimiluð hámarksfrávik (±)
$0{,}2\ I_b < I < I_b$	1	3,0%
$I_b < I < I_{max}$	1	4,0%
I_b	0,5 spanaður	3,0%

Sé um grunnstraum og aflstuðul 1 að ræða ætti mismunur frávika í mæli með einfasaálagi og frávika í hundraðstölu með jafnvægu fjölfasaálagi ekki að vera meiri en 2,5%.

Athugasemd: Með einfasaálagi á þriggjafasamæli er átt við álag með fjögurra leiðara kerfi (þar af einn núllleiðari) sem fær straum sem ákvarðast af fasaspennu eða mæli með þriggja leiðara kerfi (enginn núllleiðari) sem fær straum sem ákvarðast af spennu milli fasa. Í öllum tilvikum skal öll jafnvæg spenna áfram tengd við mælinn.

5.2. Viðmiðunarskilyrði.

Framkvæma skal prófanir til að ákvarða frávik og fráviksveiflu sem fall af áhrifsstærðum samkvæmt eftirfarandi viðmiðunarskilyrðum nema kveðið sé skýrt á um undantekningu í þessum viðauka:

a) mælirinn skal vera lokaður, þ.e. mælislokið skal vera á sínum stað;
b) þegar um ræðir keflisskráningarbúnað skal einungis tengja við keflið sem snýst hraðast, jafnvel þótt það sé ósýnilegt;
c) áður en nokkur mæling fer fram skal spennan hafa verið á í að minnsta kosti eina klukkustund og prófunarstraumur skal í hvert sinn stilltur eftir stígandi eða fallandi gildum, stig af stigi, og skal vera nægjanlega lengi á til að snúningshraði snúðsins verði stöðugur;

að auki, fyrir fjölfasamæla:

d) frágangur fasanna skal vera í samræmi við beina samtengda röð (eins og sýnt er í uppdrættinum af tengingunum);
e) spenna og straumur skulu af hagnýtum ástæðum vera jafnvæg, þ.e.:

– öll spenna milli fasa og núllleiðara eða milli tveggja fasa skal ekki víkja meira en 1% frá meðaltali viðmiðunarspennu;

– straumur í hverjum leiðara skal ekki víkja meira en 2% frá meðaltali straums í leiðurunum;

– fasatilfærslur af völdum þessa straums þar sem tilsvarandi fasi hefur núllspennu skulu ekki víkja hver frá annarri meira en 2° hver sem aflstuðullinn er.

Viðmiðunargildi áhrifsstærða eru tilgreind í töflu III.

TAFLA III

Áhrifsstærðir	Viðmiðunargildi	Vikmörk
Umhverfishitastig	Viðmiðunarhitastig eða 23 °C sé það ekki tilgreint	±2 °C
Staða við notkun	Lóðrétt staða við notkun ([1])	±0,5 °
Spenna	Viðmiðunarspenna	±1%
Tíðni	Viðmiðunartíðni 50 Hz	±0,5%
Bylgjulögun	Spenna og straumur sínuslagaðs forms	Bjögunarstuðull minni en 3%
Utanaðkomandi segulmagnað span, 50 Hz	Segulmagnað span núll	Spangildi sem ekki veldur meiri hlutfallslegri fráviksveiflu en 0,3% ([2])

([1]) Ákvörðun lóðréttrar stöðu fyrir notkun:

Mælirinn skal smíðaður og samsettur þannig að tryggt sé að hann haldist réttur í lóðréttri stöðu (í hornréttri stöðu á báða vegu, fram og aftur og vinstri-hægri) þegar:

a) bakhluti hans er settur á lóðréttan flöt og
b) viðmiðun (t.d. lægri brún tengiklemmuraðar) eða viðmiðunarmerki á mælishúsinu er lárétt.

([2]) Prófunaraðferðin, sem notuð er við þessa athugun, felst í því:

a) fyrir einfasamæli, að ákvarða frávik fyrst með mælinn tengdan við raflögn á

venjulegan hátt, síðan með straum- og spennurásartengingar víxlaðar. Gildi fráviksvísis er hálfur mismunur milli þessara tveggja frávika. Þar sem fasi ytra sviðs er óþekktur skal framkvæma athugunina við 0,1 I_b fyrir aflstuðul 1 og við 0,2 I_b fyrir aflstuðul 0,5;

b) fyrir fjölfasamæli, að framkvæma þrjár mælingar við 0,1 I_b og aflstuðul 1; eftir hverja mælingu er tengingum við straum- og spennurásir víxlað 120° án þess að röð fasanna sé breytt. Gildi fráviksvísis er mestur mismunur milli hvers fráviks sem þannig er mælt og meðaltals þeirra.

5.3. Verkun áhrifsstærða.

Ákvarða skal fráviksvísi fyrir áhrifsstærðir í hverju tilviki samkvæmt þeim skilyrðum sem tilgreind eru í töflu IV um leið og tillit er tekið til allra annarra skilyrða í ákvæði 5.2.

TAFLA IV

Áhrifsstærð	Eðli prófana og skilyrði	Aflstuðull	Hámarksgildi meðalhitastigsstuðuls ±
			Munur innan heimilaðs hámarksfráviks ±
Hitastig (1)	Frá 0,1 I_b til I_{max} Frá 0,2 I_b til I_{max}	1 0,5 spanaður	0,1% /°K 0,15%/°K
Staða	Fyrir 3° halla að lóðréttu plani í hvaða átt sem er:		
	0,05 Ib	1	3,0%
	I_b og I_{max}	1	0,5%
Spenna	Fyrir 10% mismun í hvora átt í hlutfalli við viðmiðunarspennu		
	$0,1I_b$	1	1,5%
	$0,5I_{max}$	1	1,0%
	$0,5I_{max}$	0,5 spanaður	1,5%
Tíðni	Fyrir 5% mismun í hvora átt í hlutfalli við 50 Hz:		
	$0,1I_b$	1	1,5%
	$0,5I_{max}$	1	1,3%
	$0,5I_{max}$	0,5 spanaður	1,5%
Bylgjulögun (2)	Við 10% aukningu yfirsveiflna þriðju raðar í straumbylgjunni við I_b	1	0,8%
Utanaðkomandi segulmagnað span (3)	Við segulmagnað span, 0,5 mT, við viðmiðunartíðni og erfiðustu skilyrði er varða fasa og stefnu við I_b	1	3,0%
Öfug fasaröð	Við umsnúning beinnar fasaraðar:		
	0,5 I_b til I_{max} (jafnvægt álag)	1	1,5%
	0,5 I_b einfasaálag	1	2,0%
Segulsvið aukahlutar	0,5 I_b	1	1,0%
Aflfræðilegt álag skráningarbúnaðarins eða hvers skráningarbúnaðar um sig (4)	$0,05I_b$	1	2,0%

([1]) Við tiltekið hitastig milli 10 °C og 30 °C skal ákvarða gildi meðalhitastigsstuðuls fyrir svið sem er 20 °C sitt hvorum megin við þetta hitastig.

([2]) Þegar frávikssveifla sem fall af bylgjulögun er ákvörðuð skulu yfirsveiflur í spennuferli haldast minni en 1% og fasi yfirsveiflna þriðju raðar, sem settur er á straumgrafið, skal vera breytilegur milli núll og 360°.

([3]) Nauðsynlegt span fæst í miðju hringlaga rafspólu með 1 m meðalþvermál með ferningslaga þversniði og með litla geislalæga þykkt í hlutfalli við þvermál sem myndar segulíspennu sem samsvarar 400 ampervafningum.

([4]) Jafna skal áhrifsstærðum aflfræðilegs álags skráningarbúnaðarins þegar mælirinn er stilltur.

5.4. Áhrif skammvinns, öflugs yfirálags.
Prófunarrafrásin skal vera því sem næst óspönuð. Eftir að hinu skammvinna yfirálagi hefur verið hleypt á skal viðhalda spennu á tengiklemmunum og hafa mælinn í hvíldarstöðu nógu lengi til að upprunalegt hitastig náist (um það bil eina klukkustund).
Mælarnir skulu geta þolað straumhnykk (t.d. afhleðslu þéttis eða straum frá raflögn gegnum afriðilsstýringu) með hæsta gildi sem jafngildir fimmtugföldum hámarksstraum (upp að 7 000 A) og gildi sem ætíð er hærra en 25-faldur hámarksstraumur (eða 3 500 A) í 1 ms.
Við lok prófunarinnar skal frávikssveifla ekki vera meiri en 1,5% af grunnstraumi með aflstuðli 1.

5.5. Frávikssveiflur af völdum eigin hita mælis.
Ákveðnum hámarksstraumi skal hleypt á straumvafninga eftir að viðmiðunarspennu hefur verið haldið fyrst á þeim í að minnsta kosti eina klukkustund án straums frá rafrásunum. Mæla skal frávik mælisins strax eftir að hann er tekinn í notkun og síðan með hæfilega stuttu millibili svo að unnt sé að teikna rétta kúrfu fyrir frávikssveiflu sem fall af tíma.
Prófuninni skal fram haldið í að minnsta kosti eina klukkustund og að minnsta kosti uns frávik sem staðfest er á 20 mínútum er ekki hærra en 0,2%.
Mismunandi frávik af völdum eigin hita mælisins, mælt eins og tilgreint er hér að framan, skal ekki vera hærra en 1% fyrir aflstuðul 1 og 1,5% fyrir aflstuðul 0,5.

5.6. Tómagangur.
Snúðurinn skal ekki ganga í tómagangi við spennugildi sem er milli 80% og 110% af viðmiðunarspennu við þau skilyrði sem tilgreind eru í ákvæði 5.2 þegar straumrásir mælisins eru opnar: heimilt er að snúðurinn snúist lítillega en alls ekki heilan hring. Þessi krafa gildir um keflisskráningarbúnað þegar einungis eitt kefli er tengt.

5.7. Gangsetning.
Mælirinn skal fara í gang og halda áfram að snúast við þau skilyrði sem tilgreind eru í ákvæði 5.2 sé straumi, sem jafngildir 0,5% af grunnstraumi við aflstuðul 1 hleypt gegnum hann. Sannprófa skal að snúðurinn snúist áreiðanlega heilan hring. Þessi krafa gildir um keflisskráningarbúnað þegar eitt eða tvö kefli eru tengd.

5.8. Samræmi milli skráningarbúnaðar og aflestrarstuðuls mælisins.
Hlutfallið milli snúningsfjölda snúðs mælisins og upplýsinga skráningarbúnaðar skal vera rétt.

5.9. Stillimörk

Mælir sem stilltur er í samræmi við núgildandi kröfur, skal að minnsta kosti hafa eftirfarandi stillimörk:

a) Stilling við fullt álag:
± 4% af hraðamun snúðsins fyrir straum sem er helmingur hámarksstraums með viðmiðunarspennu, 50 Hz tíðni og aflstuðul 1.

b) Stilling við undirálag:
± 4% af hraðamun snúðsins fyrir 5% af grunnstraumi, með 50 Hz tíðni, viðmiðunarspennu og aflstuðul 1.

c) Stilling þegar fasatilfærsla hefur átt sér stað (ef unnt er að stilla mælinn þannig):
± 1% af fráviki í hraða snúðsins fyrir aflstuðul 0,5 (spanaður) með straum sem jafngildir helmings hámarksstraumi, 50 Hz tíðni og viðmiðunarspennu.

IV. KAFLI
EBE-GERÐARVIÐURKENNING.

Veita skal EBE-gerðarviðurkenningu vegna raforkumæla í samræmi við kröfur reglugerðar um mælitæki og aðferðir við mælifræðilegt eftirlit. Nokkrar þessara krafna eru tilgreindar í þessum kafla.

6. EBE-gerðarviðurkenning.

6.1. Málsmeðferð við EBE-gerðarviðurkenningu.

6.1.1. Tæknigögn.

Eftirtalin gögn skulu fylgja beiðni um EBE-gerðarviðurkenningu:

- teikning af mælinum í heild og hugsanlega ljósmynd;
- nákvæm lýsing á smíði mælisins og helstu íhluta hans (þar með talin öll afbrigði);
- teikningar af eftirtöldum íhlutum (þar með talin öll afbrigði):
  - sökkli, handfangi og festingum,
  - loki,
  - tengiklemmubretti og -loki.
  - drifhluta, vafningum og loftrúmi,
  - hemlakerfi og stillingu þess,
  - skráningarbúnaði,
  - snúði,
  - efri og neðri snúðlegu,
  - hitajöfnunarbúnaði,
  - jöfnunarbúnaði fyrir yfirálag,
  - jöfnun spanaðs álags,
  - jöfnun undirálags,
  - aukarásum,
  - kenniplötu;
- skýringarmynd af innri og ytri tengingum (þar á meðal aukarásum) þar sem fasaröð er sýnd;
- töflur yfir alla spennu- og straumvafninga, þ.e. fjöldi snúninga, stærð leiðara, einangrun;
- tafla yfir stuðla mælisins og snúningsvægi fyrir öll spennu- og straumgildi;

– lýsing og teikningar sem sýna staðsetningu sannprófunarmerkja og innsigla.

6.1.2. Mælar sem hljóta eiga EBE-gerðarviðurkenningu.
Með beiðni um EBE-gerðarviðurkenningu skal leggja fram þrjá mæla, dæmigerða fyrir gerðina (sjá b-lið í ákvæði 1.9).
Viðkomandi bæru yfirvaldi er heimilt að krefjast þess að lagðir séu fram fleiri mælar ef:
– umsóknin nær ekki einvörðungu til mælanna þriggja sem um getur í fyrstu málsgrein hér að ofan heldur einnig til eins eða fleiri afbrigða þeirra (efnis mælishússins, hvers kyns búnaðar fyrir einn taxta eða fleiri, búnaðar fyrir fjarmiðlun upplýsinga og til að hindra að snúður snúist í öfuga átt o.s.frv.) sem heimilt er að álíta sömu tegundar, einkum þegar niðurröðun tengiklemma er með öðrum hætti;
– umsóknin er um framlengingu eldri gerðarviðurkenningar.

6.2. Athugun vegna EBE-gerðarviðurkenningar.
Mælar, sem lagðir eru fram, skulu vera í samræmi við tæknikröfur sem settar eru fram í 2., 3. og 4. ákvæði og mælifræðilegar kröfur í 5. ákvæði.
Í þeim tilgangi, samt sem áður, að taka tillit til hugsanlegra frávika frá kvörðunaraðferðum er heimilt að x-ásarnir séu færðir fyrir hvert fráviksgraf um allt að 1% í átt að samsíða stöðu þegar fráviksgröfin sem eru í samræmi við töflu I og II eru teiknuð.

6.3. Mæliatriði fyrir EBE-gerðarviðurkenningarprófanir.
Þegar prófanir eru framkvæmdar með tilliti til mælifræðilegra krafna í 5. ákvæði skal gera mælingar að minnsta kosti að því er varðar eftirfarandi atriði:
– á öllum einfasamælum og fjölfasamælum með jafnvægu álagi, við aflstuðul 1: 1:5%, 10%, 20%, 50% og 100% af I_b og hvert heilt margfeldi af I_b upp að I_{max}
– á öllum einfasamælum og fjölfasamælum með jafnvægu álagi, við aflstuðul 0,5 (spanaður):
10%, 20%, 50%, 100% af I_b og hvert heilt margfeldi af I_b upp að I_{max};
– á fjölfasamælum með einfasaálagi:
20%, 50% og 100% af I_b, 50% I_{max} og I_{max} við aflstuðul 1 og I_b við aflstuðul 0,5 (spanaður).
Framkvæma skal þessarar prófanir á öllum fösum, hverjum á eftir öðrum.

Kanna skal áhrif áhrifsstærða í ólíku magni að minnsta kosti að því er varðar eftirfarandi atriði:
– áhrif hitastigs umhverfisins
0,1 I_b, I_b og I_{max} (aflstuðul 1),
0,2 I_b, I_b og I_{max} (aflstuðul 0,5, spanaður);
– áhrif af völdum stöðu, spennu, tíðni, bylgjulögunar, utanaðkomandi, segulmagnaðs spans, segulsviðs aukabúnaðar og af völdum aflfræðilegs álags sérhvers skráningarbúnaðar að því er varðar atriðin og þau skilyrði sem koma fram í töflu IV;
– áhrif af völdum þess að umhverfa fösunum (fjölfasamælar) fyrir 0,5 I_b, I_b og I_{max} með jafnvægu álagi og aflstuðul 1, og fyrir 0,5 I_b með einfasaálagi og aflstuðul 1 (endurtaka skal þessa síðustu prófun fyrir hvern og einn fasa).

Að auki skal framkvæma eftirfarandi prófanir:
– prófanir á skammvinnu yfirálagi, sjálfhitun og gangsetningu og sannprófun á stilli-

mörkum skal framkvæma eins og mælt er fyrir um í ákvæðum 5.4, 5.5, 5.7 og 5.9;
- framkvæma skal tómagangsprófanir með 80%, 100% og 110% af viðmiðunarspennu;
- framkvæma skal prófun á skráningarbúnaði við þau skilyrði sem tilgreind eru í ákvæði 5.8. Prófunartíminn skal vera nægilega langur til að ónákvæmni í aflestri fari ekki fram yfir ± 0,2%.

6.4. EBE-gerðarviðurkenningarvottorð.
EBE-gerðarviðurkenningarvottorðinu skulu fylgja nauðsynlegar lýsingar, teikningar og skýringamyndir til að bera kennsl á gerðina og skýra hvernig hún vinnur.

V. KAFLI
EBE-FRUMSANNPRÓFUN.

Framkvæma skal EBE-frumsannprófun á raforkumælum í samræmi við kröfur reglugerðar um mælitæki og aðferðir við mælifræðilegt eftirlit. Bæta skal eftirfarandi sérákvæðum við þessar kröfur:

7. EBE-frumsannprófun.

Í frumsannprófun raforkumæla skulu felast samþykktarprófanir og athuganir á samræmi við hina viðurkenndu gerð.

7.1. Samþykktarprófanir.
Samþykktarprófanir á mælunum skulu tryggja gæði þeirra með tilliti til atriðanna sem talin eru upp í ákvæði 7.1.1.

7.1.1. *Eðli samþykktarprófana.*
1) – prófun á rafstöðustyrkleika;
2) – sannprófun aflfræðilegra eiginleika með mælishúsið lokað;
3) – tómagangsprófanir;
4) – gangsetningarprófanir;
5) til 10) – nákvæmnisprófanir;
11) – sannprófun stuðuls.

Æskilegt er að prófanirnar séu framkvæmdar í þeirri röð sem að ofan greinir eins og nánar getur í ákvæðum 7.1.2 og 7.1.3.

7.1.2. *Skilyrði um samþykktarprófanir.*
Framkvæma skal prófanirnar á hverjum mæli með mælishúsið lokað nema að því er varðar tiltekna aflfræðilega eiginleika og, ef nauðsyn krefur, athugun á skráningarbúnaði.
Samt sem áður er heimilt að framkvæma prófanirnar með opið mælishús þegar frumsannprófun fer fram á verkstæði framleiðandans ef samkomulag er um að það hafi í raun lítil áhrif á afköst mælisins. Engu að síður skal lokið vera á þegar rafstöðustyrkur er athugaður. Eftir að prófun rafstöðustyrkleika hefur verið framkvæmd á viðunandi

hátt, en áður en aðrar prófanir eru framkvæmdar, skal hleypa rafmagni á mælinn í að minnsta kosti hálfa klukkustund með viðmiðunarspennu og rafstraum um það bil 0,1 I_b með aflstuðul 1. Þetta gerir það að verkum að unnt er að hita spennurásina fyrirfram og athuga hvort snúðurinn snýst óheftur.

Framkvæma skal prófanir nr. 3 til 11 í samræmi við skilyrði sem fram koma í töflu III eða töflu V.

TAFLA V

Áhrifsstærð	Viðmiðunargildi	Frávik ±
Umhverfishitastig	23 °C	2 °C ([1])
Staða	Lóðrétt	1 °
Spenna	Viðmiðunarspenna	1,5%
Tíðni	50 Hz	0,5%
Bylgjulögun spennu og straums	Sínuslagað	Bjögunarstuðull, minni en 5%
Utanaðkomandi segulmagnað span með tíðnina 50 Hz	Ekkert	Span orsakar ekki stærri mismunandi frávik en ± 0,3% við 0,1 I_b og aflstuðul 1 ([2])

Að auki fyrir fjölfasamæla

Fasaröð	Bein röð	
Ójafnvægi í spennu og straumi ([3])	Engin	Sama og í e-lið ákvæðis 5.2 þar sem 1,5% kemur í stað 1%

([1]) Heimilt er að framkvæma prófanirnar við hitastig sem ekki er á bilinu 21 °C - 25 °C en er á bilinu 15 °C - 30 °C sé leiðrétting gerð í hlutfalli við viðmiðunarhitastigið 23 °C með því að nota meðalhitastigsstuðul sem framleiðandi tilgreinir.
([2]) Sjá athugasemd 2 við töflu III.
([3]) Nema að því er varðar prófanir með einfasaálagi.

7.1.3. *Framkvæmd samþykktarprófunar.*

7.1.3.1. Rafstöðustyrksprófun (prófun nr. 1)
Riðspennuprófunin felst í því að hleypa riðspennu með 50 Hz tíðni og 2 kV spennugildi í eina mínútu milli allra innbyrðistengdra tengiklemma og flata málmyfirborðsins sem mælirinn er settur á. Í þessari prófun skal tengja aukarásir með 40 V nafnspennu eða minna við flata málmyfirborðið.
Framleiðandinn skal framkvæma þessa prófun á hverju tæki á eigin ábyrgð. Viðkomandi mælifræðistofa skal hafa eftirlit með henni.

7.1.3.2. Sannprófanir sem framkvæma á með mælishúsið lokað (prófun nr. 2)

- athugun á að mælishúsið og tengiklemmubretti virðist í góðu ástandi;
- athugun á að kvarðinn sé í réttri stöðu;
- athugun á að allir einstakir hlutir, sem mælt er fyrir um, séu til staðar.

7.1.3.3. Tómagangur (prófun nr. 3)
Viðkomandi mælifræðistofa skal velja milli tveggja eftirfarandi prófana:
- þegar rafmagn er á mælinum með viðmiðunarspennu, aflstuðul 1, straumi sem jafngildir 0,001 I_b, skal snúðurinn ekki fara heilan hring;
- framkvæma skal prófunina í samræmi við ákvæði 5.6.

7.1.3.4. Gangsetning (prófun nr. 4)
Hafi tómagangsprófunin verið framkvæmd samkvæmt skilyrðum í fyrsta undirlið í ákvæði 7.1.3.3 skal framkvæma gangsetningarprófun á eftirfarandi hátt:
þegar rafmagn er á mælinum með viðmiðunarspennu, aflstuðul 1, straumi sem jafngildir 0,006 I_b, skal snúðurinn fara í gang og snúast meira en einn hring.
Hafi tómagangsprófunin verið framkvæmd samkvæmt skilyrðum í öðrum undirlið í ákvæði 7.1.3.3 skal framkvæma gangsetningarprófun í samræmi við ákvæði 5.7.

Athugasemd: Framkvæma skal prófanir 3 og 4 á fjölfasamælum með alla fasa undir álagi.

7.1.3.5. Nákvæmnisprófanir (prófanir nr. 5 - 10)
Framkvæma skal nákvæmnisprófanir fyrir straumgildi og aflstuðla sem tilgreindir eru í töflu VI. Óþarft er að bíða uns hitastig vafninga er í jafnvægi. Þar eð þau skilyrði sem þessar prófanir eru framkvæmdar við eru oftast ekki stöðluð skilyrði fyrir gerðarviðurkenningu eru gildin í töflu VI hér að neðan, sem gefa meira svigrúm, notuð í stað gildanna í töflum I og II.

TAFLA VI

Prófunar-númer	Straum gildi	Aflstuðull	Mælar	Álag fjölfasamæla	Heimiluð hámarks-frávik
5	0,05 I_b	1	Einfasa og fjölfasa	Í jafnvægi	3,0%
6	I_b	1	Einfasa og fjölfasa	Í jafnvægi	2,5%
7	I_b	0,5 spanaður	Einfasa og fjölfasa	Í jafnvægi	2,5%
8 og 9	I_b	1	Fjölfasa	1 fasi með álagi (1 prófun á 2 fasanna)	3,5%
10	I_{max}	1	Einfasa og fjölfasa	Í jafnvægi	2,5%

Athugasemd: Endurtaka skal prófun nr. 5 á mælum með fleiri en einn taxta fyrir hvern aflestur sem svarar til ólíks taxta. Rafsegull eða -seglar, sem notaðir eru til að breyta taxtanum, skulu fá rafmagn í samræmi við forskriftir á skýringarmynd fyrir tengingar.

Óheimilt er að nýta heimiluð fráviksmörk markvisst í sömu átt.

7.1.3.6. Athugun á samsvörun skráningarbúnaðar við aflestrarstuðul mælisins (prófun nr. 11)
Sannprófa skal að hlutfallið milli snúningsfjölda snúðsins í mælinum og aflestrar skráningarbúnaðar sé rétt.

7.1.3.7. Óvissa í mælingum.
Eiginleikar mælitækja og annarra tækja sem notuð eru til að framkvæma prófanir nr. 5 - 10 og 11, þar sem það á við, skulu vera með þeim hætti að mælingafrávik, sem rekja má til þeirra, fari ekki, miðað við hlutfallslegt gildi, fram yfir:
- ± 0,4% við aflstuðul 1,
- ± 0,6% við aflstuðul 0,5 (spanaðan).

7.2. Athugun á samræmi við viðurkennda gerð.

7.2.1. Eðli athugunar á samræmi við viðurkennda gerð.
Til þess að ákvarða hvort mælifræðilegir eiginleikar þeirra mæla, sem framleiddir eru og færðir til frumsannprófunar, samræmist kröfum þessarar reglutegundar er heimilt að framkvæma athugun á samræmi við viðurkennda gerð, með hléum sem bær mælifræðistofa ákveður, á þremur mælum sem valdir eru af handahófi eftir að samþykktarprófanir hafa farið fram.
Þessi athugun skal felast í einni eða fleiri prófunum sem valdar eru úr þeim sem lýst er í þessari reglugerð (ákvæði 3 og 5), einkum þeim sem notaðar eru til að ákvarða áhrif áhrifsstærða.
Framkvæma skal þessar prófanir samkvæmt viðmiðunarskilyrðum sem lýst er í ákvæði 5.2 og að því er þau mæliatriði varðar sem fram koma í ákvæði 6.3.
Einnig er heimilt að sannprófa eftirfarandi atriði eftir að mælishúsið hefur verið opnað:
- gæði yfirborðsvarnar, t.d. málningar,
- gangskiptingarhlutföll,
- eðli gangskiptingar skráningarbúnaðar,
- gæði lóðninga og/eða málmskeytinga,
- hversu skrúfur eru vel hertar,
- tilvist svarfs og málmryks,
- stillimörk (sjónræn athugun).

Athugasemd: Æskilegt er, þegar tegundarviðurkenndir mælar eru í stöðugri framleiðslu, að samræmi ríki milli þess hversu oft samræmi við viðurkennda gerð er kannað og framleiðslumagns. Þar að auki skal þessari aðferð beitt í hvert sinn sem gallar, sem virðast koma fram á kerfisbundinn hátt, uppgötvast meðan á samþykkt eða öðrum prófunum stendur.

7.3. EBE-sannprófunarmerki og innsigli.
Stimpla skal mæla sem staðist hafa frumsannprófun með EBE-frumsannprófunarmerkjum.
Meðal innsigla skulu vera EBE-frumsannprófunarmerki og skulu þau fest þannig að útilokað sé að komast að innra gangvirki mælisins án þess að rjúfa EBE-frumsannprófunarinnsiglin.

REGLUGERÐ

um rennslismæla fyrir kalt vatn.

1. gr.

Gildissvið.

Í samræmi við reglugerð um mælitæki og aðferðir við mælifræðilegt eftirlit, er nauðsynlegt að mæla fyrir um tækniákvæði um hönnun rennslismæla fyrir kalt vatn og hvernig þeir vinna.

Reglugerðin gildir um rennslismæla fyrir kalt vatn, sem eru innbyggð mælitæki til samfelldrar mælingar á rúmmáli þess vatns (og einskis annars vökva) sem um þá fer og samanstanda af mælibúnaði sem tengdur er við álestrarbúnað. Vatn telst vera „kalt" þegar hitastig þess er á bilinu 0 - 30° C.

2. gr.

Skilgreiningar.

Í reglugerð þessari hafa eftirfarandi orð merkingu sem hér segir:

Frumsannprófun (EBE-frumsannprófun): Aðferð, sem lýst er í reglugerð þessari, til að ganga úr skugga um að framleiðsla tækis sé í samræmi við viðurkennda frumgerð og standist mælifræðilegar kröfur, m.a. um leyfilegt hámarksfrávik og merkingar.

Gerðarviðurkenning (EBE-gerðarviðurkenning): Gerðarviðurkenning byggir á ítarlegri gerðarprófun, þar sem prófað hefur verið eftir kröfum viðeigandi reglugerða, eða annarra kröfuskjala. Gerðarviðurkenning er forsenda frumsannprófunar og markaðssetningar eftir öðrum leiðum.

Tæknilegar skilgreiningar er að finna í I. hluta viðaukans.

3. gr.

Markaðssetning og merkingar.

Rennslismælum fyrir kalt vatn, sem heimilt er að setja EBE-merki eða -tákn á, er lýst í viðaukanum við reglugerð þessa. Þeir skulu háðir gerðarviðurkenningu og frumsannprófun.

Óheimilt er að hafna, banna eða takmarka markaðssetningu eða notkun rennslismæla fyrir kalt vatn, sem á eru merki um EBE-gerðarviðurkenningu og EBE-frumsannprófun, vegna mælifræðilegra eiginleika þeirra. Rennslismæla fyrir kalt vatn, sem nota á til magnmælingar vegna gjaldtöku og falla undir lög nr. 100/1992 um vog, mál og faggildingu, skulu löggiltir af þar til bærum aðila.

4. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum um vog, mál og faggildingu nr. 100/1992 og með hliðsjón af ákvæðum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sem vísað er til í 11. tölul. IX. kafla II. viðauka og tilskipun 75/33/EBE, ásamt síðari breytingum, um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi rennslismæla fyrir kalt vatn, með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af II. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytið, 28. febrúar 1994.

F. h. r.

Þorkell Helgason.

Sveinn Þorgrímsson.

VIÐAUKI

I. SKILGREININGAR OG ÍÐORÐ

Þessi viðauki gildir aðeins fyrir kaldavatnsmæla sem byggjast á aflfræðilegri virkni þegar notuð eru mælihólf með hreyfanlegum veggjum eða vatnshraðinn er nýttur í tengslum við búnað sem snýst (túrbínu, skrúfu o.s.frv....).

Rennsli: Rennsli er það vatnsmagn sem rennur gegnum mælinn á tiltekinni tímaeiningu, mælt í rúmmetrum eða lítrum og tíminn mældur í klukkustundum, mínútum eða sekúndum.
Rennslisafköst: Rennslisafköst er það heildarmagn vatns sem hefur streymt gegnum mælinn á tilteknum tíma.
Hámarksrennsli (Q_{max}): Hámarksrennsli, Q_{max}, er mesta rennsli sem mælirinn á að geta staðist í takmarkaðan tíma án þess að skemmast og án þess að fara yfir heimiluð hámarksfrávik og heimiluð hámarksgildi fyrir þrýstingstap.
Málrennsli (Q_n): Málrennsli, Q_n, jafngildir helmingi af hámarksrennsli, Q_{max}. Það er gefið upp í rúmmetrum á klukkustund og notað til að auðkenna mælinn.
Við málrennsli, Q_n, verður mælirinn að virka við eðlilega notkun, þ.e. bæði við samfellt rennsli og ósamfellt án þess að farið sé yfir heimiluð hámarksfrávik.
Lágmarksrennsli (Q_{min}): Lágmarksrennsli, Q_{min} er ákvarðað sem fall af Q_n og við það mega mælingar ekki fara yfir heimiluð hámarksfrávik.
Álagssvið: Álagssvið vatnsmælis afmarkast af hámarksrennsli, Q_{max} og lágmarksrennsli, Q_{min}. Það skiptist í tvö svæði, sem kallast efra og neðra, og hefur hvort um sig sín heimiluðu hámarksfrávik.
Markarennsli (Q_t): Markarennsli, Q_t, er það rennsli sem skilur að efra og neðra svæði álagssviðsins og við það rennsli skiptir um heimiluð hámarksfrávik.
Heimilað hámarksfrávik: Heimilað hámarksfrávik er hæsta gildi fyrir frávik sem er heimilað samkvæmt þessari reglugerð við gerðarviðurkenningu og frumsannprófun vatnsmælis.
Þrýstingstap: Þrýstingstap merkir tap á þrýstingi sem orsakast af því að tns-mælirinn er inni í lögninni.

II. MÆLIFRÆÐILEGIR EIGINLEIKAR

2.1. **Heimiluð hámarksfrávik.**
Heimiluðu hámarksfrávikin á neðra svæðinu, frá og með Q_{min} að Q_t eru ± 5%.
Heimiluðu hámarksfrávikin á efra svæðinu frá Q_t til Q_{max}, að báðum meðtöldum, eru ± 2 %.

2.2. **Mælifræðilegir flokkar.**
Vatnsmælum er skipt í þrjá mælifræðilega flokka samkvæmt gildunum á Q_{min} og Q_t, sem eru skilgreind hér að framan, eins og sýnt er í eftirfarandi töflu:

Flokkar	Q_n	
	$< 15\ m^3/h$	$\geq 15\ m^3/h$
Flokkur A		
Gildi Q_{min}	$0{,}04\ Q_n$	$0{,}08\ Q_n$
Gildi Q_t	$0{,}10\ Q_n$	$0{,}30\ Q_n$
Flokkur B		
Gildi Q_{min}	$0{,}02\ Q_n$	$0{,}03\ Q_n$
Gildi Q_t	$0{,}08\ Q_n$	$0{,}20\ Q_n$
Flokkur C		
Gildi Q_{min}	$0{,}01\ Q_n$	$0{,}006\ Q_n$
Gildi Q_t	$0{,}015\ Q_n$	$0{,}015\ Q_n$

III. TÆKNILEGIR EIGINLEIKAR

3.1. **Smíði – almenn ákvæði.**
Mælarnir verða að vera þannig gerðir að þeir:
1. endist lengi og komi í veg fyrir svik,
2. samrýmist ákvæðum þessarar reglugerðar við venjulega notkun.

Sé hætta á því að rennsli snúist við að óvörum verða mælarnir að geta staðist slíkt án þess að þeir skemmist eða mælifræðilegir eiginleikar þeirra skaðist jafnframt því sem þeir eiga að skrá slíka viðburði.

3.2. **Efni.**
Vatnsmælirinn skal gerður út efnum sem eru nógu sterk og stöðug til að þola þá notkun sem hann er ætlaður til. Hann skal að öllu leyti gerður úr efnum sem standast innri jafnt sem ytri tæringu og húðaður viðeigandi yfirborðsvörn ef þörf krefur. Hitabreytingar á vatni innan marka vinnuhita mega ekki skaða þau efni sem mælirinn er gerður úr.

3.3. **Styrkleiki – þrýstingsþol.**
Mælirinn verður að staðaldri að þola – án þess að hann bili, leki, vatn síist í gegnum veggina eða hann aflagist varanlega – stöðugan vatnsþrýsting sem hann er hannaður fyrir og nefnist mesti vinnsluþrýstingur. Lægsta gildi fyrir þennan þrýsting er 10 bör.

3.4. **Þrýstingstap.**
Þrýstingstapið gegnum mælinn er ákvarðað við prófanir vegna gerðarviðurkenningar og má ekki fara yfir 0,25 bör við málrennsli eða 1 bar við hámarksrennsli

Á grundvelli niðurstaðna prófananna er mælunum skipt niður í fjóra flokka með eftirfarandi gildi sem hámarksþrýstingstap: 1, 0,6, 0,3, og 0,1 bar gildi viðkomandi flokks þarf að koma fram á gerðarviðurkenningu.

3.5. **Álestrarbúnaður.**
Álestrarbúnaður verður að gera það kleift með einfaldri samstillingu íhluta tækisins

að lesa örugglega, auðveldlega og ótvírætt það vatnsmagn sem mælt hefur verið, talið í rúmmetrum. Magnið skal gefið upp annaðhvort :

a) með staðsetningu eins eða fleiri vísa á hringlaga kvarðaskífum;
b) með því að birta tölustafi hlið við hlið í einum eða fleiri gluggum;
c) með samblandi af þessu hvorutveggja.

Rúmmetrar og margfeldi þeirra skulu sýndir með svörtu en tíundu hlutar úr rúmmetra með rauðu.

Raunveruleg eða sýnileg hæð stafanna skal vera minni en 4 mm.

Á stafrænum álestrarbúnaði (gerðum b og c) verður sýnileg færsla allra stafa að vera uppávið. Hreyfingu stafs í einhverju sæti verður að vera að fullu lokið þegar næsti stafur fyrir neðan lýkur síðasta tíunda hluta ferlisins. Keflið sem sýnir stafina með lægsta gildinu má hreyfast samfellt þegar um er að ræða mæli af gerðinni sem um getur í c-lið. Heildarrúmmetrafjöldi þarf að koma skýrt fram.

Á álestrarbúnaði með vísum (gerð a og c) skulu vísarnir hreyfast réttsælis. Rúmmetragildin fyrir hvert deilingarbil skal gefa upp sem 10^n þar sem n er heil plús- eða mínustala eða núll þannig að kerfi samfelldra tugasæta myndist. Við hliðina á hverjum hluta kvarðans skulu vera eftirfarandi merkingar: x 1 000 – x 100 – x 10 – x 1 – x 0,1– x 0,01 – x 0,001.

Hvort sem um er að ræða mæliskífu eða stafrænan álestur:

- verður táknið m^3 að koma fram á skífunni eða sem allra næst álestrargluggunum;
- verður stýriliðurinn, sá töluliður sem hreyfist hraðast og sést best, deilingargildi hans er nefnt skerðingargildi, að vera á stöðugri hreyfingu. Þessi stýriliður getur verið varanlegur eða tengdur til bráðabirgða með því að bæta við aukahlutum. Þessir hlutar mega ekki hafa nein merkjanleg áhrif á mælifræðilega eiginleika mælisins.

Kvarðabilslengdin má ekki vera minni en 1 mm og ekki meiri en 5 mm. Kvarðinn skal gerður:

- annaðhvort úr jafnbreiðum línum sem eru ekki breiðari en nemur einum fjórða af lengdinni milli miðjuása tveggja samliggjandi lína og aðeins frábrugðnar hver annarri í lengd;
- eða úr andstæðum borðum er hafa fasta breidd sem er jöfn kvarðabilslengdinni.

3.6. **Fjöldi stafa í skerðingu og gildi þeirra.**

Álestrarbúnaðurinn verður að geta sýnt vatnsrennsli við málrennsli í 1 999 klukkustundir án þess að núllstillast.

Skerðingin skal byggjast á formúlunni 1 x 10^n, 2 x 10^n eða 5 x 10^n. Hún á að vera svo lítil að við sannprófun komi ekki fram meiri ónákvæmni en 0,5% (gera þarf ráð fyrir hugsanlegri álestrarvillu sem sé ekki meiri en nemur hálfri lengd minnstu deilingar) og svo lítið að við lágmarksrennsli taki prófunin ekki lengri tíma en $1^1/_2$ klukkustund.

Hægt er að bæta við viðbótarbúnaði (stjörnu eða skífu með viðmiðunarmerki o.s.frv.) til að sýna hreyfingu á mælitækinu áður en hún verður sýnileg á álestrarbúnaðinum.

3.7. **Stillingarbúnaður.**
Á mælinn er hægt að setja stillingarbúnað sem notaður er til að breyta tengslum þess magns sem fer um mælinn og þess magns sem er sýnt á álestrarbúnaðinum. Skylt er að hafa þennan búnað í mælum sem vinna þannig að hlutur sem snýst er knúinn með vatnshraða.

3.8. **Hröðunarbúnaður.**
Bannað er að nota hröðunarbúnað til að auka hraða mælisins þegar hann vinnur neðan við Q_{min}.

IV. MERKI OG ÁLETRANIR

4.1. **Áletranir til auðkenningar.**
Á mælinn verður að skrá eftirtalin atriði á læsilegan og óafmáanlegan hátt, annaðhvort sundurgreint eða flokkað saman á umgerð mælisins, á álestrarskífuna eða á merkiplötuna:

a) nafn framleiðandans, viðskiptaheiti eða vörumerki hans;
b) mælifræðilegan flokk sem um er að ræða og málrennsli Q_n, talið í rúmmetrum á klukkustund;
c) framleiðsluár og raðnúmer mælisins;
d) eina eða tvær örvar sem sýna stefnu rennslisins;
e) merkið um gerðarviðurkenningu;
f) mesta vinnsluþrýsting í börum talinn, ef hann getur orðið meiri en 10 bör;
g) stafina „V“ eða „H“, eftir því hvort mælinum er eiginlegt að vinna í lóðréttri (V) eða láréttri (H) stöðu.

4.2. **Staðsetning sannprófunarmerkja.**
Nóg rými þarf að vera á mælinum sjálfum (helst á umgerð hans) fyrir merki um frumsannprófun og skal það vera sýnilegt án þess að mælirinn sé tekinn í sundur.

4.3. **Innsigli.**
Vatnsmælar verða að hafa vörn sem hægt er að innsigla á þann hátt að bæði fyrir og eftir að mælirinn hefur verið settur upp á réttan hátt verði hvorki mælirinn né stillingarbúnaðurinn tekinn í sundur eða breytt án þess að vörnin sé rofin.

V. GERÐARVIÐURKENNING

5.1. **Tilhögun.**
Tilhögunin við gerðarviðurkenningu er í samræmi við reglugerð um mælitæki og mælifræðilegt eftirlit.

5.2. **Gerðarprófanir.**
Þegar ljóst er orðið, af umsóknarskjölunum, að viðkomandi gerð samrýmist ákvæðum þessarar reglugerðar skulu prófanir á tilteknum fjölda tækja gerðar á prófunarstofum við eftirtalin skilyrði:

5.2.1. *Fjöldi mæla sem prófa skal.*
Um fjölda mæla sem framleiðanda ber að leggja fram fer eftir neðangreindri töflu:

Málrennsli, Q_n í m^3/h	Fjöldi mæla
$Q_n \leq 5$	10
$5 < Q_n \leq 50$	6
$5 < Q_n \leq 1000$	2
$Q_n > 1000$	1

5.2.2. *Þrýstingur.*
Við mælifræðiprófanirnar (liður 5.2.4) verður þrýstingur við úttak úr mælinum að vera nægilega hár til að koma í veg fyrir að loftbólur myndist.

5.2.3. *Prófunarbúnaður.*
Yfirleitt verður að prófa mælana hvern fyrir sig og ætíð á þann hátt að eiginleikar hvers um sig komi nákvæmlega í ljós.

Mælifræðistofu viðkomandi aðildarríkis ber að gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tryggja að ónákvæmni við mælingar á útstreymi vatns, að meðtöldum frávikum sem orsakast af uppsetningu mælisins, verði ekki meiri en 0,2%.

Mesta leyfilega ónákvæmni er 5% miðað við mælingar á þrýstingi og 2,5% þegar þrýstingstap er mælt.

Við hverja prófun mega hlutfallsleg frávik rennslis ekki verða meiri en 2,5% frá Q_{min} til Q_t og 5% á bilinu frá Q_t til Q_{max}.

Búnaðurinn verður að hljóta viðurkenningu mælifræðistofu viðkomandi aðildarríkis án tillits til þess hvar prófanirnar fara fram.

5.2.4. *Tilhögun prófana.*
Prófanirnar eru fólgnar í eftirfarandi aðgerðum sem eru framkvæmdar í þessari röð:
1. þéttleiki er prófaður;
2. frávikakúrfur eru ákvarðaðar á grundvelli rennslis, að teknu tilliti til þrýstingsáhrifa og með hliðsjón af aðstæðum við uppsetningu viðkomandi gerðar af mæli (beinar pípur í lögn framan og aftan við mæli, þrengsli, höft o.s.frv.), eins og framleiðandi gerir ráð fyrir;
3. þrýstingstap er ákvarðað;
4. þol er prófað við aukið álag.

Þéttleikaprófanirnar eru í tveimur hlutum:
a) hver mælir verður að þola þrýsting sem nemur 1,6-földum hámarksvinnsluþrýstingi í 15 mínútur (sjá f-lið í 4.1.) án þess að leki komi fram eða vatn síist í gegnum veggina;

b) hver mælir verður að þola þrýsting sem nemur 20 börum eða tvöföldum hámarksvinnsluþrýstingi í eina mínútu án þess að skaddast eða festast (sjá flið í 4.1).

Við niðurstöður prófananna (2 og 3) skulu koma fram nægilega mörg gildi til að hægt sé að teikna frávikakúrfur af nákvæmni fyrir allt sviðið.

Prófun á þoli við aukið álag fer fram eins og sýnt er hér á eftir:

Mál-rennsli Q_n í m^3/h	Prófunar-rennsli	Gerð prófunar	Fjöldi stöðvana	Lengd á hléum (sek)	Tími sem rennslisprófun stóð yfir (sek)	Tími við að ná upp þrýstingi og fella hann
$Q_n \leq 10$	Q_n	ósamfellt	100 000	15	15	0,15 (Q_n) s. að lágmarki 1s (*)
	2 Q_n	samfellt			100 h	
$Q_n > 10$	Q_n	samfellt			800 h	
	2 Q_n	samfellt			200 h	

(*) (Q_n)er tala sem jafngildir Q_n . táknuð í m^3/h

Fyrir fyrstu prófunina og eftir hverja lotu prófana verður að ákvarða mælingarvillurnar við eftirfarandi rennsli að lágmarki:

Q_{min}, Q_t, 0,3 Q_n, 0,5 Q_n, 1 Q_n, 2 Q_n.

Í hverri prófun verður vatnsmagnið sem fer í gegnum mælinn að vera nægilega mikið til þess að vísirinn eða keflið sem sýnir skerðingargildið fari einn eða fleiri heila snúninga og að áhrif sveifluskekkju sem kann að vera fyrir hendi séu leiðrétt.

5.2.5. *Skilyrði fyrir gerðarviðurkenningu.*
Gerð vatnsmælis er viðurkennd ef:

a) það er í samræmi við stjórnsýslu-, tækni- og mælifræðileg ákvæði þessarar reglugerðar og viðauka hennar;
b) prófanir 1, 2 og 3 í lið 5.2.4 sýna að það sé í samræmi við II. og III. hluta þessa viðauka að því er varðar mælifræðilega og tæknilega eiginleika;
c) að afloknu hverju þolprófi við aukið álag:
   1. hafa ekki komið fram nein frávik í mælingum, sem samanborið við upphaflega kúrfu eru meiri en 1,5 % milli Q_t og Q_{max} eða meiri en 3 % milli Q_{min} og Q_t;
   2. hámarksfrávik mælisins milli Q_{min} og Q_t eru ± 6% og milli Q_t og Q_{max} ± 2,5%.

VI. FRUMSANNPRÓFUN

Frumsannprófun verður að fara fram á stað sem mælifræðistofa viðkomandi aðildarríkis viðurkennir. Fyrirkomulag húsnæðis á prófunarstaðnum svo og prófunarbúnaður verður að vera með þeim hætti að sannprófun geti verið ótvíræð og örugg og án þess að tími próf-

unaraðilans fari til spillis. Uppfylla verður kröfurnar í lið 5.2.3, að því undanskildu að heimilt er að gera raðprófun á mælunum sé þess óskað. Ef sú aðferð er notuð skal þrýstingur við afrennsli allra mælanna vera nægilegur til að fyrirbyggja að loftbólur myndist og hægt er að krefjast þess að sérstakar ráðstafanir séu gerðar til að koma í veg fyrir að áhrifa frá einum mæli gæti í öðrum.

Prófunarbúnaðurinn getur verið gerður úr sjálfvirkum tækjum, hjástreymislokum, rennslishemlum o.s.frv. enda sé þess gætt að hver rás milli mælanna sem prófa á og afrennslistanka sé glögglega afmörkuð og að hægt sé að kanna þéttleika rásarinnar hvenær sem er.

Heimilt er að nota hvers konar aðrennsliskerfi en ef nokkrar prófunarrásir eru í gangi í einu má ekki verða nein samverkun sem stríðir gegn kröfunum í lið 5.2.3.

Ef stýritanki er skipt í nokkur hólf verða skilveggir að vera nægilega stífir til að tryggja að rúmmál hólfsins breytist ekki um meira en 0,2% eftir því hvort aðliggjandi hólf eru full eða tóm.

Hluti af sannprófun er nákvæmnisprófun við að minnsta kosti þrenns konar rennsli:

a) milli 0,9 Q_{max} og Q_{min};
b) milli Q_t og 1,1 Q_t;
c) milli Q_{min} og 1,1 Q_{min}.

Í fyrstu prófuninni er ákvarðað þrýstingstap sem á að vera minna en gildið sem er gefið upp í gerðarviðurkenningarvottorðinu.

Heimiluð hámarksfrávik eru tilgreind í lið 2.1.

Í hverri prófun verður vatnsmagnið, sem fer í gegnum mælinn, að vera nægilega mikið til þess að vísirinn eða keflið sem sýnir skerðingargildið fari einn eða fleiri heila snúninga og að áhrif sveifluskekkju sem kann að vera fyrir hendi séu leiðrétt.

Ef í ljós kemur að frávikin eru öll á einn og sama veg verður að endurstilla vatnsmælinn þannig að þau séu ekki öll umfram hálf heimiluð hámarksfrávik.

REGLUGERÐ

um rennslismæla fyrir vökva aðra en vatn.

1. gr.
Gildissvið

Í samræmi við reglugerð um mælitæki og aðferðir við mælifræðilegt eftirlit, er nauðsynlegt að mæla fyrir um tæknikröfur um hönnun rennslismæla fyrir vökva aðra en vatn og hvernig þeir vinna.

Reglugerð þessi tekur til rennslismæla með rúmmálsaðferð fyrir vökva aðra en vatn þar sem vökvinn orsakar hreyfingu á hreyfanlegum veggjum í mælihólfum er gera kleift að mæla hvaða magn sem er.

2. gr.
Skilgreiningar.

Í reglugerð þessari hafa eftirfarandi orð merkingu sem hér segir:

Frumsannprófun: Aðferð, sem lýst er í þessari reglugerð, til að ganga úr skugga um að framleiðsla tækis sé í samræmi við viðurkennda frumgerð og standist mælifræðilegar kröfur, m.a. um leyfilegt hámarksfrávik og merkingar.

Gerðarviðurkenning: Gerðarviðurkenning byggir á ítarlegri gerðarprófun, þar sem prófað hefur verið eftir kröfum viðeigandi tilskipana/reglugerða, eða annarra kröfuskjala. Gerðarviðurkenning er forsenda frumsannprófunar og markaðssetningar eftir öðrum leiðum.

Mælikerfi: Mælikerfi samanstendur af mælitækinu sjálfu, viðbótarbúnaði og öllum búnaði sem notaður er til að stuðla að réttri mælingu eða auðvelda notkun mælitækisins og öllum öðrum búnaði sem snert getur mælinguna á einhvern hugsanlegan hátt. Fjallað er um mælikerfi í sér reglugerð.

Rennslismælir fyrir vökva: Tæki sem samanstendur eingöngu af mælibúnaði og álestrarbúnaði. Að jafnaði er það hluti af mælikerfi.

Viðbótarbúnaður: Tæki sem er ekki sjálfstætt mælitæki, en er notað til að:

- halda mælistærð eða áhrifastærð á hentugu sviði
- varðveita eða birta mæliniðurstöður á mismunandi formi
- auðvelda mæliaðgerðir
- breyta næmni eða mælisviði mælitækis.

Fjallað er um viðbótarbúnað í sér reglugerð.

3. gr.
Markaðssetning og notkun.

Rennslismælar fyrir vökva aðra en vatn, sem uppfylla ákvæði reglugerðar þessarar, mega fá EBE-merki og -tákn eins og lýst er í I. kafla viðauka reglugerðarinnar.

Skylt er að rennslismælar fyrir vökva aðra en vatn fái EBE-gerðarviðurkenningu og þá skal leggja fram til EBE-frumsannprófunar samkvæmt þeim reglum sem mælt er fyrir um í reglugerð um mælitæki og aðferðir við mælifræðilegt eftirlit og samkvæmt þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í sérreglugerð um mælikerfi.

Óheimilt er að hindra, banna eða takmarka að rennslismælar fyrir vökva aðra en vatn séu markaðssettir eða teknir í notkun, ef á þeim er merki um EBE-gerðarviðurkenningu og merki um EBE-frumsannprófun. Rennslismælar fyrir vökva aðra en vatn, sem notaðir eru við sölu á vökvum öðrum en vatni og falla undir lög um mál, vog og faggildingu nr. 100/1992, skulu löggiltir af þar til bærum aðila.

4. gr.
Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum um vog, mál og faggildingu nr. 100/1992 og með hliðsjón af ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sem vísað er til í 4. tölul. IX. kafla II. viðauka og tilskipun 71/319/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi rennslismæla fyrir vökva aðra en vatn, með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af II. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytið, 28. febrúar 1994.

F. h. r.
Þorkell Helgason.

Sveinn Þorgrímsson.

VIÐAUKI.

I. KAFLI
FORSKRIFTIR FYRIR MÆLA FYRIR VÖKVA AÐRA EN VATN.

1. Skilgreiningar.

1.1. Með „lágmarksmagni" er átt við minnsta mögulega rúmmál sem heimilt er að mæla með tilteknu mynstri.

1.2. Með „slagrými" er átt við það rúmmál vökva sem samsvarar því sem fer í gegnum mælinn í einum vinnuhring, það er að segja, allar hreyfingar hreyfanlegra íhluta í mælinum sem lýkur með því að allir þessir íhlutar, nema teljari og teljaradrif, komast í fyrsta sinn aftur í upphaflega stöðu.

1.3. Með „reglubundnum mismun" er átt við mesta mögulega mismun, á meðan á einum vinnuhring stendur, á milli rúmmáls sem færist til af hreyfanlegum íhlutum og samsvarandi rúmmáls sem lesa má af tengdum álestrarbúnaði, án þess að hlaup sé í þeim tengslum, þannig að lesa má rúmmál af honum í lok vinnuhrings sem er jafnt slagrými. Þennan mismun má minnka með viðeigandi stillibúnaði.

2. Álestrarbúnaður.

2.1. Á mælum skal vera álestrarbúnaður sem sýnir mælt rúmmál í rúmsentimetrum eða -millimetrum, í rúmdesimetrum eða -lítrum eða í rúmmetrum.

2.2. Á álestrarbúnaði sem hefur eina eða fleiri talnaeiningar er sú sem merkt er með minnstri deilingu kölluð „fyrsta talnaeining".

2.3. Drif milli álestrarbúnaðar og mælitækis verður að vera áreiðanlegt og traust og vera í formi vélrænna tengsla eða fasts segulbúnaðar.

2.4. Álestur verður að vera áreiðanlegur, auðveldur og ótvíræður.

Nú eru nokkrar talnaeiningar á álestrarbúnaði og skal þá búnaðurinn í heild smíðaður á þann hátt að álesturinn fari fram með einfaldri hliðsetningu á hinum mismunandi talnaeiningum.

2.5. Hámarksafkastagetu álestrarbúnaðar skal gefa upp með eftirfarandi hætti: $1 \cdot 10^n$, $2 \cdot 10^n$, eða $5 \cdot 10^n$ löggildar rúmmálseiningar, þar sem n er heil jákvæð eða neikvæð tala eða núll.

2.6. Tilfærsla talnaeiningar má vera hvort heldur, samfelld eða ósamfelld.

2.7. Nú hreyfist hreyfanlegur hluti talnaeiningar samfellt og skal þá vera til staðar kvarði og viðmiðunarmerki sem geri kleift að ákvarða magn hvarvetna sem talnaeiningin kann að stöðvast.

2.8. Bil á kvarða fyrstu talnaeiningar verða að vera með eftirfarandi hætti: $1 \cdot 10^n$, $2 \cdot 10^n$, eða $5 \cdot 10^n$ löggildar rúmmálseiningar.

2.9. Að undantekinni talnaeiningu sem samsvarar hámarksafkastagetu álestrarbúnaðar, skal gildi eins snúnings talnaeiningar vera 10^n löggildar einingar ef kvarði talnaeiningarinnar er algerlega sjáanlegur.

2.10. Ef talnaeining er mynduð af föstum hringlaga kvarða og vísi sem snýst skal vísirinn snúast réttsælis.

2.11. Ef margar talnaeiningar eru á álestrarbúnaði skal hver snúningur á hreyfanlegum hluta eininganna þar sem kvarðinn er algerlega sýnilegur samsvara gildi deilingar næstu talnaeiningar á eftir.

2.12. Ef margar talnaeiningar eru á álestrarbúnaði skal vísir á einingu þar sem hreyfing er ósamfelld, að undantekinni fyrstu talnaeiningu, færast fram um eina tölu á meðan talnaeining sem á undan kemur fer einn tíunda úr hring hið mesta. Þessi hreyfing skal stöðvast þegar talnaeiningin sem á undan fer stendur á núlli.

2.13. Ef margar talnaeiningar eru á álestrarbúnaði en einungis hluti af kvarða annarrar talnaeiningar og þeirra sem koma á eftir er sýnilegur í gluggunum skal hreyfing síðarnefndu talnaeininganna vera ósamfelld. Hreyfing fyrstu talnaeiningar má vera hvort heldur sem er, samfelld eða ósamfelld.

2.14. Ef álestur er sýndur með tölum sem standa við hlið hver annarrar og ef hreyfing fyrstu talnaeiningar er ósamfelld er leyfilegt að hafa eitt eða fleiri föst núll hægra megin við talnaeininguna.

2.15. Ef einungis hluti af kvarða fyrstu talnaeiningar er sýnilegur í glugga og talnaeiningin hreyfist samfellt er hætta á að álestur verði óljós en draga þarf úr hættu á slíku eftir því sem kostur er. Vegna þessa og til að gera álestur með brúun mögulegan skal viðkomandi gluggi hafa, samhliða hreyfingu kvarðans, að minnsta kosti 1,5 sinnum lengdina á milli miðlína tveggja tölusettra strika í röð á þann hátt að tvö strik hið

minnsta, þar af annað tölusett, séu alltaf sýnileg. Leyfilegt er að glugginn sé ósamhverfur miðað við viðmiðunarpunkt.

2.16. Breidd striks á kvarða skal vera söm og jöfn en ekki breiðari en sem nemur einum fjórða af bili á milli miðlína tveggja merkja í röð.

Einungis má greina með mismunandi lengd á milli merkja sem samsvara $1 \cdot 10^n$, $2 \cdot 10^n$, eða $5 \cdot 10^n$ löggildum einingum.

2.17. Raunfjarlægð eða sýndarfjarlægð á milli tveggja miðlína í tveimur strikum í röð skal vera tveir millímetrar hið minnsta.

2.18. Raunhæð eða sýndarhæð talnanna skal vera fjórir millímetrar hið minnsta.

3. Stillibúnaður.

3.1. Á mælum skal vera stillibúnaður sem geri kleift að breyta hlutfallinu milli sýnds magns og raunverulegs magns vökva sem rennur í gegnum mælinn.

3.2. Nú breytir þessi búnaður hlutfallinu á ósamfelldan hátt og skal þá hlutfall á milli hinna tveggja breytilegu og samliggjandi gilda aldrei vera meira en 0,002.

3.3. Óleyfilegt er að stilla af hlutfallið með því að veita vökva fram hjá mælinum.

4. Sérstök skilyrði um lágmarksmagn.

4.1. Lágmarksmagni verður að vera þannig háttað að hvert eftirfarandi gilda sé ekki hærra en heimilað hámarksfrávik fyrir slíkt magn eins og það er tilgreint í liðum 2 og 3 í II. kafla:

1. magn sem samsvarar tveggja millimetra færslu á kvarða fyrstu talnaeiningar álestrarbúnaðar og einum fimmta hluta af gildi deilingar ef fyrsta talnaeining hreyfist samfellt;

2. magn sem samsvarar tveimur talnafærslum í röð á fyrstu talnaeiningu ef hún hreyfist ósamfellt;

3. frávik sem stafar af því að við eðlilegar kringumstæður við notkun er hlaup í drifinu milli mælitækis og fyrstu talnaeiningar álestrarbúnaðar;

4. tvöfaldur reglubundinn mismunur.

4.2. Þegar lágmarksmagn er ákvarðað skal einnig, ef ástæða er til, taka tillit til áhrifa frá aukaíhlutum á mælitækin í samræmi við þær kröfur sem settar eru fram í reglugerð um slík tæki.

4.3. Lágmarksmagn skal sýnt með eftirfarandi hætti: $1 \cdot 10^n$, $2 \cdot 10^n$, eða $5 \cdot 10^n$, löggildar rúmmálseiningar þar sem n, er heil jákvæð eða neikvæð tala eða núll.

5. Hámarks- og lágmarksrennsli.

5.1. Hámarks- og lágmarksrennsli er tilgreint í viðurkenningarvottorði í samræmi við niðurstöður prófunarinnar. Unnt skal vera að nota mælinn í tiltekinn tíma sem tilgreindur er á viðurkenningarvottorði við hámarksrennsli án þess að það komi á merkjanlegan hátt niður á mælieiginleikum hans.

5.2. Hlutfallið á milli hámarksrennslis og lágmarksrennslis skal vera tíu hið minnsta fyrir mæla almennt og fimm fyrir mæla sem mæla lofttegundir sem hafa ummyndast í vökva.

6. Áhrif sem stafa af eðliseiginleikum vökvans, hita og þrýstingi.

6.1 Í viðurkenningarvottorði fyrir mæli skal tilgreina vökvann sem mælinum er ætlað að mæla, leyfileg hitamörk vökvans ef þau eru undir -10 °C eða yfir +50 °C og loks hámarksvinnuþrýsting.

6.2. Prófun fyrir viðurkenningu á mynstri mælis verður að sýna fram á að bil frávika vegna mesta mögulega mismunar á eiginleikum, þrýstingi og hita vökvanna, innan þeirra marka sem tilgreina á í viðurkenningarvottorðinu, má ekki fara yfir helming gildanna sem sett eru fram í liðum 1, 2 og 3 í II. kafla.

7. Heimiluð hámarksfrávik mælanna sjálfra.

7.1. Nú fer mælifræðileg skoðun á mæli fram á undan frumsannprófun á mælikerfi í skilningi 3. gr og skulu þá heimiluð hámarksfrávik við skoðunina vera helmingur heimilaðra hámarksfrávika sem tilgreind eru í liðum 1, 2 og 3 í II. kafla en þó ekki meiri en 0,3% af mældu magni, að því tilskildu að vökvinn sem notaður er sé sá sem mælirinn er ætlaður fyrir.

7.2. Ef mælingar eru ekki nægilega nákvæmar til að unnt sé að beita þessari reglu er leyfilegt að hækka heimiluð hámarksfrávik á viðurkenningarvottorði innan þeirra marka sem tilgreind eru í liðum 1, 2 og 3 í II. kafla.

7.3. Enn fremur er leyfilegt að minnka og breyta heimiluðum hámarksfrávikum ef einungis er notuð ein tegund vökvanna af þeim sem mælir á að geta mælt eða annar vökvi en hann er ætlaður fyrir við sannprófunina sem getið var um að ofan. Í síðastnefnda tilvikinu (þ.e. ef notaður er annar vökvi við sannprófun en mæli er ætlað að mæla) er leyfilegt að tilgreina á viðurkenningarvottorði annað rennsli fyrir prófunina en það sem liggur á milli hámarks- og lágmarksrennslis.

8. Áletranir.

8.1. Eftirfarandi upplýsingar skulu vera skýrar og óafmáanlegar á hverjum mæli, ýmist á skífu álestrarbúnaðar eða á sérstakri plötu:

a) merki um EBE-gerðarviðurkenningu,

b) auðkenni eða nafn framleiðanda,

c) lýsing framleiðanda, ef við á,

d) raðnúmer mælisins og framleiðsluár,

e) slagrými,

f) hámarks- og lágmarksrennsli,

g) hámarksvinnuþrýstingur,

h) hitamörk ef hægt er að mæla vökva sem er kaldari en -10 °C eða heitari en +50 °C,

i) eiginleikar vökvans eða vökvanna sem mæla á, svo og mörk seigju sem lúta að hreyfilýsingu eða hreyfifræði ef upplýsingar um eiginleika vökvanna einar sér eru ekki nógar til að ákvarða seigjuna.

8.2. Eftirfarandi atriði verða að vera sjáanleg á skífu álestrarbúnaðar:

a) einingin sem mælt magn er gefið upp í eða tákn þeirrar einingar,
b) lágmarksmagn.

8.3. Sé mögulegt að vafi geti leikið á um stefnu vökvans skal sýna hana með ör á umgjörð mælisins.

8.4. Á mælum sem mæla drykkjarhæfa vökva og sem hægt er að taka í sundur skal raðnúmer eða þrjár síðustu tölur þess endurteknar á þeim hlutum mælisins þar sem áhrifa myndi gæta á niðurstöður mælinga yrði þeim skipt út fyrir aðra hluta.

8.5. Heimilt er að hafa sérstaka lýsingu og kennitölu á álestrarbúnaði.

9. Staðsetning innsigla og frumsannprófunarmerkja.

9.1. Innsigli skulu koma í veg fyrir aðgang að þeim hlutum mælisins þar sem hægt er að breyta niðurstöðum mælinga svo og hlutum sem hægt er, jafnvel aðeins að hluta til, að taka í sundur ef leyfi er ekki fyrir slíku í viðurkenningarvottorði (mælar fyrir drykkjarhæfa vökva og sem hægt er að taka í sundur).

9.2. Sjá verður til þess að hægt sé að setja merki um EBE-frumsannprófun á stað með góðri undirstöðu sem er nauðsynlegur hluti mælisins, á álestrarbúnað eða umgjörð hans, þar sem merkið er sýnilegt án þess að mælirinn sé tekinn í sundur.

9.3. Í viðurkenningarvottorði kann þess að vera krafist að staður fyrir stimpil sé til reiðu á íhlutum sem skipta má um og taka af, ásamt stað fyrir raðnúmer sem getið er um í lið 8.4 í þessum kafla.

II. KAFLI
HEIMILUÐ HÁMARKSFRÁVIK Á MÆLIKERFUM.

1. Í eftirfarandi töflu sjást heimiluð hámarksfrávik, til eða frá, miðað við mælt magn,

við frumsannprófun á mælikerfi þar sem mælir er hluti af mælikerfinu við eðlilegar notkunaraðstæður og innan þeirra marka á notkun sem tilgreind eru á viðurkenningarvottorði:

Mælt magn	Heimiluð hámarksfrávik
Frá 0,02 til 0,1 lítra	2 ml
Frá 0,1 til 0,2 lítra	2% af mældu magni
Frá 0,2 til 0,4 lítra	4 ml
Frá 0,4 til 1 lítra	1% af mældu magni
Frá 1 til 2 lítra	10 ml
2 lítrar eða meira	0,5% af mældu magni

2. Heimilað hámarksfrávik við lágmarksmagn er þó tvöfalt það gildi sem mælt er fyrir um í lið 1 í II. kafla og heimilað hámarksfrávik er aldrei lægra en það sem leyft er við lágmarksmagn, óháð mældu magni.

3. Vegna erfiðrar aðstöðu við prófanir, þar sem í hlut eiga mælitæki fyrir lofttegundir í vökvaformi eða aðra vökva sem mældir eru við lægri hita en -100° C eða við hærri hita en +50° C, svo og þar sem í hlut eiga tæki þar sem lágmarksrennsli er ekki meira en einn lítri á klukkustund, skulu heimiluð hámarksfrávik vera tvöföld miðað við þau sem getið er um í liðum 1 og 2 í II. kafla.

4. Nú eru öll frávik með sömu formerkjum við frumsannprófun og skal þá að minnsta kosti eitt af þeim vera innan við mörkin sem mælt er fyrir um í lið 7.1 í I. kafla.

REGLUGERÐ

um viðbótarbúnað með rennslismælum fyrir vökva aðra en vatn.

1. gr.
Gildissvið.

Reglugerð þessi tekur til viðbótarbúnaðar með rennslismælum fyrir vökva aðra en vatn sem er tilgreindur í viðaukanum.

2. gr.
Skilgreiningar.

Í reglugerð þessari hafa eftirfarandi orð merkingu sem hér segir:

Frumsannprófun: Aðferð, sem lýst er í þessari reglugerð, til að ganga úr skugga um að framleiðsla tækis sé í samræmi við viðurkennda frumgerð og standist mælifræðilegar kröfur, m.a. um leyfilegt hámarksfrávik og merkingar.

Gerðarviðurkenning: Gerðarviðurkenning byggir á ítarlegri gerðarprófun, þar sem prófað hefur verið eftir kröfum viðeigandi tilskipana/reglugerða, eða annarra kröfuskjala. Gerðarviðurkenning er forsenda frumsannprófunar og markaðssetningar eftir öðrum leiðum.

Mælikerfi: Mælikerfi samanstendur af mælitækinu sjálfu, viðbótarbúnaði og öllum búnaði sem notaður er til að stuðla að réttri mælingu eða auðvelda notkun mælitækisins og öllum öðrum búnaði sem snert getur mælinguna á einhvern hugsanlegan hátt. Fjallað er um mælikerfi í sér reglugerð.

Rennslismælir fyrir vökva: Tæki sem samanstendur eingöngu af mælibúnaði og álestrarbúnaði. Að jafnaði er það hluti af mælikerfi.

Viðbótarbúnaður: Tæki sem er ekki sjálfstætt mælitæki, en er notað til að:

- halda mælistærð eða áhrifastærð á hentugu sviði
- varðveita eða birta mæliniðurstöður á mismunandi formi
- auðvelda mæliaðgerðir
- breyta næmni eða mælisviði mælitækis.

3. gr.
Markaðssetning og notkun.

Viðbótarbúnaður með rennslismælum fyrir vökva aðra en vatn sem uppfylla ákvæði reglugerðar þessarar mega fá EBE-merki og -tákn eins og er lýst í viðaukanum við reglugerð þessa. Skylt er að búnaðurinn fái EBE -gerðarviðurkenningu. Hann skal lagður fram til EBE-frumsannprófunar um leið og þeir mælar sem hann tengist.

Óheimilt er, vegna mælifræðilegra eiginleika mælanna, að hindra, banna eða takmarka markaðssetningu eða notkun á viðbótarbúnaði með rennslismælum fyrir vökva aðra en vatn ef þeir bera merki um EBE-gerðarviðurkenningu og EBE-frumsannprófun. Viðbótarbúnaður með rennslismælum fyrir vökva aðra en vatn sem tengist mælibúnaði sem notaður er við sölu á vökvum öðrum en vatni og fellur undir lög um mál, vog og faggildingu nr. 100/1992, skal löggiltur af þar til bærum aðila, eins og við á.

4. gr.
Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum um vog, mál og faggildingu nr. 100/1992 og með hliðsjón af ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sem vísað er til í

6. tölul. IX. kafla II. viðauka og tilskipun 71/348/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi viðbótarbúnað með rennslismælum fyrir vökva aðra en vatn, með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af bókun 1, II. viðauka við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytið, 28. febrúar 1994.

F. h. r.
Þorkell Helgason.

Sveinn Þorgrímsson.

VIÐAUKI.

I. KAFLI
NÚLLSTILLIBÚNAÐUR TIL RÚMMÁLSÁLESTURS.

1.1. Með núllstillibúnaði er vísir stilltur á núll með handvirkum eða sjálfvirkum hætti.

1.2. Núllstillibúnaður má ekki hafa áhrif á niðurstöður mælinga.

1.3. Þegar núllstilling er hafin skal vera útilokað að gefa nýja mæliniðurstöðu fyrr en núllstillingunni er lokið.

1.4. Kröfurnar í liðum 1.2 og 1.3 eru ekki bindandi:

1.4.1. ef á kvarða er áletrunin: „Bein sala til almennings óheimil" eða notkun takmörkuð á annan jafngildan hátt;

1.4.2. fyrir álestrarbúnað með vísum sem eru tengdir við mæla með hámarksrennsli undir 1.200 lítrum á klukkustund; ef mælarnir eru notaðir við sölu skal vera útilokað að auka þetta magn með handvirkum hætti.

1.5. Nú hreyfist vísir með samfelldri hreyfingu og skal þá leyfilegt frávik frá núlli eftir hverja núllstillingu ekki vera meira en nemur helmingi heimilaðs hámarksfráviks við lágmarksmagn sem ritað er á kvarða álestrarbúnaðar; frávik frá núlli má aldrei vera meira en nemur einum fimmta hluta deilingar. Hreyfist vísir með ósamfelldri hreyfingu verður vísirinn að vera stilltur nákvæmlega á núll.

II. KAFLI
SAFNTELJARI FYRIR RÚMMÁL.

2.1. Heimilt er að hafa einn eða fleiri safnteljara með núllstillingu á álestrarbúnaði sem sýna á eftir summunni mismunandi rúmtak hvert á eftir öðru.

2.2. Óheimilt er að hafa núllstillibúnað á safnteljurum.

2.3. Safnteljarar skulu einungis vera af gerð sem hefur tölustafi sem standa hlið við hlið.

2.4. Heimilt er að hylja safnteljara.

2.5. Sýna verður eininguna sem heildarrúmtak er gefið í (eða tákn hennar) og hún verður að vera í samræmi við þær kröfur sem settar eru fram í reglugerð um rennslismæla fyrir vökva aðra en vatn.

2.6. Deiling fyrstu talnaeiningar á hverjum safnteljara verður að vera með eftirfarandi hætti: $1 \cdot 10^n$, $2 \cdot 10^n$, eða $5 \cdot 10^n$ löggildar rúmmálseiningar, þar sem n er heil jákvæð eða neikvæð tala eða núll. Deilingin skal vera jöfn eða meiri en deiling fyrstu talnaeiningar á álestrarbúnaði með núllstillingu.

2.7. Nú er hægt að lesa samtímis af safnteljurum og álestrarbúnaði með núllstillingu og skulu þá tölur á safnteljurum ekki vera stærri að máli en sem nemur helmingi stærðar samsvarandi talna á álestrarbúnaðinum.

III. KAFLI
MARGFALDUR ÁLESTRARBÚNAÐUR FYRIR RÚMMÁL[1]

3.1. Heimilt er að hafa marga kvarða á álestrarbúnaði. Þá er heimilt að hafa eitt eða fleiri tæki tengd við hann fyrir álestur samtímis annars staðar.

3.2. Deilingar á hinum ýmsu álestrartækjum mega vera með mismunandi gildum en lágmarksmagn skal vera það sama alls staðar og ákvarðast af þeirri deilingu sem hefur í för með sér mesta lágmarksmagnið.

3.3. Kröfur sem settar eru fram í reglugerð þessari og þær kröfur sem koma fram í reglugerðinni um rennslismæla fyrir vökva aðra en vatn gilda um allan álestrarbúnað og alla kvarða.

3.4. Mismunur á milli álestra mismunandi kvarða álestrartækis eða -tækja má ekki vera meiri en sem nemur heimiluðu hámarksfráviki við lágmarksmagn sem ritað er á kvarðann eða kvarðana.

IV. KAFLI
BÚNAÐUR SEM REIKNAR ÚT VERÐ.

4.1. Með álestrarbúnaði fyrir rúmmál sem hefur tölur sem standa hlið við hlið og núllstillibúnað má nota reiknitæki með millistillibúnaði sem sýnir verð þar sem einingaverð er verð þeirrar rúmmálseiningar sem notuð er til að sýna mælt rúmmál.

4.2. Verði hverrar einingar skal vera unnt að breyta. Verðið sem valið er skal sjást.

4.3. Búnaðurinn sem notaður er til að velja og sýna einingaverð skal vera tengdur við álestrartæki sem sýnir verð á þann hátt, að verðið sem samsvarar mælingunni samsvari alltaf völdu og sýndu einingarverði og því rúmtaki sem lesa má af mælinum.

---

1) Í síðari reglugerð verður fjallað um fjarálestur með búnaði sem er ekki kraftrænn.

4.4. Kröfum sem varða álestrarbúnað fyrir rúmmál og settar eru fram í reglugerð um mæla fyrir vökva aðra en vatn, svo og ákvæðum í I., II. og III. kafla í þessum viðauka, skal framfylgt á hliðstæðan hátt og þegar um ræðir búnað sem reiknar verð að undanteknum lið 1.5 um núllstillibúnað.

4.5. Mynteiningin sem notuð er eða tákn hennar skal sýnt á kvarða álestrartækis sem reiknar verð.

4.6. Tölur á álestrartæki sem reiknar verð mega ekki vera stærri að máli en tölur á álestrarbúnaði fyrir rúmmál.

4.7. Núllstillibúnaður álestrartækis fyrir verð og álestrarbúnaður fyrir rúmmál, skal hannaður á þann hátt, að ef búnaðurinn er notaður á annað tækið, stillist hitt einnig sjálfkrafa á núll.

4.8.1. Reiknað verð magns sem er jafnt heimiluðu hámarksfráviki frá lágmarksmagni, sem tilgreint er á kvarða álestrarbúnaðar, skal ekki vera minna en fimmti hluti af gildi deilingar og ekki minna en verð sem samsvarar tveggja millimetra bili á kvarða fyrstu talnaeiningar álestrartækis fyrir verð, að því tilskildu að hreyfing þessarar talnaeiningar sé samfelld. Bilið sem er fimmti hluti gildis deilingar eða tveir millimetrar þarf þó ekki að samsvara gildi sem er lægra en 10 aurar.

4.8.2. Reiknað verð magns sem er jafnt heimiluðu hámarksfráviki við lágmarksmagn sem tilgreint er á kvarða álestrarbúnaðar verður að samsvara tveimur deilingum á kvarðanum hið minnsta ef hreyfing fyrstu talnaeiningar er ósamfelld.

Þó þarf deilingin ekki að vera minni en mynteiningin sem tilgreind er í lið 4.8.1.

4.9. Við eðlileg notkunarskilyrði skal mismunur á milli verðs sem sýnt er og verðs sem reiknað er út á grunni einingaverðs og magns sem sýnt er ekki vera meiri en verð þess magns sem er jafnt heimiluðu hámarksfráviki lágmarksmagns sem tilgreint er á kvarða álestrarbúnaðar.

Þessi mismunur þarf þó ekki að vera minni en sem nemur tvöföldu gildi myntar sem tilgreind er í lið 4.8.1.

4.10. Nú hreyfist vísir með samfelldri hreyfingu og skal þá leyfilegt frávik frá núlli eftir hverja núllstillingu ekki vera meira en sem nemur helmingi verðs á magni sem samsvarar heimiluðu hámarksfráviki lágmarksmagns sem tilgreint er á kvarða álestrarbúnaðar, þó má frávik frá núlli aldrei vera meira en sem nemur einum fimmta hluta deilingar.

Þetta frávik þarf þó ekki að vera minna en ein mynteining sem tilgreind er í lið 4.8.1.

Hreyfist vísir með ósamfelldri hreyfingu verður vísirinn að vera stilltur á núll.

V. KAFLI
PRENTBÚNAÐUR.

5.1. Heimilt er að tengja búnað sem prentar út magn í tölum við álestrartæki mælis.

5.2. Gildi deilingar á prentara skal vera með eftirfarandi hætti: $1 \cdot 10^n$, $2 \cdot 10^n$, eða $5 \cdot 10^n$ löggildar rúmmálseiningar þar sem n er heil jákvæð eða neikvæð tala eða núll.

5.3. Gildi deilingar á prentara skal ekki vera meira en heimilað hámarksfrávik lágmarksmagns sem er tilgreint á kvarða álestrarbúnaðar.

5.4. Gildi deilingar prentarans skal vera ritað á prentbúnaðinn.

5.5. Prentað magn skal táknað með einni af löggildu rúmmálseiningunum.

Tölurnar, eininguna sem notuð er eða tákn hennar og, ef þurfa þykir, tugabrotskommu skal prenta með prentbúnaðinum á miðann.

5.6. Með prentbúnaði er heimilt að prenta upplýsingar sem varða afgreiðslu, svo sem raðnúmer, dagsetningu, mælingarstað og tegund vökvans sem mældur er.

5.7. Hanna má prentbúnað á þann hátt að unnt sé að endurprenta. Í því tilviki skulu prentuð gögn vera samhljóða og á þeim skal vera sama raðnúmer.

5.8. Nú er magn ákvarðað með mismun á milli tveggja gilda, þar sem annað kann að vera núll, og skal þá ógerlegt að taka miðann af búnaðinum á meðan magnið er mælt með mælinum.

5.9. Að frátöldu tilvikinu sem um getur í lið 5.8 skal vera núllstillibúnaður á prentbúnaði sem tengdur er slíkum búnaði fyrir álestrartæki.

5.10. Mismunur á milli þess magns sem er sýnt og magns sem er prentað má ekki vera meiri en sem nemur gildi einnar deilingar á prentara.

5.11. Auk mælds magns er heimilt að prenta með prentbúnaði verð þess magns eingöngu eða hvoru tveggja verð og einingaverð. Þá er einnig heimilt að prenta eingöngu það verð sem greiða á ef um beina sölu til almennings er að ræða og prentbúnaður er tengdur álestrarbúnaði fyrir magn og reiknað verð.

Tölurnar, eininguna sem notuð er eða tákn hennar og, ef ástæða er til, tugabrotskommu skal prenta með prentbúnaðinum á miðann. Tölur sem prentaðar eru og tákna verð mega ekki vera stærri að máli en prentaðar tölur fyrir mælt magn.

5.12. Gildi á deilingu prentaðs verðs verða að vera með eftirfarandi hætti: $1 \cdot 10^n$, $2 \cdot 10^n$, eða $5 \cdot 10^n$ löggildrar mynteiningar þar sem n er heil jákvæð eða neikvæð tala eða núll.

Þetta gildi má ekki vera hærra en verð magns sem er jafnt heimiluðu hámarksfráviki við lágmarksmagn sem er ritað á kvarða álestrarbúnaðar.

Þó þarf gildi þessarar deilingar ekki að vera minna en ein af mynteiningunum sem tilgreindar voru í lið 4.8.1.

5.13.1. Nú er álestrartæki fyrir verð á mæli og skal þá mismunur á milli verðs sem sýnt er og prentaðs verðs ekki vera meiri en sem nemur gildi deilingar prentarans.

5.13.2. Nú er ekki álestrartæki fyrir verð á mæli og skal þá mismunur á milli prentaðs verðs og verðs sem reiknað er út frá sýndu magni og einingaverði fullnægja þeim skilyrðum sem sett eru fram í lið 4.9.

VI. KAFLI
BÚNAÐUR TIL FYRIRFRAMSTILLINGAR.[1)]

6.1. Heimilt er að hafa búnað til fyrirframstillingar á mælum.

Búnaður til fyrirframstillingar eru tæki sem gera kleift að velja það magn sem mæla á og sem stöðvar sjálfkrafa rennsli vökvans þegar því magni er náð.

6.2. Valið magn er sýnt með tæki sem hefur kvarða og viðmiðunarlínu eða á tæki sem sýnir tölur.

6.3. Ef unnt er að stilla mæli fyrirfram með mörgum sjálfstæðum stýrieiningum skal gildi deilingar fyrir hverja slíka einingu vera jafnt stillisviði næstu einingar á undan.

6.4. Heimilt er að koma búnaði til fyrirframstillingar fyrir á þann hátt að við endurtekningu á völdu magni þurfi ekki að stilla stýrieiningar að nýju.

6.5. Nú eru tölur sem fram koma á búnaði sem stilltur er fyrirfram aðskildar frá tölum álestrartækis og hægt er að sjá tölurnar samtímis og skulu þá tölur búnaðarins ekki vera stærri að máli en sem nemur þremur fjórðu hlutum af stærð talna álestrartækis.

6.6. Vísbending um valið magn getur, á meðan á mælingu stendur, annaðhvort staðið óbreytt eða farið smám saman aftur í núll.

6.7. Við eðlilegar notkunaraðstæður skal mismunur á milli magns sem valið hefur verið og magns sem sýnt er eftir að mælingu lýkur ekki vera meiri en helmingur heimilaðs hámarksfráviks við lágmarksmagn.

6.8. Valið magn og magn sem álestrartæki sýnir skulu táknuð með sömu einingu. Einingin (eða tákn hennar) skal rituð á búnað til fyrirframstillingar.

6.9. Gildi minnstu deilingar búnaðar til fyrirframstillingar má ekki vera minna en deiling fyrstu talnaeiningar álestrartækis.

6.10. Heimilt er að með búnaði til fyrirframstillingar fylgi tæki til að stöðva rennsli vökva

[1)] Fjallað verður um búnað fyrir sjálfsafgreiðslu og fyrirframborgun í síðari reglugerð.

án tafar ef þörf krefur.

6.11. Nú fylgir búnaði til fyrirframstillingar tæki til að minnka og stöðva rennsli að lokinni mælingu og skal þá innsiglisbúnaður fylgja með, ef nauðsyn krefur, til að fyrirbyggja breytingu á stillingunni sem valin var.

6.12. Kröfur sem settar eru fram í liðum 6.7 og 6.11 gilda ekki um mæla ef prentbúnaður (V. kafli) er tengdur við mæli til að unnt sé að prenta út miða eða, ef um beina sölu til almennings er að ræða, búnaður til fyrirframstillingar er hulinn.

6.13. Á mælum sem á eru verðálestrartæki má einnig vera búnaður til að stilla verð fyrirfram. Þá stöðvast rennsli á vökva um leið og rennslismagn samsvarar því verði sem valið var. Kröfur í liðum 6.1 og 6.12 gilda um þessa mæla.

VII. KAFLI
INNSIGLI.

7.1. Búnaður til innsiglis skal fylgja til að koma í veg fyrir að viðbótarbúnaður sé fjarlægður og til að hindra aðgang að íhlutum sem gera kleift að breyta niðurstöðum mælinga.

REGLUGERÐ

um mælikerfi fyrir vökva aðra en vatn.

1. gr.
Gildissvið.

Í samræmi við reglugerð um mælitæki og aðferðir við mælifræðilegt eftirlit, er nauðsynlegt að mæla fyrir um tæknikröfur um hönnun mælikerfa og hvernig þau vinna.

Reglugerð þessi tekur til mælikerfa fyrir vökva aðra en vatn, með rennslismælum þar sem vökvinn kemur hreyfanlegum skilveggjum mælihólfa á hreyfingu.

2. gr.
Skilgreiningar.

Í reglugerð þessari hafa eftirfarandi orð merkingu sem hér segir:

Frumsannprófun: (EBE-frumsannprófun) Aðferð, sem lýst er í þessari reglugerð, til að ganga úr skugga um að framleiðsla tækis sé í samræmi við viðurkennda frumgerð og standist mælifræðilegar kröfur, m.a. um leyfilegt hámarksfrávik og merkingar.

Gerðarviðurkenning: (EBE-gerðarviðurkenning) Gerðarviðurkenning byggir á ítarlegri gerðarprófun, þar sem prófað hefur verið eftir kröfum viðeigandi tilskipana/reglugerða, eða annarra kröfuskjala. Gerðarviðurkenning er forsenda frumsannprófunar og markaðssetningar eftir öðrum leiðum.

Mælikerfi: Mælikerfi samanstendur af mælitækinu sjálfu, viðbótarbúnaði og öllum búnaði sem notaður er til að stuðla að réttri mælingu eða auðvelda notkun mælitækisins og öllum öðrum búnaði sem snert getur mælinguna á einhvern hugsanlegan hátt.

Rennslismælir fyrir vökva: Tæki sem samanstendur eingöngu af mælibúnaði og álestrarbúnaði. Að jafnaði er það hluti af mælikerfi.

Viðbótarbúnaður: Tæki sem er ekki sjálfstætt mælitæki, en er notað til að:

- halda mælistærð eða áhrifastærð á hentugu sviði
- varðveita eða birta mæliniðurstöður á mismunandi formi
- auðvelda mæliaðgerðir
- breyta næmni eða mælisviði mælitækis.

Fjallað er um viðbótarbúnað í sér reglugerð.

3. gr.
Markaðssetning og notkun.

Mælikerfi með rennslismælum fyrir vökva aðra en vatn sem uppfylla ákvæði reglugerðar þessarar mega fá EBE -merki og -tákn eins og er lýst í viðaukanum við reglugerðina. Þau skulu fá EBE-gerðarviðurkenningu, ef þess er krafist í ákvæðum viðaukans. Hann skal lagður fram til EBE-frumsannprófunar um leið og þeir mælar sem hann tengist. Í samræmi við skilyrði sem eru sett í viðaukanum er einnig hægt að veita íhlutum og fylgihlutum mælikerfisins EBE-gerðarviðurkenningu.

Óheimilt er, vegna mælifræðilegra eiginleika, að hindra, banna eða takmarka markaðssetningu eða notkun á mælikerfum með rennslismælum fyrir vökva aðra en vatn ef þau bera merki um EBE -gerðarviðurkenningu og EBE -frumsannprófun. Mælikerfi með rennslismælum fyrir vökva aðra en vatn sem tengist mælikerfi sem notað er við sölu á vökvum öðrum en vatni og fellur undir lög um mál, vog og faggildingu nr. 100/1992, skal löggilt af þar til bærum aðila, eins og við á.

4. gr.
Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum um vog, mál og faggildingu nr. 100/1992 og með hliðsjón af ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sem vísað er til í 21. tölul. IX. kafla II. viðauka, tilskipun 77/313/EBE ásamt síðari breytingum um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi mælikerfi fyrir vökva aðra en vatn, með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af bókun 1, II. viðauka við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytið, 28. febrúar 1994.

F. h. r.
Þorkell Helgason.

Sveinn Þorgrímsson.

VIÐAUKI.

1. ALMENN ÁKVÆÐI UM MÆLIKERFI

1.1. Skilgreiningar.

1.1.1. Mælikerfi.

Mælikerfi fyrir vökva aðra en vatn er, auk sjálfs mælisins, sem skal vera í samræmi við reglugerð um rennslismæla fyrir vökva aðra en vatn, og aukabúnaðar sem hægt er að tengja við hann og á að vera í samræmi við reglugerð um viðbótarbúnað með rennslismælum fyrir vökva aðra en vatn, allur búnaður sem hafa þarf til að tryggja réttar mælingar eða til að auðvelda vinnu við mælingar, svo og allur annar búnaður sem á einhvern hátt getur haft áhrif á þær.

Ef fleiri mælar en einn, ætlaðir til mismunandi mælinga, eru tengdir við íhluta sem koma að sameiginlegum notum við vinnslu skal hver mælir, ásamt þessum sameiginlegu íhlutum, teljast mælikerfi.

Ef fleiri mælar en einn eru ætlaðir fyrir sömu mælingavinnu teljast þeir vera eitt mælikerfi.

1.1.2. Lágmarkssölumagn.

Lágmarkssölumagn mælikerfa er ákvarðað í samræmi við reglugerðir um rennslismæla fyrir vökva aðra en vatn og viðbótarbúnað með rennslismælum fyrir vökva aðra en vatn að teknu tilliti til ákvæða þessarar reglugerðar.

Í mælikerfum sem eru ætluð til mælinga á vökva sem streymir inn í þau kallast minnsta magn vökva sem heimilað er að mæla lágmarksrennsli. Áðurnefnd ákvörðun varðandi lágmarkssölumagn gildir á sama hátt um lágmarksrennsli.

1.1.3. Loftskilja.

Loftskilja er tæki sem er gert til að aðskilja og fjarlægja jafnóðum allt loft eða gas sem kann að vera í vökvanum með þar til gerðum búnaði.

Meginreglan er að lofttæmingarbúnaðurinn sé sjálfvirkur. Þess er þó ekki krafist ef til staðar er vélbúnaður sem stöðvar vökvarennslið sjálfkrafa ef hætta er á að loft eða gas geti komist inn í mælinn. Komi það fyrir má ekki endurtaka mælinguna fyrr en loftið eða gasið hefur verið fjarlægt, annaðhvort sjálfvirkt eða handvirkt.

1.1.4. Afloftunarventill.

Afloftunarventill er tæki, hannað til að draga út loft eða gas í aðrennslisrör mælisins sem safnast hefur í vasa og er aðeins að litlu leyti blandað vökvanum.

Framangreindar kröfur varðandi lofttæmingarbúnað loftskiljunnar gilda einnig um afloftunarventla.

1.1.5. Sérbúinn afloftunarventill.

Sérbúinn afloftunarventill er tæki sem aðskilur jafnóðum, á sama hátt og loftskiljan en við auðveldari mælingar, allt loft eða gas sem er í vökvanum og stöðvar sjálfkrafa rennsli vökvans ef hætta er á að loft eða gas, sem safnast hefur í vasa og er aðeins að litlu leyti blandað vökvanum, komist inn í mælinn.

1.1.6. Þéttihólf.

Þéttihólf er lokað hólf í mælikerfum fyrir fljótandi gas undir þrýstingi og gegnir því hlutverki að taka við lofttegundum í vökvanum sem á að mæla og þétta þær fyrir mælingu.

1.1.7. Gasmælir.

Gasmælir er tæki sem finnur auðveldlega allar loft- eða gasbólur sem kunna að vera í vökvanum.

1.1.8. Sjóngler.

Sjóngler er tæki til að fylgjast með því að allt mælikerfið eða hluti þess sé fyllt vökva.

1.2. Gildissvið.

Almennu kröfurnar í 1. lið gilda um allar gerðir mælikerfa nema annað sé tekið fram í 2. lið.

1.3. Mælar, rennslismörk.

Mælar sem eru innbyggðir í mælikerfi, þar með talinn allur viðbótarbúnaður, skulu hafa EBE-gerðarviðurkenningu til mælingar á þeim vökva sem um ræðir við venjuleg notkunarskilyrði.

Þessir mælar skulu annaðhvort fá sérstaka EBE-gerðarviðurkenningu eða viðurkenningu sem er innifalin í EBE-gerðarviðurkenningu mælikerfisins sem þeir eru hluti af. Rennslismörk (hámarks- og lágmarksrennsli) mælikerfisins geta verið önnur en rennslismörk mæla sem eru notaðir með því. Þegar svo ber undir skal ganga úr skugga um að hámarks- og lágmarksrennsli mælikerfisins samrýmist rennsli mælisins. Í öllum tilvikum, einnig þar sem mælir hefur verið viðurkenndur sem innbyggður íhluti í mælikerfi, verður hann að vera í samræmi við kröfur reglugerðar um rennslismæla fyrir vökva aðra en vatn. Þegar nokkrum mælum er komið fyrir samhliða í einu mælikerfi skal summan af hámarks- og lágmarksrennsli þeirra, að undanskildum sérstökum tilvikum sem mælt er fyrir um í þessum viðauka, lögð til grundvallar þegar rennslismörk mælikerfisins eru ákveðin. Hámarksrennsli mælikerfisins skal vera að minnsta kosti tvöfalt lágmarksrennsli mælisins eða summa af rennsli mælanna sem eru í því.

1.4. Tilfærslupunktur.

1.4.1. Í mælikerfum skal vera staður þar sem magn frárennslis eða innrennslis er afmarkað og kallast hann tilfærslupunktur. Þessi tilfærslupunktur er staðsettur aftan við mælinn í frárennslisbúnaði en framan við hann í innrennslisbúnaði.
1.4.2. Mælikerfi getur verið af tveimur gerðum: búnaður með „tómum slöngum“ og búnaður með „fylltum slöngum“; hugtakið slanga getur merkt ósveigjanlegt rör.

1.4.2.1. Búnaður með tómum slöngum er, þegar um er að ræða frárennslisbúnað, búnaður, þar sem tilfærslupunkturinn er framan við frárennslisslönguna. Þessi tilfærslupunktur getur annaðhvort verið sem sjóngler með yfirfalli eða sem lokaður búnaður, í báðum tilvikum tengdur við búnað sem tæmir frárennslisslönguna eftir hverja mælingu.

1.4.2.2. Búnaður með fylltum slöngum er, þegar um er að ræða frárennslisbúnað, mælibúnað þar sem tilfærslupunkturinn er í formi lokunarbúnaðar sem komið er fyrir í frárennslisrörunum. Þegar þetta rör er opið í endann skal lokunarbúnaðinum komið fyrir eins nærri þeim enda og kostur er.

1.4.2.3. Þegar um er að ræða aðstreymisbúnað gilda sömu reglur á sama hátt um aðstreymisrörið framan við mælinn.

1.5. Síur.

Í mælikerfum skal vera búnaður framan við mælana, ætlaður til að safna í sig föstum óhreinindum úr vökvanum (síur). Síunum skal eftir því sem hægt er koma þannig fyrir að auðvelt sé að ná til þeirra.

1.6. Loft- og gaseyðing.

1.6.1. Almenn ákvæði.

Mælikerfi skulu sett upp á þann hátt að loft geti ekki komist að vökvanum eða gasmyndun orðið í honum framan við mælinn. Ef vafi leikur á að hægt sé að uppfylla þessar kröfur skal lofteyðingarbúnaður vera innbyggður í mælikerfi og skal hann geta fjarlægt allar lofttegundir úr vökvanum áður en hann fer gegnum mælinn.

Lofteyðingarbúnaðurinn skal lagaður að aðrennslisaðstæðum og komið fyrir á þann hátt að viðbótarfrávik, sem koma til vegna áhrifa lofts og gastegunda á niðurstöður mælinganna, fari ekki yfir:

- 0,5 % af mældu magni vökva, annarra en drykkjarhæfra vökva, þegar seigja er að hámarki 1 mPa·s,

- 1 % af mældu magni drykkjarhæfra vökva og vökva þar sem seigja er meiri en 1 mPa·s.

Ekki er þó nauðsynlegt að þessi frávik séu minni en 1% af lágmarkssölumagn.

1.6.2. Aðrennsli með dælingu.

1.6.2.1. Með fyrirvara um lið 1.6.6 skal loftskilja vera til staðar við þær aðstæður þegar þrýstingur getur fallið skyndilega við inntak dælunnar niður fyrir loftþrýsting í andrúmsloftinu eða þrýsting mettaðrar gufu vökvans.

1.6.2.1.1. Loftskiljur sem eru ætlaðar til að nota þar sem hámarksrennsli fer ekki yfir 100 m^3/h geta annaðhvort verið háðar sérstakri EBE-gerðarviðurkenningu eða viðurkenningu sem er innifalin í EBE-gerðarviðurkenningu mælibúnaðsins sem þær eru hluti af, svo framarlega sem kveðið er á um viðurkenningu slíks búnaðar í þessum viðauka. Hvað varðar loftskiljur sem eru gerðar fyrir hámarksrennsli yfir 100 m^3/h geta þær fengið gerðarviðurkenningu á sama hátt þótt þær séu stærri ef mynstrið er það sama. Loftskiljur sem hafa fengið sérstaka EBE-gerðarviðurkenningu má nota í mælikerfum án gasmæla.

1.6.2.1.2. Loftskilja skal alla jafna vera aftan við dæluna. Hún má þó vera samtengd dælunni.

Undir öllum kringumstæðum skal hún vera staðsett svo nálægt mælinum að þrýstingstap af völdum vökva-rennslisins milli þessara tveggja íhluta sé óverulegt.

1.6.2.1.3. Vinnslumörk loftskiljunnar skulu vera sem hér segir:

a) hámarksrennsli eins eða fleiri tiltekinna vökva;

b) hámarks- og lágmarksþrýstingsmörk sem samrýmast réttri vinnslu lofteyðingarbúnaðarins.

1.6.2.1.4. Þegar loftskilja, gerð fyrir hámarksrennsli sem fer ekki yfir 100 m^3 /h., er háð sérstakri EBE-gerðarviðurkenningu skal hún, innan frávikamarkanna sem mælt er fyrir um í 1.6.1, tryggja eyðingu loft- eða gastegunda í vökvanum sem á að mæla við eftirfarandi prófunarskilyrði:

a) mælikerfið skal starfa við hámarksrennsli og lágmarksþrýstinginn sem kveðið er á um fyrir loftskiljuna;

b) heimilt er að hafa hlutfall loft- eða gastegunda á móti vökva breytilegt ef loftskiljan er hönnuð fyrir rennsli sem er að hámarki 20 m^3 /h eða lægra; það skal takmarkast við 30% ef loftskiljan er hönnuð fyrir

hámarksrennsli yfir 20 m^3/h. (Loft- eða gastegundir skulu mældar við loftþrýsting andrúmsloftsins til að ákvarða hlutfall þeirra.)

Sjálfvirki lofttæmingarbúnaðurinn skal vinna á réttan hátt við hámarksþrýsting sem kveðið er á um fyrir loftskiljur.

1.6.2.1.5. Þegar loftskilja er viðurkennd sem íhluti í viðurkenndu mælikerfi geta kröfurnar í lið 1.6.2.1.4 gilt um hana. Í því tilviki er ekki nauðsynlegt að hafa gasmæli.

Þegar mælikerfi hefur innbyggðan gasmæli í samræmi við skilgreininguna í 1.1.7 skal loftskiljan, með þeim frávikum sem kveðið er á um í 1.6.1, tryggja eyðingu loft- eða gastegunda í vökvanum sem á að mæla með eftirfarandi skilyrðum:

a) mælikerfið skal starfa við hámarksrennsli og lágmarksþrýsting;

b) hlutfall loft- eða gastegunda á móti vökva má ekki fara yfir:

- 20 % þegar um er að ræða vökva aðra en drykkjarhæfa vökva og seigja er að hámarki 1 mPa·s,

- 10 % þegar um er að ræða drykkjarhæfa vökva og aðra vökva þar sem seigja er meiri en 1 mPa·s[1)].

Þegar hlutfall loft- eða gastegunda á móti vökva fer yfir áðurnefndan hundraðshluta og loftskiljan getur ekki uppfyllt kröfurnar varðandi heimiluð hámarksfrávik skulu gas- eða loftbólur sjást greinilega í gasmælinum.

1.6.2.2. Þegar þrýstingurinn við inntak dælunnar er stöðugt meiri en loftþrýstingur í andrúmsloftinu og þrýstingur mettaðrar gufu vökvans, en engin loftskilja er til staðar, er nauðsynlegt að hafa afloftunarventil eða sérbúinn afloftunarventil ef hætta er á að gasmyndun eigi sér stað á milli dælunnar og mælisins þegar hlé verður á vökvastreymi eða loftvasar myndist í rörunum (t.d. þegar aðrennslistankurinn er alveg tómur) í þeim mæli að frávik af þessum sökum fari yfir 1% af lágmarkssölumagn.

1.6.2.2.1. Afloftunarventill eða sérbúinn afloftunarventill, ætlaður til notkunar þar sem rennsli fer ekki yfir 100 m^3 /h., getur annaðhvort verið háður sérstakri EBE-gerðarviðurkenningu eða viðurkenningu sem er innifalin í EBE-gerðarviðurkenningu mælikerfisins sem hann er hluti af, ef ákvæði eru um viðurkenningu kerfisins í þessum viðauka.

Afloftunarventlar sem eru gerðir fyrir meira rennsli en 100 m^3 /h geta fengið gerðarviðurkenningu á sama hátt þótt þeir séu stærri ef gerðin er sú sama.

Nota má afloftunarventla og sérbúna afloftunarventla sem hafa fengið sérstaka EBE-gerðarviðurkenningu í mælikerfum án gasmæla.

---

1) Reynslan sýnir að rétt smíðuð loftskilja uppfyllir að jafnaði kröfurnar sem um getur í a- og b-lið ef notkunarrúmmál hennar er að minnsta kosti 8% af því rúmmáli sem streymir í gegn á einni mínútu við hámarksrennsli, sem er tilgreint á kennispjaldi mælibúnaðsins.

1.6.2.2.2. Afloftunarventill eða sérbúinn afloftunarventill skal að jafnaði vera aftan við dæluna. Hann má þó vera samtengdur dælunni.

Í báðum tilvikum skal hann að jafnaði staðsettur á hæsta punkti í rörunum, eins nærri mælinum og unnt er og framan við hann. Ef hann er staðsettur neðar en mælirinn skal einstefnuloki, ef þörf krefur með búnaði til að takmarka þrýsting, innbyggður til að koma í veg fyrir að rörin á milli þeirra tæmist.

Ef rörin framan við mælinn liggja hátt á nokkrum stöðum getur þurft að hafa nokkra afloftunarventla.

1.6.2.2.3. Vinnslumörk afloftunarventils eða sérbúins afloftunarventils eru samkvæmt skilgreiningu í 1.6.2.1.3, ásamt því lágmarkssölumagni sem slík tæki eru gerð fyrir.

1.6.2.2.4. Afloftunarventill eða sérbúinn afloftunarventill skal við hámarksrennsli í mælikerfinu geta tæmt gas- eða loftvasa, mælda við loftþrýsting andrúmsloftsins, í að minnsta kosti lágmarksmagni, án þess að viðbótarfrávik verði meiri en sem svarar 1% af því. Enn fremur skal sérbúinn afloftunarventill að staðaldri geta skilið frá það loft- eða gasmagn sem svarar til 5% af vökvamagninu við hámarksrennsli án þess að viðbótarfrávik vegna þess fari yfir mörkin sem eru sett í 1.6.1.

1.6.2.3. Kröfurnar í 1.6.2.1 og 1.6.2.2 koma ekki í veg fyrir að hægt sé að nota handvirkan eða sjálfvirkan afloftunarbúnað þegar um er að ræða föst, umfangsmikil kerfi.

1.6.2.4. Ef aðrennsli vökvans er hagað þannig, hvernig sem notkunarskilyrðin eru, að ekkert loft eða gas geti myndast eða komist inn í aðstreymisrörin framan við mælinn meðan á mælingu stendur, er ekki nauðsynlegt að hafa lofteyðingarbúnað, að því tilskildu að sú loftmyndun sem líklegt er að verði þegar hlé verður á rennsli valdi ekki meiri frávikum en 1% af lágmarkssölumagn.

1.6.3. Rennsli án dælingar.

1.6.3.1. Þegar sjálfstreymi er að mælinum, án þess að dæla sé notuð og sé þrýstingur á vökvanum í öllum hlutum röranna framan við mælinn og á mælinum sjálfum meiri en þrýstingur mettaðrar gufu og þrýstingur andrúmsloftsins, er ekki nauðsynlegt að hafa lofteyðingarbúnað. Eftir að mælikerfið hefur verið sett í gang er þó krafist búnaðar sem heldur því fylltu á réttan hátt.

1.6.3.2. Ef líkur eru á að þrýstingur vökvans verði minni en þrýstingur í andrúmsloftinu en þó meiri en þrýstingur mettaðrar gufu skal koma í veg fyrir, með þar til gerðum búnaði, að loft geti komist inn í mælinn.

1.6.3.3. Þegar rennsli að mælinum er knúið með loftþrýstingi skal þar til gerður búnaður koma í veg fyrir að loft komist inn í mælinn.

1.6.3.4. Undir öllum kringumstæðum skal þrýstingur vökvans milli mælisins og tilfærslupunktsins vera hærri en þrýstingur mettaðrar gufu vökvans.

1.6.4. Loftlosun.

Í röri lofteyðingarbúnaðar má ekki vera handstýrður loki ef lofteyðing stöðvast um leið og honum er lokað. Ef lokunarbúnaðar af þessu tagi er samt sem áður krafist af öryggisástæðum skal vera hægt að tryggja að hann haldist opinn með búnaði sem heldur honum í þeirri stöðu.

1.6.5. Búnaður sem kemur í veg fyrir hringiðu.

Ef almenna reglan er að birgðatankur mælikerfis sé alveg tæmdur skal vera búnaður á afrennslisopi tanksins sem kemur í veg fyrir hringiðu, nema þar sem loftskilja er innbyggð í kerfið.

1.6.6. Seigfljótandi vökvar.

Þar sem virkni loftskilja og afloftunarventla minnkar með aukinni seigju í vökvanum er ekki nauðsynlegt að hafa þann búnað þegar um er að ræða vökva með hreyfiseigju yfir 20 mPa·s við 20° C. Dælunni skal komið fyrir á þann hátt að inntaksþrýstingurinn sé alltaf hærri en þrýstingur í andrúmsloftinu. Ef vafi leikur á að hægt sé að uppfylla þessi skilyrði í öllum tilvikum skal setja upp búnað sem stöðvar rennsli vökvans sjálfkrafa um leið og inntaksþrýstingurinn fellur niður fyrir þrýsting andrúmsloftsins. Nota skal þrýstimæli til að fylgjast með þessum þrýstingi. Ekki er nauðsynlegt að uppfylla þessi skilyrði þegar í mælikerfinu er búnaður sem tryggir að loft geti ekki komist inn um samskeyti í þeim hluta röralagnanna þar sem undirþrýstingur er.

Þegar mælikerfið er ekki í notkun skal rörunum haldið fylltum vökva upp að tilfærslupunktinum.

1.7. Gasmælir.

1.7.1. Í mælikerfum geta verið gasmælar til að finna gas. Slíkur búnaður kann að vera lögboðinn í tilvikum sem fjallað er um í lið 2.

1.7.2. Gasmælirinn skal hannaður á þann hátt að viðhlítandi upplýsingar fáist um gas eða loft í vökvanum.

1.7.3. Gasmælirinn skal staðsettur aftan við mælinn.

1.7.4. Í mælikerfum með tómum slöngum getur gasmælirinn verið sjóngler með yfirfalli og um leið verið tilfærslupunktur.

1.7.5. Gasmælirinn getur verið með loftventli eða öðrum afloftunarbúnaði þegar hann er staðsettur hátt í rörunum. Ekkert rör má vera tengt við loftventilinn. Mælar sem gera rennslið sýnilegt (t.d. skrúfukeilur) geta verið innbyggðir í gasmælinn að því tilskildu að slíkur búnaður komi ekki í veg fyrir að gasmyndum, sem kann að vera til staðar í vökvanum, sjáist.

1.8. Áfylling mælikerfis.

1.8.1. Mælirinn og rörin sem liggja frá mælinum að tilfærslupunktinum skulu sjálfkrafa haldast vökvafyllt á meðan mæling stendur yfir og einnig þegar kerfið er ekki í notkun.

Ef þetta skilyrði er ekki uppfyllt, einkum þegar um er að ræða varanlega uppsetningu, skal vera hægt að fylla mælikerfið handvirkt alveg upp að tilfærslupunktinum og halda því þannig á meðan mælt er og einnig þegar kerfið er ekki í notkun. Til að tryggja fullkomna loft- og gaseyðingu úr mælikerfinu skal hafa losunarbúnað, ef unnt er með litlum sjónglerjum á réttum stöðum.

1.8.2. Almennt gildir að breytilegt hitastig í rörum milli mælisins og tilfærslupunktsins má ekki valda viðbótarfrávikum yfir 1% af lágmarkssölumagni.

Í 2. lið eru tilgreindar þær tæknilegu kröfur sem verður að uppfylla í sérstökum tilvikum til að skilyrðum þessum sé fullnægt.

1.8.3. Ef þörf krefur skal búnaður sem viðheldur þrýstingi vera aftan við mælinn til að tryggja að þrýstingur á lofteyðingarbúnaðinum og mælinum sé alltaf hærri en þrýstingur andrúmsloftsins og þrýstingur mettaðrar gufu í vökvanum.

1.8.4. Mælikerfi þar sem hugsanlegt er að vökvinn geti streymt í öfuga átt við venjulegt rennsli, þegar dælan hefur stöðvast, skulu búin einstefnuloka með búnaði til að takmarka þrýsting ef þörf krefur.

1.8.5. Í mælikerfum með tómum slöngum skal vera staður þar sem rörin aftan við mælinn, og ef þörf krefur rörin framan við mælinn, liggja svo hátt að allir hlutar mælikerfisins haldist stöðugt, fylltir. Tæming afhendingarslöngunnar sem um getur í 1.4.2.1 skal tryggð með loftventli. Í sumum tilvikum getur sérstakur búnaður komið í stað þessa loftventils, eins og t.d. aukadæla eða þrýstiloftsdæla. Í mælikerfum sem eru gerð fyrir lágmarkssölumagn innan við 10 m^3 skal slíkur búnaður vera sjálfvirkur.

1.8.6. Í mælikerfum með fylltum slöngum skal vera búnaður á lausa enda slöngunnar sem tryggir að slangan geti ekki tæmst þegar ekki er verið að nota kerfið. Þetta gildir ekki um fljótandi gas. Þegar lokunarbúnaði er komið fyrir framan við þennan búnað, skal rýmið þar á milli vera eins lítið og unnt er og í öllum tilvikum minna en heimiluð hámarksfrávik fyrir lágmarkssölumagn mælikerfisins.

Þegar um er að ræða búnað sem er ætlað til að mæla seigfljótandi vökva skal stúturinn á því hannaður á þann hátt að hann geti ekki haldið eftir meira vökvamagni en sem nemur 0,4 sinnum heimiluðum hámarksfrávikum fyrir lágmarkssölumagn mælikerfisins.

1.8.7. Ef slangan er samsett úr mörgum hlutum skal setja þá saman annaðhvort með sérstöku tengi sem heldur slöngunni fylltri eða með tengibúnaði sem er annaðhvort innsiglaður eða lokaður með búnaði sem aðeins er hægt að rjúfa með sérstökum verkfærum.

1.9. Breytilegt innanmál í fylltum slöngum,

Í fylltum slöngum í mælikerfi þar sem notuð er tromla má aukning á innanmáli frá því að slangan er uppvafin og ekki undir þrýstingi og til þess er slangan hefur verið undin af, er undir þrýstingi og án þess að rennsli sé um hana, ekki vera meiri en tvöföld heimiluð hámarksfrávik fyrir lágmarkssölumagn.

Ef ekki er notuð tromla í mælikerfinu má aukning innanmáls ekki fara yfir heimiluð hámarksfrávik lágmarkssölumagns.

1.10. Greinar.

1.10.1. Í mælikerfum með vökvafrárennsli er eingöngu leyft að hafa rör sem greinast aftan við mælinn ef þeim er þannig komið fyrir að vökvinn fari aðeins út um eitt úttak í einu. Í mælikerfum þar sem mæling fer fram við vökvaaðstreymi er eingöngu leyft að hafa rör sem greinast framan við mælinn ef þeim er þannig komið fyrir að vökvinn fari aðeins inn um eitt rör í einu.

Einungis má víkja frá þessum kröfum þegar um er að ræða frárennslis- og aðstreymisbúnað sem eru sett upp á þann hátt að þau þjóna aðeins einum notanda eða birgi í einu.

1.10.2. Mælikerfi sem eru annaðhvort með tómum slöngum eða fylltum slöngum ásamt sveigjanlegum rörum, skulu ef þörf krefur, hafa innbyggðan einstefnuloka í fasta rörinu sem liggur að fylltu slöngunni fast aftan við stillilokann. Stillilokinn má ekki, hver sem staða hans er, valda því að tenging verði milli losunarslöngunnar, sem er tóm meðan kerfið starfar, og röranna sem liggja að fylltu slöngunni.

1.11. Hjárásir.

Allar tengingar til að tengja framhjá mælinum skulu lokaðar með blindflönsum. Ef vinnsla mælisins krefst þess hins vegar að slíkar hjárásir séu notaðar verður að vera hægt að loka þeim, annaðhvort með blindloku eða með tvöföldum lokunarbúnaði með öryggisloka á milli. Hægt á að vera að innsigla lokunarbúnaðinn til frekara öryggis.

1.12. Lokar og stjórnbúnaður.

1.12.1. Ef aðrennsli er með þeim hætti að álag á mælinn geti orðið of mikið skal hafa innbyggðan búnað sem takmarkar rennsli. Þessi búnaður skal staðsettur aftan við mælinn ef hann veldur þrýstingstapi. Hægt á að vera að innsigla hann.

1.12.2. Mismunandi stillingar stjórntækja fyrir margstefnuloka skulu sjást vel og hafa viðnám sem geta verið skorur, hnúðar eða aðrar festingar. Víkja má frá þessum kröfum þegar bilið milli tveggja stillinga stjórntækjanna myndar 90° horn eða meira.

1.12.3. Einstefnulokar og lokunarbúnaður sem stuðlar ekki að því að afmarka mælt vökvamagn skulu, ef þörf krefur, vera útbúnir með loka sem jafnar þrýsting ef hann verður of mikill í mælikerfinu.

1.13. Uppsetning mælibúnaðar.

Mælikerfi skulu sett upp á þann hátt að álestrarbúnaðurinn sjáist greinilega við venjuleg notkunarskilyrði. Álestrarbúnaðurinn og loftmælir loftskiljunnar, ef hann er fyrir hendi, skal ef unnt er sjást frá sama stað. Auðvelt á að vera að komast að innsiglisbúnaði, plötur skulu þannig festar að ekki sé hægt að taka þær af og löggiltar merkingar skulu vera skýrar, læsilegar og varanlegar.

1.14. Sannprófun á notkunarstað.

Uppsetning skal vera með þeim hætti að sannprófun sem kveðið er á um í 3.2 sé framkvæm-

anleg. Ef þörf krefur skal hafa rör sem skilar vökvanum í geymslutank að lokinni mælingu. Í kerfinu skulu vera hita- og þrýstimælar ef þess gerist þörf, einkum ef vitneskja um þessa þætti er nauðsynleg vegna vinnslu eða prófunar mælikerfisins.

1.15. Eiginleikar mælikerfis.

Eiginleikar mælikerfis eru þessir:

- hámarks- og lágmarksrennsli,
- hámarksvinnuþrýstingur,
- lágmarksvinnuþrýstingur, ef þörf krefur,
- vökvinn eða vökvarnir sem mæla á, svo og seigjumörk, hreyfilýsingar- eða hreyfifræðileg, ef upplýsingar um eðli vökvanna nægja ekki einar til að ákvarða seigju þeirra,
- lágmarksrennsli,
- hitamörk ef hægt er að mæla vökva sem er kaldari en -10° C eða heitari en + 50° C.

1.16. Merkingar.

Á mælikerfum, íhlutum eða fylgihlutum sem hafa fengið gerðarviðurkenningu skulu vera eftirfarandi merkingar með læsilegum og varanlegum stöfum, annaðhvort á skjá álestrarbúnaðarins eða á sérstakri upplýsingaplötu:

a) merki um EBE-gerðarviðurkenningu;

b) auðkenni eða nafn framleiðanda;

c) merkingu framleiðanda, ef einhver er;

d) raðnúmer og framleiðsluár;

e) eiginleika mælikerfisins samkvæmt skilgreiningu í 1.15;

f) allar viðbótarupplýsingar sem koma fram í gerðarviðurkenningarvottorðinu.

Ef margir mælar vinna saman í einu kerfi ásamt sameiginlegum íhlutum má hafa allar tilskildar merkingar fyrir hvern hluta kerfisins saman á einni plötu.

Merkingar á álestrarbúnaði mælis sem er hluti af mælikerfinu mega ekki stangast á við þær sem koma fram á kennispjaldi mælikerfisins.

Ef hægt er að flytja mælikerfið án þess að taka það í sundur mega merkingar hvers hluta einnig vera saman á einni plötu.

1.17. Innsigli.

Æskilegt er að innsigla með stimpluðu blýi. Þó eru sérstök innsigli sem sett eru með töng leyfð þegar brothætt tæki eiga í hlut og þar sem slík innsigli eru svo vel varin að þau geta ekki brotnað fyrir slysni.

Í öllum tilvikum skal vera auðvelt að komast að innsiglum.

Setja skal innsiglisbúnað á alla hluta mælibúnaðar sem ekki er hægt að verja á annan hátt gegn aðgerðum sem kynnu að hafa áhrif á nákvæmni mælinganna. Þó þarf ekki að innsigla tengingar sem aðeins er hægt að taka í sundur með verkfærum.

Innsiglisbúnaður skal hannaður á þann hátt að hægt sé að festa þar merkið um EBE-frumsannprófun að hluta.

Hægt á að vera að festa stimpilplötuna sem um getur í lið 3.3.2.1 í II. viðauka við reglugerð um mælitæki og aðferðir við mælifræðilegt eftirlit, með innsigli við þann eða þá hluti sem mælikerfið er fest á. Hana má sameina kennispjaldi mælikerfisins sem um getur í 1.16.

Þegar um er að ræða mælikerfi, ætluð fyrir drykkjarhæfa vökva, skulu innsigli ekki notuð, til að hægt sé að taka kerfið í sundur og hreinsa það.

2. SÉRÁKVÆÐI UM AÐRAR GERÐIR AF MÆLIKERFUM

2.1. Mælikerfi fyrir fljótandi eldsneyti[1)]

2.1.1. Mælikerfi fyrir fljótandi eldsneyti eru kerfi sem eru ætluð til áfyllingar eldsneytis í eldsneytistanka ökutækja.

Mælikerfi sem eru notuð við áfyllingu eldsneytis á skemmtibáta og litlar flugvélar teljast til mælikerfa fyrir fljótandi eldsneyti.

Þessi kerfi geta haft sinn eiginn aðrennslisbúnað eða þau eru gerð til að vera hluti af stærra aðrennsliskerfi.

Hlutfallið milli hámarks- og lágmarksrennslis þessara kerfa skal vera að minnsta kosti 10 : 1.

2.1.2. Þegar mælikerfið hefur eigin aðrennslisbúnað skal, ef unnt er, koma fyrir loftskilju rétt framan við inntakið í mælinn.

Þessi loftskilja skal uppfylla kröfurnar í 1.6.2.1.4 eða 1.6.2.1.5[2)].

Í síðarnefnda tilvikinu er loftventillinn sem um getur í 1.7.5. ekki leyfður.

[1)] Nánari ákvæðum verður síðar bætt við varðandi mælikerfi fyrir fljótandi eldsneyti að því er varðar:
- mæla til að blanda eldsneyti,
- mæla til að blanda eldsneyti og olíur,
- rafmagns- eða rafeindatæki og aukabúnað,
- sjálfsala, og
- mælitæki ætluð fyrir birgðabúnað með fljótandi gasi.

[2)] Reynslan sýnir að loftskilja sem er í samræmi við lið 1.6.2.1.5 uppfyllir að jafnaði kröfurnar ef virkt rúmmál hennar er að minnsta kosti 5% af því rúmmáli sem streymir í gegn á einni mínútu við hámarksrennsli, sem er tilgreint á kennispjaldi mælibúnaðsins.

2.1.3. Þegar mælikerfi er gert til vera hluti af stærra aðrennsliskerfi eða fjarveitu, gilda almennu reglurnar í 1.6.

2.1.4. Mælikerfi fyrir fljótandi eldsneyti skulu hafa búnað sem gerir kleift að stilla magnálesturinn á núll í samræmi við 1.1, 1.2, 1.3 og 1.5 í viðauka reglugerðar um viðbótarbúnað með rennslismælum fyrir vökva aðra en vatn og einnig búnað til að mæla heildarmagn.

Ef búnaðurinn er einnig með verðmæli skal fylgja búnaður til að endurstilla álesturinn á núll.

Búnaður til að endurstilla verð- og magnálestur á núll skal innbyggður á þann hátt að núllstilling annars hvors leiði sjálfkrafa til núllstillingar hins.

2.1.5. Þegar mælikerfið fyrir fljótandi eldsneyti hefur eigin aðrennslisbúnað sem er knúið með rafhreyfli skal fylgja því búnaður sem kemur í veg fyrir frekara rennsli vökvans, eftir að hreyfillinn hefur stöðvast, þar til mælirinn hefur verið endurstilltur á núll.

Undir engum kringumstæðum má vera hægt að stilla á núll á meðan frárennsli stendur yfir.

2.1.6. Einstefnulokinn sem um getur í 1.8.4 er lögboðinn. Hann á að vera staðsettur á milli lofteyðingarbúnaðarins og mælisins. Þó má hafa hann rétt aftan við mælinn ef lofteyðingarbúnaðurinn er staðsettur hærra en mælirinn. Í því tilviki má samtengja hann búnaðinum sem um getur í lið 1.8.3. Þegar einstefnulokanum er komið fyrir milli lofteyðingarbúnaðarins og mælisins verður þrýstingstapið sem af því leiðir að vera svo lítið að það teljist ekki skipta máli.

2.1.7. Slöngur í mælikerfum með fylltum slöngum skulu hafa handvirkan lokunarbúnað sem uppfyllir kröfurnar í lið 1.8.6. Einnig má hafa sjálfvirkan lokunarbúnað.

Mælikerfi með fylltum slöngum sem fá eingöngu aðrennsli með handvirkum dælum þurfa aðeins að hafa lokunarbúnaðinn sem um getur í 1.8.6.

2.1.8. Í mælikerfum þar sem hámarksrennsli er 60 lítrar á mínútu eða minna skal lágmarksrennsli ekki vera meira en fimm lítrar.

2.1.9. Þegar mælirinn er útbúinn með miða-prentara skal prenttækið vera tengt við búnaðinn sem endurstillir magnálesturinn á núll. Með hjálp þessa búnaðar skal vera hægt að bera saman álesturinn og það sem stendur á miðanum eftir prentun.

2.1.10. Í samræmi við 3.2 skal frumsannprófun mælikerfis fyrir fljótandi eldsneyti framkvæmd í einu eða tveimur þrepum eftir því hvort þau hafa eigin aðrennslisbúnað eða ekki.

2.2. Mælikerfi í tankbifreiðum, ætluðum til flutnings og afhendingar á vökva með lítilli seigju (seigja $\leq$ 20 mPa·s) sem er geymdur við loftþrýsting andrúmsloftsins, að undanskildum drykkjarhæfum vökvum.

2.2.1. Kröfurnar í 2.2. gilda um mælikerfi sem eru sett upp í tankbifreiðum og tönkum sem notaðir eru í flutningum.

Þegar mælikerfi eru í tankbifreiðum með fleiri en einu hólfi skal lokunarbúnaður vera á hverju hólfi um sig (handvirkur eða sjálfvirkur).

2.2.2. Í samræmi við innlendar notkunarreglur, ef einhverjar eru, skal hvert mælikerfi notað fyrir ákveðna framleiðsluvöru eða framleiðsluflokk sem er tilgreindur í EBE-gerðarviðurkenningu viðkomandi mælis.

Rör skulu hönnuð á þann hátt að auðvelt sé að fyrirbyggja blöndun framleiðsluvara í mælikerfinu.

2.2.3. Þegar tönkum er komið fyrir á eftirvögnum eða festivögnum geta mælikerfin annaðhvort verið á dráttartækinu eða eftirvagninum/festivagninum.

2.2.4. Mælikerfi í tankbifreið getur verið með tómum slöngum eða með fylltum slöngum. Einnig er hægt að hafa í því eina tóma slöngu og eina fulla eða tvær fullar slöngur af mismunandi stærð sem settar eru upp á þann hátt að þær starfi til skiptis.

Ekki skal vera hægt að skipta um stillingu meðan á mælingu stendur.

2.2.5. Þegar mælirinn er útbúinn með miða-prentara skal prentunin tengd við búnaðinn sem endurstillir magnálesturinn á núll.

2.2.6. Mælikerfi í tankbifreið getur verið hannað til að starfa eingöngu með dælu, eingöngu með sjálfstreymi, annaðhvort með dælu eða sjálfstreymi eða með þrýstilofti.

2.2.6.1. Mælikerfi sem hafa aðeins dæluknúið aðrennsli geta starfað með fylltum eða tómum slöngum.

2.2.6.1.1. Ef hætta er á að skilyrðunum í lið 1.6.2.4 verði ekki fullnægt skal lofttæmingarbúnaður vera framan við mælinn, til dæmis:

a) heppileg loftskilja sem uppfyllir kröfurnar í 1.6.2.1.4 eða 1.6.2.1.5[1];

b) afloftunarventill;

c) sérbúinn afloftunarventill.

Ef þrýstingur við úttak mælikerfisins fellur niður fyrir þrýsting andrúmsloftsins, en helst hærri en þrýstingur mettaðrar gufu í vökvanum sem verið er að mæla, skal tengja búnaðinn við sjálfvirkan útbúnað til að hægja á og stöðva rennslið til að fyrirbyggja að loft geti komist inn í mælinn.

Ef engin hætta er á að þrýstingur falli niður fyrir þrýsting andrúmsloftsins við úttak mælisins (sem einkum á við um kerfi sem starfa eingöngu með fylltum slöngum) þarf ekki að hafa sjálfvirkan búnað til að hægja á og stöðva rennslið.

---

1) Reynslan sýnir að loftskilja sem er í samræmi við lið 1.6.2.1.5 uppfyllir að jafnaði kröfurnar ef virkt rúmmál hennar er að minnsta kosti 5% af því rúmmáli sem streymir í gegn á einni mínútu við hámarksrennsli mælisins.

2.2.6.1.2. Sérbúna loftskiljan með sjálfvirkum stöðvunarbúnaði skal útbúin með sjóngleri í samræmi við 1.1.8.

2.2.6.1.3. Hólfin í tankbifreiðum skulu vera með búnaði til að fyrirbyggja hringiðu, nema í mælikerfum sem hafa loftskilju samkvæmt því sem krafist er í 1.6.2.1.4.

2.2.6.2. Mælikerfi sem starfa eingöngu við sjálfstreymi skulu uppfylla eftirfarandi kröfur:

2.2.6.2.1. Búnaðurinn skal hannaður þannig að hægt sé að mæla allt innihald hólfsins eða hólfanna við rennsli sem er jafnt og lágmarksrennsli gegnum mælikerfið eða meira.

2.2.6.2.2. Ef tenging er við loftrýmið í tankinum skal viðeigandi búnaður koma í veg fyrir að loft komist inn í mælinn.

2.2.6.2.3. Í hólfunum í tankinum skal vera með búnaður sem kemur í veg fyrir hringiðu.

2.2.6.2.4. Kröfurnar í 1.6.3.1, 1.6.3.2 og 1.6.3.4 skulu gilda. Nota má hröðunardælu aftan við tilfærslupunktinn ef áðurnefndum skilyrðum er fullnægt. Slík dæla má ekki valda því að þrýstingur í mælinum falli.

2.2.6.2.5. Í sumum mælikerfum, einkum þeim sem hafa sérbúinn afloftunarventil með sjálfvirkum stöðvunarbúnaði og þeim sem hafa innbyggða loftrás út undir bert loft fast aftan við tilfærslupunktinn, er ekki nauðsynlegt að hafa gasmæli.

Þó er skylda að hafa gasmæli í mælikerfum með handstýrðum loftventli fast aftan við tilfærslupunktinn þar sem þrýstingurinn getur ekki farið niður fyrir þrýsting andrúmsloftsins.

2.2.6.3. Mælikerfi sem geta starfað annaðhvort með dælu eða við sjálfstreymi skulu uppfylla kröfurnar í 2.2.6.1 og 2.2.6.2.

2.2.6.4. Mælikerfi sem fá aðrennsli með hjálp þrýstilofts geta verið kerfi með fylltum eða tómum slöngum. Í tengirörunum milli búnaðarins, sem kemur í veg fyrir að gas komist inn í mælinn og fjallað er um í 1.6.3.3, og mælisins sjálfs skulu ekki vera nein höft eða íhlutar sem geta valdið þrýstingstapi sem getur leitt til myndunar loftvasa þegar loft er losað úr vökvanum.

Slík kerfi skulu hafa innbyggðan þrýstimæli sem sýnir þrýstinginn inni í tankinum. Svæðið milli hæsta og lægsta leyfilegs þrýstings skal sýnt á álestrarbúnaði þrýstimælisins.

2.3. Aðstreymismælikerfi, notuð til að afferma tankskip, tankvagna járnbrauta og tankbifreiðar.

2.3.1. Mælikerfi sem eru gerð til að mæla magn vökva sem er losaður úr tankskipum, tankvögnum járnbrauta og tankbifreiðum skulu hafa innbyggðan millitank þar sem vökvaborðið segir til um tilfærslupunktinn.

Þessi millitankur getur verið með búnaði til lofteyðingar.

2.3.1.1. Þegar um er að ræða tankbifreiðar og tankvagna járnbrauta skal millitankurinn sjálfkrafa tryggja fast vökvaborð sem er sýnilegt eða greinanlegt á annan hátt við upphaf og lok mælingarinnar. Leyfilegar sveiflur á föstu vökvaborði skulu ekki vera meiri en heimiluð hámarksfrávik fyrir lágmarksaðstreymi.

2.3.1.2. Þegar um er að ræða tankskip er ekki nauðsynlegt að fastsetja sjálfvirka stillingu vökvaborðs; ef það er ekki gert skulu breytingar á innihaldi tanksins vera mælanlegar.

Ef tankskipið er losað með dælum sem eru á botni skipsins þarf ekki að nota millitankinn nema við upphaf og lok losunarinnar.

2.3.1.3. Í tilvikunum tveimur sem um getur í 2.3.1.1 og 2.3.1.2 skal millitankurinn hafa það þversnið sem þarf til að vökvamagn, jafnt heimiluðum hámarksfrávikum fyrir lágmarksaðstreymi, svari til að minnsta kosti 2 mm munar á yfirborði.

2.4. Mælikerfi, staðbundin eða í tankbifreiðum, til mælinga á fljótandi gasi (að undanskildum lághitavökvum).

2.4.1. Fastar röralagnir með ósveigjanlegum rörum skulu vera milli þessara mælikerfa og aðrennslistanka þeirra. Hafa verður einstefnuloka milli aðrennslistanksins og mælisins.

2.4.2. Búnaður til að halda jöfnum þrýstingi, staðsettur aftan við mælinn, skal tryggja að framleiðsluvaran sé í vökvalíki inni í mælinum meðan á mælingu stendur. Hægt er að halda tilskildum þrýstingi annaðhvort við fast gildi eða gildi sem er lagað að mælingarskilyrðum.

2.4.2.1. Ef þrýstingnum er haldið við fast gildi skal gildið vera að minnsta kosti jafnt gufuþrýstingi framleiðslunnar við 15° C hærra hitastig en hæsta mögulega hitastig við notkun. Hægt á að vera að innsigla stillingar þrýstingsbúnaðarins.

2.4.2.2. Ef þrýstingurinn er lagaður að mælingarskilyrðum skal hann vera að minnsta kosti 100 kPa (1 bar) umfram gufuþrýsting vökvans meðan á mælingu stendur. Þetta á að gerast sjálfvirkt.

2.4.2.3. Þegar um er að ræða staðbundin mælikerfi til iðnaðarnota skal lögbær mælifræðistofa heimila notkun handstillanlegs búnaðar til að jafna þrýsting. Í því tilviki skal þrýstingur við úttak mælisins ekki vera minni en gufuþrýstingur framleiðsluvörunnar við 15° C hærra hitastig en hitastig vökvans við mælingu. Skýringarmynd skal fest á mælikerfið til að sýna gufuþrýsting framleiðsluvörunnar sem fall af hitastigi hennar. Ef talið er að þessi mælikerfi verði látin vinna eftirlitslaust í langan tíma skal skráningarbúnaður stöðugt skrá hitastig og þrýsting.

2.4.3. Setja skal upp lofteyðingarbúnað framan við mælinn, annaðhvort loftskilju eða þéttihólf.

2.4.3.1. Loftskiljan skal uppfylla almennu kröfurnar sem mælt er fyrir um í 1. lið, annaðhvort fyrir fljótandi gas eða vökva með meiri seigju.

Vegna vandkvæða við sannprófun er þó leyft að viðurkenna loftskilju ef eiginlegt vinnslumagn hennar er ekki minna en 1,5% af því magni sem fer í gegn á einni mínútu við

hámarksrennsli og rörið sem tengir mælinn við aðrennslistankinn er ekki lengra en 25 m. Ef rörið er lengra skal vinnslumagn loftskiljunnar ekki vera minna en 3% af því magni sem fer í gegn á mínútu við hámarksrennsli.

Ekki er nauðsynlegt að hafa gasmæli eða sjóngler í mælikerfum fyrir fljótandi gas.

Gastæmingarrörið má tengja við loftrými aðrennslistanksins eða við sjálfstæðan búnað sem stjórnar þrýstingi og er stilltur á þrýsting sem er 50 til 100 kPa (0,5 til 1 bar) neðan við þrýstinginn við úttak mælisins. Í þessu röri má hafa loka en ekki má vera hægt að loka honum meðan á mælingu stendur.

2.4.3.2. Rúmtak þéttihólfsins er háð rúmtaki röranna sem liggja milli loka aðrennslistanksins og þrýstingslokans aftan við mælinn. Það skal nema að minnsta kosti tvöfaldri þeirri rúmtaksminnkun vökvans sem orðið getur ef hitastigið fellur, venjulega er miðað við 10° C fyrir rör sem loft leikur um en 2° C fyrir rör, grafin í jörð eða hitaeinangruð. Til að meta rúmtakið skulu í stað nákvæmra gilda notaðir hitaþenslustuðlarnir $3 \cdot 10^{-3}$ á hverja gráðu Celsíus fyrir própan og própýlen og $2 \cdot 10^{-3}$ á hverja gráðu Celsíus fyrir bútan og bútadíen. Fyrir önnur efni með hærri gufuþrýstingi skulu gildi stuðulsins sem er notaður ákveðin af lögbærri mælifræðistofu.

Þéttihólfið skal vera með handstýrðum loftventli.

Í mælibúnað skal þéttihólfinu komið fyrir á þeim stað í rörinu sem liggur hæst.

Reiknað rúmtak samkvæmt áðurnefndri aðferð getur skipst á mörg þéttihólf sem eru staðsett á þeim stöðum sem liggja hæst í rörunum.

2.4.4. Hitamælingahólf skal vera fast við mælinn. Á mælinum sem er notaður skal deilingarbil ekki fara yfir 0,5° C og skal það vera sannprófað.

Þrýstimælir skal vera milli mælisins og þrýstingslokans.

Þegar um er að ræða mælikerfi í tankbifreiðum nægir að hafa þrýstimælistengingu.

2.4.5. Þegar mæling fer fram í mælikerfi sem komið er fyrir í tankbifreið skal engin tenging vera milli loftrýmis aðrennslistanksins og loftrýmis aðstreymistanksins.

2.4.6. Hafa má innbyggða öryggisventla í mælikerfum til að koma í veg fyrir óeðlilega háan þrýsting. Ef þessir lokar eru staðsettir aftan við mælinn skulu þeir opnast út undir bert loft eða vera tengdir við aðstreymistankinn.

Undir engum kringumstæðum má tengja öryggisloka sem eru staðsettir framan við mælinn framhjá honum við loka sem eru staðsettir aftan við mælinn.

2.4.7. Ef vinnuskilyrði eru með þeim hætti að nota þurfi slöngur sem hægt er að losa frá skulu þær haldast fylltar ef rúmtak þeirra er meira en heimiluð hámarksfrávik fyrir lágmarksrennsli.

Fylltar slöngur sem hægt er að losa frá skulu útbúnar með sérstökum „tengjum“ sem er

samtengingarbúnaður fyrir fylltar slöngur. Handvirkur loftventill skal ef þörf krefur vera fyrir hendi við endann á þessum slöngum.

2.4.8. Af öryggisástæðum verður að vera hægt að loka öryggislokanum í hinum tvöfalda lokunarbúnaði röranna sem eru leidd framhjá mælinum og um getur í 1.11. Þegar þannig háttar til skal þrýstimælir vera milli lokanna tveggja, eða einhver annar sambærilegur búnaður, til að hafa gætur á leka.

2.5. Mælikerfi fyrir mjólk.

2.5.1. Kröfurnar í 2.5 skulu gilda um mælikerfi sem mælir mjólk sem dælt er úr tankbifreiðum yfir í föst aðstreymismælikerfi og um færanleg eða föst frárennslismælikerfi fyrir mjólk.

2.5.2. Í aðstreymiskerfum er tilfærslupunkturinn fast yfirborð í tanki sem er framan við mælinn. Þetta fasta yfirborð skal vera sýnilegt eða greinanlegt fyrir og eftir hverja mælingu og skal sjálfkrafa haldast stöðugt.

2.5.2.1. Þegar aðrennsli að mælinum er knúið af dælu getur tankurinn með fasta yfirborðinu verið framan við dæluna eða milli dælunnar og mælisins.

2.5.2.1.1. Í fyrra tilvikinu getur aðrennslið að þessum tanki orðið með sjálfrennsli, með því að tæma strokka eða með aukadælu eða loftsogi. Ef mjólkin er sett í tankinn með hjálp dælu eða loftsogs er nauðsynlegt að hafa lofteyðingarbúnað; hann má vera samtengdur hylki með föstu vökvaborði.

2.5.2.1.2. Í síðara tilvikinu skal tankurinn með fasta vökvaborðinu gegna hlutverki lofteyðingarbúnaðar.

2.5.2.2. Þrátt fyrir kröfurnar í 1.8.3 getur aðrennsli að mælinum orðið með hjálp loftsogs. Þar eð þrýstingurinn í rörunum milli tanksins með fasta vökvaborðinu og mælisins er í því tilviki lægri en þrýstingur í andrúmsloftinu verða röratengingar að vera algerlega þéttar. Hægt á að vera að hafa eftirlit með því.

2.5.2.3. Í öllum aðstreymiskerfum skulu þau rör sem eru framan við fasta vökvaborðið tæmast sjálfvirkt og fullkomlega við venjuleg vinnsluskilyrði.

2.5.2.4. Eftirlit með vökvaborðinu skal haft með sjóngleri eða yfirborðsmæli. Vökvaborðið telst vera í jafnvægi þegar það liggur kyrrt á bili milli tveggja strika, sem samsvarar að

hámarki því magni sem nemur tvöföldum heimiluðum hámarksfrávikum fyrir lágmarksrennsli. Bilið milli strikanna tveggja verður að vera að minnsta kosti 15 mm.

2.5.2.5. Sé búnaður sem hægir á rennsli innbyggður í mælikerfið, til að uppfylla kröfurnar í 2.5.2.4, má rennslið þó ekki fara niður fyrir lágmarksrennsli mælisins þegar sá búnaður er í gangi.

2.5.2.6. Ef vökvi sem er mældur í móttökukerfið er fluttur á lægra þrep skal sjálfvirkur búnaður við úttak mælisins tryggja hærri þrýsting en í andrúmsloftinu.

2.5.3. Mælikerfi sem eru notuð til afhendingar á mjólk skulu uppfylla kröfurnar í 1. lið.

2.5.4. Þrátt fyrir almennu kröfurnar í 1. lið varðandi loft- eða gaseyðingu skal lofteyðingarbúnaðurinn aðeins uppfylla kröfurnar í lið 1.6.1 meðan kerfið er í gangi, þ.e. þegar loft kemst inn við upphaf og lok hverrar mælingar.

Þegar um móttökubúnað er að ræða skal notandinn geta reitt sig á að tengingar séu þéttar svo að ekkert loft geti komist inn framan við mælinn meðan á mælingu stendur. Þegar um frárennslisbúnað er að ræða skal kerfið sett upp á þann hátt að vökvaþrýstingur í tengirörunum sem liggja frá aðrennslistankinum sé alltaf hærri en þrýstingur andrúmsloftsins.

3. EBE-GERÐARVIÐURKENNING OG EBE-FRUMSANNPRÓFUN

3.1. EBE-gerðarviðurkenning.

3.1.1. Eftirfarandi kerfi skulu háð EBE-gerðarviðurkenningu:

- mælikerfi fyrir fljótandi eldsneyti, sem um getur í 2.1. Þegar slík kerfi eru hönnuð fyrir uppsetningu í mið-aðrennslisbúnað skal láta eina eða fleiri skýringarmyndir til leiðbeiningar um uppsetningu á notkunarstaðnum fylgja með vottorði um gerðarviðurkenningu,

- mælikerfi í tankbifreiðum til flutnings og afhendingar vökva með lítilli seigju (seigja ≤ 20 mPa·s), sem eru geymdir við þrýsting andrúmsloftsins (að undanskildum drykkjarhæfum vökvum) og sem um getur í 2.2,

- mælikerfi í tankbifreiðum fyrir fljótandi gas undir þrýstingi, sem um getur í 2.4,

- mælikerfi fyrir móttöku mjólkur, sem um getur í 2.5.

3.1.2. Prófanir.

3.1.2.1. Við prófanir skal ákvarða vinnustaðla og notkun þeirra á þann hátt að ónákvæmni kvörðunaraðferðarinnar fari ekki yfir einn fimmta af heimiluðum hámarksfrávikum mælikerfisins sem verið er að prófa.

3.1.2.2. Prófun á mæli.

Fyrst er fundin frávikakúrfa sem fall af rennsli út frá nægilega mörgum mælingapunktum milli

lágmarks- og hámarksrennslis. Einkum er nauðsynlegt að sannreyna hve mikla breidd frávik mælisins spanna á þessu svæði; staða frávikakúrfunnar gagnvart núlllínunni skiptir minna máli.

Einnig getur verið nauðsynlegt að framkvæma prófanir utan leyfilegra rennslismarka.

Þar að auki skulu prófanir, eftir því sem hægt er, framkvæmdar við vinnslumörk sem eru gefin upp, t.d. við hámarks- og lágmarkshitastig og -seigju og lágmarkssölumagn.

Þegar ekki er um að ræða prófanir á lágmarkssölumagni skal prófunarmagnið haft nægilega mikið til að tryggja að deilingargildi mælisins sé aldrei stærra en einn þriðji af heimiluðum hámarksfrávikum.

Ef mælirinn og aukabúnaður sem honum fylgir hefur þegar fengið EBE-gerðarviðurkenningu skal sannreyna hvort eiginleikar mælisins og mælikerfisins séu í nægilega góðu samræmi við viðurkenninguna. Ef svo er þarf ekki að prófa mælinn frekar, en ákveða verður lágmarkssölumagn mælikerfisins í samræmi við 4.2 í I. kafla viðaukans við reglugerð um rennslismæla fyrir vökva aðra en vatn.

Séu eiginleikar mælisins ekki í samræmi við eiginleika mælikerfisins eða hafi mælirinn (og aukabúnaður með honum) ekki fengið gerðarviðurkenningu skal prófa mælikerfið í heild sinni í samræmi við þessa reglugerð og reglugerðirnar um rennslismæla fyrir vökva aðra en vatn og um viðbótarbúnað með rennslismælum fyrir vökva aðra en vatn.

3.1.2.3. Prófanir vegna loft- eða gaseyðingar.

Prófanirnar verða að leiða það í ljós að loft- eða gaseyðingarbúnaðurinn uppfylli kröfurnar í 1.6.2.1.4, 1.6.2.1.5 og 1.6.2.2.4.

Þar sem loftskiljur og sérbúnir afloftunarventlar eru notuð skal kanna hvort lofteyðing fari fram jafnt og þétt með samanburði við niðurstöður mælinga frá heppilegum rennslismæli sem er settur inn aftan við skiljuna (sérbúna afloftunarventilinn), með og án þess að bæta við lofti eða gasi.

Þegar notaðir eru sérbúnir afloftunarventlar er einnig nauðsynlegt að prófa hvort tankurinn tæmist algerlega. Það skal eftir því sem unnt er gera með vökva sem hentar illa til mælingar. Við prófanir á eftirlíkingum eða sýnishornum með öðrum kvarða en á sjálfum búnaðinum verður að taka tillit til laga um líkingar um seigju (Reynolds), þyngdarkraft (Froude) og yfirborðsspennu (Weber). Að jafnaði eru slíkar líkingarprófanir eingöngu framkvæmdar þegar til þess liggja gild rök.

3.1.2.4. Prófanir á sérbúnum mælikerfum.

3.1.2.4.1. Mælibúnað fyrir fljótandi eldsneyti.

Prófanirnar skulu ná til:

a) athugunar á mælinum, athugunar á aukabúnaði og mats á áhrifum slíks búnaðar (verðálestur, prentbúnaður, forstilling o.s.frv.);
b) athugunar á lofteyðingarbúnaði;

c) athugunar á stöðugleika vökvamagns í slöngunni;

d) sérstakrar athugunar til að sannprófa hreyfingu verðmælisins (ef afhendingarlokanum er lokað snöggt getur hreyfingin orðið óregluleg í fyrsta íhluta mælisins).

3.1.2.4.2. Mælibúnað fyrir fljótandi gas.

Prófunin skal ná til:

a) athugunar á grundvelli teikninga af virknisviði og staðsetningu loftskiljanna;

b) prófunar á virkni lofteyðingarbúnaðarins (búnaður til að halda vökvanum í jafnri hæð), sem getur verið innbyggður í loftskiljuna.

Búnaður til að viðhalda þrýstingi skal einnig athugaður á teikningunni. Skoðunaryfirvald getur í sérstökum tilvikum krafist prófunar á gerðarsýnishorni.

3.2. EBE-frumsannprófun.

3.2.1. Almennt.

3.2.1.1. EBE-frumsannprófun mælibúnaðar má framkvæma í einu eða tveimur þrepum.

3.2.1.1.1. Sannprófunin er framkvæmd í einu þrepi þegar allt kerfið er framleitt af einum framleiðanda, flutt í heilu lagi á notkunarstaðinn og sannprófað við þau skilyrði þar sem því er ætlað að vinna.

3.2.1.1.2. Í öllum öðrum tilvikum er frumsannprófun framkvæmd í tveimur þrepum.

Fyrsta þrepið varðar aðeins sjálfan mælinn eða mælinn ásamt hverjum þeim aukabúnaði sem er tengdur við hann sjálfan eða fylgihluti hans.

Prófanir á fyrsta þrepi er hægt að framkvæma í prófunarbekk (hugsanlega í verksmiðju framleiðandans) eða í uppsettu mælikerfi. Á þessu stigi er hægt að framkvæma mælifræðilegar rannsóknir með vökvum öðrum en þeim sem kerfið er ætlað fyrir.

Annað þrepið nær til mælikerfisins við raunverulegar vinnsluaðstæður. Sú prófun er framkvæmd á staðnum þar sem kerfið hefur verið sett upp, við raunverulegar vinnsluaðstæður og með vökvanum sem kerfið er ætlað fyrir.

Þó er hægt að framkvæma annað þrepið á stað sem er valinn af viðkomandi mælingastofu þegar hægt er að flytja mælikerfið án þess að taka það í sundur og framkvæma prófanirnar við þau skilyrði þar sem mælikerfinu er ætlað að vinna.

3.2.2. Prófanir.

3.2.2.1. Þegar EBE-frumsannprófun er í einu þrepi verður að framkvæma allar prófanirnar sem um getur í 3.2.2.2.

3.2.2.2. Þegar prófanirnar eru í tveimur þrepum:

nær fyrsta þrepið til:

- athugunar á samræmi mælisins, að meðtöldum öllum aukabúnaði (samræmi við viðkomandi gerð),
- mælifræðilegrar rannsóknar á mælinum, að meðtöldum innbyggðum aukabúnaði;

nær annað þrepið til:

- athugunar á samræmi mælikerfisins, að meðtöldum sjálfum mælinum og aukabúnaði með honum,
- mælifræðilegrar rannsóknar á mælinum og aukabúnaði í mælikerfinu,
- prófunar á virkni lofteyðingarbúnaðarins, ef einhver er; þó er ekki nauðsynlegt að kanna hvort heimiluð hámarksfrávik í þessum búnaði, sem kveðið er á um í 1.6, séu eins og þar segir,
- skoðunar á stillingu búnaðar til að halda réttum þrýstingi,
- sannprófunar á breytileika innanmáls í slöngum í kerfi með fylltum slöngum,
- ákvörðunar á því magni sem verður eftir í kerfi með tómum slöngum.

4. MÆLIBÚNAÐUR Í TANKBIFREIÐUM.

4.1. Almenn ákvæði.

Mælikerfi í tankbifreiðum sem um getur í 2.2 og 2.4 geta fengið EBE-gerðarviðurkenningu sem er eingöngu byggð á athugun á skjölum sem lögð eru fram, ef þau samrýmast einhverri af þeim staðalteikningum sem um getur í lið 4.2 og uppfylla eftirfarandi kröfur:

4.1.1. Við merkingarnar sem eru ákveðnar í lið 1.16 skal bæta upplýsingum um staðalteikninguna sem er notuð.

4.1.2. Íhlutar mælikerfisins verða að hafa fengið EBE-gerðarviðurkenningu þegar slíkrar viðurkenningar er krafist í reglugerð um rennslismæla fyrir vökva aðra en vatn, reglugerð um viðbótarbúnað með rennslismælum fyrir vökva aðra en vatn eða í þessari reglugerð.

4.1.3. Ef tankur er í mörgum hólfum má tengja úttaksrörin frá hólfunum við mælikerfi hvert fyrir sig eða í gegnum söfnunarkerfi, nema annað sé ákveðið samkvæmt viðkomandi staðalteikningu. Ákvæði annarrar málsgreinar 2.2.1 gilda í öllum tilvikum.

Þegar mælikerfi er tengt við mörg hólf með söfnunarkerfi verður að hafa búnað til að koma í veg fyrir að mörg hólf geti verið í sambandi við mælinn samtímis. Þessi krafa gildir þó ekki ef mælikerfið hefur loftskilju í samræmi við lið 1.6.2.1.4.

4.1.4. Ef tvö mælikerfi eru í tankbifreið og hægt er að tengja þau við eitt eða fleiri hólf að vild skal rörum og lokum komið fyrir á þann hátt að ekki sé hægt að tengja bæði mælikerfin við sama hólfið í einu. Þar að auki verða tengingarnar milli hólfanna og mælikerfanna að vera greinilega merktar til að fyrirbyggja að hólf sé í misgripum tengt við mælikerfi sem er ekki ætlað til að mæla þann vökva sem í því er.

4.1.5. Ef krafist er búnaðar til að koma í veg fyrir hringiðu er hægt að tengja hann við botnloka hólfsins.

4.1.6. Koma skal röraleiðslum, lokum og krönum milli hólfa og mælikerfis fyrir á þann hátt að ekki sé hægt að tengja mælikerfið við tank utan tankbifreiðarinnar.

4.1.7. Sían sem er venjulega framan við mælinn eða lofttæmingarbúnaðinn getur verið innbyggð í þann síðarnefnda.

4.1.8. Búnað til losunar framhjá mælinum skal vera hægt að innsigla svo að hægt sé að mæta kröfum einstakra landa.


4.1.9. Þegar mælikerfi eru með tvístefnulokum skulu þeir hannaðir á þann hátt að útilokað sé að hafa samband milli opanna þriggja samtímis.

4.2. Staðlaðar teikningar.

Staðalteikning S 1

Starfar með sjálfstreymi og hefur varanlega loftrás við tilfærslupunktinn

Möguleikar: mælt útstreymi eingöngu (tóm slanga).



Skýringar við staðalteikningu S 1

Ef fleiri en eitt hólf er í tankinum verður mælikerfið að hafa beina og varanlega tengingu við sérstakt hólf án söfnunarkerfis.

A: Búnaður til að koma í veg fyrir hringiðu.

F: Sía. Hún skal vera hönnuð og uppsett á þann hátt að hægt sé að hreinsa hana án þess að tæma mælinn eða sjónglerið (V_1 eða V_2 eftir því sem við á). Öll sían verður að vera neðan við hæðarlínu tilfærslupunktsins.

T_1 , T_2 : Heimilaðar lofttæmingaraðgerðir.

T_1 : loftventill og einstefnuloki til að hindra loftstreymi inn í mælikerfið.

T_2 : loftið er leitt aftur yfir í loftrúm tanksins.

car: Einstefnuloki til að hindra loftstreymi af völdum hitaþrýstings í tankinum.

C: Mælir.

Vm: Stjórnloki.

I og II: Útstreymiskostir í kerfi með tómum slöngum.

V_1 : Yfirfallssjóngler.

V_2 : Sjóngler eins og það er skilgreint í 1.1.8, sem gegnir einnig hlutverki gasmælis.

at: Varanleg loftrás út undir bert loft, nægilega víð til að tryggja að þrýstingur í mælinum sé að minnsta kosti jafn þrýstingi andrúmsloftsins.

Þessi varanlega loftrás getur verið um lóðrétt rör án loka. Ef þetta rör er tengt við efsta hluta tanksins er einstefnulokinn „car“ óþarfur.

H: Hæð vökva.

h: Hæð tankbotnsins yfir tilfærslupunktinum. Þessi hæð verður að vera nægilega mikil til að tryggja rennsli sem er að minnsta kosti jafnt lágmarksrennsli mælisins þar til tankurinn er alveg tómur.


Staðalteikning S 2

Starfar með sjálfstreymi án varanlegrar loftrásar við tilfærslupunktinn við útstreymi

Möguleikar:

a) mælt útstreymi (tóm slanga);

b) beint ómælt útstreymi, tæming og áfylling tanks framhjá mæli.



Skýringar við staðalteikningu S 2

Uppsetning röra milli hólfa og mælikerfa skal vera með þeim hætti að tengingin sé varanleg.

A: Búnaður til að koma í veg fyrir hringiðu.

R: Tvístefnuloki sem gefur möguleika á útstreymi gegnum mæli, framhjá mæli og tæmingu og áfyllingu tanksins án þess að mælirinn sé notaður.

Þessi loki er valfrjáls. Í stað hans má setja beina tengingu.

F: Sía. Tæmingarkrani er aðeins leyfður ef í honum er einstefnuloki sem hindrar allt loftstreymi inn í mælikerfið.

PgS: Sérbúinn afloftunarventill samkvæmt skilgreiningu í lið 1.1.5.

V_1 : Sjóngler í sérbúnum afloftunarventli.

T_1 ,T_2 ,T_3 ,T_4 : Heimilaðar lofttæmingaraðferðir.

T_1: loftið er leitt aftur yfir í tankinn.

T_2: loftið er leitt út undir bert loft.

T_3: loftið er leitt í hylki sem tekur við vökvaögnum er fylgja með því.

T_4: loftventill.

C: Mælir.

va: Loki sem sérbúni afloftunarventillinn lokar sjálfkrafa þegar þrýstingurinn er of lítill til að hindra uppgufun í mælinum eða þegar loftvasar myndast í sérbúna afloftunarventlinum. Þessi loki skal einnig lokast ef fram kemur bilun í stýrikerfi hans.

I og II: Útstreymiskostir í kerfi með tómum slöngum.

I. kostur: yfirfallssjóngler V_2 .

II. kostur: sjóngler eins og það er skilgreint í 1.1.8, sem gegnir einnig hlutverki gasmælis V_3 .

Vm: Stjórnloki.

Sjálfvirki lokinn va og stjórnlokinn Vm geta verið samtengdir í sérbúinn loka sem annast báðar aðgerðirnar. Í því tilviki verða þessar aðgerðir að vera óháðar hvor annarri.

Sé II. kostur tekinn verður þessi sérbúni loki að vera aftan við sjónglerið V_3 .

at: Handvirkur loftventill. Hann getur verið sjálfvirkur (t.d. lokast sjálfkrafa meðan á mælingu stendur og opnast að henni lokinni).

H: Hæð vökva.

h: Hæð tankbotnsins yfir tilfærslupunktinum. Þessi hæð verður að vera nægilega mikil til að tryggja rennsli sem er að minnsta kosti jafnt lágmarksrennsli mælisins þar til tankurinn er alveg tómur.


Staðalteikning S 3

Í mælikerfinu er dæla, loftskilja og ein eða tvær fylltar slöngur.

Möguleikar:

a) mælt útstreymi með dælu (tóm slanga);

b) beint ómælt útstreymi (með eða án dælu), tæming og áfylling tanks framhjá mæli.



Skýringar við staðalteikningu S 3

R_1 : Tvístefnuloki sem gefur möguleika á útstreymi gegnum mæli, framhjá mæli og tæmingu og áfyllingu tanksins án þess að mælirinn sé notaður.

Þessi loki er valfrjáls. Í stað hans má setja beina tengingu.

P: Dæla. Hafa má möguleika á að snúa dælunni við. Í því tilviki skal bæta einstefnuloka við milli lokans R_2 og loftskiljunnar Sg.

R_2 : Valfrjáls tvístefnuloki fyrir beint útstreymi án mælingar.

F: Sía. Síunni getur fylgt tæmingarkrani.

Sg: Loftskilja eins og hún er skilgreind í 1.6.2.1.4. Vökvaborðið í loftskiljunni verður að vera hærra en í mælinum.

T_1 , T_2 : Heimilaðar lofttæmingaraðferðir.

T_1: loftið er leitt aftur yfir í tankinn.

T_2: loftið er leitt í tankinn um hylki sem tekur við vökvaögnum er fylgja því.

C: Mælir.

Vm: Stjórnloki.

cl: Einstefnuloki.

fl_1 : Fyllt slanga á tromlu.

fl_2 : Valfrjáls fyllt aukaslanga (mjög stutt) fyrir útstreymi með miklu rennsli.

cla: Loki sem kemur í veg fyrir að fyllta slangan tæmist.

R_3 : Búnaður sem gerir útstreymi mögulegt með hvorri slöngunni sem er í mælikerfi með tveimur slöngum. Þessi búnaður verður að vera í samræmi við fyrstu málsgreinina í lið 1.10.1 og aðra málsgreinina í lið 2.2.4.

Staðalteikning S 4


Í mælikerfinu er dæla, loftskilja og ein tóm slanga eða ein fyllt og ein tóm slanga.

Möguleikar:

a) mælt útstreymi með dælu (fyllt eða tóm slanga);

b) mælt útstreymi með sjálfstreymi (tóm slanga);

c) beint ómælt útstreymi (með eða án dælu), tæming og áfylling tanks framhjá mæli.



Skýringar við staðalteikningu S 4

R_1 : Tvístefnuloki sem gefur möguleika á útstreymi gegnum mæli, framhjá mæli og tæmingu og áfyllingu tanksins án þess að mælirinn sé notaður.

Þessi loki er valfrjáls. Í stað hans má setja beina tengingu.

P: Dæla. Hafa má möguleika á að snúa dælunni við. Í því tilviki skal bæta einstefnuloka við milli lokans R_2 og loftskiljunnar Sg.

B: Valfrjáls hjárás sem veitir möguleika á útstreymi með sjálfrennsli í gegnum mæli (tóm slanga). Þessi hjárás er aðeins leyfð ef lokinn R_1 er ekki notaður.

R_2 : Valfrjáls tvístefnuloki fyrir beint útstreymi án mælingar.

F: Sía. Henni getur fylgt tæmingarkrani.

Sg: Loftskilja eins og hún er skilgreind í 1.6.2.1.4. Vökvaborðið í loftskiljunni verður að vera hærra en í mælinum.

car: Einstefnuloki til að hindra loftstreymi (þegar um er að ræða útstreymi með tómri slöngu).

C: Mælir.

M: Þrýstimælisúttak; það er aðeins skyldubundið þegar hjárás B er notuð.

Við frumsannprófun gerir þetta úttak mögulegt eftirlit með því að þrýstingur í mælinum sé að minnsta kosti jafn þrýstingnum í andrúmsloftinu við útstreymi með sjálfstreymi.

at: Sjálfvirkur eða handvirkur loftloki. Þegar hjárás B er notuð verður þessi loki að vera sjálfvirkur og nægilega víður til að tryggja að þrýstingur í mælinum sé að minnsta kosti jafn þrýstingnum í andrúmsloftinu.

Vm: Stjórnloki.

I og II: Útstreymiskostir:

I. kostur: tóm slanga.

II. kostur: ein fyllt slanga og ein tóm slanga.

cl: Einstefnuloki.

V_1: Yfirfallssjóngler.

V_2: Sjóngler eins og það er skilgreint í 1.1.8, sem gegnir einnig hlutverki gasmælis.

fl_1: Fyllt slanga á tromlu.


cla: Loki sem kemur í veg fyrir að fyllta slangan tæmist.

R_3: Búnaður sem gerir útstreymi mögulegt með hvorri slöngunni sem er í mælikerfi með tveimur slöngum. Þessi búnaður verður að vera í samræmi við fyrstu málsgreinina í lið 1.10.1 og aðra málsgreinina í lið 2.2.4.

Staðalteikning S 5

Í mælikerfinu er dæla, afloftunarventill og ein eða tvær fylltar slöngur.

Útstreymi getur aðeins orðið gegnum mæli með dælu (full slanga).



Skýringar við staðalteikningu S 5

Ef mörg hólf eru í tankinum verður mælikerfið að hafa beina og varanlega tengingu við sérstakt hólf án söfnunarkerfis.

A: Búnaður til að koma í veg fyrir hringiðu.

V: Loki af þeirri gerð að hann er „alveg opinn eða alveg lokaður“ og kemur í veg fyrir að rennsli minnki við inntak dælunnar.

M: Þrýstimælir til eftirlits með því að þrýstingur við inntak dælunnar sé aldrei minni en þrýstingur andrúmsloftsins.

P: Dæla.

F: Sía.

Tæmingarkrana má aðeins nota ef í honum er einstefnuloki sem kemur í veg fyrir að loft geti sogast inn í mælikerfið.

Pg: Afloftunarventill. Nota má tvö afbrigði til að losa loft, T_1 og T_2.

T_1: Bein tenging milli afloftunarventilsins og tanksins. Í því tilviki verða röralagnirnar að liggja meðfram veggnum inn í tankinn til að vökvi og lofttegundir skiljist auðveldlega að.

T_2: Afloftunarventill sem er tengdur við tankinn um hylki sem tekur við vökvaögnum úr loftinu.

C: Mælir.

Vm: Stjórnloki.

cl: Einstefnuloki.

fl_1: Fyllt slanga á tromlu.

fl_2: Valfrjáls fyllt aukaslanga (mjög stutt) fyrir afhendingu með miklu rennsli.

cla: Loki sem kemur í veg fyrir að fyllta slangan tæmist.

R: Búnaður sem gerir útstreymi mögulegt með hvorri slöngunni sem er í mælikerfi með tveimur slöngum. Þessi búnaður verður að vera í samræmi við fyrstu málsgreinina í lið 1.10.1 og aðra málsgreinina í lið 2.2.4.


Staðalteikning S 6

Í mælikerfinu er loftskilja ásamt aðrennslisdælunni, ein eða tvær fylltar slöngur, ein tóm slanga eða ein fyllt og ein tóm slanga.

Möguleikar:

a) mælt útstreymi með dælu (fyllt eða tóm slanga);

b) beint útstreymi með eða án dælu, tæming og áfylling tanks framhjá mæli.



Skýringar við staðalteikningu S 6

R_1: Tvístefnuloki sem gefur möguleika á útstreymi gegnum mæli, framhjá mæli og tæmingu og áfyllingu tanksins án þess að mælirinn sé notaður.

Þessi loki er valfrjáls. Í stað hans má setja beina tengingu.

F: Sía. Henni getur fylgt tæmingarkrani.

SgP: Loftskilja ásamt aðrennslisdælu eins og henni er lýst í fyrstu málsgrein 1.6.2.1.2. Þessi fylgihlutur verður að uppfylla kröfurnar í lið 1.6.2.1.4. Hún skal hafa EBE-mynsturviðurkenningu.

cl_1: Einstefnuloki. Þennan loka má hafa aftan við mælinn.

R_2: Valfrjáls tvístefnuloki fyrir beint útstreymi án mælingar.

C: Mælir.

I, II, III: Útstreymiskostir:

I. kostur: ein eða tvær fylltar slöngur;

II. kostur: tóm slanga;

III. kostur: ein fyllt eða ein tóm slanga.

Vm: Stjórnloki.

V_1: Yfirfallssjóngler.

V_2: Sjóngler eins og það er skilgreint í 1.1.8, sem gegnir einnig hlutverki gasmælis.

fl_1: Fyllt slanga.

fl_2: Valfrjáls fyllt aukaslanga (mjög stutt) fyrir útstreymi með miklu rennsli.

cla: Loki sem kemur í veg fyrir að fyllta slangan tæmist.

cl_2: Einstefnuloki.

at: Sjálfvirkur eða handvirkur loftventill.

R_3: Búnaður sem gerir útstreymi mögulegt með hvorri slöngunni sem er í mælikerfi með tveimur slöngum. Þessi búnaður verður að vera í samræmi við fyrstu málsgreinina í lið 1.10.1 og aðra málsgreinina í lið 2.2.4.

Staðalteikning S 7


Í mælikerfinu er dæla, sérbúinn afloftunarventill, ein eða tvær fylltar slöngur, ein tóm slanga eða ein fyllt og ein tóm slanga.

Möguleikar:

a) mælt útstreymi með dælu (fyllt eða tóm slanga);

b) mælt útstreymi með sjálfstreymi (tóm slanga);

c) beint útstreymi með eða án dælu framhjá mæli, tæming og áfylling tanks framhjá mæli.



Skýringar við staðalteikningu S 7

Ef mörg hólf eru í tankinum og sé hægt að nota söfnunarkerfi verða botnlokar hólfsins og lokarnir við inntak rörsins að vera af „opnu“ eða „lokuðu“ gerðinni. Röralagnir milli hólfa og mælikerfisins skulu vera varanlega tengdar.

A: Búnaður til að koma í veg fyrir hringiðu.

R_1: Tvístefnuloki sem gefur möguleika á útstreymi gegnum mæli, framhjá mæli og tæmingu og áfyllingu tanksins framhjá mæli.
Þessi loki er valfrjáls. Í stað hans má setja beina tengingu.

P: Dæla. Hafa má möguleika á að snúa dælunni við. Í því tilviki skal setja inn einstefnuloka milli lokans R_2 og sérbúna afloftunarventilsins PgS.

B: Valfrjáls hjárás sem veitir möguleika á útstreymi með sjálfstreymi í gegnum mæli (tóm slanga). Þessi hjárás er aðeins leyfð ef lokinn R_1 er ekki notaður.

R_2: Valfrjáls tvístefnuloki fyrir beint útstreymi án mælingar.

F: Sía. Tæmingarkrani er aðeins leyfður ef í honum er einstefnuloki sem hindrar allt loftstreymi inn í mælikerfið.

PgS: Sérbúinn afloftunarventill samkvæmt skilgreiningu í lið 1.1.5.

V_1: Sjóngler sérbúins afloftunarventils.

T_1, T_2 T_3: Heimilaðar lofttæmingaraðferðir.

T_1: loftið er leitt í hylki sem tekur við vökvaögnum er fylgja með því.

T_2: loftið er leitt aftur yfir í tankinn.

T_3: loftloki.

C: Mælir.

va: Loki sem sérbúni afloftunarventillinn lokar sjálfkrafa þegar þrýstingurinn verður of lítill til að hindra uppgufun í mælinum eða þegar loftvasar myndast í sérbúna afloftunarventlinum. Þessi loki skal einnig lokast ef fram kemur bilun í stýrikerfi hans.

I, II, III: Útstreymiskostir:

I. kostur: ein eða tvær fylltar slöngur;

II. kostur: tóm slanga;

III. kostur: ein fyllt eða ein tóm slanga.

Vm: Stjórnloki.

Sjálfvirki lokinn va og stjórnlokinn Vm geta verið samtengdir í sérbúnum loka sem annast báðar aðgerðirnar. Í því tilviki verða þessar aðgerðir að vera óháðar hvor annarri. Í kerfum þar sem sjóngler er notað (II og III) skal þessi sérbúni loki vera aftan við sjónglerið V^3.

cl: Einstefnuloki.

V_2: Yfirfallssjóngler.

V_3: Sjóngler eins og það er skilgreint í 1.1.8, sem gegnir einnig hlutverki gasmælis.

fl_1: Fyllt slanga á tromlu.

fl_2: Valfrjáls fyllt aukaslanga (mjög stutt) fyrir útstreymi með miklu rennsli.

cla: Loki sem kemur í veg fyrir að fyllta slangan tæmist.

at: Sjálfvirkur eða handvirkur loftloki.

R_3: Búnaður sem gerir útstreymi mögulegt með hvorri slöngunni sem er í mælikerfi með tveimur slöngum. Þessi búnaður verður að vera í samræmi við fyrstu málsgreinina í lið 1.10.1 og aðra málsgreinina í lið 2.2.4.

Staðalteikning S 8


Í mælikerfinu er dæla, þrístefnuloki, sérbúinn afloftunarventill, ein eða tvær fylltar slöngur, ein tóm slanga eða ein fyllt og ein tóm slanga.

Möguleikar:

a) útstreymi um mæli með dælu (fyllt eða tóm slanga);

b) mælt útstreymi með sjálfstreymi (tóm slanga);

c) beint útstreymi með eða án dælu, framhjá mæli og tæming og áfylling tanks framhjá mæli.



Skýringar við staðalteikningu S 8

Ef mörg hólf eru í tankinum og sé hægt að nota söfnunarkerfi verða botnlokar hólfsins og lokarnir við inntak rörsins að vera af „opnu“ eða „lokuðu“ gerðinni. Röralagnir milli hólfa og mælikerfisins verða að vera varanlega tengdar.

A: Búnaður til að koma í veg fyrir hringiðu.

P: Dæla.

R_0: Þrístefnuloki sem ásamt lokunum R_1 og R_2 gerir kleift að framkvæma eftirfarandi aðgerðir:

1. Mælt eða ómælt útstreymi með dælu (fyllt eða tóm slanga).
2. Mælt eða ómælt útstreymi með sjálfstreymi (tóm slanga), tæming og áfylling tanksins.
3. Áfylling tanksins með hjálp dælunnar P.

R_1: Þessi tvístefnuloki er valfrjáls. Í stað hans má hafa beina tengingu.

F: Sía.

Tæmingarkrani er aðeins leyfður ef í honum er einstefnuloki sem hindrar allt loftstreymi inn í mælikerfið.

cl_1: Einstefnuloki.

PgS: Sérbúinn afloftunarventill samkvæmt skilgreiningu í lið 1.1.5.

V_1: Sjóngler sérbúins afloftunarventils.

T_1, T_2 T_3: Heimilaðar lofttæmingaraðferðir.

T_1: loftið er leitt í hylki sem tekur við vökvaögnum er fylgja með því.

T_2: loftið er leitt aftur yfir í tankinn.

T_3: loftloki.

C: Mælir.

va: Loki sem sérbúni afloftunarventillinn lokar sjálfkrafa þegar þrýstingurinn verður of lítill til að hindra uppgufun í mælinum eða þegar loftvasar myndast í afloftunarventlinum. Þessi loki skal einnig lokast ef fram kemur bilun í stýrikerfi hans.

I, II, III: Útstreymiskostir:

I. kostur: ein eða tvær fylltar slöngur;

II. kostur: tóm slanga;

III. kostur: ein fyllt eða ein tóm slanga.

Vm: Stjórnloki.

Sjálfvirki lokinn va og stjórnlokinn Vm geta verið samtengdir í sérbúnum loka sem annast báðar aðgerðirnar. Í því tilviki verða þessar aðgerðir að vera óháðar hvor annarri. Í kerfum þar sem sjóngler er notað (II og III) skal þessi sérbúni loki vera aftan við sjónglerið V_3.

cl_2: Einstefnuloki.

V_2: Yfirfallssjóngler.

V_3: Sjóngler eins og það er skilgreint í 1.1.8, sem gegnir einnig hlutverki gasmælis.

fl_1: Fyllt slanga á tromlu.

fl_2: Valfrjáls fyllt aukaslanga (mjög stutt) fyrir útstreymi með miklu rennsli.

cla: Loki sem kemur í veg fyrir að fyllta slangan tæmist.

at: Sjálfvirkur eða handvirkur loftventill.

R_3: Búnaður sem gerir útstreymi mögulegt með hvorri slöngunni sem er í mælikerfi með tveimur slöngum. Þessi búnaður verður að vera í samræmi við fyrstu málsgreinina í lið 1.10.1 og aðra málsgreinina í lið 2.2.4.


Staðalteikning S 9

Í mælikerfinu er dæla, loftskilja, loki til að viðhalda þrýstingi og fyllt slanga.

Möguleikar:

a) mælt útstreymi með dælu (fyllt eða tóm slanga);

b) beint útstreymi með eða án dælu, framhjá mæli og tæming og áfylling tanks framhjá mæli.



Skýringar við staðalteikningu S 9

R_1: Tvístefnuloki sem gefur möguleika á útstreymi gegnum mæli, tæmingu og áfyllingu tanksins framhjá mælinum.

Þessi loki er valfrjáls. Í stað hans má setja beina tengingu.

P: Dæla.

B: Stillanleg hjárás með tengingu við tankinn.

R_2: Valfrjáls tvístefnuloki fyrir beint útstreymi án mælingar.

cl_1: Einstefnuloki eins og honum er lýst í 2.4.1. Einnig má hafa hann á milli síunnar og loftskiljunnar.

F: Sía.

Sg: Loftskilja sem er í samræmi við lið 1.6.2.1.4 eða aðra málsgrein í lið 2.4.3.1. Afloftunarbúnaðurinn er tengdur við loftrúm tanksins. Til öryggis er hægt að hafa loka í þessum búnaði; í því tilviki skal hann vera milli tanksins og lagnarinnar að lokanum „vamp“.

C: Mælir. vamp: Sjálfvirkur loki til að viðhalda þrýstingi, sem liggur að minnsta kosti 100 kPa hærra en þrýstingur mettaðrar gufu í tankinum.

Vm: Stjórnloki.

cl_2: Einstefnuloki.

Z: Rör sem liggur inn í loftrými tanksins og er einungis notað til að fylla flutningstank ökutækis og tæma hann við skoðun á mælikerfinu.

Th: Hitamælir. Þessi hitamælir skal vera nærri mælinum, annaðhvort í loftskiljunni eða við inntak eða úttak mælisins.

M: Skyldubundinn þrýstimælir.

M_0: Valfrjálsir þrýstimælar.

Aths.: a) Til að tryggja að kröfurnar í lið 2.4.5 séu uppfylltar að öllu leyti skulu vera greinilegar merkingar á plötu um að loftrýmin í tanki ökutækisins og tanki viðskiptamannsins megi ekki vera samtengd.

b) Setja má inn öryggisloka; í því tilviki skulu þeir vera í samræmi við kröfurnar í lið 2.4.6.

REGLUGERÐ

um ósjálfvirkan vogarbúnað.

1. KAFLI
Gildissvið, markaðssetning og frjálsir flutningar.

1. gr.

1. Vogarbúnaður telst vera sá búnaður sem þjónar þeim tilgangi að ákvarða gildi fyrir massa efnis með því að nota þyngdaraflið sem orkar á efnið. Vogarbúnaður kann einnig að vera notaður til að ákvarða annað sem tengist massa, svo sem stærð, magn, færibreytur eða eiginleika.
   Vogarbúnaður, sem er ekki sjálfvirkur, er vogarbúnaður sem stjórnandi þarf að hafa afskipti af meðan á vigtun stendur.
   Þessi reglugerð tekur til alls vogarbúnaðar sem er ekki sjálfvirkur og nefnist hér eftir „vogir".

2. Í þessari reglugerð er gerður munur á tvenns konar notkun voga:
   a) 1. ákvörðun massa fyrir verslunarviðskipti;
      2. ákvörðun massa fyrir útreikning á tollum, vörugjöldum, skatti, kaupauka eða ágóðahlut, févíti, þóknun, bótum eða greiðslum af slíkum toga;
      3. ákvörðun massa fyrir beitingu laga eða reglugerða; álit sérfræðinga í dómsmálum;
      4. ákvörðun massa í lækningastörfum við vigtun sjúklinga vegna eftirlits með heilbrigði, vegna sjúkdómsgreiningar og læknismeðferðar;
      5. ákvörðun massa vegna lyfjagerðar eftir tilvísun í lyfjabúð og ákvörðun massa vegna greiningar á rannsóknarstofum fyrir læknis- og lyfjafræði;
      6. ákvörðun verðs á grunni massa vegna beinnar sölu til almennings og vegna gerðar forpakkaðrar vöru:
   b) önnur beiting en sú sem talin er upp í a-lið 2. mgr.

3. Vogir sem notaðar eru samkvæmt a-lið 2. mgr. skulu vera í það minnsta af nákvæmnisflokki III, sjá töflu 1 í viðauka I.

2. gr.

1. Aðeins er heimilt að setja á markað vogir sem standast viðkomandi kröfur sem fram koma í þessari reglugerð.
2. Aðeins er heimilt að taka vogir í þá notkun sem um getur í a-lið 2. mgr. 1. gr., ef þær standast viðkomandi kröfur sem fram koma í þessari reglugerð.

3. gr.

Vogir, sem hafðar eru til þeirra nota sem um getur í a-lið 2. mgr. 1. gr. skulu standast grundvallarkröfur sem fram koma í viðauka I.

Nú eru vogir tengdar við tæki, sem ekki eru notuð til þess sem um getur í a-lið 2. mgr. 1. gr., og þurfa þau tæki þá ekki að standast grundvallarkröfurnar.

4. gr.

1. Heimilt er að setja á markað vogir sem standast viðkomandi kröfur þessarar reglugerðar.
2. Heimilt er að taka vogir í þá notkun sem um getur í a-lið 2. mgr. 1 gr. standist þær viðkomandi kröfur þessarar reglugerðar.

5. gr.

Vogir, sem eru í samræmi við ÍST EN-45501, en hann er samhljóða samræmda Evrópustaðlinum EN-45501, teljast vera í samræmi við þær grundvallarkröfur sem um getur í 3. gr. Löggildingarstofan kveður úr um hvaða útgáfa staðalsins er í gildi hverju sinni.

Vogir, sem uppfylla grunnkröfurnar, sem settar eru fram í viðbæti I, má nota á þeim sviðum sem tilgreind eru í lið 2. mgr. 1. gr.

Vogir, sem uppfylla EN-45501, teljast uppfylla sömu kröfur.

6. gr.

Ef stjórnvöld telja að samhæfðu staðlarnir, sem um getur í 1. mgr. 5. gr., uppfylli ekki að fullu grundvallarkröfurnar sem um getur í 3. gr. skal vísa málinu ásamt rökstuðningi til eftirlitsstofnunar EFTA (ESA).

7. gr.

1. Ef stjórnvöld komast að þeirri niðurstöðu að vogir með EB-samræmismerkið, sem um getur í þáttum 2, 3 og 4 í viðauka II, standist ekki kröfur þessarar reglugerðar þótt þær séu rétt settar upp og hafðar til þeirra nota sem ráð er fyrir gert skal hann gera allar viðeigandi ráðstafanir til að taka þessar vogir af markaðinum eða banna eða takmarka að þær séu teknar í notkun og/eða settar á markað.
   Tilkynna skal þegar í stað ESA um slíkar ráðstafanir og tilgreina ástæðurnar fyrir ávörðuninni, einkum hvort ósamræmið sé:
   a) vegna þess að grundvallarkröfunum, sem um getur í 3. gr., er ekki fullnægt þegar vogirnar uppfylla ekki staðlana sem um getur í 1. mgr. 5. gr.;
   b) vegna þess að stöðlunum, sem um getur í 1. mgr. 5. gr., sé ekki beitt á réttan hátt;
   c) vegna ágalla í sjálfum stöðlunum sem um getur í 1. mgr. 5. gr.

2. Ef vog, sem stenst ekki kröfur, ber EB-samræmismerkið skal gera viðeigandi ráðstafanir gegn þeim sem hefur fest merkið á og skal tilkynna ESA það.

II. KAFLI
Samræmismat.

8. gr.

1. Votta má að vogir séu í samræmi við grundvallarkröfur, sem koma fram í viðauka I samkvæmt annarri af eftirfarandi málsmeðferðum eftir því sem umsækjandi kýs:
   a) með EB-gerðarprófun, eins og um getur í 1. lið í viðauka II og síðan með EB-yfirlýsingu um gerðarsamræmi (ábyrgð á gæðum framleiðslu) eins og um getur í 2. lið viðauka II eða EB-sannprófun eins og um getur í 3. lið viðauka II.
      EB-gerðarprófun, er þó ekki lögboðin ef um er að ræða vogir, sem hafa ekki rafeindabúnað og þar sem ekki er notuð fjöður í álagsskynjara til mótvægis við álag.

b) með EB-einingarsannprófun eins og um getur í 4. lið viðauka II.

2. Skjöl og bréf sem tengjast tilhöguninni sem um getur í 1. mgr., skulu gerð á íslensku eða tungumáli sem hinn tilnefndi aðili hefur viðurkennt.

3. Nú taka aðrar reglugerðir, sem settar hafa verið til samræmis við tilskipanir bandalagsins um önnur svið, til tiltekinna voga og skal þá sjást á EB-merkinu, sem um getur í 10. gr., að vogirnar standist einnig kröfur þeirra reglugerða eða tilskipana.

9. gr.

1. Ráðherra skal tilkynna eftirlitsstofnun EFTA um þá aðila sem hann hefur tilnefnt til að sinna verkefnum er lúta að tilhöguninni samkvæmt 8. gr., um þau verkefni sem hver aðili á að sinna og um auðkenni hinna tilnefndu aðila.

2. Beita skal lágmarksskilyrðum sem mælt er fyrir um í viðauka V. þegar aðilar eru valdir. Líta skal svo á að aðilar, sem uppfylla skilyrði viðkomandi samræmdra staðla sem faggildingardeild Löggildingarstofunnar tilgreinir, uppfylli skilyrðin sem mælt er fyrir um í viðauka V.

3. Draga skal valið til baka ef aðilinn telst ekki lengur uppfylla skilyrðin sem um getur í 2. mgr. Hann skal án tafar tilkynna eftirlitsstofnun EFTA það og afturkalla tilnefninguna.

III. KAFLI
EB-samræmismerki og áletranir.

10. gr.

1. EB-samræmismerkið og aðrar upplýsingar, sem lýst er í 1. lið. viðauka IV. skal festa, þannig að það sé greinilegt, læsilegt og varanlegt á vogir þær sem EB-samræmi hefur verið staðfest fyrir.

2. Áletranirnar, sem um getur í 2. lið. viðauka IV skal festa, þannig að þær séu greinilegar, læsilegar og varanlegar á allar aðrar vogir.

3. Óheimilt er að festa á vogir merki sem ástæða er til að ætla að verði ruglað saman við EB-samræmismerkið.

11. gr.

Sannist að EB-samræmismerkið hafi ranglega verið fest á vog:

- sem er ekki í samræmi við gildandi staðla sem um getur í 1. mgr. 5. gr., hafi framleiðandi kosið að framleiða vogir eftir þeim stöðlum,
- sem er ekki í samræmi við viðurkennda gerð,
- sem er í samræmi við viðurkennda gerð en uppfyllir ekki viðkomandi grundvallarkröfur,
- þar sem framleiðandinn hefur ekki innt af hendi skyldur sem hann tók á sig með EB-yfirlýsingu um gerðarsamræmi (ábyrgð á gæðum framleiðslu),

skal tilnefndi aðilinn afturkalla EB-gerðarviðurkenningu sína og viðurkenninguna á gæðakerfinu ef þörf krefur. Ef EB-gerðarviðurkenningin er afturkölluð er óheimilt að leggja fram vog til EB-sannprófunar og gefa EB-yfirlýsingar um gerðarsamræmi (ábyrgð á gæðum framleiðslu).

12. gr.

Þegar vog, sem er notuð í þeim tilgangi sem um getur í a-lið 2. mgr. 1. gr., hefur verið eða er tengd við tæki sem hafa ekki fengið samræmismat eins og um getur í 8. gr.

skal hvert þessara tækja bera tákn þar sem fram komi takmarkanir á notkun þess eins og tilgreint er í 3. lið. viðauka IV. Táknið skal fest á tækin þar sem það er greinilegt, læsilegt og varanlegt.

IV. KAFLI
Lokaákvæði.

13. gr.
Reglur um eftirlit með vogum í notkun.

1. Eftirlit með vogum í notkun felst í löggildingu auk umsjónar með því að farið sé eftir lögum, reglugerðum og verklagsreglum er gilda um vogir. Löggildingar eru unnar af Löggildingarstofunni en hún getur einnig falið skoðunarstofum að annast löggildingar.
2. Vogir, sem notaðar eru í þeim tilgangi sem um getur í a-lið 2. mgr. 1. gr., skulu löggiltar hérlendis áður en þær eru teknar í notkun. Þessar vogir skal löggilda á ný í síðasta lagi í sama ársþriðjungi tveimur árum eftir síðustu löggildingardagsetningu.
3. Þegar vog er löggilt skal setja á hana löggildingarmiða.
4. Eigandi vogar eða sá sem notar vog með sama rétti og eigandi til verkefna í samræmi við a-lið 2. mgr. 1. gr. ber ábyrgð á að vogin sé löggilt reglulega og skal gæta þess að frávikið verði ekki meira en notkunarfrávik, sem er tvöfalt það hámarksfrávik sem leyft er við löggildingu. Eftir viðgerð eða aðrar aðgerðir sem hugsanlega geta gert mælifrávik stærra en notkunarfrávik eða ef innsigli eru rofin eða sködduð, fellur löggilding úr gildi. Viðhaldsaðili, sem hefur unnið við vogina vegna viðgerðar þannig að endurlöggildingar er þörf, skal þegar tilkynna eigandanum að löggilding sé úr gildi fallin.
5. Vog, sem notuð er í þeim tilgangi sem um getur í a-lið 2. mgr. 1. gr., fellur undir eftirlitsskyldu í samræmi við grein 2.4 í reglugerð frá 5. nóvember 1993. um vog, mál og faggildingu. Löggilding getur farið fram ef vogin uppfyllir kröfur viðauka I. Verklagsreglur tilgreina hvaða atriði í viðauka I skal prófa sérstaklega fyrir hverja löggildingu.

14. gr.
Undanþáguákvæði.

1. Um leið og reglugerð þessi tekur gildi verður óheimilt að gefa út nýjar gerðarviðurkenningar eftir eldri reglum. Þó má gefa út viðbótargerðarviðurkenningar vegna minni háttar breytinga á eldri vogum.
2. Þrátt fyrir 1. mgr. er markaðssetning og notkun voga heimil ef þær hafa gerðarviðurkenningar fyrir 1. janúar 1994 í samræmi við reglur sem þá giltu, svo sem tilskipun 73/360/EBE. Slíkar gerðarviðurkenningar má framlengja í allt að 10 ár, þ.e. til 1. janúar 2004.
3. Tilskipun 73/360/EBE er ekki sett í sérstaka reglugerð en ákvæði þeirrar tilskipunar munu gilda fyrir eldri vogir, þegar það á við, sbr. 2. mgr. 14. gr.
4. Ennfremur er heimil markaðssetning og/eða notkun voga, sem notaðar eru í þeim tilgangi sem um getur í 4, -5, tölul. a-liðar. 2. mgr. 1. gr., til 1. janúar 2004 án þess að gerð sé krafa um samræmisvottorð.

15. gr.
Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum um vog, mál og faggildingu nr. 100/1992

og með hliðsjón af ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sem vísað er til í 27. tölul. IX. kafla II. viðauka, tilskipun 90/384/EBE ásamt síðari breytingum um ósjálfvirkan vogarbúnað, með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af II. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytið, 28. febrúar 1994.

F. h. r.
Þorkell Helgason.

Sveinn Þorgrímsson.

VIÐAUKI I.
MÆLIFRÆÐILEGAR KRÖFUR.

Grundvallarkröfurnar, sem vogirnar er um getur í a-lið 2. mgr. 1. gr., verða að standast, koma fram hér að aftan. Íðorðin, sem notuð eru koma frá Alþjóðalögmælifræðistofnuninni.

Inngangsorð.

Þegar vog hefur eða er tengd við fleiri en einn álestrar- eða prentbúnað, sem notaður er í þeim tilgangi sem um getur í a-lið 2. mgr. 1. gr., þarf búnaður af þessu tagi, sem sýnir aðeins niðurstöður vigtunar og getur ekki haft áhrif á að vogin verki á réttan hátt, ekki að standast grundvallarkröfurnar, að því tilskildu að niðurstöður vigtunar séu prentaðar og skráðar á réttan hátt og varanlega með hluta vogarinnar, sem stenst grundvallarkröfurnar, og að niðurstöðurnar séu aðgengilegar fyrir báða hlutaðeigandi aðila. Þegar um er að ræða vogir sem notaðar eru við beina sölu til almennings verður álestrar- og prentbúnaður fyrir seljanda og kaupanda þó að standast grundvallarkröfurnar.

1. **Einingar massa.**

Einingar massa, sem nota á, skulu vera löglegar einingar í skilningi tilskipunar 80/181/EBE eins og henni var síðast breytt með tilskipun 85/1/EBE.
Með fyrirvara um, að þessu skilyrði sé fullnægt, eru eftirfarandi einingar heimilaðar:
- SI-einingar: kílógramm, míkrógramm, milligramm, gramm, tonn,
- breskar einingar: pound, ounce (avoirdupois), troy ounce,
- aðrar einingar sem ekki tilheyra metrakerfinu: metrakarat við vigtun eðalsteina.

Fyrir vogir, sem eru gerðar fyrir breskar einingar fyrir massa sem um getur hér á undan, skal umreikna grundvallarkröfurnar, sem tilgreindar eru hér að aftan, með einfaldri brúun.

2. **Nákvæmnisflokkar.**

2.1. Skilgreindir hafa verið eftirfarandi flokkar:

I	sérstök nákvæmni
II	mikil nákvæmni
III	millinákvæmni
IIII	venjuleg nákvæmni

Skilgreiningar fyrir þessa flokka eru í töflu 1.

2.2. Undantekningar frá kröfu 3. mgr. 1. gr. fyrir vogir sem notaðar eru samkvæmt 1. og 2. tölul. a-liðar 2. mgr. 1. gr., gilda í eftirfarandi tilfellum;

1) Vogir sem notaðar eru við viðskipti með eðalmálma eða eðalsteina. Í slíkum tilfellum skulu þær í það minnsta vera af nákvæmnisflokki II, sbr. töflu 1.
2) Vogir sem notaðar eru í viðskiptum með gróf efni. Dæmi: Vigtun ópakkaðs efnis með lágu kílógrammverði, t.d. sandur, grúsarmöl, steypa og sorp. Í slíkum tilfellum má einnig nota vogir af nákvæmnisflokki IIII.
3) Vogarbrýr, sem notaðar eru utanhúss, skulu vera af nákvæmnisflokki III, sbr. töflu 1.

TAFLA 1
Nákvæmnisflokkar.

Flokkur	Skerðingargildi (e)	Lágmarksþyngd (Min)	Fjöldi skerðingargilda n=Max / e	
		lágmarks-gildi	lágmarks-gildi	hámarks-gildi
I	0,001 g ≤ e	100 e	50 000	—
II	0,001 g ≤ e ≤ 0,05 g	20 e	100	100 000
	0,1 g ≤ e	50 e	5 000	100 000
III	0,1 g ≤ e ≤ 2 g	20 e	100	10 000
	5 g ≤ e	20 e	500	10 000
IIII	5 g ≤ e	10 e	100	1 000

Lágmarksþyngd minnkar í 5e fyrir vogir í II. og III. flokki sem notaðar eru til að ákvarða flutningsgjöld.

2.2. *Deilingargildi.*

2.2.1. Raunverulegt deilingargildi (d) og skerðingargildi (e) skal sýna með þessum hætti: 1×10^k, 2×10^k eða 5×10^k einingar massa
þar sem k er heil tala eða núll.

2.2.2. Fyrir aðrar vogir en þær sem hafa viðbótarálestrartæki:
d=e

2.2.3. Fyrir vogir, sem hafa viðbótarálestrartæki, gildir eftirfarandi:
$e = 1 \times 10^k$ g
$d < e <= 10$ d
nema fyrir vogir í I. flokki með $d < 10^{-4}$ g og $e = 10^{-3}$ g.

3. **Flokkun.**

3.1. *Vogir með eitt vigtunarsvið.*
Vogir, sem hafa viðbótarálestrartæki, skulu tilheyra I. eða II. flokki. Lægri mörk lágmarksgetu fyrir þessar vogir fást úr töflu 1 með því að setja raunverulegt deilingargildi (d) í stað skerðingargildis (e) í 3. dálki.
Ef $d < 10^{-4}$ g má hámarksgeta í I. flokki vera minni en 50 000 e.

3.2. *Vogir með fleiri en eitt vigtunarsvið.*
Heimilt er að hafa fleiri en eitt vigtunarsvið á vogum að því tilskildu að það komi skýrt fram á þeim. Hvert vigtunarsvið er flokkað í samræmi við lið 3.1. Nú falla vigtunarsviðin undir mismunandi nákvæmnisflokka og skal þá vogin standast strönguustu kröfur sem gilda um þá nákvæmnisflokka sem vigtunarsviðin tilheyra.

3.3. *Vogir með margskipt vigtunarsvið.*

3.3.1. Heimilt er að hafa fleiri en eitt skipt vigtunarsvið (margskipt vigtunarsvið) á vogum með eitt vigtunarsvið.
Vogir með margskiptu vigtunarsviði skulu ekki hafa viðbótarálestrartæki.

3.3.2. Sérhvert vigtunarsvið i, á vogum með margskiptu vigtunarsviði, er skilgreint af:

– skerðingargildi þess e_i	með $e_{(i+1)} < e_i$
– hámarksgetu þess (Max_i)	með $Max_r = Max$
– lágmarksgetu þess (Min_i)	með $Min_i = Max_{(i-1)}$
	og $Min_1 = Min$

þar sem:
i = 1, 2,... r
i = númer skipts vigtunarsviðs,
r = heildarfjöldi skiptra vigtunarsviða.

Í öllum tilvikum er getan miðuð við nettóhleðslu án þess að tillit sé tekið til hugsanlegra törugilda.

3.3.3. Skipt vigtunarsvið eru flokkuð eftir töflu 2. Öll skipt vigtunarsvið á einni vog falla undir sama nákvæmnisflokk og vogin sjálf.

TAFLA 2
Vogir með margskiptu vigtunarsviði.

i = 1, 2,... r
i = númer skipts vigtunarsviðs
r = heildarfjöldi skiptra vigtunarsviða

Flokkur	Skerðingargildi (e)	Lágmarksgeta (Min)	Fjöldi skerðingargilda	
		Lágmarks-gildi	Lágmarks-gildi ([1]) $n = Max_i / e_{i+1}$	Hámarks-gildi $n=Max_i / e_i$
I	$0{,}001\ g \leq e_i$	$100\ e_1$	50 000	—
II	$0{,}001\ g \leq e_i \leq 0{,}05\ g$	$20\ e_1$	5 000	100 000
	$0{,}1\ g \leq e_i$	$50\ e_1$	5 000	100 000
III	$0{,}1\ g \leq e_i$	$20\ e_1$	100	10 000
IIII	$5\ g \leq e_i$	$10\ e_1$	50	1 000

([1]) Fyrir i = r gildir samsvarandi dálkur úr töflu 1 þar sem e_r kemur í stað e.

4. **Nákvæmni.**

4.1. Þegar beitt er málsmeðferð þeirri sem um getur í 8. gr. skal frávik í álestri ekki vera meira en heimilað hámarksfrávik sem sýnt er í töflu 3. Ef um stafrænan álestur er að ræða skal leiðrétta frávik sem stafar af skekkju við að niðurstaða er rúnnuð í næstu heilu tölu.

Heimiluð hámarksfrávik gilda um gildi nettóþyngdar og töru, að frátöldum fyrirframstilltum törugildum.

TAFLA 3
Heimiluð hámarksfrávik.

Hleðsla				Heimilað hámarks-frávik
Flokkur I	Flokkur II	Flokkur III	Flokkur IIII	
0 ≤ m ≤ 50 000 e	0 ≤ m ≤ 5 000 e	0 ≤ m ≤ 500 e	0 ≤ m ≤ 50e	±0,5 e
50 000 e < m ≤ 200 000 e	5 000 e < m 20 000 e	500 e < m ≤ 2 000 e	50 e < m ≤200 e	±1,0 e
200 000 e < m	20 000 e < m ≤ 100 000 e	2 000 e < m ≤ 10 000 e	200 e < m ≤ 1 000 e	±1,5 e

4.2. Heimiluð hámarksfrávik við notkun eru tvöföld þau heimiluðu hámarksfrávik sem fastsett eru í lið 4.1.

5. Unnt skal vera að endurtaka vigtanir vogar og fá sömu niðurstöðu þótt notuð séu önnur álestrartæki og aðferðir við að ná jafnvægisstöðu.
Vigtunarniðurstöður skulu vera óháðar stöðu hleðslunnar á álagshlutanum svo nægilegt teljist.

6. Vog skal vera næm á litlar hleðslubreytingar.

7. **Áhrifsbreytur og tími.**

7.1. Vogir í II., III. og IIII. flokki, sem líklegt er að verði notaðar í hallandi stöðu, skulu vera ónæmar, svo nægilegt teljist, fyrir þeim halla sem orðið getur þegar vog er sett upp á eðlilegan hátt.

7.2. Vogirnar skulu standast mælifræðilegar kröfur innan þeirra hitamarka sem framleiðandi tilgreinir. Gildi þessara marka skal að minnsta kosti vera jafnt:

5 °C fyrir vog í I. flokki,
15 °C fyrir vog í II. flokki,
30 °C fyrir vog í III. eða IIII. flokki.

Ef framleiðandi hefur ekki tilgreint hitamörk gilda hitamörkin -10°C til +40°C.

7.3. Vogir, sem knúnar eru með raforku frá orkuveitukerfi, skulu standast mælifræðilegar kröfur við skilyrði við aðföng raforku sem eru innan eðlilegra fráviksmarka.

Vogir, sem knúnar eru með raforku frá rafhlöðum, skulu gefa til kynna þegar spenna fer niður fyrir það lágmarksgildi, sem krafist er og annaðhvort starfa áfram á réttan hátt þegar það gerist eða stöðvast sjálfkrafa.

7.4. Rafknúnar vogir, að undanskildum vogum í I. og II. flokki þar sem e er minna en 1 g, skulu standast mælifræðilegar kröfur við efri hitamörk þótt hlutfallslegur raki sé mikill.

7.5. Nú stendur hleðsla á vog í II., III. eða IIII. flokki í langan tíma og skal það hafa hverfandi áhrif á álestur vogarinnar á meðan hleðslan er á, sem og á núllstillingu jafnskjótt og hleðslan hefur verið tekin af.

7.6. Við annars konar skilyrði skulu vogir ýmist starfa á réttan hátt eða stöðvast sjálfkrafa.

HÖNNUN OG SMÍÐI.

8. **Almennar kröfur.**

8.1. Hönnun og smíði voganna skal vera á þann veg að þær haldi mælifræðilegum eiginleikum sínum ef þær eru settar upp og notaðar á réttan hátt, í því umhverfi sem þær eru ætlaðar fyrir. Skylt er að sýna gildi massans.

8.2. Rafeindavogir skulu ekki sýna merki um alvarlega bilun þótt þær verði fyrir truflun eða skulu, að öðrum kosti, geta greint bilanir á sjálfvirkan hátt og gefið það til kynna.

Ef alvarleg villa greinist á sjálfvirkan hátt í rafeindavog skal viðvörun um það heyrast eða sjást og skal viðvörunin halda áfram þar til notandi lagfærir bilunina eða hún hverfur.

8.3. Vogir skulu standast kröfurnar í liðum 8.1 og 8.2 í þann tíma sem talinn er eðlilegur miðað við þá notkun sem þær eru ætlaðar fyrir.

Á stafrænum rafeindavogum skal ætíð vera nægileg stjórn á að mæliferlið sé rétt og að álestrarbúnaður vinni rétt, svo og á allri geymslu og flutningi gagna.

Ef alvarleg villa vegna slits greinist á sjálfvirkan hátt í rafeindavog skal viðvörun um það heyrast eða sjást og skal viðvörunin vara þar til notandi lagar bilunina eða hún hverfur.

8.4. Nú er utanaðkomandi búnaður tengdur við rafeindavog með viðeigandi tengibúnaði og skal það ekki hafa áhrif á mælifræðilega eiginleika vogarinnar.

8.5. Vogir skulu ekki hafa neina þá eiginleika sem auðveldi sviksamleg not og möguleikar á misnotkun af vangá skulu vera svo litlir sem vera má. Íhlutar, sem notanda er óheimilt að fjarlægja eða stilla skulu tryggðir gegn slíku.

8.6. Hanna skal vogir á þann veg að eftirlit það sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð megi framkvæma á fljótlegan hátt.

9. **Álestur vigtunarniðurstaðna og annarra vigtunargilda.**

Álestur vigtunarniðurstaðna og annarra vigtunargilda skal vera nákvæmur, ótvíræður og ekki villandi og álestrartækið skal leyfa auðveldan álestur við eðlileg notkunarskilyrði.

Heiti og tákn eininganna, sem um getur í 1. lið í viðauka þessum, skulu vera í samræmi við ákvæði tilskipunar 80/181/EBE, að viðbættu tákninu fyrir metrakarat sem er táknið „ct".

Álestur skal ekki vera mögulegur yfir hámarksgetu (Max), að viðbættum 9 e.

Einungis er heimilt að nota viðbótarálestrarbúnað hægra megin við tugabrotskommu. Einungis er heimilt að nota búnað til að víkka út svið álestrar tímabundið og ekki skal vera hægt að prenta á meðan hann starfar.

Sýna má aukaálestra að því tilskildu að ekki sé unnt að rugla þeim saman við aðalálestra.

10. **Prentun vigtunarniðurstaðna og annarra vigtunargilda.**

Prentaðar niðurstöður skulu vera réttar, auðþekkjanlegar og ótvíræðar. Prentunin skal vera skýr, læsileg, varanleg og endingargóð.

11. **Hallastilling.**
Á vogum skal vera, ef við á, búnaður til hallastillingar og hallamál sem sé nægilega næmt til að hægt sé að setja vogina upp á réttan hátt.

12. **Núllstilling.**
Heimilt er að hafa núllstillingarbúnað á vogum. Notkun slíks búnaðar skal leiða til nákvæmrar núllstillingar og skal ekki valda röngum mæliniðurstöðum.

13. **Törubúnaður og fyrirframstilltur törubúnaður.**
Á vogum er heimilt að hafa einn törubúnað eða fleiri, svo og fyrirframstilltan törubúnað. Notkun slíks búnaðar skal leiða til nákvæmrar núllstillingar og tryggja rétta vigtun á nettóþyngd. Þá skal notkun fyrirframstillts törubúnaðar tryggja að reiknað nettógildi þyngdar sé rétt ákvarðað.

14. **Vogir sem notaðar eru við beina sölu til almennings er hafa ekki meiri hámarksgetu en 100 kg: Viðbótarkröfur.**
Á vogum, sem notaðar eru til beinnar sölu til almennings, skulu allar nauðsynlegar upplýsingar um vigtunina vera sjáanlegar og kaupandi skal sjá greinilega útreikning verðs á þeirri vöru sem keypt er ef um er ræða vogir sem sýna verð.
Ef hægt er að lesa söluverð af vog skal verðið vera nákvæmt.
Á vogum, sem reikna út verð, skal nauðsynlegur álestur vara nógu lengi til að kaupandi geti lesið það svo vel sé.
Einungis er heimilt að vogir með verðútreikningi séu notaðar til annars en vigtunar og verðútreiknings stykkjavöru að því tilskildu að allur álestur, sem tengist slíku, sé prentaður greinilega og ótvírætt á kvittun eða merkimiða fyrir viðskiptavininn.
Vogir skulu ekki hafa neina þá eiginleika sem geta valdið því að túlkun álesturs verði ekki auðveld eða einföld.
Vogir skulu tryggja kaupendur fyrir röngum söluviðskiptum sem eiga rætur að rekja til þess að þær starfa ekki rétt.
Ekki er heimilt að hafa viðbótarálestrartæki og -búnað til að víkka út svið álestrar á þessum vogum.
Einungis er heimilt að hafa aukabúnað á þessum vogum ef hann getur ekki leitt til sviksamlegra nota.
Vogum, sem svipar til voga sem venjulega eru notaðar við beina sölu til almennings en uppfylla ekki kröfur þessa liðar, skulu hafa, nærri álestrarstað, eftirfarandi varanlega áletrun: „Ekki ætluð til notkunar við beina sölu til almennings“.

15. **Vogir sem prenta verðmerkimiða.**
Vogir sem prenta verðmerkimiða skulu standast kröfur um vogir sem sýna verð og notaðar eru við beina sölu til almennings svo fremi þær eigi við viðkomandi vog. Prentun á verðmerkimiða skal ekki vera möguleg fyrir magn undir lágmarksgetu.

VIÐAUKI II.

1. **EB-gerðarprófun.**
1.1. EB-gerðarprófun er málsmeðferð þar sem tilnefndur aðili sannprófar og vottar að dæmigerð vog fyrir fyrirhugaða framleiðslu standist viðeigandi kröfur þessarar tilskipunar.

1.2. Framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan bandalagsins skal leggja fram umsókn um gerðarprófun til eins tilnefnds aðila.

Umsóknin skal innihalda:
- nafn og heimilisfang framleiðanda og, ef umsóknin er lögð fram af viðurkennda fulltrúanum, nafn hans og heimilisfang að auki,
- skriflega yfirlýsingu um að umsóknin hafi ekki verið lögð fram til annars tilnefnds aðila,
- hönnunarlýsingu eins og lýst er í viðauka III.

Umsækjandi skal láta tilnefnda aðilanum í té dæmigerða vog fyrir fyrirhugaða framleiðslu, sem nefnist hér eftir „gerð".

1.3. Tilnefndi aðilinn skal:

1.3.1. athuga hönnunarlýsinguna og ganga úr skugga um að gerðin hafi verið framleidd samkvæmt lýsingunni;

1.3.2. sammælast við umsækjanda um hvar rannsóknir og/eða prófanir eigi að fara fram;

1.3.3. framkvæma eða láta framkvæma viðeigandi rannsóknir og/eða prófanir til að ganga úr skugga um hvort lausnirnar, sem framleiðandinn velur, séu í samræmi við grundvallarkröfurnar þegar staðlarnir, sem um getur í 5. gr. hafa ekki verið notaðir;

1.3.4. framkvæma eða láta framkvæma viðeigandi rannsóknir og/eða prófanir til að athuga hvort viðkomandi staðlar hafi verið notaðir í reynd þegar framleiðandinn hefur valið að nota þá svo að samræmi við grundvallarkröfurnar sé tryggt.

1.4. Þegar gerðin uppfyllir ákvæði þessarar reglugerðar skal tilnefndi aðilinn gefa út EB-gerðarviðurkenningarvottorð til umsækjandans. Vottorðið skal innihalda niðurstöður rannsóknarinnar, skilyrði, ef einhver eru, fyrir gildistöku þess og nauðsynleg gögn sem sýna viðurkenndu gerðina og, þegar þörf krefur, lýsingu á starfsemi hennar. Tæknileg atriði, svo sem teikningar og myndir, skulu fylgja í viðauka með EB-gerðarviðurkenningarvottorðinu.

Vottorðið skal gilda í tíu ár frá útgáfudegi og það má síðan endurnýja með tíu ára gildistíma í senn.

Nú verða veigamiklar breytingar á hönnun vogar, til dæmis vegna tækninýjunga, og er þá heimilt að takmarka gildistíma vottorðsins við tvö ár með þriggja ára framlengingartímabili.

1.5. Sérhver tilnefndur aðili skal öðru hverju láta öllum aðildarríkjum í té skrá yfir:
- mótteknar umsóknir um EB-gerðarprófun,
- útgefin EB-gerðarviðurkenningarvottorð,
- umsóknir um gerðarviðurkenningarvottorð sem hefur verið hafnað,
- viðbætur og breytingar við áður útgefin gögn.

Enn fremur skal sérhver tilnefndur aðili tilkynna öllum aðildarríkjunum án tafar um afturköllun á EB-gerðarviðurkenningarvottorðum.

Hvert aðildarríkjanna skal láta þeim aðilum, sem það hefur tilnefnt, í té þessar upplýsingar.

1.6. Aðrir tilnefndir aðilar geta fengið afrit af vottorðunum ásamt viðaukum við þau.

1.7. Umsækjandinn skal láta tilnefnda aðilann, sem gaf út EB-gerðarviðurkenningarvottorðið, vita um allar breytingar á viðurkenndu gerðinni.

Ef viðurkenndri gerð er breytt skulu breytingarnar öðlast viðurkenningu tilnefnda aðilans sem gaf út EB-gerðarviðurkenningarvottorðið ef slíkar breytingar hafa áhrif á samræmi við grundvallarkröfur þessarar reglugerðar eða fyrirskipuð skilyrði um notkun tækisins. Þessi viðurkenning skal gefin í formi viðbótar við upprunalega EB-gerðarviðurkenningarvottorðið.

2. **EB-yfirlýsing um gerðarsamræmi (ábyrgð á gæðum framleiðslu).**

2.1. EB-yfirlýsingin um gerðarsamræmi (ábyrgð á gæðum framleiðslu) er málsmeðferð þar sem framleiðandi, sem uppfyllir skilyrðin í lið 2.2, lýsir því yfir að viðkomandi vogir séu í samræmi við gerðina sem lýst er í EB-gerðarviðurkenningarvottorðinu, og uppfylli viðeigandi grundvallarkröfur þessarar tilskipunar.

Framleiðandinn skal festa EB-merki á hvert tæki, svo og áletranir eins og kveðið er á um í viðauka IV.

EB-merkinu skal fylgja auðkenni tilnefnda aðilans sem er ábyrgur fyrir EB-eftirlitinu sem um getur í lið 2.4.

2.2. Framleiðandinn skal á fullnægjandi hátt hafa komið á fót gæðakerfi, eins og tilgreint er í lið 2.3, og skal sæta EB-eftirliti eins og kveðið er á um í lið 2.4.

2.3. *Gæðakerfi.*

2.3.1. Framleiðandinn skal leggja fram umsókn um viðurkenningu á gæðakerfi sínu til tilnefnds aðila.

Umsóknin skal innihalda:

- skuldbindingu um að rækja þær skyldur sem viðurkennt gæðakerfi hefur í för með sér,
- skuldbindingu um að viðhalda hagkvæmni og virkni viðurkennda gæðakerfisins.

Framleiðandinn skal láta tilnefnda aðilanum í té allar upplýsingar sem máli skipta, einkum gögn um gæðakerfið og hönnunarlýsingu vogarinnar.

2.3.2. Gæðakerfið skal tryggja samræmi voganna við gerðina, eins og henni er lýst í EB-gerðarviðurkenningarvottorðinu, og við þær grundvallarkröfur þessarar reglugerðar sem við eiga.

Öll þau atriði, kröfur og ákvæði, sem framleiðandinn hefur tekið tillit til, skulu skráð, skýrt og kerfisbundið, í formi leiðbeininga, reglna og ritaðra fyrirmæla. Í þessari lýsingu á gæðakerfinu skal gera skýra grein fyrir gæðaskipulagi, áætlunum, handbókum og skýrslum.

Þar skal einkum koma fram haldgóð lýsing á:

- gæðamarkmiðum, skipulagningu og stjórnunarábyrgð og áhrifum þessa á gæði framleiðslunnar,
- framleiðsluferli, gæðaeftirliti og aðferðum við gæðatryggingu ásamt þeim kerfisbundnu aðgerðum sem verður beitt,
- rannsóknum og prófunum sem verða gerðar fyrir, eftir og meðan á framleiðslunni stendur og hve oft þær fara fram,
- aðferðum við eftirlit með gæðum tækisins og skilvirkni gæðakerfisins.

2.3.3. Tilnefndi aðilinn skal skoða og meta gæðakerfið til að ákveða hvort það uppfylli kröfurnar í lið 2.3.2. Hann gengur út frá því að samræmis við þessar kröfur sé gætt þegar um er að ræða gæðakerfi sem eru byggð á samhæfðum stöðlum á þessu sviði.

Hann skal tilkynna framleiðanda um ákvörðun sína og gera hinum tilnefndu aðil-

unum viðvart um hana. Í tilkynningunni til framleiðandans skulu koma fram niðurstöður skoðunarinnar og, komi til höfnunar, rök fyrir þeirri ákvörðun.

2.3.4. Framleiðandinn eða viðurkenndur fulltrúi hans skal gera tilnefnda aðilanum, sem viðurkenndi gæðakerfið, kunnugt um allar breytingar á því, til dæmis vegna nýrrar tækni eða nýrra meginreglna um gæði.

2.3.5. Tilnefndur aðili, sem afturkallar viðurkenningu á gæðakerfi, skal tilkynna það hinum tilnefndu aðilunum.

2.4. *EB-eftirlit*

2.4.1. Tilgangur EB-eftirlitsins er að tryggja að framleiðandinn uppfylli að öllu leyti skyldur sínar vegna viðurkennda gæðakerfisins.

2.4.2. Framleiðandinn skal veita tilnefnda aðilanum aðgang til að skoða framleiðslu-, eftirlits, prófunar- og geymslustaði og láta honum í té allar nauðsynlegar upplýsingar, einkum:

- lýsingu á gæðakerfinu,
- hönnunarlýsingu,
- gæðaskráningu, til dæmis skoðunarskýrslur og prófunargögn, kvörðunargögn, skýrslur um menntun og hæfi starfsfólks o.s.frv.

Tilnefndi aðilinn skal öðru hverju gera úttekt til að ganga úr skugga um að framleiðandinn viðhaldi viðurkennda gæðakerfinu og noti það og skal hann gefa framleiðandanum skýrslu um úttektina.

Tilnefndi aðilinn getur einnig komið til framleiðandans án þess að gera boð á undan sér. Í þessum heimsóknum getur tilnefndi aðilinn tekið út kerfið, að fullu eða að hluta. Hann skal láta framleiðanda í té skýrslu um heimsóknina og, eftir því sem við á, úttektarskýrslu.

2.4.3. Tilnefndi aðilinn skal tryggja að framleiðandinn viðhaldi viðurkennda gæðakerfinu og noti það.

3. **EB-sannprófun**

3.1. EB-sannprófun er málsmeðferð þar sem tilnefndur aðili athugar og vottar að tækin séu, eftir því sem við á, í samræmi við gerðina, eins og henni er lýst í EB-gerðarviðurkenningarvottorðinu, og uppfylli viðeigandi kröfur þessarar reglugerðar. Tilnefndi aðilinn skal festa EB-merki á hverja vog.

3.2. Hver vog skal athuguð og prófanirnar, sem eru skilgreindar í viðkomandi stöðlum samkvæmt 5. gr. eða jafngildar prófanir, skulu gerðar til að tryggja að vogin sé í samræmi við grundvallarkröfur þessarar reglugerðar.

3.3. EB-merkinu, sem um getur í lið 3.1 hér að framan, skal fylgja auðkenni tilnefnda aðilans.

3.4. Nú þarf vog ekki að fá EB-gerðarviðurkenningu og skal þá hönnunarlýsing, sem um getur í viðauka III vera aðgengileg tilnefnda aðilanum óski hann þess.

4. **EB-einingarsannprófun**

4.1. EB-einingarsannprófun er málsmeðferð þar sem tilnefndur aðili athugar og vottar að vog, hönnuð fyrir tiltekna notkun, sé í samræmi við þær kröfur þessarar tilskipunar sem við hana eiga. Tilnefndi aðilinn skal festa EB-merki á hverja vog.

4.2. Vogin skal athuguð og gerðar skulu prófanir sem eru skilgreindar í viðkomandi stöðlum samkvæmt 5. gr. eða jafngildar prófanir, til að tryggja að vogin sé í samræmi við viðeigandi kröfur þessarar reglugerðar.

4.3. EB-merkinu, sem um getur í lið 4.1 hér að framan, skal fylgja auðkenni tilnefnda aðilans.

4.4. Hönnunarlýsing, sem um getur í. viðauka III, skal vera aðgengileg tilnefnda aðilanum.

5. **Sameiginleg ákvæði.**

5.1. Heimilt er að EB-yfirlýsing um gerðarsamræmi (ábyrgð á gæðum framleiðslu), EB-sannprófun og EB-einingarsannprófun fari fram á vinnusvæði framleiðanda eða á einhverjum öðrum stað, að því tilskildu að ekki þurfi að taka vogina í sundur vegna flutnings, að ekki þurfi að setja vogina saman á notkunarstað, eða annars konar tæknileg uppsetning að eiga sér stað er haft gæti áhrif á starfsemi vogarinnar, og að tekið sé tillit til gildis þyngdarafls á notkunarstað eða starfsemi vogar sé ekki háð breytingum á þyngdarafli. Í öllum öðrum tilvikum skal yfirlýsing um gerðarsamræmi og sannprófanir fara fram á notkunarstað vogarinnar.

5.2. Nú er starfsemi vogar háð breytingum á þyngdarafli og er þá heimilt að málsmeðferð, sem um getur í lið 5.1, fari fram í tveimur áföngum og skal þá seinni áfanginn felast í öllum skoðunum og prófunum þar sem þyngdarafl getur haft áhrif á niðurstöður en sá fyrri felast í öllum öðrum skoðunum og prófunum. Seinni áfanginn skal fara fram á notkunarstað vogarinnar. Hafi aðildarríki ákvarðað þyngdaraflssvæði á yfirráðasvæði sínu jafngildir fullyrðingin „á notkunarstað vogarinnar“ orðunum „á þyngdaraflssvæði notkunarstaðar vogarinnar“.

5.3.

5.3.1. Nú hefur framleiðandi ákveðið að skipta málsmeðferðinni, sem um getur í lið 5.2, í tvo áfanga en umsjón með áföngunum er ekki á hendi eins og sama aðila og skal þá vog, sem hefur gengist undir fyrri áfangann, bera auðkenni tilnefnda aðilans sem sá um þann áfanga.

5.3.2. Aðilinn, sem sá um fyrri áfangann, skal gefa út vottorð fyrir hverja vog þar sem fram komi nauðsynlegar upplýsingar til að auðkenna vogina og þar sem tilgreindar eru skoðanir og prófanir sem gerðar hafa verið.

Aðilinn, sem sér um seinni áfanga tilhögunarinnar, skal gera þær skoðanir og prófanir sem ekki hafa þegar verið gerðar.

5.3.3. Framleiðanda, sem ákveður að EB-yfirlýsing um gerðarsamræmi (ábyrgð á gæðum framleiðslu) skuli vera hluti af fyrri áfanga, er heimilt að hafa sama hátt á í seinni áfanga eða halda áfram í seinni áfanga með EB-sannprófun.

5.3.4. Festa skal EB-merkið á vog, eftir að seinni áfanga er lokið, ásamt auðkenni tilnefnda aðilans sem sá um áfangann.

VIÐAUKI III.
HÖNNUNARLÝSING.

Tæknileg lýsing skal gera hönnun, framleiðslu og notkun vörunnar auðskiljanlega og gera kleift að meta hvort farið sé að kröfum þessarar reglugerðar.

Lýsingin skal innihalda eftirfarandi upplýsingar að svo miklu leyti sem þær eru nauðsynlegar fyrir matið:

- almenna lýsingu á gerðinni,
- heildarhönnun og framleiðsluteikningar, myndir af íhlutum, undireiningum, rafrásum o.s.frv.,
- lýsingar og útskýringar sem nauðsynlegar eru til skilnings á framangreindu, þar með talið notkun vogarinnar,

- skrá yfir staðlana, sem um getur í 5. gr. og gilda að öllu eða einhverju leyti, og lýsing á þeim lausnum sem eru valdar í því skyni að uppfylla grundvallarkröfurnar þar sem staðlarnir, sem um getur í 5. gr., hafa ekki verið notaðir,
- niðurstöður útreikninga sem gerðir voru við hönnun, svo og niðurstöður prófana o.s.frv.,
- prófunarskýrslur,
- gerðarviðurkenningarvottorð og niðurstöður tilheyrandi prófana á vogum sem hafa íhluta sem eru samsvarandi íhlutum í hönnuninni.

VIÐAUKI IV.

1. **Vogir sem þurfa að gangast undir EB-samræmismat.**

1.1. Á þessum vogum skulu vera:

a) - EB-samræmismerki, þ.e. EB-tákn eins og lýst er í viðauka VI, ásamt tveimur síðustu tölum ártals fyrir árið þegar það var fest á,
- auðkenni tilnefnda aðilans eða aðilanna sem sá/sáu um EB-eftirlit eða EB-sannprófun.

Þessi merki og áletranir skulu fest á vogina þannig að þau standi saman svo greinilegt sé;

b) grænn ferhyrndur límmiði, 12,5 mm x 12,5 mm að stærð hið minnsta, með hástafnum „M“, prentuðum í svörtum lit;

c) eftirfarandi áletranir:
- númer EB-gerðarviðurkenningarvottorðs, eftir því sem við á,
- auðkenni framleiðanda eða nafn,
- nákvæmnisflokkur, ritaður innan í sporöskjulaga feril eða á milli tveggja láréttra lína sem eru tengdar saman til endanna með tveimur hálfhringjum,
- hámarksgeta, táknuð með Max,
- lágmarksgeta, táknuð með Min,
- skerðingargildi, táknað með e =,

svo og, eftir því sem við á:
- raðnúmer,
- fyrir vogir sem gerðar eru úr aðskildum en þó tengdum einingum: auðkenni á hverja einingu,
- deilingargildi ef það er ekki það sama og e, táknað með d =...,
- hámarksviðbót vegna töru, táknuð með T = + ...,
- hámarksfrádráttur vegna töru ef hann er annar en Max, táknaður með T = -...,
- deilingargildi fyrir töru ef það er annað en d, táknað með d_T = ...,
- hámarksöryggishleðsla ef hún er önnur en Max, táknuð með Lim... ,
- sérstök hitamörk, táknuð með ...°C/ ...°C,
- hlutfall milli álagshluta og hleðslu.

1.2. Vogirnar skulu útbúnar þannig að auðvelt sé að festa á þær EB-samræmismerki og/eða áletranir. Útbúnaðurinn skal þannig gerður að ekki sé mögulegt að fjarlægja merkið og áletranirnar án þess að eyðileggja hann og þannig að merkið og áletranirnar séu sýnileg þegar vogin er í eðlilegri notkunarstöðu.

1.3. Ef notuð er merkiplata skal vera hægt að innsigla hana nema ekki sé hægt að fjarlægja hana án þess að eyðileggja hana. Ef unnt er að innsigla plötuna skal vera hægt að setja á hana eftirlitsmerki.

1.4. Áletranirnar Max, Min, e og d skulu sýndar nærri þeim stað sem niðurstöður birtast séu þær ekki þar fyrir.

1.5. Á álagsskynjara, sem er tengdur eða hægt er að tengja við einn eða fleiri álagshluta, skulu vera viðeigandi áletranir um álagshlutana.

2. **Aðrar vogir.**

Á öðrum vogum skulu vera:

- auðkenni framleiðanda eða nafn hans,
- hámarksgeta, táknuð með Max.

Á þessum vogum skulu ekki vera límmiðarnir sem kveðið er á um í b-lið liðar 1.1.

3. **Tákn um takmarkaða notkun sem getið er um í 12. gr.**

Þetta tákn er gert úr hástafnum „M“, prentuðum í svörtum lit á ferhyrndan, rauðan bakgrunn, 25 mm x 25 mm að stærð hið minnsta, undir tveimur skálínum sem skerast og mynda kross.

VIÐAUKI V.

Hér að neðan eru tilgreind lágmarksskilyrði sem aðildarríkin skulu beita þegar tilnefndir eru aðilar sem sinna skulu verkefnum er lúta að málsmeðferðinni sem um getur í 9. gr.

1. Aðilarnir skulu hafa yfir að ráða nauðsynlegum búnaði og starfsmönnum.

2. Starfsmenn skulu búa yfir tæknilegri færni og faglegum heilindum.

3. Tilnefndir aðilar skulu, við prófanir, skýrslugerð, útgáfu vottorða og eftirlit samkvæmt þessari reglugerð, vera óháðir öllum samböndum, hópum eða einstaklingum sem hafa beina eða óbeina hagsmuni sem tengjast vogarbúnaði sem er ekki sjálfvirkur.

4. Starfsmenn skulu bundnir þagnarskyldu.

5. Ábyrgðartrygging skal vera fyrir hendi nema ríkið hafi þessa ábyrgð samkvæmt landslögum.

Aðildarríkin skulu kanna öðru hverju hvort skilyrðin í tveimur fyrstu undirliðunum séu uppfyllt.

VIÐAUKI VI.



REGLUGERÐ

um rafföng til notkunar á sprengihættustöðum með eða án tiltekinnar varnartilhögunar.

1. gr.
Gildissvið.

1.1 Þessi reglugerð á við rafföng hæf til notkunar á sprengihættustöðum, þar með talin rafföng til notkunar neðanjarðar þar sem getur myndast eldfimt gas sem hætta kann að stafa af.

1.2 Reglugerðin tekur einnig til raffanga sem hafa varnartilhögun af einni eða fleiri af eftirtöldum gerðum:

1) olíufylling „o“,
2) yfirþrýstingsumlykja „p“,
3) sallafylling „q“,
4) sprengitraust umlykja „d“,
5) aukið öryggi „e“,
6) sjálftrygg útfærsla „i“.
7) innsteypt útfærsla „m“.

1.3 Við uppsetningu og notkun raffanga skal fylgja ákvæðum reglugerðar um raforkuvirki nr. 264/1971 með síðari breytingum.

2. gr
Skilgreiningar.

Í reglugerð þessari hafa eftirfarandi orð merkingu sem hér segir:
Raffang: Sérhver hluti af raflögn eða öðrum rafbúnaði.
Rafföng í hópi I: Rafföng til notkunar í námum, þar sem sprengifimt gas getur verið til staðar.
Rafföng í hópi II: Rafföng til notkunar á öðrum stöðum en í námum, þar sem sprengifimt gas getur verið til staðar.
Samhæfðir staðlar: Staðlar sem samdir hafa verið með hliðsjón af grunnkröfum og samþykktir af Staðlasamtökum Evrópu (CEN) eða Rafstaðlasamtökum Evrópu (CENELEC), í umboði EB og EFTA.
Samræmisvottorð: Vottorð um að raffang uppfylli ákvæði samhæfðra staðla
Samþykktaraðili: Þar til bær aðili með heimild stjórnvalda til að gerðarprófa raffang og votta öryggi þess.
Skoðunarvottorð: Vottorð um að prófun raffangs hafi leitt í ljós að það uppfylli öryggiskröfur.
Sprengihættusvæði: Rými þar sem hættulegt magn eldfimra efna getur komið fyrir sem gas, gufa, þoka eða ryk sem sameinast getur lofti þannig að sprengifim blanda myndist.
Tilnefndur aðili: Prófunar-, vottunar- eða eftirlitsaðili sem er óháður aðilum að því er varðar viðkomandi viðfangsefni og sem stjórnvöld hafa tilnefnt til að annast samræmismat.
Tækniákvæði: Skjal, þar sem settar eru tæknilegar kröfur, sem vara, ferli eða þjónusta þurfa að uppfylla.

3. gr.

Markaðssetning.

3.1 Óheimilt er að banna af öryggisástæðum vegna hættu á að kvikni í eldfimu gasi sölu, frjálsan flutning eða notkun í tilætluðum tilgangi á raffangi sem getið er í 1. gr., ef:

1) samræmi við samhæfða staðla[1]* er vottað með samræmisvottorði sem gefið er út með þeim skilyrðum sem kveðið er á um í 4. gr. og staðfest með áfestu einkennismerki eins og kveðið er á um í 7. gr., eða
2) það víkur frá samhæfðum stöðlum vegna þess að engin ákvæði voru í slíkum stöðlum um hönnun þess og framleiðslu, en staðfesting og prófun hefur leitt í ljós að öryggi þess er að minnsta kosti jafngilt því sem gert er ráð fyrir í viðkomandi stöðlum, og þetta er vottað með skoðunarvottorði sem gefið er út samkvæmt þeim skilyrðum sem sett eru í 5. gr., og staðfest með ásetningu einkennismerkis sem kveðið er á um í 7. gr.

3.2 Í reglugerð þessari merkir „notkun í tilætluðum tilgangi" notkun raffangsins, eins og kveðið er á um í samhæfðum framleiðslustöðlum og skráð í samræmisvottorð eða skoðunarvottorð, á stöðum þar sem hætta er á að eldfimt gas myndi sprengifima loftblöndu.

3.3 Ef skilyrði um uppsetningu og notkun heyra ekki undir önnur ákvæði Evrópsks efnahagssvæðis skulu þau áfram heyra undir íslensk lög og stjórnsýslufyrirmæli.

4. gr.

Samræmisvottorð.

4.1. Samræmisvottorðið sem getið er um í 1. tölul. 1. mgr. 3. gr. skal gefið út af tilnefndum aðila sem skal votta að viðkomandi gerð raffangs sé í samræmi við samhæfða staðla.

4.2 Tilnefndur aðili sem gefur út samræmisvottorðið má afturkalla það ef hann telur að ekki hefði átt að gefa það út eða þau skilyrði sem tilnefndi aðilinn hefur sett hafa ekki verið uppfyllt. Enn fremur má hann afturkalla samræmisvottorðið ef framleiðandi setur á markað rafföng sem ekki eru í samræmi við það gerðareintak sem samræmisvottorðið var gefið út fyrir.

Tilnefndi aðilinn skal senda afrit af afturköllunarskjalinu til eftirlitsstofnunar EFTA og aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins sem skulu sjá um að senda það öðrum tilnefndum aðilum.

Ástæður fyrir afturköllun skulu nákvæmlega tilgreindar. Tilkynning um afturköllunina skal birt í samræmi við 4. mgr. 4 gr.

Afturköllun eða synjun um útgáfu samræmisvottorðs skal þegar í stað tilkynnt hlutaðeigandi aðila með tilvísun til þeirra úrræða sem honum standa til boða samkvæmt gildandi lögum í aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins og þess frests sem gefinn er til að beita þessum úrræðum.

4.3 Öll skjöl sem notuð eru við vottun raffanga verða að geymast hjá útgefanda og skal, ef nauðsyn krefur, afhenda eftirlitsstofnun EFTA og hinum aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins vegna sérstakra athugana er varða öryggi. Farið skal með skjöl þessi sem trúnaðarmál.

---

* Í skilningi þessarar reglugerðar eru hinir samhæfðu staðlar þeir sem taldir eru upp í viðauka I og breytt samkvæmt viðauka II.

4.4 Viðeigandi útdrættir úr þessum samræmisvottorðum verða birtir í EES deild Stjórnartíðinda Evrópubandalagsins.

5. gr.

Skoðunarvottorð.

5.1 Skoðunarvottorðið sem getið er um í gr. 2. tölul. 1. mgr. 3. gr. skal gefið út af tilnefndum aðila eða samþykktri prófunarstofu, hér eftir nefndir samþykktaraðilar, sem skal votta að gerð raffangsins hafi að minnsta kosti jafngilt öryggi til að bera og raffang sem er í samræmi við hina samhæfðu staðla.

5.2 Áður en hlutaðeigandi samþykktaraðili gefur út skoðunarvottorð skal, að frumkvæði hans, senda skjölin sem notuð hafa verið við vottun raffangsins, það er tækniákvæði þess, prófunarskýrslur samþykktaraðila og drög að skoðunarvottorði til eftirlitsstofnunar EFTA og til hinna aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins sem skulu sjá um að senda þau til þeirra aðila sem þau hafa samþykkt. Þessum aðildarríkjum er heimilt, innan fjögurra mánaða frá því að þau fá upplýsingarnar, að leggja fram mótmæli við samþykkt raffangsins.

5.3 Afrit af skoðunarvottorðinu skal senda eftirlitsstofnun EFTA og aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins innan mánaðar frá útgáfu þess. Aðildarríkin skulu sjá um að senda það þeim aðilum sem þau hafa samþykkt. Samþykktaraðili sem hefur sannreynt og prófað raffangið skal gera lokaskýrslu. Hún skal vera tiltæk aðildarríkjunum.

5.4 Samþykktaraðili sem gefur út skoðunarvottorðið má afturkalla það ef hann telur að ekki hefði átt að gefa það út eða ef settum skilyrðum hefur ekki verið fullnægt. Enn fremur má hann afturkalla vottorðið ef framleiðandinn setur á markað rafföng sem ekki eru í samræmi við það gerðareintak sem skoðunarvottorðið var gefið út fyrir.

Samþykktaraðilinn skal senda afrit af afturköllunarskjalinu til eftirlitsstofnunar EFTA og allra aðildarríkjanna sem sjá um að senda það hinum samþykktu aðilum.

Ástæður fyrir afturköllun skulu nákvæmlega tilgreindar. Tilkynning um afturköllunina skal birt í samræmi við 6. mgr.

Afturköllun eða synjun um útgáfu skoðunarvottorðs skal þegar í stað tilkynnt hlutaðeigandi aðila með tilvísun til þeirra úrræða sem honum standa til boða samkvæmt gildandi lögum í aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins og þess frests sem gefinn er til að beita þessum úrræðum.

5.5 Öll skjöl sem notuð eru við vottun raffanga skulu vera í vörslu útgefanda og, ef nauðsyn krefur, skulu afhent eftirlitsstofnun EFTA og hinum aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins vegna sérstakra athugana er varða öryggi. Farið skal með skjöl þessi sem trúnaðarmál.

5.6 Viðeigandi útdrættir úr þessum skoðunarvottorðum verða birtir í EES-deild Stjórnartíðinda Evrópubandalagsins.

6. gr.

Afrit samræmis- og skoðunarvottorða.

Afrit samræmisvottorða sbr. 3. mgr. 4. gr. og skoðunarvottorða sbr. 5. mgr. 5 gr. skulu send handhafa vottorðsins ef hann óskar þess. Honum skal frjálst að nota þau svo sem hann kýs.

7. gr.
Einkennismerki.

7.1 Einkennismerki sem framleiðandi setur á rafföng táknar að búnaðurinn samræmist þeirri gerð sem hlotið hefur samræmis- eða skoðunarvottorð og fengið almenna staðfestingu og staðist prófanir eins og gert er ráð fyrir í samhæfðum stöðlum þegar um er að ræða útgáfu samræmisvottorðs eða vísað er til þess í sjálfu skoðunarvottorðinu.

Fyrirmynd að einkennismerkinu er sýnd í lið 1 í viðauka III. Merkið skal sett á þannig að það sé sýnilegt, læsilegt og þolið.

7.2 Gera skal viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að framleiðandinn setji því aðeins einkennismerki á að hann hafi undir höndum viðeigandi samræmis- eða skoðunarvottorð. Einnig skal gera allar viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir að framleiðandinn setji á búnað sem ekki hefur fengið samræmis- eða skoðunarvottorð merki eða áletranir sem hætta er á að villast megi á fyrir umrætt einkennismerki.

7.3 Í samræmis- eða skoðunarvottorði mega vera fyrirmæli um að raffangi skuli fylgja leiðbeiningar sem útskýra sérstök notkunarskilyrði þess.

7.4 Hafi skoðunarvottorð samkvæmt 5. gr. verið gefið út fyrir gerð raffangs sem ekki er í samræmi við samhæfðu staðlana verður auk einkennismerkisins að vera á því merkingin sem tilgreind er í lið 2 í viðauka III.

7.5 Fyrirmyndin að samræmisvottorðinu er í viðauka IV.

8. gr.
Eftirlit.

Gera skal allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja fullnægjandi eftirlit með framleiðslu raffanga sem heyra undir þessa reglugerð.

9.gr.
Bann við sölu.

Ef komist verður að þeirri niðurstöðu, á grundvelli ítarlegrar rannsóknar, að raffang sé hættulegt, enda þótt það sé í samræmi við gerð raffangs sem hlotið hefur samræmisvottorð eða skoðunarvottorð er heimilt að banna tímabundið sölu þess eða gera hana háða sérstökum skilyrðum. Það skal þegar í stað tilkynna þetta hinum aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins og eftirlitsstofnun EFTA og tilgreina ástæðurnar fyrir ákvörðuninni.

10. gr.
Skráning aðila.

Rafmagnseftirlit ríkisins hefur skrá yfir þá aðila, svo og póstföng þeirra sem samþykktir hafa verið af aðildarríkjum hins Evrópska efnahagssvæðis til að sannreyna og prófa rafföng og/eða gefa út samræmisvottorð og skoðunarvottorð, sbr. 4. og 5.gr.

11. gr.
Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum um Rafmagnseftirlit ríkisins nr. 60/1979 og með hliðsjón af ákvæði samnings um Evrópska efnahagssvæðið, sem vísað er til í X. kafla II. viðauka, tilskipun ráðsins 82/130/EBE frá 15. febrúar 1982 um samræmingu laga aðildarríkja EES um rafföng til notkunar á sprengihættustöðum í námum þar sem eldfimt

gas getur myndast, tilskipun ráðsins 76/117/EBE frá 18. desember 1975 um samræmingu laga aðildarríkja EES um raffönga til notkunar á sprengihættustöðum og tilskipun ráðsins 79/196/EBE frá 6. febrúar 1979 um samræmingu laga aðildarríkja EES um raffönga með tiltekna varnartilhögun til notkunar á sprengihættustöðum, með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af II. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Iðnaðarráðuneytið, 28. febrúar 1994.

F. h. r.
Þorkell Helgason.

Sveinn Þorgrímsson.

VIÐAUKI I.

SAMHÆFÐIR STAÐLAR.

Samhæfðu staðlarnir, sem búnaður verður að samræmast eftir því hvaða varnartilhögun er beitt, eru þeir Evrópustaðlar sem taldir eru upp í eftirfarandi töflu.

Vísa skal til vottorða sem gefin eru út samkvæmt þessari reglugerð sem „vottorða af gerð C“. Bókstafurinn C skal koma fremst í raðnúmeri slíkra vottorða.

Evrópustaðlar

Númer	Titill	Útgáfa	Dagsetning
EN 50014	Raffönga til notkunar á sprengihættustöðum: almennar kröfur	1	Mars 1977
	Breyting 1		Júlí 1979
	Breyting 2		Júní 1982
	Breytingar 3 og 4		Desember 1982
	Breyting 5		Febrúar 1986
EN 50015	Raffönga til notkunar á sprengihættustöðum: olíufylling „o“	1	Mars 1977
	Breyting 1		Júlí 1979
EN 50016	Raffönga til notkunar á sprengihættustöðum: yfirþrýstingsumlykja „p“	1	Mars 1977
	Breyting 1		Júlí 1979
EN 50017	Raffönga til notkunar á sprengihættustöðum: sallafylling „q“	1	Mars 1977
	Breyting 1		Júlí 1979
EN 50018	Raffönga til notkunar á sprengihættustöðum: sprengitraust umlykja „d“	1	Mars 1977
	Breyting 1		Júlí 1979
	Breyting 2		Desember 1982
	Breyting 3		Nóvember 1985
EN 50019	Raffönga til notkunar á sprengihættustöðum: aukið öryggi „e“	1	Mars 1977
	Breyting 1		Júlí 1979
	Breyting 2		September 1983
	Breyting 3		Desember 1985
EN 50020	Raffönga til notkunar á sprengihættustöðum: sjálftrygg útfærsla „i“	1	Mars 1977
	Breyting 1		Júlí 1979
	Breyting 2		Desember 1985
EN 50028	Raffönga til notkunar á sprengihættustöðum: innsteypt útfærsla „m“	1	Febrúar 1987“

VIÐAUKI II.

Breytingar og viðbætur við Evrópustaðlana sem taldir eru upp í viðauka I.

1. viðbætir.

RAFFÖNG Í HÓPI I TIL NOTKUNAR Á SPRENGIHÆTTUSTÖÐUM ALMENNAR KRÖFUR

Í stað textans í 6.3.1 í 3. breytingu (desember 1982) á Evrópustaðli 50 014 komi:

„6.3.1 Rafföng í hópi I

Umlykjur úr plastefnum sem hafa yfirborð með ofanvarpi í einhverja átt sem er meira en 100 cm^2 eða sem bera málmhluta með meiri rýmd til jarðar en 3 pF í versta tilviki, skulu þannig hannaðar að við eðlilegar aðstæður við notkun, viðhald og hreinsun sé ekki hætta á íkveikju vegna stöðurafmagns.

Þessari kröfu skal fullnægt:

- með viðeigandi vali á efni: einangrunarviðnám þess mælt samkvæmt þeirri aðferð sem lýst er í 22.4.7.8 í þessum Evrópustaðli skal ekki vera meira en:

- 1 G Ω við 23 ± 2°C og 50 ± 5% rakastig,

eða

- 100 G Ω við ystu mörk hita- og rakastigs sem gefið er upp sem þjónustusvið fyrir raffangið; merkið „*X*" skal þá sett á eftir tilvísuninni til vottorðsins eins og segir í 26.2.9;

- eða með stærð, lögun, fyrirkomulagi eða öðrum varnaraðgerðum. Það að hættulegar stöðurafmagnshleðslur eigi sér ekki stað skal sannreynt með raunverulegum íkveikjuprófunum á loft-metanblöndu með 8,5 ± 0,5% metan.

Verði ekki öll hætta á íkveikju útilokuð í hönnuninni skal gefa til kynna á viðvörunarspjaldi þær öryggisráðstafanir sem þarf að gera við notkun."

2. viðbætir.

RAFFÖNG Í HÓPI I FYRIR SPRENGIHÆTTUSTAÐI SJÁLFTRYGG ÚTFÆRSLA „i" RAFKERFI MEÐ SJÁLFTRYGGRI ÚTFÆRSLU

Athugasemd: Í námum þar sem getur myndast eldfimt gas er í Sambandslýðveldinu Þýskalandi notað orðið „Anlage" í stað „System".

1. Umfang.

1.1. Þessi viðauki inniheldur sérkröfur um uppbyggingu og prófun rafkerfa með sjálftryggri útfærslu, þegar allt kerfið eða hlutar þess eru ætlaðir til uppsetningar á sprengihættustöðum í námum þar sem myndast getur eldfimt gas sem tryggja skulu að slík rafkerfi valdi ekki sprengingu í umhverfi sínu.

1.2. Með þessum viðauka er bætt við Evrópustaðal EN 50 020 „Sjálftrygg útfærsla „i" (fyrsta útgáfa, mars 1977) þeim kröfum sem eiga við uppbyggingu og prófun raffanga með sjálftryggri útfærslu og tengdra raffanga.

1.3. Þessi viðauki kemur ekki í stað uppsetningarreglna fyrir rafföng með sjálftryggri útfærslu, rafföng tengd þeim og rafkerfi með sjálftryggri útfærslu.

2. Skilgreiningar.

2.1. Eftirfarandi skilgreiningar sem sérstaklega eiga við rafkerfi með sjálftryggri útfærslu gilda í þessum viðauka. Þau eru viðbót við þær skilgreiningar sem eru í Evrópustaðli EN 50 014 „Almennar kröfur" og EN 50 020 „Sjálftrygg útfærsla „i".

2.2. *Rafkerfi með sjálftryggri útfærslu.*

Samstæða einstakra raffanga sem skilgreind er í skjalfestri kerfislýsingu þar sem tengirásir eða hlutar þeirra sem ætlaðir eru til notkunar á sprengihættustöðum eru rásir með sjálftryggri útfærslu og uppfylla kröfur þessa viðauka.

2.3. *Vottað rafkerfi með sjálftryggri útfærslu.*

Rafkerfi samkvæmt 2.2 sem prófunarstöðin hefur gefið út kerfisvottorð um og vottað að umrædd gerð rafkerfis sé í samræmi við þennan viðauka.

Athugasemd 1: Ekki er nauðsynlegt að einstök rafföng í rafkerfi með sjálftryggri útfærslu séu vottuð sérstaklega en þau þurfa að vera auðþekkjanleg.

Athugasemd 2: Að svo miklu leyti sem reglugerðir viðkomandi lands um uppsetningu gera það mögulegt má setja upp án frekari vottorða rafkerfi sem eru í samræmi við 2.2, ef vitneskja um rafrænar kennistærðir hluta í vottuðum rafföngum með sjálftryggri útfærslu, vottuðum rafföngum tengdum þeim, rafföngum sem ekki eru vottuð en í samræmi við 1.3 í Evrópustaðli EN 50 014 „Almennar kröfur" og vitneskja um rafræna og eðlisfræðilega eiginleika íhlutanna og tengitauganna leyfir að dregin sé sú ótvíræða ályktun að sjálftrygg útfærsla sé fyrir hendi.

2.4. *Aukahlutir.*

Rafföng sem eingöngu hafa íhluti til að tengja eða tengja og rjúfa rásir með sjálftryggri útfærslu og sem ekki hafa áhrif á sjálftrygga útfærslu kerfisins, svo sem tengidósir, greinikassar, klær og tenglar og líkir hlutir, rofar o.s.frv.

3. Flokkun rafkerfa með sjálftryggri útfærslu.

3.1. Rafkerfi með sjálftryggri útfærslu eða hluta þeirra skal flokka í annan af tveimur flokkum: „ia“ eða „ib“. Kröfur í þessum viðauka eiga við báða flokkana nema annað sé tekið fram.

Athugasemd: Rafkerfi með sjálftryggri útfærslu eða hlutar þeirra kunna að vera í öðrum flokkum en þau raföng með sjálftryggri útfærslu og raföng tengd þeim sem eru í kerfinu eða hlutum þess. Einnig geta mismunandi hlutar rafkerfis með sjálftryggri útfærslu verið í mismunandi flokkum.

3.2. *Flokkur „ia“.*

Rafkerfi með sjálftryggri útfærslu eða hlutar þeirra eru í flokki „ia“ ef þau samræmast kröfum um raföng með sjálftryggri útfærslu í flokki „ia“ (sjá 4.1 í Evrópustaðli EN 50 020 „Sjálftrygg útfærsla“), nema að líta ber á rafkerfi með sjálftryggri útfærslu í heild sem eitt einstakt raffang.

3.3. *Flokkur „ib“.*

Rafkerfi með sjálftryggri útfærslu eða hlutar þeirra eru í flokki „ib“ ef þau samræmast kröfum um raföng með sjálftryggri útfærslu í flokki „ib“ (sjá 4.1 í Evrópustaðli EN 50 020 „Sjálftrygg útfærsla“), nema að líta ber á rafkerfi með sjálftryggri útfærslu í heild sem eitt einstakt raffang.

4. Tengitaugar í rafkerfi með sjálftryggri útfærslu.

4.1. Rafrænar stærðir og alla eiginleika tengitauga sem ætlaðar eru fyrir rafkerfi með sjálftryggri útfærslu skal, að svo miklu leyti sem sjálftrygg útfærsla er háð þeim, tilgreina í vottunarskjölum fyrir umrætt rafkerfi.

4.2. Ef fjölþættur strengur inniheldur tengingar sem eru hluti af fleiri en einu kerfi með sjálftryggri útfærslu skal strengurinn fullnægja eftirtöldum kröfum:

4.2.1. Geislalæg þykkt einangrunar skal hæfa þvermáli leiðarans. Sé um polýeþýlen að ræða, skal geislalæg lágmarksþykkt vera 0,2 mm.

4.2.2. Áður en fjölþættur strengur er fluttur úr verksmiðju framleiðandans skal gera á honum þær einangrunarprófanir sem tilgreindar eru annaðhvort í 4.2.2.1 eða 4.2.2.2. Árangur þessara prófana skal vottaður með prófunarvottorði sem gefið er út af framleiðanda strengsins.

4.2.2.1. Áður en hann er settur í strenginn skal hver þáttur prófaður með spennu með raungildi (rms) 3 000 V + (2 000 sinnum geislalæg þykkt einangrunarinnar í mm) V. Eftir samsetningu er strengurinn:

- í fyrsta lagi prófaður með spennu með raungildi (rms) 500 V milli allra brynvarna eða hlífa strengsins rafrænt samtengdra og knippis allra kjarna strengsins rafrænt samtengdra,

- í öðru lagi prófaður með spennu að raungildi (rms) 1 000 V milli knippis af öðrum helmingi kjarna strengsins og knippis af hinum helmingi þeirra.

4.2.2.2. Eða strengurinn er eftir samsetningu:

- í fyrsta lagi prófaður með spennu að raungildi (rms) 1 000 V milli allra brynvarna eða hlífa strengsins rafrænt tengdra og knippis af öllum kjörnum strengsins rafrænt tengdum og,

- í öðru lagi prófaður með spennu að raungildi 2 000 V milli hvers kjarna strengsins fyrir sig og knippis af öllum hinum kjörnunum rafrænt tengdum.

4.2.3. Prófanirnar sem mælt er fyrir um í 4.2.2 skal gera með riðspennu sem einkanlega hefur sínuslaga bylgjuform og tíðni milli 48 Hz og 62 Hz og tekin er frá spenni sem hefur viðeigandi afl þegar tekið er tillit til rýmdar strengsins. Þegar gerðar eru einangrunarprófanir á samsettum strengjum skal auka spennuna stöðugt upp að hinu tiltekna gildi á ekki skemmri tíma en 10 sek. og halda henni síðan í minnst 60 sek.

Framleiðandi strengsins gerir prófanirnar.

4.3. Ekki skal taka tillit til neinna bilana milli kjarna í fjölþættum streng ef annarri af tveim eftirtöldum kröfum er fullnægt:

4.3.1. Strengurinn er í samræmi við 4.2 og hver einstök rás með sjálftryggri útfærslu er umlukt leiðandi hlíf sem hylur minnst 60% hennar.

Athugasemd: Ef tengja á hlífina við jörð eða umlykju er það tekið fram í reglum um uppsetningu.

4.3.2. Strengurinn er, í samræmi við 4.2, vel varinn gegn skemmdum og hver rás með sjálftryggri útfærslu innan strengsins hefur, við eðlilega notkun, toppspennu sem er 60 volt eða lægri.

4.4. Þegar fjölþættur strengur er í samræmi við 4.2 en ekki 4.3 og í honum eru aðeins rásir með sjálftryggri útfærslu sem eru hlutar af einu sjálftryggu rafkerfi, skal taka tillit til bilana milli allt að fjögurra kjarna í strengnum auk þess að beita annaðhvort 3.2 eða 3.3.

4.5. Þegar fjölþættur strengur er í samræmi við 4.2 en ekki 4.3 og í honum eru rásir með sjálftryggri útfærslu sem eru hlutar af mismunandi sjálftryggum rafkerfum, skal hver rás með sjálftryggri útfærslu í strengnum hafa öryggisstuðul sem er minnst fjórum sinnum hærri en það sem krafist er í 3.2 eða 3.3.

4.6. Þegar fjölþættur strengur er ekki í samræmi við 4.2 og 4.3 skal taka tillit til allra bilana milli kjarna í strengnum til viðbótar því að beita 3.2 eða 3.3.

4.7. Í vottunarskjölum fyrir rafkerfi með sjálftryggri útfærslu skal tilgreina notkunarskilyrði sem leiða af því að liðum 4.3 til 4.6. er beitt.

5. Aukahlutir notaðir í rafkerfum með sjálftryggri útfærslu.

Þeir aukahlutir sem taldir eru upp í vottunarskjölunum sem hlutar af rafkerfum með sjálftryggri útfærslu skulu vera í samræmi við:

- atriði 6 og 7 í Evrópustaðli EN 50 014 „Almennar kröfur“,

- atriði 5 og 10.3 í Evrópustaðli EN 50 020 „Sjálftrygg útfærsla „i“.

Þeir skulu að minnsta kosti vera merktir með nafni framleiðanda eða skráðu vörumerki hans.

Athugasemd: Notkun óskráðra aukahluta er háð reglum um uppsetningu.

6. Gerðarprófanir.

Rafkerfi með sjálftryggri útfærslu skulu gerðarprófuð í samræmi við gerðarprófunarkröfur í atriði 9 í Evrópustaðli EN 50 020 „Sjálftrygg útfærsla „i“ en taka skal tillit til atriðis 4 í þessum viðauka.


7. Merking rafkerfa með sjálftryggri útfærslu.

Handhafi vottorðs um vottað rafkerfi með sjálftryggri útfærslu skal setja merki um það á minnst eitt af þeim rafföngum sem komið er fyrir á mikilvægum stöðum. Merkingin skal innihalda lágmarksmerkingu samkvæmt 26.5 í Evrópustaðli EN 50 014 „Almennar kröfur“og bókstafina „SYST“.

VIÐAUKI III.

RAFFÖNG TIL NOTKUNAR Á SPRENGIHÆTTUSTÖÐUM.


1. EINKENNISMERKI EVRÓPUBANDALAGSINS SEM GILDIR Á HINU EVRÓPSKA EFNAHAGSSVÆÐI




2. MERKING RAFFANGA Í HÓPI I SEM HAFA SKOÐUNARVOTTORÐ

Ef raffang í hópi I, af gerð sem ekki er í samræmi við samhæfðu staðlana, hefur fengið skoðunarvottorð, eins og gert er ráð fyrir í 5. gr., skal bæta við einkennismerki að minnsta kosti því sem hér fer á eftir:

1. Merkið „S“ sem táknar að raffangið henti fyrir gasmengaðar námur og hafi skoðunarvottorð. Merkið skal koma strax aftan við einkennismerkið eins og sýnt er hér að neðan.
2. Síðustu tvær tölurnar í útgáfuári skoðunarvottorðsins.
3. Raðnúmer skoðunarvottorðsins fyrir það ár.
4. Nafn eða merki aðilans sem samþykktur hefur verið til að gefa út vottorðin.
5. Nafn framleiðandans eða skráð vörumerki hans.
6. Gerðarauðkenni framleiðandans.
7. Raðnúmer framleiðandans.
8. Telji prófunarstofan nauðsynlegt að setja sérstök skilyrði fyrir öruggri notkun skal setja merkið „χ“ á eftir tilvísuninni til skoðunarvottorðsins.
9. Allar merkingar sem krafist er í byggingarstöðlum fyrir raffangið.
10. Allar viðbótarmerkingar sem aðilinn sem samþykktur hefur verið til að gefa út vottorðin telur nauðsynlegar.



VIÐAUKI IV.



Svæði fyrir nafn og póstfang, síma- og fjarrita- eða myndritanúmer þess aðila sem samþykktur er til að gefa út vottorðin.

RAFFÖNG EÐA RAFKERFI FYRIR NÁMUR ÞAR SEM ELDFIMT GAS GETUR MYNDAST

1. **SAMRÆMISVOTTORÐ.**

2. Nafn eða merki aðilans sem samþykktur er til að gefa út vottorðin - tveir síðustu tölustafir í ártalinu þegar vottorðið er gefið út - raðnúmer vottorðsins - ef við á merkið „X".

3. Þetta vottorð er gefið út fyrir eftirtalið:
   - auðkenni hins vottaða raffangs eða rafkerfis,
   - vottuð gerð/vottaðar gerðir.

4. a) Framleitt af: nafn og póstfang framleiðanda.

   b) Lagt fram til vottunar af: nafn og póstfang umsækjanda.

5. Raffangið eða rafkerfið og öll leyfileg afbrigði þess eru tilgreind í viðauka við þetta vottorð og lýst í skjölum sem þar er vísað til.

6. Nafn eða merki, aðili samþykktur í samræmi við 10. gr. reglugerðar þessarar:

   - vottar að þetta raffang hefur reynst vera í samræmi við eftirtalda samhæfða evrópska staðla:

     (Teljið upp alla evrópska staðla sem um er að ræða og útgáfuár þeirra og þá landsstaðla sem um er að ræða. Nefnið, ef við á, þann viðauka sem um er að ræða í tilskipun ráðsins sem áður er nefnd.)

     og hefur staðist gerðarstaðfestingu og prófunarkröfur þessara staðla.

   - vottar að um þessar staðfestingar og prófanir hefur verið gerð prófunarskýrsla sem er trúnaðarmál.

     (Gefið upp númer prófunarskýrslu ef við á.)

7. Kóði raffangsins er: EEx, merki fyrir gerð(ir) varna(r) I.

8. Þetta vottorð má aðeins afrita í heild sinni og óbreytt.

   Síða. /.....

   Talan vinstra megin við skástrikið táknar blaðsíðunúmerið, talan hægra megin táknar fjölda blaðsíðna í vottorðinu að viðauka meðtöldum.

9. Samræmisvottorð - endurtakið atriði 2 hér að ofan.

10. Með því að merkja þau rafföng er hann lætur í té vottar framleiðandinn á eigin ábyrgð að þau séu í samræmi við þá skriflegu lýsingu sem getið er í viðaukanum við þetta vottorð og hafi staðist venjulegar staðfestingar og prófanir sem krafist er í samræmdu evrópsku stöðlunum sem getið er um í atriði 6 hér að ofan.

11. Heimilt er að þau rafföng sem látin eru í té beri einkennismerki bandalagsins sem skilgreint er í viðauka III við þessa reglugerð. Þetta merki er sýnt á fyrstu blaðsíðu þessa vottorðs; það skal sett á rafföngin þannig að það sé sýnilegt, læsilegt og þolið.

12. Sé merkið „χ" sett á eftir númeri vottorðsins gefur það til kynna að um raffangið gildi þau sérstöku skilyrði fyrir öruggri notkun sem tilgreind eru í viðauka við þetta vottorð.

13. Staður og dagsetning (ár, mánuður og dagur) útgáfu vottorðsins.

14. Forstöðumaður vottunaraðila (undirskrift).

Viðbætir við viðauka IV.

A1. - Auðkenni hinna vottuðu raffanga eða rafkerfa.
- Vottuð(vottaðar) gerð(gerðir).

A2. **Lýsing vottaðra raffanga eða rafkerfa.**

.....
.....

A3. **Skjalfest lýsing.**

.....
.....

A4. **Sérstakar kennistærðir fyrir gerð(ir) varna(r) sem um er að ræða (1).**

.....
.....

A5. **Merking hinna vottuðu raffanga.**

Merkingin skal vera sýnileg, læsileg og þolin; á henni skal koma fram eftirtalið:

1. Vísun til 26 í Evrópustaðli EN 50 014 „Almennar kröfur" og, ef við á, hinna sérstöku Evrópustaðla fyrir þá varnargerð sem um er að ræða. Ef vottorðið nær yfir meira en eina vottaða gerð skal hver gerð tiltekin að fullu. Milli gerða í upptalningu skal skjóta inn „eða".

2. Sú merking sem venjulega er krafist í byggingastöðlum fyrir það raffang sem um er að ræða.

Vísun til 26.2.11 í Evrópustaðli EN 50 014 „Almennar kröfur".

A6. **Almennar staðfestingar og prófanir.**

Gefið til kynna hvaða staðfestingar og prófanir skal gera á hverju raffangi fyrir afhendingu samkvæmt kröfum Evrópustaðals EN 50 014 „Almennar kröfur" og hinna sérstöku Evrópustaðla fyrir þá gerð varnar sem um er að ræða. Vísað skal til þessara krafna.

Ef þetta á ekki við, ritið „Engar".

A7. **Sérstök skilyrði fyrir öruggri notkun**

Gefið skilyrðin til kynna ef merkið „χ“ er sett á eftir númeri vottorðsins. Ef það á ekki við, ritið „Engin“.

REGLUGERÐ

um gildistöku tilskipunar Evrópubandalagsins um rafmagnslækningatæki fyrir menn og dýr.

1. gr.

Ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sem vísað er til í 5. tölul. X. kafla II viðauka, skulu öðlast gildi með breytingum og viðbótum sem leiðir af II. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans.

2. gr.

Eftirfarandi EB gerð öðlast því gildi hér á landi, sbr. 1. gr.:

Tilskipun ráðsins 84/539/EBE frá 17. september 1984 um samræmingu laga aðildarríkjanna um rafmagnslækningatæki fyrir menn og dýr.

3. gr.

EB-gerðin sem vísað er til í 1. og 2. gr., er birt í sérriti, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 31/1993.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 60/1979 um Rafmagnseftirlit ríkisins, öðlast þegar gildi.

Iðnaðarráðuneytið, 28. febrúar 1994.

F. h. r.
Þorkell Helgason.

Sveinn Þorgrímsson.

REGLUGERÐ

um rafsegulsviðssamhæfi.

1. gr.

Gildissvið.

1.1 Reglugerð þessi á við rafföng sem valdið geta rafsegultruflunum eða skil þeirra orðið fyrir áhrifum af slíkum truflunum. Í henni eru skilgreindar varnarkröfur og eftirlitsaðferðir sem tengjast þeim.

1.2 Ef varnarkröfur, tilgreindar í þessari reglugerð, eru samhæfðar með sérstökum reglugerðum hvað snertir ákveðin rafföng gildir hún ekki eða hættir að gilda varðandi þessi rafföng þegar hinar sérstöku reglugerðir taka gildi.

1.3 Þráðlaus fjarskiptatæki notuð, af áhugamönnum um þráðlaus fjarskipti (radíóamatörum) í skilningi 1. gr. skilgreiningar 53 í fjarskiptareglugerð sáttmála Alþjóðafjarskiptasambandsins, skulu ekki heyra undir þessa reglugerð nema tækin séu fáanleg á almennum markaði.

2.gr.

Skilgreiningar.

Í reglugerð þessari hafa eftirfarandi orð merkingu sem hér segir:

Ábyrgðaraðili: Sá aðili sem ber ábyrgð á markaðssetningu raffangs hér á landi. Ábyrgðaraðili getur verið framleiðandi eða innflytjandi. Á ábyrgðaraðila hvíla ákveðnar skyldur umfram aðra seljendur.

Gerðarprófunarvottorð: Skjal þar sem tilnefndur aðili, sem getið er um í 8. gr., vottar að sú gerð tækis sem athuguð hefur verið, sé í samræmi við þau ákvæði þessarar reglugerðar sem hana varða.

Ónæmi: Hæfni búnaðar, tækiseiningar eða kerfis til að starfa með óskertum gæðum þrátt fyrir rafsegultruflun.

Raffang: Öll rafmagns- og rafeindatæki ásamt búnaði og lögnum sem innihalda rafmagns- og/eða rafeindaíhluti.

Rafsegulsviðssamhæfi: Hæfni búnaðar, tækiseiningar eða kerfis til að starfa með fullnægjandi hætti í rafsegulumhverfi sínu án þess að valda rafsegultruflunum til baga fyrir annað í því umhverfi.

Rafsegultruflun: Hvert það rafsegulfyrirbæri sem skert getur skil búnaðar, tækiseiningar eða kerfis. Rafsegultruflun getur verið rafsegulsuð, óæskilegt merki eða breyting í sjálfu útbreiðsluumhverfinu.

Samhæfðir staðlar: Staðlar sem samdir hafa verið með hliðsjón af grunnkröfum og samþykktir eru af Staðlasamtökum Evrópu (CEN) eða Rafstaðlasamtökum Evrópu (CENELEC), í umboði EB og EFTA.

Tilnefndur aðili: Prófunar-, vottunar- eða eftirlitsaðili sem er óháður aðilum að því er varðar viðkomandi viðfangsefni og stjórnvöld hafa tilnefnt til að annast samræmismat.

3. gr.

Markaðssetning.

3.1 Aðeins er heimilt að markaðssetja og taka í notkun rafföng, eins og þau eru skilgreind í reglugerð þessari, að þau samræmist kröfum reglugerðarinnar, séu rétt sett upp og við haldið og notuð í tilætluðum tilgangi.

3.2 Ekki má hindra, vegna ástæðna sem tengjast rafsegulsviðssamhæfi, að rafföng, sem falla undir þessa reglugerð og fullnægja kröfum hennar, séu sett á markað og tekin í notkun.

3.3 Stjórnvöld annast opinbera markaðsgæslu með þeim rafföngum sem undir reglugerð þessa falla. Ábyrgðaraðila er skylt að halda skrá yfir allar vörur, sem hann hefur á boðstólum, og hafa tiltæk afrit af vottorðum eða yfirlýsingum um samræmi eða varnarkröfur, sbr. 6. gr.

3.4 Hafi verið gengið úr skugga um að raffang, sem eitt af þeim staðfestingarskjölum sem kveðið er á um í 6. gr. fylgir, samræmist ekki varnarkröfunum sem um getur í 4. gr., skal gera allar viðeigandi ráðstafanir til að taka það af markaði, banna að það sé sett á markað eða takmarka frjálsan flutning þess. Komi til slíkra ráðstafana skal útgefanda viðkomandi staðfestingarskjals tilkynnt um það og öðrum viðeigandi ráðstöfunum fylgt.

Stjórnvöld skulu þegar í stað upplýsa eftirlitsstofnun EFTA um allar slíkar ráðstafanir, ásamt rökstuðningi og útskýringum.

4. gr.

Varnarkröfur.

4.1 Rafföngin skulu þannig byggð að:

1) þær rafsegultruflanir, sem þau valda, séu ekki meiri en svo að útvarps- og fjarskiptatæki og önnur tæki geti starfað eins, og til er ætlast, og
2) raffangið hafi nægilegt sjálftryggt ónæmi fyrir rafsegultruflunum til að það geti starfað eins og til er ætlast.

Helstu varnarkröfurnar eru tilgreindar í viðauka III.

4.2 Ákvæði 1. mgr. 4. gr. teljast uppfyllt þegar um er að ræða rafföng sem eru í samræmi við:

1) viðeigandi staðla sem yfirfærðir hafa verið frá samhæfðum stöðlum, eða
2) viðeigandi landsstaðla séu engir samhæfðir staðlar til fyrir þau svæði þar sem þessir staðlar gilda.

4.3 Hafi framleiðandi ekki beitt eða aðeins beitt að hluta, þeim stöðlum, sem vísað er til í 2. mgr. 4. gr., eða séu engir slíkir staðlar til skal litið svo á að raffang uppfylli varnarkröfur hafi það verið staðfest á þann hátt sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 6. gr.

4.4 Leiki vafi á, að þeir staðlar sem vísað er til í 2. mgr. 4. gr. uppfylli að öllu leyti þær kröfur sem um getur í 1. mgr. 4. gr. skal leggja málið fyrir fastanefnd á vegum EB til úrskurðar.

5. gr.

Sérstakar ráðstafanir.

5.1 Kröfur þessarar reglugerðar skulu ekki hindra að beitt sé eftirfarandi sérstökum ráðstöfunum:

1) ráðstöfunum, gerðum fyrir tiltekinn stað til að taka í þjónustu og notkun rafföng til að leysa vanda á sviði rafsegulsviðssamhæfi, sem fyrir hendi er eða búist er við, eða
2) ráðstöfunum til að setja upp rafföng sem fengin eru til að verja almenna fjarskiptakerfið eða sendi- eða viðtökustöðvar, notaðar í öryggisskyni.

5.2 Stjórnvöld skulu upplýsa eftirlitsstofnun EFTA og hin aðildarríki hins Evrópska efnahagssvæðis um þær sérstöku ráðstafanir sem gerðar hafa verið samkvæmt 1. mgr. 5. gr.

5.3 Sérstakar ráðstafanir sem hafa verið viðurkenndar sem réttmætar skulu auglýstar í EES-deild Stjórnartíðinda EB.

6. gr.

Samræmisvottorð.

6.1 Þegar um er að ræða raffang þar sem framleiðandinn hefur beitt stöðlunum sem um getur í 2. mgr. 4. gr. skal samræmi raffangsins vottað með samræmisvottorði sem ábyrgðarmaður með staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu gefur út. Yfirlýsingin skal vera tiltæk fyrir bær yfirvöld í tíu ár frá því að raffangið er sett á markað.

Ábyrgðaraðili með staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu skal einnig setja CE-merkið á raffangið eða á umbúðir, notkunarreglur eða ábyrgðarskírteini.

Ákvæði um CE-samræmisvottorðið og CE-merkið eru í viðauka I.

6.2 Þegar um er að ræða raffang þar sem framleiðandinn hefur ekki beitt eða aðeins beitt að hluta stöðlunum sem um getur í 2. mgr. 4. gr. eða ef slíkir staðlar eru ekki til skal ábyrgðaraðili með staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu hafa skrá tæknilegra upplýsinga um uppbyggingu raffangsins tiltæka fyrir bær yfirvöld um leið og það er sett á markað. Í þessari skrá skal raffanginu lýst, tilteknar þær aðferðir sem notaðar hafa verið til að tryggja að það samræmist þeim varnarkröfum sem getið er í 1. mgr. 4. gr. og í henni skal vera tæknileg skýrsla eða vottorð, annað tveggja fengið frá bærum aðila.

Skráin skal geymd tiltæk fyrir bær yfirvöld í tíu ár eftir að raffangið er sett á markað.

Samræmi raffangsins við það sem lýst er í tæknilegu skránni, sem getið er að framan, skal staðfest samkvæmt þeirri málsmeðferð sem lýst er í 1. mgr. 6. gr., enda uppfylli rafföngin varnarkröfur sem getið er í 4. gr.

7. gr.

Tæki fyrir þráðlaus fjarskipti.

Samræmi tækis, sem ætlað er til sendingar fyrir þráðlaus fjarskipti eins og þau eru skilgreind í sáttmála Alþjóðafjarskiptasambandsins, við ákvæði þessarar reglugerðar skal vottað samkvæmt þeirri málsmeðferð sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 6. gr. þegar ábyrgðaraðili hefur fengið CE-gerðarprófunarvottorð fyrir umrætt tæki gefið út af samþykktri prófunarstofu eða tilnefndum aðila, sbr. 8. gr.

Þetta ákvæði gildir ekki um áðurgreind tæki þegar þau eru hönnuð og ætluð eingöngu fyrir áhugamenn um þráðlaus fjarskipti í skilningi 3. mgr. 1. gr.

8. gr.

Tilnefndir aðilar.

Iðnaðarráðuneytið tilnefnir aðila til að annast samræmisyfirlýsingu hér á landi, skv. reglugerð þessari og tilkynnir þá eftirlitsstofnun EFTA og hinum aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins. Mat á tilnefndum aðila skal fara fram í samræmi við ákvæði 11. gr. laga nr. 100/1992, um vog, mál og faggildingu og skal Löggildingarstofan tilkynna ráðuneytinu niðurstöður þess mats. Tilnefndir aðilar skulu uppfylla ákvæði viðauka II eins og ráðuneytið kveður nánar á um. Uppfylli aðilar þau matsviðmið faggildingar sem sett eru í viðeigandi samhæfðum stöðlum (ÍST EN 45000) skal litið svo á að þeir uppfylli einnig kröfur sem gerðar eru til tilnefnds aðila.

Ef tilnefndur aðili uppfyllir ekki lengur tilskilin viðmið verður heimild hans dregin til baka. Það verður þegar í stað tilkynnt eftirlitsstofnun EFTA og hinum aðildarríkjunum Evrópska efnahagssvæðisins.

9. gr.
CE - merkið.

9.1 Einungis er heimilt að markaðssetja eða taka í notkun rafföng sem falla undir reglugerð þessa beri þau CE-merkið. CE-merkið er staðfesting á að raffangið sé í samræmi við kröfur reglugerðarinnar.

9.2 Ekki er heimilt að festa á rafföng, umbúðir þeirra, leiðbeiningar um notkun eða ábyrgðarskírteini merki sem líklegt er að villi um fyrir þriðja aðila hvað, varðar þýðingu og form CE-merkisins, eða hindri að það sjáist vel eða sé vel læsilegt.

9.3 Ef rafföng lúta ákvæðum annarra reglugerða um aðra þætti þar sem einnig er kveðið á um CE-samræmismerki skal þar tilgreina að raffangið samræmist reglugerð þessari.

11. gr.
Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum um Rafmagnseftirlit ríkisins nr. 60/1979 og með hliðsjón af ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sem vísað er til í X. kafla II. viðauka, tilskipun ráðsins 89/336/EBE frá 3. maí 1989 um samræmingu laga aðildarríkja EES um rafsegulsviðssamhæfi, með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af II. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

12. gr.
Ákvæði til bráðabirgða.

Á tímabilinu fram til 31. desember 1995 er heimilt að sett séu á markað eða tekin í notkun rafföng sem getið er um í reglugerð þessari séu þau í samræmi við reglugerðir sem voru í gildi hér á landi hinn 30. júní 1992.

Iðnaðarráðuneytið, 28. febrúar 1994.

F. h. r.
Þorkell Helgason.

Sveinn Þorgrímsson.

VIÐAUKI I.

1. CE-SAMRÆMISVOTTORÐ.
CE-samræmisvottorðið verður að innihalda eftirfarandi:
   - lýsingu á tækinu sem hún á við,
   - tilvísanir til tækniforskrifta sem lýst er yfir samræmi við og, ef við á, þeirra ráðstafana sem gerðar eru í einstökum löndum til að tryggja samræmi tækjanna við ákvæði tilskipunar nr. 89/336/EBE, sem gildir á Evrópsku efnahagssvæði,
   - deili á þeim sem undirritar og hefur umboð til að skuldbinda framleiðandann eða umboðsmann hans,
   - ef við á, tilvísun til CE-gerðarprófunarvottorðsins sem gefið er út af tilkynntum aðila.

2. CE-MERKI.

- CE-merkið skal gert úr bókstöfunum CE eins og sýnt er hér að neðan og ártalinu þegar það er sett á.
- Þessu merki skulu, eftir því sem við á, fylgja þeir einkennisstafir sem notaðir eru af tilkynnta aðilanum sem gefur út CE-gerðarprófunarvottorðið.
- Þegar tækin falla undir aðrar reglugerðir sem kveða á um CE-merki skal áfest merkið einnig gefa til kynna samræmi við tilheyrandi kröfur þeirra reglugerða.

CE

VIÐAUKI II.

VIÐMIÐ FYRIR MAT Á TILNEFNDUM AÐILUM.

Aðilar þeir sem tilnefndir eru til að annast samræmismat verða að uppfylla eftirfarandi lágmarksskilyrði:

1. þeir verða að hafa starfsfólk, fjármuni og búnað eins og þörf krefur;

2. starfsfólkið verður að hafa nauðsynlega tækniþekkingu og sýna fullkominn heiðarleika í fagi sínu;

3. Stjórnendur og tæknimenn, sem sjá um prófanir, skýrslur, útgáfu vottorða og eftirlitsaðgerðir sem gert er ráð fyrir í reglugerð þessari, verða að vera óháðir öllum hagsmunahópum, flokkum eða persónum sem beint eða óbeint eiga hagsmuna að gæta á því vörusviði sem um er að ræða;

4. starfsfólkið er bundið þagnarskyldu;

5. Undirrita verður samning um ábyrgðartryggingu nema ríkið sé skaðabótaskylt samkvæmt landslögum.

Bær yfirvöld á Evrópska efnahagssvæðinu hafa reglubundið eftirlit með því að skilyrðum, tilgreindum í 1. og 2. lið, sé fullnægt.

VIÐAUKI III.

SKÝRINGALISTI YFIR HELSTU VARNARKRÖFUR.

Rafsegultruflanir frá tækjum mega ekki vera svo miklar að þær hamli einkum notkun eftirtalinna tækja:

a) útvarps- og sjónvarpstækja til heimilisnota;
b) tækja til iðnaðarframleiðslu;
c) ferðaútvarpstækja;
d) farstöðva og farsíma;
e) lækninga- og vísindatækja;
f) upplýsingatæknibúnaðar;
g) heimilistækja og rafeindabúnaðar til heimilisnota;
h) loftsiglingatækja og skipatalstöðva;
i) rafeindabúnaðar til kennslu;
j) fjarskiptaneta og tækja;
k) senda fyrir hljóðvarp og sjónvarp;
l) ljósa og flúrlampa.

Tæki, einkum þau sem nefnd eru í liðum a - l, ber að smíða þannig að þau hafi nægilegt rafsegulónæmi til að samhæfast því rafsegulumhverfi sem þeim er ætlað að vera í svo að þau geti starfað óhindrað við þær truflanir sem skapast af tækjum er samræmast stöðlunum sem tilgreindir eru í 4. gr.

Allar upplýsingar sem þörf er á til að nota tækið eins og til er ætlast, verða að vera í leiðbeiningum sem því fylgja.

STJÓRNARTÍÐINDI B 22 – 1994

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 554/1993, um virðisaukaskattsskylda sölu á vörum til manneldis o.fl. ásamt síðari breytingum.

1. gr.

Eftirfarandi efnisliður bætist við upptalningu tollskrárnúmera í 2. gr.:

2106.9041 Blöndur úr kemískum efnum og fæðu, svo sem sakkaríni og laktósa notaðar sem sætuefni.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 14. gr. og 42. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 24. mars 1994.

F. h. r.

Jón H. Steingrímsson.

Margrét Gunnlaugsdóttir.

B 35
Steindórsprent Gutenberg hf.

STJÓRNARTÍÐINDI B 23 - 1994

Nr. 148 506 14. mars 1994

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna, nr. 129 6. apríl 1992.

1. gr.

6 gr. orðist svo:

Vinningar í happdrættinu skiptast á milli tveggja raða, sbr. 5. gr., flokkaraðar og sjóðsraðar, nefnd DAS 80%.

Vinningar í flokkaröðinni skulu vera samanlagt að minnsta kosti 12.000 í tólf flokkum. Heildarverðmæti vinninga miðað við smásöluverð skal nema a.m.k. 40% af heildarsöluverði miða í öllum tólf flokkunum.

Til vinninga í sjóðsröðinni skal verja 80% af $^1/_6$ hluta af andvirði hvers selds miða í hverjum flokki. Sala í fjórum flokkum skal mynda sjóð sem varið er til vinninga sem dregið er um í 4., 8. og 12. flokki. Vinningar skulu tilgreindir, bifreiðir, íbúðir, ferðir eða húsbúnaður.

Stjórn hapdrættisins ákveður vinningaskrá fyrirfram fyrir happdrættisárið að fengnu samþykki happdrættisráðsins. Fjöldi vinninga í flokkaröðinni skal vera tilgreindur í vinningaskrá svo og verðmæti þeirra. Vinningar í sjóðsröðinni og verðmæti þeirra skulu einnig tilgreindir í vinningaskrá en fjöldi vinninga skal aðeins tilgreindur í hærri vinningaflokkum en vinningafjöldi í lægsta vinningaflokki skal ákveðinn þegar fyrir liggur sala í þeim fjóru mánuðum sem mynda sjóð hverju sinni. Það sem umfram er af sjóðsupphæð eftir að fundin hefur verið tala vinninga í lægsta vinningaflokki skal renna í næsta sjóð. Það sem umfram er við drátt í 12. flokki rennur til happdrættisins.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 16 13. apríl 1973 um happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna, sbr. lög nr. 53 23. maí 1976 og lög nr. 24 26. mars 1987 um breytingu á þeim lögum öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 14. mars 1994.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Jón Thors.

Steindórsprent Gutenberg hf.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Íslenska myndsýn.

1. gr.

Íslensk myndsýn er sjálfseignarstofnun, sem stofnuð er af ríkisstjórn Íslands, Reykjavíkurborg og ýmsum samtökum úr íslensku atvinnulífi. Heimili og varnarþing er í Reykjavík. Forseti Íslands er verndari stofnunarinnar. Á erlendu máli heitir hún Iceland Image Project.

2. gr.

Stofnendur eru: Ríkisstjórn Íslands, Reykjavíkurborg, Stéttarsamband bænda, Búnaðarfélag Íslands, Verslunarráð Íslands og Samtök iðnaðarins.

3. gr.

Hlutverk stofnunarinnar er að efla, varðveita og kynna ímynd Íslands, sem land óspilltrar, hreinnar og ómengaðrar náttúru í vitund umheimsins. Markmiðum sínum hyggst stofnunin ná m.a. með því að standa fyrir alþjóðlegri ljósmyndahátíð annað hvert ár á Íslandi, ljósmyndanámskeiðum og ljósmyndasýningum og annast útgáfu og sölu á hvers konar efni í tengslum við þessi verkefni.

4. gr.

Stofnframlag nemur kr. 5.000.000,00 – fimmmilljónum króna – og eru það samanlögð framlög stofnenda, þar af er stofnfé kr. 500.000,00 sem eigi má skerða. Tekjur stofnunarinnar skulu vera framlög íslenskra og erlendra aðila, frá ljósmyndasýningum, ljósmyndanámskeiðum og sölu á vörum, sem til verða við rekstur hennar. Stofnfé og tekjum skal varið til þess að ná fram tilgangi stofnunarinnar.

5. gr.

Fulltrúaráð skal fara með æðstu stjórn stofnunarinnar. Hver stofnaðili skal tilnefna tvo aðila til setu í fulltrúaráðinu til tveggja ára í senn. Hlutverk fulltrúaráðsins er að sjá til þess, að rekstur stofnunarinnar sé í samræmi við skipulagsskrá hennar auk þess að taka ákvarðanir um hvernig tilgangi hennar verði sem best náð. Fulltrúaráðið skal á fyrsta fundi sínum kjósa sér formann. Fulltrúaráðið kýs einnig 5 manna framkvæmdaráð, sem í eiga sæti a.m.k. þrír aðilar úr fulltrúaráðinu, og eru þeir einnig kosnir til tveggja ára. Hlutverk framkvæmdaráðsins er að koma með tillögur til fulltrúaráðsins um rekstur stofnunarinnar og að vinna úr þeim ákvörðunum, sem teknar eru af fulltrúaráðinu. Fulltrúaráðið skal koma saman a.m.k. tvisvar á ári. Skal það halda gerðarbók um ákvarðanir sínar.

6. gr.

Framkvæmdaráðið ber ábyrgð á öllum daglegum rekstri stofnunarinnar. Reikningar hennar skulu uppfylla lagaskilyrði um reikningshald og vera endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda. Framkvæmdaráðið skal senda ríkisendurskoðun eigi síðar en 30. júní hvert ár, reikninga stofnunarinnar fyrir næstliðið ár ásamt skýrslu um hvernig fé stofnunarinnar hefur verið ráðstafað á því ári.

7. gr.

Seta í fulltrúaráði eða framkvæmdaráði skal vera launalaus. Fulltrúaráðinu er heimilt að ráða framkvæmdastjóra, sem skal annast allan daglegan rekstur stofnunarinnar.

8. gr.

Skipulagsskrá þessari verður ekki breytt nema með samþykki $^4/_5$ atkvæða allra fulltrúaráðsmanna og þarf sú breyting að hljóta staðfestingu hjá dómsmálaráðherra.

9. gr.

Til þess að stofnunin verði lögð niður þarf samþykki $^4/_5$ atkvæða allra fulltrúaráðsmanna og skulu eignir hennar þá renna til landkynningar og náttúruverndar.

10. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari og skal hún geymd í dómsmálaráðuneytinu í staðfestu eintaki.

11. gr.

Skipulagsskrá þannig samþykkt á stofnfundi Íslenskrar myndsýnar, sem haldinn var í Reykjavík, 14. janúar 1994.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 4. mars 1994.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Jón Thors.

Nr. 150 15. mars 1994

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um gatnagerðargjöld í Keflavík nr. 97/1987.

1. gr.

4. gr. reglugerðarinnar hljóði svo:

Gatnagerðargjald skal áætla þegar lóðarúthlutun fer fram og skal einstaklingur greiða 30% af því innan mánaðar en fyrirtæki 15%, ella fellur úthlutun sjálfkrafa úr gildi. Eftirstöðvar falla í gjalddaga þegar byggingarnefndarteikningar eru samþykktar í bæjarstjórn Keflavíkur og eindagi er 10 almanaksdögum síðar. Heimilt er að lána eftirstöðvar gatnagerðargjaldsins í allt að fjögur ár og skal þá tekið veð í byggingarframkvæmdum. Ef staðgreitt er fyrir eindaga er veittur 5% afsláttur. Lántakandi greiðir allan kostnað vegna útgáfu lánsbréfa þ.m.t. afföll. Þegar byggt er á eignarlóð eða eldra hús stækkað skal greiða allt gjaldið við útgáfu byggingarleyfis.

2. gr.

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Keflavíkur staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1974 um gatnagerðargjöld til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 15. mars 1994.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Sesselja Árnadóttir.

SAMÞYKKT

um forkaupsrétt Hafnarfjarðar að lóðum og öðrum fasteignum innan kaupstaðarins.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkir með heimild í 26. gr. skipulagslaga nr. 19/1964 að áskilja sér forkaupsrétt að öllum lóðum og fasteignum í Hafnarfirði, vestan Krýsuvíkurvegar, er lagðar voru undir lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðar með lögum nr. 46/1964 og lóðum og fasteignum þeim í landi Setbergs, sem lagðar voru undir lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðar með lögum nr. 34/1978.

Nánar tiltekið eru eignir þessar m.a.:

Lóðir – mannvirki:

Lónakot (þjóðskrárnr.: 9999-4000)

Óttarsstaðir, þar með talið gamla býlið Óttarsstaðir II, Óttarsstaðagerði, Glaumbær og aðrar eignir á jörðinni.

Þjóðskrárnr.:		
9998-5000		9999-5000
9998-5100		9999-5100
9998-5200	Glaumbær	9999-5120
9998-5300		9999-5130
9998-5500		9999-5140
9998-5600		9999-5150
9998-5700		9999-5160
9998-5800	Óttarsstaðagerði	

Þýskabúð (þjóðskrárnr.: 9998-6800)

Land Skógræktar ríkisins og Landgræðslusjóðs (þjóðskrárnr.: 6950-9700 6950-9810)

Landspildur Ísl. álfélagsins hf. (þjóðskrárnr.: 6950-9800 9998-1800 Gerði)

Sá hluti jarðarinnar *Setbergs* sem er í lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðar.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi og gildir í 5 ár frá dagsetningu hennar að telja og birtist hún hér með til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Umhverfisráðuneytið, 14. mars 1994.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Hrafn Hallgrímsson.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Menningarsjóð Sparisjóðs Vestur-Húnavatnssýslu, Hvammstanga.

1. gr.
Sjóðurinn heitir Menningarsjóður Sparisjóðs Vestur-Húnavatnssýslu.

2. gr.
Stofnfé sjóðsins er kr. 500.000,00 – fimm hundruð þúsund krónur.

3. gr.
Markmið sjóðsins er að styrkja hvers konar menningarstarfsemi á aðalviðskiptasvæði Sparisjóðs Vestur-Húnavatnssýslu.

4. gr.
Með stjórn sjóðsins fara sömu menn og sitja í stjórn sparisjóðsins.

5. gr.
Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Ársreikningur sjóðsins skal endurskoðaður af skoðunarmönnum sparisjóðsins og birtur með ársreikningi hans.

6. gr.
Tekjur sjóðsins eru framlög frá Sparisjóði Vestur-Húnavatnssýslu, sem stjórn sparisjóðsins ákveður hverju sinni, önnur framlög sem berast kunna sjóðnum og vaxtatekjur.

7. gr.
Stjórnin ráðstafar fé sjóðsins og ákveður úthlutun eftir eigin frumkvæði eða samkvæmt umsóknum. Stofnfé sjóðsins má ekki skerða.

8. gr.
Eingöngu aðalfundur Sparisjóðs Vestur-Húnavatnssýslu getur tekið ákvörðun um breytingar á skipulagsskrá þessari eða lagt sjóðinn niður. Verði sjóðurinn lagður niður ráðstafar aðalfundurinn eignum hans.

Þannig samþykkt á aðalfundi Sparisjóðs Vestur-Húnavatnssýslu 30. apríl 1993.

Skipulagskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 10. mars 1994.

F. h. r.
Jón Thors.

Margrét Hauksdóttir.

REGLUGERÐ

um viðurkenningu flokkunarfélaga vegna eftirlits með skipum.

1.gr.

Samgönguráðherra viðurkennir flokkunarfélög samkvæmt reglugerð þessari.

Flokkunarfélag, sem hlýtur viðurkenningu ráðherra skal fullnægja eftirtöldum skilyrðum:

1. Hafa skrifstofu á Íslandi.
2. Hafa minnst einn skoðunarmann, sem starfar fyrir félagið og hefur fast aðsetur á Íslandi.
3. Vera fullgildur aðili í alþjóðasamtökum flokkunarfélaga (IACS).
4. Fullnægja skilyrðum ályktunar Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar um kröfur til flokkunarfélaga nr. A.739(18), sem samþykkt var 4. nóvember 1993.

2. gr.

Samgönguráðherra getur veitt viðurkenndu flokkunarfélagi umboð til að annast eftirlit og útgáfu skírteina skipa í samræmi við lög um eftirlit með skipum, nr. 35/1993, og alþjóðasamþykktir, sem Ísland hefur fullgilt.

Til staðfestingar slíku umboði skal þar til gerður samningur undirritaður milli ráðherra og flokkunarfélags.

3. gr.

Flokkunarfélagi er skylt að láta Siglingamálastofnun ríkisins í té allar nauðsynlegar upplýsingar er varða eftirlit stofnunarinnar með flokkunarfélögum í samræmi við ákvæði samnings milli ráðherra og flokkunarfélags samkvæmt 2. gr. reglugerðar þessarar.

4. gr.

Samgönguráðherra getur af gefnu tilefni fellt úr gildi viðurkenningu flokkunarfélags. Afturköllun viðurkenningar skal rökstudd.

5. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt lögum um eftirlit með skipum nr. 35/1993 öðlast gildi 1. júlí 1994.

Samgönguráðuneytið, 3. mars 1994.

Halldór Blöndal.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

REGLUGERÐ

um (17.) breytingu á reglugerð um gerð lyfseðla og ávísun lyfja, afgreiðslu þeirra og merkingu nr. 421/1988.

1. gr.

Við c-staflið 29. gr. (þ.e. lyf, sem tannlæknum er heimilt að ávísa sjúklingum sínum) bætist:

A 07 A A 02	Nystatinum
D 01 A A 02	Nystatinum
D 06 A	Sýklalyf
D 06 B B 03	Aciclovirum

2. gr.

31. gr. reglugerðarinnar hljóði svo:

„Tannlæknum er heimilt að ávísa sjálfum sér til notkunar við störf sín lyfjum þeim, sem greind eru í 29. gr., með þeim takmörkunum, sem þar greinir, auk staðdeyfilyfja (N 01 B) og Epinephrinum (Adrenalinum) (R 03 C A 01). Ennfremur þeim lyfjum, sem greind eru í 30. gr. í formi stungulyfja og taflna."

3. gr.

Í viðauka 4 við reglugerðina við efnið Bisacodylum skal standa undir dálkinum „Hámarksmagn og/eða takmarkanir":

„Endaþarmsstílar 10 mg; mest 12 stk. handa einstaklingi."

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 16. og 17. gr. lyfjalaga nr. 108/1984, öðlast gildi 1. apríl 1994.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 4. mars 1994.

Guðmundur Árni Stefánsson.

Páll Sigurðsson.

Nr. 155 17. mars 1994

AUGLÝSING

um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á sameiningu Barðastrandarhrepps, Rauðasandshrepps, Patrekshrepps og Bíldudalshrepps í Vestur-Barðastrandarsýslu.

Með vísan til 112. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, sbr. einnig 2. tölulið 1. gr. laga nr. 75/1993, tilkynnir ráðuneytið að það hefur hinn 17. mars 1994 staðfest sameiningu Barðastrandarhrepps, Rauðasandshrepps, Patrekshrepps og Bíldudalshrepps í Vestur-Barðastrandarsýslu í eitt sveitarfélag.

Jafnframt hefur eftirfarandi verið ákveðið:

Kosning sveitarstjórnar hins nýja sveitarfélags skal fara fram sama dag og reglulegar sveitarstjórnarkosningar, þ.e. laugardaginn 28. maí 1994, sbr. 13. gr. sveitarstjórnarlaga.

Kosningin skal vera bundin hlutfallskosning, sbr. 1. mgr. 15. gr. sveitarstjórnarlaga.

Kjósa skal níu fulltrúa í sveitarstjórn hins nýja sveitarfélags, sbr. 1. mgr. 11. gr. sveitarstjórnarlaga.

Kjörstjórnir þær sem kosnar voru í upphafi yfirstandandi kjörtímabils samkvæmt 23. gr. sveitarstjórnarlaga skulu vera undirkjörstjórnir við kosningarnar. Hreppsnefndirnar skulu koma sér saman um kosningu 3ja aðalmanna og jafnmargra til vara í yfirkjörstjórn og verði ráðuneytinu tilkynnt um kosninguna að henni lokinni.

Formleg sameining þessara sveitarfélaga skal taka gildi 11. júní 1994.

Skoðanakönnun skal fara fram um nafn hins nýja sveitarfélags og skal nafnið ákveðið á grundvelli hennar. Nafn hins nýja sveitarfélags verður auglýst sérstaklega.

Félagsmálaráðuneytið, 17. mars 1994.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Sesselja Árnadóttir.

11. mars 1994 Nr. 156

GJALDSKRÁ

vegna sorphirðu fyrir Þingvallahrepp árið 1994.

1. gr.

Hreppsnefnd Þingvallahrepps er heimilt að innheimta sérstakt sorphirðugjald árið 1994 sem innheimta skal með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

Á sveitabæi	kr.	3 000
Á sumarbústaði	kr.	1 000
Á fyrirtæki	kr.	20 000

3. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samin og samþykkt af hreppsnefnd Þingvallahrepps staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Umhverfisráðuneytið, 11. mars 1994.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

REGLUGERÐ

um vörugjald.

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.

Upphafsákvæði.

Greiða skal í ríkissjóð vörugjald af innfluttum vörum og vörum sem framleiddar eru eða fá einhverja vinnslumeðferð innan lands eins og nánar er kveðið á um í reglugerð þessari.

2. gr.

Gjaldskyldar vörur og framleiðsla.

Gjaldskyldan nær til allra vara, nýrra sem notaðra, sem fluttar eru til landsins eða eru framleiddar, unnið er að eða er pakkað hér á landi og flokkast undir tollskrárnúmer sem talin eru upp í viðauka við lög nr. 97/1987, um vörugjald, með síðari breytingum.

Vörur sem seldar eru úr landi eru ekki gjaldskyldar. Þá eru vörur sem um ræðir í 5. gr. tollalaga nr. 55/1987, ekki gjaldskyldar við tollafgreiðslu, enda sé gætt þeirra skilyrða sem að öðru leyti gilda um tollfrelsi þessara vara.

Við flokkun til gjaldskyldu samkvæmt reglugerð þessari skal fylgt flokkunarreglum tollalaga, nr. 55/1987, með síðari breytingum.

3. gr.

Gjaldflokkar.

Gjaldflokkar vörugjalds skulu vera eftirfarandi, sbr. upptalningu tollskrárnúmera gjaldskyldrar vöru í viðauka við lög nr. 97/1987, um vörugjald, með síðari breytingum:

1. Af vörum í gjaldflokki A skal greiða 6% vörugjald.
2. Af vörum í gjaldflokki B skal greiða 11% vörugjald.
3. Af vörum í gjaldflokki C skal greiða 16% vörugjald.
4. Af vörum í gjaldflokki D skal greiða 18% vörugjald.
5. Af vörum í gjaldflokki E skal greiða 20% vörugjald.
6. Af vörum í gjaldflokki F skal greiða 25% vörugjald.
7. Af vörum í gjaldflokki G skal greiða 30% vörugjald.

II. KAFLI
Vörugjald af innflutningi.

4. gr.

Gjaldskyldir aðilar.

Öllum þeim sem flytja til landsins gjaldskyldar vörur, hvort sem er til eigin nota eða endursölu, ber skylda til við tollafgreiðslu að greiða vörugjald af hinum innfluttu vörum.

Þeir sem um ræðir í 3. gr. tollalaga nr. 55/1987 eru þó undanþegnir gjaldskyldu við innflutning, enda fullnægi þeir settum skilyrðum um tollfrjálsan innflutning.

5. gr.

Gjaldstofn vegna innflutnings.

Gjaldstofn vörugjalds af innfluttum vörum er tollverð þeirra eins og það er ákveðið skv. 8. - 10. gr. tollalaga, að viðbættum tollum eins og þeir eru ákveðnir samkvæmt þeim

lögum, auk 25% áætlaðar heildsöluálagningar. Önnur gjöld sem innheimt eru við innflutning, svo sem virðisaukaskattur, jöfnunarálag og verðjöfnunargjöld, teljast því ekki gjaldstofn við útreikning vörugjalds við innflutning.

III. KAFLI
Vörugjald af innlendri framleiðslu.

6. gr.
Gjaldskyldir aðilar.

Skylda til að innheimta vörugjald af innlendri framleiðslu og standa skil á því í ríkissjóð hvílir á þessum aðilum:

1. Þeim sem framleiða, vinna að eða pakka vörugjaldsskyldri vöru innan lands.
2. Þeim sem annast heildsöludreifingu vöru sem framleidd er, unnið er að eða pakkað hér á landi, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 8. gr.

7. gr.
Tilkynningarskylda.

Gjaldskyldir aðilar skulu ótilkvaddir og eigi síðar en 15 dögum áður en vörugjaldsskyld starfsemi hefst senda tilkynningu um starfsemi sína til skattstjóra þar sem þeir eru heimilisfastir. Breytingar, sem verða á starfsemi eftir að skráning hefur farið fram, skal tilkynna eigi síðar en 15 dögum eftir að breyting átti sér stað. Skattstjóri gefur út staðfestingu til skráningarskylds aðila um að skráning hafi átt sér stað.

Tilkynningar skv. 1. mgr. skal senda á eyðublöðum í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður.

8. gr.
Gjaldstofn vörugjalds af innlendri framleiðslu.

Um gjaldstofn vörugjalds af vörum sem framleiddar eru, unnið er að á einhvern hátt eða pakkað hér á landi gildir eftirfarandi:

1. Þegar innlendur framleiðandi gjaldskyldrar vöru selur hana til smásala er gjaldstofninn heildsöluverð, þ.e. það verð sem smásali greiðir eða ber að greiða við kaup á vörunni.
2. Þegar innlendur framleiðandi annast ekki jafnframt dreifingu gjaldskyldrar vöru, heldur selur hana til heildsala er gjaldstofn verksmiðjuverð vörunnar, þ.e. söluverð frá framleiðanda hennar, án vörugjalds.
3. Þegar heildsali annast dreifingu gjaldskyldrar vöru sem framleidd er innanlands af öðrum aðila, óháðum honum, er gjaldstofn mismunur á heildsöluverði frá honum, sbr. 1. tölul., og innkaupsverði frá framleiðanda, sbr. 2. tölul.
4. Ef framleiðandi eða heildsali vöru er jafnframt smásali hennar eða heildsöluverð liggur ekki fyrir af öðrum ástæðum geta skattyfirvöld metið hvað skuli telja eðlilegt heildsöluverð vörunnar. Við slíkt mat skulu þau taka mið af því sem almennt gerist í slíkum viðskiptum milli óskyldra aðila.
5. Selji framleiðandi gjaldskylda vöru að jafnaði beint til neytenda, unna samkvæmt sérstökum óskum þeirra, og almennt heildsöluverð á viðkomandi vöru liggur ekki fyrir, skal miða gjaldstofn við almennt söluverð til neytenda (smásöluverðið) að frádregnum 20% vegna áætlaðrar smásöluálagningar.

Vörugjald miðast við heildarandvirði vöru án frádráttar nokkurs kostnaðar eða þjónustugjalds, án tillits til þess í hverju greiðsla er fólgin og þótt um sé að ræða skipti gegn vöru eða þjónustu.

Samsvari söluverð frá verksmiðju ekki heildarandvirði framleiðsluvöru eða vöru sem fær einhverja vinnslumeðferð eða pökkun hér á landi, t.d. vegna þess að kaupandi eða

annar framleiðandi leggur til hráefni, efnivörur eða annað verðmæti, sem vörugjald hefur ekki þegar verið greitt af, skal heildarandvirði hennar, að teknu tilliti til reglu 5. tölul. 1. mgr., teljast gjaldstofn til vörugjalds.

Óskilyrtur afsláttur, sem veittur er samkvæmt almennum viðskiptavenjum við afhendingu á hinni seldu vöru, telst ekki með við ákvörðun gjaldstofns. Hins vegar er annar afsláttur (t.d. háður skilyrði um magn eða greiðslutíma eða afsláttur af viðskiptum í árslok) ekki frádráttarbær frá heildarandvirði við ákvörðun vörugjalds.

9. gr.

Bókhald.

Aðilar, sem vörugjaldsskyldir eru samkvæmt þessum kafla, skulu haga bókhaldi sínu þannig að skattyfirvöld geti á hverjum tíma gengið úr skugga um réttmæti skýrslna um vörugjald.

Í bókhaldi skal færa sérstaka reikninga fyrir innkaup og sölu gjaldskyldrar vöru. Reikninga þessa má færa í lok hvers uppgjörstímabils, enda sé á grundvelli þeirra hægt að reikna með beinum hætti fjárhæðir vörugjalds.

Þeir sem framleiða eða selja bæði gjaldskyldar og gjaldfrjálsar vörur skulu halda hinni gjaldskyldu sölu greinilega aðgreindri í bókhaldi sínu. Jafnframt skal aðgreina sölu og innkaup vörugjaldsskyldrar starfsemi eftir gjaldflokkum, sbr. 3. gr.

10. gr.

Útgáfa sölureikninga.

Aðilar í vörugjaldsskyldum rekstri skulu færa sölu á sölureikninga og aðgreina á þeim gjaldskylda sölu eftir gjaldflokkum, þannig að heildarverð vöru ásamt fjárhæð vörugjalds komi sérstaklega fram vegna hvers gjaldflokks.

Innflytjendur og aðrir sem selja hráefni og aðrar efnivörur til innlendra framleiðenda án þess að falla frá innheimtu vörugjalds, sbr. 16. gr., skulu við sölu á vörum, sem vörugjald hefur verið greitt af við tollafgreiðslu, láta koma fram á sölureikningum hve hátt vörugjald hefur verið greitt af vörunni eða tilgreina að vara sé seld með vörugjaldi.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. skal seljandi hráefnis og annarra efnivara ætíð tilgreina fjárhæð vörugjalds á sölureikningum sínum ef um er að ræða sölu til framleiðanda sem er tengdur honum með þeim hætti að aðilar yrðu taldir nákomnir í skilningi 3. gr. laga um gjaldþrotaskipti nr. 21/1991.

11. gr.

Uppgjör vörugjalds.

Við skil á vörugjaldi í ríkissjóð er gjaldanda heimilt að draga frá innheimtu gjaldi af sölu það vörugjald sem hann hefur sannanlega greitt við kaup á hráefni og efnivöru til gjaldskyldrar framleiðslu á viðkomandi uppgjörstímabili. Um uppgjör heildsala á vörugjaldi, sem keypt hefur vörugjaldsskylda vöru af innlendum framleiðanda til endursölu, sbr. 3. tölul. 1. mgr. 8. gr., gilda sömu reglur.

Ákvæði 1. mgr. gilda hvort sem varan er seld innanlands með vörugjaldi eða til útlanda án vörugjalds, sbr. 2. mgr. 2. gr.

Sé vörugjald af aðföngum hærra á uppgjörstímabili en innheimt vörugjald af sölu skal mismunurinn endurgreiddur úr ríkissjóði.

Hafi vörugjaldsskýrslu verið skilað á tilskildum tíma skal endurgreiðslan fara fram innan fimmtán daga frá lokum skilafrests.

12. gr.

Afreikningur vörugjalds.

Þegar gjaldskyldur aðili kaupir af innflytjanda hráefni eða efnivöru sem ber vörugjald og upphæð vörugjalds er ekki sérstaklega tilgreind á sölureikningi, sbr. 2. mgr. 10. gr., er viðkomandi aðila heimilt að reikna sér frádráttarbært vörugjald, sbr. 11. gr., sem hlutfall af upphæð sölureiknings án virðisaukaskatts, með tveimur aukastöfum, skv. eftirfarandi formúlu:

Hlutfall = 1 - (100/(100+g)), þar sem g er prósenta vörugjalds.

Niðurstaða reiknings skv. 1. mgr. fyrir hvert uppgjörstímabil færist til frádráttar á vörugjaldsskýrslu við skil til ríkissjóðs, og telst því ekki með hráefnis- eða framleiðslukostnaði.

13. gr.

Innheimta og uppgjörstímabil.

Vörugjald af innlendum framleiðsluvörum reiknast við sölu eða afhendingu gjaldskyldrar vöru frá framleiðanda eða heildsala og skiptir ekki máli hvenær eða með hvaða hætti greiðsla kaupanda fer fram.

Hvert uppgjörstímabil vegna gjaldskyldrar innlendrar framleiðslu, aðvinnslu, pökkunar eða dreifingar er tveir mánuðir: Janúar og febrúar; mars og apríl; maí og júní; júlí og ágúst; september og október; nóvember og desember.

14. gr.

Gjalddagi, álag og dráttarvextir.

Vörugjaldi af innlendri framleiðslu, ásamt vörugjaldsskýrslu, skal skila eigi síðar en á gjalddaga í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður. Gjalddagi er fimmti dagur þriðja mánaðar eftir lok uppgjörstímabils vegna sölu eða afhendingar á því tímabili. Beri gjalddaga upp á helgidag eða almennan frídag færist gjalddagi á næsta virka dag á eftir.

Sé vörugjald ekki greitt á tilskildum tíma skal aðili sæta álagi til viðbótar gjaldi samkvæmt vörugjaldsskýrslu, eða til viðbótar því vörugjaldi sem honum ber að standa skil á. Sama gildir ef vörugjaldsskýrslu hefur ekki verið skilað eða verið ábótavant og vörugjald því áætlað, nema aðili hafi greitt fyrir gjalddaga vörugjaldsins upphæð er til áætlunar svarar eða gefið fyrir lok kærufrests fullnægjandi skýringu á vafaatriðum. Vörugjald telst greitt á tilskildum tíma hafi greiðsla sannanlega verið póstlögð á gjalddaga.

Álag samkvæmt 2. mgr. skal vera 2% af þeirri upphæð sem vangreidd er, fyrir hvern byrjaðan dag eftir gjalddaga, þó ekki hærra en 20%.

Sé vörugjald ekki greitt innan mánaðar frá gjalddaga skal greiða ríkissjóði dráttarvexti af því sem gjaldfallið er.

IV. KAFLI

Sérstök meðferð vörugjalds.

15. gr.

Niðurfelling eða undanþágur við tollafgreiðslu.

Við tollafgreiðslu á vörum, sem undanþegnar eru tolli að einhverju eða öllu leyti samkvæmt heimild í tollalögum, skal ekki veita undanþágu frá greiðslu vörugjalds nema skýrt sé kveðið á um niðurfellingu þessara gjalda í reglugerð þessari eða fyrirmælum fjármálaráðuneytis.

Nú samræmir fjármálaráðuneytið tolla á vörum sem flokkast ekki undir sama tollskrárnúmer, hvort sem það er talið upp í viðauka við lög nr. 97/1987, um vörugjald, með síðari breytingum, eða ekki, og skal þá vörugjald innheimt ef samræmt er við

tollskrárnúmer sem ber gjaldið fyrir, en fellt niður ef vörugjald hvílir ekki á þeirri vöru sem samræmt er við.

Um innheimtu og endurgreiðslu vörugjalds af efnivörum til skipasmíði og skipaviðgerða skulu gilda eftir því sem við getur átt reglur sem fjármálaráðuneytið hefur sett um tolla. Sama gildir um vélar, tæki og varahluti til samkeppnisiðnaðar.

16. gr.

Kaup á hráefni án vörugjalds.

Að undangenginni umsókn gjaldskylds framleiðanda, sem tilkynnt hefur starfsemi sína, sbr. 7. gr., og uppfyllir að öðru leyti skilyrði reglugerðar þessarar, þar á meðal um bókhald og reikningsútgáfu, skal skattstjóri gefa út sérstakt skírteini honum til handa er veitir heimild til þess að flytja inn eða kaupa innanlands án greiðslu vörugjalds hráefni og efnivörur sem notuð eru við hina gjaldskyldu framleiðslu eða tiltekna aðvinnslu sem henni tengist. Tilgreina skal í skírteini til hvaða vörutegunda og aðvinnslu heimildin tekur. Skírteini þessi skulu gefin út til eins árs í senn.

Noti skírteinishafi vöru, sem hann hefur keypt gegn framvísun skírteinis, á annan hátt en til gjaldskyldrar framleiðslu sinnar eða til framleiðslu á útflutningsvöru skal hann innheimta og standa skil á vörugjaldi af heildarandvirði vörunnar við afhendingu hennar til annars aðila eða við úttekt til eigin nota, þ.m.t. notkun við gjaldfrjálsa framleiðslu.

Um hráefniskaup framleiðanda í samkeppnisiðnaði sem ekki stunda vörugjaldsskylda framleiðslu fer samkvæmt ákvæðum auglýsingar nr. 617/1989, um niðurfellingu eða endurgreiðslu aðflutningsgjalda af ýmsum aðföngum til samkeppnisiðnaðar.

17. gr.

Endurgreiðsla vörugjalds til innflytjenda vegna sölu til framleiðenda.

Innflytjendur hráefna, sem falla frá innheimtu vörugjalds af sölu hráefna til handhafa skírteina skv. 16. gr., geta mánaðarlega snúið sér til tollstjóra, þar sem þeir eru heimilisfastir, með beiðni um endurgreiðslu á vörugjaldi af þeim hráefnum er þeir hafa flutt inn og greitt vörugjald af við tollafgreiðslu og síðan selt með þessum hætti, enda hafi þessi sala verið færð á sérstaka sölureikninga og henni haldið aðgreindri í bókhaldi, sbr. 9. gr.

V. KAFLI
Ýmis ákvæði.

18. gr.

Vörugjald og stofn til virðisaukaskatts.

Vörugjald myndar stofn til virðisaukaskatts hvort sem vara er flutt inn eða keypt innanlands til eigin nota, framleiðslu eða endursölu.

19. gr.

Gildissvið gagnvart tollalögum og lögum um virðisaukaskatt.

Að því leyti sem ekki er ákveðið í reglugerð þessari um gjaldskyldu, gjaldfrelsi, álagningu, innheimtu, stöðvun tollafgreiðslu, veð, sektir, viðurlög, refsingar og aðra framkvæmd varðandi vörugjald af innfluttum gjaldskyldum vörum skulu gilda, eftir því sem við geta átt, ákvæði tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum, svo og reglugerða og annarra fyrirmæla settra samkvæmt þeim.

Að því leyti sem ekki eru ákvæði í reglugerð þessari um álagningu, kærur og úrskurði um vörugjaldsákvörðun, innheimtu, tilhögun bókhalds, framtöl, eftirlit, stöðvun atvinnurekstrar, viðurlög, sektir, refsingar og aðra framkvæmd varðandi vörugjald af innlendri

framleiðsluvöru eða vöru sem unnið er að eða er pakkað hér á landi skulu gilda, eftir því sem við geta átt, ákvæði laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, svo og reglugerða og annarra fyrirmæla settra samkvæmt þeim.

20. gr.

Gildistökuákvæði.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 97/1987, um vörugjald, með síðari breytingum, gildir frá 1. maí 1994 og er jafnframt felld úr gildi reglugerð nr. 407/1989, um vörugjald.

Fjármálaráðuneytið, 18. mars 1994.

F. h. r.

Indriði H. Þorláksson.

Jón H. Steingrímsson.

21. mars 1994 Nr. 158

AUGLÝSING

um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á sameiningu Þórshafnarhrepps og Sauðaneshrepps.

Með vísan til 112. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, sbr. einnig 2. tölulið 1. gr. laga nr. 75/1993, tilkynnir ráðuneytið að það hefur hinn 21. mars 1994 staðfest sameiningu Þórshafnarhrepps og Sauðaneshrepps í eitt sveitarfélag.

Jafnframt hefur eftirfarandi verið ákveðið:

Kosning sveitarstjórnar hins nýja sveitarfélags skal fara fram sama dag og reglulegar sveitarstjórnarkosningar, þ.e. laugardaginn 28. maí 1994, sbr. 13. gr. sveitarstjórnarlaga.

Kosningin skal vera bundin hlutfallskosning, sbr. 1. mgr. 15. gr. sveitarstjórnarlaga.

Kjósa skal fimm fulltrúa í sveitarstjórn hins nýja sveitarfélags, sbr. 1. mgr. 11. gr. sveitarstjórnarlaga.

Kjörstjórnir þær sem kosnar voru í upphafi yfirstandandi kjörtímabils samkvæmt 23. gr. sveitarstjórnarlaga skulu vera undirkjörstjórnir við kosningarnar. Hreppsnefndirnar hafa komið sér saman um kosningu þriggja aðalmanna og jafnmargra til vara í yfirkjörstjórn og tilkynnt ráðuneytinu um skipan hennar.

Formleg sameining þessara sveitarfélaga skal taka gildi 11. júní 1994.

Nafn hins nýja sveitarfélags skal vera Þórhafnarhreppur.

Félagsmálaráðuneytið, 21. mars 1994.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Sesselja Árnadóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir sorphreinsun í Eyrarbakkahreppi fyrir árið 1994.

1. gr.

Upphæð sorphreinsunargjalds í Eyrarbakkahreppi fyrir árið 1994 skal vera kr. 4 000 fyrir hverja íbúð og hvern sumarbústað, sbr. 9. gr. samþykktar um sorphreinsun í Eyrarbakkahreppi nr. 228/1984.

Innheimta skal gjaldið með fasteignagjöldum og eru gjalddagar þeir sömu.

2. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samin og samþykkt af hreppsnefnd Eyrarbakkahrepps staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Umhverfisráðuneytið, 22. mars 1994.

F. h. r.
Magnús Jóhannesson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

Nr. 160 21. mars 1994

REGLUGERÐ

um breytingu á reglum um málflytjendastörf manna í opinberu starfi nr. 32 10. febrúar 1971.

1. gr.

1. mgr. 1. gr. orðist svo:

Lögfræðingum sem starfa við hæstarétt eða héraðsdómstóla, við embætti ríkissaksóknara, ríkisskattstjóra, ríkistollstjóra, skattrannsóknarstjóra ríkisins, lögreglustjóra, skattstjóra, sýslumanna eða tollstjóra, við fangelsismálastofnun ríkisins, rannsóknarlögreglu ríkisins eða yfirskattanefnd eða í stjórnarráði, er óheimilt að stunda málflytjendastarf meðan þeir gegna slíkum störfum. Þetta á þó ekki við um málflytjendur, sem gegna fyrrnefndum störfum um afmarkaðan stuttan tíma eða eru falin dómarastörf í einstöku máli.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt fyrirmælum 23. gr. laga um málflytjendur nr. 61/1942, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 21. mars 1994.

Þorsteinn Pálsson.

Þorsteinn Geirsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 24 – 1994

30. mars 1994 521 Nr. 161

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um löggildingu og tryggingaskyldu fasteigna- og skipasala nr. 520/1987.

1. gr.

3. gr. orðist svo:

Fasteignasali skal leggja fram ábyrgðartryggingu til greiðslu skaðabótaskylds tjóns sem viðskiptamenn hans kunna að verða fyrir vegna starfsemi fasteignasalans og starfsmanns hans og kostnaðar vegna þess.

Með vátryggingunni skal greiða bætur allt að kr. 4.500.000 vegna hvers einstaks tjónsatviks. Heildarfjárhæð vátryggingabóta innan hvers vátryggingarárs getur þó ekki orðið hærri en kr. 9.000.000.

Ábyrgðartryggingin skal ná til þeirra tjónsatvika sem verða á vátryggingartímabili sbr. 91. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 20/1954.

Heimilt er að áskilja sjálfsáhættu vátryggingartaka í vátryggingarskilmálum en slíkt ákvæði hefur engin áhrif á réttarstöðu þriðja manns. Tilhögun eigin áhættu skal getið í vátryggingarskilmálum. Vilji vátryggingarfélag fremur geta eigin áhættu í skírteini eða iðgjaldskvittun skal Tryggingaeftirliti ríkisins tilkynnt um slíka ákvörðun áður en hún kemur til framkvæmda.

Vátryggingarfjárhæðir eru miðaðar við lánskjaravísitölu 3346 stig og skulu þær breytast 1. apríl ár hvert í samræmi við breytingar á lánskjaravísitölu til þess tíma.

Vátryggingarfélagi er heimilt að endurkrefja hvern þann sem veldur tjóni af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi.

Ábyrgðartryggingin skal taka til starfsemi fasteignasalans hvar sem er innan Evrópska efnahagssvæðisins.

2. gr.

4. gr. orðist svo:

Til að fullnægja tryggingarskyldu samkvæmt 3. gr. skal fasteignasali kaupa vátryggingu hjá vátryggingarfélagi sem hefur starfsleyfi hér á landi.

Heimilt er fasteignasala þó að leggja fram samsvarandi bankaábyrgð, sem gefin er út af viðskipabanka eða sparisjóði, í stað vátryggingar hjá vátryggingarfélagi, enda veiti hún sambærilega vernd að mati dómsmálaráðuneytisins.

Falli vátrygging eða bankaábyrgð úr gildi skal hlutaðeigandi vátryggingarfélag, viðskipabanki eða sparisjóður tilkynna það vátryggingartaka og dómsmálaráðuneytinu þegar í stað. Vátryggingartíma eða bankaábyrgðartíma telst ekki lokið fyrr en liðnar eru átta vikur frá því að vátryggingarfélagið, viðskiptabankinn eða sparisjóðurinn tilkynnti vátryggingar-

Steindórsprent Gutenberg hf.

taka og ráðuneytinu sannanlega um tryggingarslit. Að þeim tíma liðnum telst leyfi til fasteigna- og skipasölu fallið úr gildi nema önnur fullnægjandi ábyrgðartrygging hafi verið sett, enda hafi vátryggingartaka sannanlega verið veittur kostur á að tjá sig um niðurfellingu leyfisins.

Þar sem tveir eða fleiri fasteignasalar reka fasteignasölu undir sama firmanafni, teljast þeir fullnægja ábyrgðartryggingarskyldu sinni með kaupum á einni sameiginlegri ábyrgðartryggingu, enda komi nöfn þeirra beggja/allra fram í vátryggingarskjölum og á skjölum og í auglýsingum fasteignasölunnar.

Allir vátryggingarskilmálar sem reglugerð þessi tekur til skulu hljóta samþykki dómsmálaráðuneytisins og Tryggingaeftirlits ríkisins.

3. gr.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þeir fasteignasalar sem við gildistöku þessarar reglugerðar hafa gildar tryggingar í samræmi við eldri ákvæði 3. og 4. greinar reglugerðar nr. 520/1987 hafa frest til 1. júlí 1994 til þess að leggja fram skilríki um að þeir hafi vátryggingu í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar enda séu þær tryggingar gildar til þess tíma.

4. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 30. mars 1994.

Þorsteinn Pálsson.

Þorsteinn Geirsson.

Stjórnartíðindi B 24, nr. 161. Útgáfudagur 5. apríl 1994.

STJÓRNARTÍÐINDI B 25 - 1994

22. mars 1994 523 Nr. 162

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1980-2000.

Samkvæmt ósk bæjarstjórnar Hafnarfjarðar hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 24. nóvember 1993 staðfest breytingu, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964, á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1980 - 2000 frá 8. desember 1982 með síðari breytingu frá 2. janúar 1992.

Breytingar varða svæðið Setberg-Mosahlíð og eru eftirfarandi:

1) Fallið er frá því að á suðvestur hluta svæðisins komi sérhæfðar íbúðir fyrir aldraða. Þess í stað haldist núverandi búseta og við bætist almennt íbúðarsvæði.
2) Norðurendi fyrirhugaðrar safngötu yfir Stekkjarhraun breytist og tengist nú Hamrabergi/Hlíðarbergi um hringtorg.
3) Land Setbergsskóla stækkar en land fyrir verslun og þjónustu minnkar að sama skapi.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar tekur að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfisráðuneytið, 22. mars 1994.

F. h. r.
Magnús Jóhannesson.

Hrafn Hallgrímsson.

22. mars 1994 Nr. 163

AUGLÝSING

um staðfestingu á legu Ásvegar í Djúpárhreppi.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19/1964 hefur ráðherra þann 22. mars 1994 staðfest legu Ásvegar í Djúpárhreppi.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð, sem skipulagslög nr. 19 21. maí 1964 mæla fyrir um og skipulagsstjórn ríkisins afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytið, 22. mars 1994.

Össur Skarphéðinsson.

Magnús Jóhannesson.

Steindórsprent Gutenberg hf.

AUGLÝSING

um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á sameiningu Norðurárdalshrepps, Stafholtstungahrepps, Borgarnesbæjar og Hraunhrepps í Mýrasýslu.

Með vísan til 112. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, sbr. einnig 2. tölulið 1. gr. laga nr. 75/1993, tilkynnir ráðuneytið að það hefur hinn 28. mars 1994 staðfest sameiningu Norðurárdalshrepps, Stafholtstungahrepps, Borgarnesbæjar og Hraunhrepps í Mýrasýslu í eitt sveitarfélag.

Jafnframt hefur eftirfarandi verið ákveðið:

Kosning sveitarstjórnar hins nýja sveitarfélags skal fara fram sama dag og reglulegar sveitarstjórnarkosningar, þ.e. laugardaginn 28. maí 1994, sbr. 13. gr. sveitarstjórnarlaga.

Kosningin skal vera bundin hlutfallskosning, sbr. 1. mgr. 15. gr. sveitarstjórnarlaga.

Kjósa skal níu fulltrúa í sveitarstjórn hins nýja sveitarfélags, sbr. 1. mgr. 11. gr. sveitarstjórnarlaga.

Kjörstjórnir þær sem kosnar voru í upphafi yfirstandandi kjörtímabils samkvæmt 23. gr. sveitarstjórnarlaga skulu vera undirkjörstjórnir við kosningarnar. Hreppsnefndirnar og bæjarstjórnin skulu koma sér saman um kosningu 3ja aðalmanna og jafnmargra til vara í yfirkjörstjórn og verði ráðuneytinu tilkynnt um kosninguna að henni lokinni.

Formleg sameining þessara sveitarfélaga skal taka gildi 11. júní 1994.

Skoðanakönnun skal fara fram um nafn hins nýja sveitarfélags og skal nafnið ákveðið á grundvelli hennar. Nafn hins nýja sveitarfélags verður auglýst sérstaklega.

Félagsmálaráðuneytið, 28. mars 1994.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Sesselja Árnadóttir.

Nr. 165 22. mars 1994

AUGLÝSING

um staðfestingu á legu 220 kV háspennulína frá Búrfellsvirkjun að Svartárkoti í Bárðardal.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19/1964 hefur ráðuneytið þann 22. mars 1994 staðfest legu 220 kv háspennulínu frá Búrfellsvirkjun að Svartárkoti í Bárðardal, svo nefnd Búrfellslína 4, um sveitarfélögin Gnúpverjahrepp, Holta- og Landsveit, Ásahrepp, Djúpárhrepp og Bárðdælahrepp.

Uppdráttur fyrir legu háspennulínunnar hefur hlotið þá meðferð, sem skipulagslög nr. 19, 21. maí 1964 mæla fyrir um. Uppdráttinn hefur skipulagsstjórn ríkisins afgreitt til staðfestingar ráðherra.

Umhverfisráðuneytið, 22. mars 1994.

Össur Skarphéðinsson.

Magnús Jóhannesson.

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Vallahreppi árið 1994.

1. gr.

Hreppsnefnd Vallahrepps er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) árið 1994 sem innheimta skal með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

Íbúðir í þéttbýli		sorphirðugjald	kr.	5 000
Íbúðir í dreifbýli		sorpeyðingargjald	"	2 000
Sumarbústaðir		"	"	1 500
Fyrirtæki flokkur	1	"	"	5 000
"	2	"	"	15 000
"	3	"	"	30 000
"	4	"	"	60 000
"	5	"	"	120 000

Hreppsnefnd skipar fyrirtækjum í flokka eftir magni úrgangs.

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af hreppsnefnd Vallahrepps, staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til að öðlast gildi nú þegar.

Umhverfisráðuneytið, 25. mars 1994.

F. h. r.
Magnús Jóhannesson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

AUGLÝSING

um staðfestingu á legu 66 kV háspennulínu/jarðstrengs frá Flúðum að Hellu.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19/1964 hefur ráðuneytið þann 22. mars 1994 staðfest legu 66 kv háspennulínu/jarðstrengs frá Flúðum að Hellu. Línan liggur um sveitarfélögin Hrunamannahrepp, Gnúpverjahrepp Holta- og Landsveit og Djúpárhrepp, frá aðveitustöð í landi Hrafnkelsstaða í Hrunamannahreppi að aðveitustöð í landi Ægissíðu, Djúpárhreppi.

Uppdráttur fyrir legu háspennulínunnar hefur hlotið þá meðferð, sem skipulagslög nr. 19, 21. maí 1964 mæla fyrir um. Uppdráttinn hafa ofannefnd sveitarfélög samþykkt og skipulagsstjórn ríkisins afgreitt til staðfestingar ráðherra.

Umhverfisráðuneytið, 22. mars 1994.

Össur Skarphéðinsson.

Magnús Jóhannesson.

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu á Selfossi.

1. gr.

Bæjarstjórn Selfoss er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald).

2. gr.

Gjaldið er árlega sem hér greinir:

A) Íbúðir, íbúðarhúsnæði kr. 4 000 á íbúð.
Gjaldið skal innheimta með fasteignagjöldum.

B) Fyrirtæki, stofnanir, félög og aðrir sambærilegir lögaðilar
Gjaldið miðast við magn úrgangs og er samkvæmt eftirfarandi flokkum:

Flokkur 1	kr.	5 000	Flokkur 6	kr.	75 000
Flokkur 2	"	10 000	Flokkur 7	"	100 000
Flokkur 3	"	15 000	Flokkur 8	"	125 000
Flokkur 4	"	30 000	Flokkur 9	"	150 000
Flokkur 5	"	50 000	Flokkur 10	"	175 000

Bæjarstjórn skipar aðilum í flokka.

Gjalddagi er 1. apríl ár hvert. Dráttarvextir reiknast 30 dögum eftir gjalddaga.

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Selfoss, staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Umhverfisráðuneytið, 22. mars 1994.

F. h. r.
Magnús Jóhannesson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

Nr. 169 22. mars 1994

AUGLÝSING

um staðfestingu á deiliskipulagi miðbæjar Ísafjarðar.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðherra þann 22. mars 1994 staðfest deiliskipulag fyrir miðbæ Ísafjarðar.

Uppdráttur þessi og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Ísafjarðar. Skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt deiliskipulagið til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytið, 22. mars 1994.

Össur Skarphéðinsson.

Magnús Jóhannesson.

GJALDSKRÁ

um sorphirðu fyrir Breiðuvíkurhrepp árið 1994.

1. gr.

Hreppsnefnd Breiðuvíkurhrepps er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald árið 1994, sem er innheimt með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

Lögbýli, íbúðir og sumarhús á sérmetnum lóðum	Sorphirðugjald kr.	7 000
Fyrirtæki og stofnanir	" "	14 000
eða eftir samkomulagi.		

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af hreppsnefnd Breiðuvíkurhrepps, staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til að öðlast gildi nú þegar.

Umhverfisráðuneytið, 25. mars 1994.

F. h. r.
Magnús Jóhannesson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

22. mars 1994 Nr. 171

AUGLÝSING

um staðfestingu á legu brúar um Jökulsá á Dal, ásamt aðkomuvegum.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19/1964 hefur ráðherra þann 22. mars 1994 staðfest legu brúar á Jökulsá á Dal ásamt aðkomuvegum um sveitarfélögin Hlíðarhrepp og Tunguhrepp.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð, sem skipulagslög nr. 19 21. maí 1964 mæla fyrir um. Sveitarstjórnir Hlíðarhrepps og Tunguhrepps hafa samþykkt uppdráttinn og skipulagsstjórn ríkisins afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytið, 22. mars 1994.

Össur Skarphéðinsson.

Hrafn Hallgrímsson.

SAMÞYKKT

um hundahald í Ísafjarðarkaupstað.

1. gr.

Hundahald er bannað í lögsagnarumdæmi Ísafjarðar, nema með leyfi sem bæjarstjórn Ísafjarðar veitir.

2. gr.

Umsóknum um leyfi til að halda hund skal skilað á sérstökum eyðublöðum á bæjarskrifstofur. Sækja skal um leyfi þegar hundurinn hefur náð þriggja mánaða aldri og skal litmynd fylgja umsókn. Leyfið skal bundið við nafn og heimili lögráða einstaklinga og er óheimilt að framselja það. Leyfið er bundið við þann hund sem sótt er um heimild fyrir hverju sinni.

Þegar leyfið hefur verið veitt fer skráning og afhending leyfisbréfs fram á bæjarskrifstofum. Fær þá eigandi hundsins afhenta plötu sem greypt skal í skráninganúmer hundsins. Plata þessi skal jafnan vera fest við ól um háls hundsins. Senda skal lögreglustjóra afrit af leyfisbréfi.

Ef sótt er um leyfi til að halda hund í sambýlishúsi skal skriflegt samþykki sameigenda fylgja umsókn. Samþykki þarf að liggja fyrir frá öllum íbúum stigagangs í fjölbýlishúsi.

3. gr.

Leyfisgjald skal greitt í fyrsta sinn við skráningu hunds og síðan árlega fyrirfram fyrir hvert ár með gjalddaga sem bæjarstjórn ákveður. Verði gjaldið ekki greitt innan tveggja mánaða frá gjalddaga fellur leyfið úr gildi.

Innifalið í leyfisgjaldi er hóptrygging allra hunda í kaupstaðnum sem bæjarstjórn sér um að kaupa.

Vottorði um hreinsun skal framvísa við greiðslu árgjalds.

Bæjarstjórn er heimilt að ákveða lægra gjald fyrir leitarhunda, sem lokið hafa svokölluðu B-prófi björgunarhund, smalahunda á lögbýlum og hunda sem blindir menn og öryrkjar þurfa á að halda samkvæmt læknisráði.

4. gr.

Hundar skulu færðir til hreinsunar í október - nóvember ár hvert. Hundahreinsun fer fram í samræmi við reglugerð nr. 201/1957 um varnir gegn sullaveiki.

5. gr.

Leyfishafi skal gæta þess vel að hundur hans valdi ekki hættu, óþægindum eða óþrifnaði né raski ró manna. Leyfishafa er t.d. skylt að fjarlægja saur eftir hundinn á tryggilegan hátt.

Hundur skal aldrei ganga laus í þéttbýli. Skal hann vera í fylgd með manni sem hefur fullt vald yfir honum.

Þegar hundur er í festi á húslóð skal lengd festarinnar við það miðuð að óhindrað megi ganga að aðaldyrum hússins.

Óleyfilegt er að hleypa hundum inn í almenningsfarartæki, leikvelli og þá staði sem um getur í VIII. - XVII. kafla heilbrigðisreglugerðar nr. 149/1990.

6. gr.

Eftirlitsmaður með dýrum í Ísafjarðarkaupstað annast framkvæmd og eftirlit með hundahaldi á Ísafirði í samstarfi við heilbrigðiseftirlit Vestfjarða og getur hann leitað aðstoðar lögregluyfirvalda þegar þörf krefur.

Bæjarstjórn getur sett reglur um nánari framkvæmd samþykktar þessarar svo sem um eftirlit, hreinsun, hundageymslu o. fl.

7. gr.

Hunda, sem ganga lausir utanhúss, skal handsama og færa í sérstaka hundageymslu. Sama gildir um hættulega hunda og ólöglega hunda. Eftirlitsmaður skal tilkynna leyfishafa um handsömunina þegar í stað. Eftirlitsmaður sér um geymslu, fóðrun og afhendingu hundsins. Hættulegum hundum er heimilt að lóga þegar í stað að undangenginni tilkynningu til leyfishafa.

Eigendum ólöglegra hunda er gefinn kostur á að sækja um leyfi og greiða leyfisgjald innan 10 daga frá tilkynningu um handsömun.

Heimilt er að afhenda hund, sé leyfi framvísað innan 10 daga, sem og kvittun fyrir greiðslu handsömunargjalds og geymslukostnaðar.

Sé hundanna ekki vitjað innan 10 daga er heimilt að lóga þeim.

8. gr.

Ef leyfishafi brýtur gegn ákvæðum samþykktar þessarar eða öðrum reglum sem um hundahald gilda, getur bæjarstjórn afturkallað leyfið. Einnig getur bæjarstjórn afturkallað öll leyfi til hundahalds telji hún þess brýna þörf.

9. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varðar sektum eða varðhaldi. Með brot á samþykkt þessari skal farið að hætti laga um meðferð opinberra mála og að öðru leyti í samræmi við ákvæði laga nr. 109/1984, VI. og VII. kafla.

10. gr.

Framangreind samþykkt bæjarstjórnar Ísafjarðar staðfestist hér með skv. 22. gr. laga nr 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og 1. gr. laga nr. 71/1953 um hundahald og varnir gegn sullaveiki til að öðlast gildi þegar við birtingu.

Jafnframt fellur úr gildi samþykkt um hundahald á Ísafirði nr. 307 frá 15. júní 1987.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 22. mars 1994.

F. h. r.
Páll Sigurðsson.

Sólveig Guðmundsdóttir.

SAMÞYKKT

um afgreiðslutíma verslana í Neskaupstað.

1. gr.

Samþykktin tekur til hvers konar smásöluverslana í Neskaupstað. Undanþegnar ákvæðum samþykktarinnar eru þó lyfjabúðir og bifreiðastöðvar.

Ef ágreiningur rís um skilning á ákvæðum samþykktar þessarar, úrskurðar bæjarstjórn þar um að fenginni umsögn lögreglustjóra, en skjóta má þeim úrskurði til ráðherra.

2. gr.

Afgreiðslutími smásöluverslana í Neskaupstað skal vera frjáls, sbr. þó 3. og 4. gr.

3. gr.

Óheimilt er að hafa sölustaði opna á tímabilinu 23.30 til 07.00 nema með sérstöku leyfi bæjarstjórnar að fenginni umsögn lögreglustjóra, enda sé um að ræða söluturna eða sambærilega starfsemi.

4. gr.

Heimilt er að hafa sölustaði opna á helgidögum, enda brjóti afgreiðslutími að öðru leyti ekki í bága við lög, með þeim undantekningum sem hér greinir: Föstudaginn langa, páskadag, hvítasunnudag og jóladag skal öllum sölustöðum lokað allan daginn. Aðfangadag jóla og gamlársdag skal öllum sölustöðum lokað eigi síðar en kl. 16.00.

5. gr.

Í sérhverri verslun skal auglýstur fastur afgreiðslutími hennar.

6. gr.

Í kvikmyndahúsi, félagsheimili, á íþróttavelli, útiskemmtunum og slíkum stöðum skal heimilt að fengnu leyfi heilbrigðisnefndar, að selja sælgæti, tóbak, gosdrykki og annað slíkt, sem ætla má að neytt verði á staðnum. Einnig má selja sýningarskrár, minjagripi og annað slíkt sem eðlilegt telst, að þar sé til sölu, utan þess tíma er um getur í 2. gr., þó aldrei eftir að sýningu lýkur eða skemmtistað er lokað.

7. gr.

Eftir lokunartíma sölustaða er óheimilt að selja þann varning sem verslunarleyfi þarf til sölu á. Þó skal heimilt að afgreiða fólk sem komið er í verslun eða sölustað þegar lokað er.

8. gr.

Bæjarstjóri getur heimilað í einstökum tilvikum rýmri sölutíma en segir í samþykkt þessari þegar hann telur sérstaka ástæðu til, m.a. þegar ágóði af sölu rennur til almenningsheilla eða góðgerðarstarfsemi.

9. gr.

Fyrir leyfi skv. 3. gr. er bæjarstjórn heimilt að láta greiða gjald í bæjarsjóð.

Ef leyfishafi brýtur samþykkt þessa eða skilyrði sem bæjarstjórn og heilbrigðisnefnd setja fyrir leyfi, greiðir ekki gjaldið á gjalddaga eða rekstur sölustaða þykir ekki fara vel úr hendi, getur bæjarstjórn svipt leyfishafa leyfinu, enda hafi leyfishafi ekki látið segjast við aðvörun.

10. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum. Með mál út af brotum á samþykktinni skal farið að hætti opinberra mála.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Neskaupstaðar hefur sett með heimild í 1. gr. laga nr. 17 frá 1. febrúar 1936 um samþykktir um lokunartíma sölubúða, staðfestist hér með samkvæmt 3. gr. sömu laga til að öðlast þegar gildi, þó með þeim takmörkunum sem lög nr. 45 frá 15. júní 1926 um almannafrið á helgidögum þjóðkirkjunnar setja.

Jafnframt fellur úr gildi samþykkt um afgreiðslutíma verslana í Neskaupstað nr. 215 frá 26. október 1965.

Félagsmálaráðuneytið, 23. mars 1994.

F. h. r.
Húnbogi Þorsteinsson.

Sesselja Árnadóttir.

22. mars 1994 Nr. 174

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 1988-2008.

Samkvæmt ósk bæjarstjórnar Kópavogs hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 5. janúar 1994 staðfest breytingar á aðalskipulagi Kópavogs 1988-2008 frá 23. apríl 1990, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytingarnar eru eftirfarandi:

1) Fyrirhugað iðnaðarsvæði í norðanverðu Hnoðraholti er minnkað þannig að eystri mörk þess verða við fyrirhugaðan Hlíðardalsveg.
2) Íbúðarsvæði sunnan Fífuhvammsvegar er stækkað í vestur að fyrirhuguðum Hlíðardalsvegi og í suður að fyrirhuguðum Arnarnesvegi.
3) Eystri mörk fyrirhugaðs verslunar- og þjónustusvæðis sunnan fyrirhugaðs Fífuhvammsvegar eru færð vestur fyrir fyrirhugaðan Hlíðardalsveg.
4) Fyrirhugað miðhverfi austan Reykjanesbrautar er minnkað og afmörkun þess breytt þannig að það verður allt norðan fyrirhugaðs Fífuhvammsvegar.
5) Opið svæði til sérstakra nota (athafnasvæði Hestamannafélagsins Gusts) er stækkað til austurs.
6) Mislægum gatnamótum Reykjanesbrautar og Fífuhvammsvegar er breytt þannig að tengirampi til austurs færist norður fyrir Fífuhvammsveg.
7) Gatnamót fyrirhugaðs Fífuhvammsvegar og fyrirhugaðs Hlíðardalsvegar eru færð vestar.
8) Göngu- og reiðleiðir breytast lítillega.

Bæjarstjórn Kópavogs tekur að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfisráðuneytið, 22. mars 1994.

F. h. r.
Magnús Jóhannesson.

Hrafn Hallgrímsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð fyrir vatnsveitur sveitarfélaga nr. 421/1992.

1. gr.

3. mgr. 9. gr. reglugerðarinnar falli brott.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 21. mars 1994.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Sesselja Árnadóttir.

Nr. 176 22. mars 1994

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Hvolhrepps 1990-2010.

Samkvæmt ósk hreppsnefndar Hvolhrepps hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 5. janúar 1994 staðfest breytingu á aðalskipulagi Hvolsvallar 1990 - 2010 frá 14. maí 1990 1980-2000, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytingin er fólgin í því að útivistarsvæði í austasta hluta Hvolsvallar verður orlofs- og sumarbústaðasvæði.

Hreppsnefnd Hvolhrepps tekur að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfisráðuneytið, 22. mars 1994.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Hrafn Hallgrímsson.

Nr. 177 25. mars 1994

REGLUGERÐ

um gjöld fyrir hönnunarvernd o.fl.

1. gr.

	Fyrir umsókn um skráningu á hönnunarvernd greiðist:	Kr.
a)	grunngjald, birting einnar myndar innifalin	7.000
b)	fyrir hverja hönnun umfram eina í umsókn um samskráningu	3.000
c)	fyrir birtingu hverrar myndar umfram eina	2.000

2. gr.

Fyrir rannsókn skv. 18. gr. laganna:

a) ef krafist er rannsóknar á því hvort tiltekin hönnun sé eins eða svipuð hönnun sem skráð er hér á landi eða sótt hefur verið um skráningu á, sbr. 1. mgr. 4.000

b) ef krafa um rannsókn kemur fram við innlagningu umsóknar sbr.. 2. mgr. 2.500

3. gr.

Gjöld fyrir endurnýjun skv. 24. gr. laganna:

a) fyrsta endurnýjunartímabil 9.000

b) viðbótargjald á fyrsta endurnýjunartímabili fyrir hverja hönnun umfram eina í samskráningu 3000

c) síðari endurnýjunartímabil 12.000

d) viðbótargjald á síðari endurnýjunartímabilum fyrir hverja hönnun í samskráningu 5.000

4. gr.

Gjald vegna kröfu um ógildingu skráningar 6.000

5. gr.

Hámarksgjald fyrir áfrýjun skv. 30. gr. laganna 80.000

Áfrýjunargjald greiðist iðnaðarráðuneyti við afhendingu tilkynningar um áfrýjun.

6. gr.

Ýmis gjöld:

a) innritun í hönnunarskrá skv. 18. gr. laganna 1.500

b) útskrift úr hönnunarskrá 550

c) staðfest útskrift eða myndrit úr hönnunarskrá 1.100

7. gr.

Gjöld samkvæmt reglugerð þessari greiðast Einkaleyfastofunni ef ekki er annað tekið fram. Gjöld verða ekki endurgreidd þótt synjað sé um skráningu eða umsókn afturkölluð. Undantekning er þó varðandi gjald skv. c-lið 1. gr.

8. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 40. gr. laga um hönnunarvernd nr. 48 21. maí 1993 og öðlast gildi hinn 21. maí 1994.

Iðnaðarráðuneytið, 25. mars 1994.

F. h. r.

Þorkell Helgason.

Ásta Valdimarsdóttir.

REGLUGERÐ

um skráningu hönnunar.

I. KAFLI
Umsókn.

1. gr.

Umsókn um skráningu hönnunar skal rituð á þar til gert eyðublað og lögð inn til Einkaleyfastofunnar. Umsókn skal undirrituð af umsækjanda eða umboðsmanni hans og hafa að geyma beiðni um skráningu.

Í umsókn skal einnig tilgreina:

1) nafn og heimilisfang umsækjanda svo og kennitölu hans hafi umsækjandi ekki umboðsmann,
2) nafn, heimilisfang og kennitölu umboðsmanns sé hann fyrir hendi,
3) nafn og heimilisfang hönnuðar,
4) heiti sem lýsir hönnun,
5) hvort hönnun varðar útlit og gerð vöru eða skreytingu hennar,
6) hvort hönnun óskast vernduð í litum,
7) hver umsækjenda, ef fleiri en einn sækja sameiginlega um hönnun, fer með umboð til að taka á móti tilkynningum frá skráningaryfirvöldum,
8) upplýsingar skv. 8. gr. sé krafist forgangsréttar á grundvelli ákvæða 7. gr. laga um hönnunarvernd (hér eftir aðeins vísað í „lögin“)
9) upplýsingar varðandi beiðni um frestun skráningar, ef við á.

Umsókn skulu fylgja:

1) þrjú eintök af hverri mynd, þ.e. teikningu eða ljósmynd sem sýnir hönnun skýrlega. Þegar sótt er um vernd á skreytingu þarf myndin að sýna skreytinguna á vöru,
2) umboð ef umsækjandi hefur umboðsmann,
3) sönnun á rétti umsækjanda til hönnunar ef umsækjandi er annar en hönnuður.

Frestur til að leggja inn umboð og sönnun fyrir rétti umsækjanda til hönnunar er þrjár vikur frá móttökudegi umsóknar.

Með umsókn skal fylgja tilskilið umsóknargjald.

2. gr.

Heimilt er að umsókn fylgi:

1) lýsing á hönnun,
2) líkan af hönnun,
3) tilgreining á vöru þeirri sem hönnun óskast skráð fyrir,
4) tilgreining þeirra flokka sem umsækjandi telur að hönnun falli undir.

Umsækjanda er einungis heimilt að leggja fram fyrrgreind gögn og upplýsingar við innlagningu umsóknar.

Skráningaryfirvöld geta þó óskað eftir því að slík gögn verði lögð fram síðar ef þörf þykir til skýringar.

Lýsing skal hafa að geyma stutta skýringu (hámark 150 orð) á því sem óskast verndað. Greina skal frá þeim meginatriðum sem gera hönnunina sérstæða. Í lýsingu má hvorki fjalla um kosti hönnunar né fullyrða um gildi hennar.

Heiti hönnunar skal fyrst og fremst vera til skýringar á mynd. Heiti hönnunar takmarkar ekki umfang verndar. Þegar um samskráningu er að ræða þarf hver hönnun að bera sitt heiti.

3. gr.

Umsókn og lýsing skulu vera á íslensku. Önnur fylgigögn mega vera á íslensku, dönsku, norsku, sænsku eða ensku.

Skráningaryfirvöld geta krafist þess að löggiltur skjalaþýðandi eða annar aðili, sem skráningaryfirvöld viðurkenna, staðfesti þýðingu fylgigagna.

4. gr.

Leggja skal inn þrjú eintök af hverri mynd af hönnun, ekki stærri en A4 (21 cm x 29,7 cm). Hver mynd má aðeins sýna eina hönnun frá einu sjónarhorni. Ef lagðar eru inn fleiri en ein mynd af sömu hönnun skulu þær aðgreindar hver frá annarri og merktar í réttri röð með tölustöfum eða bókstöfum. Til skýringar á mynd mega koma fram á henni lýsingarorð (dæmi; „upp“, „niður“, „skurðmynd“). Myndir og rittákn þurfa að henta til offsetprentunar í svart/hvítu og gefa möguleika á mismunandi stærðum. Sé farið fram á skráningu í lit skal eitt eintak myndar vera í litum.

Ef umsækjandi leggur inn líkan af hönnun skal það vera úr endingargóðu efni. Líkan má ekki vega meira en 4 kg og skal rúmast innan tenings sem hefur kantlengdina 40 cm. Óheimilt er að leggja inn líkan úr viðkvæmu eða hættulegu efni.

Taki umsókn til fleiri en einnar hönnunar skulu fylgja myndir af hverri og einni hönnun. Myndir af sömu hönnun skulu fá sama númer. Skýrt þarf að koma fram hvaða myndir tilheyri hverri hönnun.

5. gr.

Skráningaryfirvöld færa umsóknardag á mótteknar umsóknir og gefa þeim umsóknarnúmer.

Umsókn telst móttekin ef hún hefur að geyma:

1) nafn og heimilisfang umsækjanda,
2) nafn og heimilisfang hönnuðar,
3) beiðni um skráningu hönnunar,
4) myndir, þ.e. teikningar eða ljósmyndir sem sýna hönnun skýrlega, eða líkan af hönnun,
5) umsóknargjald.

Umsókn sem send er með símabréfi telst móttekin ef gögn, sér í lagi myndir, eru nægilega skýr og sýnt er fram á að greiðsla hafi verið innt af hendi. Umsækjanda er þó skylt að leggja fram frumgögn umsóknar innan 14 daga frá móttöku símabréfs.

Umsókn sem lögð er inn án greiðslu tilskilinna gjalda telst ekki móttekin. Skráningaryfirvöldum ber þó að varðveita umsókn í eina viku, en eftir þann tíma er henni vísað frá ef greiðsla hefur ekki borist.

Óheimilt er að breyta andlagi umsóknar eftir að hún hefur verið móttekin.

6. gr.

Skráningaryfirvöld skulu flokka hönnun í samræmi við ákvæði Locarno-sáttmálans frá 8. október 1968, sbr. viðauka við reglugerð þessa.

Umsækjanda eða umboðsmanni hans skal tilkynnt um hvernig hönnun er flokkuð og veittur vikufrestur hið skemmsta til að koma fram með athugasemdir um flokkun. Skráningaryfirvöld taka endanlega ákvörðun um flokkun.

II. KAFLI
Dagbók.

7. gr.

Skráningaryfirvöld skulu halda tölvufærða dagbók yfir mótteknar umsóknir.

Í dagbókina skal færa eftirtalin atriði varðandi hverja umsókn:

1) umsóknarnúmer og umsóknardag,
2) nafn og heimilisfang umsækjanda,
3) nafn, heimilisfang og kennitölu umboðsmanns sé hann fyrir hendi,
4) nafn og heimilisfang hönnuðar,
5) heiti hönnunar,
6) hvort óskað er verndar á útliti og gerð vöru eða skreytingu,
7) hvort hönnun óskast vernduð í litum,
8) hver umsækjenda, ef fleiri en einn sækja sameiginlega um hönnun, fer með umboð til að taka á móti tilkynningum frá skráningaryfirvöldum,
9) heiti viðtökulands fyrri umsóknar sé forgangsréttar krafist á grundvelli hennar svo og umsóknardag og umsóknarnúmer hennar,
10) upplýsingar varðandi beiðni umsækjanda um frestun á skráningu,
11) upplýsingar um gjöld sem greidd hafa verið vegna umsóknarinnar,
12) upplýsingar um meðhöndlun og stöðu umsóknarinnar.

Unnt skal vera að fá upplýsingar úr dagbók varðandi þær umsóknir sem þegar hafa verið gerðar aðgengilegar almenningi. Fyrir þann tíma er skráningaryfirvöldum þó heimilt að veita einhverjar þeirra upplýsinga sem koma fram í 2. mgr.

8. gr.

Ef tilkynning berst um eigendaskipti á hönnun sem sótt hefur verið um skráningu á verður nafn nýs umsækjanda því aðeins fært í dagbók að fyrir liggi sönnun um framsal.

III. KAFLI
Forgangsréttur.

9. gr.

Til að njóta forgangsréttar skv. 7. gr. laganna þarf umsækjandi að krefjast þess í umsókn sinni og tilgreina hvar umsókn, sem forgangsréttarkrafa er byggð á, var lögð inn, umsóknardag hennar og umsóknarnúmer.

10. gr.

Skráningaryfirvöld geta krafist þess innan ákveðins frests að forgangsréttur sé staðfestur með vottorði frá skráningaryfirvöldum, sem tóku á móti umsókn þeirri, er umsækjandi byggir forgangsrétt sinn á. Í vottorðinu skal tilgreina umsóknardag og nafn umsækjanda. Skráningaryfirvöld geta ennfremur krafist afrits af umsókninni ásamt myndum af hönnuninni.

Berist fyrrnefnd skjöl ekki á tilskildum tíma fellur niður réttur til að krefjast forgangsréttar.

Ef fallið er frá kröfu um forgangsrétt skal það tilkynnt skriflega.

11. gr.

Umsókn getur því aðeins verið grundvöllur forgangsréttar að hún sé sú fyrsta þar sem viðkomandi hönnun kemur fram.

Hafi umsækjandi fyrstu umsóknar, eða framsalshafi, síðar lagt inn umsókn á sama

stað er varðar sömu hönnun getur síðari umsóknin þó orðið grundvöllur forgangsréttarkröfu ef fyrri umsóknin hefur verið afturkölluð við afhendingu hinnar síðari, hún afskrifuð eða henni hafnað áður en hún varð aðgengileg almenningi og að því tilskildu að engin réttindi eða forgangskrafa sé á henni byggð. Hafi forgangsréttur skapast á grundvelli slíkrar umsóknar, sem kom inn síðar, er ekki unnt að byggja forgangsrétt á fyrri umsókninni.

12. gr.

Þegar sótt er um vernd á fleiri en einni hönnun í sömu umsókn er hægt að krefjast forgangsréttar fyrir hverja einstaka hönnun. Forgangsréttarkröfu má byggja á umsóknum frá fleiri en einu ríki.

IV. KAFLI
Hlutun.

13. gr.

Taki umsókn að mati skráningaryfirvalda til fleiri en einnar hönnunar skal umsækjanda gefinn kostur á að hluta umsóknina sundur í tvær eða fleiri umsóknir. Umsækjanda skal veittur tveggja vikna frestur í þessu skyni. Frestur þessi skal miðast við þann dag er umsækjandi lagði inn frumumsóknina eða dagsetningu bréfs skráningaryfirvalda varðandi nauðsyn hlutunar.

Umsækjanda er einnig heimilt að leggja inn beiðni um hlutun innan tveggja vikna frá innlagningu þó að skráningaryfirvöld hafi ekki komið fram með athugasemdir þar að lútandi.

Að beiðni umsækjanda má telja að ný umsókn sé lögð inn sama dag og frumumsóknin.

Í umsókn, sem verður til við hlutun úr frumumsókn, verður að koma fram umsóknardagur og -númer frumumsóknar.

V. KAFLI
Rannsókn.

14. gr.

Ef rannsókn skráningaryfirvalda leiðir í ljós að umsókn uppfyllir ekki skilyrði 1. og 3. gr. laganna ber að hafna skráningu hennar. Áður en umsókn er afmáð skal umsækjanda veitt tækifæri til að skýra mál sitt og/eða afla tilskilinna heimilda fyrir merkjum eða táknum sem hönnun felur í sér. Breyti rökstuðningur umsækjanda eða gögn ekki fyrri niðurstöðu skráningaryfirvalda skal þegar afmá umsóknina úr hönnunarskrá.

Uppfylli umsókn ekki skilyrði 14., 15. og 17. gr. laganna skal senda umsækjanda tilkynningu um þá formgalla eins fljótt og unnt er. Í tilkynningunni skal koma fram að heimilt sé að afskrifa umsókn ef ekki er bætt úr ágöllum innan fjögurra vikna.

15. gr.

Til grundvallar rannsókn skv. 18. gr. laganna er eingöngu lögð skráð hönnun hér á landi og hönnun sem sótt hefur verið um skráningu á og orðin er almenningi aðgengileg.

Sé krafist rannsóknar skv. 1. mgr. 18. gr. laganna, án tengsla við umsókn, hefur niðurstaða rannsóknarinnar engin áhrif á meðferð umsóknar um þá hönnun síðar.

Hafni skráningaryfirvöld skráningu hönnunar á grundvelli rannsóknar, sem fram fer að kröfu umsækjanda, skal umsækjanda tilkynnt það eins fljótt og unnt er. Í tilkynningu

skal skýra forsendur fyrir höfnun á skráningu. Umsækjanda skal gefinn tveggja mánaða frestur til að tjá sig um synjun áður en umsókn er afskrifuð.

VI. KAFLI
Skráning.

16. gr.

Þegar umsókn um hönnun uppfyllir skilyrði þau sem greint er frá í lögunum svo og kröfur sem gerðar eru til umsóknar í reglugerð þessari skal hönnun skráð og rétthafa send staðfesting á skráningu.

VII. KAFLI
Hönnunarskrá.

17. gr.

Skráningaryfirvöld halda skrá yfir skráða hönnun.

Í hönnunarskrá skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram:

1) umsóknarnúmer og skráningarnúmer,
2) nafn og heimilisfang skráðs rétthafa,
3) nafn, heimilisfang og kennitala umboðsmanns rétthafa sé hann fyrir hendi,
4) nafn og heimilisfang hönnuðar,
5) heiti hönnunar,
6) hvort hönnun varði útlit og gerð vöru eða skreytingu hennar,
7) hvort hönnun óskast vernduð í litum,
8) flokkur eða flokkar þeir sem hönnun er talin tilheyra,
9) upplýsingar um þær vörur sem hönnun skal einkenna, ef þær eru fyrir hendi,
10) dagsetning þegar umsókn var:
    a) móttekin eða telst móttekin,
    b) skráð,
    c) gerð almenningi aðgengileg ef það var ekki samtímis skráningardegi,
    d) birt,
11) hver umsækjenda, ef fleiri en einn sækja sameiginlega um hönnun, fer með umboð til að taka á móti tilkynningum frá skráningaryfirvöldum,
12) upplýsingar um hvar umsókn, sem forgangsréttarkrafa er byggð á, var lögð inn og umsóknardagur og númer hennar, ef krafist er forgangsréttar,
13) myndir af hönnuninni.

Þegar skráning tekur til fleiri en einnar hönnunar, sbr. 17. gr. laganna, er aðeins um eitt sameiginlegt skráningarnúmer að ræða.

18. gr.

Berist skráningaryfirvöldum samdægurs fleiri en ein umsókn, sem hafa að geyma eins eða svipaða hönnun og eru ekki frá sama umsækjanda, skal geta þess í hönnunarskrá og á skráningarskjali. Geta skal umsóknar- eða skráningarnúmers þeirrar hönnunar sem er svipuð viðkomandi hönnun.

Sama á við hafi umsækjandi samdægurs lagt inn fleiri en eina umsókn um skráningu á svipaðri hönnun.

19. gr.

Málshöfðunar á grundvelli 11. og 25. gr. laganna skal getið í hönnunarskrá.

Ef skráningaryfirvöld lýsa skráða hönnun ógilda á grundvelli 26. gr. laganna skal

hönnunin afmáð úr hönnunarskrá. Hönnun skal þó ekki afmáð fyrr en frestur til að skjóta máli til áfrýjunarnefndar er liðinn.

Sá er höfðað hefur mál á grundvelli 11. eða 25. gr. laganna skal afhenda skráningaryfirvöldum afrit dóms svo að unnt sé að breyta hönnunarskrá í samræmi við niðurstöðu dómsins. Hönnunarskrá skal þó ekki breytt til samræmis við niðurstöðu héraðsdóms fyrr en áfrýjunarfrestur er liðinn.

Niðurstöðu dómsmáls samkvæmt 11. eða 25. gr. laganna skal birta í riti því er skráningaryfirvöld gefa út.

20. gr.

Sá er öðlast rétt á skráðri hönnun, sbr. 34. gr. laganna, skal tilkynna það skriflega til skráningaryfirvalda. Í slíkri tilkynningu skal koma fram nafn, heimilisfang og kennitala rétthafa, frá hvaða tíma hann öðlast réttinn og hvenær aðilaskiptin fóru fram.

Samkvæmt beiðni skal geta þess í hönnunarskrá hvort réttur nytjaleyfishafa til að veita nytjaleyfi er takmarkaður.

Tilkynning um breytingu á umboðsmanni svo og breytingu á nafni eða heimilisfangi rétthafa skal færð í hönnunarskrá.

Tilkynningar skv. 1.- 3. mgr. skulu vera skriflegar og þeim skulu fylgja nauðsynleg gögn ásamt tilskildu gjaldi. Tilkynningar skulu birtar í riti því er skráningaryfirvöld gefa út.

21. gr.

Skráningaryfirvöld geta krafist þess að undirritun á framsali, nytjaleyfi eða yfirlýsing um að hönnun hafi verið afmáð sé staðfest af lögbókanda (notarius publicus), lögmanni eða tveimur vitundarvottum. Skráningaryfirvöldum er einnig heimilt að krefjast staðfestingar undirskrifta á öðrum skjölum ef þess er talin þörf.

VIII. KAFLI
Birting.

22. gr.

Þegar hönnun hefur verið skráð skal hún, eins fljótt og unnt er, birt í sérstöku riti er skráningaryfirvöld gefa út. Í birtingu þeirri skulu, auk skýrra mynda, koma fram eftirfarandi upplýsingar:

1) umsóknarnúmer og skráningarnúmer,
2) umsóknardagur,
3) nafn og heimilisfang umsækjanda,
4) nafn, heimilisfang og kennitala umboðsmanns umsækjanda sé hann fyrir hendi,
5) nafn og heimilisfang hönnuðar,
6) heiti hönnunar,
7) hvort skráð hönnun varði útlit og gerð vöru eða skreytingu hennar,
8) flokkur eða flokkar þeir sem hönnun er talin tilheyra,
9) hvort hönnun óskast vernduð í litum,
10) upplýsingar um forgangsrétt ásamt upplýsingum um hvar umsókn sú sem forgangsréttur er byggður á var lögð inn og umsóknardag og númer þeirrar umsóknar,
11) myndir sem sýna hönnunina,
12) hvenær umsókn var gerð almenningi aðgengileg ef það var ekki samtímis skráningardegi.

IX. KAFLI
Frestun skráningar.

23. gr.

Beiðni um frestun skráningar, sbr. 3. mgr. 21. gr. laganna, skal koma fram í umsókn. Slíkar umsóknir fá í upphafi sömu meðferð og aðrar umsóknir allt að skráningu.

Þegar umsókn samkvæmt 1. mgr. uppfyllir skilyrði laganna og reglugerðar þessarar er umsækjanda tilkynnt um það eins fljótt og verða má.

24. gr.

Komi fram beiðni um frestun skráningar skv. 3. mgr. 21. gr. laganna skal halda öllum gögnum sem umsókn viðkemur leyndum uns hönnun er skráð. Þó skal birta í riti því sem skráningaryfirvöld gefa út, tilkynningu um að umsókn hafi verið lögð inn og upplýsingar um:

1) nafn umsækjanda, heimilisfang og kennitölu, hafi umsækjandi ekki umboðsmann,
2) umsóknardag,
3) hve lengi fresta skal skráningu,
4) flokk eða flokka þá sem hönnun er talin falla undir.

Þegar tími sá er liðinn, sem fresta átti skráningu, er skráning birt í riti því er skráningaryfirvöld gefa út.

X. KAFLI
Ógilding.

25. gr.

Í riti því, sem skráningaryfirvöld gefa út, skulu vera upplýsingar varðandi leiðir til ógildingar á skráningu hönnunar.

26. gr.

Berist skráningaryfirvöldum skrifleg athugasemd varðandi umsókn, áður en hönnun samkvæmt umsókninni er skráð, skal það tilkynnt umsækjanda. Þeim er sendi athugasemdina skal bent á að unnt sé að krefjast ógildingar á skráðri hönnunarvernd. Slík athugasemd leiðir ekki til frekari aðgerða af hálfu skráningaryfirvalda.

27. gr.

Skráningaryfirvöld úrskurða ekki um eignarrétt á hönnun. Mótmælum er varða rétt til tiltekinnar hönnunar skulu skráningaryfirvöld vísa frá og mótmælanda bent á úrræði samkvæmt 11. gr. laganna.

28. gr.

Krafa um ógildingu skráðrar hönnunarverndar skal lögð inn skriflega í tveimur eintökum hjá skráningaryfirvöldum.

Í kröfunni skulu koma fram eftirfarandi upplýsingar:

1) nafn og heimilisfang þess er setur fram kröfu,
2) skráningarnúmer og heiti hönnunar þeirrar, sem krafist er ógildingar á ásamt nafni rétthafa hennar,
3) nafn, heimilisfang og kennitala umboðsmanns þess er setur fram kröfu um ógildingu sé umboðsmaður fyrir hendi.

Krafa um ógildingu skal vera rökstudd og henni skulu fylgja nauðsynleg sönnunargögn.

Kröfu um ógildingu skal fylgja tilskilið gjald.

Hafi dómstóll þegar dæmt í máli er varðar sama efni og sömu aðila skal kröfu um ógildingu vísað frá.

29. gr.

Uppfylli krafa um ógildingu ekki skilyrði 26. gr. laganna eða 1., 2. og 4. mgr. 28. gr. þessarar reglugerðar er kröfunni hafnað.

Sé greint frá forsendum kröfu um ógildingu, en krafa ekki rökstudd frekar eða sönnunargögn vantar, skal andmælanda veittur fjögurra vikna frestur til að leggja fram nánari rökstuðning og/eða sönnunargögn.

30. gr.

Rétthafa hönnunar skal tilkynnt svo fljótt sem verða má um framkomna kröfu um ógildingu og veittur tveggja mánaða frestur til að tjá sig.

Senda skal rétthafa skráðrar hönnunar afrit af öllum bréfum og gögnum sem berast frá þeim er krefst ógildingar á hönnun, og gagnkvæmt.

Ef rétthafa skráðrar hönnunar er skrifað varðandi efnislega meðferð málsins skal samtímis senda þeim er krefst ógildingar á hönnun afrit af bréfinu.

Eftir að rétthafi skráðrar hönnunar svarar kröfu um ógildingu taka skráningaryfirvöld ákvörðun um hvort frekari bréfaskipti milli aðila eru nauðsynleg.

31. gr.

Telji skráningaryfirvöld nauðsynlegt að aðilar fái tækifæri til að tjá sig munnlega vegna meðferðar ógildingarmáls skal kveðja til báða aðila.

32. gr.

Í riti skráningaryfirvalda skal birta tilkynningu um að krafa um ógildingu hönnunar hafi komið fram.

Í birtingu skal greina:

1) nafn rétthafa,
2) umsóknardag og umsóknarnúmer,
3) skráningardag og skráningarnúmer,
4) heiti hönnunar,
5) flokk þann er hönnun er talin falla undir,
6) nafn þess er setur fram kröfu um ógildingu.

Ennfremur skal birta kröfu um ógildingu fyrir dómstólum.

33. gr.

Aðilar ógildingarmáls afla gagna. Ákvarðanir skráningaryfirvalda í ógildingarmálum grundvallast aðeins á þeim staðreyndum, sönnunum og rökum sem aðilar hafa fram að færa.

Ef afstaða aðila og rök liggja ekki fyrir í gögnum málsins skulu aðilar máls eiga þess kost að tjá sig tvisvar um efni máls áður en skráningaryfirvöld taka ákvörðun í því, enda sé það ekki augljóslega óþarft.

Skráningaryfirvöldum er heimilt að setja málsaðilum ákveðinn frest til að kynna sér gögn máls og tjá sig um það.

Þegar aðilar hafa fengið tækifæri til að tjá sig samkvæmt ofangreindu skulu skráningayfirvöld tilkynna þeim að málið verði tekið til ákvörðunar og ekki sé unnt að leggja fram frekari gögn.

34. gr.

Afrit af endanlegri ákvörðun skráningaryfirvalda vegna kröfu um ógildingu skal senda bæði rétthafa hönnunar og þeim er krefst ógildingar. Skráningaryfirvöld skulu ávallt rökstyðja endanlega ákvörðun sína.

Þegar áfrýjunarfrestur skv. 30. gr. laganna er liðinn, án þess að ákvörðun skráningaryfirvalda varðandi ógildingu hafi verið borin undir áfrýjunarnefnd, skal birta ákvörðun í riti því er skráningaryfirvöld gefa út.

XI. KAFLI
Endurnýjun.

35. gr.

Umsókn um endurnýjun skráðrar hönnunar skal skila skriflega til skráningaryfirvalda á þar til gerðu eyðublaði. Ákvæði 1. gr. gilda um umsóknir um endurnýjun svo sem við á.

Umsókn um endurnýjun skal fylgja tilskilið gjald.

Sé umsókn um endurnýjun ábótavant skal veita umsækjanda stuttan frest til að lagfæra umsóknina. Ef umsókn er ekki lagfærð innan tilskilins frests skal henni hafnað, það tilkynnt umsækjanda og skráð hönnun afmáð úr hönnunarskrá, enda sé skráningartíma hennar lokið.

Endurnýjun á skráningu skal færð í hönnunarskrá og birt í riti er skráningaryfirvöld gefa út. Þar skal koma fram skráningarnúmer hönnunar og hvenær skráning telst fallin úr gildi.

XII. KAFLI
Ýmis ákvæði.

36. gr.

Beiðni um að hönnun verði afmáð úr hönnunarskrá skal undirrituð af rétthafa hönnunar.

Sé nytjaleyfi skráð í hönnunarskrá skal hönnun því aðeins afmáð að rétthafi sýni fram á að nytjaleyfishafa hafi verið tilkynnt um þá ætlun.

Birta skal tilkynningu um að hönnun hafi verið afmáð úr hönnunarskrá eða ef réttur til skráðrar hönnunar er færður á annað nafn samkvæmt endanlegri dómsniðurstöðu.

37. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 48/1993 um hönnunarvernd og tekur gildi hinn 21. maí 1994.

Iðnaðarráðuneytið, 25. mars 1994.

F. h. r.
Þorkell Helgason.

Ásta Valdimarsdóttir.

VIÐAUKI

Flokkun hönnunar skv. 6. gr.

Flokkur 1	Matvæli.
Flokkur 2	Fatnaður og skófatnaður.
Flokkur 3	Ferðabúnaður, töskur, regnhlífar og aðrir persónulegir hlutir sem ekki tilheyra öðrum flokkum.
Flokkur 4	Burstar.
Flokkur 5	Vefnaðarvörur; lín úr gervi- eða náttúrlegum efnum.
Flokkur 6	Húsgögn.
Flokkur 7	Búsáhöld sem ekki tilheyra öðrum flokkum.
Flokkur 8	Handverkfæri og járnvörur.
Flokkur 9	Umbúðir og ílát til að flytja eða geyma vörur.
Flokkur 10	Klukkur, úr og önnur mælingatæki; eftirlits- og viðvörunartæki.
Flokkur 11	Skartgripir og skrautmunir.
Flokkur 12	Farartæki, flutningatæki og lyftibúnaður.
Flokkur 13	Búnaður til að framleiða, dreifa og umbreyta raforku.
Flokkur 14	Búnaður til gagnaöflunar og gagnavinnslu.
Flokkur 15	Vélar og tæki sem ekki tilheyra öðrum flokkum.
Flokkur 16	Tæki til ljósmyndunar og kvikmyndunar; sjóntæki.
Flokkur 17	Hljóðfæri.
Flokkur 18	Prent- og skrifstofuvélar.
Flokkur 19	Pappírsvörur, skrifborðsáhöld, búnaður fyrir listamenn og kennslutæki.
Flokkur 20	Sölu- og auglýsingabúnaður; skilti.
Flokkur 21	Leikir og spil, leikföng, tjöld og íþróttavörur.
Flokkur 22	Vopn, flugeldar, veiðibúnaður og búnaður til að eyða meindýrum.
Flokkur 23	Búnaður til að flytja vökva; hreinlætis-, hitunar-, loftræsingar- og rakastýringarbúnaður; eldsneyti í föstu formi.
Flokkur 24	Lækningatæki og -búnaður; búnaður fyrir rannsóknarstofur.
Flokkur 25	Byggingareiningar og hlutar til bygginga.
Flokkur 26	Tæki og búnaður til lýsingar.
Flokkur 27	Tóbak og hlutir fyrir reykingamenn.
Flokkur 28	Snyrti-, lyfja- og hreinlætisvörur og -tæki.
Flokkur 29	Tæki og búnaður til eldvarna, slysavarna og björgunarstarfa.
Flokkur 30	Hlutir til umönnunar og vörslu dýra.
Flokkur 31	Vélar og tæki til matar- og drykkjargerðar sem ekki tilheyra öðrum flokkum.
Flokkur 99	Ýmislegt.

REGLUGERÐ

um mat á umhverfisáhrifum.

1. KAFLI
Markmið, gildissvið o.fl.

1. gr.

Markmið.

Markmið reglugerðar þessarar er að tryggja að fram fari mat á umhverfisáhrifum áður en tekin er ákvörðun um framkvæmdir sem kunna vegna staðsetningar, starfsemi sem þeim fylgir, eðlis eða umfangs, að hafa í för með sér umtalsverð áhrif á umhverfi, náttúruauðlindir og samfélag, svo og að tryggja að slíkt mat verði fastur liður í gerð skipulagsáætlana. Til þess að ná þessu markmiði skal meðal annars tryggja aðgang almennings að upplýsingum og gögnum um framkvæmdir sem geta haft umtalsverð áhrif á umhverfið áður en þær hefjast.

2. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um allar framkvæmdir sem kunna að hafa umtalsverð áhrif á umhverfi, náttúruauðlindir og samfélag. Við framkvæmd á mati á umhverfisáhrifum skal beita ákvæðum skipulagslaga nr. 19/1964 og ákvæðum skipulagsreglugerðar nr. 318/1985, ásamt síðari breytingum.

Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda, hefja framkvæmdir, eða staðfesta skipulagsáætlanir samkvæmt skipulagslögum nr. 19/1964, ásamt síðari breytingum, nema ákvæða reglugerðar þessarar hafi verið gætt.

3. gr.

Skilgreiningar.

Í reglugerð þessari merkir:

Almennar leiðsögureglur: Leiðbeiningar, einkum ætlaðar framkvæmdaaðilum og ráðgjöfum þeirra, um tilhögun mats á umhverfisáhrifum, tengsl við önnur lög og reglugerðir og viðurkennda starfshætti.

Framkvæmdaraðili: Ríki, sveitarfélag, stofnun eða fyrirtæki í eigu slíkra aðila að nokkru eða hluta, lögaðili eða einstaklingur er hyggst hefja framkvæmdir sem reglugerð þessi tekur til. Framkvæmdaraðili er verkkaupi þar sem verksamningur liggur til grundvallar réttarsambandi aðila.

Frumathugun: Mat skipulagsstjóra ríkisins á tilkynningu og fylgigögnum um framkvæmd ásamt úrskurði hans.

Leyfisveitandi: Stjórnvald sem veitir leyfi til að hefja framkvæmdir.

Lögbundnir umsagnaraðilar: Lögbundnir aðilar samkvæmt ýmsum lögum.

Mótvægisaðgerðir: Ráðstafanir sem gerðar eru til að forðast, draga úr og ef hægt er, koma í veg fyrir umhverfisspjöll.

Önnur athugun: Afgreiðsla skipulagsstjóra ríkisins á niðurstöðum framkvæmdaraðila úr frekara mati á umhverfisáhrifum, ef þess er krafist eftir frumathugun.

4. gr.

Framkvæmd reglugerðarinnar.

Umhverfisráðherra fer með yfirstjórn þeirra mála sem reglugerð þessi tekur til. Hann ákveður hvort framkvæmdir sem kunna að hafa umtalsverð umhverfisáhrif og ekki eru

taldar upp í 7. gr. þessarar reglugerðar, þurfa að fara í mat á umhverfisáhrifum samkvæmt 8. gr.

Skipulagsstjóri ríkisins annast afgreiðslu matsskyldra framkvæmda samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar.

Framkvæmdaraðili sér um mat á umhverfisáhrifum og ber kostnað af því.

Skipulagsstjóri ríkisins setur almennar leiðsögureglur um framkvæmd og kynningu matsins að teknu tilliti til sérákvæða í lögum.

5. gr.

Mat á umhverfisáhrifum.

Í mati á umhverfisáhrifum skal tilgreina á viðeigandi hátt, bein og óbein, jákvæð og neikvæð, skammtíma og langtíma, afturkallanleg og óafturkallanleg áhrif sem framkvæmdir og fyrirhuguð starfsemi, sem þeim fylgir, kunna að hafa á menn, samfélag og menningu, menningararf, dýr, plöntur og aðra þætti lífríkis, jarðveg, vatn, loft, veðurfar, jarðmyndanir, landslag og samverkan þessara þátta. Þar skal og gera grein fyrir áhrifum framkvæmda á efnisleg verðmæti og því hvaða forsendur liggi til grundvallar matinu.

2. KAFLI.
Framkvæmdir háðar mati á umhverfisáhrifum.

6. gr.

Flokkun framkvæmda.

Framkvæmdum sem háðar eru mati á umhverfisáhrifum er skipt í tvo flokka. Annars vegar eru framkvæmdir sem ávallt skulu háðar mati á umhverfisáhrifum og taldar eru upp í 7. gr., og hins vegar framkvæmdir sem háðar eru mati þegar þær eru taldar geta haft umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. 8. gr. Skal framkvæmdaraðili tilkynna matsskylda framkvæmd til skipulagsstjóra ríkisins eins snemma á undirbúningsstigi og kostur er.

7. gr.

Framkvæmdir sem ávallt eru háðar mati á umhverfisáhrifum.

Eftirtaldar framkvæmdir er ávallt skylt að meta:

1. Vatnsorkuvirkjanir með uppsett afl 10 MW eða meira eða vatnsmiðlanir þar sem meira en 3 km^2 lands fara undir vatn vegna stíflugerðar og vatnsvega og/eða breytinga á árfarvegi.
2. Jarðvarmavirkjanir með varmaafl 25 MW eða meira að hráorku eða 10 MW uppsett afl eða meira og önnur varmaorkuver með 10 MW uppsett afl eða meira.
3. Lagningu háspennulína með 33 kV spennu eða hærri.
4. Efnistökustaði (malarnám) á landi 50.000 m^2 eða stærri að flatarmáli eða þar sem fyrirhuguð efnistaka er meiri en 150.000 m^3.
5. Þjónustumiðstöðvar fyrir ferðamenn utan byggða.
6. Förgunarstöðvar fyrir eitraðan og hættulegan úrgang og almennar sorpeyðingastöðvar þar sem skipuleg förgun á úrgangi fer fram.
7. Verksmiðjur þar sem fram fer frum- eða endurbræðsla á steypujárni, stáli og áli.
8. Efnaverksmiðjur.
9. Lagningu nýrra vega, járnbrauta og flugvalla.
10. Hafnir sem skip stærri en 1.350 tonn geta siglt um.

Enn fremur skal meta umhverfisáhrif framkvæmda sem taldar eru upp í viðauka I með reglugerð þessari.

8. gr.

Framkvæmdir háðar mati á umhverfisáhrifum þegar þær kunna að hafa umtalsverð umhverfisáhrif.

Ráðherra er heimilt að ákveða að tiltekin framkvæmd eða framkvæmdir, sem kunna að hafa í för með sér umtalsverð áhrif á umhverfi, náttúruauðlindir eða samfélag, en ekki er getið í 7. gr. verði háðar mati á umhverfisáhrifum. Þetta getur meðal annars átt við um framkvæmdir sem taldar eru upp í viðauka II. Áður en ákvörðun er tekin um að tiltekin framkvæmd skuli fara í mat á umhverfisáhrifum leitar ráðherra álits skipulagsstjóra og umsagnar framkvæmdaraðila, leyfisveitanda og hlutaðeigandi sveitarstjórna.

Telji framkvæmdaraðili og/eða viðkomandi leyfisveitandi að tiltekin framkvæmd kunni að hafa umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. 1. mgr., ber þeim að tilkynna framkvæmdina til ráðherra. Almenningi er heimilt að tilkynna slíka fyrirhugaða framkvæmd til ráðherra. Í leiðsögureglum, samkvæmt 3. gr., skulu upptalin þau atriði sem hafa ber til hliðsjónar, þegar metið er hvort framkvæmd kunni að hafa umtalsverð umhverfisáhrif.

3. KAFLI.
Frumathugun.

9. gr.

Frumathugun.

Áður en sótt er um leyfi til framkvæmdar sem háð er mati samkvæmt reglugerð þessari skal framkvæmdaraðili senda skipulagsstjóra ríkisins tilkynningu um hana ásamt fylgigögnum. Í fylgigögnum með tilkynningu skal lýsa framkvæmd, m.a. stað, hönnun og umfangi, verkáætlun, hugsanlegri umhverfisröskun, sbr. 5. gr., og fyrirhuguðum mótvægisaðgerðum. Jafnframt skulu koma fram markmið framkvæmdar og ef við á upplýsingar um hvernig markmið falla að stefnumörkun stjórnvalda, ásamt upplýsingum um aðra kosti sem kannaðir hafa verið í sambandi við staðarval eða tilhögun framkvæmdar eftir því sem við á.

Frumathugun hefst þegar tilkynningu, ásamt fullnægjandi fylgigögnum samkvæmt 1. mgr, hefur verið skilað til skipulagsstjóra.

10. gr.

Birting tilkynningar.

Skipulagsstjóri birtir tilkynningu um viðkomandi framkvæmd, ásamt fylgigögnum, innan tveggja vikna frá því að frumathugun hefst samkvæmt 10. gr. Tilkynninguna skal birta með opinberri auglýsingu.

Þegar fylgigögn tilkynningar eru umfangsmikil er heimilt að birta útdrátt úr þeim í auglýsingu þar sem fram komi hvers konar framkvæmd um er að ræða, staður, staðhættir og hvar nálgast megi fylgigögn framkvæmdaraðila.

Skriflegum athugasemdum skal skila til skipulagsstjóra innan fimm vikna frá birtingu auglýsingar.

11. gr.

Samráð við frumathugun.

Skipulagsstjóri ríkisins skal óska eftir umsögnum frá lögboðnum umsagnaraðilum. Þeim skal send tilkynning um framkvæmd ásamt fylgigögnum innan tveggja vikna frá því að tilkynning berst skipulagsstjóra. Jafnframt getur skipulagsstjóri leitað eftir áliti sérfróðra aðila eftir því sem þörf krefur.

Umsagnir skulu vera skriflegar og þurfa að hafa borist skipulagsstjóra innan þriggja vikna frá því að tilkynning berst umsagnaraðilum í hendur nema um annað sé sérstaklega samið.

Umsagnaraðilum ber að gera rökstudda grein fyrir því hvaða þættir framkvæmdar kunna að hafa umtalsverð umhverfisáhrif, meta fyrirhugaðar og/eða benda á mögulegar mótvægisaðgerðir.

12. gr.

Úrskurður skipulagsstjóra ríkisins eftir frumathugun.

Í frumathugun skal skipulagsstjóri ríkisins kanna tilkynningu og fylgigögn framkvæmdaraðila með tilliti til þeirra þátta sem taldir eru upp í 5. gr. Ennfremur skal hann meta umsagnir og athugasemdir sem borist hafa.

Innan átta vikna frá því að skipulagsstjóri hefur birt tilkynningu framkvæmdaraðila skal hann kveða upp rökstuddan úrskurð á grundvelli frumathugunar.

Í úrskurði skal felast:

að fallist er á viðkomandi framkvæmd, með eða án skilyrða. Þetta á við þegar upplýsingar í tilkynningu um framkvæmd og fylgigögnum teljast fullnægjandi og ljóst er að framkvæmd hefur ekki umtalsverð umhverfisáhrif, óæskileg umhverfisáhrif megi fyrirbyggja með mótvægisaðgerðum eða þau séu ásættanleg vegna þess ávinnings sem af framkvæmd hlýst, eða

að ráðist skuli í frekara mat á umhverfisáhrifum. Þetta á við þegar upplýsingar sem fram komu í tilkynningu um framkvæmd og fylgigögnum teljast ekki nægar, eða ljóst er að kanna þarf frekar ákveðna þætti framkvæmdar eða starfsemi, sem haft getur í för með sér óæskileg umhverfisáhrif.

Þegar úrskurður skipulagsstjóra liggur fyrir skal hann kynntur framkvæmdaraðila, umsagnaraðilum og sveitarstjórnum sem hlut eiga að máli. Jafnframt skal birta úrskurðinn með opinberri auglýsingu.

4. KAFLI.
Frekara mat á umhverfisáhrifum framkvæmda.

13. gr.

Frekara mat á umhverfisáhrifum.

Hafi skipulagsstjóri úrskurðað að þörf sé á frekara mati á umhverfisáhrifum skal framkvæmdaraðili meta þá þætti sem tilgreindir eru í úrskurðinum. Þegar mati framkvæmdaraðila lýkur skilar hann skýrslu til skipulagsstjóra með rökstuddum niðurstöðum.

14. gr.

Skýrsla framkvæmdaraðila.

Í skýrslu skal vera efnisyfirlit, lýsing á framkvæmd, staðháttum, náttúrufari og umhverfi, spár um umhverfisáhrif framkvæmdar, aðferðum notuðum við þær, mótvægisaðgerðum og tæknilegum annmörkum svo og aðrar upplýsingar í samræmi við úrskurð skipulagsstjóra, sbr. leiðsögureglur. Skýrslunni skal fylgja ágrip þar sem fram koma helstu efnisatriði.

15. gr.

Önnur athugun.

Önnur athugun hefst þegar skýrsla um frekara mat á umhverfisáhrifum berst skipulagsstjóra ríkisins.

16. gr.

Birting niðurstaðna úr frekara mati.

Skipulagsstjóri skal birta niðurstöður úr frekara mati á umhverfisáhrifum, sbr. 13. og 14. gr., með opinberri auglýsingu innan tveggja vikna frá því að skýrsla framkvæmdaraðila barst.

Í auglýsingu skal birta útdrátt úr matsgögnum þar sem fram komi hvers konar framkvæmd um er að ræða, staður, staðhættir og niðurstöður matsins. Jafnframt skal koma fram hvar nálgast megi skýrslu framkvæmdaraðila.

Skriflegum athugasemdum skal skila til skipulagsstjóra innan fimm vikna frá birtingu auglýsingar.

17. gr.

Samráð við aðra athugun.

Skipulagsstjóri skal óska eftir umsögnum frá lögboðnum umsagnaraðilum við aðra athugun og senda þeim skýrslu framkvæmdaraðila innan tveggja vikna frá því að skipulagsstjóri hefur móttekið hana. Jafnframt getur skipulagsstjóri leitað eftir áliti sérfróðra aðila eftir því sem þörf krefur.

Umsagnir skulu vera skriflegar og þurfa að hafa borist skipulagsstjóra innan þriggja vikna frá því að skýrslan berst umsagnaraðilum í hendur nema um annað sé sérstaklega samið.

Umsagnaraðila ber að kanna hvort fjallað sé á fullnægjandi hátt í skýrslu framkvæmdaraðila um þá þætti framkvæmdar sem tilteknir eru í úrskurði skipulagsstjóra.

Umsagnaraðila ber að meta hvort mótvægisaðgerðir sem tilgreindar eru og heyra undir stjórnsýslusvið hans, séu fullnægjandi.

18. gr.

Úrskurður skipulagsstjóra ríkisins eftir aðra athugun.

Innan átta vikna frá því að skipulagsstjóri hefur birt niðurstöður frekara mats á umhverfisáhrifum skal hann kveða upp rökstuddan úrskurð á grundvelli fyrirliggjandi gagna. Þegar úrskurður skipulagsstjóra liggur fyrir skal hann kynntur framkvæmdaraðila, umsagnaraðilum og sveitarstjórnum sem hlut eiga að máli. Jafnframt skal birta útdrátt úr úrskurðinum með opinberri auglýsingu. Skal almenningur eiga greiðan aðgang að úrskurðinum.

Í úrskurði skal felast:

að fallist er á viðkomandi framkvæmd með eða án skilyrða. Þetta á við þegar ljóst er að framkvæmd hefur ekki umtalsverð umhverfisáhrif, óæskileg umhverfisáhrif megi fyrirbyggja með mótvægisaðgerðum, eða þau séu ásættanleg vegna ávinnings sem af framkvæmd hlýst, eða

að lagst er gegn viðkomandi framkvæmd. Þetta á við þegar ljóst þykir að framkvæmdin muni hafa umtalsverð óæskileg áhrif sem ekki verði komist fyrir með fyrirhuguðum mótvægisaðgerðum og ávinningur nægi ekki til að vega á móti þeim, eða

að krafa er gerð um frekari könnun einstakra þátta. Þetta á við þegar niðurstöður frekara mats teljast ekki fullnægjandi, eða ljóst er að kanna þarf frekar ákveðna þætti framkvæmdar eða starfsemi sem haft getur í för með sér óæskileg umhverfisáhrif, eða framkvæmdaraðili hefur ekki skilað inn gögnum sem beðið var um í frekara mat á umhverfisáhrifum. Þegar könnun framkvæmdaraðila lýkur skilar hann skýrslu til skipulagsstjóra með rökstuddum niðurstöðum og skal málsmeðferð vera samkvæmt 14.-18. gr. reglugerðarinnar.

5. KAFLI.
Skipulagsáætlanir og mat á umhverfisáhrifum.

19. gr.
Mat á umhverfisáhrifum og skipulag.

Við gerð skipulagsáætlana, samkvæmt skipulagslögum nr. 19/1964, skal gera grein fyrir þeim framkvæmdum sem eru fyrirhugaðar og háðar mati á umhverfisáhrifum.

Í greinargerð með skipulagsáætlun skal lýst þeim kostum sem til greina koma varðandi staðarval og þeir bornir saman með tilliti til áhrifa á umhverfið. Þar skal jafnframt koma fram hvort mat á umhverfisáhrifum hafi þegar farið fram á einstökum fyrirhuguðum framkvæmdum. Einnig skal koma fram hvaða framkvæmdir sem ráðgerðar eru samkvæmt skipulagsáætluninni munu ekki heimilaðar nema mat á umhverfisáhrifum fari fram.

6. KAFLI.
Málskotsréttur.

20. gr.
Málskotsréttur.

Úrskurð, sbr. 12. og 18. gr., má kæra til ráðherra innan fjögurra vikna frá því að hann er birtur eða kynntur viðkomandi málsaðila.

Áður en ráðherra kveður upp úrskurð sinn skal hann leita umsagnar skipulagsstjóra, framkvæmdaraðila, leyfisveitenda og sveitarstjórna sem hlut eiga að máli.

Ráðherra skal kveða upp rökstuddan úrskurð innan átta vikna frá því er beiðni barst honum.

7. KAFLI.
Leyfisveitingar, eftirlit o.fl.

21. gr.
Endurtekning á mati á umhverfisáhrifum.

Verði veruleg breyting á þeim forsendum sem lagðar voru til grundvallar við mat á umhverfisáhrifum, er framkvæmdaraðila heimilt að endurtaka matið og óska eftir nýjum úrskurði skipulagsstjóra ríkisins og skal málsmeðferð vera skv. 11.-13. gr. reglugerðar þessarar.

Hafi framkvæmd tafist verulega umfram verkáætlun, sem leyfisveiting byggir á, skal það tilkynnt skipulagsstjóra ríkisins og getur hann þá ákveðið að mat á umhverfisáhrifum skuli endurtekið og skal málsmeðferð vera skv. 11.-13.gr. reglugerðar þessarar.

22. gr.
Framkvæmdaleyfi.

Í leyfi til framkvæmda ber leyfisveitanda að taka fullt tillit til niðurstaðna mats á umhverfisáhrifum og úrskurðar skipulagsstjóra ríkisins.

23. gr.
Eftirlit.

Eftirlit með framkvæmdum sem skipulagsstjóri hefur úrskurðað um, samkvæmt 12. og 18. gr., og veitt hefur verið leyfi fyrir, er í höndum leyfisveitanda.

Komi upp ágreiningur milli leyfisveitanda og framkvæmdaraðila um mat á umhverfisáhrifum sker umhverfisráðherra úr.

8. KAFLI.
Gildistaka o.fl.

24. gr.
Viðurlög.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum. Um meðferð þeirra fer að hætti opinberra mála.

25. gr.
Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 15. gr. laga nr. 63/1993 um mat á umhverfisáhrifum, ásamt breytingu nr. 110/1993 á þeim lögum, að teknu tilliti til skipulagslaga nr. 19/1964 með síðari breytingum, sbr 3. mgr. 4. gr. laga nr. 63/1993 og öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytið, 22. mars 1994.

Össur Skarphéðinsson.

Magnús Jóhannesson.

VIÐAUKI I. sbr. fylgiskjal laga nr. 63/1993 um mat á umhverfisáhrifum.

Framkvæmdir sem alltaf eru háðar mati á umhverfisáhrifum, sbr. 8. gr. reglugerðar:

1. Olíuhreinsunarstöðvar (þó ekki fyrirtæki sem framleiða eingöngu smurolíur úr hráolíu) og mannvirki fyrir kolagösun og þéttingu úr a.m.k. 500 tonnum af kolum eða jarðbiksleir á dag.
2. Varmaorkuver og önnur brennsluver með a.m.k. 300 megavatta hitaafköst og kjarnorkuver og aðrir kjarnakljúfar (nema rannsóknastöðvar með yfir 1 kílóvatts heildarhitaafköst þar sem fram fer umbreyting á kjarnakleyfum efnum og tímgunarefnum).
3. Mannvirki eingöngu ætluð til langtímageymslu eða endanlegrar geymslu á geislavirkum úrgangi.
4. Verksmiðjur með blandaða framleiðslu þar sem fram fer frumbræðsla á steypujárni og stáli.
5. Mannvirki fyrir asbestnám og vinnslu og úrvinnslu á asbesti og afurðum sem innihalda asbest: fyrir afurðir úr asbestsementi með ársframleiðslu sem er yfir 20.000 tonn af fullunnum vörum, fyrir núningsþolin efni með ársframleiðslu sem er yfir 50 tonn af fullunnum vörum og fyrir aðra notkun asbests ef notkun er meiri en sem nemur 200 tonnum á ári.
6. Efnaverksmiðjur með blandaða framleiðslu.
7. Lagning vega, hraðbrauta[1] og langra járnbrauta, svo og flugvalla[2] með 2.100 m langa meginflugbraut eða lengri.
8. Viðskiptahafnir, skipgengar vatnaleiðir og innhafnir sem skip stærri en 1.350 tonn geta siglt um.
9. Förgunarstöðvar þar sem eitraður og hættulegur úrgangur er brenndur, hlýtur efnameðhöndlun eða er urðaður.

[1] Í þessari tilskipun merkir „hraðbraut“: hraðbraut samkvæmt skilgreiningu í Evrópusamningnum um aðalumferðaræðar milli landa frá 15. nóvember 1975.

[2] Í þessari tilskipun merkir „flugvöllur“: flugvöllur samkvæmt skilgreiningunni í Chicago-samþykktinni frá 1944 um stofnun Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (14. viðauki).

VIÐAUKI II.

Á eftirfarandi lista eru dæmi um framkvæmd og rekstur sem kann að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif. Lista þennan skal hafa til hliðsjónar þegar metið er hvort tilkynna beri fyrirhugaða framkvæmd, sbr. 8. gr. reglugerðarinnar.

1. Orkumál.
1.1. Stöðvar þar sem unnið er rafmagn, gufa og heitt vatn og tengd mannvirki.
1.2. Búnaður til að flytja raforku, vatn, gufu, olíu og gas.
1.3. Birgðageymslur fyrir jarðefnaeldsneyti ofanjarðar og neðan.
1.4. Stöðvar þar sem geislavirkum úrgangi er safnað saman eða hann unninn.
1.5. Jarðborun vegna jarðhita- og neysluvatns.
1.6. Olíuvinnsla.
1.7. Jarðgasvinnsla.

2. Málmvinnsla.
2.1. Málmsteypur.
2.2. Stálsmíði og stálskipagerð.
2.3. Völsunar-, víra- og stangaverksmiðjur.
2.4. Nagla- og skrúfuframleiðsla.
2.5. Vélaframleiðsla.
2.6. Blikksmiðjur.
2.7. Vinnsla á málmum í raftækniðnaði, t.d. rafgeymaverksmiðjur og verkstæði.
2.8. Zink- og krómhúðun málma.
2.9. Brotajárnsgeymslur.

3. Glerframleiðsla.
3.1. Verksmiðjuframleiðsla á gleri.

4. Efnaiðnaður.
4.1. Olíumalar- og malbikunarstöðvar.
4.2. Lím- og málningarvöruframleiðsla.
4.3. Hreinlætisvöruframleiðsla.
4.4. Lyfja- og snyrtivöruframleiðsla.
4.5. Efnalaugar.
4.6. Plastframleiðsla.
4.7. Prentiðnaður.

5. Sjávarútvegur.
5.1. Eldi sjávarlífvera.
5.2. Þang- og þaraskurður.
5.3. Veiðar botndýra á grunnsævi.

6. Landbúnaður.

6.1. Framkvæmdir er breyta landnotkun eða landnýtingu utan þéttbýlis.
6.2. Áveitur eða framræsla.
6.3. Nýræktun skóga og uppgræðsla lands.
6.4. Búfjár- og dýrahald.
6.5. Fisk- og seiðaeldisstöðvar og hvers konar annað eldi sjávar- og ferskvatnslífvera.

7. Jarðefnavinnsla.

7.1. Vinnsla jarðefna, s.s. leirs, sands, malar, skeljasands, vikurs, gjalls, kísilgúrs, salts og hvers konar bergs til mannvirkjagerðar og iðnaðar.
7.2. Málmgrýtisvinnsla.

8. Matvælaiðnaður.

8.1. Sláturhús.
8.2. Kjötvinnsla.
8.3. Framleiðsla á mjöli og feiti úr sláturúrgangi.
8.4. Mörbræðsla og tólgarframleiðsla.
8.5. Niðursuðuverksmiðjur.
8.6. Reykhús og reykofnar.
8.7. Vinnsla fisks og annarra sjávarafurða.
8.8. Lifrarbræðsla.
8.9. Fituhersla.
8.10. Fiskimjölsverksmiðjur.
8.11. Mjólkurstöðvar.
8.12. Framleiðsla mjólkurdufts.
8.13. Smjörlíkisgerð.
8.14. Kaffibrennsla.
8.15. Kartöfluvinnsla.
8.16. Framleiðsla á kartöflumjöli og sterkju.
8.17. Kæli- og frystigeymslur.
8.18. Öl-, gos- og svaladrykkjargerð.
8.19. Sykurverksmiðjur.
8.20. Sælgætis- og sýrópsgerð.

9. Textíl-, leður-, timbur- og pappírsiðnaður.

9.1. Verksmiðjur þar sem fram fer ullarþvottur, fitusneyðing og bleiking.
9.2. Framleiðsla á trefjaplötum, spónaplötum og krossviði.
9.3. Framleiðsla á trjákvoðu, pappír og pappa.
9.4. Trefjalitunarverksmiðjur.
9.5. Vinnsla og framleiðsla á beðmi.
9.6. Sútunarstöðvar og skinnaverkun.

10. Gúmmíiðnaður.

10.1. Framleiðsla og meðhöndlun vara úr teygjanlegum gerviefnum

11. Starfsemi er snertir vélknúin farartæki.
11.1. Kappaksturs-, æfinga- og kennslubrautir.
11.2. Bifreiða- og vélaverkstæði.
11.3. Ryðvarnarverkstæði.
11.4. Smurstöðvar.
11.5. Bensínstöðvar.

12. Aðrar framkvæmdir.
12.1. Endurvinnslustöðvar.
12.2. Útrásadælustöðvar
12.3. Skólphreinsistöðvar.
12.4. Förgunarsvæði fyrir úrgang skólphreinsistöðva (seyru).
12.5. Spennistöðvar.
12.6. Prófunarstöðvar fyrir vélar, hverfla eða „reaktora".
12.7. Framleiðsla, pökkun og hleðsla skothylkja með púðri og sprengiefnum.
12.8. Orlofsþorp, hótel eða fjallaskálar.
12.9. Bygging skíðalyftna og kláfa.
12.10. Skurðgröftur og flóðgarðagerð.
12.11. Stíflugerð og fiskvegir.
12.12. Vatnsmiðlanir og breytingar á árfarvegi.
12.13. Lagning vatnsveitna.
12.14. Landfyllingar.
12.15. Hafnagerð.

30. mars 1994 Nr. 180

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn Vestmannaeyja og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 196/1988, sbr. samþykkt nr. 420/1992 og 407/1993.

1. gr.

2. málsliður 1. mgr. 49. gr. samþykktarinnar orðist svo:
Aðal- og varabæjarfulltrúar, sem kosningu hafa hlotið af sama farmboðslista, eru varamenn kjörins bæjarráðsmanns af sama lista og í þeirri röð sem þeir skipuðu listann.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Vestmannaeyja hefur sett, samkvæmt 3. mgr. 7. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 með síðari breytingum, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 30. mars 1994.

F. h. r.
Húnbogi Þorsteinsson.

Sesselja Árnadóttir.

REGLUGERÐ

um bann við togveiðum fyrir Suðausturlandi.

1. gr.

Frá og með 1. maí 1994 til og með 14. maí 1994 eru allar togveiðar bannaðar fyrir Suðausturlandi innan 9 sjómílna frá viðmiðunarlínu sbr. 3. gr. laga nr. 81/1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Að vestan markast svæðið af 18°V og að austan af línu, sem dregin er réttvísandi austur frá Hvítingum (viðmiðunarpunktur 9).

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 5. apríl 1994.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

Nr. 182 7. apríl 1994

AUGLÝSING

um verðjöfnun vegna útflutnings sjávarafurða í aprílmánuði 1994.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 39, 15. maí 1990, um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins, hefur hlutfall af andvirði sjávarafurða sem inn- og útgreiðslur skulu miðast við vegna útflutnings í aprílmánuði 1994 verið ákveðið sem hér segir:

1. Skreið ..... Útborgun 8,5%

Ofangreind útborgun er af reikningi deildar fyrir viðkomandi afurð úr Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins. Reynist innstæða reiknings ekki hrökkva til greiðslu ákvarðaðs útborgunarhlutfalls vegna útflutnings viðkomandi afurðar í aprílmánuði, skal lækka útborgun hlutfallslega.

Sjávarútvegsráðuneytið, 7. apríl 1994.

Þorsteinn Pálsson.

Gylfi Gautur Pétursson.

GJALDSKRÁ

vegna hundahalds í Þórshafnarhreppi á árinu 1994.

1. gr.

Gjald fyrir að halda hund í Þórshafnarhreppi, sbr. 2. gr. c staflið samþykktar frá 15. maí 1991 skal vera kr. 6.000 á árinu 1994. Gjaldið greiðist fyrirfram á gjalddaga 1. júní 1994. Innifalið í leyfisgjaldinu er hundahreinsunargjald.

2. gr.

Handsömunargjald skv. 3. gr. samþykktar frá 15. maí 1991 skal vera kr. 2.500 í fyrsta skipti, kr. 5.000 í annað skipti og kr. 8.000 í þriðja skipti.

3 gr.

Um vexti af vangreiddum gjöldum skv. gjaldskrá þessari gilda almennar reglur.

4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Þórshafnarhrepps skv. 22. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, staðfestist hér með með ofangreindum gildistíma.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 29. mars 1994.

F. h. r.
Páll Sigurðsson.

Sólveig Guðmundsdóttir.

6. apríl 1994 Nr. 184

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 274, 28. júní 1993, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 1. september 1993 til 31. ágúst 1994.

1. gr.

5. tl. 3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

5. Innfjarðarrækja samtals:	7 150	lestir
þ.a. Eldey	600	lestir
þ.a. Arnarfjörður	850	lestir
þ.a. Ísafjarðardjúp	2 500	lestir
þ.a. Húnaflói	1 000	lestir
þ.a. Skagafjörður	500	lestir
þ.a. Skjálfandi	800	lestir
þ.a. Öxarfjörður	900	lestir

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, öðlast þegar gildi. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 105, 7. mars 1994.

Sjávarútvegsráðuneytið, 6. apríl 1994.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 26 – 1994

12. apríl 1994 557 Nr. 185

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 72, 17. febrúar 1994, um friðun hrygningarþorsks á vetrarvertíð 1994.

1. gr.

2. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. eru hrognkelsaveiðar, innfjarðarækjuveiðar, hörpudisksveiðar og ígulkeraveiðar heimilar þeim, sem tilskilin leyfi hafa til þeirra veiða innan svæðisins.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 12. apríl 1994.

Þorsteinn Pálsson.

Þórður Eyþórsson.

Stjórnartíðindi B 26, nr. 185. Útgáfudagur 12. apríl 1994.

B 39

Steindórsprent Gutenberg hf.

STJÓRNARTÍÐINDI B 27 – 1994

Nr. 186 558 6. apríl 1994

GJALDSKRÁ

fyrir afrit eða ljósrit, sem afhent eru á grundvelli stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

1. gr.

Gjaldtökuheimild.

Stjórnvaldi er heimilt að krefja aðila máls um greiðslu fyrir afrit, endurrit eða ljósrit af skjölum er mál hans varða og aðili óskar eftir að fá afhent á grundvelli IV. kafla stjórnsýslulaga.

2. gr.

Ljósrit.

Stjórnvaldi er heimilt að krefja aðila máls um greiðslu kr. 5 fyrir hverja blaðsíðu skjals í stærðinni A-4 og A-5, sem er ljósrituð, allt að 11 blaðsíðum, en kr. 3 fyrir ljósrit af hverri blaðsíðu umfram það.

Fyrir ljósrit skjals í stærðinni A-3 er stjórnvaldi heimilt að krefja aðila máls um kr. 7 fyrir hvert ljósrit, en kr. 9 fyrir hvert ljósrit skjals í stærðinni A-2.

3. gr.

Afrit.

Þegar skjal er afritað/endurritað að beiðni aðila máls, er heimilt að krefja hann um greiðslu kr. 100 fyrir hverja blaðsíðu.

4. gr.

Aðkeypt þjónusta.

Þegar stjórnvald hefur ekki aðstöðu til þess að afrita eða ljósrita skjöl, er því heimilt að fela öðrum aðila að sjá um það.

Stjórnvaldi er heimilt að synja um afrit eða ljósrit af skjölum ef skjölin eru þess eðlis eða fjöldi þeirra svo mikill að slíkt er verulegum vankvæðum bundið, sbr. 2. málsl. 1. mgr. 15. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Þó getur stjórnvald í þessum tilvikum ákveðið að fela öðrum aðila að sjá um afritun eða ljósritun skjala telji það slíkt unnt.

Þegar um aðkeypta þjónustu er að ræða, sbr. 1. og 2. mgr., skal aðili máls greiða kostnað af þjónustu við fjölföldun þeirra skjala, sem keypt er með framangreindum hætti.

5. gr.

Gildistaka o.fl.

Gjaldskrá þessi er sett á grundvelli 3. málsl. 1. mgr. 15. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 og öðlast þegar gildi.

Forsætisráðuneytið, 6. apríl 1994.

F. h. r.
Ólafur Davíðsson.

Þórhildur Líndal.

Steindórsprent Gutenberg hf.

REIKNINGUR

Tryggingarsjóðs viðskiptabanka 1993.

Rekstrarreikningur tryggingadeildar 1. janúar til 31. desember 1993.

	Skýr.	1993	1992
Tekjur:			
Árgjöld viðskiptabanka	1	0	117.997.405
Vextir og verðbætur af verðbréfum		117.351.873	118.240.251
Vextir af bankainnstæðum		70.990	46.837
Tekjur samtals		117.422.863	236.284.493
Gjöld:			
Stjórnarlaun		2.168.366	1.381.553
Annar rekstrarkostnaður		334.439	200.000
Verðbreytingagjöld		39.126.803	16.812.053
Gjöld samtals		41.629.608	18.393.606
Hreinar tekjur		**75.793.255**	**217.890.887**

Efnahagsreikningur tryggingadeildar 31. desember 1993.

	Skýr.	1993	1992
Eignir:			
Innstæða í Seðlabanka Íslands		2.580.866	403.858
Verðbréf	2	1.422.817.561	1.309.129.316
Áfallnir vextir		304.805	0
Eignir samtals		1.425.703.232	1.309.533.174
Skuldir:			
Lánadeild	3	1.250.000	0
Ógreiddur kostnaður		200.000	200.000
Skuldir samtals		1.450.000	200.000
Eigið fé:			
Frá fyrra ári		1.309.333.174	1.074.630.234
Hreinar tekjur samkvæmt rekstrarreikningi		75.973.255	217.890.887
Verðbreytingagjöld		39.126.803	16.812.053
Eigið fé samtals		1.424.253.232	1.309.333.174
Skuldir og eigið fé samtals		**1.425.703.232**	**1.309.533.174**

Rekstrarreikningur lánadeildar 1. janúar til 31. desember 1993.

	Skýr.	1993	1992
Tekjur:			
Lántökugjöld		1.250.000	
Vextir af verðbréfum		2.311.111	0
Tekjur samtals		3.561.111	0
Gjöld:			
Vaxtagjöld		2.311.111	0
Gjöld samtals		2.311.111	0
Hreinar tekjur		**1.250.000**	**0**

Efnahagsreikningur lánadeildar 31. desember 1993.

Eignir:		
Tryggingadeild	1.250.000	
Verðbréf	1.000.000.000	0
Áfallnir vextir	2.311.111	0
Eignir samtals	**1.003.561.111**	**0**
Skuldir:		
Endurlán ríkissjóðs	500.000.000	0
Landsbanki Íslands	500.000.000	0
Áfallin vaxtagjöld	2.311.111	0
Skuldir samtals	1.002.311.111	0
Eigið fé:		
Frá fyrra ári	0	0
Hreinar tekjur samkvæmt efnahagsreikningi	1.250.000	0
Eigið fé samtals	1.250.000	0
Skuldir og eigið fé samtals	**1.003.561.111**	**0**

Skýringar með ársreikningi 1993.

Skýr. 1:

Viðskiptaráðherra ákvað, að á árinu 1993 skyldu viðskiptabankarnir ekki greiða árgjöld til Tryggingarsjóðs viðskiptabanka.

Skýr. 2:

Verðbréfaeign sjóðsins sundurliðast á eftirfarandi hátt:

Spariskírteini ríkissjóðs	kr.	1.414.084.998
Skuldabréf ríkissjóðs	"	8.732.563
Samtals	kr.	1.422.817.561

Spariskírteini eru uppreiknuð með áföllnum vöxtum og verðbótum miðað við 1. janúar 1994. Á skuldabréf ríkissjóðs eru reiknaðar verðbætur miðað við lánskjaravístölu, sem tók gildi 1. janúar1994.

Skýr. 3:

Samkvæmt lögum nr. 43/1992 um viðskiptabanka og sparisjóði skal Tryggingarsjóður viðskiptabanka starfa í 2 deildum, tryggingadeild og lánadeild, sem hafa aðskilinn fjárhag og reikningshald. Vegna þessa eru fyrir sjóðinn gerðir 2 ársreikningar. Sjóðurinn hefur aðeins einn bankareikning og er því mismunur inn- og útborgana vegna lánadeildar færður sem inneign hennar hjá tryggingadeild en hjá tryggingadeild er þessi sami munur færður sem skuld við lánadeild. Rekstrarkostnaður sjóðsins er gjaldfærður hjá tryggingadeild enda hófst starfsemi lánadeildar í raun ekki fyrr en seinast á árinu.

Skýr. 4:

Viðskiptabankarnir hafa gefið út yfirlýsingar um, að þeir ábyrgist skuldbindingar sjóðsins að því marki, sem á vantar, að eigið fé hans nemi 1% af heildarinnlánum á hverjum tíma. Innborguð árgjöld hafa verið framreiknuð til samræmis við þetta. Framreiknuð árgjöld og ábyrgðir miðað við 31. desember 1993 eru sýnd á yfirlitunum hér á eftir. Samkvæmt þeim nemur eigið fé sjóðsins hinn 31. desember 1993 kr. 142.444.442 hærri fjárhæð en nemur 1% af heildarinnlánum viðskiptabankanna í árslok 1993, samkvæmt bráðabirgðatölum.

Árgjöld viðskiptabanka

Banki	Árgjöld 1986-1992	Árgjöld 1993	Samtals	%	Framreiknuð árgjöld
Búnaðarbanki	174.268.958	0	174.268.958	24,400	347.517.422
Íslandsbanki	203.379.583	0	203.379.583	28,476	405.568.205
Landsbanki	336.569.253	0	336.569.253	47,124	671.167.605
Samtals	714.217.794	0	714.217.794	100,000	1.424.253.232

Staða viðskiptabanka

Banki	Heildarinnlán 31.12.1993	1% heildarinnl.	Framreiknuð árgjöld	Árgjöld umfram 1%
Búnaðarbanki	32.455.377	324.553.770	347.517.422	22.963.652
Íslandsbanki	34.894.641	348.946.410	405.568.205	56.621.795
Landsbanki	60.830.861	608.308.610	671.167.605	62.88858.995
Samtals	128.180.879	1.281.808.790	1.424.253.232	142.444.442

Áritun endurskoðenda

Ársreikning þennan fyrir Tryggingarsjóð viðskiptabanka höfum við endurskoðað. Ársreikningurinn samanstendur af rekstrarreikningi 1993, efnahagsreikningi 31. des. 1993 ásamt skýringum. Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju og voru í því sambandi gerðar þær kannanir, sem nauðsynlegar þóttu.

Að okkar áliti gefur ársreiknigurinn skýra mynd af afkomu og efnahag sjóðsins fyrir árið 1993.

Reykjavík, 16. mars 1994.

Stefán Svavarsson
löggiltur endurskoðandi

Gunnlaugur Arnórsson
aðalendurskoðandi Seðlabanka Íslands

Áritun stjórnar

Reykjavík, 29. mars 1994.

Þorkell Helgason
formaður.

Birgir Ísleifur Gunnarsson. **Ólafur Örn Ingólfsson.**

Stefán Pálsson. **Þórhallur Arason.**

Valur Valsson.

Staðfesting viðskiptaráðherra

Viðskiptaráðuneytið, mars 1994.

Sighvatur Björgvinsson.

Nr. 188 14. apríl 1994

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 615/1987, um frádrátt vegna gjafa til menningarmála o.fl.

1. gr.

Við 2. gr. bætist nýr stafliður er orðist svo:

e. Stjórnmálaflokkar.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í 2. tölul. 31. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 14. apríl 1994.

F. h. r.
Snorri Olsen.

Bragi Gunnarsson.

REGLUR

um björgunar- og öryggisbúnað íslenskra skipa.

1. gr.

Gildissvið og skilgreiningar.

1.1. Ákvæði þessara reglna taka til allra íslenskra skipa og báta, sem eru 6 metrar eða lengri. Þar sem lengd skipa er tilgreind í reglum þessum er átt við mestu lengd.

1.2. Íslensk skip, er falla undir ákvæði alþjóðlegra samninga um öryggi mannslífa á hafinu og Ísland er aðili að skulu jafnframt uppfylla ákvæði þeirra samninga.

1.3. Skilgreiningar:

1. **Björgunarfar** er far, sem ætlað er til björgunar manna í hafsnauð.
2. **Lífbátur** (a rigid lifeboat) er björgunarfar gert úr tré, áli, stáli, trefjaplasti eða öðru sambærilegu efni.
3. **Gúmmíbjörgunarbátur** (an inflatable liferaft) er björgunarfar, sem er uppblásanlegt en geymt óuppblásið og tilbúið til notkunar.
4. **Slöngubjörgunarbátur** (liferaft) er björgunarfar, sem er uppblásið og tilbúið til sjósetningar.
5. **Léttbátur** (rescue boat) er björgunarfar, sem ávallt er tilbúið til sjósetningar, ætlað til aðstoðar í nánd við skipið.
6. **Björgunarhringur** er hringur úr flothæfu föstu efni, sem skal ekki vera stærri í þvermál en 800 mm, innra þvermál ekki minna en 400 mm og getur borið 14,5 kg. af járni í ferskvatni í 24 tíma.
7. **Björgunarvesti** (lifejacket) er fleytibúnaður til að íklæðast.
8. **Björgunarbúningur** er einangrandi þurrbúningur ætlaður til að koma í veg fyrir ofkælingu.
9. **Endurskinsmerki** er merki, sem endurkastar ljósi.
10. **Kasthringur** (rescue quoit) er lítill flothringur með 30 m línu.
11. **Flotlykkja** er flothæft kastbelti með 30 m línu, sem kasta má til nauðstadds manns.
12. **Losunarbúnaður gúmmíbjörgunarbáta** er handvirkur/sjálfvirkur búnaður sem losar festingar gúmmíbjörgunarbáta.
13. **Sjósetningarbúnaður** er búnaður til að sjósetja björgunarför.
14. **Handblys** er kyndill sem haldið er á.
15. **Flugeldur** er blys sem skotið er á loft.
16. **Línubyssa** er áhald búið til að skjóta flaug með línu.
17. **Björgunarnet** er net til að auðvelda að ná manni um borð í skip.
18. **Siglingaljós** er ljósker til að greina stöðu og stefnu skips.
19. **Öryggislitur** (safety colour) er skær/áberandi litur til að auðvelda að koma auga á skip.
20. **Farþegar** eru allir þeir, sem ekki eru í áhöfn skips eða eru starfandi um borð vegna skipsins. Börn undir eins árs aldri teljast ekki til farþega.
21. **Nýtt skip** er skip sem hafin er smíði á eftir gildistöku þessara reglna.
22. **Gamalt skip** er skip sem ekki er nýtt.

2. gr.

Viðurkenning og fyrirkomulag búnaðar o.fl.

2.1. Öll björgunar- og öryggistæki og tengdur búnaður, þ.m.t. lögboðin siglingatæki, eru háð viðurkenningu Siglingamálastofnunar ríkisins.

2.2. Óski framleiðandi eftir viðurkenningu skal hann leggja inn til Siglingamálastofnunar ríkisins fullnægjandi teikningar og upplýsingar um búnaðinn ásamt prófunarskýrslum viðurkennds prófunaraðila, þar sem fram kemur að búnaðurinn hafi verið prófaður skv. aðferð sem Siglingamálastofnun hefur samþykkt. Siglingamálastjóra er heimilt að viðurkenna búnað á annan hátt telji hann það jafngilt. Ekki má breyta samþykktum búnaði án samþykkis Siglingamálastofnunar ríkisins.

Allur búnaður, sem sótt er um viðurkenningu á til Siglingamálastofnunar ríkisins skv. reglum þessum, skal prófaður hjá óháðum aðila í samræmi við nánari ákvörðun Siglingamálastofnunar ríkisins.

2.3. Sérhver bátur eða skip, sem undir þessar reglur fellur, skal ávallt hafa um borð þann búnað sem krafist er skv. reglum þessum og þann búnað, sem tilgreindur er fyrir viðkomandi stærð af skipi í tilsvarandi töflum.

2.4. Skipstjóra ber að sjá um að allur öryggis- og björgunarbúnaður sé í lagi, að honum sé vel við haldið og sé ávallt tilbúinn til notkunar. Honum ber ennfremur að sjá svo um, að skipverjum sé leiðbeint um staðsetningu og notkun björgunar- og öryggistækja. Skipstjóra ber einnig að sjá svo um, að allar undan- og aðkomuleiðir, þ.m.t. neyðarútgangar að björgunartækjum skipsins, séu greiðfærar.

2.5. Öllum björgunar- og öryggisbúnaði skal þannig komið fyrir um borð í skipum, að hann sé vel aðgengilegur, þurfi að grípa til hans. Staðsetning björgunar- og öryggistækja er háð samþykki Siglingamálastofnunar ríkisins.

2.6. Þegar fyrirhuguð er nýsmíði skipa, breytingar á gömlu skipi, sem áhrif hefur á staðsetningu björgunar- og öryggisbúnaðar og neyðarútganga, eða innflutningur skips, skal senda Siglingamálastofnun ríkisins til athugunar og samþykkis teikningu, er sýni gerð og staðsetningu björgunar- og öryggisbúnaðar skipsins.

2.7. Eftirfarandi kröfur eru gerðar til staðsetningar björgunarbúnaðar:

1. Björgunartæki skal staðsetja sem næst vistarverum áhafnar og þar sem áhöfnin er við störf.
2. Hvorki stoðir, stög né aðrar hindranir skulu vera í vegi við losun og sjósetningu björgunarbáta. Skal sérstaklega hugað að því, að gúmmíbjörgunarbátur geti ekki lent inn undir neðri þilför skips eða skorðast af undir handriðum eða mastursstögum.
3. Björgunarbelti og björgunarbúninga skal geyma á áberandi stað eða í hirslum, sem eru skýrt merktar.
4. Flugelda og blys skal geyma í vatnsheldu íláti á áberandi merktum stað.

2.8. Leiðbeiningar um notkun öryggistækja, svo sem línubyssu, flugelda og slökkvitækja skulu vera á íslensku og/eða með skýrum myndatextum.

3. gr.

Björgunarvesti og björgunarbúningar.

3.1. Öll skip sem reglur þessar ná til, skulu búin björgunarvestum fyrir alla um borð með þeim frávikum sem um getur í 3.3. og 3.4. Óheimilt er að hafa í skipum óviðurkennd björgunarvesti.

3.2. Björgunarvesti, sem ekki eru klædd endurskinsefni, skulu búin fjórum endurskinsmerkjum 5 x 15 cm að stærð eða sex merkjum 5 x 10 cm að stærð.

3.3. Í flutningaskipum er falla undir ákvæði Alþjóðasamþykktar um öryggi mannslífa á hafinu frá 1974 (SOLAS) er heimilt að samþykkja björgunarbúninga skv. gr. 3.5. í stað björgunarvesta.

3.4. Á skipum styttri en 12 m má meta björgunarbúninga jafngilda björgunarvestum.

3.5. Hvert skip 12 m að lengd eða lengra skal búið björgunarbúningum fyrir alla skipverja.

3.6. Björgunarbúninga skal staðsetja ofan við aðalþilfar. Þegar það er eigi unnt án meiriháttar breytinga á skipinu, er Siglingamálastofnun ríkisins heimilt að samþykkja aðra staðsetningu í skipum minni en 24 m.

3.7. Björgunarbúningar skulu skoðaðir skv. nánari fyrirmælum Siglingamálastofnunar ríkisins.

4. gr.

Björgunarhringir.

4.1. Öll skip skulu búin björgunarhringjum, einum eða fleiri.

4.2. Ef fjöldi þeirra björgunarhringja, sem tilgreindur er í töflum, er tveir eða fleiri, skal helmingur þeirra búinn sjálfkveikjandi ljósgjöfum, sem festir eru við þá. Ef fjöldi björgunarhringja, sem krafist er, er sex eða fleiri skulu tveir af þeim björgunarhringjum, sem búnir eru sjálfvirkum ljósgjöfum jafnframt búnir sjálfvirkum reykmerkjum. Bjarghringir þessir skulu staðsettir einn hvoru megin, tilbúnir til sjósetningar frá stjórnpalli, eða sem næst útgöngu frá stjórnpalli.

4.3. Fjöldi, staðsetning og gerð björgunarhringja á farþega- og vöruflutningaskipum skulu vera skv. töflu III, eða fleiri í samræmi við kröfur í reglu 7, kafla III í SOLAS 1974.

4.4. A.m.k. einn björgunarhringur og einn á hvorri hlið skipsins, þegar fjöldi björgunarhringja er sex eða fleiri, skal búinn flothæfri línu. Línan skal vera a.m.k. 27,5 m löng. Þessir björgunarhringir mega ekki bera sjálfkveikjandi ljós.

4.5. Við skutrennu fiskiskipa, þar sem gert er ráð fyrir að afli sé tekinn um borð, skulu vera tveir björgunarhringir sem búnir eru ljósgjöfum, sinn hvoru megin.

4.6. Björgunarhringi skal merkja varanlega og greinilega með skipaskrárnúmeri.

4.7. Björgunarhringir skulu búnir fjórum endurskinsmerkjum, 5 cm breiðum, sem fest eru utan um hringina með jöfnu millibili.

4.8. Á bátum allt að 8 m að lengd má hafa flothæfan kasthring eða flotlykkju í stað björgunarhrings.

4.9. Í skipum, utan farskipa, sem hafa skulu fleiri en einn björgunarhring, er heimilt að hafa flotlykkju í stað eins björgunarhrings með línu.

5. gr.

Björgunarför.

5.1. Stærðir gúmmíbjörgunarbáta og staðsetning.

5.1.1. Ekki má nota minni en 6 manna gúmmíbjörgunarbáta í skipum, sem eru stærri en 12 m að lengd. Á skipum 12 - 15 m að lengd er þó heimilt að annar gúmmíbjörgunarbáturinn sé fjögurra manna, enda séu ekki fleiri en fjórir skipverjar á skipinu.

5.1.2. Gúmmíbjörgunarbátum skal þannig fyrir komið um borð í skipum, að auðvelt sé að grípa til þeirra og koma þeim í sjó. Á skipum, sem hafa tvo eða fleiri gúmmíbjörgunarbáta, skal bátunum sem næst jafndreift á bæði borð. Miðað skal við burðargetu. Á skipum þar sem brottfararstaður í gúmmíbjörgunarbáta er lægri en 4,5 m yfir sjólínu létthlaðins skips, er heimilt að nota gúmmíbjörgunarbáta,

sem varpað er fyrir borð. Á nýjum skipum þar sem brottfararstaður í gúmmíbjörgunarbáta er hærri en 4,5 m yfir sjólínu létthlaðins skips, skal vera hægt að sjósetja gúmmíbjörgunarbátinn fullhlaðinn frá brottfararstað, samkvæmt neyðaráætlun viðkomandi skips. Gúmmíbjörgunarbátar, sem ekki eru í losunar- og sjósetningarbúnaði skv. 7. gr. þessara reglna, skulu búnir sjálfvirkum sleppibúnaði sé þess krafist í gildandi alþjóðasamþykkt eða íslenskum reglum.

5.1.3. Gúmmíbjörgunarbátar stærri en 12 manna skulu staðsettir við skipshlið, þannig að sjósetning sé auðveld án búnaðar, ella skulu þeir sjósettir með sjósetningarbúnaði sem óháður er orku skipsins.

5.2. *Björgunarför fiskiskipa.*

5.2.1. Fiskiskip undir 8 m að lengd sem er í förum á tímabilinu frá 30. september til 1. maí skal vera búið gúmmíbjörgunarbáti.

5.2.2. Fiskiskip 8 - 12 m að lengd skal búið gúmmíbjörgunarbáti sem rúmar a.m.k. alla skipverja.

5.2.3. Fiskiskip 12 - 30 m að lengd skal búið tveimur eða fleiri gúmmíbjörgunarbátum sem samanlagt rúma minnst tvöfaldan fjölda skipverja.

5.2.4. Fiskiskip 30 - 45 m að lengd skal, til viðbótar því sem tilgreint er í lið 5.2.3. hér að ofan, búið léttbáti með vél, sem rúmar minnst fimm menn. Heimilt er að hafa lokaðan vélknúinn lífbát, sem rúmar alla skipverja, í stað eins gúmmíbjörgunarbátsins. Ef lífbáturinn uppfyllir einnig kröfur um léttbáta er heimilt að falla frá kröfu um sérstakan léttbát.

5.2.5. Fiskiskip 45 m eða lengra skal búið björgunarbátum skv. einum af eftirgreindum liðum:

A. Minnst þremur gúmmíbjörgunarbátum, sem samanlagt rúma minnst tvöfaldan fjölda skipverja, og vélknúnum léttbáti sem rúmar a.m.k. sex menn.

B. Tveimur lífbátum, sem hvor um sig rúmar alla skipverja, og gúmmíbjörgunarbátum, sem rúma 1,5 sinnum fjölda skipverja. Lífbátarnir skulu vera staðsettir hvor á sinni hlið skipsins og skal að minnsta kosti annar þeirra vera vélknúinn.

C. Einum vélknúnum lífbáti sem rúmar alla skipverja og gúmmíbjörgunarbátum sem rúma 1,5 sinnum fjölda skipverja. Fyrirkomulag og staðsetning lífbátsins skal vera á þann veg að setja megi bátinn út til beggja hliða skipsins eða aftur af því.

D. Slöngubjörgunarbáti, einum eða fleiri, sem hver um sig rúmar alla skipverja. Vélknúnum léttbáti sem rúmar minnst sex menn og gúmmíbjörgunarbátum, sem rúma 1,5 sinnum fjölda skipverja. Sé skipið búið tveimur slöngubjörgunarbátum skulu þeir staðsettir hvor á sinni hlið skipsins. Ef aðeins er einn slöngubjörgunarbátur, skal staðsetning hans og fyrirkomulag vera á þann veg, að setja megi bátinn út til beggja hliða skipsins eða aftur af því.

5.3. *Björgunarför vöruflutningaskipa.*

5.3.1. Um vöruflutningaskip, sem er minna en 200 brl. að stærð, gilda ákvæði gr. 5.2. þessara reglna og þá miðað við lengd skips.

5.3.2. Vöruflutningaskip 200 - 500 brl. skal búið björgunarförum skv. einum eftirtalinna liða:

A. Tveimur eða fleiri gúmmíbjörgunarbátum, sem samanlagt rúma minnst tvöfaldan fjölda skipverja svo og vélknúinn léttbát, sem rúmar minnst 5 menn.

B. Yfirbyggðan vélknúinn lífbát, sem jafnframt uppfyllir kröfur um léttbát og hægt er að sjósetja á bæði borð, eða fellur aftur af skipinu, og rúmar alla skipverja svo og tvo gúmmíbjörgunarbáta, sem samanlagt rúma alla skipverja.

C. Tveimur lífbátum, einum hvoru megin, sem hvor um sig rúmar alla skipverja og tvo gúmmíbjörgunarbáta, sem samanlagt rúma alla skipverja, svo og vélknúinn léttbát, er rúmar 5 manns. Ef annar lífbáturinn er vélknúinn og uppfyllir einnig kröfur um léttbáta, er heimilt að falla frá kröfu um sérstakan léttbát.

D. Einum lífbát, og einum gúmmíbjörgunarbát á gagnstætt borð, sem hvor um sig rúmar alla skipverja, svo og einn eða fleiri gúmmíbjörgunarbáta sem samanlagt rúma alla skipverja. Einnig vélknúinn léttbát sem rúmar 5 manns. Ef lífbáturinn er vélknúinn og uppfyllir einnig kröfur um léttbáta er heimilt að falla frá kröfu um sérstakan léttbát.

5.3.3. Vöruflutningaskip 500 brl. og stærri og skip, sem falla undir gildandi Alþjóðasamþykkt um öryggi mannslífa á hafinu frá 1974 (SOLAS) skulu hafa þau björgunarför, sem samþykktin mælir fyrir um.

5.3.4. Vöruflutningaskip, 500 brl. stærð og stærri, sem smíðuð eru eftir gildistöku þessara reglna skulu, þar sem ákvæði alþjóðasamþykkta mæla fyrir um lífbáta, búin yfirbyggðum lífbátum af viðurkenndri gerð.

5.4. Björgunarför farþegaskipa.

5.4.1. Á farþegaskipum, sem gildandi Alþjóðasamþykkt um öryggi mannslífa á hafinu frá 1974 (SOLAS) nær til svo og öðrum farþegaskipum 500 brl. og stærri skulu vera björgunarför í samræmi við þá samþykkt.

5.4.2. Farþegaskip í strandsiglingum 15 m og lengri allt að 500 brl., skulu hafa björgunarför fyrir minnst 150% þess fjölda, sem um borð er. Farþegaskip þar sem heildarfjöldi þeirra, sem um borð eru, er meiri en 200, skulu hafa vélknúna lífbáta fyrir 30% þeirra sem um borð eru. Farþegaskip 30 m og lengri skulu hafa vélknúinn léttbát. Hægt er að samþykkja björgunarbát sem léttbát, ef hann uppfyllir einnig kröfur til léttbáta. Á tímabilinu frá 1. maí til 30. september er siglingamálastjóra heimilt að leyfa tímabundið annan fjölda björgunarfara, þó þannig að björgunarförin séu ávallt ætluð 20% fleiri en um borð eru.

5.4.3. Á litlum farþegaskipum, sem sigla innan fjarða (flóabátum og ferjum) getur siglingamálastjóri veitt undanþágu frá lífbátunum og leyft annan búnað eða aukinn fjölda gúmmíbjörgunarbáta og leyft annan fjölda björgunarfara á tímabilinu frá 1. maí til 30. september, þó þannig að björgunarförin séu ávallt ætluð 20% fleiri en um borð eru.

5.4.4. Skip 12 - 15 m að lengd, sem flytja farþega við strendur Íslands svo og á vötnum skulu hafa gúmmíbjörgunarbáta fyrir 20% fleiri en um borð eru.

5.4.5. Skip minni en 12 m að lengd, sem flytja farþega við strendur Íslands, svo og á vötnum, skulu hafa gúmmíbjörgunarbáta fyrir alla um borð.

5.4.6. Heimilt er að falla frá kröfu um gúmmíbjörgunarbát fyrir alla um borð í skipum minni en 15 m að lengd, sem sigla eingöngu á stuttum afmörkuðum leiðum, þar sem fjarlægð milli brottfarar- og áfangastaðar er minni en 3 sjómílur og fjarlægð frá næsta landi er aldrei meiri en 1 sjómíla. Meta skal hlutfall björgunarfara miðað við farþega hverju sinni.

5.4.7. Kröfur um björgunarför fyrir skemmtibáta eru hinar sömu og fyrir fiskiskip af tilsvarandi stærð.

5.4.8. Siglingamálastofnun ríkisins ákveður hverju sinni, hvaða björgunarförum önnur skip en fiskiskip, vöruflutningaskip og farþegaskip skulu búin.

6. gr.

Merking björgunarfara.

6.1. Á hvern lífbát og slöngubjörgunarbát skal merkja með skýrum og varanlegum stöfum stærð bátsins og fjölda þeirra manna, sem báturinn er gerður fyrir. Þá skal skrá beggja megin á bóg bátsins nafn og heimahöfn skips þess, sem báturinn tilheyrir eða skipaskrárnúmer.

6.2. Á sérhvern gúmmíbjörgunarbát og umbúðir hans eða geymsluhylki skal skrá þann fjölda manna, sem báturinn er gerður fyrir, nafn framleiðanda, framleiðsluár og númer. Á umbúðir bátsins skal skrá dagsetningu síðustu skoðunar og nafn þess eftirlitsaðila sem skoðaði.

6.3. Á báðar hliðar lífbáta skal, upp við og ofan á borðstokk með 80 cm millibili, festa endurskinsmerki. Nægilegt er að hafa fjögur merki á hvorri hlið og hvorum borðstokk á bátum sem eru lengri en 7,3 m (24 fet) og þrjú á styttri bátum. Þar sem hlífðartjalds er krafist á björgunarbátum skulu tvö merki, eins og að ofan greinir, límd í kross á miðjan topp tjaldsins.

6.4. Léttbátar skulu búnir tveimur til fjórum endurskinsmerkjum á hvorri hlið þannig að sjáanleg séu af sjó og úr lofti. Sé á þeim hlífðartjald skal á það límdur kross eins og ofan greinir.

6.5. Gúmmíbjörgunarbátar skulu búnir endurskinsmerkjum skv. nánari ákvæðum er Siglingamálastofnun ríkisins setur.

7. gr.

Losunar- og sjósetningarbúnaður gúmmíbjörgunarbáta.

7.1. Flutninga- og farþegaskip, sem falla undir ákvæði Alþjóðasamþykktar um öryggi mannslífa á hafinu frá árinu 1974 (SOLAS), skulu vera búin losunarbúnaði á gúmmíbjörgunarbátum í samræmi við kafla III, reglu 38.6.

7.2. Hvert skip, 8 m eða lengra, önnur en skip, sem falla undir gr. 7.1. og skemmtibátar styttri en 15 m, skulu vera búnir a.m.k. einum gúmmíbjörgunarbáti, sem unnt er að losa og undirbúa til hefðbundinnar notkunar með einu handtaki. Einnig skal vera hægt að losa gúmmíbjörgunarbátinn með einu handtaki frá stjórnpalli eða öðrum hentugum stað (fjarstýring). Jafnframt skal gúmmíbjörgunarbáturinn festur með sjálfvirkum búnaði, sem losar bátinn og ræsir uppblástur hans.

7.3. Á skipum 15 m eða lengri skal losunarbúnaðurinn skv. ákvæðum gr. 7.2. jafnframt vera sjósetningarbúnaður, er flytur gúmmíbjörgunarbátinn út fyrir síðu skipsins. Losunarbúnaður skv. gr. 7.2. og sjósetningarbúnaður skv. þessari grein skal uppfylla þær kröfur sem Siglingamálastofnun setur um álag, ísingu og virkni.

7.4. Staðsetning og frágangur losunar- og sjósetningarbúnaðar gúmmíbjörgunarbáta er háður samþykki Siglingamálastofnunar ríkisins.

7.5. Gúmmíbjörgunarbátar, sem komið er fyrir í losunar- og sjósetningarbúnaði skv. reglum þessum og gengið hefur verið frá á þann hátt, að þeir byrji að blásast upp um leið og þeir losna, skulu vera merktir með greinilegum límmiða á umbúðum bátanna um frágang tengingar.

7.6. Losunar- og sjósetningarbúnað skal skoða árlega í samræmi við fyrirmæli Siglingamálastofnunar. Siglingamálastofnun er heimilt að veita sérstökum aðilum heimild til að annast skoðun og viðhald losunar- og sjósetningarbúnaðar. Skoðunargjöld fyrir losunar- og sjósetningarbúnað gúmmíbjörgunarbáta skulu ákveðin af samgönguráðherra.

7.7. Skipum smíðuðum fyrir 1. mars 1988 er heimilt að hafa sjósetningarbúnað samkvæmt eldri reglum.

7.8. Önnur skip er falla undir reglur þessar skulu uppfylla viðeigandi ákvæði reglna þessara við útgáfu haffærisskírteina árið 1995.

8. gr.

Annar búnaður.

8.1. Skip skulu hafa blys og flugelda í samræmi við töflur I, II og III. Flugeldar og handblys skulu endurnýjuð á fjögurra ára fresti, en fyrr ef vafi leikur á gæðum þeirra.

8.2. Skip skulu búin línubyssu með skotum ásamt línu í samræmi við töflu II og III. Heimilt er að nota línubyssu fyrir eitt skot, eða línubyssu af gerð, sem nota má til að skjóta fleiri skotum. Þar sem krafist er fjögurra skota skulu fylgja tveir flothausar.

8.3. Skip stærri en 15 m að lengd skulu búin a.m.k. einum ljóskastara. Skal langdrægni hans miðuð við að lýsing sé minnst 1 lux í þeirri fjarlægð sem hér segir:

Stærð skips	Langdrægni ljóskastara
Skip 15 - 24 m:	450 m
Skip 24 - 45 m:	750 m
Skip 45 m og lengri:	1000 m

8.4. Í öllum skipum 15 m og lengri skal vera sérstaklega útbúið net eða jafngildur búnaður til að ná manni úr sjónum.

8.5. Í öllum skipum 24 m að lengd eða lengri og öllum tvíþilja fiskiskipum skal vera lóðsstigi.

8.6. Á borðháum skipum þar sem brottfararstaður í björgunarfar er hærri en 3 m skal vera einn stigi við sjósetningarstað á hvorri hlið skipsins og ná niður að sjólínu miðað við létthlaðið skip. Framangreint á við þar sem ekki er inngreyptur stigi eða jafngildi við sjósetningarstað.

8.7. Á öllum nýjum fiskiskipum skal vera fastur inngreyptur stigi á hvorri hlið skipsins, sem nær að sjólínu, eða er ekki meira en 0,5 m fyrir ofan sjólínu létthlaðins skips.

8.8. Búnaður björgunarfara skal fullnægja ákvæðum viðauka við reglur þessar.

8.9. Á skipum lengri en 15 m skulu brottfararstaðir í björgunarför svo og allar undankomuleiðir frá vistarverum, vinnslurýmum og vélarrúmum, merktar með viðurkenndum táknum og lýstar með neyðarlýsingu.

9. gr.

Eftirlit og viðhald björgunarfara.

9.1. Öll björgunarför eru háð árlegu eftirliti Siglingamálastofnunar ríkisins.

9.2. Gúmmíbjörgunarbátar skulu skoðaðir a.m.k. einu sinni á ári á sérstökum þjónustustöðvum, er hlotið hafa leyfi siglingamálastjóra til að annast eftirlit og viðhald gúmmíbjörgunarbáta.

9.3. Siglingamálastjóri setur þjónustustöðvum gúmmíbjörgunarbáta starfsreglur um menntun starfsmanna, húsnæði og annað er að þjónustunni lýtur. Starfsleyfi skal gefa út til takmarkaðs tíma, þó aldrei lengur en til 5 ára í senn.

9.4. Að lokinni skoðun gúmmíbjörgunarbátanna, útfyllir skoðunarmaður skýrslu um skoðunina í þríriti. Heldur eftirlitsstöðin einu eintaki, annað eintak skal afhent skipstjóra til varðveislu og þriðja eintakið skal afhent Siglingamálastofnuninni.

10. gr.

Siglingatæki og sjókort.

10.1. Í öllum skipum skal vera einn fast uppsettur vökvaáttaviti sem sést vel á frá stýrisstað og uppfyllir kröfur ISO staðals 2269. Í skipum 12 m og lengri skal rós áttavita ekki vera minni en 100 mm í þvermál. Í skipum styttri en 12 m er heimilt að hafa áttavita með minna þvermáli rósar.

10.2. Á skipum 30 m og stærri skulu vera tveir uppsettir áttavitar. Skal annar þeirra vera vökvaáttaviti. Sé annar áttavitinn gíróáttaviti skal vökvaáttavitinn þannig staðsettur, að hægt sé að sjá á hann frá stýrisstað skipsins og einnig skal vera hægt að nota hann til siglingafræðilegra athugana. Flutninga- og farþegaskip 500 brl. og stærri smíðuð eftir 1. september 1984 skulu búin gíróáttavita.

10.3. Uppsettum áttavitum skal komið fyrir sem næst miðlangskurðarfleti skipsins og þannig, að segulskekkju verði haldið innan hæfilegra marka með réttum búnaði. Slíkum áttavitum skal eftir því, sem aðstæður leyfa komið fyrir sem fjærst öllu járni, sérlega hreyfanlegum hlutum. Rafalar, rafmótorar, rafgeymar og önnur rafmagnstæki skulu höfð það langt frá áttavitum að þau trufli þá ekki. Einnig skal gæta þess að rafmagnsleiðslur í námunda við áttavita hafi ekki truflandi áhrif á þá. Áttavitar skulu ávallt lýstir á viðunandi hátt.

Nánari skilgreining staðsetningar áttavita er í eftirfarandi viðauka úr samþ. IMO nr. 382 (x) um áttavita.

Staðsetning.

1. Seguláttavitar og búnaður þeirra skal staðsettur, ef mögulegt er, í eða sem næst miðlínu skips. Stýrisstrikið skal gefa til kynna stefnu skipsins með nákvæmninni ± 0,5°.

2. Aðaláttaviti skal staðsettur þannig, að frá honum megi óhindrað gera siglingafræðilegar athuganir. Stýrisáttaviti skal vera þannig staðsettur, að gott sé að lesa á hann frá stjórnveli skipsins.

3. Seguláttaviti skal staðsettur eins langt frá segulmögnuðum efnismössum og hægt er. Minnsta fjarlægð aðaláttavita frá segulmögnuðu efni, sem er hluti skipsins skal vera í samræmi við kröfur Siglingamálastofnunar.
Meðfylgjandi línurit sýnir viðmiðanir (almennar) um æskilegar lágmarksfjalægðir milli segulmagnaðra hluta og aðaláttavita. Æskilegar lágmarksfjarlægðir fyrir stýrisáttavita er heimilt að minnka niður í 65% af þeim gildum, sem gefin eru í línuriti að því gefnu að engin fjarlægð sé minni en 1m. Ef eingöngu er um að ræða stýrisáttavita, skal nota gefnar fjarlægðir fyrir aðaláttavita, að svo miklu leyti sem mögulegt er.

4. Fjarlægð seguláttavita frá rafmagns- eða segulmögnuðum tækjum skal vera að minnsta kosti jöfn þeirri öruggu fjarlægð, sem upp er gefin fyrir tækið og Siglingamálastofnun hefur viðurkennt.
_____ Heilir segulmagnaðir efnismassar s.s. plötur, skilrúm.
..... Ytri brúnir segulmagnaðra efnismassa, t.d. efri brúnir þilja, skilja og

skil-rúma. Ytri brúnir burðarbita, stög, styttur, bómur, siglur og tilsvarandi. Segulmagnaðir hreyfanlegir efnismassar, s.s. davíður (bátauglur), loftræstibúnaður, hurðir o.fl. stærri einingar með breytilegu segulsviði, t.d. reykháfar.

10.4. Allir áttavitar eiga að vera leiðréttir og leiðréttingartafla eða segulskekkjulínurit skal ávallt vera aðgengilegt. Í öllum skipum þar sem ekki er færð bók yfir segulskekkjuathuganir, skal á ekki meira en tveggja ára millibili gerð fullkomin áttavitaleiðrétting. Einnig skal leiðrétta áttavita oftar ef ástæða þykir til vegna viðgerða, breytinga á skipi eða af öðrum ástæðum. Leiðrétting og skoðun áttavita skal vera í höndum manna sem til þess hafa hlotið viðurkenningu siglingamálastjóra.

10.5. Sérhvert skip skal hafa nýjustu útgáfu nauðsynlegra sjókorta, þ.e. yfirsiglinga- og sérkort. Nauðsynleg tæki skulu vera til að setja út í sjókort svo og vitaskrár, flóðtöflur og nauðsynlegar leiðsögubækur fyrir þau svæði sem fyrirhugað er að sigla um. Leiðréttingar, sem fram koma eftir útgáfu korts og birtar eru í tilkynningum til sjófarenda skulu færðar í kortin. Aðrar leiðréttingar sem birtar eru skal heimfæra þar sem við á.

10.6. Skip 15 m og lengri skulu hafa vegmæli. Vegmælar mega vera patent-, þrýsti- eða gegnstreymisvegmælar. Einnig vegmælar og hraðamælar sem innbyggðir eru í siglingatæki.

11. gr.

Siglingaljós, merki og öryggislitir.

11.1. Öll skip skulu hafa siglinga- og merkjaljós þau sem alþjóðasiglingareglur gera ráð fyrir og ennfremur hin fyrirskipuðu dagmerki. Fyrirkomulag og styrkleiki siglingaljósa skal vera skv. alþjóðasiglingareglum.

11.2. Skip, 24 m og lengri skulu hafa alþjóðamerkjafánann G = „mig vantar hafnsögumann“ og skýringar á alþjóðamerkjum á spjöldum í brú. Skip 45 m og lengri skulu búin alþjóðamerkjafánum og merkjabók/leiðbeiningum.

11.3. Til vara skulu vera eftirtalin ljósker, sem óháð eru aðalvélum skipsins; hliðarljós, toppljós, afturljós, akkerisljós og tvö rauð ljós til að sýna að skip sé ekki undir stjórn. Undanþegin þessu eru fiskiskip minni en 15 m, ennfremur fiskiskip 15 - 30 m, hafi þau fleiri en einn rafal eða varaljósavél ofan þilfars, sem gefið getur orku til siglingaljósa. Þó skulu skip í þessum stærðarflokki búin rauðu ljósunum tveimur, sem að ofan getur.

11.4. Á öllum skipum 6 m eða lengri, en undir 30 m að lengd, skal ávallt vera til taks hvítt ljósker, handlukt eða vasaljós, sem gefur frá sér skæra birtu.

11.5. Á skipum 15 m og lengri skulu vera um borð varaperur fyrir hvert ljósker.

11.6. Farið skal að alþjóðasiglingareglum varðandi tæki til hljóðmerkja. Frávik eru heimil á skipum undir 8 m.

11.7. *Öryggislitur.*

11.7.1. Öll skip allt að 15 m að lengd skulu vera með öryggislit á stýrishúsi eða siglu, ef um seglskip er að ræða. Öryggisliturinn skal vera sem hér segir: Á þakbrún stýrishúss skal vera rönd a.m.k. 15 cm breið kringum húsið en á seglbátum án stýrishúss a.m.k. 0,2 m^2 flötur á siglu, ofan yfirbyggingar.

11.7.2 Á skipum, sem eru án stýrishúss, eða með stýrishús þar sem ekki er hægt að uppfylla kröfu um 15 cm breiða rönd við þakbrún stýrishúss, er staðsetning öryggislitar heimil að því tilskildu:

að öryggisliturinn sjáist vel allan hringinn í kringum skipið

að öryggisliturinn sé á yfirbyggingu, skjólborðum eða föstum búnaði ofan

við borðstokk/þilfar skipsins
að heildarflatarmál öryggislitar sé ekki minna en 1,0 m^2
að rendur öryggislitar séu minnst 7,5 cm breiðar.

11.7.3. Öryggislitur skal vera rauður endurskinslitur eða öryggislitur sem uppfyllir gildi skv. sænska staðlinum SS 019102:

Litartónn: Y60R - Y70R
Litarstyrkur: $C \geq 90$
Sverta: S = 00-05
Rauð „Fluorcent" málning telst jafngildi ofangreindrar öryggismálningar.

12. gr.

Annar búnaður.

12.1. Í sérhverju skipi 12 m og lengra skal vera eitt eintak af eftirfarandi ritum og bókum:
- almanak, sjómannaalmanak ef um fiskiskip er að ræða
- lög um eftirlit með skipum
- siglingalög
- alþjóðasiglingareglur
- sjómannalög og auk þess þær aðrar reglur og bækur, sem siglingalög mæla fyrir um og eitt eintak af reglum þessum.

12.2. Í sérhverju skipi 8 m eða lengra, skal leiðbeiningarspjöldum um notkun gúmmíbjörgunarbáta og leiðarvísi um merkjagjafir við björgun úr sjávarháska komið fyrir á áberandi stað í skipinu.

12.3. Skip búin miðunarstöð skulu hafa um borð skrá yfir radíóvita.

12.4. Öll skip skulu búin þjóðfána. Hann skal vera hæfilega stór með tilliti til stærðar skipsins og skal hann líta óaðfinnanlega út.

12.5. Í skipum 24 m og lengri skal hengja upp neyðaráætlun, þar sem fram koma verkefni og skyldur skipverja, þegar hættu ber að höndum svo og teikning af fyrirkomulagi öryggisbúnaðar. Í sömu skipum skal koma fyrir neyðarmerkjabúnaði, þ.e. bjöllum eða sírenum, sem nota skal til að gera viðvart um yfirvofandi hættu. Sé neyðarmerkjabúnaðurinn tengdur aðalraforkubúnaði skipsins skal hann jafnframt tengdur neyðarraforkugjafa þess. Stjórnun búnaðarins skal vera í brú. Hljóðmerkin skulu vera auðheyranleg og auðgreinanleg í vistarverum og á öðrum þeim svæðum þar sem gera má ráð fyrir að menn séu að störfum.

Hljóðmerkin skulu vera sem hér segir:
1. Almenn viðvörun: sjö stutt og eitt langt, endurtekið.
2. Viðvörun um eldsvoða: síendurtekið stutt merki.
3. Fyrirmæli um að skipið skuli yfirgefið: stöðugur hljómur.

Stutt hljóð varir í um það bil 1 sekúndu.
Langt hljóð varir í 4 - 6 sekúndur.

13. gr.

Björgunar- og eldvarnaræfingar.

13.1. Um borð í skipum er falla undir gildandi Alþjóðasamþykkt um öryggi mannslífa á hafinu (SOLAS) og Alþjóðasamþykkt um öryggi fiskiskipa (Torremolinos), þegar hún hefur tekið gildi, skal halda björgunar- og eldvarnaræfingar, í samræmi

við þær. Skip 24 m og lengri, sem ekki falla undir ofangreindar samþykktir, skulu halda björgunar- og eldvarnaræfingar einu sinni á 3 mánaða fresti. Björgunar- og eldvarnaræfingar skulu færðar í eftirlitsbók skips.

14. gr.

Gildistaka o.fl.

14.1. Samgönguráðuneytið getur veitt heimild til að víkja frá reglugerð þessari, þegar sérstökum ástæðum er til að dreifa, ef annað fyrirkomulag, efni eða búnaður telst jafngilt að mati Siglingamálastofnunar ríkisins.

14.2. Falli af einhverjum ástæðum niður viðurkenning á búnaði sem heimilt var að nota fram að gildistöku þessarar reglugerðar, er heimilt að nota slíkan búnað áfram þar til siglingamálastjóri ákveður annað, enda komi ekkert fram við árlega skoðun er dragi úr upphaflegu gildi búnaðarins.

14.3. Brot gegn ákvæðum reglna þessara varða refsingu samkvæmt VII. kafla laga nr. 35 30. apríl 1993 um eftirlit með skipum.

14.4. Reglur þessar, sem settar eru skv. lögum nr. 35, 30. apríl 1993 um eftirlit með skipum, staðfestast hér með til að öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi reglur um björgunarbúnað og öryggisbúnað íslenskra skipa nr. 325/1985 ásamt breytingum nr. 171/1987, 80/1988, 412/1988, 130/1990 og 316/1991.

Samgönguráðuneytið, 21. mars 1994.

Halldór Blöndal.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

TAFLA I.

Búnaður 4ra manna gúmmíbjörgunarbáta.
Equipment in 4 man Icelandic liferafts.

	Heiti Name	Flokkar Class			
		1	2	3	
1.	Flothæfur kasthringur með 30 m langri línu	3	3	3	3
	Buoyant rescue quoit with 30 m buoyant line	3 X	3 X	3 X	3
2.	Hnífur	3	3	3	3
	Knife	3 X	3 X	3 X	3
3.	Ósökkvanleg austurtrog	3	3	3	3
	Buoyantant bailer	3 X	3 X	3 X	3
4.	Svampur	3	3	3	3
	One sponge	3 X	3 X	3 X	3
5.	Vararekakkeri	3	3	3	3
	Reserve sea anchor	3 X	3	3	3
6.	2 stk. ósökkvanlegar árar	3	3	3	3
	Two buoyant paddles	3 X	3 X	3	3
7.	Dósahnífur	3	3	3	3
	One can opener	3 X	3 X	3 X	3
8.	1/2 lyfjakista nr. 4 (sjá viðauka)	3	3	3	3
	1/2 first aid box no. 4 (see appendix)	3 X	3 X	3	3
9.	Flauta	3	3	3	3
	One whistle	3 X	3 X	3 X	3
10.	2 fallhlífarflugeldar	3	3	3	3
	Two rocket parachute flares	3 X	3 X	3 X	3
11.	3 handblys	3	3	3	3
	Three handflares	3 X	3 X	3 X	3
12.	Vatnsþétt vasaljós m/aukarafhlöðum	3	3	3	3
	Waterproof electric light with spare set of batteris and blub	3 X	3 X	3 X	3
13.	Notkunarreglur á íslensku	3	3	3	3
	Instruction in Icelandic language	3 X	3 X	3 X	3
14.	160 g sykur fyrir hvern mann	3	3	3	3
	160 g sugar for each person	3 X	3	3	3
15.A	0,5 lítra vatn fyrir hvern mann	3	3	3	3
	0.5 liter water for each person	3 X	3	3	3
15.B	0,25 lítra vatn fyrir hvern mann	3	3	3	3
	0,25 liter water for each person	3	3 X	X	3
16.	Drykkjarmál ryðfrítt	3	3	3	3
	One rustproof drinking cup	3 X	3 X	3 X	3
17.	Varmapoki fyrir hvern mann	3	3	3	3
	Thermal protective aid for each person	3 X	3 X	3 X	3
18.	Loftdæla	3	3	3	3
	One air pump (bellow)	3 X	3 X	3 X	3
19.	Viðgerðarbúnaður með lekatoppum á 20	3	3	3	3
	Repair kit with leak stoppers	3 X	3 X	3 X	3
20.	Neyðarsendir á 121,5 og 243 MHz	3	3	3	3
	Emergency radio beacon on 121,5 and 243 MHz	3 X	3 X	3 X	3

Flokkur nr. 1 Heimilaður til notkunar í skip allt að 15 m (sjá gr. 5).
Flokkur nr. 2 Heimilaður til notkunar í skip allt að 12 m
Flokkur nr. 3 Heimilaður til notkunar í skip allt að 8 m

TAFLA II.

Búnaður skipa allt að 15 metrar.

	Fiskiskip og vinnubátar		**Skemmti- og farþegabátar**	
*** Stærð skipa í m**	**6 - 12**	**12 - 15**	**6 - 12**	**12 - 15**
Áttaviti	1 stk	1 stk	1 stk	1 stk.
Björgunarbúningar		3.5		3.5
Björgunarför	5.2.1 - 5.2.2	5.2.3	5.4.5 - 5.4.7	5.4.4 - 5.4.7
Björgunarvesti	3.1 / 3.4	3.1	3.1	3.1
Björgunarhringir	1 stk	1 stk	1 stk	1 stk
Flugeldar	3 stk	4 stk	3 stk	4 stk
Handblys	3 stk	4 stk	3 stk	4 stk
Ljóskastari				
Lyfjaskrín skv. regl. J13	1 stk	1 stk	1 stk	1 stk
Sjókort	10.5	10.5	10.5	10.5
Sjónauki		1 stk		1 stk
Skipsklukkur				
Vatnshelt vasaljós	1 stk	1 stk	1 stk	1 stk
Þokulúður	1 stk		1 stk	
Flauta og bjalla		11.6		11.6
Þjóðfáni	1 stk	1 stk	1 stk	1 stk
Siglingaljós og merki	11.1 & 11.4	11.1 & 11.4	11.1 & 11.4	11.1 & 11.4

* Stærð er mesta lengd

TAFLA III.

Búnaður fiskiskipa 15 metrar og lengri.

Stærð skipa í metrum	15 - 24 m	24 - 30 m	30 - 45 m	45 og lengri
Áttaviti	1 stk	1 stk	2 stk	2 stk
Bergmálsdýptarmælir	1 stk	1 stk	1 stk	1 stk
Björgunarbúningar	3.5	3.5	3.5	3.5
Björgunarför	5.2.3	5.2.3	5.2.4	5.2.5
Björgunarvesti	3.1	3.1	3.1	3.1
Björgunarhringir	2 stk	4 stk	6 stk	8 stk
Flugeldar	6 stk	8 stk	10 stk	12 stk
Handblys	6 stk	8 stk	10 stk	12 stk
Ísaxir, barefli	4 stk	6 stk	8 stk	10 stk
Léttbátar			5.2.4	5.2.5
Línubyssur/skot með línu	2 stk	3 stk	4 stk	4 stk
Ljóskastari	1 stk	1 stk	1 stk	1 stk
Loftvog	1 stk	1 stk	1 stk	1 stk
Lyfjaskrín skv. regl. J13	1 stk	1 stk	1 stk	1 stk
Miðunarskífa				1 stk
* [1] Morslampi (daglampi)		* 1 stk	1 stk	1 stk
Neyðaráætlun, björgun		12.5	12.5	12.5
Flauta og bjalla	11.6	11.6	11.6	11.6
Sextant og sjóúr				
Skipsklukkur	1 stk	1 stk	2 stk	2 stk
Sjókort	10.5	10.5	10.5	10.5
Sjónauki	1 stk	1 stk	1 stk	2 stk
Vegmælir	1 stk	1 stk	1 stk	1 stk
Þjóðfáni	1 stk	1 stk	1 stk	1 stk
Merkjafánar	11.2	11.2	11.2	11.2
Siglingaljós og merki	11.1	11.1	11.1	11.1
Björgunarnet	1 stk	1 stk	1 stk	1 stk
Vasaljós	1 stk	1 stk		

* Skal vera í skipum 24 m og lengri sem sigla milli landa.

TAFLA IV.

Búnaður vöruflutninga- og farþegaskipa.

Stærð skipa í metrum	**15 m - 200 brl**	**200 - 500 brl**	**> 500 brl**
Áttaviti	2 stk	2 stk	* [1] 2 stk
Bergmálsdýptarmælir	1 stk	1 stk	1 stk
Björgunarbúningar	3.5	3.5	3.5
Björgunarför	5.2	5.3.2	5.3.3
* [2] Björgunarhringir	4 stk	6 stk	8 stk
Björgunarvesti	3.1	3.1	3.1 & 3.3
Flugeldar	8 stk	10 stk	12 stk
Handblys	8 stk	10 stk	12 stk
Ísaxir, barefli	4 stk	8 stk	10 stk
Léttbátar			1 stk
Línubyssur	2 stk	4 stk	4 stk
Ljóskastari	1 stk	1 stk	1 stk
Loftvog	1 stk	1 stk	1 stk
Lyfjaskrín skv. regl. J13	1 stk	1 stk	1 stk
Miðunarskífa		1 stk	1 stk
* [3] Morslampi		1 stk	1 stk
Neyðaráætlun, bjöllur og teikningar	12.5	12.5	12.5
Flauta og bjalla	11.6	11.6	11.6
Sextant og sjóúr		1 stk	1 stk
Skipsklukkur	1 stk	2 stk	2 stk
Sjókort	10.5	10.5	10.5
Sjónauki	1 stk	1 stk	1 stk
Vegmælir	1 stk	1 stk	1 stk
Þjóðfáni	1 stk	1 stk	1 stk
Merkjafánar	11.2	11.2	11.2
Siglingaljós og merki	11.1	11.1	11.1
Björgunarnet	1 stk	1 stk	1 stk

* 1. Skip sem smíðuð eru eftir 1. september 1984 skulu búin einum gíróáttavita.

* 2. Sjá gr. 4.1.1.

* 3. Skal vera í skipum yfir 150 brl. sem sigla milli landa.

VIÐAUKI

Búnaður björgunarfara.

1. Búnaður líftáta.

1. Flothæfar árar í öll ræði sem fest eru við bátinn með keðju eða á annan hátt.
2. Tveir krókstjakar.
3. Flothæf ausa og tvær fötur.
4. Tvær axir, hvor í sínum enda bátsins.
5. Góður áttaviti í nátthúsi, lýstur á viðunandi hátt.
6. Vatnsþétt vasaljós, sem nota má til merkjagjafa, ásamt vararafhlöðu og peru í vatnsþéttum umbúðum.
7. Merkjagjafaspegill til dagnota.
8. Leiðbeiningar um merkjagjafir milli björgunar- og skipbrotsmanna á vatnsheldu spjaldi.
9. Leiðbeiningahandbók um björgun.
10. Fjórir rauðir fallhlífarflugeldar og sex rauð handblys.
11. Tvö flothæf reykmerki (til dagnota).
12. Flauta til hljóðmerkjagjafar.
13. Rekakkeri með langri, sterkri línu.
14. Tvær bátsfestar sín úr hvorum enda bátsins.
15. Tvær 30 m flotlínur með kasthring.
16. Vatnsþétt ílát með 3 l á mann, eða með 2 l á mann ásamt tæki til að framleiða 1 l á mann á dag. Einnig ryðfrí ausa í taug og ryðfrítt drykkjarílát.
17. Matarskammtur (minnst 10.000 kj = kílójoule) fyrir hvern mann, sem báturinn rúmar, í loftþéttum ílátum og vatnsþéttum umbúðum.
18. Lyfjaskrín nr. 4, skoðist í lyfjabúð annað hvert ár.
19. Hnífur með dósaskerara, festur við bátinn.
20. Handdæla.
21. Varmapoki fyrir hvern mann, sem báturinn ber.
22. Radarspegill.
23. Leitarljós, sem dugar samfellt í 3 klst.
24. Fiskilína með sökku og öngli.
25. Handverkfæri til minni lagfæringa á vél og tilheyrandi.
26. Handslökkvitæki til að slökkva olíuelda.
27. Siglingamálastofnun getur veitt undanþágu frá ákvæðum 17. - 24. tl. hér að framan, ef ferðum skipsins er þannig háttað, að mati hennar, að ónauðsynleg megi teljast.

2.1. Búnaður gúmmíbjörgunarbáta sex manna og stærri.

1. Flothæfur kasthringur með a.m.k. 30 m langri flotlínu.
2. Gúmmíbjörgunarbátur, fyrir sex til ellefu menn, skulu búnir tveimur hnífum og einu austurtrogi, en stærri bátar tveimur hnífum og tveimur austurtrogum.
3. Tveir svampar.
4. Tvö rekakkeri með línu; annað skal varanlega fest við gúmmíbjörgunarbátinn, hitt til vara.
5. Tvær árar.
6. Viðgerðarútbúnaður, sem hægt er að nota til að gera við leka á lofthólfum.
7. Lofthanddæla, sem hægt er að tengja við stúta á bátnum til þess að bæta á hann lofti, ef með þarf og dæla upp tvöfalda botninn.

8. Þrír dósahnífar, þar sem þeirra er þörf.
9. Lyfjaskrín nr. 4 í vatnsþéttum umbúðum, sem skoðist í lyfjabúð annað hvert ár. Að auki sjóveikipoki fyrir sérhvern í bátnum.
10. Ryðfrítt drykkjarílát með mælistrikum.
11. Vatnsþétt vasaljós hæft til morssendinga, ásamt einni vararafhlöðu og varaperu í vatnsheldum umbúðum.
12. Spegill og flauta til merkjagjafa.
13. Fjórir fallhlífaflugeldar, sem gefa frá sér skært rautt ljós í mikilli hæð.
14. Tvö flothæf reykdufl.
15. Sex handblys, sem gefa frá sér skært rautt ljós.
16. Handfæri ásamt önglum og sökku.
17. Matarskammtur (10.000 kj) fyrir hvern mann, sem bátnum er ætlað að bera, pakkaður inn í loftþéttar umbúðir í vatnsheldum kassa.
18. Vatnsþétt ílát, er hafa að geyma 1,5 l af vatni fyrir hvern mann, sem báturinn er ætlaður fyrir. Í staðinn fyrir þriðjung vatnsins má hafa hentugt tæki, sem getur framleitt sama magn af drykkjarvatni á tveimur sólarhringum.
19. Leiðbeiningar um fyrstu viðbrögð og hvernig auka megi lífslíkur þeirra, sem í bátnum eru. Prentaðar á efni, sem þolir vætu.
20. Eitt eintak af leiðbeiningum um merkjagjafir við björgun úr sjávarháska.
21. Einn varmapoki fyrir hvern mann í bátnum.
22. Neyðarsendir á neyðartíðnum 121,5 og 243 MHz.
23. Eitt eintak af sérriti Siglingamálastofnunar ríkisins um notkun gúmmíbjörgunarbáta.

2.2. Þegar um **farþegaskip** er að ræða í svo stuttum ferðum að einhver sá búnaður, sem upp er talinn í 2.1. þykir ónauðsynlegur að áliti Siglingamálastofnunar, er henni heimilt að leyfa að einn eða fleiri gúmmíbjörgunarbátar séu aðeins búnir því, sem tekið er fram í 1. - 7., 9. og 19. tl. hér að framan og helmingi þess, sem getið er í 13. 14. og 15. tl. Aðrir gúmmíbjörgunarbátar skulu búnir því, sem tekið er fram í 1. - 7. og 19. tl.

2.3. Búnaður gúmmíbjörgunarbáta fyrir sex menn eða fleiri til notkunar í **fiskiskipum** skal vera sá sami og kveðið er á um í gr. 2.1. þó, að því undanskildu að heimilt er að minnka magn drykkjarvatns í 18. tl. um 0,5 l fyrir hvern mann, sem báturinn er ætlaður fyrir.

2.4. Búnaður gúmmíbjörgunarbáta fyrir sex menn eða fleiri til notkunar í **öðrum skipum** en um getur í 2.2. og 2.3. skal vera sá sem tilgreindur er í 2.1.

3. Búnaður léttbáta.

3.1. Fiskiskip yfir 30 m.
1. Flothæfar árar í öll ræði og ein varaár.
2. Krókstjaki.
3. Austurtrog.
4. Flothæfur kasthringur með 30 m langri línu.
5. Fangalína a.m.k. 10 m löng.
6. Sex, rauð handblys.

3.2. Kaupskip:
Búnaður léttbáta, flutningaskipa og farþegaskipa skal vera skv. 47. reglu í III. kafla Alþjóðasamþykktar um öryggi mannslífa á hafinu frá 1974 (SOLAS) með áorðnum

breytingum. Samþykkja má lífbát sem léttbát enda uppfylli hann einnig kröfur um léttbát skv. reglu 26.2 III. kafla, SOLAS 1974.

4. Búnaður slöngubjörgunarbáts.

1. Eitt sett af flothæfum árum.
2. Krókstjaki með kúlu á endanum.
3. Tvö austurtrog og svampur.
4. Vatnsþétt vasaljós til merkjagjafar.
5. Merkjagjafaspegill til dagnota.
6. Leiðbeiningar um merkjagjafir.
7. Leiðbeiningar um hvernig lifa megi af í björgunarfari.
8. Fjórir rauðir fallhlífarflugeldar og sex rauð handblys.
9. Tvö flothæf reykmerki til dagnota.
10. Flauta til hljóðmerkjagjafar.
11. Tvö rekakkeri með langri, sterkri línu.
12. Tvær nægjanlega langar, sterkar bátsfestar.
13. Tvær 30 m flotlínur með kasthring.
14. Vatnsþétt ílát með 1,5 l á mann, eða með 1 l á mann ásamt tæki til að framleiða 0,5 l af vatni á mann á tveim dögum. Einnig ryðfrítt drykkjarílát í taug fest við bátinn.
15. Matarskammtur (minnst 10.000 kj = kílójoule) á hvern mann, sem báturinn rúmar, í loftþéttum og vatnsþéttum umbúðum.
16. Lyfjaskrín nr. 4, skoðist í lyfjabúð annað hvert ár.
17. Flothæfur öryggishnífur.
18. Þrír dósaopnarar.
19. Varmapoki fyrir hvern mann, sem báturinn ber.
20. Radarspegill.
21. Fiskilína ásamt sökku og öngli.
22. Viðgerðarsett til viðgerða á lofthólfum.
23. Lofthanddæla.
24. Vélknúnir slöngubátar skulu til viðbótar ofangreindu vera búnir handslökkvitæki til nota á olíuelda.
25. Heimilt er að veita undanþágu frá ákvæðum 5., 15., 20. og 21. tl.

Nr. 190 7. apríl 1994

AUGLÝSING

um umferð í Vestmannaeyjum.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Vestmannaeyja og samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð í Vestmannaeyjum:

Einstefna verður á Foldahrauni frá húsi nr. 34 að Goðahrauni til vesturs.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi þegar í stað.

Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum, 7. apríl 1994.

Georg Kr. Lárusson.

Stjórnartíðindi B 27, nr. 186–190. Útgáfudagur 20. apríl 1994.

STJÓRNARTÍÐINDI B 28 – 1994

13. apríl 1994 581 Nr. 191

REGLUGERÐ
um botn- og flotvörpur.

1. gr.

Lágmarksmöskvastærð í botnvörpu, sem notuð er til veiða á helstu botnfisktegundum hér við land, skal vera 155 mm. Þó er heimilt að nota net með 135 mm lágmarksmöskvastærð í miðneti (netþaki).

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er skipum, sem stunda veiðar með botnvörpu heimilt að nota riðil með lágmarksmöskvastærðinni 135 mm í allri vörpunni eða hluta hennar utan línu, sem dregin er umhverfis Ísland þannig:

Frá punkti 66°05´N-24°18´5V er dregin lína í 12 sjómílna fjarlægð frá viðmiðunarlínu, sbr. lög nr. 81/1976, suður í punkt 64°43´7N-24°26´V, síðan í punkt 64°43´7N-24°12´V. Frá þeim punkti er línan dregin suður í 5 sjómílna fjarlægð utan við Geirfugladrang í punkt í 5 sjómílna fjarlægð réttvísandi suður frá Geirfugladrangi. Þaðan er línan dregin í punkt í 4ra sjómílna fjarlægð réttvísandi suður frá Surtsey og þaðan í punkt í 4ra sjómílna fjarlægð réttvísandi suður frá Lundadrangi og síðan í 4ra sjómílna fjarlægð frá viðmiðunarlínu austur að 18°00´V. Síðan er línan dregin 180° réttvísandi í punkt 63°13´N-18°00´V og þaðan austur um punkta 63°16´N-17°19´V og 63°25´N-16°30´V í punkt 64°24´N-12°11´V. Þaðan er línan dregin um punkta 64°45´N-11°38´V og 65°00´N-11°30´V norður í punkt 65°28´N-11°29´V. Þaðan er línan dregin norður og síðan vestur um eftirgreinda punkta:

66°05´N	–	11°38´V		67°10´N –18°10´V
66°15´N	–	12°28´V		67°30´N –18°10´V
66°44´5N	–	13°00´V		67°30´N –20°40´V
67°05´N	–	14°00´V		67°11´5N –22°10´V
67°15´N	–	15°00´V	í punkt	67°19´N –23°10´V
67°15´N	–	16°30´V		

Þaðan er línan dregin vestur og síðan suður um eftirgreinda punkta:

67°11´N	–	23°42´V		66°40´N – 24°52´V
66°55´N	–	24°31´V		66°28´N – 25°26´V
66°52´5N	–	24°42´V	í punkt	66°05´N – 24°18´5V

2. gr.

Lágmarksmöskvastærð í flotvörpu skal vera 135 mm.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er óheimilt að nota minni riðil en 155 mm í öftustu 18 metrum flotvörpunnar, þegar veiðar eru stundaðar innan þess svæðis umhverfis Ísland, sem skilgreint er í 3. mgr. 1. gr. og ennfremur norðan línu, sem vestan Íslands er dregin 310° réttvísandi frá Svalvogsvita (65°54,6´N-23°50,7´V) og austan landsins norðan af 65°N.

3. gr.

Lágmarksmöskvastærð í humarvörpu skal vera 80 mm. Þó er skylt að hafa netstykki á legg úr a.m.k. 135 mm riðli fremst á efra byrði belgs vörpunnar fyrir aftan miðnet. Netstykki þetta skal vera a.m.k. 3 x 4 metrar að stærð. Hverjir tveir leggir þessa netstykkis skulu festast við sjö upptökur vörpunnar.

B 41

Steindórsprent-Gutenberg hf.

4. gr.

Lágmarksmöskvastærð í rækjuvörpu skal vera 45 mm í vængjum aftur að miðneti en 36 mm í öðrum hlutum rækjuvörpunnar.

Við veiðar á rækju á eftirgreindum svæðum skal nota net á legg í a.m.k. fjórum öftustu metrum vörpunnar:

A) Innan viðmiðunarlínu, á svæði frá Bjargtöngum norður og austur um að Rauðanúp.
B) Við úthafrækjuveiðar fyrir Norðurlandi milli 14°V og 18°V. Austan Langaness markast syðri mörk svæðisins af línu, sem dregin er réttvísandi austur frá Fonti á Langanesi.
C) Fyrir Suðvesturlandi sunnan 65°15´N og vestan 23°V.

Við notkun leggpoka er heimilt að nota þrjá síðumöskva fyrir framan kolllínumöskvana. Skal hver leggur leggpokans festast við eina upptöku vörpunnar.

5. gr.

Lágmarksmöskvastærð í botn- og flotvörpum, sem notaðar eru til veiða á loðnu, skal vera 16 mm, spærlingi 20 mm, kolmunna og síld 40 mm.

6. gr.

Með poka skv. reglugerð þessari er átt við aftasta hluta vörpunnar. Poki skal allur jafn breiður og skorinn á síðum eða legg. Þó er heimilt að þrengja poka (sekk) á leisum á tveim öftustu metrum pokans.

7. gr.

Við möskvamælingar skal nota möskvamæla, sem þannig eru gerðir:

A) Hlutar möskvamælis eru: Mælistika, aflmælir fyrir 0-6 kg átak og lóð með tveggja og fimm kg massa.
B) Mælistika, sem nota skal til að mæla möskvastærð samkvæmt reglugerð þessari, skal vera 2 mm þykk úr traustu efni og þannig gerð, að hún aflagist ekki. Stikan skal mjókka fram á við í hlutfallinu 1 á móti 8 hvorum megin. Breidd stikunnar skal merkt á 1 mm bili. Á efri enda stikunnar skal vera gat nægilega stórt til að notast sem handfang og á neðri enda skal vera gat til að hengja í lóð. Á efri enda skal ennfremur vera gat til að festa aflmæli við stikuna.

8. gr.

Við mælingu möskva skal mælistiku þannig beitt:

A) Netið skal strekkt svo að möskvar teygist eftir lengdarlínu þess.
B) Mjórri enda á stiku sbr. 7. gr. skal stungið í möskvann hornrétt á netið.
C) Stikunni skal stungið inn í möskvann, annað hvort með handafli eða með því að nota lóð eða aflmæli, þar til mælirinn stöðvast á skásettu hliðunum vegna viðnáms frá möskvanum.
D) Leggmöskvi skal teygður milli upptökuhnúta þegar stikunni er stungið í hann.

9. gr.

Við val á möskvum til mælingar skal eftirfarandi gætt:

A) Þeir möskvar sem mæla á skulu mynda röð af 20 samliggjandi möskvum, sem velja skal eftir lengdarási vörpunnar. Eigi skal mæla möskva sé hann viðgerður, slitinn eða eitthvað fest í hann.
B) Möskva skal ekki mæla nær leisum, burðarlínum og kolllínu en fjórum möskvum.
C) Eingöngu skal mæla net þegar þau eru blaut og ófrosin.

10. gr.

Stærð hvers möskva skal vera breidd mælistikunnar þar sem hún stöðvast þegar henni er beitt sbr. 8. gr. og skal aflestur miðast við þá tölu, sem sýnileg er fyrir ofan hnút.

11. gr.

Möskvastærð netsins, sem mælt er skal vera meðaltal mælinga einstakra möskva, gefið upp með 0.1 mm nákvæmni.

Skekkjumörk við mælingu möskva samkvæmt þessari reglugerð mega vera 3%.

12. gr.

Eftirlitsmaður skal mæla eina röð af 20 möskvum, sem valdir eru skv. 9. gr. og skal hann stinga mælinum inn í möskvann með handafli án þess að nota lóð eða aflmæli. Síðan skal möskvastærðin reiknuð út samkvæmt 11. gr.

Sýni útreikningur á möskvastærðinni að möskvastærð sé ekki í samræmi við gildandi reglur, skal velja tvær raðir af 20 möskvum til viðbótar skv. 9. gr. og þær mældar. Þá skal reikna möskvastærð aftur skv. 11. gr. og taka með í útreikninginn þá 60 möskva sem þegar hafa verið mældir og skal þessi útreikningur skera úr um möskvastærð netsins.

Mótmæli skipstjórinn niðurstöðu mælingar, sem fengin er skv. 2. mgr., skal netið mælt að nýju. Við þá endurmælingu skal nota lóð eða aflmæli festan við stikuna og ræður eftirlitsmaður hvort notað er. Lóðið skal festa við gatið á mjórri enda stikunnar með króki. Aflmælinn skal festa við efri enda stikunnar.

Mæla skal þannig eina röð með 20 möskvum á ofangreindan hátt og skal meðaltal þessara 20 möskva gilda sem endanleg meðalmöskvastærð viðkomandi nets.

Við mælingu á vörpum, sem hafa möskvastærðina 45 mm eða minna skv. 5.-6. gr. skal nota 19.51 newtona afl (sem svarar til 2ja kg þyngd), en á aðrar vörpur skal nota 49.03 newtona afl (sem svarar til 5 kg þyngd).

13. gr.

Við veiðar er óheimilt að nota nokkurn þann útbúnað sem þrengir, herpir eða lokar á nokkurn hátt möskvum þeim sem getið er um í 1. og 2. gr. reglugerðar þessarar eða nota umbúnað af nokkru tagi til þess að koma í veg fyrir rennsli fisks aftur í poka eða nota net eða annað til þéttingar poka að aftan. Þó er heimilt að:

A) **Slitnet.** Festa undir allt að 25 öftustu metra botnvörpu net með sömu möskvastærð og er í pokanum í því skyni að draga úr sliti. Slitvara þessa má festa við pokann að framan og til hliðar og einnig er heimilt að festa slitvarana við styrktarnet efra byrðis að aftan sbr. C-lið þessarar greinar. Óheimilt er að nota meira en eitt byrði af slitneti.

B) **Slitmottur.** Festa undir slitvara þá er getið er í A-lið nautshúðir, mottur úr gerviefnum eða aðra sambærilega slitvara í því skyni að auka enn núningsþol pokans. Slitmottur þessar má aðeins festa að framan og á hliðum.

C) **Styrktarnet.** Festa styrktarnet úr sama efni og varpan er gerð úr við allt að 18 öftustu metra efra byrðis botnvörpu og efra og neðra byrðis flotvörpu. Möskvastærð styrktarnetsins skal vera rúmlega tvöfalt stærri en möskvastærð vörpunnar þar sem það er fest við. Heimilt er að festa styrktarnet þetta við pokann að framan, á hliðum og að aftan sbr. A-lið þessarar greinar. Ganga skal þannig frá styrktarneti þessu að hver möskvi þess falli saman við fjóra möskva pokans. Óheimilt er að nota meira en eitt byrði af slíku styrktarneti.

D) **Styrktargjarðir.** Nota styrktargjarðir utan um pokann á allt að 25 öftustu metra botnvörpu og flotvörpu. Bil á milli gjarða skal vera minnst 1.8 m en heimilt er að

festa öftustu gjörðina nær kolllínunni. Lengd gjarða skal vera minnst 45% af strengdri lengd netsins á þeim stað sem gjörðin er.

E) **Steinamottur.** Festa innan á neðra byrði botnvörpu húð eða mottu til að auka núningsþol pokans vegna grjóts, sem berst í pokann. Stærð þessara hlífa má mest vera 4 m^2 alls í hverri botnvörpu.

14. gr.

Við veiðar með botnvörpum og flotvörpum er óheimilt að nota nokkurn þann útbúnað sem þrengir, herpir eða lokar á nokkurn hátt möskvum þeim sem getið er um í 3.-5. gr. eða nota umbúnað af nokkru tagi til þess að koma í veg fyrir rennsli afla aftur í poka eða nota net eða annað til þéttingar poka að aftan. Þó er heimilt:

A) Við veiðar með botnvörpum og flotvörpum samkvæmt 4.-5. gr. er heimilt að nota hlífðarpoka utan um pokann sjálfan. Lágmarksmöskvastærð slíks hlífðarpoka skal vera 135 mm. Þegar notaður er hlífðarpoki við innfjarðarækjuveiðar sbr. reglugerð um veiðar í atvinnuskyni er óheimilt að binda fyrir hlífðarpokann að aftan.

B) Að binda fyrir rækjupoka við innfjarðarveiðar á rækju allt að 20 cm fyrir ofan pokaendann og stinga lausa netinu inn í pokann til að þétta pokahnútinn.

C) Við veiðar með botnvörpum samkvæmt 3. gr. að festa undir pokann net allt að 9 m að lengd með 135 mm möskvastærð til þess að draga úr sliti.

D) Við veiðar með botnvörpum skv. 3.-5. gr. er heimilt að festa undir 8 öftustu metra vörpunnar nautshúðir eða mottur úr gerviefnum í því skyni að auka núningsþol pokans.

15. gr.

Eigi ná ákvæði þessarar reglugerðar til fiskveiða í þágu vísindalegra rannsókna. Ennfremur er ráðuneytinu heimilt að veita tímabundin leyfi til þess að nota vörpur með annarri möskvastærð eða öðrum útbúnaði en heimilt er samkvæmt reglugerð þessari. Leyfi þessi skulu bundin við veiðar á ákveðnum fisktegundum og ákveðin veiðisvæði.

16. gr.

Bannað er að henda í sjóinn veiðarfærum, netastykkjum svo og öðrum hlutum úr veiðarfærum. Týni skip veiðarfærum í sjó ber skipstjóra að reyna að slæða þau upp. Takist það ekki skal hann tilkynna það til Landhelgisgæslunnar og skýra frá staðsetningu veiðarfærisins, eins nákvæmlega og unnt er og hvenær það týndist.

17. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða refsingu samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og laga nr. 34, 17. maí 1976, um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands. Um ólögmætan afla fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 37, 27. maí 1992, um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla.

18. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og laga nr. 34, 17. maí 1976, um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast gildi 1. júní 1994 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er frá sama tíma felld úr gildi reglugerð nr. 38 31. janúar 1991, um möskvastærðir í togveiðum, möskvamæla og mæliaðferðir ásamt síðari breytingum og reglugerð nr. 391, 24. september 1993, um botn- og flotvörpur ásamt síðari breytingum.

Sjávarútvegsráðuneytið, 13. apríl 1994.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

Stjórnartíðindi B 28, nr. 191. Útgáfudagur 22. apríl 1994.

Endurprentað blað.

STJÓRNARTÍÐINDI B 29 – 1994

11. apríl 1994 585 Nr. 192

AUGLÝSING

um staðfestingu á skipulagi fyrir sorpstöð Suðurlands í landi Kirkjuferjuhjáleigu í Ölfushreppi.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðuneytið þann 11. apríl 1994 staðfest skipulag fyrir sorpurðunarsvæði í landi Kirkjuferjuhjáleigu í Ölfushreppi.

Skipulagstillaga og greinargerð hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um. Hreppsnefnd Ölfushrepps hefur samþykkt tillöguna og skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt hana til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytið, 11. apríl 1994.

Össur Skarphéðinsson.

Ingimar Sigurðsson.

7. apríl 1994 Nr. 193

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Þórshafnarhreppi árið 1994.

1. gr.

Þórshafnarhreppi er heimilt að innheimta sérstakt sorphirðugjald, vegna söfnunar og förgunar á neysluúrgangi frá heimilum, sem til fellur á árinu 1994.

2. gr.

Sorphirðugjald samkvæmt 1. gr. skal vera kr. 3.600 á hverja íbúð/heimili í sveitarfélaginu. Gjaldið skal innheimt með fasteignagjöldum og eru gjalddagar þeir sömu.

3. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samin og samþykkt af sveitarstjórn Þórshafnarhrepps staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Umhverfisráðuneytið, 7. apríl 1994.

F. h. r.


Magnús Jóhannesson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

Steindórsprent Gutenberg hf.

SAMÞYKKT

um byggðamerki Torfalækjarhrepps.



1. gr.

Byggðamerki Torfalækjarhrepps skal vera skjöldur í hvítri og svartri umgjörð með fjórum innbyggðum litum. Blái liturinn er litur himins, fjarlægðar og vatns. Grænn litur táknar samfellda gróðurtorfu sveitarinnar, sem vísar til Kolkumýra sem nefndar voru eftir landnámsmanninum Þorbirni kolku.

Í merkinu eru þrjú tákn, sem tengjast sveitinni. Reykjanibba sýnd með hvítri línu. Gullsteinn í svörtum lit og stökkvandi lax í hvítum lit. Við Gullstein tók Koðrán bóndi á Stóru-Giljá fyrstur Íslendinga kristna trú, af syni sínum Þorvaldi víðförla og Friðriki biskup af Saxlandi árið 981.

2. gr.

Sveitarstjórn Torfalækjarhrepps, oddvitinn og stofnanir hreppsins nota skjaldarmerkið með embættis- og skrifstofuheitum eða nafni stofnunarinnar á bréfum og í prentuðu máli þar sem það á við, svo og í stimplum.

3. gr.

Notkun á byggðarmerki Torfalækjarhrepps er óheimil án leyfis sveitarstjórnar Torfalækjarhrepps, sbr. 29. gr. laga nr. 8/1993. Ekki er heimilt að breyta út af samþykktri gerð merkisins, sbr. meðfylgjandi teikningu nema í svart-hvítri útgáfu. Óheimilt er að hafa merkið í firmamerkjum og nota það til stjórnmálaáróðurs.

4. gr.

Svart-hvíta útgáfu má einungis nota við bóka- og blaðaprentun og er hún heimil án sérstaks leyfis. Í svart-hvítri útgáfu er blár flötur táknaður með láréttum línum, en grænn litur með lóðréttum línum. (Línurnar falla þó burt í minnstu gerð.) Við útgáfu minjagripa og myntsláttu er heimilt að falla frá litatáknum merkisins og útlínum skjaldarins.

5. gr.

Umsókn um leyfi til þess að nota byggðarmerki hreppsins skulu fylgja a.m.k. tvö sýnishorn og uppdrættir af merkinu eins og það á að nota. Skrifstofa oddvita Torfalækjarhrepps leiðbeinir um gerð merkisins og varðveitir sýnishorn af því.

Samþykkt þessi, sem sveitarstjórn Torfalækjarhrepps hefur gert, staðfestist hér með, sbr. 3. mgr. 4. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 14. apríl 1994.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Anna G. Björnsdóttir.

REGLUGERÐ

um menntun, réttindi og skyldur slökkviliðsmanna.

I. KAFLI
Menntun slökkviliðsmanna og veiting starfa í slökkviliði.

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til eftir því sem við á:

1. Þeirra sem gegna slökkvistarfi eða starfa við brunavarnir að aðalstarfi.
2. Þeirra sem gegna slökkvistarfi eða starfa við brunavarnir samkvæmt 7. gr. laga nr. 41/1992 um brunavarnir og brunamál.

2. gr.

Umsækjendur um störf slökkviliðsmanna og þeir sem ráðnir eru til starfa sem slökkviliðsmenn, sbr. 1. gr., skulu fullnægja eftirtöldum skilyrðum:

1. Vera á aldrinum 20-28 ára, reglusamir og háttvísir.
2. Hafa góða líkamsburði, gott andlegt og líkamlegt heilbrigði, hafa góða sjón og heyrn, rétta litaskynjun og vera ekki haldnir lofthræðslu eða innilokunarkennd.
3. Hafa aukin ökuréttindi til að stjórna: a) vörubifreið og b) leigubifreið.
4. Hafa iðnmenntun, sem nýtist í starfi slökkviliðsmanna eða sambærilega menntun og reynslu.

Víkja má frá ofangreindum skilyrðum að hluta til vegna þeirra, sem gegna slökkvistarfi eða starfa við brunavarnir samkvæmt 2. tölul. 1. gr.

Við ráðningu í starf slökkviliðsstjóra er viðkomandi sveitarstjórn heimilt að meta nám og námsárangur á sviði brunamála á háskólastigi að hluta til eða öllu leyti til jafns við námskröfur samkvæmt II. kafla reglugerðar þessarar.

Endurráðning slökkviliðsmanna samkvæmt 1. tölul. 1. gr. til almennra slökkvistarfa er heimil allt að fimm árum eftir að þeir hverfa úr starfi. Að öðru leyti miðast endurráðning við það, að slökkviliðsmenn standist þær kröfur, sem fram koma í II. kafla reglugerðar þessarar.

II. KAFLI
Framkvæmd skólastarfs og fyrirkomulag.

3. gr.

Innan Brunamálastofnunar ríkisins skal starfrækja sérstaka fræðsludeild er nefnist Brunamálaskólinn, sem ætlaður er slökkviliðsmönnum, þ.m.t. slökkviliðsstjórum og eldvarnaeftirlitsmönnum. Starfar skólinn samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar.

Skólinn skal veita slökkviliðsmönnum að minnsta kosti þá menntun og starfsþjálfun, sem krafa er gerð um í reglugerð þessari og lýtur m.a. að skyldubundnu námi þessara aðila og endurmenntun.

Innan Brunamálaskólans skal starfa farskóladeild, sem veitir fræðslu til slökkviliðsmanna samkvæmt 2. tölul. 1. gr. Þátttaka slökkviliðsmanna samkvæmt 2. tölul. 1. gr. í grunnnámi samkvæmt 9. gr. skal ákvarðast af viðkomandi sveitarstjórn.

Meginstarfsemi Brunamálaskólans greinist annars vegar í farskóla og hins vegar í samningsbundna starfsemi skólans innan atvinnuslökkviliðanna, sbr. 1. tölul. 5. gr.

4. gr.

Við Brunamálaskólann skal starfa sérstök skólanefnd er ber ábyrgð á skólastarfinu og stýrir því. Þeir sem skipaðir eru í skólanefnd skulu vera með reynslu í brunamálum. Skólanefnd er skipuð af stjórn Brunamálastofnunar ríkisins til fjögurra ára í senn og í henni skulu vera þrír einstaklingar og jafnmargir til vara og skiptir stjórnin sjálf með sér verkum.

5. gr.

Helstu verkefni skólanefndarinnar eru að:

1. ákvarða um fyrirkomulag kennslunnar í farskólanum og gera samninga við slökkviliðin og aðra aðila um tiltekna framkvæmd skólastarfsins.
2. ákveða fyrirkomulag og framkvæmd fornáms, sbr. 12. gr. reglugerðar þessarar.
3. vinna að útgáfu námsvísa, ákveða námsefni í samræmi við reglugerð þessa og prófverkefni í samráði við kennara. Að framkvæma námsmat, stöðupróf og veita undanþágur ef með þarf í sérstökum tilfellum samkvæmt 2. gr. reglugerðar þessarar. Nefndin má fella niður eða bæta við námsefni eftir því sem þörf þykir, og gæta skal hún þess að það sé á hverjum tíma í samræmi við bestu vitneskju og nýjustu tækni á sviði brunamála.
4. setja reglur um framkvæmd prófa, viðurkenna kennara og prófdómara til sinna starfa.
5. gefa út prófskírteini og skilríki um námsferil.
6. gefa út formlega viðurkenningu sem fyrst til allra þeirra, sem falla undir bráðabirgðaákvæði reglugerðar þessarar.
7. gera starfsáætlun skólans fyrir eitt ár í senn og ganga frá fjárhagsáætlun fyrir sama tímabil. Slíkar starfs- og fjárhagsáætlanir eru síðan lagðar fyrir stjórn Brunamálastofnunar til samþykkar.
8. úrskurða í ágreiningsmálum, sem upp kunna að koma milli aðila varðandi skólanámið og próf.
9. hafa umsjón með öllu framhaldsnámi, sbr. 8. gr.
10. gefa stjórn Brunamálastofnunar umsögn um hæfi þeirra, sem sækja um stöðu skólastjóra Brunamálaskólans, sbr. 6. gr.

6. gr.

Brunamálastjóri ræður skólastjóra samkvæmt tillögum stjórnar Brunamálastofnunar til fjögurra ára í senn. Skólastjóri skal hafa víðtæka menntun, þekkingu og starfsreynslu á sviði brunamála. Skólanefnd skal leita eftir því að sveitarfélög gefi þeim, sem ráðnir eru til skólans, launalaust leyfi til allt að fjögurra ára í senn á grundvelli sérstaks samkomulags, ef við á.

Verði stjórn Brunamálastofnunar ekki sammála um eina tillögu um ráðningu skólastjóra, skal tillaga meirihluta stjórnarinnar ráða.

Skólastjóri fer með daglegan rekstur skólans í umboði skólanefndar og annast nauðsynlega kynningarstarfsemi. Skólastjóri gerir tillögur að námsvísi og stundaskrá til skólanefndar, vinnur að samningu og endurskoðun á námsefni, hefur kennsluskyldu við skólann og vinnur að gerð starfsáætlunar. Skólastjóri situr fundi skólanefndar með málfrelsi og tillögurétt, undirritar fyrir hennar hönd gögn, sem um getur í 4. og 5. tölul. 5. gr. og sér að öðru leyti um að framkvæma ákvarðanir skólanefndar.

7. gr.

Kostnaður við rekstur Brunamálaskólans greiðist af tekjum Brunamálastofnunar ríkisins, sbr. 23. gr. laga nr. 41/1992, samkvæmt sérstakri fjárhagsáætlun skólanefndar, sem stjórn stofnunarinnar samþykkir fyrir hvert ár, sbr. 2. mgr. 3. gr. laga nr. 41/1992.

sem stjórn stofnunarinnar samþykkir fyrir hvert ár, sbr. 2. mgr. 3. gr. laga nr. 41/1992. Slíkt skal þó ávallt miðað við ramma fjárlaga hverju sinni. Er þar um að ræða kostnað við skólastjórn, kennara, námskeiðahald, útgáfu námsefnis, efniskostnað við kennsluna o.fl. Viðkomandi sveitarfélag greiðir ferðakostnað og uppihaldskostnað þeirra, sem sækja skólann frá því sveitarfélagi.

Kennslutæki Brunamálastofnunar og slökkviliða sveitarfélaganna er heimilt að nota við skólastarfið með samþykki viðkomandi yfirmanna án sérstakrar greiðslu.

8. gr.

Sérnámi slökkviliðsmanna er skipt í grunneiningar (hver kennslustund er 40 mínútur og telst vera tvær grunneiningar), og skal námið vera með þeim hætti sem hér greinir:

1. Grunnnám, sem skiptist í tvo áfanga.
2. Fullnaðarnám, sem skiptist í tvær brautir.
3. Eldvarnaeftirlitsnám.
4. Framhaldsnám, sem slökkviliðsmönnum skal gefinn kostur á, enda hafi þeir öðlast fullgild starfsréttindi samkvæmt 1.-3. tölul. þessarar greinar.

9. gr.

Grunnnám.

Í fyrri áfanga grunnnáms skal einkum kennt eftirfarandi: Lög um brunavarnir og brunamál, almenn slökkvitækni, s.s. eðli elds, akstur slökkvibifreiða og meðferð slökkvibúnaðar, s.s. notkun á dælum, handslökkvitækjum, meðferð froðu, reykköfun, vatnsöflun, notkun stúta, reyklosun og notkun stiga, aðstoð við sjúka og slasaða og meðferð ýmissa hjálpargagna. Slökkviliðsmaður skal færa sérstaka dagbók yfir þátttöku sína og æfingar.

Í þessum áfanga grunnnámsins skal slökkviliðsmaður ljúka 227 grunneiningum.

Í síðari áfanga grunnnámsins felst fullnaðarkennsla í þeim þáttum, sem kenndir voru í fyrri áfanga. Til viðbótar skal einkum kennt eftirfarandi: Fræðsla um hættuleg efni og meðferð mismunandi slökkviefna, þjálfun í björgunarstörfum og björgun verðmæta og meðferð björgunarbúnaðar, aðstoð við sjúka og slasaða, fræðsla fyrir skóla, fyrirtæki og almenning.

Í þessum áfanga grunnnámsins skal slökkviliðsmaður ljúka 223 grunneiningum.

Enginn getur hafið nám í síðara áfanga grunnnáms nema hann hafi hlotið lágmarkseinkunn eftir nám í fyrri áfanga og starfað fimm mánuði í slökkviliði.

10. gr.

Fullnaðarnám.

Fullnaðarnám skiptist í tvær brautir, tæknibraut og stjórnunarbraut. Til að hefja fullnaðarnám verður slökkviliðsmaður að hafa lokið grunnnámi með lágmarkseinkunn.

Nám á tæknibraut er að stórum hluta verklegt nám, m.a. þátttaka í stórum slökkviæfingum, auk bóklegrar kennslu í stjórnun, gerð slökkviáætlana, þjálfun í lestri teikninga, slökkvitækni og ráðgjöf, fræðslu fyrir skóla og almenning og leiðbeiningum fyrir fjölmiðla, námskeið í eldvarnaeftirliti, brunarannsóknum, slökkvi- og viðvörunarkerfum og öryggisgæslu, reykköfun, slökkvistarfi við flugvélabruna, björgun úr bílflökum, meðferð körfu- og stigabifreiða, ruðningsstarfi og björgun vegna stórslysa og náttúruhamfara, almannavörnum, nám í líkamsrækt og þrekþjálfun.

Í fullnaðarnámi á tæknibraut skal slökkviliðsmaður ljúka 240 grunneiningum.

Nám á stjórnunarbraut er einkum fólgið í eftirfarandi: Stjórnun bæði á eldsstað og í starfsstöð, þjálfunar- og kennslufræði, skýrslugerð, gerð fjárhagsáætlana, brunarannsóknir, almannavarnir, fræðsla um sérstakar áhættur og slökkviefni, þjálfun í lestri teikn-

inga, fræðsla um eiturefni og mengunarvarnir, rennslisfræði, stjórnun eldvarnaeftirlits, gerð slökkviáætlana, svo og lög og reglugerðir um brunavarnir og brunamál.

Í fullnaðarnámi á stjórnunarbraut skal slökkviliðsmaður ljúka 150 grunneiningum.

11. gr.

Eldvarnaeftirlitsnám.

Eldvarnaeftirlitsnám er ætlað fyrir þá starfsmenn slökkviliða, sem sinna eldvarnaeftirliti. Til að hefja slíkt nám verður slökkviliðsmaður að hafa lokið bæði grunnnámi og fullnaðarnámi samkvæmt reglugerð þessari með lágmarkseinkunn.

Nám í eldvarnaeftirliti er einkum fólgið í eftirfarandi: Lögum um brunavarnir og brunamál, brunamálareglugerð, reglugerðum um opinbert eldvarnaeftirlit og einkaeftirlit, aðvörunarkerfum, slökkvikerfum, slökkviefnum, handslökkvitækjum, teikningum mannvirkja, ráðgjöf til almennings, fyrirtækja og skóla, frágangi lagna, eldsneytisbirgðum, rýmingarleiðum, brunaálagi í byggingum, útgöngu- og neyðarlýsingum, brunavörnum á hótelum og sjúkrastofnunum, brunarannsóknum og daglegu eldvarnaeftirliti.

Í eldvarnaeftirlitsnámi skal slökkviliðsmaður ljúka 170 grunneiningum.

12. gr.

Áður en nýliði hefur starf í slökkviliði skal hann fara á sérstakt fornámskeið hjá sínu slökkviliði. Fornámskeið skal standa minnst í tvo daga fyrir skipaða slökkviliðsmenn, sem ráðnir verða í hlutastarf, en fjóra daga fyrir væntanlega atvinnuslökkviliðsmenn, sem ráðnir verða í fullt starf.

Reynslutími skal vera fjórir mánuðir. Að honum loknum skal tekin ákvörðun um ráðningu eða áframhaldandi skipun í starfið með sérstöku samkomulagi.

Slökkviliðsmenn samkvæmt 1. tölul. 1. gr. skulu hafa lokið menntun og starfsþjálfun í grunnnámi innan eins árs frá því að þeir hefja störf og fullnaðarnámi eigi síðar en fjórum árum frá því að þeir hefja störf. Fullnaðarnám má ekki hefja fyrr en eftir 28 mánaða starf í slökkviliði.

Þeir sem gegna slökkvistarfi samkvæmt 2. tölul. 1. gr. skulu, eftir því sem við verður komið, hafa lokið menntun og starfsþjálfun í fyrri áfanga grunnnáms innan tveggja ára frá því að þeir eru skipaðir til starfa.

13. gr.

Sérnám slökkviliðsmanna er fólgið í bóklegu námi og verklegri starfsþjálfun, eins og skýrt er hér að framan. Öllu námi skal ljúka með verklegu og bóklegu prófi og þarf að ná 70% samanlögðum árangri til að standast prófið, og skal þá árangurinn metinn til starfsréttinda með eftirfarandi hætti:

Slökkviliðsmaður I.	eftir að hafa lokið 1. áfanga grunnnáms og námi í reykköfun samkvæmt reglugerð um reykköfun frá 26. júlí 1984 og er þar með hæfur til almennra slökkviliðsstarfa.
Slökkviliðsmaður II.	eftir að hafa lokið 2. áfanga grunnnáms.
Slökkviliðsmaður III.T	eftir að hafa lokið fullnaðarnámi á tæknibraut.
Slökkviliðsmaður III.S	eftir að hafa lokið fullnaðarnámi á stjórnunarbraut.
Eldvarnaeftirlitsmaður	eftir að hafa lokið fullnaðarnámi í eldvarnaeftirliti.

Krafist er fullrar mætingar í bóklegu námi og verklegri starfsþjálfun. Enginn má þreyta sama prófið oftar en þrisvar.

III. KAFLI
Réttindi og skyldur.

14. gr.

Slökkviliðsmönnum ber að viðhalda þekkingu sinni og tileinka sér nýjungar varðandi starfið, m.a. með námskeiðum og verklegri þjálfun, þar sem henni verður við komið.

15. gr.

Slökkviliðsmenn samkvæmt 1. tölul. 1. gr. skuli að jafnaði ganga í einkennisfatnaði við störf sín. Einnig skulu þeir fá nauðsynlegan hlífðarfatnað gegn kulda og vosbúð. Sama gildir um slökkviliðsstjóra, varaslökkviliðsstjóra og eldvarnaeftirlitsmenn samkvæmt 2. tölul. 1. gr.

Brunamálastofnun ríkisins setur nánari reglur um hlífðarfatnað. Sveitarstjórn setur nánari reglur um einkennisfatnað.

16. gr.

Slökkviliðsmenn skulu njóta sömu verndar og aðstöðu og aðrir þeir, er gegna borgaralegri skyldu og skulu þeir tryggðir í starfi í samræmi við áhættu starfsins.

17. gr.

Við lífshættuleg skilyrði skal slökkviliðsmaður ávallt gæta þess að stofna hvorki eigin lífi né annarra berlega í tvísýnu.

Ekki má á nokkurn hátt tálma því að slökkviliðsmenn geti sinnt starfi sínu.

18. gr.

Slökkviliðsmönnum er skylt að gæta þagmælsku um atriði, sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum og eðli máls. Þagnarskyldan helst þótt þeir láti af störfum.

19. gr.

Um réttindi og skyldur slökkviliðsmanna fer að öðru leyti eftir II. kafla laga nr. 41/1992 um brunavarnir og brunamál, og samþykktum um slökkvilið á hverjum stað, eftir því sem við á. Leita skal umsagnar hagsmunasamtaka slökkviliðsmanna um samþykktir er varðað geta hagsmuni slökkviliðsmanna.

20. gr.

Um viðurlög vegna brota á reglugerð þessari fer eftir lögum nr. 41/1992 um brunavarnir og brunamál, og eftir því sem við á samkvæmt lögum nr. 38/1954 um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna.

21. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 30. gr., sbr. 5. mgr. 2. gr., laga nr. 41/1992 um brunavarnir og brunamál og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 197/1991 um menntun, réttindi og skyldur slökkviliðsmanna.

Ákvæði til bráðabirgða:

Slökkviliðsmenn, sem starfað hafa samfellt í fjögur ár fram að setningu reglugerðar þessarar, skulu öðlast full starfsréttindi á grundvelli reglugerðarinnar, að því tilskildu að þeir sæki bóklegt endurmenntunarnámskeið innan fimm ára frá setningu reglugerðar þessarar.

Félagsmálaráðuneytið, 14. apríl 1994.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Sesselja Árnadóttir.

REGLUGERÐ

um fræðslu og þjálfun í brunavörnum og slökkvistarfi á vegum einkaaðila.

1. Almenn ákvæði.

1.1. Brunamálastofnun ríkisins ber að fylgjast með því hvernig staðið er að fræðslu um brunavarnir og brunamál í landinu, þ.m.t. þjálfun í eldvarnaeftirliti, slökkvistarfi og björgun úr eldsvoða.
Fræðsla um brunavarnir í skipum ásamt tilheyrandi þjálfun, sem samkvæmt lögum heyrir undir siglingamálastjóra, er undanþegin þessu ákvæði. Sama gildir um fræðslu um brunavarnir ásamt tilheyrandi þjálfun í flugvélum sem heyrir undir flugmálastjóra.

1.2. Samkvæmt lögum nr. 41/1992 er Brunamálastofnun ríkisins skylt:
- Að beita sér fyrir kynningar- og fræðslustarfsemi fyrir þá sem sinna reglubundnu eldvarnaeftirliti.
- Að gangast fyrir ráðstefnum og námskeiðum fyrir hönnuði og aðra tæknimenn og kynna þeim nýjungar á sviði brunavarna.
- Að beita sér fyrir kynningar- og fræðslustarfi meðal almennings.

1.3. Slökkviliðsstjórum ber að veita fræðslu um brunavarnir og brunamál, svo og þjálfun í brunavörnum, í umdæmum sínum og innan sinna vébanda. Slík fræðsla og þjálfun er háð eftirliti Brunamálastofnunar ríkisins samkvæmt gr. 1.1.
Slökkviliðsstjórar skulu m.a. fræða eftirtalda aðila í sínum umdæmum um brunavarnir og brunamál til að þeir megi sem best uppfylla kröfur um brunavarnir og öryggi gegn eldi:
- Fyrirtæki og annan atvinnurekstur, þ.m.t. landbúnað.
- Skóla og aðrar menntastofnanir.
- Félög og félagasamtök, þ.m.t. hjálpar- og björgunaraðila.
- Allan almenning eftir því sem kostur er, þ.m.t. eigendur íbúðarhúsnæðis.

1.4. Félögum og félagasamtökum er heimilt að veita meðlimum sínum fræðslu um brunavarnir og brunamál.

1.5. Skólum og öðrum menntastofnunum er bæði heimilt og skylt að uppfræða nemendur um brunavarnir og brunamál eða sjá til þess að þeir fái slíka þjálfun og fræðslu hjá viðurkenndum aðila.

1.6. Fyrirtækjum og stofnunum er bæði heimilt og skylt að uppfræða starfsmenn sína um brunamál og þjálfa þá í brunavörnum og slökkvistarfi eða sjá til þess að þeir fái slíka þjálfun hjá viðurkenndum aðilum.

2. Fræðsla og þjálfun á vegum einkaaðila.

2.1. Brunamálastofnun ríkisins skal hafa eftirlit með fræðslu um brunavarnir og brunamál og einnig hafa eftirlit með þjálfun í brunavörnum og björgun úr eldsvoða, sem fer fram á vegum einkaaðila og boðin er slökkviliðum, almenningi og fyrirtækjum í landinu.
Einkaaðilar eru hér taldir allir aðrir en opinberir aðilar, þ.e. einstaklingar, félög, samtök og fyrirtæki.

2.2. Einkaaðili sem hyggst veita fræðslu um brunavarnir og brunamál eða þjálfun í brunavörnum og björgun úr eldsvoða og taka gjald fyrir, verður að fá viðurkenningu Brunamálastofnunar ríkisins á starfsemi sinni. Ef hann er hæfur að mati stofnunarinnar gefur hún út skilyrt vottorð honum til handa. Slökkviliðsstjóri getur einnig veitt framangreinda heimild að fengnu leyfi brunamálastjóra.

2.3. Einkaaðilum er heimilt án sérstaks leyfis Brunamálastofnunar ríkisins að láta í té fræðslu um brunavarnir á afmörkuðu sviði, t.d. eftirliti og viðhaldi brunavarnabúnaðar sem viðkomandi aðili framleiðir eða flytur til landsins. Slík fræðsla veitir þó einungis réttindi á því afmarkaða sviði.
Slökkviliðsstjórum ber að gangast fyrir námskeiðum, sem húseigendum og starfsmönnum fyrirtækja og stofnana er skylt að sækja til að uppfylla lög og reglur um brunavarnir, en þau eru háð eftirliti Brunamálastofnunar ríkisins og verða að uppfylla kröfur stofnunarinnar um leiðbeinendur og námsefni.

3. Brot á ákvæðum þessarar reglugerðar.

3.1. Brunamálastofnun ríkisins og slökkviliðsstjórar í umboði hennar, hver á sínu brunavarnasvæði, hafa eftirlit með því að farið sé eftir reglugerð þessari.

3.2. Séu ákvæði reglugerðar þessarar brotin fer um málið eftir ákvæðum 31. gr. laga nr. 41/1992 um brunavarnir og brunamál.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 30. gr. laga nr. 41/1992 um brunavarnir og brunamál og öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 7. apríl 1994.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Sesselja Árnadóttir.

18. apríl 1994 Nr. 197

REGLUGERÐ

um niðurfellingu jöfnunarálags á innflutt hús og húshluta.

1. gr.

Reglugerð nr. 387/1992, um jöfnunarálag á innflutt hús og húshluta, með síðari breytingum er felld úr gildi.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 120. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum og öðlast gildi 1. maí 1994.

Fjármálaráðuneytið, 18. apríl 1994.

F. h. r.
Snorri Olsen.

Ingibjörg Þorsteinsdóttir.

REGLUGERÐ

um eldvarnaeftirlit sveitarfélaga með atvinnuhúsnæði sem tekið hefur verið í notkun.

Efnisyfirlit:

1. Skilgreiningar.
2. Almenn ákvæði.
3. Eldvarnaeftirlit sveitarfélaga.
4. Skipulag og skýrslugerð.
5. Framkvæmd eldvarnaeftirlits.
6. Eftirlitstímabil.

1. Skilgreiningar.

1.1. Eftirlit sveitarfélaga:
Hér er átt við eldvarnaeftirlit á vegum sveitarstjórnar og slökkviliðsstjóra, sbr. 4. gr. laga nr. 41/1992 um brunavarnir og brunamál.

1.2. Atvinnuhúsnæði:
Með atvinnuhúsnæði er í þessari reglugerð átt við húsnæði þar sem almenningur kemur saman, dvelst eða vistast og hverskonar atvinnustarfsemi fer fram.
Dæmi um slíkt atvinnuhúsnæði (ekki tæmandi upptalning):
Skrifstofur, verslanir, bankar, hótel, gistihús og gistiskálar, barnaheimili, heimavistir, skólar og dagvistarstofnanir, sjúkrahús, læknamiðstöðvar, heilsuhæli, dvalarstofnanir og dvalarheimili fyrir aldraða, stofnanir og vistheimili fyrir fatlaða, bókasöfn og lestrarsalir, listasöfn, byggðasöfn, leikhús, kvikmyndahús, hljómleikahús, sýningahús, íþróttahús, kirkjur og safnaðarheimili, flugstöðvarbyggingar, bensínafgreiðslur, olíubirgðastöðvar, sláturhús, loðdýrabú, alifuglabú, frystihús og önnur fiskverkunarhús, viðgerðarverkstæði, iðnaðar- og verksmiðjuhús og vörugeymslur.
Atvinnuhúsnæði í landbúnaði, þ.m.t. gripahús, hlöður og tilheyrandi geymsluhús, er sömuleiðis eftirlitsskylt.

1.3. Telst ekki atvinnuhúsnæði:
Íbúðarhúsnæði til einkanota, s.s. einbýlishús og fjölbýlishús, telst ekki atvinnuhúsnæði og er því undanskilið ákvæðum þessarar reglugerðar, nema þar fari fram önnur atvinnustarfsemi heldur en telst vera venjulegur heimilisiðnaður.

1.4. Sérhæft eldvarnaeftirlit:
Með sérhæfðu eldvarnaeftirliti er í þessari reglugerð átt við eftirlit í meiriháttar atvinnu- og þjónustuhúsnæði þar sem eldhætta er sérstaklega mikil eða brunaáhætta er stór eða stórfelld hætta getur verið á mannskaða í eldsvoða. Einnig þar sem eldvarnaeftirlit getur talist það vandasamt að sérþekking á starfsemi og rekstri viðkomandi áhættu er nauðsynleg.
Dæmi um sérhæft eldvarnaeftirlit er eftirlit í sjúkrahúsum og meiriháttar framleiðslufyrirtækjum, s.s. málningarverksmiðjum og plastverksmiðjum og sömuleiðis í gasbirgðastöðvum og olíubirgðastöðvum.

2. Almenn ákvæði.

Reglugerð þessi gildir fyrir landið allt um eldvarnaeftirlit á vegum sveitarfélaga með atvinnuhúsnæði sem tekið hefur verið í notkun.

Reglugerðin tekur til húsa og annarra mannvirkja á landi þ.m.t. flugvallar- og hafnarmannvirki, og til geymslustöðva og vörubirgða hvort sem þær eru innan húss eða utan, sem eftirlitsskyld eru samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar eða annarra gildandi reglugerða um brunavarnir og brunamál.

Undanskilin ákvæðum þessarar reglugerðar um eldvarnaeftirlit sveitarfélaga eru flugvélar og skip, svo og almennar vinnuvélar, bifreiðar og önnur vélknúin farartæki.

3. Eldvarnaeftirlit sveitarfélaga.

Samkvæmt 4. gr. laga nr. 41/1992 er sérhverju sveitarfélagi skylt að halda uppi opinberum brunavörnum, þ.m.t. að reka slökkvilið og annast eldvarnaeftirlit, á sínu svæði og kosta það.

Sveitarfélögum er heimilt samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnalaga að stofna með sér byggðasamlag um brunavarnir (brunavarnafélag) til að annast sameiginlega brunavarnir viðkomandi svæðis, að öllu leyti eða að hluta til, t.d. einungis um eldvarnaeftirlit. Skal þá gera skriflegan samning um starfsemi og rekstur félagsins og öðlast hann gildi með staðfestingu félagsmálaráðuneytis að fenginni umsögn Brunamálastofnunar ríkisins.

Megin markmið eldvarnaeftirlits sveitarfélaga (sveitarstjórna og slökkviliðsstjóra) er, auk þess sem segir í þessari reglugerð, eftirfarandi:

- Að leiðbeina almenningi, fyrirtækjum og stofnunum um allt er varðar brunavarnir og hættu þá sem af eldsvoða getur stafað.
- Að sjá til þess að eigendur og forráðamenn atvinnuhúsnæðis sinni skyldum sínum um brunavarnir samkvæmt gildandi lögum, þ.m.t. að þeir ástundi eigið eldvarnaeftirlit í samræmi við gildandi reglugerð og leiðbeiningar Brunamálastofnunar ríkisins.
- Að gera úttektir á húsum og mannvirkjum sem fullgerð eru og leggja fram athugasemdir varðandi nauðsynlegar úrbætur til bættra brunavarna til að afstýra hættu fyrir menn og eignir.
- Að fylgjast með því ásamt byggingarfulltrúa að nýbyggingar fullnægi kröfum í lögum og reglugerðum um brunavarnir og byggingarmál áður en notkun þeirra er heimiluð.

4. Skipulag og skýrslugerð.

4.1. Atvinnuhúsnæði sem þegar er byggt og er í rekstri.

Slökkviliðsstjóri, eða eldvarnaeftirlitsmaður á hans vegum, skal tafarlaust krefjast nauðsynlegra úrbóta á atvinnuhúsnæði sem þegar er byggt og er í rekstri, til að það fullnægi lágmarkskröfum um brunavarnir samkvæmt gildandi lögum og reglugerðum.

4.2. Eftirlitsskyld mannvirki og skoðunarskýrslur til hlutaðeigandi aðila.

Slökkviliðsstjóri, eða eldvarnaeftirlitsmaður á hans vegum, skal halda sérstaka skrá yfir helstu brunaáhættur sem fyrirhugað er að hafa opinbert eftirlit með og ákveður hversu oft skuli skoða tiltekið mannvirki séu ekki um það nægilega skýr ákvæði í þessari reglugerð eða nánar útfærðum reglum frá Brunamálastofnun ríkisins.

Slökkviliðsstjóri metur sérstaklega hvort atvinnuhúsnæði skuli vera undanþegið skoðunarskyldu samkvæmt ákvæðum 6. kafla þessarar reglugerðar um eftirlitstímabil. Það getur m.a. átt við um lítið húsnæði (undir 50 m^2), þar sem fáir vinna (færri

en 5) og starfsemin hefur ekki í för með sér sérstaka eldhættu, t.d. litlar verslanir og rakarastofur.
Upplýsingar um eldvarnaúttektir skal senda reglulega til Brunamálastofnunar ríkisins. Upplýsingarnar skulu einnig vera aðgengilegar hlutaðeigandi brunatryggingafélögum.

4.3. Sérhæft eldvarnaeftirlit.
Slökkviliðsstjóri metur hvenær um svo sérhæft eftirlit er að ræða, að eigandi eða forráðamaður viðkomandi áhættu geti ekki sjálfur annast það án utanaðkomandi aðstoðar viðurkennds eftirlitsaðila. Slíkur eftirlitsaðili skal hafa hlotið sérstaka viðurkenningu Brunamálastofnunar ríkisins, þess efnis að hann sé hæfur til starfsins. Slökkviliðsstjóri getur krafist tafarlausra úrbóta á eigin eftirliti eiganda eða forráðamanns í slíku húsnæði og er slökkviliðsstjóra heimilt að óska eftir nauðsynlegri ráðgjöf og leiðbeiningum hjá Brunamálastofnun ríkisins í þessu efni.

4.4. Árleg skýrsla um framkvæmd eftirlitsins.
Slökkviliðsstjóri, eða eldvarnaeftirlitsmaður á hans vegum, skal gera sérstaka skýrslu til viðkomandi sveitarstjórnar, eða stjórnar byggðasamlags um brunavarnir, um framkvæmd eftirlitsins í umdæminu. Slökkviliðsstjóri gerir einnig skýrslu um eldsvoða og orsakir og helstu afleiðingar þeirra fyrir hvert ár.
Skýrslugerð þessari skal vera lokið í febrúar næsta ár á eftir og skal þá jafnframt senda skýrsluna til Brunamálastofnunar ríkisins.

4.5. Stöðluð eyðublöð og tölvuforrit.
Brunamálastofnun ríkisins gefur út stöðluð eyðublöð og/eða tölvuforrit vegna eftirlitsins, sem slökkviliðsstjóra og eldvarnaeftirlitsmönnum sveitarfélaga ber að afla sér og nota. Einstök sveitarfélög eða byggðasamlög um brunavarnir hafa þó heimild til að nota eigin eyðublöð og tölvuforrit að því tilskildu að þau séu á fullnægjandi hátt samræmd tilsvarandi gögnum Brunamálastofnunar ríkisins.

5. Framkvæmd eftirlitsins.

5.1. Grundvöllur eftirlits sveitarfélaga.
Til grundvallar eftirlitinu skal leggja ákvæði og skilgreiningar í lögum og reglugerðum um byggingar- og brunamál sem í gildi eru á hverjum tíma, svo og orðsendingar eða önnur fyrirmæli Brunamálastofnunar ríkisins.
Brunamálastofnun ríkisins ber að veita slökkviliðsstjórum og eldvarnaeftirlitsmönnum sveitarfélaga alla æskilega og nauðsynlega aðstoð og leiðbeiningar um framkvæmd eldvarnaeftirlits eftir því sem við á og tök eru á hverju sinni.

5.2. Almenn framkvæmd eftirlitsins.
Kanna skal sérstaklega hvort eigendur og forráðamenn atvinnuhúsnæðis sinni skyldum sínum og ábyrgð í samræmi við reglugerð um eigið eftirlit eigenda og forráðamanna atvinnuhúsnæðis.
Eftirfarandi atriði skal m.a. hafa í huga:
- Eftirlit skal að jafnaði framkvæma án fyrirvara og meðan mannvirkið er í notkun.
- Líta skal eftir því að byggingin fullnægi kröfum í lögum og reglugerðum um byggingar- og brunamál og ekki hafi verið gerðar breytingar á húsakynnum sem stríða gegn samþykktum uppdráttum og ekki hafi verið gerðar meiriháttar breytingar á starfsemi án undangengins samráðs við byggingar- og brunamálayfirvöld.

- Líta skal eftir því að ekki stafi sérstök hætta af eldfimum efnum eða sprengifimu gasi, heldur séu slík efni geymd og meðhöndluð af fullri varúð og í samræmi við lög, reglugerðir og önnur fyrirmæli brunamálayfirvalda.
- Líta skal eftir því að fyrirmælum og leiðbeiningum um umgengni og þrif sé framfylgt.
- Líta skal eftir því að undankomuleiðir fyrir fólk og aðgangsleiðir fyrir björgunar- og slökkvilið séu greiðfærar og merktar á tilskilinn hátt.
- Líta skal eftir því að slökkvivatn sé fyrir hendi í nægilegu magni og með hæfilegum þrýstingi og aðgengilegt fyrir slökkviliðið.
- Líta skal eftir því að handslökkvitæki, merkingar, neyðarlýsing og annar tilskilinn búnaður eða tæki til brunavarna og slökkvistarfs sé fyrir hendi og í fullkomnu lagi.
- Líta skal eftir því að brunaviðvörunar- og slökkvikerfi sem kunna að vera í mannvirkinu séu virk og reglum Brunamálastofnunar um þjónustu og viðhald sé framfylgt.
- Líta skal eftir því að starfsfólk hafi fengið fræðslu um almennar brunavarnir og tilskilda æfingu í slökkvistarfi, björgun og flótta úr eldsvoða, eftir því sem við á hverju sinni eða fyrirmæli eru um í lögum og reglugerðum.

5.3. Kröfur um úrbætur.

Slökkviliðsstjóri, eða eldvarnaeftirlitsmaður á hans vegum, skal skriflega tilkynna eiganda og/eða forráðamanni viðkomandi húsnæðis um þá annmarka sem fram kunna að koma við eftirlitið. Ber þá að gefa tiltekinn frest til að gera úrbætur.
Ef annmarkarnir hafa í för með sér sérstaka hættu á eignatjóni í bruna eða alvarleg hætta á manntjóni stafar af því að settum reglum um brunavarnir er ekki fylgt, ber slökkviliðsstjóra að gera viðeigandi ráðstafanir samkvæmt 26. gr. laga nr. 41/1992 um brunavarnir og brunamál.

6. Eftirlitstímabil.

6.1. Almennt.

Hér á eftir eru tilgreind almenn tímatakmörk um eldvarnaeftirlit sveitarfélaga eftir notkun húsa. Eftirlitið skal fara fram með reglubundnum hætti og gilda tímamörkin sem lágmarkskrafa, að því tilskildu að verulegir annmarkar hafi ekki komið fram við síðustu eldvarnaskoðun.
Hafi verulegir annmarkar komið fram við síðustu skoðun, skal eldvarnaeftirlitið fylgja málinu eftir þar til úr hefur verið bætt og gilda hin almennu tímamörk þá frá þeim tíma að fullnægjandi úrbætur hafa verið gerðar að mati eldvarnaeftirlitsins.
Með „afmarkaðri rekstrareiningu í húsi" er hér á eftir átt við rými í húsi sem hólfað er frá öðrum hlutum þess með a.m.k. B60 brunaskilum (gólf, loft og innveggir). Að öðrum kosti fellur húsið í heild sinni undir tilgreind tímamörk varðandi eldvarnaeftirlit.

6.2. *Hótel, heimavistir, verbúðir, heilsuhæli, hjúkrunarheimili, hvíldar- og hressingarheimili, elliheimili og aðrar hliðstæðar byggingar.*

Hús, eða afmarkaða rekstrareiningu í húsi, með gistiaðstöðu eða svefnplássum fyrir færri en 10 manns, skal skoða a.m.k. einu sinni á hverju þriggja ára tímabili.
Hús, eða afmarkaða rekstrareiningu í húsi, með gistiaðstöðu eða svefnplássum fyrir a.m.k. 10 manns en færri en 50 manns, skal skoða a.m.k. einu sinni á hverju tveggja ára tímabili.

Hús, eða afmarkaða rekstrareiningu í húsi, með gistiaðstöðu eða svefnplássum fyrir 50 manns eða fleiri, skal skoða a.m.k. árlega.

6.3. *Samkomuhús, þ.m.t. félagsheimili, leikhús, kvikmyndahús, hljómleikahús, hús með funda- og sýningasölum, íþróttahús og stórir fjallaskálar, kirkjur, safnaðarheimili og önnur hús sem notuð eru í svipuðum tilgangi.*
Hús, eða afmarkaða rekstrareiningu í húsi, fyrir færri en 50 manns (gestir og starfsfólk), skal skoða a.m.k. einu sinni á hverju tveggja ára tímabili.
Hús, eða afmarkaða rekstrareiningu í húsi, fyrir a.m.k. 50 manns en færri en 150 manns (gestir og starfsfólk) skal skoða a.m.k. árlega.
Hús, eða afmarkaða rekstrareiningu í húsi, fyrir 150 manns eða fleiri (gestir og starfsfólk) skal skoða a.m.k. tvisvar sinnum á hverju ári.

6.4. *Skólar og dagvistarstofnanir.*
Kennsludeildir í skólum og dagvistarstofnanir fyrir færri en 50 manns (nemendur eða vistmenn og starfsfólk) skal skoða a.m.k. einu sinni á hverju tveggja ára tímabili.
Kennsludeildir í skólum og dagvistarstofnanir fyrir a.m.k. 50 manns en færri en 150 manns (nemendur eða vistmenn og starfsfólk) skal skoða a.m.k. árlega. Kennsludeildir í skólum og dagvistarstofnanir fyrir 150 manns eða fleiri (nemendur eða vistmenn og starfsfólk) skal skoða a.m.k. tvisvar sinnum á hverju ári.

6.5. *Verslanir.*
Verslanir með gólfflöt að fylgirýmum meðtöldum undir 150 m^2, skal skoða a.m.k. einu sinni á hverju þriggja ára tímabili.
Verslanir með gólfflöt að fylgirýmum meðtöldum 150 m^2 en undir 600 m^2, skal skoða a.m.k. einu sinni á hverju tveggja ára tímabili.
Verslanir með gólfflöt að fylgirýmum meðtöldum 600 m^2 og þar yfir, skal skoða a.m.k. árlega.
Séu ofangreind rekstrarrými hluti af byggingu en ekki í eigin og afmarkaðri brunasamstæðu (a.m.k. A60 brunaskil: gólf, loft og innveggir), fellur hús í heild sinni undir ofangreind tímamörk um eldvarnaeftirlit.

6.6. *Yfirbyggðar bílageymslur.*
Bílageymslur sem hafa samanlagt gólfflatarmál (bílastæði og fylgirými) undir 600 m^2, skal skoða a.m.k. einu sinni á hverju tveggja ára tímabili.
Bílageymslur sem hafa samanlagt gólfflatarmál (bílastæði og fylgirými) 600 m^2 en undir 2000 m^2, skal skoða a.m.k. árlega.
Bílageymslur sem hafa samanlagt gólfflatarmál (bílastæði og fylgirými) 2000 m^2 og þar yfir, skal skoða a.m.k. tvisvar sinnum á hverju ári.

6.7. *Iðnaðar- og geymsluhús.*
Iðnaðar- og geymsluhús, þ.m.t. fiskvinnsluhús, þar sem samanlagður gólfflötur er undir 200 m^2 og brunaálag er lítið (undir 100 MJ/m^2) og starfseminni fylgir lítil eldhætta að mati slökkviliðsstjóra, skal skoða a.m.k. einu sinni á hverju tveggja ára tímabili.
Iðnaðar- og geymsluhús, þ.m.t. fiskvinnsluhús, þar sem samanlagður gólfflötur er undir 200 m^2 en uppfyllir ekki ofangreind skilyrði um brunaálag og eldhættu, skal skoða a.m.k. árlega.
Öll önnur iðnaðar- og geymsluhús, þ.m.t. fiskvinnsluhús, skal skoða a.m.k. tvisvar sinnum á hverju ári.

Þar sem unnið er með mjög eld- og sprengifim eða eitruð efni, eða þar sem slík efni eru geymd, skal haga eldvarnaeftirliti í samræmi við lög og reglugerðir um þesshættar efni eða samkvæmt nánari reglum og fyrirmælum Brunamálastofnunar ríkisins og/eða Vinnueftirlits ríkisins og/eða Hollustuverndar ríkisins.

6.8. *Friðaðar byggingar, listasöfn og minjasöfn.*
Friðaðar byggingar skal skoða a.m.k. einu sinni á hverju þriggja ára tímabili. Sveitarstjórn getur ákveðið að einstakar slíkar byggingar skuli skoða oftar ef hún telur að mikil verðmæti séu í húfi.
Lista- og minjasöfn og álíka hús skal skoða a.m.k. tvisvar sinnum á hverju ári. Sveitarstjórn getur ákveðið að einstök slík söfn megi skoða sjaldnar ef hún telur að lítil verðmæti séu í húfi.

6.9. *Atvinnuhúsnæði í landbúnaði.*
Almenn gripahús, hlöður og geymsluhúsnæði skal skoða a.m.k. einu sinni á hverju þriggja ára tímabili.
Ef um meiriháttar atvinnuhúsnæði í landbúnaði er að ræða gilda um það ákvæðin í gr. 6.7. um iðnaðar- og geymsluhús.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 30. gr. laga nr. 41/1992 um brunavarnir og brunamál og öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 7. apríl 1994.

Jóhann Sigurðardóttir.

Sesselja Árnadóttir.

20. apríl 1994 Nr. 199

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Hvammstanga 1992-2012.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðuneytið þann 20. apríl 1994 staðfest aðalskipulag Hvammstanga 1992-2012.

Uppdráttur og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Hvammstangahrepps og skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt hana til staðfestingar.

Það skilyrði fylgir að áður en framkvæmdir við Hafnarbraut verða heimilaðar fari fram mat á umhverfisáhrifum vegna þeirrar tengingar.

Jafnframt er aðalskipulagsuppdráttur fyrir Hvammstanga, sem staðfestur var 10. júní 1980, felldur úr gildi.

Umhverfisráðuneytið, 20. apríl 1994.

Össur Skarphéðinsson.

Ingimar Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um eigið eftirlit eigenda og forráðamanna með brunavörnum í atvinnuhúsnæði.

Efnisyfirlit:

1. Skilgreiningar.
2. Almenn ákvæði.
3. Skipulag eigin eldvarnaeftirlits.
4. Leiðbeiningar Brunamálastofnunar ríkisins.

1. Skilgreiningar.

1.1. Eigið eftirlit eigenda og forráðamanna:
Eigið eftirlit er daglegt og reglubundið eldvarnaeftirlit fyrirtækja og stofnana á eigin vegum og fyrir eigið fé. Hér er átt við eldvarnaeftirlit sem eigendur og forráðamenn eða starfsmenn þeirra annast eða aðilar á þeirra vegum, t.d. þjónustufyrirtæki eða sjálfstætt starfandi eldvarnaeftirlitsmenn.

1.2. Forráðamaður:
Með forráðamanni er átt við ábyrgan aðila, t.d. framkvæmdastjóra fyrirtækis, sem hefur húsnæðið til umráða og nýtir það til atvinnustarfsemi. Eigandi og forráðamaður geta verið einn og sami aðili.

1.3. Atvinnuhúsnæði:
Með atvinnuhúsnæði er í þessari reglugerð átt við húsnæði þar sem almenningur kemur saman, dvelst eða vistast og hverskonar atvinnustarfsemi fer fram.
Dæmi um slíkt atvinnuhúsnæði (ekki tæmandi upptalning):
Skrifstofur, verslanir, bankar, hótel, gistihús og gistiskálar, barnaheimili, heimavistir, skólar og dagvistarstofnanir, sjúkrahús, læknamiðstöðvar, heilsuhæli, dvalarstofnanir og dvalarheimili fyrir aldraða, stofnanir og vistheimili fyrir fatlaða, bókasöfn og lestrarsalir, listasöfn, byggðasöfn, leikhús, kvikmyndahús, hljómleikahús, sýningahús, íþróttahús, kirkjur og safnaðarheimili, flugstöðvarbyggingar, bensínafgreiðslur, olíubirgðastöðvar, sláturhús, loðdýrabú, alifuglabú, frystihús og önnur fiskverkunarhús, viðgerðarverkstæði, iðnaðar- og verksmiðjuhús og vörugeymslur.
Atvinnuhúsnæði í landbúnaði, þ.m.t. gripahús, hlöður og tilheyrandi geymsluhús, er sömuleiðis eftirlitsskylt.

1.4. Telst ekki atvinnuhúsnæði:
Íbúðarhúsnæði til einkanota, s.s. einbýlishús og fjölbýlishús, telst ekki atvinnuhúsnæði og er því undanskilið ákvæðum þessarar reglugerðar, nema þar fari fram önnur atvinnustarfsemi heldur en telst vera venjulegur heimilisiðnaður.

2. Almenn ákvæði.

2.1. Ábyrgð eigenda og forráðamanna.
Eigandi atvinnuhúsnæðis er ábyrgur fyrir því að það fullnægi kröfum um brunavarnir sem fram eru settar í lögum og reglugerðum um byggingar- og brunamál.
Forráðamanni atvinnuhúsnæðis er skylt að sjá til þess að það fullnægi kröfum um brunavarnir fyrir þá starfsemi sem í húsnæðinu fer fram á hverjum tíma.
Eigandi og/eða forráðamaður atvinnuhúsnæðis ber fulla ábyrgð á eigin brunavörnum,

þ.e. að þær séu virkar og að haft sé reglubundið eftirlit með þeim. Jafnframt er þeim skylt að hlíta fyrirmælum eftirlitsmanna sveitarfélaga og opinberra stofnana um úrbætur sem eiga sér stoð í gildandi lögum og reglugerðum um brunavarnir og brunamál, byggingarmál, öryggismál og hollustuhætti.

2.2. *Gildissvið og yfirumsjón.*
Reglugerð þessi gildir um reglubundið eldvarnaeftirlit eigenda og forráðamanna atvinnuhúsnæðis á öllu landinu, sbr. skilgreiningu í 1. kafla.
Slökkviliðsstjóri í hverju umdæmi hefur umsjón og eftirlit með því að kröfum í lögum og reglugerðum um brunavarnir og brunamál sé framfylgt, þ.m.t. að eigandi og/eða forráðamaður sinni eigin eldvarnaeftirliti. Hann skal hafa fullnægjandi samráð við aðra aðila er málið varðar, t.d. Brunamálastofnun ríkisins, Vinnueftirlit ríkisins, Hollustuvernd ríkisins, Rafmagnseftirlit ríkisins og brunatryggingafélög.
Komi upp ágreiningur um ábyrgð eða verkaskiptingu er varðar framkvæmd eftirlitsins sker Brunamálastofnun ríkisins úr þeim ágreiningi.

2.3. *Markmið.*
Reglugerð þessi og tilheyrandi leiðbeiningar hafa að geyma ákvæði um hvernig eigendum, forráðamönnum og starfsmönnum atvinnuhúsnæðis beri að haga eldvarnaeftirliti sínu til að auðvelda þeim að sinna því eins og þeim ber skylda til samkvæmt lögum.
Markmiðið er að fyrirbyggja eignatjón og/eða manntjón og koma í veg fyrir röskun á högum og/eða rekstrarstöðvun af völdum bruna.

2.4. *Brot á lögum og reglum.*
Nú kemur í ljós að eigendur og forráðamenn sinna ekki þeim kröfum sem fram eru settar í lögum nr. 41/1992 um brunavarnir og brunamál eða gildandi reglum og reglugerðum eða fyrirmælum eldvarnaeftirlitsmanna um úrbætur og gilda þá um meðferð málsins ákvæði VI. kafla laga nr. 41/1992 um brunavarnir og brunamál.

3. Skipulag eigin eldvarnaeftirlits.

3.1. *Umsjónarmaður.*
Eiganda eða forráðamanni ber að fela ákveðnum og ábyrgum starfsmanni það verkefni að hafa yfirumsjón með brunavörnum hússins og þjálfun starfsmanna varðandi innra eldvarnaeftirlit, fyrstu viðbrögð við eldi og slökkvistarf. Æskilegt er að þessi maður sé einn af eigendum eða stjórnendum viðkomandi fyrirtækis eða stofnunar.
A.m.k. einu sinni á ári skal umsjónarmaður gera sérstaka úttekt á eldvörnum og brunaöryggi í húsnæðinu öllu.
Þetta á þó ekki við um lítið húsnæði (undir 50 m^2), þar sem fáir vinna (færri en 5) og starfsemin hefur ekki í för með sér sérstaka eldhættu, t.d. litlar verslanir og rakarastofur. Í slíkum tilvikum er ekki nauðsynlegt að tilnefna umsjónarmann með eldvörnum eða framkvæma sérstaka árlega úttekt á eldvörnum.

3.2. *Fræðsla starfsfólks.*
Þegar um stórar brunaáhættur, margt starfsfólk eða mikinn fólksfjölda er að ræða, eða þar sem eldhætta er mjög mikil vegna starfsemi eða vörubirgða, ber að huga sérstaklega að möguleikum starfsmanna til að ráða niðurlögum elds strax í upphafi. Almennt skulu starfsmenn fá haldgóða fræðslu og þjálfun í fyrstu viðbrögðum við

eldi og slökkvistarfi viðeigandi slökkvibúnaður skal vera fyrir hendi og tiltækur. Í mjög stórum fyrirtækjum ber að þjálfa ákveðna starfsmenn í björgunar- og slökkvistarfi og hafa á staðnum nauðsynlegan búnað og tæki til þeirra hluta, sbr. 7. mgr. 18. gr. laga nr. 41/1992 um brunavarnir og brunamál.

3.3. Brunaæfingar.
Í atvinnuhúsnæði þar sem 30 manns eða fleiri starfa eða dveljast að staðaldri skal a.m.k. einu sinni á ári halda brunaæfingu. Hafa ber samráð við slökkviliðsstjóra um tilhögun slíkra æfinga eða leita aðstoðar hjá öðrum aðila sem slökkviliðsstjóri samþykkir og öðlast hefur viðurkenningu, t.d. eftir námskeið hjá Brunamálastofnun ríkisins.

3.4. Útkall slökkviliðs.
Umsjónarmaður skal hafa samband við slökkviliðið á staðnum og í samráði við það ganga frá skýrum leiðbeiningum fyrir starfsmenn um boðun slökkviliðs komi upp eldur í húsinu. Þetta ber einnig að gera þótt sjálfvirkt eldviðvörunarkerfi tengt slökkvistöð sé í húsinu.

3.5. Lokað um skemmri eða lengri tíma.
Þegar fyrirtæki eða stofnun er lokað um lengri eða skemmri tíma, t.d. vegna sumarleyfa, jóla eða páska, ber að framkvæma sérstaka skoðun með tilliti til eldhættu og brunavarna og gera ráðstafanir til þess að fylgst sé með húsnæðinu meðan á lokuninni stendur.

4. Leiðbeiningar Brunamálastofnunar ríkisins.
Brunamálastofnun gefur út leiðbeiningar um eigið eftirlit eigenda og forráðamanna með brunavörnum í atvinnuhúsnæði.
Fyrsta útgáfa ofangreindra leiðbeininga er birt með þessari reglugerð sem fylgiskjal og skulu eigendur og forráðamenn atvinnuhúsnæðis hafa hliðsjón af þeim leiðbeiningum, eftir því sem við á hverju sinni. Þeim ber jafnframt að leita ráðgjafar hjá slökkviliðsstjóra eða Brunamálastofnun ríkisins eftir því sem þörf krefur.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 30. gr. laga nr. 41/1992 um brunavarnir og brunamál og öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 7. apríl 1994.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Sesselja Árnadóttir.

Fylgiskjal.

Leiðbeiningar um eigið eftirlit eigenda og forráðamanna með brunavörnum í atvinnuhúsnæði.

Efnisyfirlit:

1. Umgengni, þrif og reykingar.
2. Málmsuða og logskurður.
3. Raflagnir, rafmagnstæki og rafmagnsofnar.
4. Eldfim efni.
5. Vélknúin farartæki.
6. Brunahólfun.
7. Rýmingarleiðir.
8. Handslökkvitæki.
9. Slöngukefli.
10. Sérhæfður búnaður og tæki.
11. Að fyrirbyggja eða minnka tjón af völdum bruna. Ráð og leiðbeiningar.

1. Umgengni, þrif og reykingar.

1.1. Þrif og umgengni.

Halda skal atvinnuhúsnæði þrifalegu og safna saman rusli sem í gæti kviknað og fjarlægja það eða setja í viðurkennd málmílát.

Þar sem eldhætta er mikil, t.d. í verksmiðjuhúsum og álíka atvinnuhúsnæði, skulu ílát undir rusl vera með áfestu loki. Þannig skal frá ílátinu gengið að það velti ekki auðveldlega um koll og ber að tæma það daglega og eyða innihaldinu eða flytja á brott.

1.2. Ryk í lofti.

Í framleiðslufyrirtækjum, bílaverkstæðum og álíka atvinnuhúsnæði, þar sem unnið er með opinn eld, s.s. við málmsuðu, skal hafa í huga sprengihættu frá ryki í lofti. Undir vissum kringumstæðum getur ryk sem þannig hvirflast í lofti og kemst í snertingu við eld orsakað sprengingu og þar með eldhættu. Þess vegna ber að gera ráðstafanir til að fyrirbyggja ryk í lofti, t.d. með hæfilegri loftræstingu og loftraka auk fyrirbyggjandi ráðstafana gegn rykmyndun.

Hreinsa skal ló og ryk á stöðum sem auðvelt er að komast að. Kapalstokka, rörastokka og aðra staði sem erfitt er að komast að ber að hreinsa vandlega minnst einu sinni á ári og oftar ef þörf krefur.

1.3. Geymsla á vinnufatnaði.

Vinnufatnað í verksmiðjuhúsum og álíka atvinnuhúsnæði ber að hafa í sérstöku herbergi sem aðskilið er frá öðrum hlutum hússins með B60 eða A60 byggingarhlutum. Jafnframt ber að hafa fatnaðinn í lokuðum og loftræstum málmskápum.

Hreinsa skal slíka fataskápa og fatageymslur reglulega og aldrei skal geyma þar olíumettaðar tuskur eða brennanlegt rusl.

1.4. Rýmingarleiðir.
Þess skal gæta vandlega að undankomu- og útgönguleiðir séu ekki tepptar með vörubirgðum, húsgögnum eða öðrum búnaði.

1.5. Eldvarnabúnaður.
Eldvarnabúnað, t.d. handslökkvitæki, slöngukefli, viðvörunarkerfi og slökkvikerfi, skal umgangast með fullri gát og þrengja ekki að búnaðinum með vörum þannig að virkni sé hindruð eða aðgangur tepptur.

1.6. Reykingar.
Í atvinnuhúsnæði gildir almenn varúð við reykingar. Einungis ber að leyfa reykingar á nánar tilteknum stöðum, t.d. skrifstofuherbergi einstaklings, eða afmörkuðu svæði í matsal ef um það er fullt samkomulag. Reykingasvæði ættu að vera greinilega merkt.

1.7. Svæði utan húss.
Gæta skal þess að á milli bygginga og brennanlegra vörubirgða á útisvæði sé ekki safnað upp rusli eða afgangsefnum, þannig að aukin hætta sé á útbreiðslu elds eða slökkviliðið hafi ekki nægilega greiðan aðgang að byggingum og vörubirgðum.

1.8. Lok vinnudags.
Þar sem eldhætta á vinnusvæði er mikil, t.d. í málningarverksmiðjum, bílaverkstæðum og gúmmívinnustofum, eða utanhúss á verkstæðalóðum þar sem framleiðsla á sér stað, skal í lok vinnudags setja ílát með eldfimum vökva o.þ.h. í örugga geymslu.
Yfirfara skal húsnæði og vinnusvæði áður en það er yfirgefið. Líta skal eftir því að verkfæri, eldhústæki eða annar búnaður sé ekki raftengdur, nema svo eigi að vera og tryggilega sé frá þeim gengið. Einnig skal líta eftir því að falinn eldur eða neistar leynist hvergi eða önnur sérstök eldhætta sé fyrir hendi.

2. Málmsuða og logskurður.

2.1. Málmsuða og logskurður fari fram á löggiltum verkstæðum.
Málmsuða (logsuða, rafsuða, hlífðargassuða) og logskurður skal almennt fara fram á löggiltum verkstæðum ef þess er kostur og aðstæður leyfa án verulega aukins tilkostnaðar.

2.2. Málmsuða og logskurður utan löggiltra verkstæða.
Sé verið að málmsjóða eða logskera utan löggiltra verkstæða skal kunnáttumaður annast verkið. Þess skal m.a. gætt að suðutæki og vélar séu í fullkomnu lagi og búin öryggislokum. Öryggishanskar og ventillyklar skulu vera fyrir hendi.

2.3. Almennar aðstæður á vinnustað.
Aldrei má málmsjóða eða logskera þar sem sérstök eldhætta er fyrir hendi eða eldnæm efni eru notuð og geymd (eldfimur vökvi eða gas, timbur, spónn, vefnaðarvara, gúmmí) eða í vörugeymslum, nema tryggilegar ráðstafanir hafi verið gerðar til öryggis.
Hreinsa skal burt öll eldfim efni af gólfi þar sem málmsuða eða logskurður fer fram áður en vinna hefst. Brennanlega muni og byggingarhluta skal verja gegn neistaflugi með eldþolnum skermum, yfirbreiðslum eða á annan hátt.

Gaumgæfa skal að rifum og skotum þar sem eldnæm efni geta leynst, t.d. plasteinangrun í veggjum.
Þétta ber í sprungur og holur á vinnusvæðinu og æskilegt er að væta svæðið vel með vatni fyrir og meðan á málmsuðu stendur.

2.4. Öryggisráðstafanir.
Þar sem málmsuða eða logskurður fer fram skal hafa viðeigandi slökkvibúnað, sem fer eftir umfangi verksins. Í mörgum tilvikum nægir að hafa handslökkvitæki af réttri stærð og gerð, sbr. 8. kafla. Einnig er æskilegt að fyrir hendi sé ílát með sandi og skóflu.
Séu aðstæður varasamar skal sérstakur öryggisvörður vera á staðnum meðan á vinnu stendur og fyrst á eftir.

2.5. Að vinnu lokinni.
Fara skal vandlega yfir allt vinnusvæðið þegar málmsuðu eða logskurði er lokið, tilkynna ábyrgum stjórnanda, t.d. verkstjóra, að vinnu sé hætt og fara með suðutæki og gashylki á öruggan stað til geymslu.
Hafa skal síðan fullan vara á sér í að minnsta kosti klukkustund frá verklokum.

3. Raflagnir, rafmagnstæki og rafmagnsofnar.

3.1. Ástand rafbúnaðar, eftirlit og viðhald.
Raflagnir og rafbúnaður skal ætíð vera í fullkomnu lagi og vel við haldið. Fylgjast skal reglulega með búnaðinum og láta fagmenn annast allar viðgerðir. Gera skal strax við brotinn rafbúnað, s.s. tengla og rofa, og skipta um gallaðar lausataugar og annað sem úr lagi fer.
Rafmagnsvélar og rafmagnshitara skal yfirfara reglulega og gaumgæfa að slík tæki yfirhitni ekki og halda þeim hreinum og þurrum. Gæta skal þess að rafleiðslur verði ekki fyrir hnjaski og liggi ekki við hlið olíuleiðslu eða hitarörs. Forðast skal að nota bráðabirgðaleiðslur og lausar raflagnir. Raftengdar vélar og laus rafmagnstæki skulu standa á traustum grunni. Öryggishlífar og annar öryggisbúnaður skal vera í fullkomnu lagi.

3.2. Umgengni.
Starfsfólki þarf að kenna rétta umgengni við rafbúnað hvers fyrirtækis. Raflagnir og allan rafbúnað skal umgangast með aðgát og verja gegn ryki, bleytu og tærandi efnum, s.s. klórefnum og ammóníaki.
Ekki má þurrka fatnað eða annað eldnæmt efni við rafmagnsofna nema Rafmagnseftirlit ríkisins hafi viðurkennt þá til slíkra nota, t.d. rafmagnsþilofna með sérstökum hitaskynjurum.
Kaffivélar, útvarpstæki, sjónvarpstæki, hitaplötur, færanlega rafmagnsofna, þurrktæki, hitablásara og önnur slík laustengd rafmagnstæki ber að taka úr sambandi þegar vinnu lýkur.
Tryggilega skal ganga frá sítengdum rafbúnaði, s.s. tölvum og faxtækjum, þannig að ekki stafi af þeim eldhætta.

3.3. Rafmagnstæki í nánd við eldfim efni.
Almennt bann er við því að hafa rafmagnstæki tengd í nánd við eldfim efni og aldrei án sérstaks eftirlits og þá með því skilyrði að viðeigandi slökkvibúnaður sé tiltækur. Glóðarperur og ljósahundar mega ekki vera of nærri eldfimum efnum og öryggisgler skal vera á öllum slíkum ljósabúnaði.

3.4. Rafmagnsofnar til upphitunar.
Séu rafmagnsofnar notaðir til upphitunar á vinnustöðum skal hafa ofna sem Rafmagnseftirlit ríkisins viðurkennir. Ekki má hlaða brennanlegum vörum eða varningi upp að rafhitaofnum.

3.5. Eldhús og kaffistofur.
Í eldhúsum skal að jafnaði hafa handslökkvitæki og eldvarnateppi og í kaffistofum handslökkvitæki.

4. Eldfim efni.

4.1. Meðferð og notkun eldfimra efna.
Gæta skal fyllsta öryggis við meðferð og notkun eldfimra efna og afla upplýsinga þar að lútandi hjá framleiðanda eða söluaðila efnisins og leita ráðgjafar hlutaðeigandi yfirvalda sem með þau mál fara (Vinnueftirlits ríkisins, Hollustuverndar ríkisins og Brunamálastofnunar ríkisins) eftir því sem þörf krefur eða ástæða þykir til.

4.2. Starfsfólk og umgengni.
Starfsmenn sem vinna með eldfim efni, s.s. vökva eða gas, skulu fá haldgóða fræðslu um meðferð og notkun efnanna og þá eld- og sprengihættu sem af þeim getur stafað. Jafnframt skulu starfsmennirnir fá þjálfun í meðferð handslökkvitækja og réttum viðbrögðum við eldi.

4.3. Opinn eldur eða glóð.
Aldrei skal vera með opinn eld eða glóð (sígarettur, pípur, vindla) þar sem eldfim efni eru geymd eða verið er að vinna með þau.
Gæta skal þess að olíumettaður tvistur eða klútar, sem valdið geta sjálfsíkveikju, séu ekki geymdir í námunda við mjög eldfim eða sýrumenguð efni.

4.4. Geymsla á eldfimum efnum.
Á vinnustað skal ekki hafa meira magn eldfimra efna en nauðsynlegt er hverju sinni. Gera skal ætíð ráðstafanir til að hindra leka á eldfimum vökva eða gasi.
Eldfim efni í miklu magni skal geyma í sérstakri útigeymslu eða innan húss í til þess gerðum traustum og aðskildum rýmum. Takmarkað magn eldfimra efna má þó hafa á vinnusvæðinu, en í traustum ílátum og læstum málmskápum. Laus ílát á vinnustað skulu vera gerð fyrir það efni sem þau geyma.
Jafnframt er vísað í eftirfarandi rit Brunamálastofnunar ríkisins: Reglugerð um eldfima vökva og Reglugerð um forðageymslur fyrir F-gas í húsi einu sér, hluta byggingar, útigeymslu eða útisvæði.

4.5. Takmarka ber notkun mjög eldfimra efna.
Við hreinsun og límingu og álíka starfsemi ber að nota efni sem ekki eru eldfim og reyna þannig eftir því sem kostur er að komast hjá notkun mjög eldfimra efna, s.s. bensíns og þynnis.

4.6. Neistar og stöðurafmagn.
Gæta skal ítrustu varfærni varðandi rafmagn þar sem unnið er með eld- og sprengifim efni. Jarðtengja skal rafmagnsleiðslur og viðhalda góðum loftraka á vinnusvæðinu (65% eða meira) þar sem hætta getur verið á myndun neista og stöðurafmagns. Þrífa

skal sprautuklefa og loftpípur frá slíkum klefum reglulega og nota ber verkfæri sem ekki valda neistaflugi.

4.7. Leiðslur og öryggisbúnaður.
Leiðslur fyrir eldfim efni (vökva eða gas) skulu vera traustar og vel merktar og hafa áberandi lit. Neyðarhnappar, straumrofar og lokar skulu sömuleiðis vera merktir og þannig staðsettir, að þeir séu vel aðgengilegir fyrir öryggisverði og slökkvilið, einnig þótt eldur hafi komið upp á vinnusvæðinu.

4.8. Handslökkvitæki og sérhæfður slökkvibúnaður.
Á vinnusvæðum skulu vera handslökkvitæki af réttri stærð og gerð, sbr. 8. kafla í þessum leiðbeiningum.
Í atvinnuhúsnæði, t.d. þar sem unnið er með eldfima vökva, getur þurft að hafa öflugar brunavarnir, t.d. sjálfvirk slökkvikerfi. Rétt er að leita ráðgjafar í slíkum tilvikum, t.d. hjá slökkviliðsstjóra eða Brunamálastofnun ríkisins.

5. Vélknúin farartæki.

5.1. Geymsla.
Vélknúin farartæki í eigu fyrirtækja eða í notkun hjá þeim, t.d. bíla, flutningavagna, vörulyftara og vinnuvélar allskonar, ber að geyma á öruggum eða afgirtum stað utan húss eða í sérstökum læstum rýmum innan húss, sem aðskilin eru frá öðrum hlutum byggingarinnar. Sérstaklega ber að forðast að geyma vélknúin farartæki innan húss í framleiðslusölum eða vörugeymslum.

5.2. Ýmis öryggisatriði.
Ekki má setja eldsneyti á vélknúið farartæki né tappa því af innan húss. Ef unnið er að viðgerð á eldsneytisgeymi eða hleðslu á rafgeymi skal gæta ítrustu varúðar, bæði er varðar val á vinnustað og örugg vinnubrögð.
Aldrei má fara með vélknúið farartæki inn í húsnæði eða inn á svæði þar sem eldfim, sprengifim eða eitruð efni eru geymd, nema gætt sé ítrustu varúðarráðstafana.

5.3 Ferming og afferming.
Þar sem verið er að ferma eða afferma bíla eða flutningavagna skal gæta fyllsta öryggis gagnvart eldhættu og hafa réttan slökkvibúnað tiltækan, t.d. viðurkennd handslökkvitæki (dufttæki eða kolsýrutæki).

6. Brunahólfun.

6.1. Samþykkt slökkviliðsstjóra og byggingarfulltrúa.
Gerðar eru mismunandi kröfur um brunahólfun atvinnuhúsnæðis og fer það eftir gerð byggingar (steinhús, timburhús) og notkun (kirkja, skóli, samkomuhús, hraðfrystihús, vélaverkstæði) hverjar kröfurnar eru.

- Eigandi og/eða forráðamaður atvinnuhúsnæðis sem þegar er í rekstri skal óska eftir úttekt slökkviliðsstjóra og byggingarfulltrúa á brunahólfun þess til að fá fullvissu um að hún fullnægi kröfum um brunavarnir.
- Áður en nýtt atvinnuhúsnæði er tekið í notkun skal liggja fyrir vottorð slökkviliðsstjóra og byggingarfulltrúa þess efnis, að brunavarnir hússins, þ.m.t. brunahólfun þess, séu fullnægjandi.
- Sérstök úttekt skal fara fram ef breyting verður á starfseminni þess eðlis að kröfur um brunahólfun skerpast eða ef breyting verður á skipulagi húsnæðisins þannig að brunahólfun breytist.

6.2. Eftirlit og viðhald.

Eigendur og forráðamenn skulu hafa eftirlit með því að hin samþykkta brunahólfun sé ætíð í fullkomnu lagi.

- Líta skal eftir því að hurðir og hlerar í gólfum, loftum og veggjum séu í góðu ástandi og virk.
- Auðvelt skal vera að loka eldvarnarhurðum og þær skulu hafa lokunarbúnað sem hentar starfseminni án þess að hætta skapist á því að hin tilætlaða brunahólfun rýrist. Þurfi eldvarnarhurðir að standa opnar vegna flutninga á vörum eða annars umgangs skal gera viðeigandi ráðstafanir, t.d. hafa á þeim segulgrip sem tengjast sjálfvirku eldviðvörunarkerfi.
- Þegar starfsemi lýkur skal sérstaklega líta eftir því að brunahólfunin sé virk (eldvarnarhurðir lokaðar eða sjálfvirk lokun þeirra tryggð). Sama er að segja um hlera fyrir vöruopum í gólfum, loftum eða veggjum.

6.3. Ýmsar ráðstafanir.

Líta skal sérstaklega eftir því að hvergi séu annmarkar sem rýra tilskilda brunahólfun.

- Þar sem óþarfa göt eða rifur eru í gólfum, veggjum eða loftum skal fylla upp í þau. Sömuleiðis skal þétta kringum reykrör, loftstokka, pípur og rafkapla sem fara í gegnum brunahólfandi skil og þétta meðfram falsi hurða og hlera. Einungis ber að nota viðurkennd þéttiefni.
- Aldrei má setja kíla undir eldvarnarhurðir til að halda þeim opnum eða teppa lokun þeirra á annan hátt, nema sérstök og stöðug öryggisvarsla sé á staðnum meðan það ástand varir.

7. Rýmingarleiðir.

7.1. Samþykkt slökkviliðsstjóra og Vinnueftirlits ríkisins.

Gerðar eru misstrangar kröfur um rýmingarleiðir (flóttaleiðir) í atvinnuhúsnæði og gilda þar um reglur sem Brunamálastofnun ríkisins ákveður og vísast til þeirra. Reglur Vinnueftirlits ríkisins gilda þar sem þær kunna að vera strangari.

- Eigendur og forráðamenn atvinnuhúsnæðis þar sem 30 manns eða fleiri starfa eða dveljast skulu sjá til þess að skipulag rýmingarleiða hafi verið tekið út og samþykkt af slökkviliðsstjóra.
- Sérstök úttekt skal fara fram ef breyting verður á starfseminni þess eðlis, að kröfur um rýmingarleiðir skerpast eða ef breyting verður á skipulagi hússins þannig að rýmingarleiðir breytast.

7.2. Ýmis skilyrði.

- Húsgögn, vörur eða annað má ekki teppa útgönguleiðir. Þótt leyft kunni að vera að hafa húsgögn eða annan búnað í rýmingarleiðum þegar það er ekki talið hindra flótta úr eldi að mati slökkviliðsstjóra og fulltrúa Vinnueftirlits ríkisins, er það algjört skilyrði að þau séu úr efnum sem ekki eru sérlega reykmyndandi eða gefa frá sér eitraðar lofttegundir við bruna.
- Læsingarbúnaður á hurðum í flóttaleið skal vera þannig að auðvelt sé að opna þær í flóttaátt, t.d. útidyr að innanverðu, án þess að nota lykil. Sé óskað eftir annarri tilhögun ber að afla samþykkis slökkviliðsstjóra.
- Gæta skal þess að flóttaleiðir séu vel merktar og auðrataðar. Útgönguljós og neyðarlýsing skal vera fyrir hendi og í góðu lagi þar sem slíks er krafist í reglum

og reglugerðum um brunavarnir og brunamál eða í brunahönnun sem Brunamálastofnun ríkisins hefur samþykkt eða á brunavarnauppdrætti sem byggingarnefnd hefur samþykkt.

7.3. Viðvörun um eld.

Þótt um sé að ræða byggingu þar sem ekki er krafist sjálfvirks brunaviðvörunarkerfis í lögum eða reglugerðum um byggingar- og brunamál, ber ætíð að skipuleggja með hvaða hætti viðvörun til starfsfólks um eld í húsinu skal fara fram, t.d. með sérstöku kallkerfi eða á annan hátt.

Eigendum og forráðamönnum atvinnuhúsnæðis ber ætíð að huga að þessum öryggisatriðum og finna á þeim viðunandi lausn og hafa samráð við slökkviliðsstjóra og fulltrúa Vinnueftirlits ríkisins eftir því sem þörf krefur.

Sjá jafnframt 3. kafla (Skipulag eigin eldvarnaeftirlits) í Reglugerð um eigið eftirlit eigenda og forráðamanna með brunavörnum í atvinnuhúsnæði.

8. Handslökkvitæki.

8.1. Ýmsar gerðir handslökkvitækja.

Handslökkvitæki eru af ýmsum gerðum og stærðum. Til upplýsingar má nefna að algeng handslökkvitæki í atvinnuhúsnæði eru:

Gerð:	Slökkviefni:	Stærð:
Dufttæki	ABCE-duft	6 og 12 kg
Vatnstæki	Vatn	9-10 l
Kolsýrutæki	CO_2	2 og 6 kg
Froðutæki	Vatn og froða	9-10 l
Léttvatnstæki	Vatn og AFFF-íblanda	9-10 l

Við val á handslökkvitækjum ber að leita réttrar ráðgjafar, t.d. hjá slökkviliðsstjóra, og hafa jafnframt hliðsjón af leiðbeiningum, reglum og reglugerðum Brunamálastofnunar ríkisins og Vinnueftirlits ríkisins. Söluaðila tækjanna ber einnig að veita fullnægjandi upplýsingar um notkun þeirra og virkni.

8.2. Opinberar reglur og leiðbeiningar um handslökkvitæki.

Um handslökkvitæki vísast í eftirfarandi rit frá Brunamálastofnun ríkisins: Reglur um eftirlit og viðhald handslökkvitækja og Leiðbeiningar um val og staðsetningu handslökkvitækja.

Fara ber eftir reglum þessum og leiðbeiningum og einnig fyrirmælum slökkviliðsstjóra, en hér á eftir verður einungis getið þeirra höfuðatriða sem eigendur og forráðamenn atvinnuhúsnæðis þurfa að hafa sérstaklega í huga.

8.3. Ábyrgð og skyldur eigenda og forráðamanna.

Þar sem handslökkvitæki eru staðsett í atvinnuhúsnæði bera eigandi og forráðamaður fulla ábyrgð á því að daglegt og reglubundið eftirlit með þeim fari fram eins og tilgreint er í riti Brunamálastofnunar ríkisins: Reglur um eftirlit og viðhald handslökkvitækja.

Þeir bera einnig ábyrgð á því að árlegt eftirlit og nauðsynlegt viðhald, áfylling á tæki og þrýstiprófun hylkja fari fram og sé framkvæmt af viðurkenndum aðila eins og reglurnar segja til um.

8.4. Viðurkennd handslökkvitæki.
Handslökkvitæki í atvinnuhúsnæði skulu hljóta viðurkenningu Brunamálastofnunar ríkisins og skulu fullnægja stöðlum sem stofnunin samþykkir.
Seljendur handslökkvitækja skulu því geta sýnt fram á það með sérstöku vottorði frá Brunamálastofnun ríkisins að tækin séu viðurkennd.
Þess ber að krefjast af seljanda að á handslökkvitæki séu skýrar leiðbeiningar á íslensku um notkun þess.

9. Slöngukefli.

9.1. Slöngukefli (slönguúllur, brunaslöngur).
Slöngukefli er brunaslanga upprúlluð á kefli sem hengt er á vegg. Oft eru slöngukefli höfð í ólæstum málmkassa til hlífðar gegn hnjaski.
Til upplýsingar skal getið að slöngukefli er „vatnsfyllt" þegar inntaksloki vatnsleiðslunnar gegnum húsið að slöngukefli er opinn og vatn stendur því á fæðilögninni allt að veggloka við keflið. Þetta er algengast og nær undantekningarlaust haft þannig í upphituðum húsum þar sem ekki er sérstök hætta á að vatn frjósi í leiðslum. Slöngukefli er „vatnstómt" þegar inntakslokinn er hafður lokaður og fæðilögnin er vatnstóm að loka slöngukeflis.

9.2. Vatnsmagn og vatnsþrýstingur.
Slöngukefli er ætlað að gefa vatn til slökkvistarfs í tilskildu lágmarks magni og við þann lágmarks vatnsþrýsting inn á slönguna sem gefur tilætlaða kastlengd á vatnsbununni frá slöngustútnum.
Ber að tryggja að ofangreindum lágmarkskröfum sé fullnægt, þ.m.t. að velja rétta slönguvídd miðað við lengd hennar og tilætlað vatnsrennsli og sömuleiðis að velja rétta vídd á slöngustút miðað við tilætlaða kastlengd vatnsbununnar.

9.3. Eftirlit og viðhald.
Fylgjast skal með því að inntaksloki fæðileiðslu vatnsfylltra slöngukefla sé ætíð opinn og inntaksloki fyrir vatnstóm slöngukefli sé aðgengilegur fyrir slökkviliðið og auðvelt sé að opna hann.
Fylgjast ber með því að ekki séu sýnilegir skaðar á veggloka, slöngu og stút, t.d. um leið og reglubundið eftirlit fer fram á handslökkvitækjum.

9.4. Viðurkenningar og leiðbeiningar á íslensku.
Slöngukefli skulu vera viðurkennd af Brunamálastofnun ríkisins. Þess ber að krefjast af seljanda að framan á kassa slöngukeflis eða á veggnum við hliðina séu skýrar leiðbeiningar á íslensku um notkun þess. Einnig skulu þar vera upplýsingar um lengd og vídd slöngunnar og stærð á slöngustút. Jafnframt vísast í eftirfarandi rit Brunamálastofnunar ríkisins: Reglur um brunahana, brunaleiðslur og slöngukefli til brunavarna.

10. Sérhæfður búnaður og tæki.

10.1. Ýmis sérhæfður búnaður til brunavarna.
Hér á landi er til margskonar sérhæfður búnaður til brunavarna, s.s. viðvörunarkerfi og slökkvikerfi af ýmsum stærðum og gerðum, sjálfvirkur og/eða handvirkur.
Eftirfarandi er nefnt til upplýsingar: Brunaviðvörunarkerfi (eldviðvörunarkerfi),

vatnsúðakerfi (sprinkler), halonkerfi (1301), kolsýrukerfi (CO_2), duftkerfi, froðukerfi, léttvatnskerfi, reykræstibúnaður, brunalokur ásamt stýribúnaði, útgönguljós, neyðarlýsing og lokunarbúnaður fyrir hurðir.

10.2. Prófun og úttekt áður en kerfi er tekið í notkun.
Eiganda, eða forráðamanni sé það á hans vegum, ber að sjá til þess að búnaður og kerfi hafi verið prófuð og tekin út í viðurvist hönnuðar, slökkviliðsstjóra og annarra er málið varðar áður en það er tekið í notkun. Eigandi, eða forráðamaður sé það á hans vegum, og slökkviliðsstjóri skulu staðfesta þetta með undirskrift sinni og skrásetja í sérstaka viðhaldsbók sem geyma skal í læstri hirslu, t.d. við stjórnstöð kerfis eða á öðrum öruggum stað sem er aðgengilegur fyrir eftirlitsaðila.
Þegar um er að ræða meiriháttar viðvörunar- og slökkvikerfi eða sérhæfðan búnað sem veitir sérstakan afslátt á iðgjöldum brunatrygginga, ber að tilkynna Brunamálastofnun ríkisins og viðkomandi brunatryggingafélagi um lokaúttekt fyrir notkun og síðan um sérhverja árlega aðalúttekt.

10.3. Leiðbeiningar á íslensku.
Þess ber að krefjast af seljanda að hann útvegi skýrar leiðbeiningar á íslensku um meðferð og notkun sérhæfðs búnaðar og kerfa til brunavarna. Leiðbeiningarnar skulu vera sýnilegar á áberandi stað, t.d. við stjórnstöð kerfis.
Jafnframt vísast í eftirfarandi rit Brunamálastofnunar ríkisins: Reglur um sjálfvirk brunaviðvörunarkerfi og Reglur um viðhald og eftirlit með úðakerfum.

10.4. Viðurkenndur þjónustuaðili.
Eigandi, eða forráðamaður sé það á hans vegum, skal sjá til þess að stöðugt sé fylgst með virkni sérhæfðs búnaðar og kerfa, s.s. brunaviðvörunarkerfa og vatnsúðakerfa. Hann skal einnig sjá til þess að viðurkenndur þjónustuaðili annist reglubundið eftirlit, viðhald og viðgerðir á slíkum búnaði og kerfum. Heiti og símanúmer þjónustuaðila skal vera sýnilegt á áberandi stað, t.d. við stjórnstöð kerfis.

10.5. Árleg prófun og úttekt.
Eigandi, eða forráðamaður sé það á hans vegum, skal sjá til þess að þjónustuaðili geri a.m.k. árlega sérstaka prófun og úttekt á ástandi og virkni hins sérhæfða búnaðar og kerfa, allt í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda eða söluaðila kerfisins og reglur Brunamálastofnunar ríkisins þegar slíkar eru fyrir hendi.
Skal slökkviliðsstjóra tilkynnt um úttektina með hæfilegum fyrirvara og honum gefinn kostur á að vera viðstaddur. Skrásetja skal prófun og úttekt í sérstaka viðhaldsbók sem geyma skal í læstri hirslu, t.d. við stjórnstöð kerfis.

10.6. Bilanir og gallar.
Komi fram alvarlegar bilanir eða gallar skal þegar í stað ráða bót á þeim.
Slökkviliðsstjóri ákveður hæfilegan frest til úrbóta á minniháttar bilunum eða göllum og sömuleiðis ef um er að ræða minniháttar búnað eða kerfi.
Sé gert ráð fyrir að úrbæturnar taki lengri tíma og sé um meiriháttar búnað eða kerfi að ræða ber að hafa samráð við viðkomandi tryggingafélag um málið.
Skrásetja skal viðhald og viðgerðir í sérstaka viðhaldsbók sem geyma skal í læstri hirslu, t.d. við stjórnstöð kerfis.

11. Að fyrirbyggja eða minnka tjón af völdum bruna. Ráð og leiðbeiningar.

Eftirfarandi ber fyrst og fremst að líta á sem ráð og leiðbeiningar en ekki tvímælalausa ábyrgð eða skyldu. Skýrt skal tekið fram að slökkviliðið (slökkviliðsstjóri) tekur við allri stjórn á brunastað þegar það kemur á vettvang og venjulega einnig á aðgerðum til björgunar verðmæta eftir bruna. Það sem hér er sagt á því einkum við um slökkvistarf og björgunaraðgerðir starfsmanna fyrirtækis eða stofnunar áður en slökkviliðið tekur við stjórn og síðan eftir að það er farið af vettvangi og hefur látið af stjórn. Sömuleiðis á það einkum við um stórframleiðslu- og iðnfyrirtæki eða vörugeymsluhús, en getur að sjálfsögðu einnig átt við um annað atvinnuhúsnæði eftir atvikum.

Hafa skal fullt samráð við lögregluyfirvöld og Brunamálastofnun ríkisins um allar aðgerðir á brunastað vegna hugsanlegrar lögreglurannsóknar eða brunarannsóknar eftir brunann. Ef slíkt samráð er vanrækt getur verið hætta á að mikilvægum vísbendingum eða öðrum sönnunargögnum verði spillt.

Eftirfarandi ber að hafa í huga:

- Að eigendur og forráðamenn mannvirkja geri sér ljósa þá skyldu að bjarga verðmætum eftir bruna eftir því sem kostur er.
- Að hafa yfirbreiðslur, færanlegan ljósabúnað með rafhlöðum, ryðvarnarolíu og búnað til að ná upp vatni af gólfi tiltækt eða vita hvert skal leita eftir slíkri aðstoð.
- Að stafla viðkvæmum vörum ekki á gólf, heldur t.d. á palla, einkum á neðstu hæð eða kjallara.
- Að hafa ekki plastefni eða annan slíkan varning, sem gefur frá sér tærandi eða eitraðan reyk í bruna, innan um viðkvæmar eða verðmætar vörur eða tæki, ef unnt er að komast hjá slíku.
- Að sjá til þess að framleiðslusalir, vörugeymslur og önnur slík rými hafi fullnægjandi niðurföll í gólfi og að hægt sé að koma við reykræstingu strax eftir bruna.
- Að nota ekki meira vatn við slökkvistarf en nauðsyn krefur og fjarlægja vatn af gólfi eins fljótt og mögulegt er eftir bruna. Í því sambandi ber t.d. að huga að því að gólfniðurföll séu ekki stífluð.
- Að reykræsta vel eftir bruna og þurrka og hita upp húsnæðið.
- Að huga strax að vélum og tækjum, m.a. hvort þau hafi blotnað, og æskilegt er t.d. að smyrja þau með olíum sem hrinda frá sér vatni.
- Að huga sérstaklega að viðkvæmum og verðmætum vélum, búnaði og vörum og breiða yfir eða flytja á brott ef mögulegt er.
- Ef hætta er á tæringu eftir bruna í plasti (t.d. PVC), ber að leita eftir aðstoð hjá fyrirtækjum sem sérhæfa sig í björgun verðmæta eftir bruna.
- Að gera ráðstafanir til að hindra óviðkomandi umferð í húsi eftir bruna.

Nr. 201 11. apríl 1994

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 251/1992, um tollfrjálsan farangur ferðamanna og farmanna við komu frá útlöndum, einkasölugjald o.fl., ásamt síðari breytingum.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. reglugerðarinnar:

a. Í stað krónutölunnar 32.000 í 1. málslið 1. mgr. kemur: 36.000 kr.

b. Í stað krónutölunnar 16.000 í 2. málslið 1. mgr. kemur: 18.000 kr.
c. Í stað krónutölunnar 12.000 í 1. málslið 2. mgr. kemur: 13.000 kr.
d. Í stað krónutölunnar 24.000 í 1. málslið 2. mgr. kemur: 26.000 kr.
e. Í stað krónutölunnar 12.000 í 2. málslið 2. mgr. kemur: 13.000 kr.

2. gr.

Ákvæði 1. mgr. 2. gr. A. reglugerðarinnar hljóðar svo:

Auk varnings samkvæmt 1. gr. er ferðamönnum og áhöfnum heimilt að hafa meðferðis án greiðslu aðflutningsgjalda áfenga drykki sem hér segir:

		Áfengi 22-50% að styrkleika	Áfengi undir 22% styrkleika	Öl
1. Ferðamenn		1,0 l	1,0 l	Ekkert
	eða	1,0 l	Ekkert	6 l
	eða	Ekkert	1,0 l	6 l
	eða	Ekkert	2,0 l	Ekkert
2. Skipverjar á íslenskum skipum og erlendum skipum í leigu íslenskra aðila og með íslenskum áhöfnum sem eru 15 daga eða lengur í ferð		1,5 l	3,0 l	Ekkert
	eða	1,5 l	Ekkert	24 l
3. Skipverjar á skipum samkvæmt 2. tl. þessarar greinar sem eru skemur en 15 daga í ferð		0,75 l	1,5 l	Ekkert
	eða	0,75 l	Ekkert	12 l
4. Flugáhafnir (þ.m.t aukaáhafnir), sem hafa skemmri útivist en 15 daga		0,375 l	0,75 l	Ekkert
	eða	0,375 l	Ekkert	3 l
	eða	Ekkert	0,75 l	3 l
5. Flugáhafnir, (þ.m.t. aukaáhafnir), á íslenskum flugvélum sem hafa 15 daga samfellda útivist eða lengri		1,0 l	0,75 l	Ekkert
	eða	1,0 l	Ekkert	6 l
	eða	Ekkert	0,75 l	6 l

3. gr.

Reglugerð þessi, er sett samkvæmt heimild í 20. tl. 6. gr. tollalaga nr. 55 30. mars 1987, með áorðnum breytingum, og 3. mgr. 1. gr. laga nr. 63 28. maí 1969, um verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf, með áorðnum breytingum, til þess að öðlast gildi þann 1. júní 1994.

Fjármálaráðuneytið, 11. apríl 1994.

F. h. r.
Snorri Olsen.

Margrét Gunnlaugsdóttir.

REGLUGERÐ

um humarveiðar.

1. gr.

Bátum, sem aflamark hafa í humri og uppfylla skilyrði um stærð og vélarafl, sem tilgreind eru í 2. mgr. 9. gr. er heimilt að stunda humarveiðar við Suður- og Suðvesturland á því tímabili sem ákveðið er í reglugerð um veiðar í atvinnuskyni hverju sinni. Veiðisvæðið markast að austan af línu, sem dregin er réttvísandi í suðaustur frá Papey og að vestan af línu, sem dregin er réttvísandi í vestur frá Malarrifsvita.

Óheimilt er að stunda veiðar á grynnra vatni en 55 föðmum.

Heimild þessi gildir ekki þar sem togveiðar eru bannaðar með skyndilokunum eða reglugerð.

2. gr.

Humar í þriðja stærðarflokki (humarhalar 6-10 g að þyngd), sem slitinn er um borð í fiskiskipi, telst ekki með til aflamarks, enda fari hlutfall þess stærðarflokks ekki yfir 5% af humarafla skipsins í veiðiferð.

Löggiltur vigtarmaður staðfesti á vigtarnótu magn og hlutfall humars í ofangreindum stærðarflokki í afla hverrar veiðiferðar. Liggi slík staðfesting ekki fyrir telst humarinn að fullu með til aflamarks.

3. gr.

Lágmarksstærð möskva í humarvörpu skal vera 80 mm. Þó er skylt að hafa netstykki á legg úr a.m.k. 135 mm riðli fremst á efra byrði belgs vörpunnar fyrir aftan miðnet. Netstykki þetta skal vera a.m.k. 3 x 4 metrar að stærð. Hverjir tveir leggir þessa netstykkis skulu festast við sjö upptökur vörpunnar.

Óheimilt er að nota nokkurn þann útbúnað sem þrengir, herpir eða lokar á nokkurn hátt möskvum eða umbúnað af nokkru tagi til þess að koma í veg fyrir rennsli afla aftur í poka eða net eða annað til þéttingar poka að aftan. Þó er heimilt að festa undir pokann net, allt að 9 m að lengd, með 135 mm möskvastærð til að draga úr sliti.

4. gr.

Þegar humarveiðar eru stundaðar er óheimilt að hafa önnur veiðarfæri en humarvörpu um borð í veiðiskipinu.

5. gr.

Ílát undir humar um borð í veiðiskipi skulu greinilega merkt skipinu og skal veiðidagur tilgreindur á þeim.

Um meðferð afla um borð í veiðiskipi vísast til ákvæða reglugerðar nr. 181, 30. apríl 1993, um meðferð, búnað og hreinlæti við vinnslu sjávarafurða.

6. gr.

Humarafla skal landað til vinnslu hjá viðurkenndri vinnslustöð hér á landi, sem hefur heimild til vigtunar humars, sbr. reglugerð nr. 427/1993, um vigtun sjávarafla.

Óheimilt er að frysta humar um borð í veiðiskipi.

7. gr.

Óheimilt er að stunda botnfiskveiðar með humarvörpu. Verði um óeðlilega botnfiskveiði að ræða þannig að aflaverðmæti fisksins sé svipað eða meira en verðmæti humarafla í tveimur samfelldum veiðiferðum er ráðuneytinu heimilt að svipta viðkomandi skip heimild til veiða í atvinnuskyni.

8. gr.

Skylt er að hirða allan humar og fiskafla, sem fiskiskip fær í humarvörpu og reiknast fiskafli til botnfiskaflamarks skipsins. Verði aðili uppvís að því að henda humri eða fiski frá fiskiskipi varðar það tafarlausri sviptingu leyfis til veiða í atvinnuskyni. Skal botnfiski haldið aðgreindum eftir tegundum og veginn á löndunarstað skv. ákvæðum reglugerðar nr. 427/1993, um vigtun sjávarafla.

9. gr.

Heimilt er hverju skipi að flytja allt að 10% af aflamarki sínu í humri frá yfirstandandi fiskveiðiári til þess næsta.

Heimilt er að framselja aflahlutdeild/aflamark í humri frá skipum, er hafa hærra aflamark en 20 lestir af slitnum humri, til skips er ekki hefur hlutdeild í humri fyrir, enda sé skipið, sem flutt er til, 210 brl. að stærð eða minna eða búið 900 hestafla aðalvél eða minni. Slíkur flutningur er háður því skilyrði, að skipið sem flutt er til, fái a.m.k. 10 lesta aflamark af slitnum humri. Að öðru leyti gilda ákvæði 11. og 12. gr. laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, um flutning aflahlutdeildar/aflamarks.

Þrátt fyrir 2. mgr. er heimilt að framselja minna aflamark í humri til báta, sem stunda rækjuveiðar á Eldeyjarsvæði og ekki hafa humaraflahlutdeild fyrir. Aflamark það sem framselt er má þó aldrei vera hærra en nemur eðlilegum humaraukaafla við rækjuveiðarnar, að mati Fiskistofu.

10. gr.

Útgerðum skipa er skylt að skrá afla í kvótaskýrslu til Fiskistofu. Þá er skipstjórum skylt að halda sérstakar afladagbækur, sem Fiskistofa leggur til, og skal upplýsingum skilað mánaðarlega til Fiskistofu. Vanskil á skýrslum samkvæmt þessari málsgrein varða sviptingu heimildar til veiða í atvinnuskyni, án frekari viðvörunar.

11. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum skv. 19. og 20. gr. laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða. Getur ráðuneytið m.a. svipt skip heimild til veiða í atvinnuskyni í tiltekinn tíma vegna brota á ákvæðum þessarar reglugerðar.

12. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 18. apríl 1994.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

SAMÞYKKT

um hunda- og kattahald á Reyðarfirði.

Hundahald.

1. gr.

Hundahald er bannað í þéttbýli á Reyðarfirði.

Sveitastjórn er þó heimilt að veita lögráða einstaklingum (18 ára eða eldri), sem búa í sveitarfélaginu, undanþágu frá 1. grein og leyfi til hundahalds með eftirfarandi skilyrðum:

a. Leyfi er bundið við nafn og heimilsfang tiltekins einstaklings og er óheimilt að framselja það.
b. Ef sótt er um leyfi til að halda hund í fjölbýlishúsi, skal skriflegt samþykki allra íbúðareigenda í sama stigagangi fylgja umsókn. Sé um að ræða parhús eða raðhús skal fylgja umsókn samþykki eigenda aðliggjandi íbúða. Í fjölbýli með sérinngangi fyrir hverja íbúð skal fylgja samþykki allra íbúðareigenda.
c. Leyfisgjald vegna undanþágu skal greiða til sveitarsjóðs árlega eftir gjaldskrá sem sveitarstjórn kemur sér saman um, og staðfest er af heilbrigðisráðherra. Við ákvörðun gjaldsins skal tekið mið af þeim kostnaði, sem leiðir af framkvæmd þessarar samþykktar . Sveitarstjórn er heimilt að ákveða lægra gjald fyrir löggæslu-, björgunar- og leiðsöguhunda. Gjaldið skal greitt í fyrsta sinn við skráningu hunds, og síðan árlega fyrirfram 1. janúar ár hvert. Hafi gjaldið ekki verið greitt innan 2ja mánaða fellur leyfið sjálfkrafa úr gildi.
d. Leyfishafa er skylt að hafa hundinn ábyrgðartryggðan hjá viðurkenndu tryggingarfélagi, en einnig getur sveitarstjórn gert heildarsamning við tryggingarfélag, eitt eða fleiri. Tryggingin skal ná til alls þess tjóns, sem dýrið kann að valda mönnum, dýrum og munum. Vottorð um ábyrgðartryggingu skal liggja fyrir við greiðslu leyfis og árlegs leyfisgjalds.
e. Hundar skulu færðir til bandormahreinsunar í október - nóvember ár hvert. Um bandormahreinsun og gjald fyrir hana fer eftir reglugerð um varnir gegn sullaveiki nr. 201/1957. Framvísa skal vottorði um bandormahreinsun við greiðslu árlegs leyfisgjalds.
f. Hundurinn skal ávallt vera með um hálsinn ól með plötu á. Á plötuna skal greypa skráingarnúmer hunds, nafn eiganda og símanúmer. Einnig skal við ólina festa merki er sýni að leyfisgjald hafi verið greitt og hundurinn hreinsaður. Hundaeiganda er skylt að tilkynna ef hundur drepst eða flyst á aðra þéttbýlisstaði á svæðinu eða út af eftirlitssvæðinu.
g. Leyfishafi skal gæta þess vel að hundur hans valdi ekki hættu, óþægindum eða óþrifnaði, né raski ró manna. Hundar skulu ávallt vera í taumi utan húss, innan marka þéttbýlis. Annarsstaðar skulu þeir vera undir umsjá eiganda eða ábyrgðs aðila á hans vegum. Hundaeiganda er alltaf skylt að fjarlægja saur eftir hundinn.
h. Eigi má hleypa hundum inn í almennigsfarartæki, leikvelli eða aðra þá staði sem um ræðir í III. - V. og VIII. - XV. kafla heilbrigðisreglugerðar nr. 149/1990, en þeir eru m.a. eftirfarandi:
   1. Vatnsveitur, vatnsból og verndarsvæði þeirra, brunnar og sjóveitur.
   2. Almennings- og útisalerni.
   3. Hvers konar sorpgeymslu og sorpförgunarstaði.
   4. Gististaði, veitingastaði og matsölustaði.

5. Tjald- og hjólhýsasvæði, nema skv. ákvörðun umsjónaraðila.
6. Húsakynni þar sem geymd eru, framleidd eða seld matvæli.
7. Skólar, kennslustaðir og barnaheimili, þar með talin sumardvalarheimili, dagvistarheimili og gæsluvellir.
8. Rakarastofur, hárgreiðslustofur, hvers konar snyrtistofur og sólbaðstofur.
9. Heilbrigðisstofnanir, hæli, heilsuræktar- og íþróttastöðvar og baðstaðir.
10. Fangelsi og aðrar vistarverur handtekinna manna.
11. Samkomuhús hvers konar.
12. Kirkjugarða, bálstofur, líkhús og líkgeymslur.
13. Almenn samgögnutæki.

i. Ákvæði starfliðs h. gildir ekki fyrir hunda sem eru notaðir til löggæslu- eða björgunarstarfa, né leiðsöguhunda blindra og sjónskertra.

j. Ábúendum lögbýla sem eru innan marka hreppsins er heimilt að halda tvo þarfahunda hið mesta, án þess að leyfisgjald komi fyrir, enda gilda sömu reglur um þá hunda innan þéttbýlis og aðra hunda.

k. Óheimilt er að láta hund sem er eldri en 3ja mánaða dvelja lengur í þéttbýli en einn mánuð, án þess að sótt sé um leyfi fyrir honum.

3. gr.

Umsókn um leyfi til hundahalds skal senda sveitarstjórn, sem gefur út eða synjar umbeðnu leyfi.

Upplýsingar um hundinn skal færa í þar til gerða bók hjá sveitarstjórn þar skal skrá heiti, aldur, kyn, tegundarafbrigði, litarhátt og önnur einkenni hundsins. Þar skal einnig skrá nafn og heimilisfang leyfishafa.

Árlega skal senda embætti lögreglustjóra á Reyðarfirði skrá um leyfða hunda.

Leyfishafi fær afhenta merkta plötu sbr. ákvæði f - liðar 2. greinar og eintak af samþykkt um hundahald á Reyðarfirði.

Ekki er skylt að sækja um leyfi fyrr en hundur hefur náð 3ja mánaða aldri. Sé leyfis ekki vitjað innan mánaðar frá að það er veitt fellur það sjálfkrafa úr gildi.

4. gr.

Sveitarstjórn getur afturkallað öll áður útgefin leyfi til hundahalds telji hún til þess brýna þörf.

5 gr.

Sveitarstjórn eða aðilar á hennar vegum annast framkvæmd og eftirlit með hundahaldi á Reyðarfirði, og getur leitað aðstoðar lögregluyfirvalda, þegar þörf krefur og um endurtekin brot á samþykkt þessari er að ræða.

6. gr.

Hunda sem ganga lausir utanhúss, skal handsama og færa í geymslu. Sama gildir um hættulega hunda og óleyfilega. Tilkynna skal eigendum merktra hunda töku þeirra. Ómerkta hunda skal reynt að bera kennsl á og tilkynna eiganda ef hann finnst. Kostnaður við töku, tilkynningu og geymslu hunda skal að fullu greiddur af eigendum.

Teljist hundur hættulegur að mati dýralæknis og hundaeftirlitsmanns, er heimilt að lóga honum þegar í stað.

Aðra hunda er heimilt að afhenda, ef leyfi er framvísað innan 10 daga frá því að hundurinn kom í vörslu eftirlitsmanns, enda verði áfallinn kostnaður greiddur áður en það er gert. Að öðrum kosti er heimilt að lóga hundinum.

Kattahald.

7. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að takmarka eða banna kattahald í þéttbýli, ef til þess er talin brýn þörf, að mati heilbrigðisnefndar, héraðslæknis eða viðkomandi héraðsdýralæknis.

8. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 7. greinar er aldrei heimilt að halda fleiri ketti en tvo eldri en þriggja mánaða á sama heimili. Allir heimiliskettir skulu bera merkta hálsól með bjöllu, þar sem fram kemur nafn eiganda, heimili og símanúmer.

9. gr.

Eigendum katta er skylt að gæta þess að kettir þeirra valdi ekki nágrönnum ónæði, en geti að öðrum kosti sætt takmörkunum um kattahald hafi borist skriflegar kvartanir um ónæði eða hættur sem kettir þeirra sannanlega valda, sbr. 7. gr.

10. gr.

Sveitarsjórn er heimilit að láta eyða ómerktum flækings- og villiköttum, enda hafi framkvæmdin verið auglýst með áberandi hætti í sveitarfélaginu a.m.k. 2 sólarhringum áður en hún er framkvæmd.

11. gr.

Ef leyfishafi brýtur gegn ákvæðum samþykktar þessarar eða öðrum reglum sem um hunda- og kattahald gilda, skal hann sæta skriflegri áminningu fyrir minniháttar brot. Vegna annarrra brota getur viðkomandi sveitarstjórn afturkallað leyfið.

12. gr.

Ítrekuð brot gegn samþykkt þessari geta varðað sektum eða varðhaldi. Með brot skal farið að hætti laga um meðferð opinberra mála og að öðru leyti í samræmi við ákvæði laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, VI. og VII. kafla.

13. gr.

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af sveitarstjórn Reyðarfjarðarhrepps staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast gildi þegar í stað.

14. gr.

Bráðabirgðaákvæði.

Þau leyfi sem veitt hafa verið fyrir gildistöku þessarar samþykktar, halda gildi sínu. Að öðru leyti gildir samþykktin um þau að fullu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 11. apríl 1994.

Guðmundur Árni Stefánsson.

Páll Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um stjórnarnefnd málefna fatlaðra og Framkvæmdasjóð fatlaðra.

I. KAFLI
Stjórnarnefnd málefna fatlaðra.

Skipun stjórnarnefndar og stjórnsýsluleg staða. Málsmeðferð.

1. gr.

Stjórnarnefnd málefna fatlaðra er fjölskipað stjórnvald skipað af félagsmálaráðherra til fjögurra ára í senn.

Fimm menn eiga sæti í stjórnarnefnd. Öryrkjabandalag Íslands, Landssamtökin Þroskahjálp og Samband ísl. sveitarfélaga tilnefna einn fulltrúa hver. Ráðherra skipar tvo án tilnefningar, þar af annan formann. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti og aðalmenn.

Þegar aðalmaður forfallast um stundarsakir tekur varamaður sæti hans í nefndinni. Forfallist aðalmaður varanlega eða fellur frá tekur varamaður sæti hans þar til nýr aðalmaður er skipaður og nýr varamaður.

Þegar stjórnarnefnd fjallar um umsóknir og úthlutanir úr Framkvæmdasjóði fatlaðra skal fulltrúi tilnefndur af fjárlaganefnd Alþingis taka sæti í nefndinni.

2. gr.

Hlutverk stjórnarnefndar er eftirfarandi:

1. Vera félagsmálaráðuneyti til ráðgjafar um málefni fatlaðra.
2. Gera tillögur til félagsmálaráðherra um sérhæfða þjónustu við fatlaða á landsvísu.
3. Hafa á hendi stjórn Framkvæmdasjóðs fatlaðra.

3. gr.

Stjórnarnefnd skal funda reglulega.

Formaður stjórnarnefndar boðar til funda með hæfilegum fyrirvara.

Stjórnarnefnd er ályktunarhæf þegar a.m.k. fjórir nefndarmanna sitja fund.

Fáist ekki samhljóða niðurstaða skal gengið til atkvæða og ræður afl atkvæða úrslitum. Verði atkvæði jöfn telst tillaga fallin.

Um vanhæfi nefndarmanna gilda almennar vanhæfisreglur.

Fundargerðir stjórnarnefndar skulu vera í vörslu skjalasafns félagsmálaráðuneytis.

Verkefni stjórnarnefndar.

4. gr.

Stjórnarnefnd skal vera félagsmálaráðuneyti til ráðgjafar, s.s. vegna stefnumótunar og framkvæmdar laganna eða við einstök úrlausnarefni í málefnum fatlaðra. Auk þess felur ráðgjöf stjórnarnefndar m.a. í sér að yfirfara heildaráætlun um þjónustu við fatlaða. Jafnframt að samræma umsóknir um framlög úr Framkvæmdasjóði frá öllum starfssvæðum og leggja umsóknirnar með þeim hætti fyrir félagsmálaráðherra.

5. gr.

Berist stjórnarnefnd tillaga frá svæðisskrifstofu, eða öðrum aðila, um sérhæfða þjónustu á landsvísu, sbr. 3. gr. reglugerðar um svæðisskrifstofur málefna fatlaðra, nr. 273/1993, skal stjórnarnefnd taka málið til umfjöllunar og gera tillögu til ráðherra. Stjórnarnefnd getur einnig að eigin frumkvæði komið slíkum tillögum til ráðherra.

6. gr.

Stjórnarnefnd fer með stjórn Framkvæmdasjóðs fatlaðra. Hún fjallar um umsóknir um framlög úr sjóðnum og gerir tillögu til ráðherra um úthlutun.

Um verkefni og starfshætti stjórnarnefndar, sem sjóðsstjórnar Framkvæmdasjóðs fatlaðra, vísast að öðru leyti til II. og III. kafla reglugerðar þessarar.

II. KAFLI
Framkvæmdasjóður fatlaðra.

7. gr.

Um fjármögnun sjóðsins fer samkvæmt 39. gr. laga nr. 59/1992 um málefni fatlaðra.

8. gr.

Framkvæmdasjóður fatlaðra hefur eftirfarandi hlutverk:

1. Fjármagna stofnkostnað heimila fatlaðra, í skilningi 3.–6. tölul. 10. gr. laga um málefni fatlaðra, sem eru á vegum ríkisins.
2. Fjármagna stofnkostnað þjónustustofnana fatlaðra, sbr. 9. gr. laga um málefni fatlaðra, sem eru á vegum ríkisins.
3. Fjármagna stofnanir og heimili fatlaðra, sbr. 1.–2. tölul., sem eru á vegum sveitarfélaga, þegar gerðir hafa verið samningar þar að lútandi milli ríkis og sveitarfélags, sbr. 13. gr. laga um málefni fatlaðra.
4. Veita styrki til félagasamtaka og sjálfseignarstofnana, til stofnana og heimila fatlaðra, sbr. 1.–2. tölul.
5. Veita styrki til framkvæmdaaðila félagslegra íbúða sem ætlaðar eru til leigu, sbr. 4. tölul. 40. gr. laga um málefni fatlaðra.
6. Verja allt að 10% af ráðstöfunarfé til að bæta aðgengi opinberra stofnana.
7. Verja allt að 25% af ráðstöfunarfé til meiri háttar viðhaldsframkvæmda stofnana og heimila fatlaðra, sbr. 1.–4. tölul.
8. Veita fé til breytinga á almennum vinnustöðum.
9. Veita fé til kannana og áætlana í málefnum fatlaðra.
10. Veita fé til annarra framkvæmda en fram koma í grein þessari sem nauðsynlegar eru taldar í þágu fatlaðra..

Framkvæmdasjóður fatlaðra er í vörslu félagsmálaráðuneytis sem fer með daglegan rekstur hans.

9. gr.

Umsóknir um stofnkostnað heimila og þjónustustofnana fatlaðra berast stjórnarnefnd sem hér segir:

1. Frá svæðisskrifstofum.
2. Frá sveitarfélögum, félagasamtökum og sjálfseignarstofnunum.

Að fengnum tillögum og umsögnum um þær hefst undirbúningsvinna að tillögugerðum um úthlutun.

10. gr.

Berist stjórnarnefnd umsókn um úthlutun úr Framkvæmdasjóði frá sveitarfélagi, félagasamtökum fatlaðra eða sjálfseignarstofnunun, sem ekki hefur hlotið umfjöllun svæðisskrifstofu og svæðisráðs, skal umsóknum vísað til þeirra til umsagnar.

A. *Framlög til stofnkostnaðar heimila og þjónustustofnana fatlaðra.*

Framkvæmdir á vegum ríkisins.

11. gr.

Svæðisskrifstofa skal sjá til þess að áform um fyrirhugaðar framkvæmdir, sem ætlað er að Framkvæmdasjóður fjármagni, séu kynntar félagsmálaráðuneyti. Samþykki ráðuneytisins þarf til áður en stofnað er til fjárútláta.

12. gr.

Skilyrði fyrir úthlutun til framkvæmda er að fyrir liggi frumathugun í skilningi laga um opinberar framkvæmdir og áætlanagerð.

Við hverja umsókn skal gerð krafa um sundurliðaða áætlun þar sem gerð verður grein fyrir öllum kostnaði. Kostnaðaráætlun skal miðuð við byggingarvísitölu í október hvers árs. Framreikna skal kostnaðaráætlunina til áætlaðrar meðalvísitölu (byggingarvísitölu) úthlutunarársins. Stjórnarnefnd ber að taka mið af kostnaðaráætlunum þannig framreiknuðum.

Um framkvæmdir fer samkvæmt lögum um opinberar framkvæmdir, þ.e. útboð, gerð verksamninga og eftirlit með framkvæmdum.

Um tilhögun greiðslu fer eftir samningi milli verkkaupa (félagsmálaráðuneytis) og verksala.

Framkvæmdir á vegum sveitarfélaga,
félagasamtaka eða sjálfseignarstofnana.

13. gr.

Hlutaðeigandi aðili, þ.e. sveitarfélag, félagasamtök eða sjálfseignarstofnun, skal sjá til þess að áform um fyrirhugaðar framkvæmdir séu kynntar svæðisskrifstofu og félagsmálaráðuneyti.

14. gr.

Ákvæði laga um opinberar framkvæmdir skulu höfð til hliðsjónar hvað varðar undirbúning framkvæmda eftir því sem við á, svo sem áætlanagerð, samningagerð og greiðslutilhögun.

Framlög til stofnkostnaðarframkvæmda skulu ekki greidd fyrr en fyrir liggi starfs- og rekstrarleyfi. Um kostnaðaráætlun gildir ákvæði 11. gr.

Framlögin skulu greidd samkvæmt sérstökum samningi við félagsmálaráðuneyti. Í þeim samningi skal m.a. tilgreina kostnað, fjármögnun, framkvæmdahraða, eignarhlut aðila, svo og tilhögun greiðslu sem skal vera eftir verkstöðu á hverjum tíma eða eftir verklok samkvæmt reikningi. Jafnframt komi fram í samningnum að óheimilt sé að ráðstafa húsnæðinu eða selja það nema með samþykki félagsmálaráðuneytis og skal kvöð um það þinglýst.

Framlög samkvæmt þessari grein eru afturkræf sé húsnæði ráðstafað til annarra nota en í þágu fatlaðra.

B. *Framlög til viðhalds á heimilum fatlaðra og þjónustustofnunum.*

15. gr.

Heimilt er að verja allt að 25% af framkvæmdafé Framkvæmdasjóðs til meiri háttar viðhalds á heimilum fatlaðra, sbr. 3.–6. tölul. 10. gr. laga um málefni fatlaðra nr. 59/1992 og þjónustustofnunum, sbr. 9. gr. sömu laga, enda hafi hlutaðeigandi byggingar verið byggðar eða keyptar innan gildissviðs þeirra laga. Sama á við um sams konar heimili og stofnanir sem byggðar hafa verið samkvæmt eldri lögum, t.d. lögum um málefni fatlaðra nr. 41/1983.

Með viðhaldi er átt við allar meiri háttar viðhaldsframkvæmdir, svo sem endurnýjun á þaki, útveggjum og gluggum, en ekki rekstrarviðhald í skilningi fjárlaga.

Grein þessi á jöfnum höndum við um stofnanir og heimili á vegum ríkis, sveitarfélaga, félagasamtaka og sjálfseignarstofnana, enda falli heimilin/stofnanirnar undir lög um málefni fatlaðra, sbr. 1. mgr.

16. gr.

Úthlutun þess fjár sem varið er til viðhaldsframkvæmda skal vera í höndum félagsmálaráðuneytis. Áform um ráðstöfun fjárins skal kynnt stjórnarnefnd og henni gefinn kostur á að veita umsögn um hana.

17. gr.

Um viðhaldsframkvæmdir, sem falla undir lög um opinberar framkvæmdir, fer samkvæmt þeim lögum.

Sé um viðhald á vegum sveitarfélaga, félagasamtaka eða sjálfseignarstofnana að ræða skulu ákvæði laga um opinberar framkvæmdir höfð til hliðsjónar eftir því sem við á, svo sem áætlanagerð, samningagerð og greiðslutilhögun. Gerð skal sundurliðuð kostnaðaráætlun. Framlög til viðhaldsframkvæmda skulu greidd samkvæmt sérstökum samningi við félagsmálaráðuneytið. Í þeim samningi skal m.a. tilgreina kostnað, fjármögnun, framkvæmdahraða og tilhögun greiðslu sem skal vera eftir verkstöðu á hverjum tíma eða eftir verklok samkvæmt reikningi.

C. *Framlög vegna félagslegra íbúða.*

18. gr.

Heimilt er að veita sveitarfélögum, félagasamtökum fatlaðra og sjálfseignarstofnunum, framlög til að eignast félagslegar íbúðir sem ætlaðar eru til leigu fyrir fatlaða. Skilyrði er að félagasamtök og sjálfseignarstofnanir hafi hlotið staðfestingu félagsmálaráðherra sem fullgildur framkvæmdaaðili skv. lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins.

Þegar sveitarfélög eiga í hlut má framlag Framkvæmdasjóðs nema helmingi af framlagi sem framkvæmdaaðila ber að leggja fram skv. lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins.

Þegar félagasamtök eða sjálfseignarstofnanir standa fyrir félagslegum íbúðum getur framlag úr Framkvæmdasjóði tekið til alls framlagsins sem framkvæmdaaðila ber að greiða skv. lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins.

Þær félagslegu íbúðir, sem undir grein þessa heyra, eru annars vegar félagslegar leiguíbúðir og hins vegar félagslegar kaupleiguíbúðir sem eru í leigu. Íbúðir þessar geta verið starfræktar sem verndaðar íbúðir í skilningi 2. tölul. 10. gr. laga um málefni fatlaðra.

Framlög samkvæmt grein þessari eru endurkræf sé íbúð tekin til annarra nota en í þágu fatlaðra. Við útreikning á endurgreiðslu skal taka mið af ákvæðum laga um Húsnæðisstofnun ríkisins um ákvörðun á eignarhluta eiganda félagslegrar íbúðar við endursölu íbúðar.

19. gr.

Með umsókn um framlög til félagslegra íbúða fylgi staðfesting Húsnæðisstofnunar um lánsúthlutun til viðkomandi framkvæmdaaðila. Áður en til útgreiðslu kemur til þeirra, sem fengið hafa úthlutun, skal liggja fyrir samþykki Húsnæðisstofnunar um verkið með gerð lánssamnings við hlutaðeigandi aðila. Greitt skal samkvæmt verkstöðu á hverjum tíma eða eftir verklok samkvæmt reikningi.

D. *Framlög til að bæta aðgengi opinberra bygginga.*

20. gr.

Til að auka möguleika fatlaðra til fullrar þátttöku í þjóðfélaginu er Framkvæmdasjóði fatlaðra heimilt að verja allt að 10% af ráðstöfunarfé sjóðsins til lagfæringa á aðgengi opinberra bygginga með það að markmiði að fatlaðir geti farið þar um með eðlilegum hætti, innan húss sem utan.

Framlag úr sjóðnum til þessa viðfangsefnis skal þó aldrei nema meiru en sem nemur helmingi af kostnaði hverrar einstakrar framkvæmdar við aðgengi.

21. gr.

Með opinberri byggingu er í reglugerð þessari átt við byggingar á vegum ríkis eða sveitarfélaga þar sem rekin er ýmiss konar þjónusta við almenning, svo sem sjúkrahús, heilsugæslustöðvar, skólahús, skrifstofuhús, pósthús, kirkjur, bókasöfn, íþróttamannvirki leikhús, félagsheimili o.fl.

Allar byggingar sem byggðar eru fyrir gildistöku byggingarreglugerðar nr. 292/1979 skulu njóta forgangs. Heimilt er að veita framlag til yngri bygginga enda mæli sérstakar ástæður með því.

Leita skal umsagnar ferlinefndar félagsmálaráðuneytis.

22. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 21. gr. falla utan reglugerðar þessarar þær byggingar sem falla undir lög um málefni aldraðra, sbr. ákvæði þeirra laga um Framkvæmdasjóð aldraðra. Sama á við um opinberar stofnanir sem byggðar eru eftir gildistöku laga þar sem tilgreint er sérstaklega að fatlaðir skuli njóta þjónustu, sbr. t.d. lög um grunnskóla nr. 49/1991 og lög um framhaldsskóla nr. 57/1988.

23. gr.

Við hverja umsókn skal lögð fram sundurliðuð áætlun þar sem gerð verður grein fyrir öllum kostnaði. Greitt skal samkvæmt verkstöðu á hverjum tíma eða eftir verklok samkvæmt reikningi.

E. *Framlög til breytinga á vinnustöðum.*

24. gr.

Heimilt er að veita framlög til breytinga á almennum vinnustöðum í þágu fatlaðra starfsmanna. Um umsókn og útgreiðslu vísast til 23. gr. reglugerðar þessarar.

F. *Framlög til kannana og áætlana.*

25. gr.

Heimilt er að veita einstaklingum, félagasamtökum og opinberum aðilum fé til kannana, hagnýtra rannsókna og tilraunaverkefna í málefnum fatlaðra. Jafnframt að veita opinberum aðilum fé til áætlana í sama skyni.

Umsóknir skulu berast stjórnarnefnd samkvæmt nánari ákvörðun hennar. Niðurstöður verkefna, sem veitt eru fjárframlög til, skulu kynntar stjórnarnefnd.

G. *Framlög til annarra framkvæmda.*

26. gr.

Heimilt er að veita fé til annarra framkvæmda en fram koma í 1.–9. tölul. 8. gr., enda sé það tvímælalaust í þágu fatlaðra og fjármögnun ekki möguleg eftir öðrum leiðum.

III. KAFLI
Almenn atriði varðandi starfshætti stjórnarnefndar og hlutaðeigandi aðila við úthlutanir úr Framkvæmdasjóði fatlaðra.

27. gr.

Umsóknir um framlög úr sjóðnum skulu hafa borist stjórnarnefnd eigi síðar en 15. nóvember ár hvert fyrir úthlutanir sem fram eiga að fara á næsta ári. Við úrvinnslu á tillögunum skal tekið tillit til þjónustuþarfar fatlaðra einstaklinga á hverju svæði.

Endanlegar tillögur að úthlutun skulu lagðar fyrir félagsmálaráðherra eigi síðar en 1. mars. Tillögunum skal fylgja rökstuðningur.

28. gr.

Þeim aðilum, er fá úthlutað fé, samkvæmt ákvörðun félagsmálaráðherra, úr Framkvæmdasjóði fatlaðra, skal gerð skriflega grein fyrir úthlutun og til hvaða verkefna hún nær. Aðili máls getur óskað eftir skriflegum rökstuðningi ef umsókn hefur ekki verið tekin til greina að öllu leyti eða að hluta til.

29. gr.

Móttakandi greiðslu úr Framkvæmdasjóði fatlaðra skal halda bókhald og senda sjóðsstjórn staðfest yfirlit yfir ráðstöfun fjárins eigi síðar en ári eftir úthlutun.

Eigi verður úthlutað á ný til aðila nema yfirlit, sbr. 1. mgr., hafi áður borist stjórnarnefnd.

30. gr.

Komi til þess að forsendur bregðist varðandi ráðstöfun á úthlutunum sjóðsins og úthlutun því afturkölluð, skal það fært með skýrum hætti í bókhald Framkvæmdasjóðs og til hvaða verkefnis úthlutunin rennur í stað hins upphaflega verkefnis.

IV. KAFLI
Um eignarhald heimila fatlaðra og stofnana sem byggðar eru með framlögum úr Framkvæmdasjóði fatlaðra.

31. gr.

Heimili fatlaðra og stofnanir sem ríkið kemur á fót skv. lögum um málefni fatlaðra eru eign ríkisins.

Sé um að ræða heimili fatlaðra og stofnanir á vegum annarra aðila en ríkisins miðast eignarhlutfall ríkisins við stofnframlög úr Framkvæmdasjóði fatlaðra.

Í öllum tilvikum skal skrá fasteign í opinbera skrá þegar um er að ræða eignir sem veitt eru stofnframlög til úr Framkvæmdasjóði fatlaðra.

Eignarhluta ríkisins, sbr. 2. mgr., í byggingum á vegum félagasamtaka og sjálfseignarstofnana, skal þinglýst.

32. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með heimild í lögum um málefni fatlaðra, nr. 59/1992, öðlast gildi þegar í stað.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð um verkefni og starfshætti stjórnarnefndar og um verkefni Framkvæmdasjóðs fatlaðra nr. 20 9. janúar 1990.

Félagsmálaráðuneytið 15. apríl 1994.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Þorgerður Benediktsdóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir heilbrigðiseftirlit Suðurlands 1994.

1. gr.

Heilbrigðisnefndum á umdæmissvæði heilbrigðiseftirlits Suðurlands er heimil innheimta á gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari samkvæmt lögum nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, ásamt síðari breytingum.

2. gr.

Af eftirlitsskyldri starfsemi samkvæmt 7., 8., 12., 13., 14., 15., 16. og 17. tl. 2. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit skal greiða eftirlitsgjöld sem hér segir:

Leyfisgjöld.

1. flokkur kr. 2.000.
2. flokkur kr. 5.000.
3. flokkur kr. 15.000.
4. flokkur kr. 18.000.
5. flokkur kr. 33.000.
6. flokkur kr. 40.000.

Eftirlitsgjöld.

1. flokkur kr. 5.500.
2. flokkur kr. 11.000.
3. flokkur kr. 21.750.
4. flokkur kr. 36.750.
5. flokkur kr. 66.170.
6. flokkur kr. 80.000.

Gjald fyrir vottorð er kr. 5.000.
Gjald fyrir neysluvatnsvottorð er kr. 4.900.
Gjald vegna sýnatöku fer eftir umfangi sýnatöku.

Gjöld vegna Rannsókna.

Örverurannsóknir.		**Eðlis- og efnarannsóknir.**	
Kólígerlar	860.	Sýrumagn	700.
Saurkólígerlar	860.	Sýrustig	460.
Streptococcar	880.	Eðlisþyngd	980.
Strephylococcus	880.	Fitumæling	1.080.
Talning eftir ræktun á agar	860.	Klórmæling	380.
Salmonella, forgreining	2.030.	Þurrefnismæling	700.
Listeria	2.180.	Aflatoxin	3.480.
		COD	3.480.
		PCB CNO	3.420.

Leyfisgjöld.

Útisamkomur með veitingasölu

Gjald miðast við áætlaðan gestafjölda, greidd eru leyfis- og eftirlitsgjöld.

< 500 gestir	1. fl.	2000 - 3000 gestir	4. fl.
500 - 1000 gestir	2. fl.	3000 - 5000 gestir	5. fl.
1000 - 2000 gestir	3. fl.	> 5000 gestir	6. fl.

Sumarhús og frístundasvæði.

Leyfisgjald er á hvert einstakt sumarhús kr. 5.000. Veittur er afsláttur ef um skipulögð svæði er að ræða skv. töflu hér að neðan:

1 - 9 hús fullt gjald	40 - 60 hús 30% afsláttur
10 - 19 hús 10% afsláttur	Fleiri en 60 hús skv. samkomulagi.
20 - 39 hús 20% afsláttur	

3. gr.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands annast flokkun eftirlitsskyldra aðila samkvæmt umfangi rekstrar þeirra. Skrá fyrir röðun í flokka skal send viðkomandi sveitarfélögum til umsagnar og endurskoðunar fyrir 1. janúar ár hvert. Fyrirtæki sem hefja rekstur fyrir 1. júlí greiða fullt eftirlitsgjald, en annars hálft gjald.

4. gr.

Innheimt gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari skulu ganga til greiðslu á kostnaði vegna rekstrar og rannsókna heilbrigðiseftirlits Suðurlands.

5. gr.

Gjalddagi eftirlitsgjalda er 1. mars hvert ár og eindagi 1. apríl. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga. Um innheimtu gjalda þessara fer að öðru leyti samkvæmt 5. og 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og er heimilt að innheimta gjöld með fjárnámi.

6. gr.

Ef um aukin verkefni umfram reglubundið eftirlit og sýnatöku er að ræða, svo og aðra útsenda vinnu, er heilbrigðiseftirliti Suðurlands heimilt að gera sérstakan reikning vegna þeirra, eins og um þjónustuverkefni væri að ræða.

7. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er af svæðisnefnd heilbrigðiseftirlits Suðurlands, staðfestist hér með samkvæmt 5. og 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og öðlast gildi við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 11. apríl 1994.

Guðmundur Árni Stefánsson.

Páll Sigurðsson.

Fylgiskjal.

FLOKKUN 1.
Heilbrigðis- og umhverfiseftirlit

A. Matvælaframleiðsla

Sláturhús, starfsemi allt árið	5. fl.
starfsemi hluta úr ári	4. fl.
Mjólkurstöðvar	6. fl.
Reykhús	4. - 5. fl.
Kjötvinnsla	4. - 5. fl.
Fiskvinnsla	4. - 5. fl.
Fiskþurrkun	4. fl.
Niðursuða	4. - 5. fl.
Framleiðsla tilbúinna rétta	4. - 5. fl.
Salatgerð	4. fl.
Ísgerð	4. - 5. fl.
Brauð- og kökugerð	3. - 4. fl.

Sælgætisgerð	3. - 4. fl.
Öl-, gos- og svaladrykkjagerð	4. - 5. fl.
Kaffibrennsla	5. fl.
Smjörlíkisgerðir	5. fl.
Kartöfluvinnsla	4. - 5. fl.
Kartöflumjöls- og sterkjuframleiðsla	5. fl.
Lauksteiking	4. fl.
Mör- og tólgframleiðsla	4. fl.
Kæli- og frystigeymslur	4. - 5. fl.
Grænmetisframleiðsla, vinnsla, pökkun og geymsla.	3. - 4. fl.
Annar sambærilegur rekstur, flokkun eftir umfangi.	

B. Þjónusta.

Sólbaðstofur	3. - 4. fl.
Hárgreiðslu- og rakarastofur	2. - 3. fl.
Snyrtistofur	3. - 5. fl.
Sundlaugar	3. - 5. fl.
Leiktækjasalir	3. fl.
Gufubaðstofur	3. fl.
Læknastofur	3. fl.
Tannlæknastofur	3. fl.
Félagsheimili sem ekki eru með samfelldan veitingarekstur.	3. fl.
Sumarbúðir	3. - 5. fl.
Heilsuræktarstöðvar	3. fl.

F. Opinberir aðilar

Skólar	3. fl.
Íþróttahús	4. fl.
Kirkjur með safnaðarheimili	2. fl.
Sjúkrahús	4. fl.
Heilsugæslustöðvar	4. fl.
Dvalarheimili aldraðra	4. fl.
Dagvistun barna	3. fl.
Vistheimili	4. fl.
Meðferðarheimili	4. fl.
Fangelsi	6. fl.

Annar sambærilegur rekstur, flokkun eftir umfangi.

18. apríl 1994 Nr. 206

AUGLÝSING

um starfssvið og verkaskiptingu sjúkrahúsa á höfuðborgarsvæðinu.

1. gr.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hefur ákveðið að starfssvið og verkaskipting Ríkisspítala, Borgarspítala, St. Jósefsspítala Landakoti og St. Jósefsspítala í Hafnarfirði verði sem segir í auglýsingu þessari.

Verkaskiptingin nær til sjálfstæðrar starfsemi en ekki einstakra verka.

2. gr.

Eftirtalin starfsemi skal vera á einum spítala í Reykjavík.

A. Á Ríkisspítölum:

1. Barnageðdeild,
2. barnaskurðdeild,
3. blóðbanki,
4. blóðskilunardeild,
5. fæðingardeild,
6. geislalækningadeild,
7. glasafrjóvgunardeild,
8. hjartaskurðdeild,
9. krabbameinsdeild,
10. krabbameinslækningar barna,
11. kvensjúkdómadeild,
12. nýburadeild,
13. ónæmisfræði,
14. meinvefjafræði,
15. sýklafræði,
16. veirufræði,
17. augndeild (sjá ákvæði til bráðabirgða).

B. Á Borgarspítala:

1. Háls-, nef- og eyrnadeild,
2. handarskurðdeild,
3. heila- og taugaskurðdeild,
4. slysadeild.

C. Á St. Jósefsspítala Landakoti:

1. Augndeild (sjá ákvæði til bráðabirgða).

3. gr.

Eftirtalin starfsemi skal vera á Ríkisspítölum og Borgarspítala án stærðarmats:

1. Almennar lyflækningar,
2. almennar skurðlækningar,
3. blóðsjúkdómalækningar,
4. endurhæfingarlækningar,
5. hjartalækningar,
6. lýtalækningar,
7. meltingarlækningar,
8. smitsjúkdómalækningar,
9. taugalækningar,
10. þvagfæralækningar,
11. æðaskurðlækningar,
12. öldrunarlækningar.

4. gr.

Eftirtalin starfsemi skal vera að stærri hluta á einum spítala í Reykjavík:

A. Á Ríkisspítölum:

1. Barnalækningar,
2. brjóstholsskurðlækningar,
3. geðlækningar,
4. innkirtlalækningar,
5. lungnalækningar,
6. nýrnalækningar,
7. gigtlækningar.

B. Á Borgarspítala:

1. Bæklunarlækningar.

5. gr.

St. Jósefsspítali í Hafnarfirði skal vera sérgreinasjúkrahús með:

1. lyflækningadeild, einkum fyrir heilsugæsluumdæmi Hafnarfjarðar og Garðabæjar,
2. handlækningadeild með áherslu á valaðgerðir í:

a) Almennum skurðlækningum,
b) bæklunarlækningum,
c) háls-, nef- og eyrnalækningum,
d) kvensjúkdómalækningum,
e) lýtalækningum.

6. gr.

Barnalækningar samkvæmt 4. grein skulu vera að stærri hluta á Ríkisspítölum. Barnadeild skal opnuð á Borgarspítala með legurúmum auk göngudeildaraðstöðu. Samtímis verði lögð niður barnadeild St. Jósefsspítala Landakoti.

Með tilkomu nýs barnaspítala á Landspítalalóð skal fara fram endurmat á sérhæfðri þjónustu við börn og samvinnu barnadeildar Borgarspítalans og barnaspítalans. Hinn nýji barnaspítali skal verða miðstöð barnalækninga.

7. gr.

Almennum bráðavöktum skal skipt jafnt milli Ríkisspítala og Borgarspítala.

Í geðlækningum skulu $^2/_5$ vakta vera á Borgarspítala, en $^3/_5$ á Ríkisspítölum.

Þegar barnadeild hefur formlega tekið til starfa á Borgarspítala skal vöktum þannig skipt í barnalækningum að $^1/_4$ vakta verði á Borgarspítala en $^3/_4$ á Ríkisspítölum.

8. gr.

Óski sjúkrahús eftir breytingum á starfssviði eða verkaskiptingu skv. auglýsingu þessari, skal stjórn þess sækja um breytingu til heilbrigðisráðherra með ítarlegum rökstuðningi. Sama gildir ef sjúkrahús óskar eftir að taka upp nýja starfsemi sem ekki er kveðið á um í auglýsingu þessari.

Sjúkrahús á höfuðborgarsvæðinu skulu auka samvinnu sín á milli, þróa sérgreinar og taka upp nýjungar eftir því sem hagkvæmast er hverju sinni.

9. gr.

Auglýsing þessi er sett með stoð í 24. gr. laga um heilbrigðisþjónustu nr. 97/1990 með síðari breytingum og öðlast gildi 1. maí 1994.

Ákvæði til bráðabirgða.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra heimilar Borgarspítala og St. Jósefsspítala, Landakoti að þróa áfram samstarf og samvinnu með fyrirhugaða sameiningu fyrir augum.

Tekur heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið á síðari stigum sameiningarvinnunnar ákvörðun um frekari nýtingu húsnæðis St. Jósefsspítala í samráði við hlutaðeigandi aðila (Borgarspítala/Landakots) og í samræmi við ofangreinda þróun.

Hagkvæmniathugun, sem taki til sjúkrahúsa á höfuðborgarsvæðinu, fari fram.

Augndeild skal fyrst um sinn starfrækt á St. Jósefsspítala Landakoti, en flytjast á Landspítala þegar aðstaða skapast þar.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 18. apríl 1994.

Guðmundur Árni Stefánsson.

Guðjón Magnússon.

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Neskaupstað 1994.

1. gr.

Gjald fyrir að halda hund í Neskaupstað sbr. 1. gr. e. staflið samþykktar frá 12. ágúst 1992 skal vera kr. 6.700 á árinu 1994.

Gjaldið greiðist fyrirfram á gjalddaga 1. janúar.

Innifalið í leyfisgjaldinu er hundahreinsunargjald.

2. gr.

Handsömunargjald skv. 5. gr. samþykktarinnar skal vera kr. 3.000 í fyrsta skipti, en síðan hækkar það í kr. 6.000 ef til handsömunar kemur aftur.

3. gr.

Um vexti af vangreiddum gjöldum skv. gjaldskrá þessari gilda almennar reglur.

4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Neskaupstaðar skv. 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 6. apríl 1994.

Guðmundur Árni Stefánsson.

Sólveig Guðmundsdóttir.

Nr. 208 12. apríl 1994

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald á Sauðárkróki á árinu 1994.

1. gr.

Árgjald vegna hundahalds, sbr. 3. gr. C í samþykkt um hundahald á Sauðárkróki nr. 162/1974, skal vera kr. 7.500 fyrir árið 1994, með gjalddaga 1. maí.

Eindagi er 30. júní og reiknast dráttarvextir frá eindaga sé eigi greitt í síðasta lagi á eindaga.

2. gr.

Handsömunargjald er kr. 5.000. Geymslugjald fyrir handsamaðan hund er kr. 500 fyrir hvern sólarhring umfram þann fyrsta.

3. gr.

Ofangreind gjaldskrá bæjarstjórnar Sauðárkróks staðfestist hér með samkv. 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, til þess að öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 12. apríl 1994.

Guðmundur Árni Stefánsson.

Páll Sigurðsson.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá nr. 383/1993 fyrir mengunareftirlit í Kópavogi.

1. gr.

8. gr. gjaldskrár fyrir mengunareftirlit í Kópavogi nr. 383/1993, orðist svo:

Gjalddagi eftirlitsgjalda er 1. október ár hvert og eindagi 1. nóvember. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga. Um innheimtu gjalda þessara fer að öðru leyti samkvæmt 5. og 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

2. gr.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Kópavogs, staðfestist hér með samkvæmt 5. og 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til að öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytið, 15. apríl 1994.

F. h. r.
Magnús Jóhannesson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

6. apríl 1994 Nr. 210

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald á Eyrarbakka 1994.

1. gr.

Gjald fyrir að halda hund, sbr. b. lið 2. gr. samþykktar um hundahald í Eyrarbakkahreppi nr. 101/1975, skal á árinu 1994 vera kr. 5.000. Gjalddagi er 1. mars og eindagi 31. mars ár hvert.

Lausnargjald skv. 3. gr. fyrrnefndrar samþykktar skal vera kr. 2.500 í fyrsta skipti, en síðan hækkar það í kr. 5.000 við ítrekuð brot.

2. gr

Um vexti af vangreiddum gjöldum skv. gjaldskrá þessari gilda almennar reglur.

3. gr.

Gjaldskrá þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Eyrarbakkahrepps staðfestist hérmeð skv. 22. gr. laga um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit nr. 81/1988 með síðari breytingum og öðlast gildi þegar í stað.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 6. apríl 1994.

Guðmundur Árni Stefánsson.

Sólveig Guðmundsdóttir.

REGLUR

um ráðstöfun á verðmiðlunarfé til hagræðingaraðgerða í mjólkuriðnaði og mjólkurframleiðslu.

1. gr.

Ráðstöfun verðmiðlunarfjár.

Heimilt er að ráðstafa allt að 450 milljónum kr. af verðmiðlunarfé, sem innheimt var af innveginni mjólk fyrir 1. janúar 1994, svo og vaxtatekjum af því fé, til úreldingar mjólkurbúa, hagræðingarverkefna hjá mjólkurbúum og til búháttarbreytinga á jörðum með mjólkurframleiðslu sem liggja fjarri afurðastöð, samkvæmt nánari ákvæðum í reglum þessum.

2. gr.

Úrelding mjólkurbúa.

Fram til 1. desember 1995 getur stjórn mjólkurbús sótt um styrk til úreldingar mjólkurbúsins, með eftirtöldum skilyrðum:

1. Mjólkurbúið verði úrelt í heild og tryggt verði að eignin verði ekki tekin aftur í notkun til mjólkurvinnslu. Kvöð þar um skal þinglýst á viðkomandi fasteign.
2. Berist umsókn fyrir 1. desember 1994 getur styrkur orðið allt að 100% af bókfærðu verði fasteigna og véla.
3. Berist umsókn á tímabilinu frá 1. desember 1994 til 1. desember 1995 getur styrkur orðið allt að 80% af bókfærðu verði fasteigna og véla.

Þegar heimild landbúnaðarráðherra um að úrelda mjólkurbú liggur fyrir skal greiða styrk af verðmiðlunarfé fyrir eignir sem teknar eru til úreldingar. Styrkur skal nema hlutfalli skv. 2. eða 3. tl. af bókfærðu verði þeirra eigna, sem teknar eru úr notkun eins og þær voru skráðar í lok síðasta heila rekstrarárs sem mjólkurbúið starfaði að fullu. Heimilt er að endurmeta eignir til þess að samræma afskriftir, hafi mismunandi aðferðir verið notaðar.

Þær eignir sem teknar eru til úreldingar eru fasteignir og sérhæfður búnaður til mjólkurvinnslu. Lóð telst ekki til fasteignar í þessu sambandi. Bifreiðar teljast ekki til sérhæfðs búnaðar. Sé unnt að selja eignirnar til annarra nota, er heimilt að draga frá hálft söluverð þeirra, að frádregnum sölukostnaði. Nefnd skv. 5. gr. skal láta leita eftir almennum tilboðum í viðkomandi eignir. Styrkur til úreldingar er ekki greiddur mjólkurbúi, sem er í greiðslustöðvun eða hefur verið tekið til gjaldþrotaskipta.

3. gr.

Hagræðing í mjólkuriðnaði.

Heimilt er að greiða styrki til mjólkurbúa vegna sérstakra verkefna til hagræðingar í mjólkuriðnaði. Heimilt er að styrkja samstarfsverkefni mjólkurbúa eða samruna. Styrkur má ná til sérhæfðs búnaðar til mjólkurvinnslu skv. ákvæðum 2. gr., sem verður óþarfur vegna samstarfsins og til kaupa á nýjum búnaði sem er nauðsynlegur við framkvæmdina.

Með styrkumsókn frá stjórn mjólkurbús skal fylgja áætlun um áformaða hagræðingu í rekstri sem sýni fram á að reikna megi með sparnaði er nemi á fimm ára tímabili eigi lægri fjárhæð en umbeðinni fjárhæð.

Nefnd skv. 5. gr. leggur mat á framkomnar umsóknir. Þegar heimild landbúnaðarráðherra um styrk til hagræðingar liggur fyrir skal greiða hann til viðkomandi mjólkurbúa, enda sé staðfest af trúnaðarmanni Framleiðsluráðs landbúnaðarins að hagræðingaraðgerðum hafi verið komið á.

4. gr.

Styrkir til búháttabreytinga hjá bændum með mjólkurframleiðslu.

Fram til 1. september 1995 geta eigendur og ábúendur á lögbýlum, sem liggja fjarri afurðastöð eða eru úrleiðis sótt um styrk til úreldingar á aðstöðu til mjólkurframleiðslu á lögbýlum, enda séu uppfyllt eftirfarandi skilyrði:

a. Staðsetning lögbýlis (lögbýla) lengi flutninga a.m.k. um 20 km að meðaltali miðað við verðlagsgrundvallarbú. Heimilt er að víkja frá þessari reglu í tilvikum þar sem flutningar eru erfiðir og dýrir.

b. Styrkur til úreldingar skal ná til fasteigna (fjóss og hlöðu) sem nýttar hafa verið til mjólkurframleiðslu og vélbúnaðar í þeim. Styrkur skal nema matsverði eigna og véla, sem metnar skulu eftir sömu reglum og greiðslur til leiguliða við ábúðarlok. Við úreldingu skal greiðslumark til mjólkurframleiðslu falla niður og er heimilt að bæta niðurfellinguna til að eðlilegar bætur komi fyrir þann aðstöðumissi sem verður til framleiðslu á jörðinni.

c. Tryggt verði að mjólkurframleiðsla verði ekki tekin upp á lögbýlinu fyrir 1. september 1998, nema með leyfi landbúnaðarráðherra. Kvöð þar um skal þinglýst á viðkomandi lögbýli.

Ákvæði þessarar greinar geta einnig tekið til lögbýla sem verða úrleiðis við úreldingu mjólkurbús. Umsóknir bænda um styrki til úreldingar skal taka til afgreiðslu í þeirri röð sem þær berast. Ekki er skylt að verða við umsóknum sem berast eftir að fé þrýtur sem til ráðstöfunar er skv. ákvæðum 1. gr.

5. gr.

Verkefnisnefnd.

Landbúnaðarráðherra skipar fjögurra manna nefnd sem metur umsóknir um styrki skv. reglum þessum. Skal einn nefndarmaður skipaður eftir sameiginlegri tilnefningu ASÍ og BSRB, einn eftir tillögu Samtaka afurðastöðva í mjólkuriðnaði, einn eftir tillögu Stéttarsambands bænda og einn án tilnefningar og er hann jafnframt formaður nefndarinnar.

6. gr.

Reglur þessar eru settar í samræmi við tölulið C í ákvæði til bráðabirgða með lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi og gilda til 1. janúar 1996.

Landbúnaðarráðuneytið, 22. apríl 1994.

Halldór Blöndal.

Jón Höskuldsson.

25. apríl 1994 Nr. 212

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Grindavíkur 1983-2003.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðherra þann 25. apríl 1994 staðfest breytingu á aðalskipulagi Grindavíkur 1983-2003.

Breytingarnar eru:

- Lóðir fyrir opinberar stofnanir að Víkurbraut 42 og Borgarhrauni 6 verða íbúðalóðir.
- Í stað lóðar fyrir verslun og þjónustu að Víkurbraut 62 verði notkun blönduð, þ.e.a.s. fyrir opinberar stofnanir/verslun og þjónusta.

- Leikskólasvæði við Dalbraut stækkar og verslunarlóð á horni Ásabrautar og Víkurbraut verður að lóð fyrir opinbera stofnun.
- Reitur fyrir fjölbýlishús við Heiðarhraun stækkar. Um leið er felld niður sérstök aðgreining svæða fyrir fjölbýlishús í aðalskipulagi og einungis skilgreind svæði fyrir íbúðabyggð hvort heldur um er að ræða einbýli eða fjölbýli.
- Þrjú ný svæði verða fyrir íbúðabyggð: Á Höskuldarvöllum þar sem áður var óbyggt svæði; í enda Sólvalla, þar sem áður var gert ráð fyrir opinberri stofnun og á milli Baðsvalla og Glæsivalla, þar sem áður var opið svæði.

Breytingar þessar hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Grindavíkur og skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytið, 25. apríl 1994.

F. h. r.
Magnús Jóhannesson.

Ingimar Sigurðsson.

Nr. 213 15. apríl 1994

REGLUGERÐ

um (18.) breytingu á reglugerð um gerð lyfseðla og ávísun lyfja, afgreiðslu þeirra og merkingu nr. 421/1988.

1. gr.

Eftirfarandi skal bætt við viðauka 4 við reglugerðina; hvað varðar lyf, sem innihalda **Aciclovirum:**

Efni	Hámarksmagn og/eða takmarkanir.	Dæmi um lyf og lyfjaform, er selja má án lyfseðils.	Áletrun og/eða upplýsingar á fylgiseðli, sem afhenda skal með lyfinu.
Aciclovirum	Lyfjaform til útvortis notkunar. Ekki yfir 50 mg/g (5%). Mest 2 g (=100 mg virkt efni) handa einstaklingi.	VEBAN, krem. ZOVIR, krem.	Samkvæmt ákvörðun ráðuneytis við skráningu lyfsins.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 16. og 17. gr. lyfjalaga nr. 108/1984, öðlast gildi 1. maí 1994.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 15. apríl 1994.

Guðmundur Árni Stefánsson.

Einar Magnússon.

REGLUGERÐ

um verðjöfnunargjald af innfluttum unnum landbúnaðarvörum.

1. gr.

Greiða skal í ríkissjóð við tollafgreiðslu verðjöfnunargjald af þeim landbúnaðarvörum sem innihalda landbúnaðarhráefni og falla undir upptalin tollskrárnúmer skv. eftirfarandi gjaldskrá. Gjaldið skal lagt á m.v. kg/kg. Þó skal samanlagður tollur, vörugjald og verðjöfnunargjald aldrei vera hærra en 37% af tollverði í vörulið 1905.

Tollskrárnúmer	kr/kg	Tollskrárnúmer	kr/kg
0403.1001	66	1901.2023	99
0403.1003	35	1901.2024	67
0403.9001	28	1905.9051	99
0403.9002	28	1905.9059	67
0403.9003	28	2202.9001	43

2. gr.

Að því leyti sem ekki er kveðið á um vöruflokkun, gjalddaga, lögvernd, viðurlög og aðra framkvæmd álagningar og innheimtu verðjöfnunargjalds skulu ákvæði laga nr. 55/1987, með síðari breytingum, gilda eftir því sem við á svo og ákvæði reglugerða og annarra fyrirmæla settra samkvæmt þeim.

3. gr.

Skil á innheimtu verðjöfnunargjaldi skv. reglugerð þessari fer eftir fyrirmælum reglugerðar nr. 630/1976 um reikningsskil innheimtumanna ríkissjóðs.

4. gr.

Landbúnaðarráðherra getur veitt undanþágu frá greiðslu gjalda skv. 1. gr., enda innihaldi vara engin eða óverulegt magn af hráefnum sem verðjafna á fyrir.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 126/1993 um breytingu á lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum og öðlast gildi 1. maí 1994. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð um sama efni nr. 47/1994.

Landbúnaðarráðuneytið, 28. apríl 1994.

F. h. r.
Guðmundur Sigþórsson.

Jón Höskuldsson.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1990-2010.

Samkvæmt ósk borgarstjórnar Reykjavíkur hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 13. apríl 1994 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1990-2010, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytt er fyrirkomulagi gatnamóta Suðurlandsvegar og Bæjarháls.

Borgarstjórn Reykjavíkur tekur að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfisráðuneytið, 25. apríl 1994.

F. h. r.
Magnús Jóhannesson.

Ingimar Sigurðsson.

Nr. 216 22. apríl 1994

AUGLÝSING

um staðfestingu á legu brúar yfir ósa Héraðsvatna.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19/1964 hefur ráðherra þann 20. apríl 1994 staðfest legu brúar yfir ósa Héraðsvatna á mörkum Rípurhrepps og Skarðshrepps, Skagafjarðarsýslu.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð, sem skipulagslög nr. 19 21. maí 1964 mæla fyrir um. Sveitarstjórnir Rípurhrepps og Skarðshrepps hafa samþykkt uppdráttinn og skipulagsstjórn ríkisins afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytið, 22. apríl 1994.

F. h. r.
Magnús Jóhannesson.

Hrafn Hallgrímsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á sameiningu Eyjahrepps og Miklaholtshrepps.

Með vísan til 112. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 tilkynnir ráðuneytið að það hefur hinn 22. apríl 1994 staðfest sameiningu Eyjahrepps og Miklaholtshrepps í eitt sveitarfélag.

Jafnframt hefur eftirfarandi verið ákveðið:

Kosning sveitarstjórnar hins nýja sveitarfélags skal fara fram laugardaginn 11. júní 1994, sbr. 13. gr. sveitarstjórnarlaga og áður veitt leyfi félagsmálaráðuneytisins.

Kjósa skal fimm fulltrúa í sveitarstjórn hins nýja sveitarfélags, sbr. 1. mgr. 11. gr. sveitarstjórnarlaga.

Kjörstjórnir þær sem kosnar voru í upphafi yfirstandandi kjörtímabils samkvæmt 23. gr. sveitarstjórnarlaga skulu vera undirkjörstjórnir við kosningarnar. Hreppsnefndirnar skulu koma sér saman um kosningu þriggja aðalmanna og jafnmargra til vara í yfirkjörstjórn og verði ráðuneytinu tilkynnt um kosninguna að henni lokinni.

Formleg sameining þessara sveitarfélaga skal taka gildi 26. júní 1994.

Nafn hins nýja sveitarfélags verður auglýst sérstaklega.

Félagsmálaráðuneytið, 22. apríl 1994.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Sesselja Árnadóttir.

28. apríl 1994 Nr. 218

AUGLÝSING

um verðjöfnun vegna útflutnings sjávarafurða í maímánuði 1994.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 39, 15. maí 1990, um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins, hefur hlutfall af andvirði sjávarafurða sem inn- og útgreiðslur skulu miðast við vegna útflutnings í maímánuði 1994 verið ákveðið sem hér segir:

1. Skreið ..... Útborgun 8,2%

Ofangreind útborgun er af reikningi deildar fyrir viðkomandi afurð úr Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins. Reynist innstæða reiknings ekki hrökkva til greiðslu ákvarðaðs útborgunarhlutfalls vegna útflutnings viðkomandi afurðar í maímánuði, skal lækka útborgun hlutfallslega.

Sjávarútvegsráðuneytið, 28. apríl 1994.

Þorsteinn Pálsson.

Gylfi Gautur Pétursson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um ökukennslu, próf ökumanna o.fl., nr. 787 13. desember 1983.

1. gr.

17. gr. orðist svo:

Nemanda er heimilt að æfa akstur bifreiðar eða bifhjóls með leiðbeinanda í stað ökukennara, enda hafi leiðbeinandinn fengið til þess leyfi lögreglustjóra í heimasveit sinni.

Engum má veita leyfi sem leiðbeinandi nema hann:

a) hafi náð 24 ára aldri,
b) hafi gild ökuréttindi til að stjórna þeim flokki ökutækja sem æfa á akstur með og hafi a.m.k. fimm ára reynslu af að aka þannig ökutæki,
c) hafi ekki á undangengnum 12 mánuðum verið án ökuskírteinis vegna ökuleyfissviptingar eða verið refsað fyrir vítaverða akstursháttu.

Leyfi skal gefið út á nafn nemanda og leiðbeinanda og til tiltekins tíma, að jafnaði til níu mánaða. Leiðbeinandi skal hafa leyfið meðferðis við æfingaakstur og sýna það þegar lögreglan krefst þess. Heimilt er að afturkalla leyfi ef sérstaklega stendur á. Á leyfið skal prenta leiðbeiningar um æfingaakstur með leiðbeinanda.

Umsókn um heimild til að æfa akstur með leiðbeinanda skal rituð á eyðublað sem gert er eftir fyrirmælum Umferðarráðs. Á eyðublaðinu skal vera vottorð ökukennara er staðfesti að nemandinn hafi öðlast næga þekkingu á umferðarreglum og þjálfun í meðferð og stjórnun ökutækis til að æfa akstur með leiðbeinanda. Slíkt vottorð þarf ekki ef leitað er heimildar fyrir nýjum leiðbeiðanda fyrir nemandann.

Leiðbeinanda er óheimilt að taka endurgjald fyrir starf sitt. Æfingaakstur skal fara fram með hliðsjón af þjálfun nemanda og leiðbeiningum sem Umferðarráð gefur út að höfðu samráði við Ökukennarafélag Íslands. Óheimilt er að æfa með leiðbeinanda akstur bifreiðar sem krafist er aukinna ökuréttinda til að stjórna.

Bifreið eða bifhjól sem notað er til æfingaaksturs með leiðbeinanda skal auðkennt að aftan með spjaldi sem á er letrað „Æfingaakstur". Umferðarráð ræður gerð spjaldanna. Óheimilt er að nota spjöldin við annan akstur.

2. gr.

Fyrirsögn á undan 17. gr. orðist svo: **E. Æfingaakstur með leiðbeinanda.**

„E" í fyrirsögn á undan 18. gr. verði: F. „F" í fyrirsögn á undan 19. gr. verði: G.

3. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 6. mgr. 57. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, sbr. lög nr. 44 7. maí 1993, öðlast gildi 6. maí 1994.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 27. apríl 1994.

Þorsteinn Pálsson.

Ólafur W. Stefánsson.

REGLUGERÐ

um aðferðir við magngreiningu textíltrefjablandna.

1. gr.

Ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sem vísað er til í 2.-3. tölul. XI. hluta II. viðauka, skulu öðlast gildi með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af II. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans, sbr. lög um Evrópska efnahagssvæðið nr. 2/1993, með áorðnum breytingum.

2. gr.

Eftirtaldar EB-gerðir öðlast því gildi hér á landi, sbr. 1. gr.:

a. Tilskipun ráðsins um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um tilteknar aðferðir við magngreiningu textíltrefjablandna úr tveimur efnum nr. 72/276/EBE.
b. Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar um aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins nr. 72/276/EBE um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um tilteknar aðferðir við magngreiningu textíltrefjablandna úr tveimur efnum nr. 79/76/EBE.
c. Tilskipun ráðsins um breytingar á 2. hluta II. viðauka tilskipunar nr. 72/276/EBE um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um tilteknar aðferðir við magngreiningu textíltrefjablandna úr tveimur efnum nr. 81/75/EBE.
d. Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar um breytingar á II. viðauka við tilskipun ráðsins nr. 72/276/EBE um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um tilteknar aðferðir við magngreiningu textíltrefjablandna úr tveimur efnum nr. 87/184/EBE.
e. Tilskipun ráðsins um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um magngreiningu textíltrefjablandna úr þremur efnum nr. 73/44/EBE.

3. gr.

EB-gerðir, sem vísað er til í 1. og 2. gr., eru birtar í sérriti, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 31/1993.

4. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með heimild í 22. gr. laga nr. 100/1992 um vog, mál og faggildingu öðlast þegar gildi.

Iðnaðarráðuneytið, 26. apríl 1994.

F. h. r.
Þorkell Helgason.

Gunnar Viðar.

28. apríl 1994 Nr. 221

AUGLÝSING

um verðjöfnunargjald á innflutt súkkulaði, brauð, kex og kökur.

1. gr.

Greiða skal í ríkissjóð við tollafgreiðslu verðjöfnunargjald af súkkulaði, brauði, kexi og kökum í samræmi við upptalningu tollskrárnúmera í neðangreindri gjaldskrá. Gjaldið skal lagt á sem krónur á kíló. Þó skal samanlagður tollur og verðjöfnunargjald aldrei vera hærra en 46% af tollverði vöru í vöruliðum 1806 og 1901, og aldrei hærra en 37% af tollverði vöru í vörulið 1905.

Tollskrárnúmer	kr/kg	Tollskrárnúmer	kr/kg
1806.2009	56	1901.2018	6
1806.3101	61	1901.2019	5
1806.3109	61	1901.2022	44
1806.3202	56	1901.2029	57
1806.3203	25	1905.2000	38
1806.3209	25	1905.3011	17
1806.9002	21	1905.3019	19
1806.9003	58	1905.3021	38
1806.9005	63	1905.3029	23
1806.9006	58	1905.3030	14
1806.9007	56	1905.4000	19
1806.9009	56	1905.9011	47
1901.2012	26	1905.9019	6
1901.2013	20	1905.9020	5
1901.2014	49	1905.9040	44
1901.2015	14	1905.9090	57
1901.2016	19	2104.1003	4
1901.2017	47	2104.1004	4

2. gr.

Að því leyti sem ekki er kveðið á um vöruflokkun, gjalddaga, lögvernd, viðurlög og aðra framkvæmd álagningar og innheimtu verðjöfnunargjalds skulu ákvæði laga nr. 55/1987, með síðari breytingum, gilda eftir því sem við á svo og ákvæði reglugerða og annarra fyrirmæla settra samkvæmt þeim.

3.gr.

Tollstjórar annast innheimtu verðjöfnunargjalds samkvæmt þessari auglýsingu og standa skil á því í ríkissjóð eftir fyrirmælum sem fjármálaráðuneytið setur, sbr. 15. gr. reglugerðar nr. 530/1975, um reikningsskil innheimtumanna ríkissjóðs.

4. gr.

Fjármálaráðherra getur veitt undanþágu frá greiðslu gjalda skv. 1. gr., enda innihaldi vara engin eða óverulegt magn af hráefnum sem verðjafna á fyrir.

5. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 120. gr. A tollalaga nr. 55/1987, sbr. lög nr. 18/1993, gildir frá 1. maí til 31. júlí 1994. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 44/1994.

Fjármálaráðuneytið, 28. apríl 1994.

F. h. r.
Snorri Olsen.

Ingibjörg Þorsteinsdóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 30 – 1994

29. apríl 1994 641 Nr. 222

REGLUGERÐ
um bann við togveiðum á Selvogsbanka.

1. gr.

Frá og með 3. maí 1994 til og með 10. maí 1994 eru allar veiðar með fiskibotn- og flotvörpu bannaðar á svæði á Selvogsbanka sem markast af eftirtöldum punktum:

1. 63°32,5'N - 21°55'V
2. 63°30'N - 21°30'V
3. 63°25'N - 21°30'V
4. 63°21'N - 20°48'V
5. 63°14'N - 20°56'V
6. 63°14'N - 22°00'V
7. 63°24'N - 22°00'V

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 29. apríl 1994.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

29. apríl 1994 Nr. 223

VIÐAUKI
við reglugerð nr. 274, 28. júní 1993, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 1. september 1993 til 31. ágúst 1994.

1. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. 3. gr. er bátum er leyfi hafa til rækjuveiða í Ísafjarðardjúpi heimilt að stunda rækjuveiðar til og með 4. maí.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytið, 29. apríl 1994.

F. h. r.
Árni Kolbeinsson.

Jón B. Jónasson.

Stjórnartíðindi B 30, nr. 222-223. Útgáfudagur 2. maí 1994.

B 46

Steindórsprent-Gutenberg hf

STJÓRNARTÍÐINDI B 31 – 1994

Nr. 224 642 4. maí 1994

REGLUGERÐ

um takmörkun á innflutningi landbúnaðarvara.

1. gr.

Innflutningur á landbúnaðarvörum, sem tilgreindar eru hér að neðan og flokkast í eftirtalin tollskrárnúmer, er óheimill nema að fengnu leyfi landbúnaðarráðherra. Áður en ákvarðanir eru teknar um innflutning skal leita álits Framleiðsluráðs landbúnaðarins á því hvort innlend framleiðsla fullnægi neysluþörfinni og tillagna um innflutninginn. Álit Framleiðsluráðs landbúnaðarins skal liggja fyrir innan tíu daga frá því þess var óskað og m.a. bera með sér hvort og þá hve lengi innflutningsheimildin skal gilda. Áður en leitað er álits Framleiðsluráðs landbúnaðarins skal þess jafnan gætt að innflutningur vörunnar sé ekki óheimill skv. 10. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim.

Innflutningur neðangreindra landbúnaðarvara er þó heimill frá eftirtöldum ríkjum í samræmi við ákvæði fríverslunar- og milliríkjasamninga, eftir því sem nánar er merkt við hvern vörulið: Ríkjum Evrópusambandsins (ESB), ríkjum EFTA, Búlgaríu (BG), Ísrael (IL), Póllandi (PL), Rúmeníu (RO), Tékklandi og Slóvakíu (TSSL), Tyrklandi (TR), og Ungverjalandi (HU):

Tollskrárnr.	Vörutegund	Ríki
0201	**Kjöt af dýrum af nautgripakyni, nýtt eða kælt:**	
0201.1000 –	Skrokkar og hálfir skrokkar	
0201.2000 –	Sneitt á annan hátt, með beini	
0201.3000 –	Beinlaust	
0202	**Kjöt af dýrum af nautgripakyni, fryst:**	
0202.1000 –	Skrokkar og hálfir skrokkar	
0202.2000 –	Sneitt á annan hátt, með beini	
0202.3000 –	Beinlaust	
0203	**Svínakjöt, nýtt, kælt eða fryst:**	
–	Nýtt eða kælt:	
0203.1100 – –	Skrokkar og hálfir skrokkar	
0203.1200 – –	Læri, bógur og sneiðar af því, með beini	
0203.1900 – –	Annað	
–	Fryst:	
0203.2100 – –	Skrokkar og hálfir skrokkar	
0203.2200 – –	Læri, bógur og sneiðar af því, með beini	
0203.2900 – –	Annað	
0204	**Kinda- eða geitakjöt, nýtt, kælt eða fryst:**	
0204.1000 –	Lambaskrokkar, heilir og hálfir, nýir eða kældir	
–	Annað kindakjöt, nýtt eða kælt:	
0204.2100 – –	Skrokkar og hálfir skrokkar	
0204.2200 – –	Sneitt á annan hátt, með beini	

Steindórsprent Gutenberg hf.

	0204.2300	– –	Beinlaust
	0204.3000	–	Lambaskrokkar, heilir og hálfir, frystir
		–	Annað kindakjöt, fryst:
	0204.4100	– –	Skrokkar og hálfir skrokkar
		– –	Sneitt á annan hátt, með beini:
	0204.4201	– – –	Svið (sviðahausar)
	0204.4209	– – –	Annað
	0204.4300	– –	Beinlaust
	0204.5000	–	Geitakjöt
0205	0205.0000		**Kjöt af hrossum, ösnum, múlösnum eða múldýrum, nýtt, kælt eða fryst**
0206			**Ætir hlutar af dýrum af nautgripakyni, svínum, kindum, geitum, hestum, ösnum, múlösnum eða múldýrum, nýtt, kælt eða fryst:**
	0206.1000	–	Af dýrum af nautgripakyni, nýtt eða kælt
		–	Af dýrum af nautgripakyni, fryst:
	0206.2100	– –	Tunga
	0206.2200	– –	Lifur
	0206.2900	– –	Annað
	0206.3000	–	Af svínum, nýtt eða kælt
		–	Af svínum, fryst:
	0206.4100	– –	Lifur
	0206.4900	– –	Annað
	0206.8000	–	Annað, nýtt eða kælt
	0206.9000	–	Annað, fryst
0207			**Kjöt og ætir hlutar af alifuglum í nr. 0105, nýtt, kælt eða fryst:**
	0207.1000	–	Alifuglar ekki skornir í hluta, nýir eða kældir
		–	Alifuglar ekki skornir í hluta, frystir:
	0207.2100	– –	Hænsni af tegundinni Gallus domesticus
	0207.2200	– –	Kalkúnar
	0207.2300	– –	Endur, gæsir og perluhænsni
		–	Sneiðar og hlutar af alifuglum (einnig lifur), nýtt eða kælt:
	0207.3100	– –	Fitulifur gæsa og anda
	0207.3900	– –	Annað
		–	Sneiðar og hlutar af alifuglum annað en lifur, fryst:
	0207.4100	– –	Af hænsnum af tegundinni Gallus domesticus
	0207.4200	– –	Af kalkúnum
	0207.4300	– –	Af öndum, gæsum eða perluhænsnum
	0207.5000	–	Alifuglalifur, fryst
Úr 0208			**Annað kjöt og ætir hlutar af dýrum, nýtt, kælt eða fryst:**
	0208.1000	–	Af kanínum eða hérum
	0208.9003	– –	Rjúpur, frystar
	0208.9005	– –	Selkjöt, fryst
	0208.9006	– –	Hreindýrakjöt, fryst
Úr	0208.9009	– –	Annars, þó ekki hvalkjöt og hvalafurðir
0209	0209.0000		**Svínafita án magurs kjöts og alifuglafita (óbrædd), ný, kæld, fryst, söltuð, í saltlegi, þurrkuð eða reykt**
Úr 0210			**Kjöt og ætir hlutar af dýrum, saltað, í saltlegi, þurrkað eða reykt; ætt mjöl, einnig fínmalað, úr kjöti eða hlutum af dýrum:**
		–	Svínakjöt:
	0210.1100	– –	Læri, bógur og sneiðar úr því, með beini
	0210.1200	– –	Slög og sneiðar af þeim
	0210.1900	– –	Annað
	0210.2000	–	Kjöt af dýrum af nautgripakyni
		–	Annað, þar með talið ætt mjöl, einnig fínmalað, úr kjöti eða hlutum af dýrum:
	0210.9001	– –	Alifuglalifur, þurrkuð eða reykt
	0210.9002	– –	Kindakjöt, saltað
	0210.9003	– –	Kindakjöt, reykt (hangikjöt)
Úr	0210.9009	– –	Annars, þó ekki hvalkjöt og hvalafurðir

0401		**Mjólk og rjómi, þó ekki kjarnað eða með viðbættum sykri eða öðru sætiefni:**	
	0401.1000 –	Með fituinnihaldi sem er ekki meira en 1% miðað við þyngd	
	0401.2000 –	Með fituinnihaldi sem er meira en 1% en ekki meira en 6% miðað við þyngd	
	0401.3000 –	Með fituinnihaldi sem er meira en 6% miðað við þyngd	
0402		**Mjólk og rjómi, kjarnað eða með viðbættum sykri eða öðru sætiefni:**	
	0402.1000 –	Í formi dufts, korns eða í öðru föstu formi, með fituinnhaldi sem er ekki meira en 1,5% miðað við þyngd	
	–	Í formi dufts, korns eða í öðru föstu formi, með fituinnihaldi sem er meira en 1,5% miðað við þyngd:	
	0402.2100 – –	Án viðbætts sykurs eða annars sætiefnis	
	0402.2900 – –	Annað	
	–	Annað:	
	0402.9100 – –	Án viðbætts sykurs eða annars sætiefnis	
	0402.9900 – –	Annars	
0403		**Áfir, hleypt mjólk og rjómi, jógúrt, kefír og önnur gerjuð eða sýrð mjólk og rjómi, einnig kjarnað eða með viðbættum sykri eða öðru sætiefni, eða bragðbætt eða með ávöxtum, hnetum eða kakaói:**	
	–	Jógúrt:	
	0403.1001 – –	Kakaóblandað	ESB, EFTA, PL, TSSL, RO, HU, BG, TR, IL
	0403.1002 – –	Blandað með ávöxtum eða hnetum	
	0403.1003 – –	Drykkjarjógúrt	PL, TSSL, RO, HU, BG, TR, IL
	0403.1004 – –	Bragðbætt, ót.a.	
	0403.1009 – –	Annað	
	–	Annað:	
	0403.9001 – –	Kakaóblandað	ESB, EFTA, PL, TSSL, RO, HU, BG, TR, IL
	0403.9002 – –	Blandað með ávöxtum eða hnetum	EFTA
	0403.9003 – –	Drykkjarvara	EFTA, PL, TSSL, RO, HU, BG, TR, IL
	0403.9004 – –	Bragðbætt, ót.a.	EFTA
	0403.9009 – –	Annars	
0404		**Mysa, einnig kjörnuð eða með viðbættum sykri eða öðru sætiefni; vörur úr náttúrlegum efnisþáttum mjólkur, einnig með viðbættum sykri eða öðru sætiefni, ót.a.:**	
	0404.1000 –	Mysa og umbreytt mysa, einnig kjörnuð eða með viðbættum sykri eða öðru sætiefni	
	0404.9000 –	Annað	
0405	0405.0000	**Smjör og önnur fita og olía fengið úr mjólk**	
0406		**Ostur og ystingur:**	
	0406.1000 –	Nýr ostur (óþroskaður eða ógerjaður), einnig mysuostur og ystingur	
	0406.2000 –	Hvers konar rifinn eða mulinn ostur	
	0406.3000 –	Fullunninn ostur, órifinn eða ómulinn	
	0406.4000 –	Gráðostur	
	0406.9000 –	Annar ostur	
0407	0407.0000	**Fuglsegg, í skurn, ný, varin skemmdum eða soðin**	
0408		**Fuglsegg, skurnlaus, og eggjarauða, nýtt, þurrkað, soðið í gufu eða vatni, mótað, fryst eða varið skemmdum með öðrum hætti, einnig með viðbættum sykri eða öðru sætiefni:**	
	–	Eggjarauða:	
	0408.1100 – –	Þurrkuð	
	0408.1900 – –	Önnur	
	–	Annað:	
	0408.9100 – –	Þurrkað	
	0408.9900 – –	Annars	
0410	0410.0000	**Ætar vörur úr dýraríkinu, ót.a.**	
Úr 0602		**Aðrar lifandi plöntur (þ.m.t. rætur), græðlingar og gróðurkvistir; sveppagró:**	
	–	Annað:	
Úr	0602.9900 – –	Tré og runnar, ót.a.	
0604		**Lauf, greinar og aðrir plöntuhlutar, án blóma eða blómknappa, og grös, mosi**	

		og skófir, sem notað er í vendi eða til skrauts, nýtt, þurrkað, litað, bleikt, gegndreypt eða unnið á annan hátt:	
	0604.9101	– – – Jólatré, án rótar; jólatrésgreinar	
1601		**Pylsur og þess háttar vörur úr kjöti, hlutum af dýrum eða blóði; matvæli gerð aðallega úr þessum vörum:**	
	1601.0001	– Blóðmör og lifrarpylsa	
	1601.0009	– Annað	
1602		**Annað kjöt, hlutar af dýrum eða blóð, unnið eða varið skemmdum:**	
	1602.1000	– Jafnblönduð matvæli	
	1602.2000	– Úr dýralifur	
		– Úr alifuglum í nr. 0105:	
	1602.3100	– – Úr kalkún	
	1602.3900	– – Annað	
		– Úr svínum:	
	1602.4100	– – Læri og lærissneiðar	
	1602.4200	– – Bógur og bógsneiðar	
	1602.4900	– – Annað, þar með taldar blöndur	
	1602.5000	– Úr nautgripum	
	1602.9000	– Annars, þar með talin framleiðsla úr hvers konar dýrablóði	
Úr 1902		**Pasta, einnig soðin eða fyllt (með kjöti eða öðrum efnum) eða unnin á annan hátt, svo sem spaghetti, makkarónur, núðlur, lasagne, gnocchi, ravíólí, kannellóní; couscous, einnig unnið:**	
		– Fyllt pasta, einnig soðin eða unnin á annan hátt:	
	1902.2002	– – Með fyllingu sem inniheldur að magni til meira en 20% miðað við þunga af pylsum, kjöti, hlutum af dýrum eða blóði eða blöndum af því	
2103		**Sósur og framleiðsla í þær; blönduð bragðefni og blönduð bragðbætiefni; mustarðsmjöl, fín- eða grófmalað, og unninn mustarður:**	
		– Annað:	
Úr	2103.9009	– – Annars, sem inniheldur að magni til meira en 20% kjöt miðað við þunga	EFTA
2104		**Súpur og seyði og framleiðsla í það; jafnblönduð samsett matvæli:**	
		– Súpur og seyði og framleiðsla í það:	
Úr	2104.1004	– – Aðrar súpur sem innihalda að magni til meira en 20% kjöt	ESB, EFTA, BG, IL, PL, RO, TSSL, TR, HU
Úr	2104.1009	– – Annað sem inniheldur að magni til meira en 20% kjöt	ESB, EFTA, BG, IL, PL, RO, TSSL, TR, HU
		– Jafnblönduð samsett matvæli:	
	2104.2001	– – Sem innihalda að magni til meira en 20% kjöt eða kjötúrgang miðað við þunga	
Úr 2105		**Rjómaís og annar ís til manneldis, einnig með kakaóinnihaldi:**	
Úr	2105.0001	– Sem inniheldur kakaó, úr mjólkurafurðum	
Úr	2105.0009	– Annar, úr mjólkurafurðum	
Úr 2106		**Matvæli, ót.a.:**	
	2106.9049	– – Framleiðsla að meginstofni úr feiti og vatni sem inniheldur meira en 15% af smjöri eða annarri mjólkurfitu miðað við þyngd	

2. gr.

Innflutningur landbúnaðarvara, sem tilgreindar eru hér að neðan og tollflokkast í eftirtalin tollskrárnúmer, er óheimill án leyfis landbúnaðarráðherra, sbr. 53. gr. laga nr. 99/1993.

Innflutningur neðangreindra landbúnaðarvara er þó heimill frá eftirtöldum ríkjum í samræmi við ákvæði fríverslunar- og milliríkjasamninga, eftir því sem nánar er merkt við hvern vörulið: Ríkjum Evrópusambandsins (ESB), ríkjum EFTA, Búlgaríu (BG), Ísrael (IL), Póllandi (PL), Rúmeníu (RO), Tékklandi og Slóvakíu (TSSL), Tyrklandi (TR), og Ungverjalandi (HU):

Tollskrárnr.		Vörutegund	Ríki
Úr 0601		**Blómlaukar, rótarhnýði, jarðstönglar, krónur og forðastönglar, í dvala, vexti eða blóma; síkoríuplöntur og síkoríurætur, þó ekki síkoríurætur í nr. 1212:**	
	–	Blómlaukar, rótarhnýði, jarðstönglar, krónur og forðastönglar, í vexti eða blóma; síkoríuplöntur og síkoríurætur:	
	0601.2002 – –	Pottaplöntur	
	0601.2009 – –	Annað	
Úr 0602		**Aðrar lifandi plöntur (þ.m.t. rætur), græðlingar og gróðurkvistir; sveppagró:**	
	0602.1000 –	Græðlingar og gróðurkvistir, án róta	
	0602.2000 –	Tré, runnar og búskar, einnig ágrætt, sem bera æta ávexti eða hnetur	
	0602.3000 –	Alparósir og glóðarrósir, einnig ágræddar	
	0602.4000 –	Rósir, einnig ágræddar	
	–	Annað:	
	0602.9100 – –	Sveppaþræðir (Mycelíum)	
Úr	0602.9900 – –	Annars, annað en tré og runnar, ótalin annars staðar	
0603		**Afskorin blóm og blómknappar sem notað er í vendi eða til skrauts, lifandi, þurrkað, litað, bleikt, gegndreypt eða unnið á annan hátt:**	
	–	Nýtt:	
	– –	Nellikur, lokaskegg, flamingóblóm, fuglamjólk, og paradísarfuglablóm:	
	0603.1001– – –	Innflutt á tímabilinu 1. desember til 30. apríl	ESB
	0603.1002 – – –	Innflutningur á öðrum tíma	
	0603.1009 – –	Annars	
	0603.9000 –	Annað	
Úr 0604		**Lauf, greinar og aðrir plöntuhlutar, án blóma eða blómknappa og grös, mosi og skófir, sem notað er í vendi eða til skrauts, nýtt, þurrkað, litað, bleikt, gegndreypt eða unnið á annan hátt:**	
	– –	Nýtt:	
	0604.9109 – – –	Annað, þó ekki jólatré án rótar og jólatrésgreinar	
	0604.9900 – –	Annars	
0701		**Kartöflur, nýjar eða kældar:**	
	0701.1000 –	Útsæði	
	0701.9000 –	Aðrar	
0702		**Tómatar, nýir eða kældir:**	
	0702.0001 –	Innflutningur á tímabilinu 1. nóvember til 15. mars	ESB
	0702.0002 –	Innflutningur á öðrum tíma	
Úr 0703		**Laukur, skalottlaukur, hvítlaukur, blaðlaukur og aðrar skyldar matjurtir, nýjar eða kældar:**	
	0703.9000 –	Blaðlaukur og aðrar skyldar matjurtir	
0704		**Hvítkál, blómkál, hnúðkál, fóðurmergkál og áþekkt ætt kál, nýtt eða kælt:**	
	0704.1000 –	Blómkál og hnappað spergilkál	
	0704.2000 –	Rósakál	
	0704.9000 –	Annað	
0705		**Salat (Lactuca sativa) og síkoría (Cichorium spp.), nýtt eða kælt:**	
	–	Salat:	
	– –	Salat, kálhausar (head lettuce):	
	0705.1101 – – –	Innflutningur á tímabilinu 1. nóvember til 15. mars	ESB
	0705.1102 – – –	Innflutningur á öðrum tíma	
	0705.1900 – –	Annað	
	–	Síkoría:	
	0705.2100 – –	Kaffifífilsblöð (Cichorium intybus var. foliosum)	
	0705.2900 – –	Annað	
0706		**Gulrætur, næpur, rauðrófur, hafursrót, seljurót, radísur og áþekkar ætar rætur, nýjar eða kældar:**	
	0706.1000 –	Gulrætur og næpur	
	0706.9000 –	Annað	

0707		**Gúrkur og reitagúrkur, nýjar eða kældar:**	
	0707.0001 –	Innfluttar á tímabilinu 1. nóvember til 1. mars	ESB
	0707.0009 –	Innfluttar á öðrum tíma	
Úr 0709		**Aðrar matjurtir, nýjar eða kældar:**	
	0709.3000 –	Eggaldinjurtir	ESB
	0709.4000 –	Selja, önnur en seljurót	
	–	Sveppir og tröfflur:	
	0709.5100 – –	Sveppir	
	0709.5200 – –	Tröfflur	
	–	Aldin Capsicumættarinnar eða Pimentaættarinnar:	
	0709.6001 – –	Allrahanda (pimento)	
	– –	Paprika:	
	0709.6002 – – –	Innflutningur á tímabilinu 1. nóvember til 15. mars	ESB
	0709.6003 – – –	Innflutningur á öðrum tíma	
	0709.6009 – –	Önnur	
	0709.7000 –	Spínat, Nýja-Sjálandsspínat og hrímblaðka (garðspínat)	PL, RO, TSSL, TR
	–	Annað:	
úr	0709.9002 – –	Kúrbítur, nýr eða kældur	ESB, TSSL, TR, HU
úr	0709.9003 – –	Ólívur, nýjar eða kældar	TR, HU
	0709.9009 – –	Annars	
Úr 0710		**Matjurtir (ósoðnar eða soðnar með gufu eða í vatni), frystar:**	
	0710.1000 –	Kartöflur	
	–	Aðrar matjurtir:	
	– –	Paprika:	
	0710.8001 – – –	Innflutningur á tímabilinu 1. nóvember til 15. mars	ESB, TSSL, RO, TR, HU
	0710.8002 – – –	Innflutningur á öðrum tíma	TSSL, RO, TR, HU
	0710.9000 –	Matjurtablöndur	
Úr 0711		**Matjurtir, varðar skemmdum til bráðabirgða (t.d. með brennisteinstvíildisgasi, saltlegi, brennisteinssýrlingi eða öðrum verndandi upplausnum), en óhæfar í því ástandi til manneldis:**	
	0711.9001 – –	Kartöflur	
Úr 2004		**Aðrar matjurtir, unnar eða varðar skemmdum á annan hátt en með ediki eða ediksýru, frystar:**	
	–	Matjurtir og matjurtablöndur, aðrar en kartöflur:	
	2004.9009 – –	Annars	BG
úr	2004.9009 – –	Jarðartískokka	ESB
úr	2004.9009 – –	Grænar eða svartar ólívur	PL, TR
úr	2004.9009 – –	Grænar baunir og belgaldin	PL, TSSL, RO, TR
úr	2004.9009 – –	Framleiðsla úr belgjurtamjöli að meginstofni	ESB
Úr 2005		**Aðrar matjurtir, unnar eða varðar skemmdum á annan hátt en með ediki eða ediksýru, ófrystar:**	
	–	Kartöflur:	
	2005.2009 – –	Aðrar en fín- eða grófmalaðar eða flögur	

3. gr.

Yfirdýralæknir hefur skv. 3. gr. laga nr. 77/1981 yfirumsjón með aðgerðum gegn smitsjúkdómum búfjár og innflutningi lifandi dýra og búfjárafurða að því er varðar heilbrigði og hollustuhætti.

Rannsóknastofnun landbúnaðarins hefur skv. rg. 189/1990 eftirlit með innflutningi á plöntum og plöntuafurðum.

4. gr.

Reglugerð þessi tekur ekki til varnings sem farmenn og ferðamenn hafa meðferðis frá útlöndum og er undanþeginn aðflutningsgjöldum sbr. reglugerð nr. 251/1992 um tollfrjálsan farangur ferðamanna og farmanna við komu frá útlöndum, einkasölugjald o.fl.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt eru úr gildi felldar reglugerðir um sama efni nr. 401/1993 og nr. 2/1994.

Landbúnaðarráðuneytið, 4. maí 1994.

Halldór Blöndal.

Guðmundur Sigþórsson.

Nr. 225 4. maí 1994

REGLUGERÐ

um útgáfu á 2. flokki húsbréfa 1994 fyrir Byggingarsjóð ríkisins, húsbréfadeild.

1. gr.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið, á grundvelli laga nr. 97/1993, að Byggingarsjóður ríkisins, húsbréfadeild, gefi út 2. flokk húsbréfa 1994. Samanlögð fjárhæð húsbréfa í 2. flokki 1994, skal vera að hámarki 4 000 milljónir. Húsbréfin skulu gefin út í fjórum undirflokkum A, B, C og D. Í undirflokki A skal hvert húsbréf vera að fjárhæð kr. 5 000 000,00, í undirflokki B kr. 1 000 000,00, í undirflokki C kr. 100 000,00 og í undirflokki D kr. 10 000,00. Vextir í 2. flokki 1994 eru 4.75 % á ári. Lánstími er 25 ár.

2. gr.

Húsbréf eru greiðsla húsbréfadeildar Byggingarsjóðs ríkisins við kaup deildarinnar á fasteignaveðbréfum.

3. gr.

Húsbréf skulu skráð á nafn. Nafn fyrsta eiganda, kennitala og heimilisfang, skal skráð á framhlið húsbréfs. Við eigendaskipti að húsbréfi skal framsal til nýs eiganda skráð á bakhlið þess og þar skráður framsalsdagur, nafn, kennitala og heimilisfang hins nýja eiganda. Framsal húsbréfs til handhafa er óheimilt. Sé röð framsala gölluð, verður bréfið ekki innleyst, nema handhafi þess færi fullar sönnur á eignarheimild sína.

4. gr.

Húsbréf eru verðtryggð miðað við lánskjaravísitölu skv. 39. gr. laga nr. 13/1979 með síðari breytingum, sbr. reglugerð nr. 18/1989 og auglýsingu Seðlabanka Íslands í Lögbirtingablaði nr. 11 frá 23. janúar 1989. Grunnvísitala flokksins er vísitala maímánaðar 1994.

5. gr.

Byggingarsjóður ríkisins greiðir verðbætur á höfuðstól, vexti og vaxtavexti húsbréfa skv. breytingum á lánskjaravísitölu frá útgáfudegi bréfanna, 15. maí 1994 til gjalddaga. Höfuðstóll, verðbætur, vextir og vaxtavextir greiðast eftir á í einu lagi. Nafnvextir eru óbreytanlegir allan tímann og reiknast frá útgáfudegi 15. maí 1994.

6. gr.

Byggingarsjóður ríkisins innleysir og endurgreiðir húsbréf þetta að fullu skv. útdrætti á föstum gjalddögum, sem eru 15. febrúar, 15. maí, 15. ágúst og 15. nóvember ár hvert. Fyrsti gjalddagi er 15. ágúst 1995. Húsbréfaflokknum skal lokað eigi síðar en 15. maí 1995. Í hverjum útdrætti skal draga út húsbréf fyrir þá fjárhæð sem svarar næst til endurgreiðslu jafngreiðsluláns með þeim vöxtum sem um flokkinn gilda, lánstíma sem eftir er og eftirstöðvum.

Númer útdreginna húsbréfa skulu birt í Lögbirtingablaði í síðasta lagi tveimur mánuðum fyrir gjalddaga.

Þau húsbréf þessa flokks, sem ekki verða dregin út, greiðast að fullu á lokagjalddaga, þann 15. maí 2019. Húsbréf verða ekki innleyst að hluta.

7. gr.

Útdráttur fer fram hjá Raunvísindastofnun Háskólans að viðstöddum fulltrúa húsbréfadeildarinnar undir umsjón lögbókanda.

8. gr.

Allar kröfur á grundvelli húsbréfa fyrnast, sé þeim ekki lýst hjá Byggingarsjóði ríkisins innan 10 ára frá gjalddaga, hvort sem um útdrátt á föstum gjalddaga eða lokagjalddaga er að ræða.

Gjaldfallnar endurgreiðslur húsbréfa bera ekki vexti eða verðbætur eftir gjalddaga.

9. gr.

Skattskylda eða skattfrelsi húsbréfa, vaxta og verðbóta af þeim, fer eftir skattalögum á hverjum tíma, sbr. nú 8. gr., 1. tl. B-liðar 30. gr., 74. og 78. gr. laga nr. 75/1981, með síðari breytingum, sbr. einnig lög nr. 7/1974 og lög nr. 79/1983, og lög nr. 117/1990 og loks sbr. lög nr. 76/1989, 2. gr., s-lið. Húsbréf eru framtalsskyld.

10. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 97/1993 um Húsnæðisstofnun ríkisins, öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 4. maí 1994.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Ingi Valur Jóhannsson.

2. maí 1994 Nr. 226

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 210/1993, um Lánasjóð íslenskra námmanna.

1. gr.

14. gr. orðast svo:

Tilkynna skal námsmanni ef honum er synjað um námslán. Þegr synjunin er tilkynnt skulu fylgja með upplýsingar um heimild hans til að fá synjun rökstudda og hvert beina skuli kæru, ef því er að skipta.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 2. maí 1994.

Ólafur G. Einarsson.

Hörður Lárusson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 32 – 1994

Nr. 227 650 2. maí 1994

SAMÞYKKT

um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Ólafsvíkurkaupstað, nr. 813 28. desember 1983.

58. gr. orðist svo:
Allir almennir veitinga- og samkomustaðir skulu vera lokaðir frá kl. 23.30 til kl. 06.00 að morgni; þó er heimilt að hafa opið til kl. 03.00 aðfaranótt laugardags, sunnudags eða almenns frídags. Heimilt er að selja ferðamönnum greiða á hvaða tíma sem er.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Ólafsvíkur hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum um lögreglusamþykktir, nr. 36 18. maí 1988, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 2. maí 1994.

Þorsteinn Pálsson.

Ólafur W. Stefánsson.

Nr. 228 23. mars 1994

AUGLÝSING

um fjölda kennslustunda í 1. - 10. bekk grunnskóla og skiptingu þeirra milli námsgreina. (Viðmiðunarstundaskrá)

1. gr.
Auglýsing þessi kemur í stað auglýsingar nr. 133/1992 um skiptingu kennslustunda milli námsgreina. Auglýsingin gildir frá og með skólaárinu 1994 - 95 og þar til öðruvísi verður ákveðið.

2. gr.
Heildarfjöldi nemendastunda í 1. - 10. bekk grunnskóla skal að lágmarki vera þessi:

1.	*2.*	*3.*	*4.*	*5.*	*6.*	*7.*	*8.*	*9.*	*10.*	*bekkur*
25	*25*	*25*	*26*	*28*	*30*	*32*	*34*	*34*	*34*	*stundir*

3. gr.
Nemendastundir skiptast á námsgreinar og námsár eins og sýnt er í töflunni.

Steindórsprent Gutenberg hf.

TAFLA: Skipting nemendastunda á námsgreinar og námsár.

BEKKUR	1.	2.	3.	1.-3. b. samt.	4.	5.	6.	7.	8.	9.	10.	1.-10. b. samt.	
ÍSLENSKA	x	x	x		6	6	6	6	5	5	5		
STÆRÐFRÆÐI	x	x	x		4	4	4	4	4	4	5		
				27								95	37,7%
MYND- OG HANDMENNT	x	x	x		4	4	4	4	4	4			
HEIMILISFRÆÐI	x	x	x		1	1	1	2	2	2			
TÓNMENNT	x	x	x		1	1	1	1	1	1			
				15								54	21,4%
SAMFÉLAGSFRÆÐI		x	x	x		3	3	3	2	2	(2)		
KRISTIN FRÆÐI	x	x	x		4	1	1	1	1	1			
NÁTTÚRUFRÆÐI	x	x	x			2	2	2	3	3	(2)		
DANSKA							2	2	3	3	4		
ENSKA								2	3	3	4		
				9								73	29,0%
ÍÞRÓTTIR	x	x	x		3	3	3	3	3	3	3		
				9								30	11,9%
BUNDNAR STUNDIR SAMTALS	20	20	20		23	25	27	30	31	31	25	252	86%
TIL RÁÐSTÖFUNAR SKÓLA	5	5	5		3	3	3	2	3	3	9	41	14%
LÁGMARKS NEMENDASTUNDIR	25	25	25		26	28	30	32	34	34	34	293	

Til viðbótar fá skólar eða skólahverfi nemendastundir til:

SÉRKENNSLU	(Sbr. reglugerð um sérkennslu)
AÐ SKIPTA BEKKJUM	(Sbr. 10. gr. a) og b) liður)
SKÓLASAFNSKENNSLU	(Sbr. 10. gr. c) liður)

Skýringar við töflu:

Um einstakar námsgreinar og námsþætti vísast til aðalnámskrár grunnskóla frá 1989. Einnig er bent á 19. kafla í aðalnámskrá sem fjallar um skiptingu og nýtingu tíma í grunnskólum.

Hlutfall greinaflokka er reiknað út frá bundnum stundum samtals.

Hér er miðað við 40 mín. kennslustundir.

Stundir sem tilgreindar eru í töflunni á tiltekinn bekk í einstökum námsgreinum eru viðmiðunarstundir. Ekki eru alltaf skýr mörk á milli námsgreina t.d. í yngstu bekkjunum. Í 1. - 3. bekk er sýndur æskilegur stundafjöldi að meðaltali á viku í greinaflokkum. Innbyrðis hlutföll milli námsgreina í þessum bekkjum er ákvörðunarefni hvers skóla. Krossar í töflunni sýna að kenna skal umræddar greinar á hverju námsári. Mælt er með því að beitt sé sveigjanlegum kennsluháttum og skólastarfið sé skipulagt þannig að möguleikar samkennslu og samþættingar nýtist sem best.

Áherslur í skólastarfi geta breyst frá einu ári til annars. Sé ekki haldið uppi þeirri

lágmarkskennslu sem bundnar stundir segja til um í tiltekinni grein eða greinasviði eitt árið þarf að auka hana síðar. Enda þótt bundnum stundum sé dreift á námsár í töflunni, er það gert til viðmiðunar. Ekki þarf að fylgja þeirri skiptingu út í æsar fyrir hvert námsár heldur er ætlast til að áherslur í grunnskólanáminu í heild eða áföngum þess séu sem næst því sem taflan tilgreinir. Suma námsþætti má t.d. kenna í námskeiðsformi eða skipuleggja tveggja til þriggja ára nám í tiltekinni námsgrein á þann hátt að meginþunginn komi á eitt ár.

Stundir til sundkennslu eru innifaldar í stundum til íþrótta (sjá reglugerð um sundnám nr. 395/1986).

4. gr.

Lágmark nemendastunda er sá vikulegi kennslustundafjöldi sem hver nemandi á rétt á.

Stundafjöldi námsgreina og greinaflokka í töflunni sýnir þá lágmarkskennslu sem hver nemandi á rétt á í viðkomandi námsgrein eða greinaflokki.

5. gr.

Ef sérstaklega stendur á t.d. ef ekki fæst kennari í námsgrein eða vegna þess að aðstaða er ekki fyrir hendi og útilokað að ráða bót á því, getur fræðslustjóri heimilað skóla tímabundnar undanþágur frá því að uppfylla þá lágmarkskennslu í námsgreininni sem bundnar stundir segja til um.

Fræðslustjóri getur einnig heimilað að bundnar stundir sem ætlaðar eru námsgrein sem af óviðráðanlegum ástæðum er ekki hægt að kenna, séu notaðar til annarrar kennslu. Slík heimild er ekki veitt tvö ár í röð án þess að fyrir liggi áætlun um hvernig leysa skuli umræddan vanda.

6. gr.

Stundir til ráðstöfunar eru ekki ætlaðar sem skiptistundir.

Hver skóli fyrir sig ákveður hvernig þessum stundum er ráðstafað til kennslu samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla.

Stundir til ráðstöfunar eru einkum ætlaðar til kennslu þeirra námsþátta sem greint er frá í 17. kafla aðalnámskrár.

Stundir til ráðstöfunar má einnig nota til að auka kennslu í þeim námsgreinum sem tilgreindar eru í töflunni í 3. gr. Sumir skólar geta t.d. ákveðið að bæta stundum við íslensku, aðrir við listir og verkmenntir, erlend mál eða aðrar námsgreinar.

Mælst er til þess að skólar noti hluta af stundum til ráðstöfunar í umsjónarkjarna handa umsjónarkennurum bekkja til að fjalla með nemendum um námið, tilgang þess og gildi. Æskilegt er að nýta þann tíma einnig til að sinna viðfangsefnum sem ekki eru bundin ákveðnum námsgreinum samanber 17. kafla aðalnámskrár.

Stundir til ráðstöfunar má einnig nota til skólasafnsfræðslu umfram það sem gert er ráð fyrir í 10. grein c) lið eða fyrir 1. - 5. bekk.

Í 8. og 9. bekk má verja stundum til ráðstöfunar í valgreinar.

Í 10. bekk eru stundir til ráðstöfunar m.a. ætlaðar til valgreina.

7. gr.

Miða skal við að hlutföll milli námsgreina og greinaflokka séu sem næst því sem sýnt er í töflunni í 3. gr. Hlutföll milli flokka námsgreina í töflunni eru reiknuð út frá samtölu bundinna stunda. Þessum hlutföllum getur skóli breytt með stundum til ráðstöfunar.

8. gr.

Í 10. bekk mynda íslenska, stærðfræði, enska, danska og íþróttir kjarna.

Til viðbótar kjarna velja nemendur minnst 4 vikustundir í samfélagsgreinum (sögu, landafræði, félagsfræði) og/eða náttúrufræði (eðlis- og efnafræði, líffræði).

9. gr.

Úr öðrum valgreinum sem skólinn býður fram velja nemendur 10. bekkjar þar til náð er samtals minnst 33 vikustundum.

Sérstaklega er mælt með því að nemendum standi til boða valgreinar á sviði lista og verkmennta.

10. gr.

Auk þeirra stunda sem taldar eru í 3. gr. hafa skólahverfi stundir til ráðstöfunar sem hér segir:

a) Í skólahverfum þar sem 12 nemendur eða fleiri eru í bekk (einn aldursflokkur eða fleiri) reiknast stundir til að skipta bekkjardeildum - einkum í verklegri kennslu - eins og hér segir:
Í 1. - 3. bekk 1 vikustund á hverja 24 nemendur.
Í 4. - 9. bekk 3,5 vikustundir á hverja 24 nemendur.
Skólum er heimilt að færa skiptistundir milli árganga ef henta þykir.
Séu nemendur færri en 12 í bekk fær skólahverfið ekki skiptistundir samkvæmt þessari grein.

b) Stundir vegna valgreina í 10. bekk sem reiknast samkvæmt reglunni:

$$\left(\frac{\text{Fjöldi nem. í árgangi}}{17} - \text{fjöldi deilda}\right) \times 12$$

Stundir til valgreina verða þó aldrei færri en 4 í skólahverfi sem hefur 10. bekk.

c) Stundir til reglubundins hópnáms í skólasafni undir leiðsögn kennara. Hverjum skóla er reiknuð ein vikustund á hverja 30 nemendur í 6. - 10. bekk.

11. gr.

Við ákvörðun fjölda kennslustunda sem ríkissjóður greiðir samkvæmt reglum þessum er miðað við nemendafjölda í einstökum bekkjardeildum sem hér segir:

Í 1. og 2. bekk 22 nemendur.

Í 3. - 10. bekk 28 nemendur.

Fræðslustjóri getur þegar sérstaklega stendur á, ákveðið hækkun á þessum viðmiðunartölum um allt að 2 nemendur í bekk þannig að hámarksfjöldi í 1. og 2. bekk getur orðið 24 og í 3. - 10. bekk 30 nemendur.

Í fámennum skólum þar sem aldursflokkar í 1. - 8. bekk eru saman í deildum skal miðað við að nemendur í bekkjardeild séu ekki fleiri en hér segir:

8 nem. ef aldursflokkar eru fleiri en fjórir

12 nem. ef aldursflokkar eru fjórir

17 nem. ef aldursflokkar eru þrír
22 nemendur ef aldursflokkar eru tveir.

Í 9. og 10 bekk skal miða við að deildir séu ekki færri en aldursflokkar þeir sem sækja þessa bekki skólans. Til þess að 9. og 10. bekk verði haldið uppi í skólahverfi mega nemendur í þessum deildum þó ekki vera færri en 12 að meðaltali, nema að fenginni heimild menntamálaráðuneytisins.

12. gr.

Í fámennum skólum þar sem nemendur í 1. - 8. bekk eru saman í deildum, skal miða við að heildarstundafjöldi og innbyrðis hlutföll milli námsgreina séu sem næst því sem segir í 2. og 3. gr.

13. gr.

Kennsluáætlanir skóla samkvæmt reglum þessum skulu staðfestar af fræðslustjóra áður en til framkvæmda kemur.

Reykjavík, 23. mars 1994.

Ólafur G. Einarsson.

Guðríður Sigurðardóttir.

Nr. 229 2. maí 1994

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu á Höfn árið 1994.

1. gr.

Bæjarfélaginu Höfn er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) fyrir árið 1994.

2. gr.

Gjaldið skal lagt á hvert sorpílát sem tilheyrir íbúð eða fyrirtæki í bæjarfélaginu og skal innheimt með fasteignagjöldum.

3. gr.

Heimilt er að fella niður sorphreinsigjald hjá þeim aðilum sem sjálfir annast alla hreinsun sorpsins. Innheimta skal sorpeyðingargjald sem miðast við áætlaðan fjölda sorpíláta að mati bæjarráðs Hafnar.

4. gr.

Gjald fyrir árið 1994 er sem hér greinir:

Sorphreinsigjald	kr. 4.500
Sorpeyðingjargjald	kr. 1.500
Samtals sorphirðugjald	kr. 6.000

5. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Hafnar, er hér með staðfest samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til að gilda árið 1994.

Umhverfisráðuneytið, 2. maí 1994.

F. h. r.
Magnús Jóhannesson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

26. apríl 1994 Nr. 230

AUGLÝSING

um staðfestingu á svæðisskipulagi sveitarfélaga sunnan Skarðsheiðar.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið þann 26. apríl 1994 staðfest svæðisskipulag 1992-2012 fyrir sveitarfélögin Akranes, Innra-Akraneshrepp, Hvalfjarðarstrandarhrepp, Leirár- og Melahrepp og Skilmannahrepp.

Landnotkunaruppdráttur, vatnsverndaruppdráttur og greinargerð hafa hlotið þá meðferð, sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um, samþykki sveitarstjórna ofangreindra sveitarfélaga og skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytið, 26. apríl 1994.

Össur Skarphéðinsson.

Magnús Jóhannesson.

25. apríl 1994 Nr. 231

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Reykholts í Biskupstungum 1989-2009.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðuneytið þann 25. apríl 1994 staðfest breytingar á aðalskipulagi Reykholts í Biskupstungum 1989-2009.

Breytingin felst í því að um sjö hundruð og fimmtíu metra löng spilda norðan Biskupstungnabrautar er tekin undir flugbraut í stað túna og skógræktar.

Breyting þessi hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Biskupstungnahrepps og skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt hana til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytið, 25. apríl 1994.

Össur Skarphéðinsson.

Magnús Jóhannesson.

AUGLÝSING

um breytingu á kröfum til viðhaldsstöðva sem viðurkenndar eru til viðhalds loftfara og íhluta þeirra, sbr. auglýsingu nr. 375/1992 og auglýsingu nr. 506/1993.

Kröfurnar með áorðnum breytingum eru birtar í heild sem fylgiskjal með auglýsingu þessari og öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytið, 15. apríl 1994.

Halldór Blöndal.

Halldór S. Kristjánsson.

Fylgiskjal

Kröfur til viðurkenndra viðhaldsstöðva, JAR-145.

JAR 145.1 Almennt

(a) Loftfar, sem notað er til flutningaflugs, má því aðeins fljúga að viðhaldsstöð hafi gefið út vottorð um að viðhald hafi farið fram á loftfarinu eða hverjum þeim hlut sem ætlunin er að setja í það.

(b) Viðhaldsstöð er óheimilt að gefa út viðhaldsvottorð fyrir loftfar, sem er notað til flutningaflugs, nema hún sé annaðhvort viðurkennd samkvæmt þessum kröfum, JAR-145, eða samþykkt í samræmi við JAR 145.10 (d) eða JAR 145.10 (f). Viðhaldsstöð er óheimilt að annast viðhald slíks loftfars nema hún sé viðurkennd samkvæmt þessum kröfum, JAR 145, eða starfi undir gæðaeftirliti viðhaldsstöðvar sem er tilhlýðilega viðurkennd samkvæmt þessum kröfum, JAR-145, eða sé samþykkt í samræmi við JAR 145.10 (d) eða JAR 145.10 (f).

Aths: Ekki er krafist viðurkenningar samkvæmt þessum kröfum til fyrirflugsskoðunar.

(c) Viðhaldsstöð er óheimilt að gefa út viðhaldsvottorð fyrir íhluti sem ætlunin er að setja í loftfar, sem er notað til flutningaflugs, nema hún sé annaðhvort viðurkennd samkvæmt þessum kröfum, JAR 145, eða samþykkt í samræmi við JAR 145.10 (d) eða JAR 145.10 (f). Viðhaldsstöð er óheimilt að annast viðhald slíkra íhluta nema hún sé viðurkennd samkvæmt þessum kröfum, JAR-145, eða starfi undir gæðaeftirliti viðhaldsstöðvar sem er tilhlýðilega viðurkennd samkvæmt þessum kröfum, JAR-145, eða sé samþykkt í samræmi við JAR 145.10 (d) eða JAR 145.10 (f).

(d) Veita má viðhaldstöð viðurkenningu til að annast viðhald allt frá íhlutum til heilla loftfara.

JAR 145.5 Skilgreiningar

Þegar eftirfarandi orð og orðasambönd eru notuð í kröfum þessum hafa þau merkingu þá sem hér greinir:

Ábyrgur framkvæmdastjóri (Accountable manager) merkir þann framkvæmdastjóra sem hefur vald innan fyrirtækis til að tryggja að unnt sé að fjármagna allt viðhald sem flugrekandi þarfnast og að það geti farið fram í samræmi við þá staðla sem flugmálayfirvöld ætlast til. Ábyrgum framkvæmdastjóra er heimilt að fela starf sitt skriflega öðrum starfsmanni og verður sá einstaklingur þá ábyrgur framkvæmdastjóri að því er varðar þessar kröfur.

Breyting (Modification) merkir að loftfari eða íhlut loftfars sé breytt í samræmi við viðurkenndan staðal.

Flugmálayfirvöld (The Authorites) merkja á Íslandi Flugmálastjórn/loftferðaeftirlit og samsvarandi yfirvöld í öðrum JAA-ríkjum.

Flutningaflug (Commercial Air Transport) merkir flutninga flugleiðis á farþegum/vörum/pósti gegn gjaldi.

Fyrirflugsskoðun (Pre-flight inspection) merkir skoðun sem framkvæmd er fyrir flug til að tryggja að loftfarið sé í hæfu ástandi fyrir fyrirhugað flug. Hún felur ekki í sér lagfæringu galla.

Grannskoðun (Overhaul) merkir endurnýjun loftfars/íhlutar loftfars með skoðun og endurnýjun í samræmi við viðurkenndan staðal til þess að lengja endingartíma þess/hans.

Íhlutur (Component) er stakur hlutur sem myndar nauðsynlegan hluta einhverrar heildar eða samstæðu, s.s. rafkerfis, hreyfils o.s.frv.

Íhlutur loftfars (Aircraft component) merkir sérhvern íhlut sem er hluti loftfars, þar á meðal fullbúna hreyfla og/eða sérhvert rekstrartæki og/eða neyðarbúnað.

JAA (Joint Aviation Authorities) er skammstöfun fyrir samtök loftferðaeftirlita tilgreindra Evrópuríkja, svokallaðra JAA-ríkja, á íslensku nefnd: Samtök loftferðaeftirlita í Evrópu.

JAA-ríkin (JAA-countries) eru þessi: Austurríki, Belgía, Danmörk, Finnland, Frakkland, Grikkland, Holland, Írland, Ísland, Ítalía, Kýpur, Luxembourg, Malta, Mónakó, Noregur, Portúgal, Pólland, Slóvenía, Spánn, Stóra-Bretland, Sviss, Svíþjóð og Þýskaland.

JAR (Joint Aviation Requirements) er skammstöfun fyrir sameiginlegar kröfur JAA-ríkjanna.

Línustöð (Line station) merkir sérhvern stað á áætlunarleið flugrekanda þar sem viðhald á loftfari er framkvæmt í einhverri mynd.

Loftfar (Aircraft) merkir flugvél, þyrlu eða loftskip.

Lofthæfigögn (Airworthiness data) merkir hverjar þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að tryggja að unnt sé að viðhalda loftfari eða íhlut loftfars í þannig ástandi að lofthæfi loftfarsins sé tryggð eða rekstrartæki og neyðarbúnaður séu nothæf, eftir því sem við á.

Skoðun (Inspection) merkir athugun á loftfari/íhlut loftfars til að komast að raun um að viðurkenndum staðli hafi verið fullnægt.

Viðgerð (Repair) merkir lagfæringu loftfars/íhlut loftfars til að koma því/honum í nothæft ástand í samræmi við viðurkenndan staðal.

Viðhald (Maintenance) merkir hvert um sig eða einhverja samsetningu af grannskoðun, viðgerð, skoðun, endurnýjun, breytingu eða lagfæringu á galla á loftfari/íhlut loftfars.

Viðhaldsstöð (Organisation) merkir viðhaldsstöð sem skráð er sem lögaðili. Slík viðhaldsstöð getur stundað starfsemi í fleiri en einu aðsetri og getur haft fleiri en eina viðurkenningu samkvæmt JAR-145.

Viðhaldsvottar (Certifying staff) merkir það starfsfólk sem hefur heimild viðurkenndrar viðhaldsstöðvar til að gefa út viðhaldsvottorð fyrir loftför eða íhluti loftfara í samræmi við starfsreglur sem flugmálayfirvöld fallast á.

Viðurkennd viðhaldsstöð (Approved Maintenance Organisation) merkir viðhaldsstöð sem hefur fengið viðurkenningu flugmálayfirvalda í samræmi við kröfur þessar.

Viðurkenndur staðall (Approved standard) merkir staðal framleiðslu/hönnunar/viðhalds/gæða, sem flugmálayfirvöld hafa samþykkt.

JAR 145.10 Gildissvið

(a) Þessar kröfur kveða á um skilyrði fyrir útgáfu viðurkenninga til viðhaldsstöðva til að annast viðhald loftfara og íhluta þeirra og kveða á um almennar rekstrarreglur fyrir viðurkenndar viðhaldsstöðvar. Þegar viðurkenning hefur verið veitt nær hún til allrar viðhaldsstöðvarinnar sem ábyrgur framkvæmdastjóri veitir forstöðu.

(b) Viðhaldsstöðvum innan landamæra þeirra ríkja sem aðild eiga að JAA má veita viðurkenningu þegar þær fullnægja ákvæðum krafna þessara.

(c) Viðhaldsstöðvum utan landamæra þeirra ríkja sem tilgreind eru í málsgrein (b) má einungis veita viðurkenningu ef flugmálayfirvöld eru þess fullviss að þörf

sé á slíkri viðurkenningu til að viðhalda loftförum/íhlutum loftfara og hlutaðeigandi viðhaldsstöðvar fullnægi ákvæðum krafna þessara.

(d) Viðhaldsstöðvar utan landamæra þeirra ríkja sem tilgreind eru í málsgrein (b) verða samþykktar þegar þær starfa í samræmi við ákvæði milliríkjasamnings um viðhald milli flugmálayfirvalda JAA-ríkis og flugmálayfirvalda hlutaðeigandi ríkis, sem ekki er eitt JAA-ríkjanna, enda tryggi samningurinn öryggisstaðal sambærilegan við JAR-145 og er samþykktur af aðildarríkjum JAA.

(e) Samþykki aðildarríkja JAA fyrir sérhverjum milliríkjasamningi um viðhald er háð því að samningurinn sé í samræmi við þau ákvæði og skilyrði sem tilgreind eru í "Joint Aviation Authorities Administrative and Guidance Material, Section Two – Maintenance, Part Two – Procedures", þannig að öryggisstaðall sambærilegur við JAR-145 sé tryggður.

(f) Þrátt fyrir ákvæði málsgreinar (d) geta flugmálayfirvöld sérhvers JAA-ríkis samþykkt viðhaldsstöð utan þess svæðis sem um getur í málsgrein (b) áður en milliríkjasamningurinn um viðhald hefur verið samþykktur í samræmi við málsgrein (d), að því tilskildu að fullnægt sé öllum öðrum ákvæðum málsgreinar (d) sem og sérhverjum öðrum takmörkunum sem hlutaðeigandi flugmályfirvöld kunna að setja.

JAR 145.15 Umsóknir og útgáfa

(a) Umsókn um viðurkenningu á viðhaldsstöð eða um breytingu á áður útgefinni viðurkenningu viðhaldsstöðvar ber að fylla út á þar til gerð eyðublöð og á þann hátt sem flugmálayfirvöld mæla fyrir um. Umsóknina skal afhenda ásamt tilskildum fjölda afrita af starfsemislýsingu viðkomandi viðhaldsstöðvar eða áorðnum breytingum á henni.

(b) Umsækjandi, sem uppfyllir kröfur þessar og hefur greitt þau gjöld sem flugmálayfirvöld mæla fyrir um, á rétt á að öðlast viðurkenningu sem viðhaldsstöð samkvæmt þessum kröfum.

JAR 145.20 Gildismörk viðurkenningar

Flugmálayfirvöld staðfesta viðurkenningu með útgáfu viðurkenningarskírteinis til handa stöðinni. Viðurkenningarskírteinið tilgreinir umfang viðurkenningarinnar. Starfsemislýsing viðurkenndrar viðhaldsstöðvar samkvæmt kröfum þessum skal tilgreina það verksvið sem viðurkenningin gildir um.

JAR 145.25 Kröfur um aðstöðu

(a) Aðstaða við hæfi skal vera fyrir hendi fyrir alla áætlaða vinnu, og skal hún sérstaklega tryggja vörn gegn veðri og vindum. Sérhæfð verkstæði og vinnubásar skulu vera tilhlýðilega aðskilin til þess að tryggja að líkur á mengun umhverfis og vinnustaða verði óverulegar.

(b) Skrifstofuhúsnæði við hæfi skal vera fyrir hendi fyrir stjórnun á vinnu þeirri sem getið er um í málsgrein (a), þar á meðal sérstaklega fyrir gæðastjórnun, áætlanagerð og tæknibókhald.

(c) Vinnuumhverfi skal sniðið að þeim verkefnum sem unnin eru og sér í lagi þeim sérstöku kröfum sem farið er eftir. Vinnuumhverfið skal vera þannig úr garði gert að það hamli ekki afköstum starfsfólks nema vinnuumhverfi viðkomandi verkefnis útheimti það sérstaklega.

(d) Geymsluhúsnæði skal vera fyrir hendi undir hluti, tæki, verkfæri og efni. Geymsluskilyrði skulu vera með þeim hætti að nothæfir hlutir séu í öruggri geymslu, nothæfir og ónothæfir hlutir séu aðskildir og komið sé í veg fyrir rýrnun og skemmdir á hlutum í geymslu.

JAR 145.30 Kröfur til starfsfólks

(a) Tilnefna skal yfirmann eða hóp manna, sem flugmálayfirvöld samþykkja, og skal hann/þeir sjá svo um, auk annarra verkefna, að viðurkennd viðhaldsstöð samkvæmt kröfum þessum uppfylli þær. Er hann/þeir ábyrgur gagnvart ábyrgum framkvæmdastjóra sem skal vera samþykktur af flugmálayfirvöldum.

(b) Viðurkennd viðhaldsstöð verður að hafa í vinnu nægilegan fjölda starfsfólks til að gera áætlanir, framkvæma, hafa umsjón og eftirlit með starfseminni sem skilgreind er í viðurkenningunni.

(c) Staðfesta verður hæfni þess starfsfólks sem vinnur við viðhald í samræmi við starfsreglur og staðla sem flugmálayfirvöld fallast á.

(d) Auk þess sem kveður á um í málsgrein (c) verða viðhaldsvottar að uppfylla þær hæfnikröfur sem tilgreindar eru í E-kafla JAR 65 krafnanna og fá grunn- og framhaldsþjálfun í samræmi við áætlun sem flugmálayfirvöld fallast á. Þar til E-kafli JAR 65 krafnanna verður formlega samþykktur, skulu viðhaldsvottar, að því er varðar efni þessarar málsgreinar, uppfylla gildandi reglugerðir um skírteini í því JAA-ríki sem viðkomandi viðhaldsstöð er í.

JAR 145.35 Skrá yfir viðhaldsvotta

(a) Viðurkennd viðhaldsstöð skal halda skrá um alla starfandi viðhaldsvotta og skal hún hafa að geyma nákvæma lýsingu á umfangi heimilda þeirra.

(b) Viðhaldsvottar skulu fá í hendur vitnisburð um umfang heimilda sinna.

JAR 145.40 Tæki, verkfæri og efni

(a) Viðurkennd viðhaldsstöð skal hafa yfir að ráða nauðsynlegum tækjum, verkfærum og efnum til að framkvæma þau verk sem viðurkenningin nær til.

(b) Þar sem nauðsyn krefur skal hafa eftirlit með verkfærum, tækjum og sér í lagi prófunartækjum og stilla kvarða þeirra í samræmi við staðla, sem flugmálayfirvöld samþykkja, svo oft sem þurfa þykir til að tryggja nothæfi þeirra og nákvæmni. Viðurkennd viðhaldsstöð skal halda skrár yfir slíkar kvarðastillingar og þá staðla sem notaðir eru.

JAR 145.45 Lofthæfigögn

(a) Viðurkennd viðhaldsstöð skal hafa yfir að ráða öllum nauðsynlegum lofthæfigögnum sem kröfur JAA kveða á um, og á þar við gögn frá flugmálayfirvöldum, hönnunaraðila loftfars/íhlutar loftfars og sérhverjum öðrum viðurkenndum hönnunaraðila, eftir því sem við á, til að styðjast við í þeim verkum sem unnin eru.

Aths: Flugmálayfirvöld geta gert það að skyldu að farið skuli eftir gögnum frá annarri flugmálastjórn eða stofnun og getur krafist þess að viðurkennd viðhaldsstöð hafi slík gögn undir höndum.

(b) Í þeim tilvikum þar sem viðurkennd viðhaldsstöð útbýr sín eigin lofthæfigögn til viðbótar þeim sem tilgreind eru í málsgrein (a), verður hún að útbúa slík lofthæfigögn í samræmi við starfsreglur sem flugmálayfirvöld fallast á.

(c) Lofthæfigögnum skal stöðugt haldið í gildi og skulu þau vera aðgengileg öllum starfsmönnum sem þurfa á þeim að halda til að vinna störf sín.

JAR 145.50 Útgáfa viðhaldsvottorða

(a) Viðhaldsvottar með viðeigandi heimildir gefa út viðhaldsvottorð þegar þeir hafa fullvissað sig um að allt viðhald loftfars eða íhlutar loftfars, sem krafist er, hafi verið rétt framkvæmt af viðhaldsstöðinni í samræmi við starfsreglur sem tilgreindar eru í starfsemislýsingu hennar samkvæmt grein JAR 145.70 í kröfum þessum.

Aths: Krafist er viðhaldsvottorðs fyrir íhlut loftfars þegar lokið er viðhaldsvinnu á honum utan loftfars og annars viðhaldsvottorðs sem vottar um rétta ísetningu hans í loftfarið þegar sú ísetning fer fram.

(b) Viðhaldsvottorð verður að tilgreina aðalatriði þess viðhalds sem fram hefur farið, dagsetningu þegar viðhaldi lauk og heiti hinnar viðurkenndu viðhaldsstöðvar, tilvísun í viðurkenningarskírteini hennar svo og nöfn viðhaldsvotta sem gefa vottorðið út.

(c) Viðhaldsvottorð fyrir íhluti loftfara, sem gefin eru út fyrir 1. janúar 1994 af fyrirtækjum er ekki hafa hlotið viðurkenningu samkvæmt þessum kröfum, verða í gildi til 1. janúar 1997. Viðhaldsstöð loftfarsins, sem viðurkennd er samkvæmt þessum kröfum, verður þó að fullvissa sig um að leyfilegt sé að setja þennan tiltekna íhlut í loftfarið þegar aðrir staðlar um breytingar og/eða lofthæfifyrirmæli geta átt við.

JAR 145.55 Viðhaldsskrár

(a) Viðurkenndri viðhaldsstöð er skylt að skrá allar upplýsingar um þau verk, sem framkvæmd hafa verið, á þann hátt sem flugmálayfirvöld samþykkja.

(b) Viðurkenndri viðhaldsstöð er skylt að láta flugrekandanum í té afrit af sérhverju viðhaldsvottorði ásamt afriti af öllum lofthæfigögnum sem notuð hafa verið í tengslum við þær viðgerðir/breytingar sem fram hafa farið.

(c) Viðurkenndri viðhaldsstöð er skylt að halda eftir afriti af öllum sundurliðuðum viðhaldsskýrslum og sérhverjum viðeigandi lofthæfigögnum í tvö ár frá þeim degi er hún gaf út vottorð um loftfar eða íhlut loftfars sem unnið var við hjá umræddri viðhaldsstöð.

Aths: Þegar flugrekandi gerir samning um að viðurkennd viðhaldsstöð geymi afrit af viðhaldsvottorðum flugrekandans og öðrum viðeigandi lofthæfigögnum, skal geymslutíminn vera eins og kveður á um í 7. kafla JAR-OPS krafnanna en ekki eins og tilgreint er í JAR 145.55 (c) í kröfum þessum. Þar til JAR-OPS kröfurnar verða formlega samþykktar verður sérhver viðurkennd viðhaldsstöð að fara eftir gildandi reglugerðum þess JAA-ríkis sem viðkomandi stöð er í.

JAR 145.60 Tilkynningar um ólofthæft ásigkomulag

(a) Viðurkenndri viðhaldsstöð er skylt að tilkynna flugmálayfirvöldum og hönnunaraðila loftfars sérhvert það atriði, er hún verður áskynja og varðar ásigkomulag loftfarsins eða íhlutar loftfars, er gæti stofnað loftfarinu í alvarlega hættu.

(b) Tilkynningar skal skrá á þar til gerð eyðublöð og á þann hátt sem flugmálayfirvöld segja til um og skulu þær hafa að geyma allar upplýsingar sem máli skipta um ásigkomulagið er hin viðurkennda viðhaldsstöð hefur öðlast vitneskju um.

(c) Þegar viðurkennd viðhaldsstöð hefur gert samning um að annast viðhald fyrir flugrekanda er starfar í samræmi við JAR-OPS kröfurnar, ber henni einnig að tilkynna flugrekandanum sérhver þau atriði varðandi ásigkomulagið er áhrif hafa á loftfar hans eða íhlut þess.

(d) Tilkynningum ber að skila svo fljótt sem auðið er, en eigi síðar en þremur dögum eftir að viðurkennd viðhaldsstöð verður vör við það ásigkomulag sem tilkynningin fjallar um.

JAR 145.65 Viðhaldsreglur og gæðaeftirlit

(a) Viðurkenndri viðhaldsstöð ber að koma á viðhaldsreglum, sem flugmálayfirvöld fallast á, til að tryggja góða starfshætti í viðhaldi og að stöðin uppfylli allar viðeigandi kröfur samkvæmt kröfum þessum, þannig að unnt verði að gefa út

viðhaldsvottorð um loftför og íhluti loftfara í samræmi við grein JAR 145.50.

(b) Ennfremur skal viðurkennd viðhaldsstöð koma á óháðu gæðaeftirliti til að fylgjast með því að farið sé að viðhaldsreglum og að þær séu fullnægjandi til að tryggja góða starfshætti í viðhaldi og lofthæfi loftfara og íhluta þeirra. Í eftirliti með framkvæmd viðhaldsreglna verður að vera fólgið endurvirkt kerfi er skilar sér til þess einstaklings eða hóps sem tilgreindir eru í grein JAR 145.30 (a) og á lokastigi til ábyrgs framkvæmdastjóra, þannig að tryggt sé að leiðréttingar verði framkvæmdar eftir því sem nauðsyn krefur. Flugmálayfirvöld skulu vera samþykk þess háttar skilakerfi.

JAR 145.70 Starfsemislýsing fyrir viðhaldsstöð

(a) Viðurkenndri viðhaldsstöð ber að leggja fram starfsemislýsingu fyrir viðhaldsstöðina til afnota fyrir stöðina og skal hún hafa að geyma eftirfarandi upplýsingar:

(1) Yfirlýsingu undirritaða af ábyrgum framkvæmdastjóra þar sem staðfest er að starfsemislýsing fyrir viðhaldsstöðina og allar handbækur, er henni tengjast, skilgreini hvernig hin viðurkennda viðhaldsstöð framfylgir kröfum þessum og muni gera framvegis.

(2) Starfsheiti og nafn (nöfn) yfirmanns (yfirmanna) sem flugmálayfirvöld samþykkja í samræmi við grein JAR 145.30 (a).

(3) Skyldur og ábyrgð þess yfirmanns (yfirmanna) sem málsgrein (2) kveður á um, þar með talin málefni sem þeim er heimilt að fara með beint til flugmálayfirvalda fyrir hönd viðhaldsstöðvarinnar.

(4) Skipurit sem sýnir tengsl ábyrgðarsviða er heyra undir yfirmann (yfirmenn) sem um getur í málsgrein (2).

(5) Skrá yfir viðhaldsvotta.

(6) Almenna lýsingu á þeim mannafla sem tiltækur er.

(7) Almenna lýsingu á þeirri aðstöðu sem er fyrir hendi á sérhverjum stað sem tilgreindur er með heimilisfangi í viðurkenningarskírteini viðhaldsstöðvarinnar.

(8) Ítarlega útlistun á verksviði hinnar viðurkenndu viðhaldsstöðvar sem viðurkenningin nær til.

(9) Reglur um tilkynningar breytinga á viðurkenndri viðhaldsstöð samkvæmt grein JAR 145.85.

(10) Reglur um breytingar á starfsemislýsingu viðhaldsstöðvarinnar.

Aths: Málsgreinar (1) til (10) taka til stjórnunarþáttar starfsemislýsingar viðhaldsstöðvarinnar.

(11) Starfsreglur og gæðaeftirlitskerfi hinnar viðurkenndu viðhaldsstöðvar í samræmi við kröfur eftirtalinna greina:
JAR 145.25, JAR 145.30, JAR 145.35, JAR 145.40, JAR 145.45, JAR 145.50, JAR 145.55, JAR 145.60, JAR 145.65, JAR 145.70, JAR 145.75 og JAR 145.80.

(12) Skrá yfir þá flugrekendur sem starfa í samræmi við JAR-OPS kröfurnar og viðhaldsstöðin sér um viðhald fyrir, ef við á.

(13) Skrá um viðhaldsstöðvar sem tilgreindar eru í grein JAR 145.75 (b), ef við á.

(14) Skrá um þær línustöðvar sem tilgreindar eru í grein JAR 145.75 (d), ef við á.

(b) Samþykki flugmálayfirvalda þarf fyrir starfsemislýsingu viðurkenndrar viðhaldsstöðvar sem og fyrir öllum síðari breytingum á henni.

JAR 145.75 Réttindi viðurkenndrar viðhaldsstöðvar

Viðurkenndri viðhaldsstöð er einungis heimilt að framkvæma eftirfarandi verk sem heimiluð eru í starfsemislýsingu hennar og eru í samræmi við hana.

(a) Viðhalda sérhverju loftfari eða íhlut loftfars, sem hún er viðurkennd til að annast viðhald á, á þeim stöðum sem tilgreindir eru í viðurkenningarskírteininu.

(b) Láta fara fram viðhald á loftfari eða íhlut loftfars sem hún er viðurkennd til að annast viðhald á, hjá annarri viðhaldsstöð sem er undir gæðaeftirliti viðurkenndu viðhaldsstöðvarinnar. Þessar viðhaldsstöðvar skulu vera skráðar í starfsemislýsingu hinnar viðurkenndu viðhaldsstöðvar.

(c) Viðhalda sérhverju loftfari, sem hún er viðurkennd til að annast viðhald á, hvar sem það er statt þegar þörf reynist á því viðhaldi og það stafar annaðhvort af því að loftfarið er ónothæft eða nauðsynlegt er að styrkja tilfallandi línuviðhald, að því tilskildu að slíkt sé skilgreint á fullnægjandi hátt fyrir hlutaðeigandi flugmálayfirvöldum og innifalið í starfsemislýsingu viðurkenndu viðhaldsstöðvarinnar.

(d) Viðhalda sérhverju loftfari, sem hún er viðurkennd til að annast viðhald á, á stað sem skilgreindur er sem línustöð, þar sem unnt er að framkvæma minniháttar viðhald, en þó því aðeins að slík starfsemi sé heimiluð í starfsemislýsingu hinnar viðurkenndu viðhaldsstöðvar og stöðin sé þar skráð.

(e) Gefa út viðhaldsvottorð vegna viðhalds sem greinar (a) til (d) ná til þegar viðhaldi er lokið samkvæmt grein JAR 145.50.

JAR 145.80 Takmarkanir á starfsemi viðurkenndrar viðhaldsstöðvar

Viðurkenndri viðhaldsstöð er einungis heimilt að viðhalda loftfari eða íhlut loftfars sem hún er viðurkennd til að annast viðhald á, þegar öll nauðsynleg aðstaða, tæki, verkfæri, efni, viðurkennd tæknigögn og viðhaldsvottar eru fyrir hendi.

JAR 145.85 Breytingar á viðurkenndri viðhaldsstöð

(a) Viðurkenndri viðhaldsstöð ber að tilkynna flugmálayfirvöldum sérhverja eftirtalinna breytinga svo fljótt sem kostur er, þannig að flugmálayfirvöldum sé kleift að ákvarða hvort áfram sé farið eftir kröfum þessum og breyta viðurkenningarskírteininu ef þess gerist þörf. Þetta gildir um:

(1) Nafn stöðvarinnar.

(2) Aðsetur stöðvarinnar.

(3) Viðbótaraðsetur stöðvarinnar.

(4) Ábyrgan framkvæmdastjóra.

(5) Sérhvern yfirmann sem tilgreindur er í grein JAR 145.30 a).

(6) Aðstöðu, tæki, verkfæri, efni, starfsreglur, verksvið og viðhaldsvotta sem gætu haft áhrif á viðurkenninguna.

(b) Flugmálayfirvöld geta ákveðið með hvaða skilyrðum viðurkenndri viðhaldsstöð er heimilt að starfa meðan slíkar breytingar standa yfir nema þau ákveði að viðurkenningin skuli felld tímabundið úr gildi.

JAR 145.90 Áframhaldandi gildi viðurkenningar

Hafi viðurkenningu ekki verið afsalað, önnur komið í hennar stað, hún verið tímabundið felld niður, numin úr gildi eða er útrunnin vegna þess að komið er fram yfir einhvern gildistíma sem tilgreindur er í viðurkenningarskírteininu, þá heldur viðurkenning áfram gildi sínu sé eftirfarandi atriðum fullnægt:

(a) Hin viðurkennda viðhaldsstöð fullnægi áfram ákvæðum krafna þessara og

(b) flugmálayfirvöldum sé heimill aðgangur að hinni viðurkenndu viðhaldsstöð til að ganga úr skugga um að hún fullnægi enn kröfum þessum og

(c) öll gjöld til flugmálayfirvalda séu í skilum.

JAR 145.95 Sambærilegt öryggi

Flugmálayfirvöld geta veitt viðurkenndri viðhaldsstöð undanþágu frá einstökum ákvæðum krafna þessara, séu þau sannfærð um nauðsyn þess, og geta bundið slíka undanþágu viðbótarskilyrðum sem þau telja nauðsynleg til að tryggja sambærilegt öryggi hverju sinni.

Nr. 233 20. apríl 1994

AUGLÝSING

um staðfestingu á legu Fljótsdalslínu I, vestari hluta frá Akureyri að Veggjafelli.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19/1964 hefur ráðuneytið þann 20. apríl 1994 staðfest legu Fljótsdalslínu I frá Akureyri að Veggjafelli.

Uppdráttur fyrir legu háspennulínunnar hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19, 21. maí 1964 mæla fyrir um. Uppdráttinn hefur skipulagsstjórn ríkisins afgreitt til staðfestingar ráðherra.

Umhverfisráðuneytið, 20. apríl 1994.

Össur Skarphéðinsson.

Ingimar Sigurðsson.

Nr. 234 27. apríl 1994

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 277, 14. júní 1991, fyrir Fiskveiðasjóð Íslands með síðari breytingum.

1. gr.

A-liður 4. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

„Lán vegna nýsmíða, endurbóta, véla- og tækjakaupa og vegna notaðra skipa sem keypt eru erlendis mega hæst vera 65% af kostnaðarverði. Þó mega lán vegna meiriháttar endurbóta á fiskiskipum innanlands hæst vera 70% af kostnaðarverði. Hámarkstími skal vera allt að 18 ár.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytið, 27. apríl 1994.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Hellu, Rangárvallahreppi 1977-1998.

Samkvæmt ósk hreppsnefndar Rangárvallahrepps hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 13. apríl 1994 staðfest breytingu á aðalskipulagi Hellu 1977-1998 frá 2. febrúar 1980, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytingin felst í gerð tveggja hringtorga á Suðurlandsvegi við Þrúðvang og Langasand. Auk þess verður aðkomuvegur að skeiðvelli tengdur inn á hringtorgið við Langasand. Milli hringtorganna verða tvær innkomur að verslunar- og þjónustukjarnanum. Miðlína Suðurlandsvegar færist suður um 8-35 metra.

Breytingin hefur verið auglýst sérstaklega og staðfest sem deiliskipulag.

Umhverfisráðuneytið, 25. apríl 1994.

F. h. r.
Magnús Jóhannesson.

Ingimar Sigurðsson.

25. apríl 1994 Nr. 236

AUGLÝSING

um staðfestingu á deiliskipulagi miðbæjar Hellu, Rangárvallahreppi.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðherra þann 24. apríl 1994 staðfest deiliskipulag fyrir miðbæ Hellu, Rangárvallahreppi.

Uppdráttur þessi og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og samþykki hreppsnefndar Rangárvallahrepps. Skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt deiliskipulagið til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytið, 25. apríl 1994.

Össur Skarphéðinsson.

Magnús Jóhannesson.

25. apríl 1994 Nr. 237

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Flúða, Hrunamannahreppi 1992-2012.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið þann 25. apríl 1994 staðfest aðalskipulag Flúða, Hrunamannahreppi 1992-2012.

Uppdráttur og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um, samþykki sveitarstjórnar Hrunamannahrepps og skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Jafnframt er aðalskipulagsuppdráttur fyrir Flúðir, Hrunamannahreppi, sem staðfestur var 26. júní 1984, felldur úr gildi.

Umhverfisráðuneytið, 25. apríl 1994.

Össur Skarphéðinsson.

Hrafn Hallgrímsson.

REGLUR

um garðaúðun.

1. gr.

Þeir einir mega í atvinnuskyni stunda úðun garða í einkaeign eða almenningseign með efnum eða efnasamsetningum í hættuflokkum X, A, B eða C, sbr. 4. gr. reglugerðar nr. 50/1984 með síðari breytingum, um notkun eiturefna og hættulegra efna í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra, sem til þess hafa leyfi Hollustuverndar ríkisins. Skulu þeir ávallt bera á sér leyfisskírteini við störf sín og framvísa þeim, þegar þess er óskað.

Hollustuvernd gefur út leyfisskírteini fyrir garðaúðun, sbr. fylgiskjal II, og tilkynnir Vinnueftirliti ríkisins, heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga og lögreglustjóra eða sýslumanni árlega miðað við 15. maí, nöfn, kennitölu og heimilisföng leyfishafa.

Leyfi má einungis veita þeim er fullnægja skilyrðum um menntun til að mega kaupa og nota efni og efnasamsetningar í X og A- hættuflokkum, sbr. ákvæði reglugerðar nr. 50/1984 um notkun eiturefna og hættulegra efna í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra, sbr. einnig ákvæði reglugerðar nr. 39/1984 um útgáfu og afgreiðslu eiturbeiðna og annarra tilsvarandi leyfa.

Skilgreiningar.

2. gr.

Með garðaúðun er átt við úðun trjáa og runnagróðurs gegn skordýrum.

Með úðunarefni og garðaúðunarefni er átt við eiturefni, hættuleg efni eða önnur efni sem notuð eru til að úða tré og runna gegn skordýrum.

Tækjabúnaður.

3. gr.

Einungis er heimilt að nota tækjabúnað sem Vinnueftirlit ríkisins hefur viðurkennt.

Flutningur garðaúðunarefna.

4. gr.

Þegar garðaúðunarefni er flutt á úðunarstað eða á milli staða í tanki og í magni, er nemur 1 ltr. eða meiru af óþynntri lausn eða 25 ltr. eða meiru af þynntri úðunarlausn, skal eftirtöldum skilyrðum fullnægt:

a. Tankur skal tryggilega festur á flutningstæki.
b. Óþynnt úðunarefni, ásamt áhöldum, er notuð eru við þynningu, skulu varðveitt í læstum skáp, sem festur er á vel vörðum stað á eða í flutningstæki. Lok tanks skulu vera þétt og það sterk, að tankur þoli að velta á hliðina án þess að úr honum leki.
c. Þétt skilrúm skal vera milli tanks og stjórnhúss flutningstækis.
d. Flutningstæki það sem flytur tankinn skal þannig merkt, að greinilega megi sjá að það flytji garðaúðunarefni. Skulu orðin „Varúð - Garðaúðun" standa utan á bifreiðinni með greinilegu letri.

Varnaðarmiðar.

5. gr.

Áður en úðunin hefst skulu settir upp varnaðarmiðar, sbr. fylgiskjal I, á áberandi stöðum við alla innganga og stíga á því svæði er úða skal. Miðarnir skulu festir vandlega og letur þeirra skal vera þess eðlis, að regn eyðileggi ekki lesmál þeirra á meðan garðurinn er lokaður umferð. Eftirfarandi skal koma fram á varnaðarmiðum:

1. Yfirskrift með stóru letri, er segir „Varúð - Garðaúðun".
2. Verslunarheiti þess efnis, er notað er og heiti virkra efna, er það inniheldur.
3. Nafn móteiturs ef þekkt.
4. Hversu lengi garðurinn skuli lokaður allri annarri umferð en bráðnauðsynlegri.
5. Tímasetning og dagsetning úðunar.
6. Setningin: Ekki skal neyta matjurta sem úði hefur borist á fyrr en 14 dögum eftir garðaúðun.
7. Nafn, heimilisfang og sími þess aðila, er framkvæmir úðunina.

Stærð varnaðarmiðans skal vera minnst 14,8 x 10,5 cm (A6), hvítur eða ljós grunnur með rauðum bókstöfum. Stærð bókstafa skal vera þannig, að auðvelt sé að lesa það sem á miðanum stendur.

Hlífðarbúnaður.

6. gr.

Um klæðnað, sem notaður er við blöndun og úðun efna og skolun tækja, fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og nánari fyrirmælum Vinnueftirlits ríkisins.

Framkvæmd garðaúðunar.

7. gr.

Áður en garðaúðun er framkvæmd skal leyfishafi meta þörfina fyrir úðun. Telji hann ekki þörf á úðun eða einungis þörf á úðun einstakra trjáa og runna, ber honum að upplýsa garðeiganda um það.

Áður en úðun hefst skal meta hættuna á því, að úðinn berist annað, en honum er ætlað. Gluggar skulu vera lokaðir og þvottur má ekki vera á snúrum. Barnavagna og laus leikföng skal setja á óhulta staði. Taka skal fullt tillit til nágrannagarða og umferðar fólks um gangstéttir. Einungis skal úða, þegar veður er nægilega kyrrt til þess að tryggt sé, að sem minnstur úði berist út fyrir garðinn. Sérstaklega skal gætt að því að úðinn falli ekki á matjurtir eða leiktæki barna.

Um blöndun úðunarefnisins skal fara eftir þeim fyrirmælum, er fram koma á leiðbeiningum umbúða. Óheimilt er að nota sterkari blöndu, en þar er mælt fyrir um. Gæta skal þess að blanda ekki meira magn af úðunarefni en þörf er á.

Sjá skal til þess að engir óviðkomandi komist í námunda við úðunarbúnaðinn og garðinn, meðan á úðun stendur.

Að afloknu dagsverki skal ganga tryggilega frá tækjum og úðunarefnum. Skulu þau geymd í læstu geymsluhúsnæði þegar þau eru ekki í notkun. Ef ekki er unnt að geyma tækjabúnaðinn innandyra, skal ganga þannig frá tækjabúnaði að óviðkomandi geti ekki komist í snertingu við úðunarefni.

Geymsla úðunarefna.

8. gr.

Óblönduð úðunarefni skal geyma í læstum skáp eða læstu hólfi í geymsluherbergi, fjarri mat- og fóðurvörum. Skal geymslustaður vera greinilega auðkenndur með viðeigandi varnarorðum „Varúð", „Eitur" o.s.frv. sbr. 8. gr. reglugerðar nr. 50/1984 með síðari breytingum, um notkun eiturefna og hættulegra efna í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra.

Vanræksla í þessu efni varðar missi réttinda til þess að mega stunda garðaúðun og réttinda til að kaupa og nota efni og efnasamsetningar í X og A-hættuflokkum.

Vinnueftirlit ríksins hefur eftirlit með geymslum og tækjabúnaði þeirra sem heimild hafa til garðaúðunar.

Förgun íláta og losun úðunarefna.

9. gr.

Bannað er að endurnota tæmd ílát. Skola skal tæmd ílát og skolvatnið notað til þynningar í úðunarblönduna. Tómum ílátum, óþynntum og þynntum úðunarefnum skal fargað í samræmi við upplýsingar á umbúðum eða í samræmi við ákvæði í mengunarvarnareglugerð nr. 48/1994. Skoluðum ílátum undan úðunarefnum í hættuflokkum B og C má farga með venjulegum úrgangi. Ílátum undan eiturefnum í hættuflokkum X og A og leifum af slíkum efnum skal fargað sem spilliefnum í samræmi við ákvæði mengunarvarnareglugerðar.

Bannað er að hella úðunarvökva, óþynntum eða þynntum í niðurföll, ár, vötn eða sjó.

Eftirlit.

10. gr.

Heilbrigðisnefndir, undir yfirumsjón Hollustuverndar ríkisins, hafa eftirlit með framkvæmd þessara reglna að öðru leyti en því sem fellur undir lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og því sem Vinnueftirliti ríkisins er falið sérstakalega samkvæmt reglum þessum.

Viðurlög.

11. gr.

Um mál, er rísa kunna út af brotum á reglum þessum fer að hætti opinberra mála. Um refsingar fer samkvæmt 26. gr. laga nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni.

Gildistaka.

12. gr.

Reglur þessar, sem settar eru að fengnum tillögum Hollustuverndar ríkisins, með stoð í 16. gr. laga nr. 52/1988, með síðari breytingum, um eiturefni og hættuleg efni sbr. og 4. gr. reglugerðar nr. 50/1984, með síðari breytingum, um notkun eiturefna og hættulegra efna í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra, öðlast þegar gildi. Frá sama tíma falla úr gildi reglur um sama efni nr. 222/1984 með síðari breytingum.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 4. maí 1994.

Guðmundur Árni Stefánsson.

Dögg Pálsdóttir.

Fylgiskjal I: Dæmi um varnaðarmiða

Varúð - Garðaúðun

Úðunarefni: **Ambush**
Virk efni: **Permethrin** (250 g/l)
Mótefni: Ekki þekkt

Garðurinn skal vera lokaður allri
annarri umferð en bráðnauðsynlegri
24 tíma eftir að úðun fór fram

Úðun fór fram; *10. júní 1994, kl. 18.00*

Ekki skal neyta matjurta sem úði hefur
borist á fyrr en 14 dögum eftir úðun

Garðaúðun Jónasar
Jónas Jónsson
Víðilundi 22, 116 Reykjavík
Sími 688561

Fylgiskjal II: Tillaga að skírteini fyrir leyfi til að stunda garðaúðun

Garðaúðun
Leyfisskírteini

Nafn .....

.....

Kennitala .....

Heimili .....

.....

.....

Sveitarfélag .....

Skírteini þetta veitir **leyfishafa** heimild til þess að stunda garðaúðun í atvinnuskyni, sbr. reglur nr. 238/1994 um garðaúðun.

Leyfisskírteini fyrst gefið út:

.....

Leyfisskírteini gildir til:

.....

Leyfishafi skal ávallt bera skírteini þetta á sér við störf sín og framvísa persónuskilríkjum sé þess óskað.

Fylgiskjal III: Tillaga að umsóknareyðublaði fyrir leyfi til að stunda garðaúðun

Umsókn um leyfisskírteini fyrir garðaúðun

Hér með sæki ég undirrituð/aður um leyfi til þess að stunda garðaúðun, sbr. reglugerð nr. 50/1984 um notkun eiturefna og hættulegra efna í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra, svo og reglur nr. 238/1994 um garðaúðun.

Nafn: ..... Kennitala .....-.....

Heimili: .....

.....

Sveitarfélag: .....

Atvinna/stöðuheiti: .....

Heimasími/vinnusími: .....

Sótt um leyfi í fyrsta sinn: ☐ Endurnýjun: ☐

Menntun umsækjanda til þess að nota eiturefni: Þegar sótt er um í fyrsta sinn, skal senda afrit af prófskírteini eða námskeiðsskírteini.

Námskeið / skóli: .....

Hvenær lokið: .....

Staður og dags.: .....

Undirskrift umsækjanda .....

Til Hollustuverndar ríkisins
Ármúla 1a
Pósthólf 8080
128 Reykjavík

STJÓRNARTÍÐINDI B 33 - 1994

2. maí 1994 673 Nr. 239

AUGLÝSING

um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á sameiningu Nauteyrarhrepps og Hólmavíkurhrepps.

Á grundvelli 2. mgr. 5. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 hefur félagsmálaráðuneytið ákveðið að sameina Nauteyrarhrepp í Norður-Ísafjarðarsýslu og Hólmavíkurhrepp í Strandasýslu í eitt sveitarfélag.

Ákvörðun þessi er í samræmi við tillögur nefndar, sem skipuð var samkvæmt 107. gr. sveitarstjórnarlaga.

Vegna sameiningar þessarar hefur ráðuneytið ákveðið eftirfarandi:

1. Nafn hins nýja sveitarfélags verður Hólmavíkurhreppur.
2. Hólmavíkurhreppur hinn nýi skal taka yfir allt það land sem nú tilheyrir Nauteyrarhreppi og Hólmavíkurhreppi.
3. Íbúar Nauteyrarhrepps og Hólmavíkurhrepps skulu vera þegnar hins nýja Hólmavíkurhrepps.
4. Eignir, skuldir, réttindi og skyldur sem tilheyra hvoru sveitarfélagi, Nauteyrarhreppi og Hólmavíkurhreppi, skulu falla til hins nýja sveitarfélags.
5. Skjöl og bókhaldsgögn Nauteyrarhrepps skulu afhent Hólmavíkurhreppi til varðveislu.
6. Kosning sveitarstjórnar hins nýja sveitarfélags skal fara fram sama dag og reglulegar sveitarstjórnarkosningar, þ.e. laugardaginn 28. maí 1994, sbr. 13. gr. sveitarstjórnarlaga.
7. Kosningin skal vera bundin hlutfallskosning, sbr. 1. mgr. 15. gr. sveitarstjórnarlaga.
8. Kjósa skal fimm fulltrúa í sveitarstjórn hins nýja sveitarfélags, sbr. 1. mgr. 11. gr. sveitarstjórnarlaga.
9. Kjörstjórnir þær sem kosnar voru í upphafi yfirstandandi kjörtímabils samkvæmt 23. gr. sveitarstjórnarlaga skulu vera undirkjörstjórnir við kosningarnar. Hreppsnefndirnar skulu koma sér saman um kosningu 3ja aðalmanna og jafnmargra til vara í yfirkjörstjórn og verði ráðuneytinu tilkynnt um kosninguna að henni lokinni.
10. Sameiningin skal taka gildi 11. júní 1994.

Félagsmálaráðuneytið, 2. maí 1994.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Sesselja Árnadóttir.

B 48

Steindórsprent Gutenberg hf.

AUGLÝSING

um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á sameiningu Snæfjallahrepps og Ísafjarðarkaupstaðar.

Á grundvelli 2. mgr. 5. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 hefur félagsmálaráðuneytið ákveðið að sameina Snæfjallahrepp í Norður-Ísafjarðarsýslu og Ísafjarðarkaupstað í eitt sveitarfélag.

Ákvörðun þessi er í samræmi við tillögur nefndar, sem skipuð var samkvæmt 107. gr. sveitarstjórnarlaga.

Vegna sameiningar þessarar hefur ráðuneytið ákveðið eftirfarandi:

1. Nafn hins nýja sveitarfélags verður Ísafjarðarkaupstaður.
2. Ísafjarðarkaupstaður hinn nýi skal taka yfir allt það land sem nú tilheyrir Snæfjallahreppi og Ísafjarðarkaupstað.
3. Íbúar Snæfjallahrepps og Ísafjarðarkaupstaðar skulu vera þegnar hins nýja Ísafjarðarkaupstaðar.
4. Eignir, skuldir, réttindi og skyldur sem tilheyra hvoru sveitarfélagi, Snæfjallahreppi og Ísafjarðarkaupstað, skulu falla til hins nýja sveitarfélags.
5. Skjöl og bókhaldsgögn Snæfjallahrepps skulu afhent Ísafjarðakaupstað til varðveislu.
6. Kosning sveitarstjórnar hins nýja sveitarfélags skal fara fram sama dag og reglulegar sveitarstjórnarkosningar, þ.e. laugardaginn 28. maí 1994, sbr. 13. gr. sveitarstjórnarlaga.
7. Kosningin skal vera bundin hlutfallskosning, sbr. 1. mgr. 15. gr. sveitarstjórnarlaga.
8. Kjósa skal níu fulltrúa í sveitarstjórn hins nýja sveitarfélags, sbr. 1. mgr. 11. gr. sveitarstjórnarlaga.
9. Kjörstjórnir þær sem kosnar voru í upphafi yfirstandandi kjörtímabils samkvæmt 23. gr. sveitarstjórnarlaga skulu vera undirkjörstjórnir við kosningarnar. Hreppsnefndin og bæjarstjórnin skulu koma sér saman um kosningu 3ja aðalmanna og jafnmargra til vara í yfirkjörstjórn og verði ráðuneytinu tilkynnt um kosninguna að henni lokinni.
10. Sameiningin skal taka gildi 11. júní 1994.

Félagsmálaráðuneytið, 6. maí 1994.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Sesselja Árnadóttir.

REGLUGERÐ

um bann við togveiðum á Litlabanka.

1. gr.

Frá og með 13. maí 1994 eru allar veiðar með fiskibotn- og flotvörpu bannaðar á svæði suðvestur af landinu, sem markast af línu, sem dregin er milli eftirfarandi punkta:

1. 62°53'N – 24°44'V
2. 62°50'N – 24°38'V
3. 62°43'N – 24°50'V
4. 62°45'N – 24°55'V

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 11. maí 1994.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

Stjórnartíðindi B 33, nr. 239-241. Útgáfudagur 11. maí 1994.

STJÓRNARTÍÐINDI B 34 – 1994

Nr. 242 676 13. maí 1994

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um gerð og búnað ökutækja, nr. 411 11. október 1993.

1. gr.

3. gr. breytist þannig:

a. Liður 03.10 (1), 3. efnismgr., orðist svo:
Hemlar: Staðfesting eða vottorð frá framleiðanda viðkomandi bifreiðar eða óháðum rannsóknaraðila um að hún standist kröfur um hemla skv. EBE tilskipun nr. 71/320 með áorðnum breytingum, síðast með tilskipun nr. 88/194, eða öðrum sambærilegum reglum og nánari ákvæðum í 6. gr.

b. Liður 03.10 (1), 5. efnismgr., orðist svo:
Hljóðstyrkur: Staðfesting eða vottorð frá framleiðanda viðkomandi bifreiðar eða óháðum rannsóknaraðila um að hún standist kröfur um takmörkun hljóðstyrks skv. EBE tilskipun nr. 70/157 með áorðnum breytingum, síðast með tilskipun nr. 89/491, eða öðrum sambærilegum reglum. Einnig skal tilgreina tölulegar niðurstöður hljóðstyrksmælingar samkvæmt kyrrstöðumælingu.

c. Liður 03.10 (2) orðist svo:
Með bifreið sem skráð hefur verið erlendis, í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins, annarri en um getur í liðum 03.02 (4) eða 03.02 (5), skal framvísa staðfestingu eða vottorði um að hún uppfylli ákvæði skv. 18. gr. um takmörkun mengandi efna í útblæstri.

d. Upphaf liðar 03.11 (1) orðist svo:
Með umsókn um gerðarviðurkenningu fólksbifreiðar skulu fylgja eftirfarandi gögn á grunni EBE tilskipunar nr. 70/156 með áorðnum breytingum, síðast með tilskipun nr. 87/403:

e. Upphaf liðar 03.13 (1) orðist svo:
Með umsókn um gerðarviðurkenningu sendibifreiðar skulu fylgja eftirfarandi gögn á grunni EBE tilskipunar nr. 70/156 með áorðnum breytingum, síðast með tilskipun nr. 87/403:

f. Liður 03.22, 2. efnismgr., orðist svo:
Hljóðstyrkur: Staðfesting eða vottorð frá framleiðanda viðkomandi bifhjóls eða óháðum rannsóknaraðila um að það standist kröfur sem gerðar eru um takmörkun hljóðstyrks skv. EBE tilskipun nr. 78/1015 með áorðnum breytingum, síðast með tilskipun nr. 89/235, eða öðrum sambærilegum reglum. Einnig skal tilgreina tölulegar niðurstöður hljóðstyrksmælingar samkvæmt kyrrstöðumælingu.

Steindórsprent Gutenberg hf.

g. Upphaf liðar 03.30 (1) orðist svo:
Með umsókn um gerðarviðurkenningu dráttarvélar skulu fylgja eftirfarandi gögn á grunni EBE tilskipunar nr. 74/150 með áorðnum breytingum, síðast með tilskipun nr. 88/297:

h. Liður 03.30 (1), 1. efnismgr., orðist svo:
Hemlar: Staðfesting eða vottorð frá framleiðanda viðkomandi dráttarvélar eða óháðum rannsóknaraðila um að hún standist kröfur um hemla skv. EBE tilskipun nr. 76/432 með breytingu í tilskipun nr. 82/890 eða öðrum sambærilegum reglum.

i. Liður 03.30 (1), 2. efnismgr., orðist svo:
Hljóðmerki: Staðfesting eða vottorð frá framleiðanda viðkomandi dráttarvélar eða óháðum rannsóknaraðila um að hún standist kröfur um hljóðmerki skv. EBE tilskipun nr. 74/151 með breytingu í tilskipun nr. 88/410 eða öðrum sambærilegum reglum.

j. Nýr liður, 03.50 (1), orðist svo:
(1) Með umsókn um gerðarviðurkenningu eftirvagns með leyfða heildarþyngd 3500 kg eða minna skulu fylgja eftirfarandi gögn á grunni EBE tilskipunar nr. 70/156 með áorðnum breytingum, síðast með tilskipun nr. 87/403:

2. gr.

4. gr. breytist þannig:

a. Nýr liður, 04.10, orðist svo:
04.10 Bifreið.
(1) Flötur fyrir aftanvert skráningarmerki bifreiðar telst vera fullnægjandi ef hann uppfyllir ákvæði EBE tilskipunar nr. 70/222.

(2) Ef skilti með varanlega skráðu verksmiðjunúmeri bifreiðar og öðrum ökutækisbundnum upplýsingum er fest við bifreiðina telst það hafa fullnægjandi upplýsingar til þess að greina bifreiðina ef það er í samræmi við ákvæði EBE tilskipunar nr. 76/114 með breytingum í tilskipun nr. 78/507.

b. Nýr liður, 04.30, orðist svo:
04.30 Dráttarvél.
(1) Flötur fyrir skráningarmerki dráttarvélar telst vera fullnægjandi ef hann uppfyllir viðkomandi ákvæði EBE tilskipunar nr. 74/151 með breytingum í tilskipunum nr. 82/890 og 88/410.

(2) Ef skilti með varanlega skráðu verksmiðjunúmeri dráttarvélar og öðrum ökutækisbundnum upplýsingum er fest við dráttarvélina telst það hafa fullnægjandi upplýsingar til þess að greina dráttarvélina ef það er í samræmi við ákvæði EBE tilskipunar nr. 89/173.

c. Nýr liður, 04.50 (2), orðist svo:
(2) Flötur fyrir skráningarmerki eftirvagns telst vera fullnægjandi ef hann uppfyllir ákvæði EBE tilskipunar nr. 70/222.

d. Nýr liður, 04.50 (3), orðist svo:
(3) Ef skilti með varanlega skráðu verksmiðjunúmeri eftirvagns og öðrum ökutækis-

bundnum upplýsingum er fest við erftirvagninn telst það hafa fullnægjandi upplýsingar til þess að greina eftirvagninn ef það er í samræmi við ákvæði EBE tilskipunar nr. 76/114 með breytingu í tilskipun nr. 78/507.

3. gr.

5. gr. breytist þannig:

a. Nýr liður, 05.10 (8), orðist svo:

(8) Stýrisbúnaður bifreiðar og virkni hans telst vera fullnægjandi ef viðkomandi ákvæði EBE tilskipunar nr. 70/311 eru uppfyllt.

b. Nýr liður, 05.30 (3), orðist svo:

(3) Stýrisbúnaður dráttarvélar og virkni hans telst vera fullnægjandi ef ákvæði EBE tilskipunar nr. 75/321 með breytingum í tilskipunum nr. 82/890 og 88/411 eru uppfyllt.

c. Nýr liður, 05.30 (4), orðist svo:

(4) Þyngdarklossar til þess að fergja framás dráttarvélar, þannig að unnt sé að stýra ökutækinu á öruggan hátt, skulu uppfylla viðkomandi ákvæði EBE tilskipunar nr. 74/151 með breytingum í tilskipunum nr. 82/890 og 88/410 eða sambærilegar reglur.

d. Nýr liður, 05.50 (3), orðist svo:

(3) Stýrisbúnaður eftirvagns og virkni hans telst vera fullnægjandi ef viðkomandi ákvæði EBE tilskipunar nr. 70/311 eru uppfyllt.

4. gr.

6. gr. breytist þannig:

a. Nýr liður, 06.10 (18), orðist svo:

(18) Hemlabúnaður bifreiðar og virkni hans telst vera fullnægjandi ef viðkomandi ákvæði EBE tilskipunar nr. 71/320 með áorðnum breytingum, síðast með tilskipun nr. 88/194, eru uppfyllt.

b. Nýr liður, 06.30 (9), orðist svo:

(9) Hemlabúnaður dráttarvélar og virkni hans telst vera fullnægjandi ef ákvæði EBE tilskipunar nr. 76/432 með breytingum í tilskipun nr. 82/890 eru uppfyllt.

c. Nýr liður, 06.30 (10), orðist svo:

(10) Stjórnbúnaður til hemlunar eftirvagns dráttarvélar og hemlunarlagnir milli dráttarvélar og eftirvagns telst vera fullnægjandi ef viðkomandi ákvæði EBE tilskipunar nr. 89/173 eru uppfyllt.

d. Liður 06.50 (16) orðist svo:
Hemlabúnaður eftirvagns og virkni hans telst vera fullnægjandi ef viðkomandi ákvæði EBE tilskipunar nr. 71/320 með áorðnum breytingum, síðast með tilskipun nr. 88/194, eru uppfyllt.

e. Núverandi liður 06.50 (16) verði: 06.50 (17).

5. gr.

7. gr. breytist þannig:

a. Liður 07.00 (3) falli niður.

b. Liður 07.10 (3) orðist svo:
Aðalljósker og perur í þau skulu vera viðurkennd og e-merkt í samræmi við EBE tilskipun nr. 76/761 með breytingu í tilskipun nr. 89/517, E-merkt í samræmi við ECE reg. nr. 1.01 og 37.03 eða DOT-merkt í samræmi við FMVSS staðal nr. 571.108.

c. Liður 07.10 (4) orðist svo:
Þokuljósker skulu vera viðurkennd og e-merkt í samræmi við EBE tilskipun nr. 76/762, E-merkt í samræmi við ECE reg. nr. 19.02 eða DOT-merkt í samræmi við FMVSS staðal nr. 571.108.
Perur í þokuljósker skulu vera viðurkenndar og E-merktar í samræmi við ECE reg. nr. 37.03 eða DOT-merktar í samræmi við FMVSS staðal nr. 571.108.

d. Núverandi liðir 07.10 (4), (5) og (6) verði: 07.10 (5), (6) og (7).

e. Nýr liður, 07.10 (8), orðist svo:
(8) Glitaugu bifreiðar skulu vera viðurkennd og e-merkt í samræmi við EBE tilskipun nr. 76/757, E-merkt í samræmi við ECE reg. nr. 3.02 eða DOT-merkt í samræmi við FMVSS staðal nr. 571.108.

f. Nýr liður, 07.10 (9), orðist svo:
(9) Staðsetning ljósabúnaðar og glitaugna bifreiðar telst vera fullnægjandi ef viðkomandi ákvæði EBE tilskipunar nr. 76/756 með áorðnum breytingum, síðast með tilskipun nr. 89/278, eru uppfyllt.
Virkni og gerð ljóskera bifreiðar telst vera fullnægjandi ef ákvæði EBE tilskipunar nr. 76/758 með breytingum í tilskipun nr. 89/516, EBE tilskipunar nr. 76/759 með breytingum í tilskipun nr. 89/277, EBE tilskipunar nr. 76/760, EBE tilskipunar nr. 77/538 með breytingum í tilskipun nr. 89/518, EBE tilskipunar nr. 77/539 og EBE tilskipunar nr. 77/540 eru uppfyllt.

g. Núverandi liðir 07.22 (5) og (6) verði: 07.20 (5) og (6).

h. Nýr liður, 07.30 (8), orðist svo:
(8) Glitaugu dráttarvélar skulu vera viðurkennd og e-merkt í samræmi við EBE tilskipun nr. 79/532 með breytingum í tilskipun nr. 82/890, E-merkt í samræmi við ECE reg. nr. 3.02 eða DOT-merkt í samræmi við FMVSS staðal nr. 571.108.

i. Nýr liður, 07.30 (9), orðist svo:
(9) Staðsetning ljósabúnaðar og glitaugna dráttarvélar telst vera fullnægjandi ef viðkomandi ákvæði EBE tilskipunar nr. 78/933 með breytingum í tilskipun nr. 82/890 eru uppfyllt.
Virkni og gerð ljóskera dráttarvélar telst vera fullnægjandi ef ákvæði EBE tilskipunar nr. 79/532 með breytingum í tilskipun nr. 82/890 eru uppfyllt.

j. Liður 07.50 (6) orðist svo:
Glitaugu eftirvagns skulu vera viðurkennd og e-merkt í samræmi við EBE tilskipun nr. 76/757, E-merkt í samræmi við ECE reg. nr. 3.02 eða DOT-merkt í samræmi við FMVSS staðal nr. 571.108.

k. Nýr liður, 07.50 (8), orðist svo:
(8) Staðsetning ljósabúnaðar og glitaugna eftirvagns telst vera fullnægjandi ef viðkomandi ákvæði EBE tilskipunar nr. 76/756 með áorðnum breytingum, síðast með tilskipun nr. 89/278, eru uppfyllt.
Virkni og gerð ljóskera eftirvagns telst vera fullnægjandi ef ákvæði EBE tilskipunar nr. 76/758 með breytingum í tilskipun nr. 89/516, EBE tilskipunar nr. 76/759 með breytingum í tilskipun nr. 89/277, EBE tilskipunar nr. 76/760, EBE tilskipunar nr. 77/538 með breytingum í tilskipun nr. 89/518, og EBE tilskipunar nr. 77/539 eru uppfyllt.

l. Núverandi liðir 07.50 (6) og (7) verði: 07.50 (7) og (9).

6. gr.

8. gr. breytist þannig:
a. Nýr liður, 08.10 (2), orðist svo:
(2) Styrkur sæta og sætisfestinga telst vera fullnægjandi ef ákvæði EBE tilskipunar nr. 74/408 með breytingum í tilskipun nr. 81/557 eru uppfyllt.

b. Nýr liður, 08.10 (3), orðist svo:
(3) Merkingar á stjórnbúnaði og gaumljósum bifreiðar teljast vera fullnægjandi ef þær uppfylla ákvæði EBE tilskipunar nr. 78/316.

c. Nýr liður, 08.30 (2), orðist svo:
(2) Gerð ökumannssætis dráttarvélar telst vera fullnægjandi ef ákvæði EBE tilskipunar nr. 78/764 með áorðnum breytingum, síðast með tilskipun nr. 88/465, eru uppfyllt.

d. Nýr liður, 08.30 (3), orðist svo:
(3) Staðsetning, festing og gerð farþegasæta dráttarvélar telst vera fullnægjandi ef ákvæði EBE tilskipunar nr. 76/763 með breytingum í tilskipun nr. 82/890 eru uppfyllt.

e. Nýr liður, 08.30 (4), orðist svo:
(4) Fyrirkomulag, staðsetning, virkni og merkingar á stjórnbúnaði dráttarvélar telst vera fullnægjandi ef ákvæði EBE tilskipunar nr. 86/415 eru uppfyllt.

f. Nýr liður, 08.30 (5), orðist svo:
(5) Athafnarými ökumanns dráttarvélar telst vera fullnægjandi ef viðkomandi ákvæði EBE tilskipunar nr. 80/720 með breytingum í tilskipunum nr. 82/890 og 88/414 eru uppfyllt.

7. gr.

9. gr. breytist þannig:
a. Liður 09.10 (7) orðist svo:
Baksýnisspeglar bifreiðar og speglunarsvið þeirra með tilliti til staðsetningar telst

vera fullnægjandi ef viðkomandi ákvæði EBE tilskipunar nr. 71/127 með áorðnum breytingum, síðast með tilskipun nr. 88/321, eru uppfyllt.

b. Núverandi liður 09.10 (7) verði: 09.10 (8).

c. Nýr liður, 09.11 (3), orðist svo:

(3) Sjónsvið ökumanns fólksbifreiðar telst vera fullnægjandi ef það uppfyllir ákvæði EBE tilskipunar nr. 77/649 með breytingum í tilskipunum nr. 81/643 og 88/366.

d. Nýr liður, 09.11 (4), orðist svo:

(4) Búnaður til þess að fjarlægja móðu og hrím af rúðum fólksbifreiðar telst vera fullnægjandi ef hann uppfyllir ákvæði EBE tilskipunar nr. 78/317.

e. Nýr liður, 09.11 (5), orðist svo:

(5) Búnaður til þess að hreinsa framrúðu fólksbifreiðar telst vera fullnægjandi ef hann uppfyllir ákvæði EBE tilskipunar nr. 78/318.

f. Liður 09.20 (3) orðist svo:
Baksýnisspeglar á bifhjóli og speglunarsvið þeirra með tilliti til staðsetningar telst vera fullnægjandi ef ákvæði EBE tilskipunar nr. 80/780 með breytingum í tilskipun nr. 80/1272 eru uppfyllt. Baksýnisspegill á bifhjóli skal vera viðurkenndur skv. sömu EBE tilskipunum eða sambærilegum reglum og e-, E- eða DOT-merktur.

g. Nýr liður, 09.30 (5) orðist svo:

(5) Styrkur og eiginleikar glers í framrúðu og öðrum rúðum dráttarvélar telst vera fullnægjandi ef ákvæði EBE tilskipunar nr. 89/173 eru uppfyllt.

h. Nýr liður, 09.30 (6), orðist svo:

(6) Virkni rúðuþurrka og sjónsvið ökumanns dráttarvélar telst vera fullnægjandi ef það uppfyllir ákvæði EBE tilskipunar nr. 74/347 með breytingum í tilskipunum nr. 79/1073 og 82/890.

i. Nýr liður, 09.30 (7), orðist svo:

(7) Baksýnisspeglar dráttarvélar og speglunarsvið þeirra með tilliti til staðsetningar telst vera fullnægjandi ef ákvæði EBE tilskipunar nr. 74/346 með breytingum í tilskipun nr. 82/890 eru uppfyllt.

8. gr.

10. gr. breytist þannig:

a. Nýr liður, 10.11, orðist svo:

10.11 Fólksbifreið.

(1) Búnaður til hitunar og loftræstingar fólksrýmis fólksbifreiðar telst vera fullnægjandi ef hann uppfyllir ákvæði EBE tilskipunar nr. 78/548.

9. gr.

11. gr. breytist þannig:

a. Nýr liður, 11.11, orðist svo:

11.11 Fólksbifreið.

(1) Dyrabúnaður fólksbifreiðar telst vera fullnægjandi ef hann uppfyllir ákvæði EBE tilskipunar nr. 70/387.

b. Nýr liður, 11.13, orðist svo:

11.13 Sendibifreið.

(1) Dyrabúnaður sendibifreiðar telst vera fullnægjandi ef hann uppfyllir ákvæði EBE tilskipunar nr. 70/387.

c. Nýr liður, 11.14, orðist svo:

11.14 Vörubifreið.

(1) Dyrabúnaður vörubifreiðar telst vera fullnægjandi ef hann uppfyllir ákvæði EBE tilskipunar nr. 70/387.

d. Nýr liður, 11.30 (2), orðist svo:

(2) Aðgangur að ökumannssæti, dyr, gluggar og neyðarútgangar dráttarvélar telst vera fullnægjandi ef ákvæði EBE tilskipunar nr. 80/720 með breytingum í tilskipunum nr. 82/890 og 88/414 eru uppfyllt.

e. Nýr liður, 11.50 (2), orðist svo:

(2) Dyrabúnaður eftirvagns telst vera fullnægjandi ef hann uppfyllir ákvæði EBE tilskipunar nr. 70/387.

10. gr.

12. gr. breytist þannig:

a. Nýr liður, 12.10 (3), orðist svo:

(3) Búnaður bifreiðar til aksturs aftur á bak og búnaður til mælingar á ökuhraða bifreiðar telst vera fullnægjandi ef hann uppfyllir ákvæði EBE tilskipunar nr. 75/443.

b. Nýr liður, 12.30 (3), orðist svo:

(3) Búnaður dráttarvélar til aksturs aftur á bak telst vera fullnægjandi ef hann uppfyllir viðkomandi ákvæði EBE tilskipunar nr. 79/533 með breytingu í tilskipun nr. 82/890.

c. Nýr liður, 12.30 (4), orðist svo:

(4) Ef dráttarvél hefur búnað til takmörkunar á snúningshraða hreyfils telst hann vera fullnægjandi ef hann er í samræmi við viðkomandi ákvæði EBE tilskipunar nr. 89/173.

d. Nýr liður, 12.30 (5), orðist svo:

(5) Gerð aflúrtaka á dráttarvél og hlífar yfir þeim teljast vera fullnægjandi ef ákvæði EBE tilskipunar nr. 86/297 eru uppfyllt.

e. Nýr liður, 12.30 (6), orðist svo:

(6) Gerð og fyrirkomulag hlífa yfir hreyfli og drifbúnaði dráttarvélar telst vera fullnægjandi ef viðkomandi ákvæði EBE tilskipunar nr. 89/173 eru uppfyllt.

f. Nýr liður, 12.30 (7), orðist svo:

(7) Þegar hönnunarbundinn hámarkshraði dráttarvélar er mældur telst mælingaraðferðin vera fullnægjandi ef hún er í samræmi við viðkomandi ákvæði EBE tilskipunar nr. 74/152 með breytingum í tilskipunum nr. 82/890 og 88/412.

11. gr.

13. gr. breytist þannig:

a. Nýr liður, 13.10, orðist svo:

13.10 Bifreið.

(1) Búnaður bifreiðar til hljóðmerkisgjafar telst vera fullnægjandi ef hann uppfyllir ákvæði EBE tilskipunar nr. 70/388.

b. Nýr liður, 13.30, orðist svo:

13.30 Dráttarvél.

(1) Búnaður dráttarvélar til hljóðmerkisgjafar telst vera fullnægjandi ef hann uppfyllir viðkomandi ákvæði EBE tilskipunar nr. 74/151 með breytingum í tilskipunum nr. 82/890 og 88/410.

12. gr.

14. gr. breytist þannig:

a. Liður 14.00 (1) orðist svo:

Skilgreiningar:

Burðarvirki:
Grind eða sjálfberandi yfirbygging eða sambland af þessu.

Dráttarbúnaður:
Búnaður á ökutæki sem festa má í dráttartaug eða dráttarstöng á tryggilegan hátt.

b. Nýr liður, 14.10, orðist svo:

14.10 Bifreið.

(1) Á bifreið framanverðri skal vera dráttarbúnaður.

(2) Dráttarbúnaður bifreiðar telst vera fullnægjandi ef hann uppfyllir ákvæði EBE tilskipunar nr. 77/389.

c. Nýr liður, 14.11, orðist svo:

14.11 Fólksbifreið.

(1) Á aftanverðri fólksbifreið skal vera dráttarbúnaður.

d. Nýr liður, 14.30, orðist svo:

14.30 Dráttarvél.

(1) Framanvert á dráttarvél á hjólum skal vera dráttarbúnaður með gegnumgangandi bolta.

(2) Dráttarbúnaður dráttarvélar telst vera fullnægjandi ef hann uppfyllir viðkomandi ákvæði EBE tilskipunar nr. 79/533 með breytingu í tilskipun nr. 82/890.

13. gr.

17. gr. breytist þannig:

a. Nýr liður, 17.11 (3), orðist svo:

(3) Skermun hjóla fólksbifreiðar telst vera fullnægjandi ef ákvæði EBE tilskipunar nr. 78/549 eru uppfyllt.

b. Nýr liður, 17.30 (5), orðist svo:

(5) Skermun hjóla dráttarvélar telst vera fullnægjandi ef viðkomandi ákvæði EBE tilskipunar nr. 89/173 eru uppfyllt.

14. gr.

18. gr. breytist þannig:

a. Liður 18.10 (2) orðist svo:
Afl hreyfils skal vera a.m.k. 6 kW fyrir hvert tonn af leyfðri heildarþyngd bifreiðar án eftirvagns, en a.m.k. 5 kW fyrir bifreið með eftirvagn, skv. ákvæðum um mælingaraðferð í EBE tilskipunum nr. 80/1269 með breytingum í tilskipun nr. 88/195 og 89/491.

b. Liður 18.10 (6) orðist svo:
Eldsneytisgeymar og eldsneytisleiðslur skulu vera úr seigu og endingargóðu efni sem stenst tæringu, áhrif hita og kulda og þolir það eldsneyti sem notað er. Eldsneytisgeymir skal vera úr óeldfimu efni eða uppfylla ákvæði um prófun í EBE tilskipun nr. 70/221 með breytingum í tilskipunum nr. 79/490 og 81/333.

c. Á eftir 2. mgr. c-liðar í lið 18.10 (9), á eftir töflu, komi ný mgr., sem verði 3. mgr., og orðist svo:
Takmörkun á sótmengun í útblæstri bifreiðar sem búin er dísilhreyfli telst vera fullnægjandi ef ákvæði EBE tilskipunar nr. 72/306 með breytingum í tilskipun nr. 89/491 eru uppfyllt.

d. Nýr liður, 18.10 (12), orðist svo:

(12) Búnaður til þess að hindra að óviðkomandi geti ekið bifreið telst vera fullnægjandi ef hann uppfyllir ákvæði EBE tilskipunar nr. 74/61.

e. Nýr liður, 18.10 (13), orðist svo:

(13) Þegar eldsneytiseyðsla bifreiðar er mæld telst mælingaraðferðin vera fullnægjandi ef hún er í samræmi við ákvæði EBE tilskipunar nr. 80/1268 með breytingum í tilskipun nr. 89/491.

f. Nýr liður, 18.10 (14), orðist svo:

(14) Hljóðdeyfibúnaður fyrir útblástur frá hreyfli bifreiðar telst vera fullnægjandi ef ákvæði EBE tilskipunar nr. 70/157 með áorðnum breytingum, síðast með tilskipun nr. 89/491, eru uppfyllt. Takmörkun hljóðstyrks frá bifreið telst vera fullnægjandi ef viðkomandi ákvæði sömu tilskipana eru uppfyllt.

g. Nýr liður, 18.10 (15), orðist svo:

(15) Ef bifreið með dísilhreyfli uppfyllir ekki viðkomandi ákvæði um takmörkun mengandi efna í útblæstri skv. EBE tilskipun nr. 70/220 með áorðnum breytingum, síðast með tilskipun nr. 91/441, skal dísilhreyfill bifreiðarinnar uppfylla ákvæði um takmörkun mengandi efna í útblæstri skv. EBE tilskipun nr. 88/77 með breytingum í tilskipun nr. 91/542 eða sambærilegar reglur.

h. Liður 18.12 (9), 2. mgr. liðar 18.13 (2) og liður 18.14 (3) falli niður.

i. Nýr liður, 18.22 (3), orðist svo:

(3) Hljóðdeyfibúnaður fyrir útblástur frá hreyfli þungs bifhjóls telst vera fullnægjandi ef ákvæði EBE tilskipunar nr. 78/1015 með breytingum í tilskipunum nr. 87/56 og 89/235 eru uppfyllt. Takmörkun hljóðstyrks frá þungu bifhjóli telst vera fullnægjandi ef viðkomandi ákvæði sömu tilskipana eru uppfyllt.

j. Liður 18.30 (3) orðist svo:
Dísilhreyfill dráttarvélar á hjólum skal uppfylla ákvæði um takmörkun mengandi efna í útblæstri skv. EBE tilskipun nr. 77/537 með breytingum í tilskipun nr. 82/890 eða aðrar sambærilegar reglur.

k. Nýr liður, 18.30 (4), orðist svo:
(4) Styrkur og fyrirkomulag eldsneytisgeyma dráttarvélar telst vera fullnægjandi ef viðkomandi ákvæði EBE tilskipunar nr. 74/151 með breytingum í tilskipunum nr. 82/890 og 88/410 eru uppfyllt.

l. Nýr liður, 18.30 (5), orðist svo:
(5) Hljóðdeyfibúnaður fyrir útblástur frá hreyfli dráttarvélar telst vera fullnægjandi ef viðkomandi ákvæði EBE tilskipunar nr. 74/151 með breytingum í tilskipunum nr. 82/890 og 88/410 eru uppfyllt. Takmörkun hljóðstyrks frá dráttarvél telst vera fullnægjandi ef viðkomandi ákvæði sömu tilskipana eru uppfyllt.

15. gr.

19. gr. breytist þannig:
a. Nýr liður, 19.10 (5), orðist svo:
(5) Takmörkun rafsegultruflana frá bifreið sem búin er hreyfli með rafkveikju telst vera fullnægjandi ef ákvæði EBE tilskipunar nr. 72/245 með breytingum í tilskipun nr. 89/491 eru uppfyllt.

b. Nýr liður, 19.30 (2), orðist svo:
(2) Takmörkun rafsegultruflana frá dráttarvél sem búin er hreyfli með rafkveikju telst vera fullnægjandi ef ákvæði EBE tilskipunar nr. 75/322 með breytingum í tilskipun nr. 82/890 eru uppfyllt.

16. gr.

21. gr. breytist þannig:
a. Nýr liður, 21.30 (3), orðist svo:
(3) Styrkur, staðsetning og gerð tengibúnaðar dráttarvélar telst vera fullnægjandi ef viðkomandi ákvæði EBE tilskipunar nr. 89/173 eru uppfyllt.

17. gr.

22. gr. breytist þannig:
a. Liður 22.11 orðist svo:
Fólksbifreið.
(1) Heimilt er að fólksbifreið, sérbúin til íbúðar, uppfylli aðeins ákvæði stafliðar b í lið 22.10 (1).

(2) Áferð innréttingar í fólksrými fólksbifreiðar, að undanþegnum baksýnisspegli, stjórnbúnaði, þaklúgu, sætisbökum og afturhluta sæta, telst vera fullnægjandi ef ákvæði EBE tilskipunar nr. 74/60 með breytingum í tilskipun nr. 78/632 eru uppfyllt.

(3) Ákvæði um takmörkun útstæðra hluta á ytri hluta yfirbyggingar, að tengikúlu og útispeglum undanþegnum, teljast vera fullnægjandi ef ákvæði EBE tilskipunar nr. 74/483 með breytingum í tilskipun nr. 79/488 eru uppfyllt.

b. Liður 22.30 (2) orðist svo:
Hús eða veltigrind á dráttarvél á hjólum með lágmarkssporvídd drifáss 1150 mm eða meira skal uppfylla ákvæði EBE tilskipunar nr. 77/536 með breytingum í tilskipun nr. 89/680 og EBE tilskipunar nr. 79/622 með breytingum í tilskipunum nr. 82/953 og 88/413 eða sambærileg ákvæði.
Hús eða veltigrind á dráttarvél á hjólum með lágmarkssporvídd drifáss minni en 1150 mm skal uppfylla ákvæði EBE tilskipunar nr. 86/298 með breytingum í tilskipun nr. 89/682 og EBE tilskipunar nr. 87/402 með breytingum í tilskipun nr. 89/681 eða sambærileg ákvæði.

c. Nýr liður, 22.30 (3), orðist svo:
(3) Ökumannshús skal þannig búið innanvert að komist verði hjá óþarfa hávaða frá hreyfli og aflrás dráttarvélar.

d. Nýr liður, 22.30 (4), orðist svo:
(4) Takmörkun hljóðstyrks í eyrnahæð ökumanns dráttarvélar telst vera fullnægjandi ef ákvæði EBE tilskipunar nr. 77/311 með breytingum í tilskipun nr. 82/890 eru uppfyllt.

e. Nýr liður, 22.30 (5), orðist svo:
(5) Staðsetning og fyrirkomulag palls fyrir farm dráttarvélar telst vera fullnægjandi ef viðkomandi ákvæði EBE tilskipunar nr. 74/152 með breytingum í tilskipunum nr. 82/890 og 88/412 eru uppfyllt.

f. Nýr liður, 22.30 (6), orðist svo:
(6) Fyrirkomulag hlífa yfir útstæðum hlutum á dráttarvél telst vera fullnægjandi ef viðkomandi ákvæði EBE tilskipunar nr. 89/173 eru uppfyllt.

18. gr.

23. gr. breytist þannig:

a. Liður 23.10 (1) orðist svo:
Gerð og festingar afturvarnar á bifreið telst vera fullnægjandi ef ákvæði EBE tilskipunar nr. 70/221 með breytingum í tilskipunum nr. 79/490 og 81/333 eru uppfyllt.

b. Liður 23.14 (3) orðist svo:
Ef vörubifreið er búin hliðarvörn skal hún vera skv. lið 23.02 eða uppfylla ákvæði EBE tilskipunar nr. 89/297.

c. Liður 23.50 (1) orðist svo:
Gerð og festingar afturvarnar á eftirvagni telst vera fullnægjandi ef ákvæði EBE tilskipunar nr. 70/221 með breytingum í tilskipunum nr. 79/490 og 81/333 eru uppfyllt.

d. Liður 23.50 (2) orðist svo:
Frambrún hliðarvarnar má ekki vera aftar en sem nemur:
- 250 mm aftar en framhlið yfirbyggingar á hengivagni
- 500 mm aftan við framhjól á tengivagni
- 2700 mm aftan við tengipinna festivagns, en þó ekki lengra en 250 mm aftan við þverplan miðra stoðfóta.

e. Nýr liður, 23.52, orðist svo:
23.52 Eftirvagn II.
(1) Eftirvagn II skal búinn afturvörn.

(2) Ef eftirvagn II er búinn hliðarvörn skal hún vera skv. lið 23.02 eða uppfylla ákvæði EBE tilskipunar nr. 89/297.

19. gr.

24. gr. breytist þannig:
a. Liður 24.10 (2) orðist svo:
Öryggisbelti og tengdur búnaður skal vera viðurkenndur skv. EBE tilskipun nr. 77/541 með áorðnum breytingum, síðast með tilskipun nr. 90/628, ECE reg. nr. 16.04 eða FMVSS staðli nr. 209. Einnig skal beltið vera e-, E- eða DOT-merkt og merkt framleiðanda.

b. Nýr liður, 24.10 (5), orðist svo:
(5) Festur fyrir öryggisbelti teljast vera fullnægjandi ef ákvæði EBE tilskipunar nr. 76/115 með breytingum í tilskipunum nr. 81/575 og 82/318 eru uppfyllt.

c. Nýr liður, 24.11 (3), orðist svo:
(3) Styrkur og frágangur höfuðpúða telst vera fullnægjandi ef ákvæði EBE tilskipunar nr. 78/932 eru uppfyllt.

20. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt umferðarlögum, nr. 50 30. mars 1987, svo og með hliðsjón af I. og II. kafla II. viðauka EES samningsins, öðlast þegar gildi.

EB gerðir sem vísað er til eru birtar í sérritunum EES-gerðir S4 og S5, sbr. auglýsingu nr. 31/1993 í C-deild Stjórnartíðinda.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 13. maí 1994.

F. h. r.

Ólafur W. Stefánsson.

Guðni Karlsson.

REGLUGERÐ

um bann við öllum togveiðum á Selvogsbanka

1. gr.

Frá og með 18. maí 1994 eru allar veiðar með fiskibotn- og humarvörpu bannaðar á svæði á Selvogsbanka sem markast af eftirtöldum punktum:

1. 63°33'N - 22°00'V
2. 63°30'N - 21°30'V
3. 63°20'N - 20°52'V
4. 63°12'N - 20°52'V
5. 63°16'N - 21°30'V
6. 63°21'N - 21°30'V
7. 63°25'N - 22°00'V

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 17. maí 1994.

F. h. r.

Árni Kolbeinsson.

Jón B. Jónasson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 35 - 1994

25. mars 1994 689 Nr. 244

REGLUGERÐ

um staðfestingu starfsleyfa nokkurra heilbrigðisstétta o.fl. skv. ákvæðum EES-samningsins.

Gildissvið.

1. gr.

Reglugerð þessi gildir um staðfestingu heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra á starfsleyfum:

1. lækna,
2. hjúkrunarfræðinga,
3. ljósmæðra,
4. lyfjafræðinga,
5. tannlækna,
6. heilbrigðisstétta o.fl. sem hafa lokið a.m.k. þriggja ára námi á háskólastigi,
7. heilbrigðisstétta, sem falla undir ákvæði Norðurlandasamningsins.

Gerðir þær sem EES-samningurinn vísar til varðandi staðfestingu starfsleyfa heilbrigðisstétta skv. 1. málsgr. skulu birtar sem fylgiskjöl með reglugerð þessari.

Orðskýringar.

2. gr.

Í reglugerð þessari merkja orðin og orðasamböndin:

1. *EES-samningurinn:* Samningurinn milli Evrópusambandsins og EFTA-ríkjanna, sem undirritaður var 2. maí 1992 og gekk í gildi 1. janúar 1994.
2. *EES-land:* Land sem er aðili að EES-samningnum. Löndin eru Ísland, Austurríki, Belgía, Danmörk, Finnland, Frakkland, Grikkland, Holland, Írland, Ítalía, Lichtenstein, Lúxemborg, Noregur, Portúgal, Spánn, Stóra-Bretland, Svíþjóð og Þýskaland.
3. *EES-ríkisborgari:* Ríkisborgari í EES-landi.
4. *Norðurlandasamningurinn:* Samningur milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um sameiginlegan norrænan vinnumarkað fyrir ákveðnar heilbrigðisstéttir og dýralækna, sem undirritaður var 14. júní 1993 og gekk í gildi 1. janúar 1994.
5. *Vottorð:* Prófskírteini, vottorð og annar vitnisburður um formlega menntun og hæfi.

Staðfesting almenns lækningaleyfis.

3. gr.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra gefur út, skv. umsókn, staðfestingu almenns lækningaleyfis til EES-ríkisborgara sem hefur lokið læknanámi í öðru EES-landi og sem uppfyllir skilyrði staðfestingar skv. Norðurlandasamningnum eða 3. gr. tilskipunar 75/362/EBE sbr. 1. gr. tilskipunar 75/363/EBE.

Staðfesting sérfræðingsleyfis læknis.

4. gr.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra gefur út, skv. umsókn, staðfestingu sérfræðingsleyfis læknis til EES-ríkisborgara sem hefur lokið sérfræðinámi í öðru EES-landi.

Steindórsprent Gutenberg hf.

Skilyrði staðfestingar sérfræðingsleyfis eru:

1. að læknirinn hafi íslenskt lækningaleyfi eða fengið íslenska staðfestingu almenns lækningaleyfis,
2. að læknirinn leggi fram vottorð um sérfræðinám skv. Norðurlandasamningnum eða 5. og 7. gr. tilskipunar 75/362/EBE sbr. 2.-5. gr. og 8. gr. tilskipunar 75/363/EBE,
3. ef læknirinn er ríkisborgari í Lúxemborg að hann leggi fram sambærilegt vottorð um sérfræðinám frá þriðja landi enda sé sérfræðinámið viðurkennt af til þess bærum yfirvöldum í Lúxemborg og
4. að sérgreinin sé viðurkennd sem sérgrein á Íslandi.

Staðfesting tannlæknaleyfis.

5. gr.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra gefur út, skv. umsókn, staðfestingu tannlæknaleyfis til EES-ríkisborgara sem hefur lokið tannlæknanámi í öðru EES-landi og sem uppfyllir skilyrði staðfestingar skv. Norðurlandasamningnum eða 3. gr. tilskipunar 78/686/EBE sbr. 1. gr. tilskipunar 78/687/EBE.

Staðfesting sérfræðingsleyfis tannlæknis.

6. gr.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra gefur út, skv. umsókn, staðfestingu sérfræðingsleyfis tannlæknis til EES-ríkisborgara sem hefur lokið sérfræðinámi í öðru EES-landi. Skilyrði staðfestingar sérfræðingsleyfis eru:

1. að tannlæknirinn hafi fengið íslenska staðfestingu almenns tannlækningaleyfis,
2. að tannlæknirinn leggi fram vottorð um sérfræðinám skv. Norðurlandasamningnum eða 5. gr. tilskipunar 78/686/EBE sbr. 2.-4. gr. tilskipunar 78/687/EBE og
3. að sérgreinin sé viðurkennd sem sérgrein á Íslandi.

Staðfesting hjúkrunarleyfis.

7. gr.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra gefur út, skv. umsókn, staðfestingu hjúkrunarleyfis til EES-ríkisborgara sem hefur lokið hjúkrunarnámi í öðru EES-landi og sem uppfyllir skilyrði staðfestingar skv. Norðurlandasamningnum eða 3. gr. tilskipunar 77/452/EBE sbr. 1. gr. tilskipunar 77/453/EBE.

Staðfesting ljósmæðraleyfis.

8. gr.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra gefur út, skv. umsókn, staðfestingu ljósmóðurleyfis til EES-ríkisborgara sem hefur lokið ljósmæðranámi í öðru EES-landi og sem uppfyllir skilyrði staðfestingar skv. Norðurlandasamningnum eða 3. gr. tilskipunar 80/154/EBE sbr. 1. gr. tilskipunar 80/155/EBE.

Staðfesting lyfjafræðingsleyfis.

9. gr.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra gefur út, skv. umsókn, staðfestingu lyfjafræðingsleyfis:

1. til EES-ríkisborgara sem hefur lokið lyfjafræðingsnámi í öðru EES-landi og sem uppfyllir skilyrði staðfestingar skv. Norðurlandasamningnum eða 4. gr. tilskipunar 85/433/EBE sbr. 2. gr. tilskipunar 85/432/EBE eða
2. til ríkisborgara í Lúxemborg ef hlutaðeigandi leggur fram samsvarandi vottorð og um getur í 1. tl. frá þriðja landi enda sé menntunin viðurkennd af til þess bærum yfirvöldum í Lúxemborg.

Staðfesting leyfa nokkurra heilbrigðisstétta o.fl. sem hafa lokið a.m.k. þriggja ára námi á háskólastigi.

10. gr.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra gefur út staðfestingu á leyfum:

1. félagsráðgjafa,
2. heilbrigðisfulltrúa,
3. hnykkja,
4. iðjuþjálfa,
5. matvælafræðinga,
6. meinatækna,
7. náttúrufræðinga í heilbrigðisþjónustu,
8. næringarfræðinga,
9. næringarráðgjafa,
10. röntgentækna,
11. sjúkraþjálfara,
12. talmeinafræðinga,
13. tryggingastærðfræðinga eða
14. heilbrigðisstétta sem falla undir Norðurlandasamninginn,

frá öðru EES-landi, skv. umsókn EES-ríkisborgara, enda uppfylli umsóknin skilyrði 2. málsgr. þessarar greinar.

Skilyrði staðfestingar leyfis eru:

1. að umsækjandi leggi fram vottorð frá EES-landi sem uppfyllir skilyrði Norðurlandasamningsins eða í tilskipun 89/48/EBE eða
2. að umsækjandi hafi a.m.k. þriggja ára starfsreynslu staðfesta af EES-landi sem hefur viðurkennt vottorð gefið út í þriðja landi.

11. gr.

EES-ríkisborgari sem hefur starfað í starfsgrein sem nefnd er í 10. gr. í a.m.k. tvö ár á síðustu 10 árum í EES-landi sem hefur ekki sett reglur um starfsgreinina, á skv. umsókn rétt á starfsleyfi á Íslandi enda uppfylli menntunin a.ö.l. skilyrði tilskipunar 89/48/EBE, sbr. og 10. gr.

12. gr.

Nú er námið sem sótt er um viðurkenningu á skv. 10. gr. a.m.k. einu ári skemmra en námstíminn á Íslandi í viðkomandi starfsgrein og má þá krefjast þess að umsækjandinn leggi fram vottorð um starfsreynslu sem sé tvisvar sinnum sá tími sem vantar upp á lengd námstímans. Ef sá tími sem upp á vantar er tími í starfsnámi má krefjast starfsreynslu sem er sambærileg því sem upp á vantar með námstímann.

Taka skal tillit til starfsreynslu sem nefnd er í 11. gr. Aldrei má krefjast lengri starfsreynslu en í fjögur ár.

13. gr.

Nú er menntunin sem sótt er um viðurkenningu á skv. 10. gr. að innihaldi verulega frábrugðin námi í viðkomandi starfsgrein á Íslandi og má þá krefjast þess að umsækjandinn starfi til reynslu undir handleiðslu í hámark þrjú ár eða að hann fari í hæfnispróf sbr. 1. málsgr. 4. gr. tilskipunar 89/48/EBE.

Umsækjandinn getur valið milli starfs til reynslu og hæfnisprófs sé ekki annað ákveðið.

14. gr.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra getur:

1. sett nánari reglur um reynslutíma og hæfnispróf sbr. 3. og 4. gr. tilskipunar 89/48/EBE,
2. ákveðið að fleiri starfsstéttir en þær sem tilgreindar eru í 10. gr. falli undir ákvæði 10. - 14. gr. reglugerðarinnar.

Almenn ákvæði.

15. gr.

Umsækjandi um staðfestingu leyfa skv. 3., 5. eða 7. - 9. gr. sem uppfyllir ekki skilyrði þau sem tilgreind eru í umræddum greinum getur engu að síður fengið staðfestingu leyfis ef vottorð þau sem hann leggur fram:

1. eru gefin út í öðru EES-landi fyrir gildistöku umræddra tilskipana eða varða menntun sem hófst fyrir þann tíma og
2. sýna að hann hafi í raun og með löglegum hætti starfað í starfsgreininni í a.m.k. þrjú ár á síðustu fimm árum fyrir útgáfu vottorðsins.

Hjúkrunarfræðingar, sem 1. málsgr. á við um, skulu í vottorði skv. 2. tölulið 1. málsgr. sanna að þær hafi í þennan tíma borið ábyrgð á undirbúningi, skipulagi og framkvæmd umönnunar sjúklinga.

16. gr.

Læknir, tannlæknir, hjúkrunarfræðingur eða ljósmóðir sem uppfylla skilyrði staðfestingar leyfis skv. 3. - 8. gr. eða 15. gr. og sem í heimalandi sínu eða síðasta dvalarlandi starfa innan starfsgreinarinnar mega ef sérstaklega stendur á taka að sér tímabundið verkefni á Íslandi innan starfsgreinarinnar án íslenskrar staðfestingar á leyfinu.

Áður en hlutaðeigandi hefur störf á Íslandi í samræmi við ákvæði 1. málsgr. skal hann tilkynna heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu hvaða tímabil hann hyggst starfa á landinu og sanna að hann uppfylli skilyrði 1. málsgr.

Nú krefst sjúklingur tafarlausrar meðferðar áður en hlutaðeigandi hefur tilkynnt heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu um að hann hafi hafið störf og skal hann þá án tafar eftir að meðferð er lokið tilkynna um hana.

17. gr.

Umsókn um staðfestingu leyfa skv. 3. - 10. eða 15. gr. skal senda heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu. Umsókn skal fylgja:

1. sönnun ríkisfangs í EES-landi og
2. frumrit eða staðfest afrit vottorða sem leggja þarf fram.

Með staðfestu afriti er átt við að samræmi milli frumrits og afrits sé staðfest af:

1. íslensku sendiráði eða ræðismannsskrifstofu eða
2. yfirvaldi í heimalandi umsækjanda eða
3. sendiráði eða ræðismannsskrifstofu þess lands sem prófið var tekið í eða
4. yfirvaldi á Íslandi.

18. gr.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið skal svo fljótt sem unnt er og eigi síðar en innan þriggja mánaða frá móttöku umsóknar taka ákvörðun um umsókn staðfestingar skv. 3. - 10. eða 15. gr. Ef krefja þarf umsækjanda um viðbótarvottorð vegna umsóknar eða ef fyrir hendi eru aðrar sérstakar ástæður lengist þessi tími.

19. gr.

Eigi má staðfesta leyfi skv. 3. - 10. eða 15. gr. ef fyrir hendi eru ástæður sem myndu valda því að umsækjandi yrði sviptur starfsleyfi, hefði hann það.

20. gr.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið skal gefa umsækjanda um staðfestingu skv. 3. -10. eða 15. gr. upplýsingar um íslenskar lagareglur um starfið og möguleika á að afla sér nauðsynlegrar íslenskukunnáttu vegna starfsins.

21. gr.

Samkvæmt kröfu heilbrigðisyfirvalda í öðru EES-landi skal heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, innan þriggja mánaða, gefa þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til sönnunar útgefnu íslensku leyfi til heilbrigðisstéttar.

Svipting staðfestingar leyfis.

22. gr.

Einstakling, sem fengið hefur staðfestingu leyfis skv. 3.-10. eða 15. gr., má svipta þeirri staðfestingu ef hann hefur í starfi sínu á Íslandi:

1. verið dæmdur fyrir brot í starfi,
2. fengið áminningar fyrir brot í starfi,
3. verið sviptur því leyfi sem var staðfest eða
4. verið sviptur heimild til að skrifa lyfseðla.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið skal tilkynna til þess bærum yfirvöldum í því landi sem hlutaðeigandi hafði leyfi í um sviptingu staðfestingarinnar og ástæður hennar.

23. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 1. - 5. gr. laga nr. 116/1993 um breytingar á lagaákvæðum á sviði heilbrigðis- og tryggingamála vegna aðildar að samningi um Evrópskt efnahagssvæði og 4. gr. laga um viðurkenningu á menntun og prófskírteinum nr. 83/1993, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 25. mars 1994.

Guðmundur Árni Stefánsson.

Páll Sigurðsson.

Fylgiskjal 1:

Læknar

1. **375L0362: Tilskipun ráðsins 75/362/EBE frá 16. júní 1975 um gagnkvæma viðurkenningu á prófskírteinum, vottorðum og öðrum vitnisburði um formlega menntun og hæfi í læknisfræði, að meðtöldum ráðstöfunum er auðvelda að staðfesturéttar og réttar til að veita þjónustu sé neytt (Stjtíð. EB nr. L167, 30.6.1975, bls. 1), eins og henni var breytt með:**

   - **179H: Lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum – aðild Lýðveldisins Grikklands að Evrópubandalögunum (Stjtíð. EB nr. L291, 19.11.1979, bls. 90);**

   - **382L0076: Tilskipun ráðsins 82/76/EBE frá 26. janúar 1982 (Stjtíð. EB nr. L43, 15.2.1982, bls. 21);**

   - **185I: Lögum um aðildarskilmála og aplögun að sáttmálunum – aðild Konungsríkisins Spánar og Lýðveldisins Portúgals að Evrópubandalögunum (Stjtíð. EB nr. L302, 15.11.1985, bls. 158);**

   - **389L0594: Tilskipun ráðsins 89/594/EBE frá 30. október 1989 (Stjtíð. EB nr. L341, 23.11.1989, bls. 19);**

   - **390L0658: Tilskipun ráðsins 90/658/EBE frá 4. desember 1990 (Stjtíð. EB nr. L 353, 17.12.1990, bls. 73).**

   Sviss er veitt undanþága frá ákvæðum tilskipunar 75/362/EBE, eins og þau eru aðlöguð í þessum samningi, og skal standa við skuldbindingarnar sem þar eru settar fram í síðasta lagi 1. janúar 1995 í stað 1. janúar 1993.

TILSKIPUN RÁÐSINS

frá 16. júní 1975

um gagnkvæma viðurkenningu á prófskírteinum, vottorðum og öðrum vitnisburði um formlega menntun og hæfi í læknisfræði, að meðtöldum ráðstöfunum er auðvelda að staðfesturéttar og réttar til að veita þjónustu sé neytt

(75/362/EBE)

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 49., 57., 66. og 235. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af áliti Evrópuþingsins [1],

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndarinnar [2],

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Samkvæmt sáttmálanum er ekki leyfilegt að loknu aðlögunartímabilinu að mismuna fólki á grundvelli ríkisfangs hvað varðar staðfestu og þjónustustarfsemi. Slíkt jafnræði hvað varðar ríkisfang nær einkum til veitingar hvers kyns starfsleyfa sem krafist er ef hefja á starfsemi sem læknir og til skráningar eða þátttöku í stéttarsamtökum eða -félögum.

Engu að síður virðist æskilegt að setja sérstök ákvæði er auðvelda að staðfesturéttar og réttar til að veita þjónustu sé neytt að því er varðar starfsemi lækna.

Samkvæmt sáttmálanum mega aðildarríkin ekki veita neina þá aðstoð sem raskað gæti skilyrðum fyrir staðfestu.

Í 1. mgr. 57. gr. sáttmálans er kveðið á um að tilskipanir skuli gefnar út um gagnkvæma viðurkenningu á prófskírteinum, vottorðum og öðrum vitnisburði um formlega menntun og hæfi. Markmið þessarar tilskipunar er að viðurkenna prófskírteini, vottorð og annan vitnisburð um formlega menntun og hæfi sem þarf til að hefja og stunda lækningar svo og að viðurkenna prófskírteini, vottorð og annan vitnisburð um formlega menntun og hæfi sérfræðinga.

Gagnkvæm viðurkenning á menntun og hæfi er ráðleg að því er varðar nám sérfræðinga því þó að sérmenntun sé ekki skilyrði fyrir því að hefja sérfræðistörf þá veitir hún rétt til að bera starfsheiti sérfræðings.

Ef hafður er í huga mismunur á fjölda sérgreina, svo og á eðli eða lengd náms í slíkum sérgreinum í aðildarríkjunum, ætti að setja sérstök samræmingarákvæði sem gera aðildarríkjunum kleift að hefja gagnkvæma viðurkenningu á prófskírteinum, vottorðum og öðrum vitnisburði um formlega menntun og hæfi. Þeirri samræmingu hefur verið komið á með tilskipun ráðsins 75/363/EBE [3] frá 16. júní 1975 um samræmingu á ákvæðum er varða starfsemi lækna og sett eru með lögum eða stjórnsýslufyrirmælum.

Með samræmingu þeirri er að ofan getur var ekki ætlunin að samræma öll ákvæði aðildarríkja um nám sérfræðinga og það er ekki síður æskilegt að stefna áfram að gagnkvæmri viðurkenningu á prófskírteinum sérfræðinga, vottorðum og öðrum vitnisburði um menntun þeirra og hæfi sem ekki

[1] Stjtíð. EB nr. C 101, 4. 8. 1970, bls. 19.
[2] Stjtíð. EB nr. C 36, 28. 3. 1970, bls. 17.
[3] Stjtíð. EB L 167, 30. 6. 1975, bls. 14.

eru eins í öllum aðildarríkjunum, án þess þó að frekari samræming á þessu sviði sé útilokuð. Talið var í þessu sambandi að viðurkenning á prófskírteinum sérfræðinga, vottorðum og öðrum vitnisburði um menntun þeirra og hæfi yrði að einskorðast við aðildarríki þar sem sérfræðigreinin væri þekkt.

Þar eð tilskipun um gagnkvæma viðurkenningu á prófskírteinum felur ekki endilega í sér að nám sem er undanfari þessara prófskírteina sé jafngilt, ætti eingöngu að leyfa notkun starfsheitis sem byggir á slíku námi á máli upprunaríkisins eða þess ríkis sem hinn erlendi ríkisborgari kemur frá.

Til þess að auðvelda innlendum yfirvöldum beitingu þessarar tilskipunar geta aðildarríkin sett fyrirmæli um að þeir sem uppfylla skilyrði þessarar tilskipunar um nám leggi fram, til viðbótar formlegum vottorðum um nám, vottorð frá lögbærum yfirvöldum upprunalands þeirra eða landsins sem þeir koma frá þar sem staðfest er að þessi námsvottorð séu í samræmi við það sem um getur í tilskipuninni.

Tilskipun þessi hefur engin áhrif á ákvæði sem sett eru með lögum og stjórnsýslufyrirmælum í aðildarríkjunum sem banna félögum eða fyrirtækjum að stunda lækningar eða gera slíka starfsemi háða sérstökum skilyrðum.

Að því er varðar þjónustustarfsemi myndi krafan um skráningu í eða aðild að stéttarsamtökum eða -félögum, sem tengist stöðugri og varanlegri ástundun starfs í gistiríkinu, án efa verða þjónustuaðilanum fjötur um fót vegna þess að starf hans er í eðli sínu tímabundið. Af þeim sökum ætti að leggja þessa kröfu niður. Engu að síður ber að tryggja eftirlit með starfsaga enda sé það gert á ábyrgð þessara stéttarsamtaka eða -félaga. Í þessu skyni ætti að setja ákvæði, með fyrirvara um beitingu 62. gr. sáttmálans, um að hægt sé að krefjast þess að viðkomandi aðili tilkynni þjónustustarfsemi sína til lögbærra yfirvalda gistiríkisins.

Hvað varðar kröfur um óflekkað mannorð og góðan orðstír skal gera greinarmun á þeim kröfum sem gerðar eru þegar starf er fyrst hafið í starfsgreininni og þeim sem fullnægja þarf til að leggja stund á hana.

Að því er varðar starfsemi lækna sem eru launþegar, eru í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1612/68 ([1]) frá 15. október 1968 um frelsi launþega til flutninga innan bandalagsins ekki sett sérstök ákvæði er varða óflekkað mannorð eða góðan orðstír, starfsaga eða notkun þeirra starfsheita sem um ræðir. Slíkum reglum er beitt eða má beita, eftir því hvert aðildarríkið er, bæði gagnvart launþegum og sjálfstætt starfandi einstaklingum. Starfsemi lækna er í öllum aðildarríkjunum háð skilyrðum um prófskírteini, vottorð eða annan vitnisburð um formlega menntun og hæfi. Slík starfsemi er stundum bæði af launþegum og sjálfstætt starfandi einstaklingum eða af sömu aðilum á hvorutveggja vettvanginum einhvern tímann á starfsævinni. Þar af leiðandi virðist nauðsynlegt, svo unnt sé að stuðla að ótakmörkuðu frelsi fólks í þessari starfsgrein til flutninga innan bandalagsins, að láta þessa tilskipun ná til lækna sem eru launþegar.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. KAFLI

GILDISSVIÐ

1. gr.

Tilskipun þessi skal gilda um starfsemi lækna.

II. KAFLI

PRÓFSKÍRTEINI, VOTTORÐ OG ANNAR VITNISBURÐUR UM FORMLEGA MENNTUN OG HÆFI Í LÆKNISFRÆÐI

2. gr.

Sérhverju aðildarríki ber að viðurkenna prófskírteini, vottorð og annan vitnisburð um formlega menntun og hæfi sem skráð eru í 3. gr. og önnur aðildarríki veita ríkisborgurum aðildarríkja, í samræmi við 1. gr. tilskipunar 75/363/EBE, með því að láta hið sama gilda um slíka menntun og hæfi á yfirráðasvæði sínu að því er varðar réttinn til að hefja og stunda starfsemi lækna á yfirráðasvæði sínu og þá sem aðildarríkið sjálft veitir.

3. gr.

Prófskírteini, vottorð og annar vitnisburður um formlega menntun og hæfi sem um getur í 2. gr. skulu vera sem hér segir:

a) *í Þýskalandi:*

1. „Zeugnis über die ärztliche Staatsprüfung" (opinbert prófvottorð í læknisfræði) sem lögbær yfirvöld veita og „Zeugnis über die Vorbereitungszeit als Medizinalassistent" (vottorð til staðfestingar á

([1]) Stjtíð. EB nr. L 257, 19. 10. 1968, bls. 2.

því að undirbúningstíma aðstoðarlæknis hafi verið lokið) enda kveði þýsk lög enn á um að þörf sé á slíkum undirbúningstíma í læknanámi;

2. vottorð frá lögbærum yfirvöldum í Sambandslýðveldinu Þýskalandi til viðurkenningar á því að prófskírteini sem veitt voru eftir 8. maí 1945 af lögbærum yfirvöldum í Þýska alþýðulýðveldinu séu jafngild því sem tilgreint er í 1. lið hér að ofan;

b) *í Belgíu:*

„diplôme légal de docteur en médecine, chirurgie et accouchements/Wettelijk diploma van doctor in de genees-, heel- en verloskunde" (lögskylt prófskírteini læknis, skurðlæknis eða fæðingarlæknis) sem læknadeild háskóla, aðalprófanefnd eða prófanefnd ríkisháskólans veitir;

c) *í Danmörku:*

„bevis for bestået lægevidenskabelig embedseksamen" (lögskylt prófskírteini í læknisfræði) sem læknadeild háskólans veitir og „dokumentation for gennemført praktisk uddannelse" (vottorð um starfsþjálfun sem lögbær yfirvöld heilbrigðismála gefa út);

d) *í Frakklandi:*

1. „diplôme d'État de docteur en médecine" (opinbert prófskírteini í læknisfræði) sem læknadeild háskóla, lækna- og lyfjafræðideild í sameiningu eða háskólar veita;

2. „diplôme d'université de docteur en médecine" (háskólaprófskírteini í læknisfræði) sem vottar að lokið sé sama námi og krafist er sem undanfara að opinberu prófskírteini í læknisfræði;

e) *á Írlandi:*

grunnréttindi sem veitt eru á Írlandi að afstöðnu hæfnisprófi sem þar til bær prófanefnd heldur og vottorð um starfsreynslu sem sami aðili gefur út og veitir heimild til skráningar sem fullgildur læknir;

f) *á Ítalíu:*

„diploma di abilitazione all'esercizio della medicina e chirurgia" (prófskírteini er veitir rétt til að stunda lækningar og skurðlækningar) sem opinber prófanefnd veitir;

g) *í Lúxemborg:*

1. „diplôme d'État de docteur en médecine, chirurgie et accouchements" (opinbert prófskírteini læknis, skurðlæknis og fæðingarlæknis) sem opinber prófanefnd veitir og viðurkennt er af menntamálaráðherra og „certificat de stage" (vottorð um starfsþjálfun) sem viðurkennt er af heilbrigðisráðherra;

2. prófskírteini í læknisfræði sem veitt eru af löndum bandalagsins og heimila að starfsþjálfun hefjist en veitir ekki aðgang að atvinnugreininni, opinberlega viðurkennt af menntamálaráðherra í samræmi við lög frá 18. júní 1969 um æðri menntun og viðurkenningu á erlendum prófgráðum og prófskírteinum, ásamt vottorði um starfsþjálfun sem viðurkennt er af heilbrigðisráðherra;

h) *í Hollandi:*

„universitair getuigschrift van arts" (háskólavottorð í læknisfræði).

i) *í Breska konungsríkinu:*

grunnréttindi sem veitt eru í Breska konungsríkinu að afstöðnu hæfnisprófi sem þar til bær prófanefnd heldur og vottorð um starfsreynslu sem sami aðili gefur út og veitir heimild til skráningar sem fullgildur læknir.

III. KAFLI

PRÓFSKÍRTEINI, VOTTORÐ OG ANNAR VITNISBURÐUR UM FORMLEGA MENNTUN OG HÆFI Í SÉRGREINUM LÆKNISFRÆÐI SEM SAMEIGINLEGAR ERU ÖLLUM AÐILDARRÍKJUNUM

4. gr.

Sérhverju aðildarríki ber að viðurkenna prófskírteini, vottorð og annan vitnisburð um formlega menntun og hæfi sem

skráð eru í 5. gr. og önnur aðildarríki veita ríkisborgurum aðildarríkja, í samræmi við 2., 3., 4. og 8. gr. tilskipunar 75/363/EBE, með því að láta hið sama gilda um slíka menntun og hæfi á yfirráðasvæði sínu og þá sem aðildarríkið sjálft veitir.

5. gr.

1. Prófskírteini, vottorð og annar vitnisburður um formlega menntun og hæfi sem um getur í 4. gr. og veitt eru af þeim lögbæru yfirvöldum eða stofnunum sem skráðar eru í 2. mgr. skulu samsvara, að því er varðar hlutaðeigandi sérmenntun, þeim starfsheitum sem viðurkennd eru í hinum ýmsu aðildarríkjum og skráð eru í 3. mgr.

2. Prófskírteini, vottorð og annar vitnisburður um formlega menntun og hæfi sem lögbær yfirvöld eða stofnanir, sem um getur í 1. mgr., gefa út eru sem hér segir:

í Þýskalandi:

„die von den Landesärztekammern erteilte fachärztliche Anerkennung" (sérfræðileyfi læknis, útgefið af læknaráði viðkomandi fylkis);

í Belgíu :

„le titre d'agrégation en qualité de médecin spécialiste/erkenningstitel van specialist" (sérfræðileyfi læknis) útgefið af heilbrigðisráðherra;

í Danmörku:

„bevis for tilladelse til at betegne sig som speciallæge" (vottorð um rétt til að kalla sig sérfræðing) útgefið af lögbærum yfirvöldum heilbrigðismála;

í Frakklandi:

— „le certificat d'études spéciales de médecin" (vottorð um sérnám í læknisfræði) sem læknadeild háskóla, lækna- og lyfjafræðideild í sameiningu eða háskólar veita;

— sérfræðileyfi læknis, útgefið af læknaráðinu;

— „le certificat d'études spéciales de médecine" (vottorð um sérnám í læknisfræði) sem læknadeild háskóla, sameiginleg lækna- og lyfjafræðideild eða háskólar veita eða jafngild vottorð sem gefin eru út að ákvörðun menntamálaráðherra;

á Írlandi:

sérfræðileyfi læknis útgefið af þeim lögbæru yfirvöldum sem heilbrigðisráðherra tilnefnir;

á Ítalíu:

„diploma di medico specialista, rilasciati dal rettore di una universita" (sérfræðiskírteini læknis, sem rektor háskóla veitir);

í Lúxemborg:

„certificat de médecin spécialiste " (sérfræðileyfi læknis) sem heilbrigðisráðherra gefur út að tillögu læknaskólans;

í Hollandi:

„het door de Specialisten-Registratiecommissie (SRC) afgegeven getuigschrift van erkenning en inschrijving in het Specialistenregister" (vottorð um viðurkenningu og skráningu í sérfræðingaskrá sem stjórn sérfræðingaskrár (CRS) gefur út;

í Breska konungsríkinu:

sérfræðileyfi læknis útgefið af þeim lögbæru yfirvöldum sem heilbrigðisráðherra tilnefnir.

3. Þau starfsheiti sem nú eru notuð í aðildarríkjunum og samsvara því sérnámi sem um ræðir eru sem hér segir:

— *svæfingalækningar*:

Þýskaland:	Anästhesie
Belgía:	anesthésiologie/anesthesie
Danmörk:	anæstesiologi
Frakkland:	anesthésie-réanimation
Írland:	anaesthetics
Ítalía:	anestesia e rianimazione
Lúxemborg:	anesthésie-réanimation
Holland:	anesthesie
Breska konungsríkið:	anaesthetics;

— *almennar skurðlækningar*:

Þýskaland:	Chirurgie
Belgía:	chirurgie/heelkunde
Danmörk:	kirurgi eller kirurgiske sygdomme
Frakkland:	chirurgie générale
Írland:	general surgery
Ítalía:	chirurgia generale
Lúxemborg:	chirurgie générale
Holland:	heelkunde
Breska konungsríkið:	general surgery;

— *taugaskurðlækningar*:

Þýskaland:	Neurochirurgie
Belgía:	neurochirurgie/neurochirurgie
Danmörk:	neurokirurgi eller kirurgiske nervesygdomme
Frakkland:	neurochirurgie
Írland:	neurological surgery
Ítalía:	neurochirurgia
Lúxemborg:	neurochirurgie
Holland:	neurochirurgie
Breska konungsríkið:	neurological surgery;

— *kvenlækningar:*

Þýskaland:	Frauenheilkunde und Geburtshilfe
Belgía:	gynécologie-obstétrique/gynaecologie-verloskunde
Danmörk:	gynækologi og obstetrik eller kvindesygdomme og fødselshjælp
Frakkland:	obstétrique et gynécologie médicale
Írland:	obstetrics and gynaecology
Ítalía:	obtetricia e ginecologia
Lúxemborg:	gynécologie-obstétrique
Holland:	verloskunde en gynaecologie
Breska konungsríkið:	obstetrics and gynaecology;

— *lyflækningar*:

Þýskaland:	Innere Medizin
Belgía:	médicine interne/inwendige geneeskunde
Danmörk:	intern medicin eller medicinske sygdomme
Frakkland:	médecine interne
Írland:	general (internal) medicine
Ítalía:	medicina interna
Lúxemborg:	maladies internes
Holland:	inwendige geneeskunde
Breska konungsríkið:	general medicine;

— *augnlækningar:*

Þýskaland:	Augenheilkunde
Belgía:	ophtalmologie/ophtalmologie
Danmörk:	oftalmologi eller øjensygdomme
Frakkland:	ophtalmologie
Írland:	ophthalmology
Ítalía:	oculistica
Lúxemborg:	ophtalmologie
Holland:	oogheelkunde
Breska konungsríkið:	ophthalmology;

— *háls-, nef- og eyrnalækningar*:

Þýskaland:	Hals-, Nasen-, Ohrenheilkunde
Belgía:	oto-rhino-laryngologie/oto-rhino-laryngologie
Danmörk:	oto-rhino-laryngologi eller øre-næse-halssygdomme
Frakkland:	oto-rhino-laryngologie
Írland:	otolaryngology
Ítalía:	otorinolaringoiatria
Lúxemborg:	oto-rhino-laryngologie
Holland:	keel-, neus- en oorheelkunde
Breska konungsríkið:	otolaryngology;

— *barnalækningar*:

Þýskaland:	Kinderheilkunde
Belgía:	pédiatrie/pediatrie
Danmörk:	pædiatri eller børnesygdomme
Frakkland:	pédiatrie
Írland:	paediatrics
Ítalía:	pediatria
Lúxemborg:	pédiatrie
Holland:	kindergeneeskunde
Breska konungsríkið:	paediatrics;

— *lungnalækningar*:

Þýskaland:	Lungen- und Bronchialheilkunde
Belgía:	pneumologie/pneumologie
Danmörk:	medicinske lungesygdomme
Frakkland:	pneumo-phtisiologie
Írland:	respiratory medicine
Ítalía:	tisiologia e malattie dell'apparato respiratorio
Lúxemborg:	pneumo-phtisiologie
Holland:	ziekten der luchtwegen
Breska konungsríkið:	respiratory medicine;

— *þvagfæraskurðlækningar*:

Þýskaland:	Urologie
Belgía:	urologie/urologie
Danmörk:	urologi eller urinvejenes kirurgiske sygdomme
Frakkland:	urologie
Írland:	urology
Ítalía:	urologia
Lúxemborg:	urologie
Holland:	urologie
Breska konungsríkið:	urology;

— *bæklunarskurðlækningar*:

Þýskaland:	Orthopädie
Belgía:	orthopédie/orthopedie
Danmörk:	ortopædisk kirurgi
Frakkland:	orthopédie
Írland:	orthopaedic surgery
Ítalía:	ortopedia e traumatologia
Lúxemborg:	orthopédie
Holland:	orthopedie
Breska konungsríkið:	orthopaedic surgery.

IV. KAFLI

PRÓFSKÍRTEINI, VOTTORÐ OG ANNAR VITNISBURÐUR UM FORMLEGA MENNTUN OG HÆFI Í SÉRGREINUM LÆKNISFRÆÐINNAR SEM STUNDAÐAR ERU Í TVEIMUR EÐA FLEIRI AÐILDARRÍKJUM

6. gr.

Sérhverju aðildarríki ber með ákvæðum um þessi málefni sem sett eru í lögum eða stjórnsýslufyrirmælum að viðurkenna prófskírteini, vottorð og annan vitnisburð um formlega menntun og hæfi í sérgreinum læknisfræðinnar sem skráð eru í 7. gr. og önnur aðildarríki veita ríkisborgurum aðildarríkja, í samræmi við 2., 3., 5. og 8. gr. tilskipunar 75/363/EBE, með því að láta hið sama gilda um slíka menntun og hæfi á yfirráðasvæði sínu og þá sem aðildarríkið sjálft veitir.

7. gr.

1. Prófskírteini, vottorð og annar vitnisburður um formlega menntun og hæfi sem um getur í 6. gr. og veitt eru af þeim lögbæru yfirvöldum eða stofnunum sem skráðar eru í 2. mgr. 5. gr. skulu samsvara, að því er varðar hlutaðeigandi sérmenntun, þeim starfsheitum sem viðurkennd eru í hinum ýmsu aðildarríkjum og talin eru upp í 2. mgr.

2. Þau starfsheiti sem nú eru notuð í aðildarríkjunum og samsvara því sérnámi sem um ræðir eru sem hér segir:

klínísk líffræði:

Belgía:	biologie clinique/klinische biologie
Frakkland:	biologie médicale
Ítalía:	patologia diagnostica di laboratorio;

blóðrannsóknir:

Danmörk:	klinisk blodtypeserologi
Lúxemborg:	hématologie biologique;

sýklafræði:

Danmörk:	klinisk mikrobiologi
Írland:	microbiology
Ítalía:	microbiologia
Lúxemborg:	microbiologie
Holland:	bacteriologie
Breska konungsríkið:	medical microbiology;

líffærameinafræði:

Þýskaland:	Pathologische Anatomie
Danmörk:	patalogisk anatomi og histologi eller vævsundersøgelse
Frakkland:	anatomie pathologique
Írland:	morbid anatomy and histopathology
Ítalía:	anatomia patologica
Lúxemborg:	anatomie pathologique
Holland:	pathologische anatomie
Breska konungsríkið:	morbid anatomy and histopathology;

lífefnafræði:

Danmörk:	klinisk kemi
Írland:	chemical pathology
Lúxemborg:	biochimie
Holland:	klinische chemie
Breska konungsríkið:	chemical pathology;

ónæmisfræði:

Írland:	clinical immunology
Breska konungsríkið:	immunology;

lýtalækningar:

Belgía:	chirurgie plastique/plastische heelkunde
Danmörk:	plastikkirurgi
Frakkland:	chirurgie plastique et reconstructive
Írland:	plastic surgery
Ítalía:	chirurgia plastica
Lúxemborg:	chirurgie plastique
Holland:	plastishe chirurgie
Breska konungsríkið:	plastic surgery;

brjóstholsskurðlækningar:

Belgía:	chirurgie thoracique/heelkunde op de thorax
Danmörk:	thoraxkirurgi eller brysthulens kirurgiske sygdomme
Frakkland:	chirurgie thoracique
Írland:	thoracic surgery
Ítalía:	chirurgia toracica
Lúxemborg:	chirurgie thoracique
Holland:	cardio-pulmonale chirurgie
Breska konungsríkið:	thoracic surgery;

barnaskurðlækningar:

Írland:	paediatric surgery
Ítalía:	chirurgia pediatrica
Lúxemborg:	chirurgie infantile
Breska konungsríkið:	paediatric surgery;

æðaskurðlækningar:

Belgía:	chirurgie des vaisseaux/ bloedvatenheelkunde
Ítalía:	cardio-angio chirurgia
Lúxemborg:	chirurgie cardio-vasculaire;

hjartalækningar:

Belgía:	cardiologie/cardiologie
Danmörk:	cardiologi eller hjerte- og kredsløbssygdomme
Frakkland:	cardiologie et médecine des affections vasculaires
Írland:	cardiology
Ítalía:	cardiologia
Lúxemborg:	cardiologie et angiologie
Holland:	cardiologie
Breska konungsríkið:	cardio-vascular disease;

meltingarlækningar:

Belgía:	gastro-entérologie/ gastro-enterologie
Danmörk:	medicinsk gastroenterologi eller medicinske mave-tarmsygdomme
Frakkland:	maladies de l'appareil digestif
Írland:	gastroenterology
Ítalía:	malattie dell'apparato digerente della nutrizione e del ricambio
Lúxemborg:	gastro-entérologie et maladies de la nutrition
Holland:	maag- en darmziekten
Breska konungsríkið:	gastroenterology;

gigtarlækningar:

Belgía:	rhumatologie/reumatologie
Frakkland:	rhumatologie
Írland:	rheumatology
Ítalía:	reumatologia
Lúxemborg:	rhumatologie
Holland:	reumatologie
Breska konungsríkið:	rheumatology;

blóðmeinafræði:

Írland:	haematology
Ítalía:	ematologia
Lúxemborg:	hématologie
Breska konungsríkið:	haematology;

efnaskipta- og innkirtlalækningar:

Írland:	endocrinology and diabetes mellitus
Ítalía:	endocrinologia
Lúxemborg:	endocrinologie
Breska konungsríkið:	endocrinology and diabetes mellitus;

orku- og endurhæfingarlækningar:

Belgía:	physiothérapie/fysiotherapie
Danmörk:	fysiurgi og rehabilitering
Frakkland:	rééducation et réadaptation fonctionnelles
Ítalía:	fisioterapia
Holland:	revalidatie;

munnfræði:

Frakkland:	stomatologie
Ítalía:	odontostomatologia
Lúxemborg:	stomatologie;

taugalækningar:

Þýskaland:	Neurologie
Danmörk:	neuromedicin eller mediciniske nervesygdomme
Frakkland:	neurologie
Írland:	neurology
Ítalía:	neurologia
Lúxemborg:	neurologie
Holland:	neurologie
Breska konungsríkið:	neurology;

geðlækningar:

Þýskaland:	Psychiatrie
Danmörk:	psykiatri
Frakkland:	psychiatrie
Írland:	psychiatry
Ítalía:	psichiatria
Lúxemborg:	psychiatrie
Holland:	psychiatrie
Breska konungsríkið:	psychiatry;

taugageðlækningar:

Þýskaland:	Neurologie und Psychiatrie
Belgía:	neuro-psychiatrie/ neuropsychiatrie
Frakkland:	neuro-psychiatrie
Ítalía:	neuropsichiatria
Lúxemborg:	neuro-psychiatrie
Holland:	zenuw- en zielsziekten;

húð- og kynsjúkdómalækningar:

Þýskaland:	Dermatologie und Venerologie
Belgía:	dermato-vénéréologie/ dermato-venereologie
Danmörk:	dermato-venerologi eller hud- og kønssygdomme
Frakkland:	dermato-vénéréologie
Ítalía:	dermatologia e venerologia
Lúxemborg:	dermato-vénéréologie
Holland:	huid- en geslachtsziekten;

húðsjúkdómafræði:

Írland:	dermatology
Breska konungsríkið:	dermatology;

kynsjúkdómafræði:

Írland:	venereology
Breska konungsríkið:	venereology;

geislalækningar:

Þýskaland:	Radiologie
Frakkland:	radiologie
Ítalía:	radiologia
Lúxemborg:	électro-radiologie
Holland:	radiologie;

geislagreining:

Belgía:	radiodiagnostic/radiodiagnose
Danmörk:	diagnostisk radiologi eller røntgenundersøgelse
Frakkland:	radio-diagnostic
Írland:	diagnostic radiology
Holland:	radiodiagnostiek
Breska konungsríkið:	diagnostic radiology;

geislameðferð:

Belgía:	radio-radiumthérapie/ radio-radiumtherapie
Danmörk:	terapeutisk radiologi eller strålebehandling
Frakkland:	radio-thérapie
Írland:	radiotherapy
Holland:	radiotherapie
Breska konungsríkið:	radiotherapy;

hitabeltissjúkdómalækningar:

Belgía:	médicine tropicale/tropische geneeskunde
Danmörk:	tropemedicin
Írland:	tropical medicine
Ítalía:	medicina tropicale
Breska konungsríkið:	tropical medicine;

barnageðlækningar:

Þýskaland:	Kinder- und Jugendpsychiatrie
Danmörk:	børnepsykiatri
Frakkland:	pédo-psychiatrie
Ítalía:	neuropsichiatria infantile;

öldrunarlækningar

Írland:	geriatrics
Breska konungsríkið:	geriatrics;

nýrnalækningar:

Danmörk:	nefrologi eller medicinske nyresygdomme
Írland:	nephrology
Ítalía:	nefrologia
Breska konungsríkið:	renal diseases;

smitsjúkdómar:

Írland:	communicable diseases
Ítalía:	malattie infettive
Breska konungsríkið:	communicable diseases;

félagslækningar:

Írland:	community medicine
Breska konungsríkið:	community medicine;

lyfjafræði:

Þýskaland:	Pharmakologie
Írland:	clinical pharmacology and therapeutics
Breska konungsríkið:	clinical pharmacology and therapeutics;

atvinnulækningar:

Írland:	occupational medicine
Breska konungsríkið:	occupational medicine;

ofnæmislækningar:

Ítalía:	allergologia ed immunologia clinica
Holland:	allergologie;

meltingarskurðlækningar:

Belgía:	chirurgie abdominale/heelkunde op het abdomen
Danmörk:	kirurgisk gastroenterologi eller kirurgiske mave-tarmsygdomme
Ítalía:	chirurgia dell'apparato digerente.

8. gr.

1. Gistiríkið getur farið fram á það við ríkisborgara aðildarríkjanna sem æskja þess að öðlast eitthvert þeirra prófskírteina, vottorða eða annars vitnisburðar um formlega menntun og hæfi sérfræðings í lækningum sem ekki er getið um í 4. og 6. gr. eða sem, enda þótt þess sé getið í 6. gr., er ekki veitt í upprunaríkinu eða aðildarríkinu sem hinn erlendi ríkisborgari kemur frá, að þeir fullnægi þeim skilyrðum um sérnámið sem sett eru í lögum þess og stjórnsýslufyrirmælum.

2. Gistiríkið skal hins vegar taka, að öllu leyti eða að hluta til, tillit til þess námstíma sem ríkisborgararnir sem getið er í 1. mgr. hafa lokið og hlotið staðfestingu á með prófskírteini, vottorði eða öðrum vitnisburði um formlegt nám sem lögbær yfirvöld upprunaríkisins eða aðildarríkisins sem hinn erlendi ríkisborgari kemur frá hafa veitt, að því tilskildu að námstíminn samsvari þeim sem aðildarríkið krefst vegna umrædds náms.

3. Lögbær yfirvöld eða stofnanir gistiríkis skulu, eftir að hafa fengið staðfest inntak og lengd sérnáms hlutaðeigandi einstaklings á grundvelli prófskírteina, vottorða og annars vitnisburðar um formlega menntun og hæfi sem hafa verið lögð fram, tilkynna honum um viðbótarnámstíma sem krafist er svo og þau svið sem námið skal taka til.

V. KAFLI

NÚVERANDI AÐSTÆÐUR

9. gr.

1. Þegar prófskírteini, vottorð og annar vitnisburður um formlega menntun og hæfi ríkisborgara aðildarríkja í læknisfræði fullnægja ekki öllum lágmarkskröfum um nám sem settar eru í 1. gr. tilskipunar 75/363/EBE, skulu aðildarríki viðurkenna sem fullnægjandi sönnun prófskírteini, vottorð og annan vitnisburð um formlega menntun og hæfi lækna sem veitt eru af þessum aðildarríkjum áður en tilskipun 75/363/EBE kemur til framkvæmda, ef vottorð fylgir um að hlutaðeigandi ríkisborgarar hafi stundað starf læknis á löglegan og viðhlítandi hátt í þrjú ár hið minnsta á fimm ára tímabili fyrir útgáfu vottorðsins.

2. Ef um er að ræða ríkisborgara aðildarríkis sem hafa undir höndum prófskírteini, vottorð og annan vitnisburð um formlega menntun og hæfi sem ekki uppfylla lágmarkskröfur þær um sérnám sem mælt er fyrir um í 2., 3., 4. og 5 gr. tilskipunar 75/363/EBE, skulu aðildarríkin taka sem fullgilda sönnun þau prófskírteini, vottorð og annan vitnisburð um formlega menntun og hæfi í sérgrein læknisfræðinnar sem þessi aðildarríki hafa gefið út áður en tilskipun 75/363/EBE kemur til framkvæmda. Þó getur aðildarríki krafist þess að slíku prófskírteini, vottorði og öðrum vitnisburði um formlega menntun og hæfi fylgi vottorð er lögbær yfirvöld eða stofnanir í upprunaríkinu eða aðildarríkinu sem hinn erlendi ríkisborgari kemur frá gefa út, þar sem fram komi að umsækjandi hafi stundað umrædd sérfræðistörf í helmingi lengri tíma en sem nemur mismuninum á sérnámi í upprunaríkinu eða aðildarríkinu sem hinn erlendi ríkisborgari kemur frá annars vegar og lágmarksnámstíma þeim er um getur í tilskipun 75/363/EBE enda séu þessi tímabil ekki jafnlöng þeim lágmarksnámstíma sem mælt er fyrir um í 4. og 5. gr. tilskipunar 75/363/EBE.

Ef gistiríkið krefst, áður en þessi tilskipun kemur til framkvæmda, skemmri lágmarksnámstíma en þess sem um getur í 4. og 5. gr. tilskipunar 75/363/EBE, verður mismunurinn sem um ræðir í fyrstu undirgein aðeins ákvarðaður með hliðsjón af lágmarksnámstíma sem um ræðir í því ríki.

3. Ef prófskírteini, vottorð og annar vitnisburður um formlega menntun og hæfi í sérgreinum læknisfræðinnar, sem ríkisborgari í aðildarríki hefur undir höndum, er ekki í samræmi við þá menntun og hæfi eða starfsheiti sem talin er upp í 5. og 7. gr. ber sérhverju aðildarríki að viðurkenna prófskírteinin, vottorðin og annan vitnisburð um formlega menntun og hæfi sem þessi aðildarríki hafa gefið út, ásamt vottorði um jafngildi sem lögbær yfirvöld eða stofnanir staðfesta sem nægilega sönnun.

4. Þau aðildarríki sem hafa áður en tilskipun þessi birtist numið úr gildi ákvæði laga og stjórnsýslufyrirmæla um veitingu prófskírteina, vottorða og annars vitnisburðar um formlega menntun og hæfi á sviði taugageðlækninga, húð- og kynsjúkdómalækninga og geislalækninga, og hafa einnig áður en þessi tilskipun birtist gert ráðstafanir í þágu ríkisborgara sinna til að samræma núverandi reglur, skulu gera ríkisborgurum annarra aðildarríkja kleift að njóta þessa enda uppfylli prófskírteini þeirra, vottorð og annar vitnisburður um formlega menntun og hæfi á sviði taugageðlækninga, húð- og kynsjúkdómalækninga og geislalækninga skilyrði þau sem mælt er fyrir í þessum málefnum annaðhvort í 2. og 5. gr. tilskipunar 75/363/EBE eða í 2. mgr. þessarar greinar.

VI. KAFLI

NOTKUN NÁMSTITILS

10. gr.

1. Með fyrirvara um 18. gr., skulu gistiríki tryggja að ríkisborgarar aðildarríkja sem fullnægja skilyrðum sem sett eru í 2., 4., 6. og 9. gr. eigi rétt á að nota löggilda námstitla sína og, eftir því sem við á, skammstöfun á þeim sem er notuð í upprunaríki þeirra eða aðildarríkinu sem þeir koma frá, á máli þess ríkis. Gistiríki geta krafist þess að titlinum fylgi upplýsingar um heiti og staðsetningu stofnunarinnar eða prófanefndarinnar sem veitti hann.

2. Ef líkur eru á að námstitlinum, sem er notaður í upprunaríkinu eða aðildarríkinu sem hinn erlendi ríkisborgari kemur frá, verði ruglað saman við titil í gistiríkinu sem krefst í því ríki viðbótarnáms sem hlutaðeigandi einstaklingur hefur ekki hlotið getur gistiríkið krafist þess að viðkomandi noti titil sem tíðkast í upprunaríkinu eða aðildarríkinu sem hann kemur frá í einhverri þeirri útgáfu sem talin er við hæfi í gistiríkinu.

VII. KAFLI

ÁKVÆÐI ER AUÐVELDA AÐ STAÐFESTURÉTTAR OG RÉTTAR TIL AÐ VEITA ÞJÓNUSTU SÉ NEYTT HVAÐ VARÐAR STÖRF LÆKNA

A. Sérákvæði um staðfesturétt

11. gr.

1. Fari gistiríki fram á það við eigin ríkisborgara, sem æskja þess að leggja í fyrsta sinn fyrir sig einhverja þá starfsemi sem um getur í 1. gr., að þeir leggi fram meðmæli eða sönnun þess að þeir hafi óflekkað mannorð, þá ber því ríki að taka sem gildan vitnisburð, þegar um er að ræða ríkisborgara annarra aðildarríkja, vottorð sem gefið er út af lögbæru yfirvaldi í upprunaríki hins erlenda ríkisborgara eða í landi því sem hann kemur frá er sýnir að skilyrðum fyrir að hefja þá starfsemi sem um ræðir sé fullnægt hvað meðmæli eða óflekkað mannorð varðar.

2. Fari upprunaríkið eða aðildarríkið sem hinn erlendi ríkisborgari kemur frá ekki fram á það við þá aðila sem æskja þess að leggja í fyrsta sinn fyrir sig þá starfsemi sem um ræðir að þeir leggi fram meðmæli eða sönnun þess að þeir hafi óflekkað mannorð, getur gistiríkið farið fram á, þegar í hlut eiga ríkisborgarar upprunaríkisins eða aðildarríkisins sem hinn erlendi ríkisborgari kemur frá, að fá „sakavottorð" eða að öðrum kosti jafngilt skjal sem gefið er út af lögbærum yfirvöldum í upprunaríki hins erlenda ríkisborgara eða í aðildarríkinu sem hann kemur frá.

3. Búi gistiríkið yfir nákvæmri vitneskju um atvik alvarlegs eðlis sem hefur hent utan yfirráðasvæðis þess og séu líkur á að atvikið sem um ræðir hafi áhrif á að starfsemi sú sem hér um ræðir verði hafin, getur það látið upprunaríkið eða aðildarríkið sem hinn erlendi ríkisborgari kemur frá vita og skal það ríki sannreyna gildi upplýsinganna.

Lögbært yfirvald í upprunaríkinu eða aðildarríkinu sem hinn erlendi ríkisborgari kemur frá skal leggja mat á tilvikið og skal það aðildarríki tilkynna gistiríkinu til hvaða aðgerða verður gripið í kjölfarið af hálfu yfirvaldsins að því er varðar vottorðin eða skjölin sem það hefur gefið út.

Aðildarríkin skulu ábyrgjast að farið sé með upplýsingarnar sem veittar eru sem trúnaðarmál.

12. gr.

1. Komi fram í ákvæðum sem sett eru með lögum og stjórnsýslufyrirmælum í gistiríki kröfur um óflekkað mannorð og góðan orðstír, að meðtöldum ákvæðum er tengjast iðkun þeirrar starfsemi sem um getur í 1. gr. og varða viðurlög við alvarlegu misferli í starfi eða refsilagabroti, skal

upprunaríkið eða aðildarríkið sem hinn erlendi ríkisborgari kemur frá senda gistiríkinu allar nauðsynlegar upplýsingar er varða ráðstafanir eða viðurlög sem fagfélög eða stjórnvöld grípa til gagnvart hlutaðeigandi einstaklingi eða hegningar sem hann hlýtur vegna brota í starfi í upprunaríkinu eða aðildarríkinu sem hinn erlendi ríkisborgari kemur frá.

2. Búi gistiríkið yfir nákvæmri vitneskju um atvik alvarlegs eðlis sem hefur hent utan yfirráðasvæðis þess og séu líkur á að atvikið sem um ræðir hafi áhrif á iðkun umræddrar starfsemi, getur það látið upprunaríkið eða aðildarríkið sem hinn erlendi ríkisborgari kemur frá vita og skal það ríki sannreyna gildi upplýsinganna.

Lögbært yfirvald í upprunaríkinu eða aðildarríkinu sem hinn erlendi ríkisborgari kemur frá skal leggja mat á atvikið. Téð yfirvald skal tilkynna gistiríkinu til hvaða aðgerða verður gripið í kjölfarið af þess hálfu að því er varðar upplýsingarnar sem hafa verið sendar samkvæmt 1. mgr.

3. Aðildarríkin skulu ábyrgjast að farið sé með upplýsingarnar sem sendar eru sem trúnaðarmál

13. gr.

Ef gistiríki krefst þess af eigin ríkisborgurum sem æskja þess að hefja eða stunda einhverja þá starfsemi sem um getur í 1. gr. að þeir leggi fram vottorð um líkamlegt og andlegt heilbrigði skal það ríki taka sem fullgilda sönnun framvísun á skjalinu sem krafist er í upprunaríkinu eða aðildarríkinu sem hinn erlendi ríkisborgari kemur frá.

Ef upprunaríkið eða aðildarríkið sem hinn erlendi ríkisborgari kemur frá gerir engar slíkar kröfur til þeirra sem æskja þess að hefja eða stunda störf í umræddri starfsgrein ber gistiríkinu að taka við vottorði frá slíkum ríkisborgara sem lögbært yfirvald í því ríki hefur gefið út og er sambærilegt við vottorðin sem gistiríkið gefur út.

14. gr.

Ekki má leggja fram skjöl sem gefin eru út í samræmi við 11., 12. og 13. gr. þegar meira en þrír mánuðir hafa liðið frá útgáfudegi þeirra.

15. gr.

1. Málsmeðferð þegar hlutaðeigandi einstaklingi er veitt leyfi til að hefja þá starfsemi sem um getur í 1. gr., samkvæmt 11., 12. og 13. gr., verður að vera lokið eins skjótt og kostur er og eigi síðar en þremur mánuðum eftir að öll skjöl er varða þennan einstakling hafa verið lögð fram, án þess að hnekkt sé fresti sem hlotist getur vegna málskots sem komið getur til að málsmeðferð lokinni.

2. Í þeim tilvikum sem um getur í 3. mgr. 11. gr. og 2. mgr. 12. gr., leiðir krafa um endurskoðun til þess að fresturinn sem kveðið er á um í 1. mgr. fellur úr gildi.

Aðildarríkið sem ráðgast er við skal gefa svar innan þriggja mánaða.

Að svari fengnu eða við lok frestsins skal gistiríkið halda áfram málsmeðferðinni sem um getur í 1. mgr.

B. Sérákvæði um þjónustustarfsemi

16. gr.

1. Fari gistiríki fram á það við eigin ríkisborgara, sem æskja þess að hefja eða stunda þá starfsemi sem um getur í 1. gr., að þeir hafi annaðhvort starfsleyfi frá eða séu félagar í eða skráðir hjá stéttarsamtökum eða -félögum skal það aðildarríki veita ríkisborgurum annarra aðildarríkja undanþágu frá þeirri kröfu að því er varðar þjónustustarfsemi.

Hlutaðeigandi einstaklingur skal stunda þjónustustarfsemi með sömu réttindum og skyldum og ríkisborgarar gistiríkisins. Hann skal m.a. hlíta starfsreglum sem eru settar af fagfélögum eða stjórnvöldum og gilda í því aðildarríki.

Samþykki gistiríki ráðstöfun samkvæmt annarri undirgein eða verði uppvíst um atvik sem brjóta í bága við þessi ákvæði skal það þegar í stað tilkynnast aðildarríkinu þar sem hlutaðeigandi einstaklingur hefur staðfestu.

2. Gistiríkið getur krafist þess að hlutaðeigandi einstaklingur gefi lögbærum yfirvöldum yfirlýsingu fyrirfram um þjónustuna sem á að veita þegar hún felur í sér tímabundna dvöl á yfirráðasvæði þess.

Í bráðatilvikum má gefa yfirlýsinguna eins skjótt og auðið er eftir að þjónustan hefur verið látin í té.

3. Samkvæmt 1. og 2. mgr. getur gistiríkið krafist þess að hlutaðeigandi einstaklingur leggi fram eitt eða fleiri skjöl sem hafa að geyma eftirfarandi upplýsingar:

— yfirlýsinguna sem um getur í 2. mgr.,

— vottorð til staðfestingar á því að hlutaðeigandi einstaklingur hafi löggild réttindi til að stunda þá starfsemi sem um ræðir í aðildarríkinu þar sem hann hefur staðfestu,

— vottorð um að hlutaðeigandi einstaklingur hafi öðlast eitt eða fleiri prófskírteini, vottorð eða annan vitnisburð um formlega menntun eða hæfi sem krafist er til að fá að veita þá þjónustu sem um ræðir og um getur í þessari tilskipun.

4. Ekki má framvísa skjalinu eða skjölunum sem eru tilgreind í 3. mgr. þegar meira en tólf mánuðir hafa liðið frá útgáfudegi þeirra.

5. Svipti aðildarríki tímabundið eða varanlega, að hluta eða að öllu leyti, einn af ríkisborgurum sínum eða ríkisborgara annars aðildarríkis sem hefur staðfestu á yfirráðasvæði þess réttinum til að stunda þá starfsemi sem um getur í 1. gr., skal það, eftir því sem við á, tryggja tímabundna eða varanlega afturköllun vottorðsins sem um getur í öðrum undirlið 3. mgr.

17. gr.

Ef krafist er skráningar hjá opinberri almannatryggingastofnun í gistiríki til að hægt sé að gera upp reikninga hjá tryggingaraðilum er varða þjónustu til handa einstaklingum sem njóta almannatrygginga, skal það aðildarríki veita ríkisborgurum aðildarríkja sem hafa staðfestu í öðru aðildarríki undanþágu frá þessari kröfu í þeim tilvikum sem þjónustustarfsemin hefur í för með sér ferðalög hlutaðeigandi einstaklings.

Engu að síður ber hlutaðeigandi einstaklingum að veita stofnuninni upplýsingar fyrirfram, eða eftir á í bráðatilvikum, um þá þjónustu sem látin er í té.

C. Ákvæði sem eiga bæði við staðfesturétt og rétt til að veita þjónustu

18. gr.

Þegar notkun starfsheitis í tengslum við einhverja þá starfsemi sem um getur í 1. gr. lýtur reglum í gistiríki ber ríkisborgurum annarra aðildarríkja, þeim er uppfylla skilyrði þau sem sett eru í 2. gr. og 1. mgr. 9. gr., að nota starfsheiti gistiríkisins sem í því ríki samsvarar þeim skilyrðum um menntun og hæfi og ber þeim jafnframt að nota skammstöfun heitisins.

Fyrsta undirgein á líka við um notkun þeirra starfsheita sérfræðinga sem uppfylla skilyrðin sem sett eru í 4. og 6 gr. og 2., 3. og 4. mgr. 9. gr.

19. gr.

Fari gistiríki fram á það við eigin ríkisborgara, sem æskja þess að hefja eða stunda einhverja þá starfsemi sem um getur í 1. gr., að þeir sverji eið eða gefi drengskaparheit og sé eiðurinn eða heitið þess eðlis að ríkisborgarar annarra aðildarríkja geta ekki nýtt það skal aðildarríkið tryggja að viðeigandi og jafngilt form til eiðtökunnar sé í boði fyrir hlutaðeigandi einstakling.

20. gr.

1. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að gera hlutaðeigandi einstaklingum kleift að afla upplýsinga um heilbrigðis- og almannatryggingalög og, eftir því sem við á, siðareglur starfsgreinarinnar í gistiríkinu.

Í þessu skyni skulu aðildarríkin koma á fót upplýsingamiðstöðvum þar sem viðkomandi aðilar geta aflað nauðsynlegra upplýsinga. Þegar um staðfestu er að ræða geta aðildarríkin krafist þess að þeir hafi samband við þessar miðstöðvar.

2. Aðildarríkin geta komið þeim miðstöðvum sem um getur í 1. mgr. á fót undir verndarvæng lögbærra yfirvalda og stofnana sem þau tilnefna fyrir lok frestsins sem settur er í 1. mgr. 25. gr.

3. Aðildarríkin skulu tryggja, eftir því sem við á, að viðkomandi einstaklingar afli sér, bæði í eigin þágu og vegna skjólstæðinga sinna, þeirrar málakunnáttu sem með þarf til að geta lagt stund á sérgrein sína í gistiríkinu.

VIII. KAFLI

LOKAÁKVÆÐI

21. gr.

Aðildarríki sem fara fram á það við eigin ríkisborgara að þeir ljúki undirbúningstíma áður en þeir verði skipaðir læknar við almannatryggingakerfi skulu láta hið sama gilda um ríkisborgara annarra aðildarríkja í fimm ár frá birtingu þessarar tilskipunar. Undirbúningstíminn má þó ekki vera lengri en sex mánuðir.

22. gr.

Ef réttmætur efi er fyrir hendi getur gistiríkið krafist þess að lögbær yfirvöld í öðru aðildarríki staðfesti áreiðanleika prófskírteina, vottorða og annars vitnisburðar um formlega menntun og hæfi sem veitt hafa verið í síðarnefnda aðildar-

ríkinu og sem um getur í II. – V. kafla og staðfesti jafnframt að hlutaðeigandi einstaklingur uppfylli þau skilyrði um nám sem sett eru í tilskipun 75/363/EBE.

23. gr.

Aðildarríkin skulu, innan tímamarkanna sem sett eru í 1. mgr. 25. gr., tilnefna þau yfirvöld og stofnanir sem hafa umboð til að gefa út eða veita viðtöku prófskírteinum, vottorðum og öðrum vitnisburði um formlega menntun og hæfi, sem og skjölum þeim og upplýsingum sem um getur í þessari tilskipun, og skulu tilkynna það hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni þegar í stað.

24. gr.

Tilskipun þessi skal einnig gilda um ríkisborgara aðildarríkja sem í samræmi við reglugerð (EBE) nr. 1612/68 stunda eða munu stunda þá starfsemi sem um getur í 1. gr. sem launþegar.

25. gr.

1. Aðildarríkjunum ber að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að fara að ákvæðum þessarar tilskipunar innan átján mánaða frá birtingu hennar og tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

2. Aðildarríkin skulu sjá til þess að framkvæmdastjórninni berist helstu ákvæði úr landslögum sem samþykkt verða um málefni sem tilskipun þessi nær til.

26. gr.

Verði vart verulegra vandkvæða á tilteknum sviðum við beitingu þessarar tilskipunar í aðildarríki ber framkvæmdastjórninni að kanna þessi vandkvæði í samráði við það ríki og krefjast álits nefndar háttsettra opinberra embættismanna í opinberri þjónustu um almannaheilbrigði sem skipuð var með ákvörðun 75/365/EBE ([1]).

Framkvæmdastjórninni ber að leggja viðeigandi tillögur fyrir ráðið gerist þess þörf.

27. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Lúxemborg 16. júní 1975.

Fyrir hönd ráðsins,

R. RYAN

forseti.

([1]) Stjtíð. EB L 167, 30. 6. 1975, bls. 19.

375L0362: Tilskipun ráðsins 75/362/EBE frá 16. júní 1975 (Stjtíð. EB nr. L 167, 30.6.1975, bls. 1), eins og henni var breytt með:

- **179H: Lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum – aðild Lýðveldisins Grikklands að Evrópubandalögunum (Stjtíð. EB nr. L 291, 19.11.1979, bls. 90).**

a) Eftirfarandi bætist við í lok 3. gr.:

„j) í Grikklandi:
πτυχίο ἰατρικῆς Σχολῆς (prófskírteini frá læknadeild) sem veitt er af læknadeild háskóla og πιστοποιητικό πρακτικῆς ἀσκήσεως (vottorð um starfsreynslu) sem veitt er af tryggingamálaráðuneyti."

b) í 2. mgr. 5. gr.:

Nýrri undirgrein er bætt við 2. mgr.:

„í Grikklandi:
τίτλος ἰατρικης εἰδικότητος (vottorð um sérhæfingu í læknisfræði) sem veitt er af ráðuneyti tryggingarmála."

c) í 3. mgr. 5. gr.:

Eftirfarandi atriði bætast við viðeigandi undirgreinar 3. mgr.:

— svæfingalækningar:
„Grikkland: ἀναισθησιολογία ",

— almennar skurðlækningar:
„Grikkland: χειρουργική ",

— taugaskurðlækningar:
„Grikkland: νευροχειρουργική ",

— kvenlækningar:
„Grikkland: μαιευτική γυναικολογία ",

— lyflækningar:
„Grikkland: παθολογία ",

— augnlækningar:
„Grikkland: ὀφθαλμολογία ",

— háls-, nef- og eyrnalækningar:
„Grikkland: ὠτορινολαρυνγολογία ",

— barnalækningar:
„Grikkland: παιδιατρική ",

— lungnalækningar:
„Grikkland: ψυματιολογία πνευμονολογία ",

— þvagfæraskurðlækningar:
„Grikkland: οὐρολογία ",

— bæklunarskurðlækningar:
„Grikkland: ὀρθοπεδική ".

d) í 2. mgr. 7. gr.:

Eftirfarandi atriði bætast við viðeigandi undirgreinar 2. mgr.:

— örverufræði – sýklafræði:
„Grikkland: μικροβιολογία ",

— líffærameinafræði:
„Grikkland: παθολογική ἀνατομία “,

— lýtalækningar:
„Grikkland: πλαστική ξειρουργική “,

— brjóstholsskurðlækningar:
„Grikkland: χειρουργική θώρακος “,

— barnaskurðlækningar:
„Grikkland: χειρουργική παίδων “,

— hjartalækningar:
„Grikkland: καρδιολογία “,

— meltingarlækningar:
„Grikkland: γαστρεντερολογία “,

— gigtarlækningar:
„Grikkland: ρευματολογία “,

— blóðmeinafræði:
„Grikkland: αἱματολογία “,

— efnaskipta- og innkirtlalækningar:
„Grikkland: ἐνδοκρινολογία “,

— orku- og endurhæfingarlækningar:
„Grikkland: φυσική ἰατρική ἀποκατάρταση “,

— taugageðlækningar:
„Grikkland: νευρολογία ψυχιατρική “,

— húð- og kynsjúkdómalækningar:
„Grikkland: δερματολογία ἀφροδισιολογία “,

— geislalækningar:
„Grikkland: ἀκτινολογία ραδιολογία “,

— geislameðferð:
„Grikkland: ἀκτινοθεραπευτική “,

— barnageðlækningar:
„Grikkland: παιδοψυχιατρική “,

— nýrnalækningar:
„Grikkland: νεφρολογία “,

— ofnæmislækningar:
„Grikkland: ἀλλεργιολογία “.

– **185I: Lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum – aðild Konungsríkisins Spánar og Lýðveldisins Portúgals að Evrópubandalögunum (Stjtíð. EB nr. L 302, 15.11.1985, bls. 158).**

a) Eftirfarandi bætist við 3. gr.:

„k) *á Spáni:*

„Titulo de Licenciado en Medicina y Cirurgía“ (háskólagráða í læknisfræði og skurðlækningum) sem ráðuneyti mennta- og vísindamála veitir,“

l) *í Portúgal:*

„Carta de curso de licenciatura em medicina“ (skírteini um að læknisfræðinámi sé lokið), gefið út af háskóla, og „Diploma comprovativo da conclusão do internato geral“ (skírteini um að kandidatsári sé lokið) sem lögbær yfirvöld heilbrigðismálaráðuneytis veita.“

b) Eftirfarandi bætist við 2. mgr. 5. gr.:

„á Spáni:

„Título de Especialista" (sérfræðileyfi læknis) sem ráðuneyti mennta- og vísindamála veitir,

í Portúgal:

„Grau de Assistente" (gráða aðstoðarlæknis) veitt af lögbærum yfirvöldum heilbrigðismálaráðuneytis eða „Título de Especialista" (sérfræðileyfi læknis) veitt af stéttarsamtökum lækna."

c) Eftirfarandi bætist við tilgreinda undirliði í 3. mgr. 5. gr.:

— *svæfingalækningar:*

„Spánn: anestesiología y reanimación

Portúgal: anestesiologia",

– *almennar skurðlækningar*:

„Spánn: cirugía general

Portúgal: cirurgia geral",

— *taugaskurðlækningar*:

„Spánn: neurocirugía

Portúgal: neurocirurgia",

— *kvenlækningar:*

„Spánn: obstetricia y ginecología

Portúgal: ginecologia e obstetrícia",

— *lyflækningar*:

„Spánn: medicina interna

Portúgal: medicina interna",

— *augnlækningar:*

„Spánn: oftalmología

Portúgal: oftalmologia",

— *háls-, nef- og eyrnalækningar*:

„Spánn: otorrinolaringología

Portúgal: otorrinolaringologia",

— *barnalækningar*:

„Spánn: pediatría y sus áreas específicas

Portúgal: pediatria",

— *lungnalækningar*:

„Spánn: neumología

Portúgal: pneumologia",

— *þvagfæraskurðlækningar*:

„Spánn: urología

Portúgal: urologia",

— *bæklunarskurðlækningar*:

„Spánn: traumatoligía y cirugía ortopédica

Portúgal: ortopedia“.

Eftirfarandi bætist við tilgreinda undirliði í 2. mgr. 7. gr.:

— *klínísk líffræði*:

„Spánn: análisis clínicos

Portúgal: patologia clinica“,

— *blóðrannsóknir*:

„Spánn: hematología y hemoterapia

Portúgal: hematologia clínica“,

— *örverufræði – sýklafræði*:

„Spánn: microbiología y parasitología“,

— *líffærameinafræði*:

„Spánn: anatomía patológica

Portúgal: anatomia patológica“,

— *lífefnafræði*:

„Spánn: bioquímica clínica“,

— *ónæmisfræði*:

„Spánn: immunología“,

— *lýtalækningar*:

„Spánn: cirugía plástica y reparadora

Portúgal: cirurgia plastica“,

— *brjóstholsskurðlækningar*:

„Spánn: cirugía torácica

Portúgal: cirurgia torácica“,

— *barnaskurðlækningar*:

„Spánn: cirugía pediátrica

Portúgal: cirurgia pediátrica“,

— *æðaskurðlækningar*:

„Spánn: angiología y cirugía vascular

Portúgal: cirurgia vascular“,

— *hjartalækningar*:

„Spánn: cardiología

Portúgal: cardiologia“,

— *meltingarlækningar*:

„Spánn: aparato digestivo

Portúgal: gastro-enterologia“,

— *gigtarlækningar*:

„Spánn: reumatología

Portúgal: reumatologia“,

— *blóðmeinafræði*:

Spánn: hematología y hemoterapia

Portúgal: imunohemoterapia“,

— *efnaskipta- og innkirtlalækningar*:

„Spánn: endocrinología y nutrición

Portúgal: endocrinologia-nutrição“,

— *orku- og endurhæfingarlækningar*:

„Spánn: rehabilitación

Portúgal: fisiatria“,

— *munnfræði*:

„Spánn: estomatología

Portúgal: estomatologia“,

— *taugalækningar*:

„Spánn: neurología

Portúgal: neurologia“,

— *geðlækningar*:

„Spánn: psiquiatría

Portúgal: psiquiatria“,

— *húð- og kynsjúkdómalækningar*:

„Spánn: dermatología médico-quirúrgica y venereología

Portúgal: dermatovenereologia“,

— *geislalækningar:*

„Spánn: electroradiología

Portúgal: radiologia“,

— *geislagreining*:

„Spánn: radiodiagnóstico

Portúgal: radiodiagnostico“,

— *geislameðferð*:

„Spánn: oncología radioterápica

Portúgal: radioterapia“,

— *hitabeltissjúkdómar:*

„Portúgal: medicina tropical“,

— *barnageðlækningar*:

„Portúgal: pedopsiquiatria“,

— *öldrunarlækningar:*

„Spánn: geriatría“,

— *nýrnalækningar*:

„Spánn: nefrología

Portúgal: nefrologia“,

— *lyfjafræði:*

„Spánn: farmacología clínica“,

— *ofnæmislækningar:*

„Spánn: alergología

Portúgal: imuno-alergologia“,

— *meltingarskurðlækningar:*

„Spánn: cirugía del aparato digestivo“.

TILSKIPUN RÁÐSINS

frá 26. janúar 1982

um breytingu á tilskipun 75/362/EBE um gagnkvæma viðurkenningu á prófskírteinum, vottorðum og öðrum vitnisburði um formlega menntun og hæfi í læknisfræði, að meðtöldum ráðstöfunum er auðvelda að staðfesturéttar og réttar til að veita þjónustu sé neytt og tilskipun 75/363/EBE um samræmingu á ákvæðum er varða starfsemi lækna og sett eru með lögum eða stjórnsýslufyrirmælum

(82/76/EBE)

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 49., 57. og 66. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ([1]),

með hliðsjón af áliti Evrópuþingsins ([2]),

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndarinnar ([3]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Breytingar á löggjöf aðildarríkjanna og sú reynsla sem fengist hefur af beitingu tilskipana 75/362/EBE og 75/363/EBE ([4]) kalla á ákveðnar breytingar er varða formsatriði.

Jafnframt var kveðið á um það í 3. mgr. 3. gr. tilskipunar 75/363/EBE að í síðasta lagi fjórum árum eftir birtingu tilskipunarinnar og í ljósi breyttra aðstæðna, að fenginni tillögu framkvæmdastjórnarinnar og með tilliti til þess hvort möguleikinn á hlutanámi ætti að vera áfram fyrir hendi í ákveðnum tilvikum sem skoða verður hvert fyrir sig, skuli ráðið ákveða hvort ákvæði 1. og 2. mgr. eigi að gilda áfram eða þeim eigi að breyta.

Með þá reglu í huga að sérnám lækna eigi að stunda í fullu námi ætti að skilgreina nákvæmlega og hafa stjórn á undanþágunni sem veitt er fyrir hlutanámi, á meðan hún er við lýði.

Framlengja ætti tímabilið sem um getur í 7. gr. tilskipunar 75/363/EBE til 31. desember 1983 til þess að gera þeim aðildarríkjum, þar sem hlutanám fyrir sérfræðinga í læknisfræði fer ekki að 2. og 3. gr. þeirrar tilskipunar, kleift að ljúka umbótum sem miða að því binda endi á slíkt nám.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

2. atriði í „g) í Lúxemborg" í 3. gr. tilskipunar 75/362/EBE falli niður ásamt tölunni 1 sem er á undan einu undirgreininni sem eftir stendur.

2. gr.

Ákvæðum 3. mgr. 5. gr. tilskipunar 75/362/EBE er breytt sem hér segir:

a) í stað eftirtalinna fyrirsagna í þýsku útgáfunni komi eftirfarandi:

„— Anästhesie-Wiederbelebung" verði „— Anästhesiologie",

„— Ophthalmologie" verði „— Augenheilkunde",

„— Otorhinolaryngologie" verði „— Hals-Nasen-Ohrenheilkunde",

„— Pädiatrie" verði „— Kinderheilkunde";

b) í öllum útgáfum:

1. í stað undirfyrirsagnanna er varða Þýskaland og Belgíu undir „— svæfingalækningar" komi eftirfarandi:

„Þýskaland: Anästhesiologie",

„Belgía: anesthésiologie/anesthesiologie";

2. í stað undirfyrirsagnanna er varða Belgíu og Frakkland undir „— kvenlækningar" komi eftirfarandi:

„Belgía: gynécologie-obstétrique/gynecologie-verloskunde",

„Frakkland: gynécologie-obstétrique";

([1]) Stjtíð. EB nr. C 121, 23. 5. 1981, bls. 4.
([2]) Stjtíð. EB nr. C 260, 12. 10. 1981, bls. 99.
([3]) Stjtíð. EB nr. C 230, 10. 9. 1981, bls. 12.
([4]) Stjtíð. EB nr. L 167, 30. 6. 1975, bls. 1 og 14.

3. í stað undirfyrirsagnanna er varða Þýskaland og Belgíu undir „háls-, nef- og eyrnalækningar" komi eftirfarandi:

„Þýskaland: Hals-Nasen-Ohrenheilkunde",

„Belgía: oto-rhino-laryngologie/otorhino-laryngologie";

4. í stað undirfyrirsagnarinnar er varðar Belgíu undir „Barnalækningar" komi:

„Belgía: pédiatrie/kindergeneeskunde".

3. gr.

Ákvæðum 2. mgr. 7. gr. tilskipunar 75/362/EBE er breytt sem hér segir:

a) í stað fyrirsagnanna í þýsku útgáfunni komi eftirfarandi:

1. „Mikrobiologie-Bakteriologie" verði „Mikrobiologie und Infektionsepidemiologie";

2. „Pathologische Anatomie" verði „Pathologie";

3. „Pädiatrische Chirurgie" verði „Kinderchirurgie";

4. „Neuro-Psychiatrie" verði „Nervenheilkunde (Neurologie und Psychiatrie)";

5. „Kinderpsychiatrie" verði „Kinder- und Jugendpsychiatrie";

b) í stað undirfyrirsagnar í hollensku útgáfunni er varðar Belgíu undir „zenuw- en zielsziekten" komi:

„Belgie: neuropsychiatrie/neuropsychiatrie ";

c) í öllum útgáfum:

1. undir „sýklafræði" :

— eftirfarandi undirfyrirsögn verði bætt við:

„Þýskaland: Mikrobiologie und Infektionsepidemiologie",

— í stað undirfyrirsagnar varðandi Holland komi:

„Holland: medische microbiologie";

2. í stað undirfyrirsagnar varðandi Þýskaland undir „vefjarannsóknir" komi:

„Þýskaland: Pathologie";

3. í stað undirfyrirsagnar varðandi Lúxemborg undir „lífefnafræði" komi:

„Lúxemborg: chimie biologique";

4. í stað undirfyrirsagnar varðandi Lúxemborg undir „barnaskurðlækningar" komi:

„Lúxemborg: chirurgie pédiatrique";

5. undir „orku- og endurhæfingarlækningar":

— í stað undirfyrirsagnar varðandi Belgíu komi:

„Belgía: médecine physique/fysische geneeskunde",

— eftirfarandi undirfyrirsögn verði bætt við:

„Lúxemborg: rééducation et réadaptation fonctionnelles";

6. eftirfarandi undirfyrirsögn undir „taugalækningar" verði bætt við:

„Grikkland: Νευρολογία";

7. eftirfarandi undirfyrirsögn undir „geðlækningar" verði bætt við:

„Grikkland: Ψυχιατρική";

8. í stað undirfyrirsagnar varðandi Þýskaland undir „taugageðlækningar" komi:

„Þýskaland: Nervenheilkunde (Neurologie und Psychiatrie)";

9. undir „geislagreining":

— í stað undirfyrirsagnar varðandi Belgíu komi:

„Belgía: radiodiagnostic/röntgendiagnose",

— eftirfarandi undirfyrirsögn verði bætt við:

„Grikkland: Ακτινοδιαγνωστική",

„Lúxemborg: radiodiagnostic";

10. undir „geislameðferð":

— í stað undirfyrirsagnar varðandi Belgíu komi:

„Belgía: radio- et radiumthérapie/radio- en radiumtherapie",

— eftirfarandi undirfyrirsögn verði bætt við:

„Lúxemborg: radiothérapie";

11. eftirfarandi undirfyrirsögnum undir „barnageðlækningar" verði bætt við eins og við á:

„Lúxemborg: psychiatrie infantile",

„Breska konungsríkið: child and adolescent psychiatry".

4. gr.

Í stað 3. mgr. 11. gr. tilskipunar 75/362/EBE komi eftirfarandi:

„3. Búi gistiríkið yfir nákvæmri vitneskju um atvik alvarlegs eðlis, sem hefur hent utan yfirráðasvæðis þess áður en hlutaðeigandi einstaklingur öðlaðist staðfestu í

því ríki og séu líkur á að það hafi áhrif á að starfsemi sú sem hér um ræðir verði hafin á yfirráðasvæði þess, getur það látið upprunaríkið eða aðildarríkið sem hinn erlendi ríkisborgari kemur frá vita.

Upprunaríkið eða aðildarríkið sem hinn erlendi ríkisborgari kemur frá skal sannprófa gildi upplýsinganna. Yfirvöld í því ríki skulu taka ákvörðun um eðli og umfang þeirrar rannsóknar sem gera þarf og skulu tilkynna gistiríkinu til hvaða aðgerða verður gripið í kjölfarið að því er varðar vottorðin eða skjölin sem þau hafa gefið út.

Aðildarríkin skulu ábyrgjast að farið sé með upplýsingarnar sem veittar eru sem trúnaðarmál."

5. gr.

Í stað 2. mgr. 12. gr. tilskipunar 75/362/EBE komi eftirfarandi texti:

„2. Búi gistiríkið yfir nákvæmri vitneskju um atvik alvarlegs eðlis sem hefur hent utan yfirráðasvæðis þess áður en hlutaðeigandi einstaklingur öðlaðist staðfestu í því ríki, og séu líkur á að það hafi áhrif á iðkun þeirrar starfsemi sem hér um ræðir á yfirráðasvæði þess getur það látið upprunaríkið eða aðildarríkið sem hinn erlendi ríkisborgari kemur frá vita.

Upprunaríkið eða aðildarríkið sem hinn erlendi ríkisborgari kemur frá skal sannprófa gildi upplýsinganna. Yfirvöld í því ríki skulu taka ákvörðun um eðli og umfang þeirrar rannsóknar sem gera þarf og skulu tilkynna gistiríkinu til hvaða aðgerða verður gripið í kjölfarið að því er varðar upplýsingarnar sem þau hafa veitt í samræmi við 1. mgr."

6. gr.

Eftirfarandi grein bætist við tilskipun 75/362/EBE:

„*15. gr. a*

Fari gistiríki fram á það við eigin ríkisborgara, sem æskja þess að hefja eða stunda einhverja þá starfsemi sem um getur í 1. gr., að þeir sverji eið eða gefi drengskaparheit og þar sem eiðurinn eða heitið er þess eðlis að ríkisborgarar annarra aðildarríkja geta ekki nýtt það skal aðildarríkið tryggja að viðeigandi og jafngilt form til eiðtökunnar sé í boði fyrir hlutaðeigandi einstakling."

7. gr.

Eftirfarandi undirgrein bætist við á eftir annarri undirgrein 1. mgr. 16. gr. tilskipunar 75/362/EBE:

„Aðildarríkin geta, að því er þetta varðar og til viðbótar yfirlýsingunni sem kveðið er á um í 2. mgr. varðandi þjónustustarfsemi, til að heimila framkvæmd á ákvæðunum um starfsreglur sem í gildi eru á yfirráðasvæði þeirra, krafist sjálfvirkrar tímabundinnar eða *pro forma* skráningar hjá stéttarsamtökum eða -félögum eða að öðrum kosti í félagaskrá, að því tilskildu að þessi skráning eða félagsaðild tefji ekki eða trufli á nokkurn hátt þjónustustarfsemina eða leggi aukna kostnaðarbyrði á þann einstakling sem þjónustuna veitir."

8. gr.

19. gr. tilskipunar 75/362/EBE falli niður.

9. gr.

Í 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 75/363/EBE:

1. Í stað c-liðar komi eftirfarandi:

„c) að baki henni verður að vera fullt nám undir eftirliti lögbærra yfirvalda eða aðila samkvæmt 1. tölul. viðaukans;".

2. Í stað d-liðar í þýsku útgáfunni komi eftirfarandi:

„d) sie muss in einem Universitätszentrum, einer Universitätsklinik oder gegebenenfalls in einer hierzu von den zuständigen Behörden oder Stellen zugelassenen Einrichtung der ärztlichen Versorgung erfolgen; ".

10. gr.

Í stað 3. gr. tilskipunar 75/363/EBE komi eftirfarandi:

„*3. gr.*

1. Með fyrirvara um regluna um fullt nám sem sett er fram í c-lið 1. mgr. 2. gr. og þar til ráðið tekur ákvörðun í samræmi við 3. mgr. geta aðildarríkin leyft sérnám í hlutanámi með skilmálum sem lögbær innlend yfirvöld samþykkja í þeim tilvikum þar sem fullu námi væri ekki komið við af vel rökstuddum ástæðum.

2. Heimila skal hlutanám í samræmi við 2. tölul. viðaukans og gera sömu kröfur um gæði námsins eins og um fullt nám væri að ræða. Hvorki hlutanám né launuð starfsþjálfun sem fer fram á vegum einkaaðila má verða til þess að slakað verði á kröfum um gæði náms.

Ekki er leyfilegt að stytta heildartíma sérnáms í þeim tilvikum þegar um er að ræða hlutanám.

3. Ráðið skal ákveða, eigi síðar en 25. janúar 1989, hvort ákvæði 1. og 2. mgr. skuli gilda áfram eða taka breytingum, í ljósi fenginnar reynslu og að fenginni tillögu frá framkvæmdastjórninni, með það í huga að möguleikinn á hlutanámi verður að vera áfram fyrir hendi í ákveðnum tilvikum sem kanna verður hvert fyrir sig."

11. gr.

Í þýsku útgáfunni af tilskipun 75/363/EBE:

a) komi eftirfarandi í stað fyrirsagnanna í 4. gr.:

„— Krankheiten der Atemwege" verði „— Lungen- und Bronchialheilkunde",

„— Anästhesie-Wiederbelebung" verði „— Anästhesiologie",

„— Hals -, Nasen -, Ohrenheilkunde" verði „— Hals-Nasen-Ohrenheilkunde;

b) komi eftirfarandi í stað fyrirsagnanna í 5. gr.:

„— Neuropsychiatrie" verði „— Nervenheilkunde (Neurologie und Psychiatrie)",

„— Pädiatrische Chirurgie" verði „— Kinderchirurgie",

„— Gastro-Enterologie" verði „— Gastroenterologie",

„— Kinderpsychiatrie" verði „Kinder- und Jugendpsychiatrie",

„— Mikrobiologie-Bakteriologie" verði „— Mikrobiologie und Infektionsepidemiologie",

„— Pathologische Anatomie" verði „— Pathologie",

„— Dermato-Venerologie" verði „— Dermatologie und Venerologie".

12. gr.

Í stað 7. gr. tilskipunar 75/363/EBE komi eftirfarandi:

„7. gr.

Sem bráðabirgðaráðstöfun og þrátt fyrir c-lið 1. mgr. 2. og 3. gr. geta aðildarríki, þar sem ákvæði í lögum eða stjórnsýslufyrirmælum kveða á um sérnám í hlutanámi á þeim tíma þegar tilskipanir 75/362/EBE og 75/363/EBE birtust, beitt þessum ákvæðum áfram gagnvart kandídötum sem hefja sérnám sitt eigi síðar en 31. desember 1983.

Sérhvert gistiríki hefur leyfi til að krefjast þess af rétthöfunum sem getið er í fyrri málsgrein að þeir leggi fram, auk próskírteina, vottorða og annars vitnisburðar um formlega menntun og hæfi, staðfestingu sem vottar að þeir hafi starfað sem sérfræðingar á umræddu sviði með lögmætum hætti í þrjú ár samfellt hið minnsta á fimm ára tímabili fyrir útgáfu staðfestingarinnar."

13. gr.

Eftirfarandi viðauki bætist við tilskipun 75/363/EBE:

„VIÐAUKI

Einkenni sérnáms sem fram fer í fullu námi og hlutanámi

1. *Sérnám í fullu námi*

Slíkt nám skal fara fram á sérstökum stöðum sem eru viðurkenndir af lögbærum yfirvöldum.

Það felur í sér þátttöku í öllum læknisstörfum deildarinnar þar sem námið er stundað, að meðtöldum bakvöktum, þannig að læknaneminn helgi bóklega og verklega náminu allá starfskrafta sína starfsvikuna á enda og allan ársins hring samkvæmt ákvæðum sem lögbær yfirvöld hafa samþykkt. Því ættu þessi störf að vera launuð á viðhlítandi hátt.

Gera má hlé á náminu sökum herþjónustu, tilfærslu í starfi, þungunar eða veikinda. Heildartími námsins styttist þó ekki af þessum sökum.

2. *Sérnám í hlutanámi*

Gera skal sömu kröfur varðandi þetta nám og þegar um fullt nám er að ræða, en munurinn felst eingöngu í möguleikanum á að takmarka þátttöku í læknisstörfum við að minnsta kosti helming þess sem kveðið er á um í annarri undirgrein 1. tölul.

Lögbær yfirvöld skulu tryggja að heildarlengd og gæði sérnáms sem stundað er í hlutanámi séu sambærileg við það sem gerist í fullu námi.

Slíkt hlutanám skal vera launað á viðhlítandi hátt."

14. gr.

Heimilt er að ljúka hlutanámi sem hófst fyrir 1. janúar 1983 samkvæmt 3. gr. tilskipunar 75/363/EBE í samræmi við þá grein.

15. gr.

Þau aðildarríki sem hafa numið úr gildi ákvæði laga og stjórnsýslufyrirmæla um útgáfu prófskírteina, vottorða og annars vitnisburðar um formlega menntun og hæfi á sviði taugageðlækninga og geislalækninga áður en tilskipun þessi var birt, og hafa einnig fyrir birtinguna gert ráðstafanir í þágu ríkisborgara sinna er lúta að réttindum þeirra, skulu gera ríkisborgurum annarra aðildarríkja kleift að njóta slíkra ráðstafana enda uppfylli prófskírteini þeirra, vottorð og annar vitnisburður um formlega menntun og hæfi á sviði taugageðlækninga eða geislalækninga skilyrði þau sem sett eru í þessum efnum annaðhvort í 2. mgr. 9. gr. tilskipunar 75/362/EBE eða í 2., 3. eða 5. gr. tilskipunar 75/363/EBE.

16. gr.

Aðildarríkjunum ber að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að fara að tilskipun þessari fyrir 31. desember 1982 í síðasta lagi. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

17. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 26. janúar 1982.

Fyrir hönd ráðsins,

L. TINDEMANS

forseti.

TILSKIPUN RÁÐSINS

frá 30. október 1989

um breytingu á tilskipunum 75/362/EBE, 77/452/EBE, 78/686/EBE, 78/1026/EBE og 80/154/EBE um gagnkvæma viðurkenningu á prófskírteinum, vottorðum og öðrum vitnisburði um formlega menntun og hæfi lækna, hjúkrunarfræðinga í almennri hjúkrun, tannlækna, dýralækna og ljósmæðra og tilskipunum 75/363/EBE, 78/1027/EBE og 80/155/EBE um samræmingu á ákvæðum er varða starfsemi lækna, dýralækna og ljósmæðra og sett eru með lögum eða stjórnsýslufyrirmælum

(89/594/EBE)

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 49. gr., l. mgr. og fyrsta og þriðja málslið í 2. mgr. 57. gr. og 66. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar (1),

með hliðsjón af áliti Evrópuþingsins (2),

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndarinnar (3),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Ákveðnar formbreytingar ber að gera á tilskipunum 75/362/EBE (4), 77/452/EBE (5), 78/686/EBE (6), 78/1026/EBE (7) og 80/154/EBE (8), eins og þeim var síðast breytt með lögum um aðild Spánar og Portúgals, um gagnkvæma viðurkenningu á prófskírteinum, vottorðum og öðrum vitnisburði um formlega menntun og hæfi lækna, hjúkrunarfræðinga í almennri hjúkrun, tannlækna, dýralækna og ljósmæðra og tilskipun 75/363/EBE (9), eins og henni var síðast breytt með tilskipun 82/76/EBE (10), og tilskipunum 78/1027/EBE (11) og 80/155/EBE (12), um samræmingu á ákvæðum er varða starfsemi lækna, dýralækna og ljósmæðra og sett eru með lögum eða stjórnsýslufyrirmælum, til þess einkum að taka tillit til breytinga á heitum á prófskírteinum, vottorðum og öðrum vitnisburði um formlega menntun og hæfi í þessum starfsgreinum eða á heitum ákveðinna sérgreina í læknisfræði, jafnframt til að taka tillit til þess að í sumum aðildarríkjum hefur nýjum sérgreinum læknisfræðinnar verið komið á eða eldri sérgreinar verið lagðar niður.

Nauðsynlegt er innan bandalagsins að vernda áunnin réttindi handhafa prófgráðu sem ekki er veitt lengur vegna fyrrnefndra breytinga sem orðið hafa á reglum aðildarríkisins þar sem prófgráðan var veitt, og í þessu tilliti að bæta viðeigandi ákvæðum við áðurnefndar tilskipanir, eftir því sem nauðsyn ber til.

Ráðlegt er, í réttlætisskyni, að kveða á um bráðabirgðaráðstafanir vegna ákveðinna handhafa prófskírteina, vottorða eða annars vitnisburðar um formlega menntun og hæfi dýralækna og ljósmæðra sem veitt eru af lýðveldinu Ítal-

(1) Stjtíð. EB nr. C 353, 30. 12. 1987, bls. 17. og Stjtíð. EB nr. C 322, 15. 12. 1988, bls. 22.
(2) Stjtíð. EB nr. C 235, 12. 9. 1988, bls. 67. og Stjtíð. EB nr. C 256, 9. 10. 1989.
(3) Stjtíð. EB nr. C 134, 24. 5. 1988, bls. 29.
(4) Stjtíð. EB nr. L 167, 30. 6. 1975, bls. 1.
(5) Stjtíð. EB nr. L 176, 15. 7. 1977, bls. 1.
(6) Stjtíð. EB nr. L 233, 24. 8. 1978, bls. 1.
(7) Stjtíð. EB nr. L 362, 23. 12. 1978, bls. 1.
(8) Stjtíð. EB nr. L 33, 11. 2. 1980, bls. 1.
(9) Stjtíð. EB nr. L 167, 30. 6. 1975, bls. 14.
(10) Stjtíð. EB nr. L 43, 15. 2. 1982, bls. 21.
(11) Stjtíð. EB nr. L 362, 23. 12. 1978, bls. 7.
(12) Stjtíð. EB nr. L 33, 11. 2. 1982, bls. 8.

íu og konungsríkinu Spáni eftir atvikum að loknu námi sem samræmist ekki fyllilega tilskipunum 78/1027/EBE og 80/155/EBE.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. KAFLI

Breytingar sem tengjast tilskipunum 75/362/EBE og 75/363/EBE (gagnkvæm viðurkenning á prófskírteinum, vottorðum og öðrum vitnisburði um formlega menntun og hæfi í læknisfræði og samræming á ákvæðum er varða starfsemi lækna og sett eru með lögum eða stjórnsýslufyrirmælum)

1. gr.

Ákvæðum 3. gr. tilskipunar 75/362/EBE er breytt sem hér segir:

1. undir fyrirsögn a) „í Þýskalandi":

   — í stað 2. tölul. komi eftirfarandi:

   „2. opinbert prófvottorð í læknisfræði sem veitt er af lögbærum yfirvöldum eftir 30. júní 1988 og vottorð til staðfestingar á að læknisstörf hafi verið stunduð meðan á starfsþjálfun stóð („Arzt im Praktikum");",

   — 2. tölul. verði 3. tölul. og „því sem tilgreint er í 1. og 2. mgr. hér að ofan." komi í staðinn fyrir „því sem tilgreint er í 1. mgr. hér að ofan;"

2. í stað f) „á Ítalíu" komi:

   „f) *á Ítalíu:*

   „diploma di laurea in medicina e chirurgia" (lokaprófsskírteini í lækningum og skurðlækningum) sem veitt er af háskóla ásamt „Diploma di abilitazione all' esercizio della medicina e chirurgia" (prófskírteini er veitir rétt til að stunda lækningar og skurðlækningar) sem opinber prófanefnd veitir;"

3. í stað j) „í Grikklandi" komi:

   „j) *í Grikklandi:*

   „Πτυχίο Ιατρικής" (prófgráða í læknisfræði) sem veitt er af:

   — læknadeild háskóla eða

   — læknavísindadeild í heilbrigðisvísindadeild háskóla;"

4. í stað k) „á Spáni" komi:

   „k) *á Spáni:*

   „Título di Licenciado en Medicina y Cirugía" (háskólapróf í lækningum og skurðlækningum) sem veitt er af menntamála- og vísindaráðuneytinu eða háskólarektor;".

2. gr.

Ákvæðum 2. mgr. 5. gr. tilskipunar 75/362/EBE er breytt sem hér segir:

1. í stað textans um Belgíu komi:

   „*í Belgíu:*

   „Le titre d'agrégation en qualité de médecin spécialiste/erkenningstitel van geneesheer specialist" (formlegur vitnisburður um að hafa lokið námi í sérgrein innan læknisfræði) sem gefið er út af heilbrigðisráðherra;"

2. eftirfarandi undirlið verði bætt við undir „í Frakklandi":

   „— „le diplôme d'études spécialisées de médecine délivré par les univeristés;" (prófskírteini í sérgrein innan læknisfræði sem veitt er af háskóla);"

3. eftirfarandi breyting verði gerð á textanum undir „í Hollandi":

   — textinn sem fyrir er verði fyrsti undirliður.

   — eftirfarandi undirlið verði bætt við:

   „„— Het door de Sociaal-Geneeskundigen Registratie-Comissie (SGRC) afgegeven getuigschrift van erkenning en inschrijving in het Register von Sociaal-Geneeskundingen" (vottorð um staðfestingu og skráningu sem gefið er út af skráningarnefnd lækna í félagslæknisfræði);"

4. í stað textans um Grikkland komi:

   „*í Grikklandi:*

   „Τίτλος Ιατρικής ειδικότητας χορηγούμενος από τις Νομαρχίες" (vottorð um sérhæfingu í læknisfræði) sem veitt er af héraðsstjórnum;".

3. gr.

Ákvæðum 3. mgr. 5. gr. tilskipunar 75/362/EBE er breytt sem hér segir:

1. undir „sæfingalækningar":

   — undirfyrirsögnin sem á við Frakkland verði:

   „Frakkland: anesthésiologie-réanimation chirurgicale",

   — undirfyrirsögnin sem á við Holland verði:

   „Holland: anesthesiologie";

2. undir „almennar skurðlækningar":

   — undirfyrirsögnin sem á við Spán verði:

   „Spánn: cirurgía general y del aparato digestivo";

3. undir „augnlækningar":

— undirfyrirsögnin sem á við Belgíu verði:

„Belgía: opthalmologie-oftalmologie";

4. undir „lungnalækningar":

— undirfyrirsögnin sem á við Frakkland verði:

„Frakkland: pneumologie";

— undirfyrirsögnin sem á við Hollland verði:

„Holland: longziekten en tuberculose";

5. undir „þvagfæraskurðlækningar":

— undirfyrirsögnin sem á við Frakkland verði:

„Frakkland: chirurgie urologique";

6. undir „bæklunarskurðlækningar":

— undirfyrirsögnin sem á við Frakkland verði:

„Frakkland: chirurgie orthopédique et traumatologie";

7. eftirfarandi fyrirsögnum verði bætt við:

„— *líffærameinafræði*

Þýskaland:	Pathologie
Belgía:	anatomie pathologique/ pathologische anatomie
Danmörk:	patologisk anatomi og histologi eller vaevsundersøgelse
Frakkland:	anatomie et cythologie pathologique
Írland:	morbid anatomy and histopathology
Ítalía:	anatomia patologica
Lúxemborg:	anatomie pathologique
Holland:	pathologische anatomie
Breska konungsríkið:	morbid anatomy and histopathology
Grikkland:	Παθολογική ανατομική
Spánn:	anatomía patológica
Portúgal:	anatomia patológica;

— *taugalækningar*

Þýskaland:	Neurologie
Belgía:	neurologie/neurologie
Danmörk:	neuromedicin eller medicinske nervesygdomme
Frakkland:	neurologie
Írland:	neurology
Ítalía:	neurologia
Lúxemborg:	neurologie
Holland:	neurologie
Breska konungsríkið:	neurology
Grikkland:	Νευρολογία
Spánn:	neurología
Portúgal:	neurologia;

— *geðlækningar*

Þýskaland:	Psychiatrie
Belgía:	psychiatrie/psychiatrie
Danmörk:	psykiatri
Frakkland:	psychiatrie
Írland:	psychiatry
Ítalía:	psichiatria
Lúxemborg:	psychiatrie
Holland:	psychiatrie
Breska Konungsríkið:	psychiatry
Grikkland:	Ψυχιατρική
Spánn:	psiquiatría
Portúgal:	psiquitria."

4. gr.

Ákvæðum 2. mgr. 7. gr. tilskipunar 75/362/EBE er breytt sem hér segir:

1. undir „blóðrannsóknir":

— eftirfarandi undirfyrirsögn verði skotið inn:

„Frakkland: hématologie",

— undirfyrirsögnin sem á við Spán falli niður á öllum tungumálum nema frönsku og portúgölsku;

2. „vefjarannsóknir" falli niður;

3. undir „lýtalækningar":

— í stað undirfyrirsagnarinnar sem á við Frakkland komi:

„Frakkland: chirurgie plastique reconstructive et esthéthique";

4. undir „brjóstholsskurðlækningar":

— í stað undirfyrirsagnarinnar sem á við Frakkland komi:

„Frakkland: chirurgie thoracique et cardio-vasculaire";

5. undir „barnaskurðlækningar":

— eftirfarandi undirfyrirsögn varðandi Frakkland verði bætt við:

„Frakkland: chirurgie infantile";

6. undir „æðaskurðlækningar":

— á hollensku verði texta fyrirsagnar breytt í „chirurgie van bloedvaten",

— eftirfarandi undirfyrirsögn verði bætt við:

„Frakkland: chirurgie vasculaire,";

— í stað undirfyrirsagnarinnar sem á við Ítalíu komi:

„Ítalía: chirurgia vascolare";

7. undir „hjartalækningar" komi eftirfarandi í staðinn fyrir undirfyrirsögnina varðandi Frakkland:

„Frakkland: pathologie cardio-vasculaire";

8. undir „meltingarlækningar":

— í stað undirfyrirsagnarinnar sem á við Frakkland komi:

„Frakkland: gastro-entérologie et hépatologie",

— í stað undirfyrirsagnarinnar sem á við Lúxemborg komi:

„Luxemborg: gastro-entérologie",

— í stað undirfyrirsagnarinnar sem á við Hollland komi:

„Hollland: gastro-enterologie",

— í stað undirfyrirsagnarinnar sem á við Grikkland komi:

„Grikkland: γαστρεντερολογία;"

9. undir „gigtarlækningar":

— eftirfarandi undirfyrirsögn verði bætt við:

„Danmörk: reumatologi";

10. undir „efnaskipta- og innkirtlalækningar":

— eftirfarandi undirfyrirsögn verði bætt við:

„Frakkland: endocrinologie — maladies métaboliques",

— í stað undirfyrirsagnarinnar sem á við Lúxemborg komi:

„Lúxemborg: endocrinologie, maladies du métabolisme et de la nutrition";

11. undir „orku- og endurhæfingarlækningar":

— í stað undirfyrirsagnarinnar sem á við Grikkland komi:

„Grikkland: φυσική ιατρική και αποκατάσταση";

12. „taugalækningar" og „geðlækningar" falli niður;

13. undir „taugageðlækningar", komi eftirfarandi í staðinn fyrir undirfyrirsögnina varðandi Grikkland:

„Grikkland: νευρολογία — ψυχιατρική";

14. undir „húð- og kynsjúkdómafræði":

— í stað undirfyrirsagnarinnar sem á við Frakkland komi:

„Frakkland: dermatologie et vénéréologie",

— í stað undirfyrirsagnarinnar sem á við Hollland komi:

„Hollland: dermatologie en venerologie";

15. undir „geislalækningar":

— í stað undirfyrirsagnarinnar sem á við Frakkland komi:

„Frakkland: électro-radiologie";

16. undir „geislagreining":

— eftirfarandi undirfyrirsögn verði bætt við:

„Þýskaland: Radiologische Diagnostik",

— í stað undirfyrirsagnarinnar sem á við Frakkland komi:

„Frakkland: radiodiagnostic et imagerie médicale";

17. undir „geislameðferð":

— eftirfarandi undirfyrirsögn verði bætt við:

„Þýskaland: Strahlentherapie",

— í stað undirfyrirsagnarinnar sem á við Frakkland komi:

„Frakkland: oncologie, option radiothérapie";

18. undir „hitabeltissjúkdómalækningar":

— undirfyrirsögnin „Belgía: médecine tropicale/tropische geneeskunde" falli niður;

19. undir „barnageðlækningar":

— eftirfarandi undirfyrirsögn verði bætt við:

„Írland: child and adolescent psychiatry";

20. undir „öldrunarlækningar":

— eftirfarandi undirfyrirsögn verði bætt við:

„Hollland: klinische geriatrie";

21. undir „nýrnalækningar":

— eftirfarandi undirfyrirsögn verði bætt við:

„Frakkland: néphrologie",

— eftirfarandi undirfyrirsögn verði bætt við:

„Lúxemborg: néphrologie";

22. undir „félagslækningar":

— eftirfarandi undirfyrirsögn verði bætt við:

„Frakkland: santé publique et médecine sociale";

23. „atvinnusjúkdómalækningar" breytist sem hér segir:

a) fyrirsögninni, nema þeirri ensku, verði breytt á eftirfarandi hátt:

— á dönsku:	„arbejdsmedicin“
— á þýsku:	„Arbeitsmedizin“
— á grísku:	„ιατρική της εργασίας“
— á spænsku:	„medicina del trabajo“
— á frönsku:	„médecine du travail“
— á ítölsku:	„medicina del lavoro“
— á hollensku:	„arbeidsgeneeskunde“
— á portúgölsku:	„medicina do trabalho“;

b) eftirfarandi undirfyrirsögnum verði bætt við:

„Þýskaland:	Arbeitsmedizin“
„Danmörk:	samfundsmedicin/ arbejdsmedecin“
„Frakkland:	médecine du travail“
„Ítalía:	medicina del lavoro
„Holland:	arbeids- en bedrijfsgeneeskunde“
„Grikkland:	ιατρική της εργασίας“
„Portúgal:	medicina do trabalho“;

24. undir „ofnæmislækningar“:

— í stað undirfyrirsagnarinnar sem á við Grikkland komi:

„Grikkland: αλλεργιολογία“;

25. undir „meltingarskurðlækningar“:

— eftirfarandi undirfyrirsögn verði bætt við:

„Frakkland: chirurgie viscérale“;

26. eftirfarandi fyrirsögnum verði bætt við:

„geislalæknisfræði

Þýskaland:	Nuklearmedizin
Belgía:	médecine nucléaire/ nucleaire geneeskunde
Frakkland:	médecine nucléaire
Ítalía:	medicina nucleare
Holland:	nucleaire geneeskunde
Breska Konungsríkið:	nuclear medicine
Grikkland:	πυρηνική ιατρική
Spánn:	medicina nuclear
Portúgal:	medicina nuclear;

kjálkaskurðlækningar (undirstöðunám í læknisfræði):

Frakkland:	chirurgie maxillo-faciale et stomatologie
Ítalía:	chirurgia maxillo-facciale
Spánn:	cirugía oral y maxilofacial;

tann-, munn- og kjálkaaðgerðir (undirstöðunám í læknisfræði og tannlækningum):

Þýskaland:	Zahn-, Mund-, Kiefer- und Gesichtschirurgie
Belgía:	stomatologie/chirurgie orale et maxillo-faciale, sotmatologie/orale en maxillo-faciale chirurgie
Írland:	oral and maxillo-facial surgery
Breska Konungsríkið:	oral and maxillo-facial surgery.“

5. gr.

Í stað 3. mgr. 9. gr. tilskipunar 75/362/EBE komi:

„3. Ef um er að ræða ríkisborgara aðildarríkis sem hafa undir höndum prófskírteini, vottorð og annan vitnisburð um formlega menntun og hæfi lækna eða sérfræðinga í læknastétt sem fullnægja ekki kröfum um menntun og starfsheiti sem tilgreind eru í 3., 5. og 7. gr., skulu aðildarríkin taka sem fullgilda sönnun þau prófskírteini, vottorð og annan vitnisburð um formlega menntun og hæfi sem þessi aðildarríki hafa gefið út, fylgi þeim vottorð frá þar til bærum yfirvöldum eða stofnunum. Á vottorðinu skal tekið fram að prófskírteinið, vottorðið og annar vitnisburður um formlega menntun og hæfi í læknisfræði eða sérgrein innan læknisfræði hafi verið veitt að loknu námi samkvæmt tilskipun 75/363/EBE, sem um getur, eftir atvikum, í 2. 4. eða 6. gr. þessarar tilskipunar, og að litið sé svo á í aðildarríkinu þar sem þau voru gefin út að um sé að ræða þá menntun eða starfsheiti sem mælt er fyrir um, eftir atvikum, í 3., 5. eða 7. gr. þessarar tilskipunar.“

6. gr.

Ákvæðum 2. gr. tilskipunar 75/363/EBE er breytt sem hér segir:

— eftirfarandi ákvæði verði bætt við a-lið 1.gr.:

„námið sem er undanfari veitingar prófskírteinis, vottorðs eða annars vitnisburðar um sérhæfingu í tann-, munn- og kjálkaaðgerðum (undirstöðunám í læknisfræði og tannlækningum) felur einnig í sér að hlutaðeigandi hafi lokið námi í tannlækningum sem um getur í 1. gr. tilskipunar 78/687/EBE[1];“,

— eftirfarandi neðanmálsgrein verði bætt við:

„([1]) Stjtíð. EB nr. L 233, 24. 8. 1978, bls. 10.,“

— eftirfarandi ákvæði verði bætt við 2.gr.:

„Veiting prófskírteinis, vottorðs eða annars vitnisburðar um sérhæfingu í tann-, munn- og kjálkaaðgerðum (undirstöðunám í læknisfræði og tann-

lækningum) er einnig háð því að hlutaðeigandi hafi eitthvert það prófskírteini, vottorð eða annan vitnisburð um formlega menntun og hæfi í tannlækningum sem um getur í 1. gr. tilskipunar 78/687/EBE.",

— í stað 3.gr. komi:

„3. Aðildarríkin skulu, innan þeirra tímamarka sem sett eru í 9. gr., tilnefna lögbær yfirvöld eða stofnanir til að gefa út þau prófskírteini, vottorð og annan vitnisburð um formlega menntun og hæfi sem getið er í 1. gr."

7. gr.

Við 4. gr. tilskipunar 75/363/EBE á eftir fyrirsögninni „Annar flokkur" verði bætt eftirfarandi undirliðum:

„— líffræðameinafræði

— taugalækningar

— geðlækningar".

8. gr.

Ákvæðum 5. gr. tilskipunar 75/363/EBE er breytt sem hér segir:

1. undir „Fyrsti flokkur":

— á hollensku komi „chirurgie van bloedvaten" í stað inn fyrir „chirurgie van hart- en bloedvaten",

— eftirfarandi texta er bætt við:

„—kjálkaskurðlækningar (undirstöðunám í læknisfræði)";

2. undir „Annar flokkur":

— falli „taugalækningar", „geðlækningar" og „líffræðameinafræði" niður,

— „atvinnusjúkdómalækningar" breytist á öllum málum nema ensku:

— á dönsku:	„arbejdsmedicin"
— á þýsku:	„Arbeitsmedizin"
— á grísku:	„ιατρική της εργασίας"
— á spænsku:	„medicina del trabajo"
— á frönsku:	„médecine du travail"
— á ítölsku:	„medicina del lavoro"
— á hollensku:	„arbeidsgeneeskunde"
— á portúgölsku:	„medicina do trabalho",

— eftirtaldir undirliðir bætast við:

„— geislalæknisfræði,

— tann-, munn- og kjálkaaðgerðir (undirstöðunám í læknis- og tannlæknisfræði)"

9. gr.

1. Þau aðildarríki sem hafa numið úr gildi ákvæði sem sett hafa verið með lögum og stjórnsýslufyrirmælum og sem tengjast veitingu á prófskírteinum, vottorðum og öðrum vitnisburði um formlega menntun og hæfi í taugageðlækningum, geislalækningum, brjóstholsskurðlækningum, æðaskurðlækningum, meltingarlækningum, blóðrannsóknum, orku- og endurhæfingarlækningum eða hitabeltissjúkdómalækningum og hafa gert ráðstafanir vegna áunninna réttinda ríkisborgara sinna, skulu viðurkenna rétt ríkisborgara aðildarríkjanna til að nýta sér þessar ráðstafanir, svo framarlega sem prófskírteini þeirra, vottorð og annar vitnisburður um formlega menntun og hæfi í taugageðlækningum, geislalækningum, brjóstholsskurðlækningum, æðaskurðlækningum, meltingarlækningum, blóðrannsóknum, orku- og endurhæfingarlækningum eða hitabeltissjúkdómalækningum uppfylla viðeigandi skilyrði sem sett eru fram annaðhvort í 2. mgr. 9. gr. tilskipunar 75/362/EBE eða 2., 3. og 5. gr. tilskipunar 75/363/EBE og að svo miklu leyti sem áðurnefnd prófskírteini, vottorð og annar vitnisburður um formlega menntun og hæfi voru veitt áður en gistiríkið lagði niður veitingu slíkra prófskírteina, vottorða og annars vitnisburðar um formlega menntun og hæfi í umræddri sérgrein.

2. Dagsetningarnar þegar hlutaðeigandi aðildarríki námu úr gildi ákvæði í lögum og stjórnsýslufyrirmælum um prófskírteini, vottorð og annan vitnisburð um formlega menntun og hæfi sem um getur í 1. gr. eru tilgreindar í viðaukanum.

3. Ákvæði 4. mgr. 9. gr. tilskipunar 75/362/EBE og 15. gr. tilskipunar 82/76/EBE falli niður.

2. KAFLI

Breytingar sem tengjast tilskipun 77/452/EBE (gagnkvæm viðurkenning á prófskírteinum, vottorðum og öðrum vitnisburði um formlega menntun og hæfi hjúkrunarfræðinga í almennri hjúkrun)

10. gr.

Ákvæðum 2. mgr. 1. gr. tilskipunar 77/452/EBE er breytt sem hér segir:

1. í stað textans undir „í Breska konungsríkinu" komi:

„State Registered Nurse or Registered General Nurse";

2. í stað textans undir „í Grikklandi" komi:

„Διπλωματούχος ή πτυχιούχος νοσοκόμος, νοσηλευτής ή νοσηλεύτρια".

11. gr.

Ákvæðum 3. gr. tilskipunar 77/452/EBE er breytt sem hér segir:

1. í stað f) „á Ítalíu" komi:

„f) *á Ítalíu:*

— „diploma di infermiere professionale" sem veitt er af skólum sem viðurkenndir eru af ríkinu;"

2. í stað i) „í Breska konungsríkinu" komi:

„i) *í Breska konungsríkinu:*

— vottorð um skráningu sem almennur hjúkrunarfræðingur í I. hluta félagaskrár, sem er í umsjá aðalstjórnar hjúkrunarfræðinga, ljósmæðra og heimahjúkrunar;"

3. í stað j) „í Grikklandi" komi:

„j) *í Grikklandi:*

— „δίπλωμα Αδελφής Νοσοκόμας της Ανωτέρας Σχολής Αδελφών Νοσοκόμων" (prófskírteini í almennum hjúkrunarfræðum frá framhaldsskóla í almennum hjúkrunarfræðum), staðfest af félagsmálaráðuneytinu eða heilbrigðis- og tryggingaráðuneytinu, eða

— „πτυχίο Νοσοκόμον του Τμήματος Αδελφών Νοσοκόμων των Παραιατρικών Σχολών των Κέντρων Ανωτέρα Τεχνικής και Επαγγελματικής Εκπαίδευσης" (lokapróf í hjúkrunarfræðum frá hjúkrunargeirum skóla í heilbrigðisfræðum, á framhaldssviðum verklegs og faglegs náms) sem veitt er af mennta- og kirkjumálaráðuneytinu, eða

— „πτυχίο νοσηλευτή ή νοσηγλεύτριας των Τεχνολογικών Εκπαιδευτικών Ιδρυμάτων(TEI)" (lokapróf í hjúkrunarfræðum frá verktækniskólum) sem rekið er af mennta- og kirkjumálaráðuneytinu, eða

— „πτυχίο της Αωτάτης Νοσηλευτικής της Σχολής Επαγγελμάτων Υγείας, Τμήμα Νοσηλευτικής του Πανεπτιστημίου Αθηνών" (lokapróf í hjúkrunarfræðum frá hjúkrunargeira heilbrigðisvísindadeildar háskólans í Aþenu);"

4. í stað k) „á Spáni" komi:

„k) *á Spáni:*

„Título de Diplomado en Enfermería" (háskólapróf í hjúkrunarfræðum) sem veitt er af menntamála- og vísindaráðuneytinu eða háskólarektor".

12. gr.

Ákvæðum 4. gr. tilskipunar 77/452/EBE er breytt sem hér segir:

— málsgreinarnar tvær sem fyrir eru verði 1. mgr. og verði „1." haft á undan,

— eftirfarandi málsgrein verði bætt við:

„2. Ef prófskírteini, vottorð og annar vitnisburður um formlega menntun og hæfi hjúkrunarfræðinga í almennri hjúkrun, sem ríkisborgari í aðildarríki hefur undir höndum, er ekki í samræmi við 3. gr. hvað varðar menntun og starfsheiti, skal sérhvert aðildarríki viðurkenna sem nægilega sönnun prófskírteini, vottorð og annan vitnisburð um formlega menntun og hæfi sem þessi aðildarríki hafa gefið út, fylgi þeim vottorð frá þar til bærum yfirvöldum eða stofnunum. Á vottorðinu skal tekið fram að prófskírteinið, vottorðið og annar vitnisburður um formlega menntun og hæfi hjúkrunarfræðinga í almennri hjúkrun hafi verið veitt að loknu námi sem er í samræmi við ákvæði tilskipunar 77/453/EBE, sem um getur í 2. gr. þessarar tilskipunar, og að litið sé svo á í aðildarríkinu þar sem þau voru gefin út að um sé að ræða þá menntun eða starfsheiti sem tilgreind eru í þessari tilskipun."

3. KAFLI

Breytingar sem tengjast tilskipun 78/686/EBE (gagnkvæm viðurkenning á prófskírteinum, vottorðum og öðrum vitnisburði um formlega menntun og hæfi tannlækna)

13. gr.

Í stað textans undir fyrirsögninni „— á Ítalíu" í 1. gr. tilskipunar 78/686/EBE komi eftirfarandi:

„— *á Ítalíu:*

odontoiatra".

14. gr.

Við málsgreinina „1. Tannréttingar" í 5. gr. tilskipunar 78/686/EBE verði bætt eftirfarandi undirfyrirsögn:

„— *í Grikklandi:*

Τίτλος της Οδοντιατρικής ειδικότητας της Ορθοδοντικής" (titill sem staðfestir sérfræðinám í tannréttingum) sem veitt er af yfirvaldi sem talið er lögbært í þessum efnum."

15. gr.

Við 7. gr. tilskipunar 78/686/EBE verði bætt eftirfarandi málsgrein:

„3. Ef prófskírteini, vottorð og annar vitnisburður um formlega menntun og hæfi í tannlækningum eða sérgreinum tannlækninga (tannréttingar og munnað-

gerðir), sem ríkisborgari í aðildarríki hefur undir höndum, er ekki í samræmi við 3. og 5. gr. hvað varðar menntun og starfsheiti, skal sérhvert aðildarríki viðurkenna prófskírteini, vottorð og annan vitnisburð um formlega menntun og hæfi sem þessi aðildarríki hafa gefið út, fylgi þeim vottorð frá þar til bærum yfirvöldum eða stofnunum. Á vottorðinu skal tekið fram að prófskírteinið, vottorðið og annar vitnisburður um formlega menntun og hæfi tannlækna og sérfræðinga í tannlækningum (tannlækningar og munnaðgerðir) hafi verið veitt að loknu námi sem er í samræmi við ákvæði tilskipunar 78/687/EBE, sem um getur, eftir atvikum, í 2. eða 4. gr. þessarar tilskipunar, og að litið sé svo á í aðildarríkinu þar sem þau voru gefin út að um sé að ræða þá menntun eða starfsheiti sem gerð er grein fyrir, eftir atvikum, í 3. eða 5. gr. þessarar tilskipunar."

4. KAFLI

Breytingar sem tengjast tilskipunum 78/1026/EBE og 78/1027/EBE (gagnkvæm viðurkenning á prófskírteinum, vottorðum og öðrum vitnisburði um formlega menntun og hæfi dýralækna og samræming á ákvæðum er varða starfsemi dýralækna og sett eru með lögum og stjórnsýslufyrirmælum)

16. gr.

Í stað annarrar undirgreinar 2. gr. tilskipunar 78/1026/EBE komi eftirfarandi texti:

„Hafi prófskírteini, vottorð eða annar vitnisburður um formlega menntun og hæfi sem skráð eru í 3. gr. verið veittur áður en til framkvæmdar á þessari tilskipun kom, eða verið veittur eftir þá dagsetningu en að loknu námi sem hófst fyrir dagsetninguna, skal vottorð fylgja frá lögbærum yfirvöldum í útgáfuríkinu sem staðfestir að hann hlíti 1. gr. tilskipunar 78/1027/EBE."

17. gr.

Ákvæðum 3. gr. tilskipunar 78/1026/EBE er breytt sem hér segir:

1. í stað j) „í Grikklandi" komi:

„j) *í Grikklandi:*

„Πτυχίο κτηνιατρικής"(prófskírteini í dýralækningum) frá jarðvísindadeild Aristótelesarháskóla í Þessaloníku eða dýralæknaskóla Aristótelesarháskóla í Þessaloníku;"

2. í stað k) „á Spáni" komi:

„k) *á Spáni:*

„Título de Licenciado en Veterinaria" (háskólapróf í dýralækningum) sem veitt er af menntamála- og vísindaráðuneytinu eða háskólarektor;".

18. gr.

Í stað 4. gr. tilskipunar 78/1026/EBE komi eftirfarandi texti:

„*4. gr.*

1. Ef prófskírteini, vottorð og annar vitnisburður um menntun og hæfi, sem ríkisborgari í aðildarríki hefur undir höndum, fullnægir ekki öllum lágmarkskröfum sem settar eru í 1. gr. tilskipunar 78/1027/EBE, skal sérhvert aðildarríki viðurkenna sem fullnægjandi sönnun prófskírteini, vottorð og annan vitnisburð um formlega menntun og hæfi í dýralækningum sem veitt eru af þessum aðildarríkjum áður en sú tilskipun kemur til framkvæmdar eða eru veitt eftir þá dagsetningu en að loknu námi sem hófst fyrir dagsetninguna, fylgi þeim vottorð þar sem fram kemur að hlutaðeigandi ríkisborgarar hafi lagt stund á umrædda starfsemi á löglegan og viðhlítandi hátt í þrjú ár hið minnsta á fimm ára tímabili fyrir útgáfu vottorðsins.

2. Ef prófskírteini, vottorð og annar vitnisburður um formlega menntun og hæfi dýralækna, sem ríkisborgari í aðildarríki hefur undir höndum, er ekki í samræmi við 3. gr. hvað varðar menntun og starfsheiti, skal sérhvert aðildarríki viðurkenna sem hæfilega sönnun prófskírteini, vottorð og annan vitnisburð um formlega menntun og hæfi sem þessi aðildarríki hafa gefið út, fylgi þeim vottorð frá þar til bærum yfirvöldum eða stofnunum. Á vottorðinu skal tekið fram að prófskírteinið, vottorðið og annar vitnisburður um formlega menntun og hæfi dýralæknis hafi verið veitt að loknu námi sem er í samræmi við ákvæði tilskipunar 78/1027/EBE, sem um getur í 2. gr. þessarar tilskipunar, og litið sé svo á í aðildarríkinu þar sem þau voru gefin út að um sé að ræða þá menntun eða starfsheiti sem tilgreind eru í 3. gr. þessarar tilskipunar."

19. gr.

Við 1. gr. tilskipunar 78/1027/EBE verði bætt eftirfarandi málsgrein:

„5. Sem bráðabirgðaráðstöfun og þrátt fyrir 2. mgr. getur Ítalía haldið áfram að beita þessum ákvæðum þegar í hlut eiga einstaklingar sem hófu nám í dýralækningum ekki síðar en 31. desember 1984, en í ákvæðum sem sett voru með lögum og stjórnsýslufyrirmælum þar í landi var kveðið á um námsskrá sem samræmdist ekki að fullu á þeim tíma þegar tilskipun 78/1026/EBE og þessi tilskipun tóku gildi námsskránni í viðaukanum.

Aðildarríki geta krafist þess af handhöfum prófskírteina, vottorða eða annars vitnisburðar um formlega menntun og hæfi dýralæknis sem veittur hefur verið á Ítalíu að loknu námi sem hófst fyrir 1. janúar 1985, að prófskírteinum þeirra, vottorðum og öðrum vitnisburði um formlega menntun og hæfi fylgi vottorð um að hlutaðeigandi hafi lagt stund á umrædda starfsemi á löglegan og viðhlítandi hátt í þrjú ár samfellt hið minnsta á fimm ára tímabili fyrir útgáfu vottorðsins, nema því

aðeins að umræddu prófskírteini, vottorði eða öðrum vitnisburði um formlega menntun og hæfi fylgi vottorð gefið er út af lögbærum ítölskum yfirvöldum til staðfestingar á námi sem samræmist að fullu þessari grein og viðaukanum."

20. gr.

Á grísku kemur „Μαιευτική" hér með í stað fyrsta undirliðar „Χειρονργική" í „Flokkur 2: Klínískar greinar" undir „B. Sérgreinar" í viðauka tilskipunar 78/1027/EBE.

5. KAFLI

Breytingar sem tengjast tilskipunum 80/154/EBE og 80/155/EBE (gagnkvæm viðurkenning á prófskírteinum, vottorðum og öðrum vitnisburði um formlega menntun og hæfi ljósmæðra og samræming á ákvæðum er varða það að hefja og stunda starfsemi ljósmæðra og sett eru með lögum og stjórnsýslufyrirmælum)

21. gr.

Ákvæðum 1. gr. tilskipunar 80/154/EBE er breytt sem hér segir:

1. í stað textans undir „í Sambandslýðveldinu Þýskalandi" komi:

   „Hebamme" eða „Entbindungspfleger";

2. í stað textans undir „í Grikklandi" komi:

   „Μαία" eða „Μαιευτής".

22. gr.

Ákvæðum 3. gr. tilskipunar 80/154/EBE er breytt sem hér segir:

1. í stað fyrsta undirliðar undir a) „í Sambandslýðveldinu Þýskalandi" komi:

   „— „Zeugnis über die staatliche Prüfung für Hebammen und Entbindungspfleger"sem veitt er af opinberri prófanefnd";

2. „diploma van verloskundige" komi í staðinn fyrir „vroedvrouwdiploma" undir h) „í Hollandi" á öllum tungumálum nema hollensku;

3. í stað i) „í Breska konungsríkinu" komi:

   „i) *í Breska konungsríkinu:*

   — staðfesting á skráningu sem ljósmóðir í 10. hluta skrárinnar sem miðstjórnarráð um hjúkrun, ljósmóðurfræði og heimahjúkrun hefur umsjón með";

4. í stað j) „í Grikklandi" komi:

   „ j) *í Grikklandi:*

   — „Πτυχίο Μαίας ή Μαιευτή" staðfest af heilbrigðis- og tryggingaráðuneytinu,

   — „ Πτυχίο Ανωτέρας Σχολής Στελεχών Υγείας και Κοινωνικής Πρόνοιας, Τμήματος Μαιευτικής" sem veitt er af heilbrigðis- og félagsmáladeild, fæðingarfræðideild, á framhaldssviðum verklegs og faglegs náms eða frá verktækniskólum sem reknir eru af mennta- og kirkjumálaráðuneytinu";

5. í stað k) „á Spáni" komi:

   „k) *á Spáni:*

   Prófskírteinið „matrona" eða „asistente obstétrico (matrona)" eða „enfermería obstétricaginecológica" sem veitt er af menntamála- og vísindaráðuneytinu;".

23. gr.

Við 5. gr. tilskipunar 80/154/EBE verði bætt eftirfarandi nýjum 3. mgr.:

„3. Ef prófskírteini, vottorð og annar vitnisburður um formlega menntun og hæfi ljósmæðra, sem ríkisborgari í aðildarríki hefur undir höndum, er ekki í samræmi við 3. gr. hvað varðar menntun og starfsheiti, skal sérhvert aðildarríki viðurkenna sem nægilega sönnun prófskírteini, vottorð og annan vitnisburð um formlega menntun og hæfi sem þessi aðildarríki hafa gefið út, fylgi þeim vottorð frá þar til bærum yfirvöldum eða stofnunum, samanber þó 4. gr. Á vottorðinu skal tekið fram að prófskírteinið, vottorðið og annar vitnisburður um formlega menntun og hæfi ljósmæðra hafi verið veitt að loknu námi sem er í samræmi við ákvæði tilskipunar 80/155/EBE, sem um getur í 2. gr. þessarar tilskipunar, og að litið sé svo á í aðildarríkinu þar sem þau voru gefin út að um sé að ræða þá menntun eða starfsheiti sem tilgreind eru í 3. gr. þessarar tilskipunar."

24. gr.

Við 1. gr. tilskipunar 80/155/EBE verði bætt eftirfarandi 5. og 6. mgr.:

„5. Ekkert í þessari tilskipun skal draga úr tækifærum sem aðildarríki geta veitt í samræmi við þær reglur sem gilda á yfirráðasvæði þeirra og heimila þeim sem hlotið hafa prófskírteini, vottorð og annan vitnisburð um formlega menntun og hæfi utan aðildarríkis að hefja og stunda starfsemi sem ljósmóðir.

6. Sem bráðabirgðaráðstöfun og þrátt fyrir 1. og 4. mgr. getur Spánn haldið áfram að beita þessum ákvæðum þegar í hlut eiga einstaklingar sem hófu nám sitt í

ljósmóðurfræðum ekki síðar en 31. desember 1985, en í ákvæðum sem sett voru með lögum og stjórnsýslufyrirmælum þar í landi var kveðið á um nám á þeim tíma þegar tilskipun 78/1026/EBE og þessi tilskipun tóku gildi sem samræmdist ekki þessari tilskipun.

Aðildarríki geta krafist þess af handhöfum prófskírteina, vottorða eða annars vitnisburðar um formlega menntun og hæfi ljósmóður sem veittur hefur verið á Spáni að loknu námi sem hófst fyrir 1. janúar 1986, að prófskírteinum þeirra, vottorðum og öðrum vitnisburði um formlega menntun og hæfi fylgi vottorð um að hlutaðeigandi hafi stundað starfsemi ljósmóður á löglegan og viðhlítandi hátt í þrjú ár samfellt hið minnsta á fimm ára tímabili fyrir útgáfu vottorðsins, nema því aðeins að umræddu prófskírteini, vottorði eða öðrum vitnisburði um formlega menntun og hæfi fylgi vottorð gefið út af lögbærum spænskum yfirvöldum sem staðfestir nám sem samræmist að fullu grein þessari og viðaukanum."

25. gr.

Í stað textans í spænsku þýðingunni í 6. mgr. 4. gr. tilskipunar 80/155/EBE komi eftirfarandi:

„6. Llevar a cabo el parto normal cuando se trate de una presentación de vértice, incluyendo, si es necesario, la episiotomía, y, en caso de urgencia, realizar el parto en presentación de nalgas."

26. gr.

Í stað textans í þýsku útgáfunni í 8. gr. tilskipunar 80/155/EBE komi eftirfarandi:

„*8. gr.*

Spätestens sechs Jahre nach Bekanntgabe dieser Richtlinie beschließt der Rat auf Vorschlag der Kommission und nach Stellungnahme des Beratenden Ausschusses, ob die Ausnahme nach Teil B Nummer 3 des Anhangs geändert oder aufgehoben werden soll."

27. gr.

Í stað B-hluta viðaukans við tilskipun 80/155/EBE komi eftirfarandi:

„B. VERKLEGT OG KLÍNÍSKT NÁM

Þetta nám verður að fara fram undir viðeigandi eftirliti:

1. Ráðgjöf til þungaðra kvenna, sem felur í sér að minnsta kosti 100 skoðanir á meðgöngutíma.
2. Eftirlit og umönnun að minnsta kosti fjörutíu kvenna meðan á fæðingu stendur.
3. Neminn á sjálfur að taka á móti að minnsta kosti fjörutíu börnum. Ef ekki er hægt að fylla þennan kvóta vegna þess að fæðingar eru ekki nógu margar má lækka töluna í þrjátíu að því tilskildu að neminn aðstoði við tuttugu fæðingar í viðbót.
4. Aðstoð við sitjandi fæðingar. Ef sitjandi fæðingar eru ekki á döfinni má æfing fara fram við tilbúnar aðstæður.
5. Reynsla af spangarskurði og kynning í saumi. Kynningin á að vera bæði bókleg kennsla og klínísk þjálfun. Þjálfun í saumi felur í sér að sauma saman sár eftir spangarskurð og einfalda spangartætingu. Þetta má æfa við tilbúnar aðstæður ef annar kostur er ekki fyrir hendi.
6. Eftirlit og umönnun með fjörutíu konum í áhættuflokki við þungun, fæðingu eða eftir fæðingu.
7. Eftirlit og umönnun (að meðtalinni skoðun) að minnsta kosti 100 kvenna eftir fæðingu og heilbrigðra nýbura.
8. Eftirlit og umönnun nýbura sem þarfnast sérstakrar umönnunar, að meðtöldum fyrirburum, nýburum sem eru fæddir eftir eðlilegan meðgöngutíma, léttburum og veikum nýburum.
9. Umönnun sjúkra á sviði kvensjúkdóma- og fæðingarfræði.
10. Reynsla af umönnun sjúkra á sviði læknisfræði og skurðlækninga. Kynningin á að vera bæði bókleg kennsla og klínísk þjálfun."

6. KAFLI

Lokaákvæði

28. gr.

Aðildarríkjunum ber að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að fara að tilskipun þessari fyrir 8. maí 1991 og tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

29. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 30. október 1989.

Fyrir hönd ráðsins,

J.-P. SOISSON

forseti.

VIÐAUKI

Dagsetningar þegar nokkur aðildarríkjanna felldu úr gildi ákvæði sem sett voru með lögum og stjórnsýslufyrirmælum um veitingu prófskírteina, vottorða og annars vitnisburðar um formlega menntun og hæfi sem um getur í 9. gr. tilskipunarinnar

BELGÍA		
Brjósholsskurðlækningar	1. janúar 1983	
Æðaskurðlækningar	1. janúar 1983	
Taugageðlækningar	1. ágúst 1987,	að undanskildum þeim einstaklingum sem hófu nám fyrir þennan dag
Meltingarskurðlækningar	1. janúar 1983	
DANMÖRK		
Blóðrannsóknir	1. janúar 1983,	að undanskildum þeim einstaklingum sem hófu nám fyrir þennan dag og luku því fyrir árslok 1988
Orku- og endurhæfingarlækningar		
Hitabeltissjúkdómalækningar	1. ágúst 1987,	að undanskildum þeim einstaklingum sem hófu nám fyrir þennan dag
FRAKKLAND		
Geislalækningar	3. desember 1971	
Taugageðlækningar	31. desember 1971	
LÚXEMBORG		
Geislalækningar		Prófskírteini, vottorð og annar vitnisburður um formlega menntun og hæfi eru ekki lengur veitt fyrir nám sem hófst eftir 5. mars 1982
Taugageðlækningar		
HOLLAND		
Geislalækningar	8. júlí 1984	
Taugageðlækningar	9. júlí 1984	

TILSKIPUN RÁÐSINS

frá 4. desember 1990

um breytingu á tilteknum tilskipunum um viðurkenningu á starfsmenntun og hæfi vegna sameiningar Þýskalands

(90/658/EBE)

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 49. gr., 1. mgr. og fyrsta og þriðja málslið 2. mgr. 57. gr. og 66. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar (1),

í samvinnu við Evrópuþingið (2),

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndarinnar (3),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Vegna sameiningar Þýskalands þarf að gera tilteknar breytingar á tilskipunum 75/362/EBE (4), 77/452/EBE (5), 78/686/EBE (6), 78/1026/EBE (7) og 80/154/EBE (8), eins og þeim var síðast breytt með tilskipun 89/594/EBE (9) og tilskipun 89/595/EBE (10), um gagnkvæma viðurkenningu á prófskírteinum, vottorðum og öðrum vitnisburði um formlega menntun og hæfi lækna, hjúkrunarfræðinga í almennri hjúkrun, tannlækna, dýralækna og ljósmæðra og tilskipun 85/433/EBE (11), eins og henni var breytt með tilskipun 85/584/EBE (12), og tilskipun 85/384/EBE (13), eins og henni var síðast breytt með tilskipun 86/17/EBE (14), um gagnkvæma viðurkenningu á prófskírteinum, vottorðum og öðrum vitnisburði um formlega menntun og hæfi í lyfjafræði lyfsala og byggingarlist og tilskipun 75/363/EBE (15), eins og henni var síðast breytt með tilskipun 89/594/EBE, um samræmingu á ákvæðum er varða starfsemi lækna og sett eru með lögum eða stjórnsýslufyrirmælum.

Frá sameiningardegi Þýskalands gilda lög bandalagsins að öllu leyti á því yfirráðasvæði sem áður var Þýska alþýðulýðveldið.

Nauðsynlegt er að breyta áðurnefndum tilskipunum með tilliti til hins sérstaka ástands á áðurnefndu yfirráðasvæði.

Í samræmi við meginregluna um áunnin réttindi ættu prófskírteini, vottorð og annar vitnisburður um formlega menntun og hæfi þýskra ríkisborgara á því yfirráðasvæði, sem stunda atvinnustarfsemi sína á grundvelli starfsnáms er hófst fyrir sameiningu og samrýmist ekki reglum bandalagsins um starfsnám, að fá viðurkenningu með sömu skilyrðum og giltu um aðra ríkisborgara í aðildarríkjunum við samþykkt áðurnefndra tilskipana eða við inngöngu í bandalagið.

Nauðsynlegt er að verja innan bandalagsins réttindi handhafa vitnisburðar um formlega menntun og hæfi sem er ekki lengur veittur vegna breyttra reglna í aðildarríkjunum sem veittu hann. Slíkt ákvæði var innleitt með tilskipun 89/594/EBE í flestar tilskipanir um gagnkvæma viðurkenningu prófskírteina, vottorða og annars vitnisburðar um formlega menntun og hæfi. Því mætti einnig beita óbreyttu gagnvart þýskum ríkisborgurum frá því yfirráðasvæði sem áður var Þýska alþýðulýðveldið. Svipað ákvæði ætti einnig að setja í tilskipun 85/433/EBE um gagnkvæma viðurkenningu á prófskírteinum, vottorðum og öðrum vitnisburði um formlega menntun og hæfi í lyfjafræði lyfsala.

Flest sérákvæðanna um viðurkenningu á prófskírteinum, vottorðum og öðrum vitnisburði um formlega menntun og hæfi sem Þýska alþýðulýðveldið fyrrverandi veitti munu ekki lengur eiga við vegna sameiningar Þýskalands. Þau ætti að fella úr gildi.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á tilskipun 75/362/EBE:

1. Í a-lið 3. gr. falli 3. liður „í Þýskalandi" niður.

(1) Stjtíð. EB nr. L 266, 28. 9. 1990, bls. 12, eins og henni var breytt 28. nóvember 1990.
(2) Áliti var skilað 24. október 1990 (hefur enn ekki verið birt í *Stjórnartíðindum EB*) og ákvörðun frá 21. nóvember 1990 (sem hefur enn ekki verið birt í *Stjórnartíðindum EB*).
(3) Áliti var skilað 20. nóvember 1990 (hefur enn ekki verið birt í *Stjórnartíðindum EB*).
(4) Stjtíð. EB nr. L 167, 30. 6. 1975, bls. 1.
(5) Stjtíð. EB nr. L 176, 15. 7. 1977, bls. 1.
(6) Stjtíð. EB nr. L 233, 24. 8. 1978, bls. 1.
(7) Stjtíð. EB nr. L 362, 23. 12. 1978, bls. 1.
(8) Stjtíð. EB nr. L 33, 11. 2. 1980, bls. 1.
(9) Stjtíð. EB nr. L 341, 23. 11. 1989, bls. 19.
(10) Stjtíð. EB nr. L 341, 23. 11. 1989, bls. 30.
(11) Stjtíð. EB nr. L 253, 24. 9. 1985, bls. 37.
(12) Stjtíð. EB nr. L 372, 31. 12. 1985, bls. 42.
(13) Stjtíð. EB nr. L 223, 21. 8. 1985, bls. 15.
(14) Stjtíð. EB nr. L 27, 1. 2. 1986, bls. 71.
(15) Stjtíð. EB nr. L 167, 30. 6. 1975, bls. 14.

2. Eftirfarandi grein bætist við:

„*9. gr. a*

1. Önnur aðildarríki en Þýskaland skulu viðurkenna prófskírteini, vottorð og annan vitnisburð um formlega menntun og hæfi í læknisfræði, sem ríkisborgarar aðildarríkja hafa fengið eftir starfsnám á því yfirráðasvæði sem áður var Þýska alþýðulýðveldið, enda þótt það uppfylli ekki allar lágmarkskröfur um starfsnám í 1. gr. tilskipunar 75/363/EBE:

— hafi vitnisburðurinn verið veittur vegna náms sem hófst fyrir sameiningu Þýskalands,

— heimili hann handhafanum að stunda læknisstörf hvar sem er á yfirráðasvæði Þýskalands með sömu skilyrðum og vitnisburður um menntun og hæfi sem lögbær þýsk yfirvöld veita og um getur í 1. og 2. lið a-liðar 3. gr., og

— fylgi honum vottorð útgefið af lögbærum þýskum yfirvöldum til staðfestingar á að þessir ríkisborgarar hafi í reynd og löglega stundað umrædda starfsemi í Þýskalandi í minnst þrjú ár samfellt síðustu fimm árin fyrir útgáfudag vottorðsins.

2. Önnur aðildarríki en Þýskaland skulu viðurkenna prófskírteini, vottorð og annan vitnisburð um formlega menntun og hæfi í sérgreinum læknisfræði, sem ríkisborgarar aðildarríkja hafa fengið eftir starfsnám á því yfirráðasvæði sem áður var Þýska alþýðulýðveldið, enda þótt það uppfylli ekki allar lágmarkskröfur um starfsnám í 2. – 5. gr. tilskipunar 75/363/EBE:

— hafi vitnisburðurinn verið veittur vegna náms sem hófst áður en fresturinn í annarri undirgrein 1. mgr. 9. gr. tilskipunar 75/363/EBE rann út, og

— heimili hann handhafanum að stunda störf í sérgreinum læknisfræði hvar sem er á yfirráðasvæði Þýskalands með sömu skilyrðum og vitnisburður um menntun og hæfi sem lögbær þýsk yfirvöld veita og um getur í 5. og 7. gr.

Þau geta þó krafist þess að þessum prófskírteinum, vottorðum og öðrum vitnisburði um formlega menntun og hæfi fylgi vottorð útgefið af lögbærum þýskum yfirvöldum eða aðilum til staðfestingar á að handhafarnir hafi, sem sérfræðingar, stundað umrædda starfsemi tvöfalt lengri tíma en nemur muninum á lengd sérgreinanámsins, sem er stundað á þýsku yfirráðasvæði, og lágmarksnámstíma samkvæmt tilskipun 75/363/EBE ef vitnisburðurinn uppfyllir ekki lágmarkskröfur um lengd námstíma sem mælt er fyrir um í 4. og 5. gr. tilskipunar 75/363/EBE."

2. gr.

Eftirfarandi bætist við sem önnur undirgrein í 1. mgr. 9. gr. tilskipunar 75/363/EBE:

„Á því yfirráðasvæði sem áður var Þýska alþýðulýðveldið skal Þýskaland þó gera nauðsynlegar ráðstafanir til að fara að 2. – 5. gr. innan 18 mánaða frá sameiningu."

3. gr.

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á tilskipun 77/452/EBE:

1. Í a-lið 3. gr. falli annar undirliður „í Þýskalandi" niður.

2. Eftirfarandi grein bætist við:

„*4. gr. a*

Önnur aðildarríki en Þýskaland skulu viðurkenna prófskírteini, vottorð og annan vitnisburð um formlega menntun og hæfi í almennri hjúkrun, sem ríkisborgarar aðildarríkja hafa fengið eftir starfsnám á því yfirráðasvæði sem áður var Þýska alþýðulýðveldið, enda þótt það uppfylli ekki allar lágmarkskröfur um starfsnám í 1. gr. tilskipunar 77/453/EBE:

— hafi vitnisburðurinn verið veittur vegna náms sem hófst fyrir sameiningu Þýskalands,

— heimili hann handhafanum að stunda almenn hjúkrunarstörf hvar sem er á yfirráðasvæði Þýskalands með sömu skilyrðum og vitnisburður um menntun og hæfi sem lögbær þýsk yfirvöld veita og um getur í a-lið 3. gr., og

— fylgi honum vottorð útgefið af lögbærum þýskum yfirvöldum til staðfestingar á að þessir ríkisborgarar hafi í reynd og löglega stundað almenn hjúkrunarstörf í Þýskalandi í minnst þrjú ár samfellt síðustu fimm árin fyrir útgáfudag vottorðsins. Starfið verður að hafa falist í fullri ábyrgð á áætlun, skipulagningu og hjúkrun sjúklingsins."

4. gr.

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á tilskipun 78/686/EBE:

1. Í a-lið 3. gr., „í Þýskalandi", falli eftirfarandi niður:

— tölusetning liða,

— texti 2. liðar.

2. Eftirfarandi grein bætist við:

„7. gr. a

1. Önnur aðildarríki en Þýskaland skulu viðurkenna prófskírteini, vottorð og annan vitnisburð um formlega menntun og hæfi í tannlækningum, sem ríkisborgarar aðildarríkja hafa fengið eftir starfsnám á því yfirráðasvæði sem áður var Þýska alþýðulýðveldið, enda þótt það uppfylli ekki allar lágmarkskröfur um starfsnám í 1. gr. tilskipunar 78/687/EBE:

— hafi vitnisburðurinn verið veittur vegna náms sem hófst fyrir sameiningu Þýskalands,

— heimili hann handhafanum að stunda tannlækningar hvar sem er á yfirráðasvæði Þýskalands með sömu skilyrðum og vitnisburður um menntun og hæfi sem lögbær þýsk yfirvöld veita og um getur í a-lið 3. gr., og

— fylgi honum vottorð útgefið af lögbærum þýskum yfirvöldum til staðfestingar á að þessir ríkisborgarar hafi í reynd og löglega stundað tannlækningar í Þýskalandi í minnst þrjú ár samfellt síðustu fimm árin fyrir útgáfudag vottorðsins.

2. Önnur aðildarríki en Þýskaland skulu viðurkenna prófskírteini, vottorð og annan vitnisburð um formlega menntun og hæfi í sérgreinum tannlækninga, sem ríkisborgarar aðildarríkja hafa fengið eftir starfsnám á því yfirráðasvæði sem áður var Þýska alþýðulýðveldið, enda þótt það uppfylli ekki allar lágmarkskröfur um starfsnám í 2. og 3. gr. tilskipunar 78/687/EBE:

— hafi vitnisburðurinn verið veittur vegna náms sem hófst fyrir sameiningu Þýskalands, og

— heimili hann handhafanum að stunda störf í sérgreinum tannlækninga hvar sem er á yfirráðasvæði Þýskalands með sömu skilyrðum og vitnisburður um menntun og hæfi sem lögbær þýsk yfirvöld veita og um getur í 1. og 2. mgr. 5. gr.

Þau geta þó krafist þess að þessum prófskírteinum, vottorðum og öðrum vitnisburði um formlega menntun og hæfi fylgi vottorð útgefið af lögbærum þýskum yfirvöldum eða aðilum til staðfestingar á að handhafarnir hafi, sem sérfræðingar í tannlækningum, stundað umrædda starfsemi tvöfalt lengri tíma en samsvarar muninum á lengd sérgreinanámsins, sem er stundað á þýsku yfirráðasvæði, og lágmarksnámstíma samkvæmt tilskipun 78/687/EBE ef vitnisburðurinn uppfyllir ekki lágmarkskröfur um lengd námstíma í 2. gr. tilskipunar 78/687/EBE."

5. gr.

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á tilskipun 78/1026/EBE:

1. Í a-lið 3. gr., „í Þýskalandi", falli eftirfarandi niður:

— tölusetning liða,

— texti 2. liðar.

2. Eftirfarandi grein bætist við:

„4. gr. a

Önnur aðildarríki en Þýskaland skulu viðurkenna prófskírteini, vottorð og annan vitnisburð um formlega menntun og hæfi í dýralækningum, sem ríkisborgarar aðildarríkja hafa fengið eftir starfsnám á því yfirráðasvæði sem áður var Þýska alþýðulýðveldið, enda þótt það uppfylli ekki allar lágmarkskröfur um starfsnám í 1. gr. tilskipunar 78/1027/EBE:

— hafi vitnisburðurinn verið veittur vegna náms sem hófst fyrir sameiningu Þýskalands,

— heimili hann handhafanum að stunda dýralækningar hvar sem er á yfirráðasvæði Þýskalands með sömu skilyrðum og vitnisburður um menntun og hæfi sem lögbær þýsk yfirvöld veita og um getur í a-lið 3. gr., og

— fylgi honum vottorð útgefið af lögbærum þýskum yfirvöldum til staðfestingar á að þessir ríkisborgarar hafi í reynd og löglega stundað umrædda starfsemi í Þýskalandi í minnst þrjú ár samfellt síðustu fimm árin fyrir útgáfudag vottorðsins."

6. gr.

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á tilskipun 80/154/EBE:

1. Í a-lið 3. gr., „í Þýskalandi", falli eftirfarandi niður:

— tölusetning liða,

— texti 2. liðar.

2. Eftirfarandi grein bætist við:

„5. gr. a

1. Önnur aðildarríki en Þýskaland skulu viðurkenna prófskírteini, vottorð og annan vitnisburð um formlega menntun og hæfi í ljósmóðurstörfum, sem ríkisborgarar aðildarríkja hafa fengið eftir starfsnám á því yfirráðasvæði sem áður var Þýska alþýðulýðveldið, enda þótt það uppfylli ekki allar lágmarkskröfur um starfsnám í 1. gr. tilskipunar 80/155/EBE:

— hafi vitnisburðurinn verið veittur vegna náms sem hófst fyrir sameiningu Þýskalands,

— heimili hann handhafanum að stunda ljósmóðurstörf hvar sem er á yfirráðasvæði Þýskalands með sömu skilyrðum og vitnisburður um menntun og hæfi sem lögbær þýsk yfirvöld veita og um getur í a-lið 3. gr., og

— fylgi honum vottorð útgefið af lögbærum þýskum yfirvöldum til staðfestingar á að þessir ríkisborgarar hafi í reynd og löglega stundað umrædda starfsemi í Þýskalandi í minnst þrjú ár samfellt síðustu fimm árin fyrir útgáfudag vottorðsins.

2. Önnur aðildarríki en Þýskaland skulu viðurkenna prófskírteini, vottorð og annan vitnisburð um formlega menntun og hæfi í ljósmóðurstörfum, sem ríkisborgarar aðildarríkja hafa fengið eftir starfsnám á því yfirráðasvæði sem áður var Þýska alþýðulýðveldið, enda þótt það uppfylli ekki allar lágmarkskröfur um starfsnám í 1. gr. tilskipunar 80/155/EBE, en þó ekki, samkvæmt 2. gr., nema því fylgi reynsla af þeim störfum sem um getur í 4. gr.:

— hafi vitnisburðurinn verið veittur vegna náms sem hófst fyrir sameiningu Þýskalands, og

— fylgi honum vottorð til staðfestingar á að þessir ríkisborgarar hafi í reynd og löglega stundað umrædda starfsemi í Þýskalandi í minnst tvö ár síðustu fimm árin fyrir útgáfudag vottorðsins."

7. gr.

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á tilskipun 85/433/EBE:

1. Í a-lið 4. gr., „í Þýskalandi", falli eftirfarandi niður:

— tölusetning liða,

— texti 2. liðar.

2. Í 6. gr.:

— verði núverandi texti 1. mgr.,

— bætist eftirfarandi 2. mgr. við:

„2. Prófskírteini, vottorð og annar vitnisburður háskóla eða jafngildur vitnisburður um menntun og hæfi í lyfjafræði lyfsala, sem aðildarríki hafa veitt ríkisborgurum aðildarríkja og uppfyllir lágmarkskröfur um starfsnám í 2. gr. tilskipunar 85/432/EBE en samrýmist ekki skýrgreiningunum í 4. gr., skal fá sömu meðferð, að því er þessa tilskipun varðar, og prófskírteinin í þeirri grein fylgi honum vottorð til staðfestingar á að hann hafi verið veittur eftir nám sem samrýmist ákvæðum tilskipunar 85/432/EBE og um getur í 2. gr. þessarar tilskipunar og skulu aðildarríkin sem hafa veitt hann fara með hann á sama hátt og skýrgreiningarnar í 4. gr. þessarar tilskipunar."

3. Eftirfarandi grein bætist við:

„*6. gr. a*

Prófskírteini, vottorð og annar vitnisburður háskóla eða jafngildur vitnisburður um menntun og hæfi í lyfjafræði lyfsala, sem ríkisborgarar aðildarríkja hafa fengið eftir starfsnám á því yfirráðasvæði sem áður var Þýska alþýðulýðveldið, enda þótt hann uppfylli ekki allar lágmarkskröfur um starfsnám í 2 gr. tilskipunar 85/432/EBE, skal fá sömu meðferð og prófskírteinin sem uppfylla þessar kröfur:

— hafi vitnisburðurinn verið veittur vegna náms sem hófst fyrir sameiningu Þýskalands,

— heimili hann handhafanum að stunda lyfjafræði lyfsala hvar sem er á yfirráðasvæði Þýskalands með sömu skilyrðum og vitnisburður um menntun og hæfi sem lögbær þýsk yfirvöld veita og um getur í c-lið 4. gr., og

— fylgi honum vottorð til staðfestingar á að handhafar hans hafi í reynd og löglega stundað í Þýskalandi einhverja þá starfsemi sem um getur í 2. mgr. 1. gr. tilskipunar 85/432/EBE í minnst þrjú ár samfellt síðustu fimm árin fyrir útgáfudag vottorðsins, að því tilskildu að slík starfsemi sé lögverndud í viðkomandi aðildarríki."

8. gr.

Ákvæði 6. gr. tilskipunar 85/384/EBE falli niður.

9. gr.

Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að fara að þessari tilskipun fyrir 1. júlí 1991. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja ákvæði um þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim skal fylgja slík tilvísun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

10. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 4. desember 1990.

Fyrir hönd ráðsins,

G. DE MICHELIS

forseti.

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

a) Eftirfarandi bætist við 3. gr.:

„m) *í Austurríki:*

„Doktor der gesamten Heilkunde“ (prófskírteini í læknisfræði) sem læknadeild háskóla veitir og „Bescheinigung über die Absolvierung der Tätigkeit als Arzt im Praktikum“ (vottorð um starfsþjálfun) sem lögbær yfirvöld gefa út;

n) *í Finnlandi:*

„todistus lääketieteen lisensiaatin tutkinnosta/ bevis om medicine licentiat examen“ (vottorð um „lísentíat“ gráðu í læknisfræði) sem læknadeild háskóla veitir og vottorð um starfsþjálfun sem lögbær yfirvöld heilbrigðismála gefa út;

o) *á Íslandi:*

„próf í læknisfræði frá læknadeild Háskóla Íslands“ og vottorð um að minnsta kosti tólf mánaða þjálfun á sjúkrahúsi sem yfirlæknir gefur út;

p) *í Liechtenstein:*

prófskírteini, vottorð og önnur starfsheiti sem veitt eru í öðru ríki sem tilskipun þessi tekur til og tilgreind í þessari grein, ásamt vottorði sem lögbær yfirvöld gefa út um að starfsþjálfun hafi verið lokið;

q) *í Noregi:*

„bevis for bestått medisinsk embetseksamen“ (prófgráðan cand.med.) sem læknadeild háskóla veitir og vottorð um starfsþjálfun sem lögbær yfirvöld heilbrigðismála gefa út;

r) *í Svíþjóð:*

„läkarexamen“ (háskólagráða í læknisfræði) sem læknadeild háskóla veitir og vottorð um starfsþjálfun sem yfirstjórn heilbrigðis- og velferðarmála gefur út;

s) *í Sviss:*

„Eidgenössisch diplomierter Arzt/titulaire du diplôme fédéral de médecin/titolare di diploma federale di medico“ (prófskírteini í læknisfræði) sem sambandsráðuneyti um innanríkismál veitir.“

b) Eftirfarandi bætist við 2. mgr. 5. gr.:

„í Austurríki:

„Facharztdiplom“ (sérfræðiskírteini í læknisfræði) sem lögbær yfirvöld gefa út;

í Finnlandi:

„todistus erikoislääkärin oikeudesta/bevis om specialisträttigheten“ (sérfræðileyfi í læknisfræði) sem lögbær yfirvöld gefa út;

á Íslandi:

„sérfræðileyfi“ sem heilbrigðisráðuneytið gefur út;

í Liechtenstein:

prófskírteini, vottorð og önnur starfsheiti sem veitt eru í öðru ríki sem tilskipun þessi tekur til og tilgreind í þessari grein, ásamt vottorði sem lögbær yfirvöld gefa út um að starfsþjálfun hafi verið lokið;

í Noregi:

„bevis for tillatelse til å benytte spesialisttittelen“ (vottorð um rétt til að kalla sig sérfræðing) sem lögbær yfirvöld gefa út;

í Svíþjóð:

„bevis om specialistkompetens som läkare utfärdat av socialstyrelsen“ (vottorð um rétt til að kalla sig sérfræðing) sem yfirstjórn heilbrigðis- og velferðarmála gefur út;

í Sviss:

„Spezialarzt/spécialiste/specialista“ (sérfræðileyfi læknis) sem lögbær yfirvöld gefa út.“

c) Eftirfarandi færslum skal bætt við undirliðina í 3. mgr. 5. gr. eins og hér er tilgreint:

— *svæfingalækningar*:

„Austurríki:	Anästhesiologie
Finnland:	anestesiologia/anestesiologi
Ísland:	svæfingalækningar
Liechtenstein:	Anästhesiologie
Noregur:	anestesiologi
Svíþjóð:	anestesiologi
Sviss:	Anästhesiologie/anesthésiologie/anestesiologia“

— *almennar skurðlækningar*:

„Austurríki:	Chirurgie
Finnland:	kirurgia/kirurgi
Ísland:	almennar skurðlækningar
Liechtenstein:	Chirurgie
Noregur:	generell kirurgi
Svíþjóð:	allmän kirurgi
Sviss:	Chirurgie/chirurgie/chirurgia“

— *taugaskurðlækningar*:

„Austurríki:	Neurochirurgie
Finnland:	neurokirurgia/neurokirurgi

Ísland:	taugaskurðlækningar
Liechtenstein:	Neurochirurgie
Noregur:	nevrokirurgi
Svíþjóð:	neurokirurgi
Sviss:	Neurochirurgie/neurochirurgie/neurochirurgia“

— *kvenlækningar:*

„Austurríki:	Frauenheilkunde und Geburtshilfe
Finnland:	naistentaudit ja synnytykset/kvinnosjukdomar och förlossningar
Ísland:	kvenlækningar
Liechtenstein:	Gynäkologie und Geburtshilfe
Noregur:	fødselshjelp og kvinnesykdommer
Svíþjóð:	kvinnosjukdomar och förlossningar (gynekologi och obstetrik)
Sviss:	Gynäkologie und Geburtshilfe/gynécologie et obstétrique/ginecologia e ostetricia“

— *lyflækningar*:

„Austurríki:	Innere Medizin
Finnland:	sisätaudit/inremedicin
Ísland:	lyflækningar
Liechtenstein:	Innere Medizin
Noregur:	indremedisin
Svíþjóð:	allmän internmedicin
Sviss:	Innere Medizin/médecine interne/medicina interna“

— *augnlækningar:*

„Austurríki:	Augenheilkunde
Finnland:	silmätaudit/ögonsjukdomar
Ísland:	augnlækningar
Liechtenstein:	Augenheilkunde
Noregur:	øyesykdommer
Svíþjóð:	ögonsjukdomar (oftalmologi)
Sviss:	Ophthalmologie/ophtalmologie/oftalmologia“

— *háls-, nef- og eyrnalækningar*:

„Austurríki:	Hals-, Nasen- und Ohrenkrankheiten
Finnland:	korva-, nenä- ja kurkkutaudit/öron-, näs- och strupsjukdomar
Ísland:	háls-, nef- og eyrnalækningar
Liechtenstein:	Hals-, Nasen- und Ohrenkrankheiten
Noregur:	øre-nese-halssykdommer
Svíþjóð:	öron-, näs- och halssjukdomar (oto-rhino- laryngologi)
Sviss:	Oto-Rhino-Laryngologie/oto-rhino-laryngologie/otorinolaringoiatria“

— *barnalækningar*:

„Austurríki:	Kinderheilkunde
Finnland:	lastentaudit/barnsjukdomar
Ísland:	barnalækningar
Liechtenstein:	Kinderheilkunde
Noregur:	barnesykdommer
Svíþjóð:	barnaålderns invärtes sjukdomar (pediatrik)
Sviss:	Pädiatrie/pédiatrie/pediatria“

— *lungnalækningar*:

„Austurríki:	Lungenkrankheiten
Finnland:	keuhkosairaudet/lungsjukdomar
Ísland:	lungnalækningar
Liechtenstein:	Lungenkrankheiten
Noregur:	lungesykdommer
Svíþjóð:	lungsjukdomar (pneumonologi)
Sviss:	Lungenkrankheiten/maladies des poumons/malattie polmonari“

— *þvagfæraskurðlækningar*:

„Austurríki:	Urologie
Finnland:	urologia/urologi
Ísland:	þvagfæraskurðlækningar
Liechtenstein:	Urologie
Noregur:	urologi
Svíþjóð:	urologisk kirurgi
Sviss:	Urologie/urologie/urologia“

— *bæklunarskurðlækningar*:

„Austurríki:	Orthopädie und orthopädische Chirurgie
Finnland:	ortopedia ja traumatologia/ ortopedi och traumatologi
Ísland:	bæklunarskurðlækningar
Liechtenstein:	Orthopädische Chirurgie
Noregur:	ortopedisk kirurgi
Svíþjóð:	ortopedisk kirurgi
Sviss:	Orthopädische Chirurgie/chirurgie orthopédique/chirurgia ortopedica“

— *líffærameinafræði*:

„Austurríki:	Pathologie
Finnland:	patologia/patologi
Ísland:	líffærameinafræði
Liechtenstein:	Pathologie
Noregur:	patologi
Svíþjóð:	klinisk patologi
Sviss:	Pathologie/pathologie/patologia“

— *taugalækningar*:

„Austurríki:	Neurologie
Finnland:	neurologia/neurologi
Ísland:	taugalækningar
Liechtenstein:	Neurologie
Noregur:	nevrologi
Svíþjóð:	nervsjukdomar (neurologi)
Sviss:	Neurologie/neurologie/neurologia“

— *geðlækningar*:

„Austurríki:	Psychiatrie
Finnland:	psykiatria/psykiatri
Ísland:	geðlækningar
Liechtenstein:	Psychiatrie und Psychotherapie
Noregur:	psykiatri
Svíþjóð:	allmän psykiatri
Sviss:	Psychiatrie und Psychotherapie/psychiatrie et psychothérapie/psichiatria e psicoterapia.“

d) Eftirfarandi færslum skal bætt við undirliðina í 2. mgr. 7. gr. eins og hér er tilgreint:

klínísk líffræði:

„Austurríki:	Medizinische Biologie“

blóðrannsóknir:

„Finnland:	hematologiset laboratoriotutkimukset/ hematologiska laboratorieundersökningar“

sýklafræði:

„Austurríki:	Hygiene und Mikrobiologie
Finnland:	kliininen mikrobiologia/klinisk mikrobiologi
Ísland:	sýklafræði
Noregur:	medisinsk mikrobiologi
Svíþjóð:	klinisk bakteriologi“

lífefnafræði:

„Austurríki:	Medizinisch-chemische Labordiagnostik
Finnland:	kliininen kemia/klinisk kemi
Noregur:	klinisk kjemi
Svíþjóð:	klinisk kemi“

ónæmisfræði:

„Austurríki:	Immunologie
Finnland:	immunologia/immunologi
Ísland:	ónæmisfræði
Noregur:	immunologi og transfusjonsmedisin
Svíþjóð:	klinisk immunologi“

lýtalækningar:

„Austurríki:	Plastische Chirurgie
Finnland:	plastiikkakirurgia/ plastikkirurgi
Ísland:	lýtalækningar
Noregur:	plastikkirurgi
Svíþjóð:	plastikkirurgi
Sviss:	Plastische und Wiederherstellungschirurgie/ chirurgie plastique et reconstructive/chirurgia plastica e ricostruttiva“

brjóstholsskurðlækningar:

„Finnland:	thorax- ja verisuonikirurgia/ thorax- och kärlkirurgi
Ísland:	brjóstholsskurðlækningar
Noregur:	thoraxkirurgi
Svíþjóð:	thoraxkirurgi“

barnaskurðlækningar:

„Finnland:	lastenkirurgia/barnkirurgi
Ísland:	barnaskurðlækningar
Noregur:	barnekirurgi
Svíþjóð:	barnkirurgi
Sviss:	Kinderchirurgie/chirurgie infantile/chirurgia infantile“

æðaskurðlækningar:

„Ísland:	æðaskurðlækningar
Noregur:	karkirurgi“

hjartalækningar:

„Finnland:	kardiologia/kardiologi
Ísland:	hjartalækningar
Noregur:	hjertesykdommer
Svíþjóð:	hjärtsjukdomar“

meltingarlækningar:

„Finnland:	gastroenterologia/gastroenterologi
Ísland:	meltingarlækningar
Noregur:	fordøyelsessykdommer
Svíþjóð:	matsmältningsorganens medicinska sjukdomar (medicinsk gastroenterologi)“

gigtarlækningar:

„Finnland:	reumatologia/reumatologi
Ísland:	gigtarlækningar
Liechtenstein:	Rheumatologie
Noregur:	revmatologi
Svíþjóð:	reumatiska sjukdomar“

blóðmeinafræði:

„Finnland:	kliininen hematologia/klinisk hematologi
Ísland:	blóðmeinafræði
Noregur:	blodsykdommer
Svíþjóð:	hematologi“

efnaskipta- og innkirtlalækningar:

„Finnland:	endokrinologia/endokrinologi
Ísland:	efnaskipta- og innkirtlalækningar
Noregur:	endokrinologi
Svíþjóð:	endokrina sjukdomar“

orku- og endurhæfingarlækningar:

„Austurríki:	Physikalische Medizin
Finnland:	fysiatria/fysiatri
Ísland:	orku- og endurhæfingarlækningar
Liechtenstein:	Physikalische Medizin und Rehabilitation
Noregur:	fysikalsk medisin og rehabilitering
Svíþjóð:	medicinsk rehabilitering
Sviss:	Physikalische Medizin und Rehabilitation/médecine physique et réhabilitation/medicina fisica e riabilitazione“

húð- og kynsjúkdómalækningar:

„Austurríki:	Haut- und Geschlechtkrankheiten
Finnland:	iho- ja sukupuolitaudit/hud- och könssjukdomar
Ísland:	húð- og kynsjúkdómalækningar
Liechtenstein:	Dermatologi und Venerologi
Noregur:	hud- og veneriske sykdommer
Svíþjóð:	hudsjukdomar och veneriska sjukdomar (dermatologi och venerologi)
Sviss:	Dermatologie und Venereologie/ dermatologie et vénéréologie/ dermatologia e venereologia“

geislalækningar:

„Austurríki:	Radiologie
Ísland:	geislalækningar
Noregur:	radiologi“

geislagreining:

„Austurríki:	Radiologie-Diagnostik
Finnland:	radiologia/radiologi
Liechtenstein:	Medizinische Radiologie
Svíþjóð:	röntgendiagnostik
Sviss:	Medizinische Radiologie — Radiodiagnostik/radiologie médicale — radiodiagnostic/radiologia medica — radiodiagnostica“

geislameðferð:

„Austurríki:	Radiologie-Strahlentherapie
Finnland:	syöpätaudit ja sädehoito/ cancersjukdomar och radioterapi
Noregur:	onkologi
Svíþjóð:	tumörsjukdomar (allmän onkologi)
Sviss:	Medizinische Radiologie — Radio-Onkologie/radiologie médicale — radio- oncologie/radiologia medica — radio-oncologia“

hitabeltislækningar:

„Sviss:	Tropenkrankheiten/maladies tropicales/malattie tropicali“

barnageðlækningar:

„Finnland:	lasten psykiatria/barnspsykiatri
Ísland:	barnageðlækningar
Liechtenstein:	Kinder- und Jugendpsychiatrie und -psychotherapie
Noregur:	barne- og ungdomspsykiatri
Svíþjóð:	barn- och ungdomspsykiatri
Sviss:	Kinder- und Jugendpsychiatrie und -psychotherapie/ psychiatrie et psychothérapie d'enfants et d'adolescents/ psichiatria e psicoterapia infantile e dell'adolescenza“

öldrunarlækningar:

„Finnland:	geriatria/geriatri
Ísland:	öldrunarlækningar
Liechtenstein:	Geriatrie
Noregur:	geriatri
Svíþjóð:	långvårdsmedicin“

nýrnalækningar:

„Finnland:	nefrologia/nefrologi
Ísland:	nýrnalækningar
Noregur:	nyresykdommer
Svíþjóð:	medicinska njursjukdomar (nefrologi)“

smitsjúkdómar:

„Finnland:	infektiosairaudet/ infektionssjukdomar
Ísland:	smitsjúkdómar
Noregur:	infeksjonssykdommer
Svíþjóð:	infektionssjukomar“

félagslækningar:

„Austurríki:	Sozialmedizin
Finnland:	terveydenhuolto/hälsovård
Ísland:	félagslækningar

Liechtenstein:	Prävention und Gesundheitswesen
Noregur:	samfunnsmedisin
Sviss:	Prävention und Gesundheitswesen/ prévention et santé publique/ prevenzione e sanità pubblica“

lyfjafræði:

„Finnland:	kliininen farmakologia/klinisk farmakologi
Ísland:	lyfjafræði
Noregur:	klinisk farmakologi
Svíþjóð:	klinisk farmakologi“

atvinnulækningar:

„Austurríki:	Arbeitsmedizin
Finnland:	työterveyshuolto/företagshälsovård
Ísland:	atvinnulækningar
Noregur:	yrkesmedisin
Svíþjóð:	yrkesmedicin“

ofnæmislækningar:

„Finnland:	allergologia/allergologi
Ísland:	ofnæmislækningar
Svíþjóð:	internmedicinsk allergologi“

meltingarskurðlækningar:

„Finnland:	gastroenterologia/ gastroenterologi
Noregur:	gastroenterologisk kirurgi“

geislalæknisfræði:

„Austurríki:	Nuklearmedizin
Finnland:	isotooppitutkimukset/ isotopundersökningar
Sviss:	Medizinische Radiologie — Nuklearmedizin/radiologie médicale — médecine nucléaire/radiologia medica — medicina nucleare“

kjálka- og munnholsskurðlækningar (grunnþjálfun í lækningum og tannlækningum):

„Finnland:	leukakirurgia/käkkirurgi
Liechtenstein:	Kieferchirurgie
Noregur:	kjevekirurgi og munnhulesykdommer
Sviss:	Kieferchirurgie/chirurgie maxillo-faciale/chirurgia mascello-facciale.“

2. 375L0363: Tilskipun ráðsins 75/363/EBE frá 16. júní 1975 um samræmingu á ákvæðum er varða starfsemi lækna og sett eru með lögum eða stjórnsýslufyrirmælum (Stjtíð. EB nr. L 167, 30.6. 1975, bls. 14), eins og henni var breytt með:

- **382L0076: Tilskipun ráðsins 82/76/EBE frá 26. janúar 1982 (Stjtíð. EB nr. L 43, 15.12. 1982, bls. 21); (Sjá 1. tölulið í fylgiskjali 1).**
- **389L0594: Tilskipun ráðsins 89/594/EBE frá 30. október 1989 (Stjtíð. EB nr. L 341, 23.11. 1989, bls. 19). (Sjá 1. tölulið í fylgiskjali 1).**

Sviss er veitt undanþága frá ákvæðum tilskipunar 75/363/EBE, eins og þau eru aðlöguð í þessum samningi, og skal standa við skuldbindingarnar sem þar eru settar fram í síðasta lagi 1. janúar 1997 í stað 1. janúar 1993.

TILSKIPUN RÁÐSINS

frá 16. júní 1975

um samræmingu á ákvæðum er varða starfsemi lækna og sett eru með lögum eða stjórnsýslufyrirmælum

(75/363/EBE)

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 49., 57., 66. gr. og 235. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af áliti Evrópuþingsins [1],

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndarinnar [2],

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Með það í huga að komið verði á gagnkvæmri viðurkenningu á prófskírteinum, vottorðum og öðrum vitnisburði um formlega menntun og hæfi í læknisfræði, sem mælt var fyrir um með tilskipun 75/362/EBE [3] frá 16. júní 1975 um gagnkvæma viðurkenningu á prófskírteinum, vottorðum og öðrum vitnisburði um formlega menntun og hæfi í læknisfræði, að meðtöldum ráðstöfunum er auðvelda að staðfesturéttar og réttar til að veita þjónustu sé neytt, gerir samhæfing náms í aðildarríkjunum kleift að samræmingin á þessu sviði sé einskorðuð við að virða lágmarkskröfur sem gefur aðildarríkjunum frjálsar hendur með skipulagningu kennslu.

Með gagnkvæma viðurkenningu í huga á prófskírteinum, vottorðum og öðrum vitnisburði um formlega menntun og hæfi í sérgreinum læknisfræðinnar og með það að markmiði að jafna innan bandalagsins aðstöðu allra aðila stéttarinnar sem eru ríkisborgarar aðildarríkjanna, virðist ekki hjá því komist að samræma að einhverju marki kröfur sem gerðar eru um sérnám. Setja verður ákveðin lágmarksskilyrði í þessu skyni er varða rétt til að hefja sérnám, lengd námstíma, aðferðir sem notaðar eru í slíku námi og þann stað sem það fer fram á, sem og undir hvaða eftirlit það skuli heyra. Þessi skilyrði eiga aðeins við um það sérnám sem hægt er að stunda í öllum aðildarríkjunum eða tveimur eða fleiri aðildarríkjum.

Samræming skilyrða fyrir því að fá að stunda starfsemi af þessu tagi, eins og lagt er til í þessari tilskipun, kemur ekki í veg fyrir síðari samræmingu af neinu tagi.

Samræmingin sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun nær til menntunar lækna. Að því er námið varðar, gera flest aðildarríkin á þessari stundu ekki greinarmun á læknum sem stunda starfsemi sína sem launþegar og þeim sem eru sjálfstætt starfandi. Af þessum sökum og með það að markmiði að hvetja til hreyfanleika sérmenntaðs fólks innan bandalagsins, að svo miklu leyti sem unnt er, virðist nauðsynlegt að víkka gildissvið þessarar tilskipunar þannig að hún taki til lækna sem starfa sem launþegar.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

1. Aðildarríkin skulu krefja þá sem æskja þess að hefja og stunda læknastörf að þeir hafi prófskírteini, vottorð eða annan vitnisburð um formlega menntun og hæfi í læknisfræði sem um getur í 3. gr. tilskipunar 75/362/EBE sem tryggir að á námstímabilinu hafi hlutaðeigandi einstaklingur öðlast:

a) fullnægjandi þekkingu á þeim vísindagreinum sem læknisfræðin byggir á og góðan skilning á vísindaaðferðum, að meðtöldum aðferðum sem eru notaðar við mælingar á líffræðilegri starfsemi, mati á vísindalega viðurkenndum staðreyndum og greiningu gagna;

b) viðunandi skilning á líkamsbyggingu, starfsemi og hegðun heilbrigðra og sjúkra einstaklinga, svo og sambandinu á milli heilsufars, aðbúnaðar og félagslegs umhverfis manna;

c) fullnægjandi þekkingu á klínískum greinum og meðferðum, þar sem veitt er heilleg mynd af andlegum og líkamlegum sjúkdómum, á fyrirbyggjandi aðgerðum læknisfræðinnar, sjúkdómsgreiningu og meðferð og á æxlun manna;

d) tilhlýðilega verklega þjálfun á sjúkrahúsum undir viðeigandi eftirliti.

2. Fullnægjandi menntun lækna af þessu tagi skal fela í sér sex ára nám hið minnsta eða 5500 klukkustundir af bóklegu og verklegu námi í háskóla eða undir eftirliti háskóla.

([1]) Stjtíð. EB nr. C 101, 4. 8. 1970, bls. 19.
([2]) Stjtíð. EB nr. C 36, 28. 3. 1970, bls. 19.
([3]) Stjtíð. EB L 167, 30. 6. 1975, bls. 1.

3. Sem inntökuskilyrði fyrir þetta nám verður umsækjandi að hafa prófskírteini eða vottorð sem heimilar honum aðgang að háskólum aðildarríkis í umrætt nám.

4. Að því er varðar einstaklinga sem hófu nám fyrir 1. janúar 1972 getur námið sem um getur í 2. mgr. falið í sér sex mánaða fullt verklegt nám á háskólastigi undir eftirliti lögbærra yfirvalda.

5. Ekkert í þessari tilskipun skal draga úr tækifærum sem aðildarríki geta veitt í samræmi við þær reglur sem gilda á yfirráðasvæði þeirra og heimila þeim sem hlotið hafa prófskírteini, vottorð eða annan vitnisburð um formlega menntun og hæfi utan aðildarríkis að hefja og stunda starfsemi sem læknir.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu tryggja að nám sem er undanfari að prófskírteini, vottorði eða öðrum vitnisburði um formlega menntun og hæfi í sérgreinum læknisfræðinnar fullnægi eftirfarandi skilyrðum hið minnsta:

a) að baki þess verður að vera fullt sex ára nám innan ramma þess náms sem um getur í 1. gr.;

b) það verður að vera bæði af bóklegum og verklegum toga;

c) að baki þess verður að vera fullt nám undir eftirliti þar til bærra yfirvalda eða stofnana;

d) það verður að fara fram á háskólastigi, á kennslusjúkrahúsi eða, þar sem það á við, á heilbrigðisstofnun sem hefur hlotið viðurkenningu í þessu skyni af þar til bærum yfirvöldum eða stofnunum;

e) læknir sem er í sérnámi verður sjálfur að taka þátt í þeirri starfsemi og axla þá ábyrgð sem fylgir starfinu á hlutaðeigandi stofnunum.

2. Aðildarríkin skulu setja það skilyrði fyrir veitingu prófskírteina, vottorða eða annars vitnisburðar um formlega menntun og hæfi í sérgreinum læknisfræðinnar að viðkomandi hafi prófskírteini, vottorð eða annan vitnisburð um formlega menntun og hæfi í læknisfræði eins og um getur 1. gr.

3. Aðildarríkin skulu, innan þeirra tímamarka sem sett eru í 7. gr., tilnefna þar til bær yfirvöld eða stofnanir til að gefa út þau prófskírteini, vottorð eða annan vitnisburð um formlega menntun og hæfi sem getið er 1. mgr.

3. gr.

1. Með fyrirvara um regluna um fullt nám sem sett er fram í c-lið 1. mgr. 2. gr. og þar til ráðið tekur ákvörðun í samræmi við 3. mgr. geta aðildarríkin leyft sérnám í hlutanámi með skilmálum sem lögbær innlend yfirvöld samþykkja í þeim tilvikum þar sem fullu námi væri ekki komið við af vel rökstuddum ástæðum.

2. Ekki er hægt að stytta heildartíma sérnáms í krafti 1. mgr. Hvorki hlutanám né launuð starfsþjálfun sem fer fram á vegum einkaaðila má verða til þess að slakað verði á kröfum um gæði náms.

3. Eigi síðar en fjórum árum eftir birtingu þessarar tilskipunar og í ljósi fenginnar reynslu, skal ráðið, að fenginni tillögu frá framkvæmdastjórninni og með það í huga að möguleikinn á hlutanámi verður að vera áfram fyrir hendi í ákveðnum tilvikum, sem kanna verður hvert fyrir sig, ákveða hvort 1. og 2. mgr. skulu gilda áfram eða taka breytingum.

4. gr.

Aðildarríkin skulu tryggja að lágmarkslengd þess sérnáms sem getið er að neðan verði ekki styttri en sem hér segir:

Fyrsti flokkur:	
— almennar skurðlækningar — taugaskurðlækningar — lyflækningar — þvagfæraskurðlækningar — bæklunarskurðlækningar	fimm ár.
Annar flokkur:	
— kvenlækningar — barnalækningar — lungnalækningar	fjögur ár.
Þriðji flokkur:	
— svæfingalækningar — augnlækningar — háls-, nef- og eyrnalækningar	þrjú ár.

5. gr.

Aðildarríki sem hafa sett ákvæði með lögum og stjórnsýslufyrirmælum á þessu sviði skulu sjá til þess að lágmarkslengd þess sérnáms sem getið er að neðan sé eigi styttri en sem hér segir:

Fyrsti flokkur:	
— lýtalækningar — brjóstholsskurðlækningar — æðaskurðlækningar — taugageðlækningar — barnaskurðlækningar — meltingarfæraskurðlækningar	fimm ár.

Annar flokkur: — hjartalækningar — meltingarsjúkdómalækningar — taugalækningar — gigtarlækningar — geðlækningar — klínísk líffræði — geislalækningar — geislagreining — geislameðferð — hitabeltissjúkdómalækningar — lyfjafræði — barnageðlækningar — sýklafræði — líffærameinafræði — atvinnusjúkdómalækningar — lífefnafræði — ónæmislækningar — húðsjúkdómafræði — kynsjúkdómafræði — öldrunarlækningar — nýrnalækningar — smitsjúkdómar — félagslækningar — blóðrannsóknir	fimm ár.
Þriðji flokkur: — almenn blóðmeinafræði — efnaskipta- og innkirtlalækningar — orku- og endurhæfingarlækningar — munnfræði — kyn- og húðsjúkdómafræði — ofnæmislækningar	fimm ár.

6. gr.

Tilskipun þessi skal einnig gilda um ríkisborgara aðildarríkja sem í samræmi við reglugerð (EBE) nr. 1612/68 ([1]) frá 15. október 1968 um frelsi launþega til flutninga innan bandalagsins stunda eða munu stunda sem launþegar þá starfsemi sem um getur í 1. gr. tilskipunar 75/362/EBE.

7. gr.

Sem bráðabirgðaráðstöfun og þrátt fyrir c-lið 1. mgr. 2. gr. og 3. gr., geta aðildarríki, þar sem ákvæði í lögum eða stjórnsýslufyrirmælum heimila sérnám í formi hlutanáms á þeim tíma þegar tilskipun þessi birtist, beitt þessum ákvæðum áfram gagnvart kandídötum sem hefja sérnám sitt eigi síðar en fjórum árum eftir birtingu þessarar tilskipunar. Hægt er að framlengja þetta tímabil hafi ráðið ekki tekið ákvörðun í samræmi við 3. mgr. 3. gr.

8. gr.

Sem bráðabirgðaráðstöfun og þrátt fyrir 2. mgr. 2. gr.:

a) að því er Lúxemborg varðar og aðeins hvað snertir prófskírteini frá Lúxemborg sem heyra undir lögin í Lúxemborg frá 1939 um veitingu námsgráða og prófgráða á háskólastigi, skal útgáfa sérfræðileyfa einfaldlega vera háð því að viðkomandi hafi prófskírteini í læknisfræði, prófskírteini í skurð- og fæðingarlækningum sem veitt eru af prófanefnd ríkisins í Lúxemborg;

b) að því er Danmörk varðar og aðeins hvað snertir dönsk prófskírteini í læknisfræði, sem að dönskum lögum verða að vera gefin út af læknadeild í dönskum háskóla samkvæmt tilskipun sem gefin var út af innanríkisráðuneytinu 14. maí 1970, skal útgáfa sérfræðileyfis einungis háð því að viðkomandi hafi ofangreind prófskírteini.

Veita má kandídötum sem hófu nám fyrir lok tímabilsins sem getið er 1. mgr. 9. gr. prófskírteinin sem um getur í a- og b-lið.

9. gr.

1. Aðildarríkjunum ber að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að fara að tilskipun þessari innan átján mánaða frá birtingu hennar og tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

2. Aðildarríkin skulu sjá til þess að framkvæmdastjórninni berist helstu ákvæði úr landslögum sem samþykkt verða um málefni sem tilskipun þessi nær til.

10. gr.

Verði vart verulegra vandkvæða á tilteknum sviðum við beitingu þessarar tilskipunar í aðildarríki ber framkvæmdastjórninni að kanna þessi vandkvæði í samráði við það ríki og krefjast álits nefndar háttsettra opinberra embættismanna um almannaheilbrigði sem skipuð var með ákvörðun 75/365/EBE. ([2])

Framkvæmdastjórninni ber að leggja viðeigandi tillögur fyrir ráðið gerist þess þörf.

11. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Lúxemborg 16. júní 1975.

Fyrir hönd ráðsins,

R. RYAN

forseti.

([1]) Stjtíð. EB nr. L 257, 19. 10. 1968, bls. 2.

([2]) Stjtíð. EB L 167, 30. 6. 1975, bls. 19.

3. 381L1057: Tilskipun ráðsins frá 14. desember 1981 til viðbótar tilskipunum 75/362/EBE, 77/452/EBE, 78/686/EBE og 78/1026/EBE um gagnkvæma viðurkenningu á prófskírteinum, vottorðum og öðrum vitnisburði um formlega menntun og hæfi lækna, hjúkrunarfræðinga í almennri hjúkrun, tannlækna og dýralækna með tilliti til áunninna réttinda.

31. 12. 81 Stjórnartíðindi EB Nr. L 385/25

TILSKIPUN RÁÐSINS

frá 14. desember 1981

til viðbótar tilskipunum 75/362/EBE, 77/452/EBE, 78/686/EBE og 78/1026/EBE um gagnkvæma viðurkenningu á prófskírteinum, vottorðum og öðrum vitnisburði um formlega menntun og hæfi lækna, hjúkrunarfræðinga í almennri hjúkrun, tannlækna og dýralækna með tilliti til áunninna réttinda

(81/1057/EBE)

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 49., 57. og 66. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ([1]),

með hliðsjón af áliti Evrópuþingsins ([2]),

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndarinnar ([3]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Ákvæðin sem tengjast áunnum réttindum í tilskipunum 75/362/EBE ([4]), 77/452/EBE ([5]), 78/686/EBE ([6]) og 78/1026/EBE ([7]) um gagnkvæma viðurkenningu á prófskírteinum, vottorðum og öðrum vitnisburði um formlega menntun og hæfi lækna, hjúkrunarfræðinga í almennri hjúkrun, tannlækna og dýralækna, að meðtöldum ráðstöfunum er auðvelda að staðfesturéttar og réttar til að veita þjónustu sé neytt, vísa til prófskírteina, vottorða og annars vitnisburðar um formlega menntun og hæfi lækna, hjúkrunarfræðinga í almennri hjúkrun, tannlækna og dýralækna sem gefin hafa verið út af aðildarríkjunum áður en þessar tilskipanir tóku gildi.

Þessi ákvæði gera þess vegna ekki sérstaklega ráð fyrir prófskírteinum, vottorðum og öðrum vitnisburði um formlega menntun og hæfi þegar um er að ræða nám sem uppfyllir ekki þær lágmarksnámskröfur sem kveðið er á um í tilskipunum 75/363/EBE ([8]), 77/453/EBE ([9]), 78/687/EBE ([10]) og 78/1027/EBE ([11]) og sem lauk eftir að þessar tilskipanir tóku gildi en hófst áður en þær tóku gildi.

Ráðlegt er að bæta úr þessum annmarka.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

1. og 2. mgr. 9. gr. tilskipunar 75/362/EBE, 4. gr. tilskipunar 77/452/EBE, 1. og 2. mgr. 7. gr. tilskipunar 78/686/EBE og 4. gr. tilskipunar 78/1026/EBE gilda einnig um prófskírteini, vottorð og annan vitnisburð um formlega menntun og hæfi þegar um er að ræða nám sem uppfyllir ekki þær lágmarksnámskröfur sem kveðið er á um í 1., 2., 3., 4. og 5. gr. tilskipunar 75/363/EBE, 1 gr. tilskipunar 77/453/EBE, 1., 2. og 3. gr. tilskipunar 78/687/EBE og 1. gr. tilskipunar 78/1027/EBE og sem lauk eftir að þessar tilskipanir tóku gildi en hófst áður en þær tóku gildi.

([1]) Stjtíð. EB nr. C 121, 23. 5. 1981, bls. 3.
([2]) Stjtíð. EB nr. C 172, 13. 7. 1981, bls. 114.
([3]) Stjtíð. EB nr. C 185, 27. 7. 1981, bls. 7.
([4]) Stjtíð. EB nr. L 167, 30. 6. 1975, bls. 1.
([5]) Stjtíð. EB nr. L 176, 15. 7. 1977, bls. 1.
([6]) Stjtíð. EB nr. L 233, 24. 8. 1978, bls. 1.
([7]) Stjtíð. EB nr. L 362, 23. 12. 1978, bls. 1.
([8]) Stjtíð. EB nr. L 167, 30. 6. 1975, bls. 14.
([9]) Stjtíð. EB nr. L 176, 15. 7. 1977, bls. 8.
([10]) Stjtíð. EB nr. L 233, 24. 8. 1978, bls. 10.
([11]) Stjtíð. EB nr. L 362, 23. 12. 1978, bls. 7.

2. gr.

Aðildarríkjunum ber að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að fara að tilskipun þessari ekki síðar en 30. júní 1982 og tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

3. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 14. desember 1981.

Fyrir hönd ráðsins,

G. HOWE

forseti.

Fylgiskjal 2:

Hjúkrunarfræðingar

1. **377L0452: Tilskipun ráðsins 77/452/EBE frá 27. júní 1977 um gagnkvæma viðurkenningu á prófskírteinum, vottorðum og öðrum vitnisburði um formlega menntun og hæfi hjúkrunarfræðinga í almennri hjúkrun, að meðtöldum ráðstöfunum er auðvelda að staðfesturéttar og réttar til að veita þjónustu sé neytt (Stjtíð. EB nr. L 176, 15.7.1977, bls. 1), eins og henni var breytt með:**

- **179H: Lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum – aðild Lýðveldisins Grikklands að Evrópubandalögunum (Stjtíð. EB nr. L 291, 19.11.1979, bls. 91);**

- **185I: Lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum – aðild Konungsríkisins Spánar og Lýðveldisins Portúgals að Evrópubandalögunum (stjtíð. EB nr. L 302, 15.11.1985, bls. 160);**

- **389L0594: Tilskipun ráðsins 89/594/EBE frá 30. október 1989 (Stjtíð. EB nr. L 341, 23.11.1989, bls. 19); (Sjá 1. tölulið í fylgiskjali 1).**

- **389L0595: Tilskipun ráðsins 89/595/EBE frá 30. október 1989 (Stjtíð. EB nr. L 341, 23.11.1989, bls. 30);**

- **390L0658: Tilskipun ráðsins 90/658/EBE frá 4. desember 1990 (Stjtíð. EB nr. L 353, 17.12.1990, bls. 73).**

Sviss er veitt undanþága frá ákvæðum tilskipunar 77/452/EBE, eins og þau eru aðlöguð í þessum samningi, og skal standa við skuldbindingarnar sem þar eru settar fram í síðasta lagi 1. janúar 1997 í stað 1. janúar 1993.

TILSKIPUN RÁÐSINS

frá 27. júní 1977

um gagnkvæma viðurkenningu á prófskírteinum, vottorðum og öðrum vitnisburði um formlega menntun og hæfi hjúkrunarfræðinga í almennri hjúkrun, að meðtöldum ráðstöfunum er auðvelda að staðfesturéttar og réttar til að veita þjónustu sé neytt

(77/452/EBE)

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 49., 57., 66. og 235 gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af áliti Evrópuþingsins ([1]),

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndarinnar ([2]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Samkvæmt sáttmálanum er ekki leyfilegt að loknu aðlögunartímabilinu að mismuna fólki á grundvelli ríkisfangs hvað varðar staðfesturétt og þjónustustarfsemi. Slíkt jafnræði hvað varðar ríkisfang nær einkum til veitingar hvers kyns starfsleyfa sem krafist er þegar stunda á störf hjúkrunarfræðings í almennri hjúkrun og til skráningar eða þátttöku í stéttarsamtökum eða -félögum.

Engu að síður virðist æskilegt að setja sérstök ákvæði til að auðvelda að staðfesturéttarins og réttarins til að veita þjónustu sé neytt á sviði almennrar hjúkrunar.

Samkvæmt sáttmálanum mega aðildarríkin ekki veita neina þá aðstoð sem raskað gæti skilyrðum fyrir staðfestu.

Í 1. mgr. 57. gr. sáttmálans er kveðið á um að tilskipanir skuli gefnar út um gagnkvæma viðurkenningu á prófskírteinum, vottorðum og öðrum vitnisburði um formlega menntun og hæfi.

Jafnhliða gagnkvæmri viðurkenningu á prófskírteinum virðist ráðlegt að gera ráðstafanir til samræmingar á skilyrðum fyrir starfsþjálfun hjúkrunarfræðinga í almennri hjúkrun. Slík samræming er efni tilskipunar 77/453/EBE ([3]).

Samkvæmt lögum nokkurra aðildarríkja er rétturinn til að hefja og stunda starfsemi hjúkrunarfræðinga í almennri hjúkrun háður því að hlutaðeigandi einstaklingur hafi lokið

([1]) Stjtíð. EB nr. C 65, 5. 6. 1970, bls. 12.
([2]) Stjtíð. EB nr. C 108, 26. 8. 1970, bls. 23.
([3]) Stjtíð. EB nr. L 176, 15. 7. 1977, bls. 8.

prófi í hjúkrunarfræðum. Í ákveðnum aðildarríkjum öðrum þar sem þessi krafa er ekki fyrir hendi er engu að síður kveðið á um það í lögum hverjir hafa rétt til þess að bera starfsheiti hjúkrunarfræðings í almennri hjúkrun.

Þar eð tilskipun um gagnkvæma viðurkenningu á prófskírteinum felur ekki endilega í sér að nám sem er undanfari þessara prófskírteina sé jafngilt, ætti eingöngu að leyfa notkun starfsheitis sem byggir á slíku námi á máli upprunaríkisins eða þess ríkis sem hinn erlendi ríkisborgari kemur frá.

Til þess að auðvelda innlendum yfirvöldum beitingu þessarar tilskipunar geta aðildarríkin sett fyrirmæli um að sá einstaklingur sem uppfyllir skilyrði þessarar tilskipunar um nám leggi fram, til viðbótar formlegum vottorðum um nám, vottorð frá lögbærum yfirvöldum upprunalands síns eða landsins sem hann kemur frá þar sem staðfest er að vottorð um nám sé í samræmi við það sem um getur í tilskipuninni.

Hvað varðar kröfur um óflekkað mannorð og góðan orðstír skal gera greinarmun á þeim kröfum sem gerðar eru þegar starf er fyrst hafið í starfsgreininni og þeim sem fullnægja þarf til að leggja stund á hana.

Að því er varðar þjónustustarfsemi, myndi krafan um skráningu í eða aðild að stéttarsamtökum eða -félögum, þar sem hún tengist stöðugri og fastri ástundun starfs í gistiríkinu, án efa verða þjónustuaðilanum fjötur um fót vegna þess að starf hans er í eðli sínu tímabundið. Af þeim sökum ætti að leggja þessa kröfu niður. Engu að síður ber að tryggja eftirlit með starfsaga sem er gert á ábyrgð þessara stéttarsamtaka eða -félaga. Í þessu skyni ætti að setja ákvæði, með fyrirvara um beitingu 62. gr. sáttmálans, um að hægt sé að krefjast þess að viðkomandi aðili tilkynni þjónustustarfsemi sína til lögbærra yfirvalda gistiríkisins.

Að því er varðar starfsemi hjúkrunarfræðinga sem eru launþegar, eru í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1612/68 frá 15. október 1968 um frelsi launþega til flutninga innan bandalagsins [1] ekki sett sérstök ákvæði er varða óflekkað mannorð eða góðan orðstír, starfsaga eða notkun þeirra starfsheita sem um ræðir. Slíkum reglum er beitt eða má beita, eftir því hvert aðildarríkið er, bæði gagnvart launþegum og sjálfstætt starfandi einstaklingum. Starfsemi hjúkrunarfræðinga er í allmörgum aðildarríkjum háð skilyrðum um prófskírteini, vottorð eða annan vitnisburð um formlega menntun og hæfi. Slík starfsemi er stunduð bæði af launþegum og sjálfstætt starfandi einstaklingum eða af sömu aðilum á hvorum tveggja vettvanginum einhvern tíma á starfsævinni. Þar af leiðandi virðist nauðsynlegt að láta þessa tilskipun ná til hjúkrunarfræðinga sem eru launþegar, svo unnt sé að stuðla að því að fólk í þessari starfsgrein hafi ótakmarkað frelsi til flutninga.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. KAFLI

GILDISSVIÐ

1. gr.

1. Tilskipun þessi gildir um starfsemi hjúkrunarfræðinga í almennri hjúkrun.

2. Að því er þessa tilskipun varðar, merkir „starfsemi hjúkrunarfræðinga í almennri hjúkrun“ þá starfsemi sem er stunduð af einstaklingum sem bera eftirfarandi starfsheiti:

í Þýskalandi:

„Krankenschwester“, „Krankenpfleger“;

í Belgíu:

„hospitalier(ère)/verpleegassistent(e)“, „infirmier(ère) hospitalier(ère)/ziekenhuisverpleger (-verpleegster)“;

í Danmörku:

„sygeplejerske“;

í Frakklandi:

„infirmier(ère)“;

á Írlandi:

„Registered General Nurse“;

[1] Stjtíð. EB nr. L 257, 19. 10. 1968, bls. 2.

á Ítalíu:

„infermiere professionale";

í Lúxemborg:

„infirmier";

í Hollandi:

„verpleegkundige";

í Breska konungsríkinu:

England, Wales og Norður-Írland:

„State Registered Nurse";

Skotland:

„Registered General Nurse".

II. KAFLI

PRÓFSKÍRTEINI, VOTTORÐ OG ANNAR VITNISBURÐUR UM FORMLEGA MENNTUN OG HÆFI HJÚKRUNARFRÆÐINGA Í ALMENNRI HJÚKRUN

2. gr.

Sérhverju aðildarríki ber að viðurkenna prófskírteini, vottorð og annan vitnisburð um formlega menntun og hæfi sem aðildarríki veita ríkisborgurum annarra aðildarríkja, í samræmi við 1. gr. tilskipunar 77/453/EBE og sem skráð eru í 3. gr., með því að láta hið sama gilda um slíka menntun og hæfi á yfirráðasvæði sínu að því er varðar réttinn til að hefja og stunda starfsemi hjúkrunarfræðinga í almennri hjúkrun og þá sem aðildarríkið sjálft veitir.

3. gr.

Prófskírteini, vottorð og annar vitnisburður um formlega menntun og hæfi sem um getur til í 2. gr. eru sem hér segir:

a) *í Þýskalandi:*

— vottorð sem veitt eru af lögbærum yfirvöldum að loknu prófinu „staatliche Prüfung in der Krankenpflege" (hjúkrunarpróf ríkisins),

— vottorð frá lögbærum yfirvöldum í Sambandslýðveldinu Þýskalandi til staðfestingar á því að prófskírteini sem veitt eru eftir 8. maí 1945 af lögbærum yfirvöldum í Þýska alþýðulýðveldinu séu viðurkennd til jafns við þau sem skráð eru í fyrsta undirlið;

b) *í Belgíu:*

— vottorðið „hospitalier(ère)/ verpleegassistent(e)" sem veitt er af ríkinu eða skólum sem eru reknir eða viðurkenndir af ríkinu,

— vottorðið „infirmier(ère) hospitalier(ère)/ziekenhuisverpleger (-verpleegster)" sem veitt er af ríkinu eða skólum sem eru reknir eða viðurkenndir af ríkinu,

— prófskírteinið, „infirmier(ère) gradué(e) hospitalier(ère)/gegradueerd ziekenhuisverpleger (-verpleegster)" sem veitt er af ríkinu eða skólum á sviði læknisfræði sem eru reknir eða viðurkenndir af ríkinu;

c) *í Danmörku:*

— prófskírteinið „sygeplejerske" sem er veitt af hjúkrunarskólum sem „Sundhedsstyrelsen" (Heilbrigðisstofnun ríkisins) viðurkennir;

d) *í Frakklandi:*

— prófskírteini ríkisins um „infirmier(ère)" sem veitt er af heilbrigðisráðuneytinu;

e) *á Írlandi:*

— vottorðið „Registered General Nurse" sem veitt er af „An Bord Altranais" (hjúkrunarfræðingaráðið);

f) *á Ítalíu:*

— „diploma di abilitazione professionale per infermiere professionale" sem veitt er af skólum sem eru viðurkenndir af ríkinu;

g) *í Lúxemborg:*

— prófskírteini ríkisins „infirmier",

— prófskírteini ríkisins „infirmier hospitalier gradue",

sem veitt eru af heilbrigðisráðuneytinu samkvæmt meðmælum prófanefndar;

h) *í Hollandi:*

— prófskírteinin „verpleger A", „verpleegster A" og „verpleegkundige A",

— prófskírteinið „verpleegkundige MBOV (Middelbare Beroepsopleiding Verpleegkundige)" (minnapróf í hjúkrunarfræðum),

— prófskírteinið „verpleegkundige HBOV (Hogere Beroepsopleiding Verpleegkundige)" (meirapróf í hjúkrunarfræðum),

sem veitt eru af einni af prófanefndunum sem opinber yfirvöld tilnefna;

i) *í Breska konungsríkinu:*

— vottorð um skráningu í almenna félagaskrá sem í Englandi og Wales er veitt af almenna hjúkrunarráðinu (General Nursing Council) í

Englandi og Wales, í Skotlandi af almenna hjúkrunarráðinu (General Nursing Council) í Skotlandi og á Norður-Írlandi af norður-írska ráðinu sem annast málefni hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra.

III. KAFLI

NÚVERANDI AÐSTÆÐUR

4. gr.

Þegar prófskírteini, vottorð og annar vitnisburður um formlega menntun og hæfi ríkisborgara aðildarríkja fullnægja ekki öllum lágmarksnámskröfum um nám sem settar eru í 1. gr. tilskipunar 77/453/EBE, skulu aðildarríki viðurkenna sem fullnægjandi sönnun prófskírteini, vottorð og annan vitnisburð um formlega menntun og hæfi hjúkrunarfræðinga í almennri hjúkrun sem veitt eru af þessum aðildarríkjum áður en tilskipun 77/453/EBE kemur til framkvæmda, ef vottorð fylgir með staðfestingu á að hlutaðeigandi ríkisborgarar hafi stundað starf hjúkrunarfræðings á löglegan og viðhlítandi hátt í þrjú ár hið minnsta á fimm ára tímabili fyrir útgáfu vottorðsins.

Starfið verður að hafa falið í sér fulla ábyrgð á tilhögun, skipulagningu og framkvæmd við hjúkrun sjúklinga.

IV. KAFLI

NOTKUN NÁMSTITILS

5. gr.

1. Með fyrirvara um 13. gr., skulu gistiríki tryggja að ríkisborgarar aðildarríkja sem fullnægja skilyrðum sem sett eru í 2. og 4. gr. eigi rétt á að nota löggilda námstitla sína, þegar þeir eru ekki samhljóða starfsheitinu, eða, eftir því sem við á, skammstöfun á þeim sem er notuð í upprunaríki þeirra eða aðildarríkinu sem þeir koma frá, á máli eða málum þess ríkis. Gistiríki geta krafist þess að titlinum fylgi upplýsingar um heiti og staðsetningu stofnunarinnar eða prófanefndarinnar sem veitti hann.

2. Ef líkur eru á að námstitlinum, sem er notaður í upprunaríkinu eða aðildarríkinu sem hinn erlendi ríkisborgari kemur frá, verði ruglað saman við titil í gistiríkinu sem krefst, í því ríki, viðbótarnáms sem hlutaðeigandi einstaklingur hefur ekki hlotið, getur gistiríkið krafist þess að viðkomandi noti titil sem tíðkast í upprunaríkinu eða aðildarríkinu sem hann kemur frá, í einhverri þeirri útgáfu sem talin er við hæfi í gistiríkinu.

V. KAFLI

ÁKVÆÐI ER AUÐVELDA AÐ STAÐFESTURÉTTAR OG RÉTTAR TIL AÐ VEITA ÞJÓNUSTU SÉ NEYTT HVAÐ VARÐAR STÖRF HJÚKRUNARFRÆÐINGA Í ALMENNRI HJÚKRUN

A. Sérákvæði um staðfesturétt

6. gr.

1. Fari gistiríki fram á það við eigin ríkisborgara, sem æskja þess að leggja í fyrsta sinn fyrir sig einhverja þá starfsemi sem um getur í 1. gr., að þeir leggi fram meðmæli eða sönnun þess að þeir hafi óflekkað mannorð, þá ber því ríki, þegar í hlut eiga ríkisborgarar annarra aðildarríkja, að taka sem gildan vitnisburð vottorð sem gefið er út af lögbæru yfirvaldi í upprunalandi hins erlenda ríkisborgara eða í landi því sem hann kemur frá er sýnir að skilyrðum fyrir að hefja þá starfsemi sem um ræðir sé fullnægt hvað óflekkað mannorð og góðan orðstír varðar.

2. Fari upprunaríkið eða aðildarríkið sem hinn erlendi ríkisborgari kemur frá ekki fram á það við þá aðila sem æskja þess að hefja í fyrsta sinn þá starfsemi sem um ræðir að þeir leggi fram meðmæli eða sönnun þess að þeir hafi óflekkað mannorð, getur gistiríkið farið fram á, þegar í hlut eiga ríkisborgarar upprunaríkisins eða aðildarríkisins sem hinn erlendi ríkisborgari kemur frá, að fá „sakavottorð" eða að öðrum kosti jafngilt skjal sem gefið er út af lögbærum yfirvöldum í upprunalandi hins erlenda ríkisborgara eða í aðildarríkinu sem hann kemur frá.

3. Búi gistiríkið yfir nákvæmri vitneskju um atvik alvarlegs eðlis sem hefur hent utan yfirráðasvæðis þess og séu líkur á að atvikið hafi áhrif á að umrædd starfsemi verði hafin á yfirráðasvæði þess, getur það látið upprunaríkið eða aðildarríki sem hinn erlendi ríkisborgari kemur frá vita.

Upprunaríkið eða aðildarríkið sem hinn erlendi ríkisborgari kemur frá skal sannprófa gildi upplýsinganna að svo miklu leyti sem þær geta haft áhrif á að starfsemi sú sem hér um ræðir verði hafin í því aðildarríki. Yfirvöld í því ríki skulu taka ákvörðun um eðli og umfang þeirrar rannsóknar sem þau gera og skulu tilkynna gistiríkinu til hvaða aðgerða verður gripið í kjölfarið að því er varðar vottorðin

eða skjölin sem þau hafa gefið út.

Aðildarríkin skulu ábyrgjast að farið sé með upplýsingarnar sem veittar eru sem trúnaðarmál.

7. gr.

1. Komi fram í ákvæðum sem sett eru með lögum og stjórnsýslufyrirmælum í gistiríki kröfur um óflekkað mannorð eða góðan orðstír, að meðtöldum ákvæðum er tengjast iðkun þeirrar starfsemi sem um getur í 1. gr. og varða viðurlög við alvarlegu misferli í starfi eða refsilagabroti, skal upprunaríkið eða aðildarríkið sem hinn erlendi ríkisborgari kemur frá senda gistiríkinu allar nauðsynlegar upplýsingar er varða ráðstafanir eða viðurlög sem félög eða stjórnvöld grípa til gagnvart hlutaðeigandi einstaklingi eða hegningu sem hann hlýtur vegna brota í starfi í upprunaríkinu eða aðildarríkinu sem hinn erlendi ríkisborgari kemur frá.

2. Búi gistiríkið yfir nákvæmri vitneskju um atvik alvarlegs eðlis sem hefur hent utan yfirráðasvæðis þess og séu líkur á að atvikið hafi áhrif á að umrædd starfsemi verði hafin á yfirráðasvæði þess, getur það látið upprunaríkið eða aðildarríki sem hinn erlendi ríkisborgari kemur frá vita.

Upprunaríkið eða aðildarríkið sem hinn erlendi ríkisborgari kemur frá skal sannprófa gildi upplýsinganna að svo miklu leyti sem þær geta haft áhrif á að starfsemi sú sem hér um ræðir verði stunduð í því aðildarríki. Yfirvöld í því ríki skulu taka ákvörðun um eðli og umfang þeirrar rannsóknar sem þau gera og skulu tilkynna gistiríkinu til hvaða aðgerða verður gripið í kjölfarið að því er varðar upplýsingarnar sem þau hafa sent í samræmi við 1. mgr..

3. Aðildarríkin skulu ábyrgjast að farið sé með upplýsingarnar sem veittar eru sem trúnaðarmál

8. gr.

Ef gistiríki krefst þess af eigin ríkisborgurum sem æskja þess að hefja eða stunda einhverja þá starfsemi sem um getur í 1. gr. að þeir leggi fram vottorð um líkamlegt og andlegt heilbrigði skal það ríki taka sem fullgilda sönnun framvísun á skjalinu sem krafist er í upprunaríkinu eða aðildarríkinu sem hinn erlendi ríkisborgari kemur frá.

Ef upprunaríkið eða aðildarríkið sem hinn erlendi ríkisborgari kemur frá gerir engar slíkar kröfur til þeirra sem æskja þess að hefja eða stunda störf í umræddri starfsgrein ber gistiríkinu að taka við vottorði frá slíkum ríkisborgara sem lögbært yfirvald í því ríki hefur gefið út og er sambærilegt við vottorð sem gistiríkið gefur út.

9. gr.

Ekki má leggja fram skjöl sem gefin eru út í samræmi við 6., 7. og 8. gr. þegar meira en þrír mánuðir hafa liðið frá útgáfudegi þeirra.

10. gr.

1. Málsmeðferð þegar hlutaðeigandi einstaklingi er veitt leyfi til að hefja þá starfsemi sem um getur í 1. gr., samkvæmt 6., 7. og 8. gr., verður að vera lokið eins skjótt og kostur er og eigi síðar en þremur mánuðum eftir að öll skjöl er varða þennan einstakling hafa verið lögð fram, án þess að hnekkt sé fresti sem hlotist getur vegna málskots sem komið getur til að málsmeðferð lokinni.

2. Í þeim tilvikum sem um getur í 3. mgr. 6. gr. og 2. mgr. 7. gr., leiðir krafa um endurskoðun til þess að fresturinn sem kveðið er á um í 1. mgr. fellur úr gildi.

Aðildarríkið sem ráðgast er við skal gefa svar innan þriggja mánaða.

Að svari fengnu eða við lok tímabilsins skal gistiríkið halda áfram málsmeðferðinni sem um getur í 1. mgr.

B. Sérákvæði um þjónustustarfsemi

11. gr.

1. Fari aðildarríki fram á það við sína eigin ríkisborgara, sem æskja þess að hefja eða stunda einhverja þá starfsemi sem um getur í 1. gr., að þeir hafi annaðhvort starfsleyfi frá eða séu félagar í eða skráðir hjá stéttarsamtökum eða -félagi skal það aðildarríki veita ríkisborgurum annarra aðildarríkja undanþágu frá þeirri kröfu að því er varðar þjónustustarfsemi.

Hlutaðeigandi einstaklingur skal veita þjónustu með sömu réttindum og skyldum og ríkisborgarar gistiríkisins. Hann skal einkum hlíta starfsreglum sem eru settar af fagfélögum

eða stjórnvöldum og gilda í því aðildarríki.

Samþykki gistiríki ráðstöfun samkvæmt annarri undirgrein eða öðlist vitneskju um atvik sem brjóta í bága við þessi ákvæði skal það þegar í stað tilkynnast aðildarríkinu þar sem hlutaðeigandi einstaklingur hefur staðfestu.

2. Gistiríkið getur krafist þess að hlutaðeigandi einstaklingur gefi lögbærum yfirvöldum yfirlýsingu fyrirfram um þjónustuna sem á að veita þegar hún felur í sér tímabundna dvöl á yfirráðasvæði þess.

Í bráðatilvikum má gefa yfirlýsinguna eins skjótt og auðið er eftir að þjónustan hefur verið látin í té.

3. Samkvæmt 1. og 2. mgr. getur gistiríkið krafist þess að hlutaðeigandi einstaklingur leggi fram eitt eða fleiri skjöl sem hafa að geyma eftirfarandi upplýsingar:

— yfirlýsinguna sem um getur í 2. mgr.,

— vottorð þar sem fram kemur að hlutaðeigandi einstaklingur hafi löggild réttindi til að stunda þá starfsemi sem um ræðir í aðildarríkinu þar sem hann hefur staðfestu,

— vottorð um að hlutaðeigandi einstaklingur hafi eitt eða fleiri prófskírteini, vottorð eða annan vitnisburð um formlega menntun og hæfi sem krafist er til að fá að veita þá þjónustu sem um getur í þessari tilskipun.

4. Ekki má framvísa skjalinu eða skjölunum sem eru tilgreind í 3. mgr. þegar meira en tólf mánuðir hafa liðið frá útgáfudegi þeirra.

5. Svipti aðildarríki tímabundið eða varanlega, að hluta eða að öllu leyti, einn af ríkisborgurum sínum eða ríkisborgara annars aðildarríkis sem hefur staðfestu á yfirráðasvæði þess réttinum til að stunda einhverja þá starfsemi sem um getur í 1. gr., skal það, eftir því sem við á, tryggja tímabundna eða varanlega afturköllun vottorðsins sem um getur í öðrum undirlið 3. mgr.

12. gr.

Ef krafist er skráningar hjá opinberri almannatryggingastofnun í gistiríki til að hægt sé að gera upp reikninga við tryggingastofnanir er varða þjónustu til handa einstaklingum sem njóta almannatrygginga, skal það aðildarríki veita ríkisborgurum aðildarríkja sem hafa staðfestu í öðru aðildarríki undanþágu frá þessari kröfu í þeim tilvikum sem þjónustustarfsemin hefur í för með sér ferðalög hlutaðeigandi einstaklings.

Engu að síður ber hlutaðeigandi einstaklingum að veita stofnuninni upplýsingar fyrirfram, eða eftir á í bráðatilvikum, um þá þjónustu sem látin er í té.

C. Ákvæði sem eiga bæði við staðfesturétt og rétt til að veita þjónustu

13. gr.

Þegar notkun starfsheitis er lögvernduð í gistiríki, að því er varðar einhverja þá starfsemi sem um getur í 1. gr. skulu ríkisborgarar annarra aðildarríkja sem uppfylla skilyrðin sem sett eru í 2. og 4. gr. nota starfsheiti gistiríkisins sem í því ríki samsvarar þeim hæfisskilyrðum og skulu jafnframt nota skammstöfun heitisins.

14. gr.

Fari gistiríki fram á það við sína eigin ríkisborgara, sem æskja þess að hefja eða stunda þá starfsemi sem um getur í 1. gr., að þeir sverji eið eða gefi drengskaparheit og sé eiðurinn eða heitið þess eðlis að ríkisborgarar annarra aðildarríkja geti ekki nýtt það skal aðildarríkið tryggja að viðeigandi og jafngilt form til eiðtökunnar sé í boði fyrir hlutaðeigandi einstakling.

15. gr.

1. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að gera hlutaðeigandi einstaklingum kleift að afla upplýsinga um heilbrigðis- og almannatryggingalög og, eftir því sem við á, siðareglur starfsgreinarinnar í gistiríkinu.

Í þessu skyni skulu aðildarríkin koma á fót upplýsingamiðstöðvum þar sem hlutaðeigandi aðilar geta aflað nauðsynlegra upplýsinga. Aðildarríkin geta krafist þess að þeir hafi samband við þessar miðstöðvar þegar um er að ræða staðfestu.

2. Aðildarríkin geta komið þeim miðstöðvum sem um getur í 1. mgr. á fót undir verndarvæng lögbærra yfirvalda og stofnana sem þau tilnefna fyrir lok frestsins sem settur er í 1. mgr. 19. gr.

3. Aðildarríkin skulu tryggja, eftir því sem við á, að viðkomandi einstaklingar afli sér, bæði í eigin þágu og vegna sjúklinga sinna, þeirrar málakunnáttu sem með þarf til að leggja stund á starfsgrein þeirra í gistiríkinu.

VI. KAFLI

LOKAÁKVÆÐI

16. gr.

Ef réttmætur efi er fyrir hendi getur gistiríkið krafist þess að lögbær yfirvöld í öðru aðildarríki staðfesti áreiðanleika prófskírteina, vottorða og annars vitnisburðar um formlega menntun og hæfi sem veitt hafa verið í síðarnefnda aðildarríkinu og sem um getur í II. og III. kafla og staðfesti jafnframt að hlutaðeigandi einstaklingur uppfylli þau skilyrði um menntun sem sett eru í tilskipun 77/453/EBE.

17. gr.

Aðildarríkin skulu, innan tímamarkanna sem sett eru í 1. mgr. 19. gr., tilnefna þau yfirvöld og stofnanir sem hafa umboð til að gefa út eða veita viðtöku prófskírteinum, vottorðum og öðrum vitnisburði um formlega menntun og hæfi, sem og skjölum þeim og upplýsingum sem um getur í þessari tilskipun, og skulu tilkynna það hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni þegar í stað.

18. gr.

Tilskipun þessi skal einnig gilda um ríkisborgara aðildarríkja sem í samræmi við reglugerð (EBE) nr. 1612/68 stunda eða munu stunda þá starfsemi sem um getur í 1. gr. sem launþegar.

19. gr.

1. Aðildarríkjunum ber að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að fara að tilskipun þessari innan tveggja ára frá birtingu hennar og tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

2. Aðildarríkin skulu sjá til þess að framkvæmdastjórninni berist helstu ákvæði úr landslögum sem samþykkt verða um málefni sem tilskipun þessi nær til.

20. gr.

Verði vart verulegra vandkvæða á tilteknum sviðum við beitingu þessarar tilskipunar í aðildarríki ber framkvæmdastjórninni að kanna þessi vandkvæði í samráði við það ríki og krefjast álits nefndar háttsettra opinberra embættismanna um almannaheilbrigði sem skipuð var með ákvörðun 75/365/EBE ([1]), eins og henni var síðast breytt með ákvörðun 77/455/EBE ([2]).

Framkvæmdastjórninni ber að leggja viðeigandi tillögur fyrir ráðið gerist þess þörf.

21. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Lúxemborg 27. júní 1977.

Fyrir hönd ráðsins,

J. SILKIN

forseti.

([1]) Stjtíð. EB nr. L 167, 30. 6. 1975, bls. 19.
([2]) Stjtíð. EB nr. L 176, 15. 7. 1977, bls. 13.

377L0452: Tilskipun ráðsins 77/452/EBE frá 27. júní 1977 (Stjtíð. EB nr. L 176, 15.7.1977, bls. 1), eins og henni var breytt með:

- **179H: Lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum – aðild Lýðveldisins Grikklands að Evrópubandalögunum (Stjtíð. EB nr. L 291, 19.11.1979, bls. 91).**

a) Eftirfarandi bætist við í lok 2. mgr. 1. gr.:

„*í Grikklandi:* διπλωματούχος ἀδελφὴ νοσοκόμος ."

b) Eftirfarandi bætist við í lok 3. gr.:

„j) *í Grikklandi:*

1. annaðhvort skírteinið Ἀνωτέρας Σχολῆς Ἀδελφῶν Νοσοκόμων (almenni hjúkrunarskólinn), sem viðurkennt er af félagsmálaráðuneytinu eða prófskírteinið τῶν παραϊατρικῶν σχολῶν τῶν Κέντρων Ἀνωτέρας Τεχνικῆς καί Ἐπαγγελματικῆς Ἐκπαιδεύσεως (menntun fyrir aðstoðarlækna í æðri tækni- og iðnskólum), veitt af mennta- og kirkjumálaráðuneyti;
2. skírteinið πιστοποιητικό πρακτικῆς ἀσκήαεως τοὺ ἐπαγγέλματος τῆς ἀδελφῆς νοσοκόμου (vottorð um starfsþjálfun í hjúkrun) sem gefið er út af félagsmálaráðuneyti."

- **1851: Lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum – aðild Konungsríkisins Spánar og Lýðveldisins Portúgals að Evrópubandalögunum (Stjtíð. EB nr. L 302, 15.11.1985, bls. 160).**

a) Eftirfarandi bætast við 2. mgr. 1. gr.:

„*á Spáni:*

„Enfermero/a diplomado/a;"

í Portúgal:

„Enfermeiro"."

b) Eftirfarandi bætist við 3. gr.:

„k) *á Spáni:*

„Título de Diplomado universitario en Enfermería" (háskólaprófskírteini í hjúkrunarfræði) veitt af ráðuneyti mennta- og vísindamála.

l) *í Portúgal:*

„Diploma do curso de enfermagem geral" (prófskírteini í almennri hjúkrun) veitt af menntastofnunum sem eru viðurkenndar af ríkinu og skráðar hjá lögbærum yfirvöldum."

TILSKIPUN RÁÐSINS

frá 10. október 1989

um breytingu á tilskipun 77/452/EBE um gagnkvæma viðurkenningu á prófskírteinum, vottorðum og öðrum vitnisburði um formlega menntun og hæfi hjúkrunarfræðinga í almennri hjúkrun, að meðtöldum ráðstöfunum er auðvelda að staðfesturéttar og réttar til að veita þjónustu sé neytt, og um breytingu á tilskipun 77/453/EBE um samræmingu á ákvæðum er varða starfsemi hjúkrunarfræðinga í almennri hjúkrun og sett eru með lögum og stjórnsýslufyrirmælum

(89/595/EBE)

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 49. gr., l. mgr. og fyrsta og þriðja málslið í 2. mgr. 57. gr. og 66. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ([1]),

með hliðsjón af áliti Evrópuþingsins ([2]),

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndarinnar ([3]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í annarri undirgrein 3. mgr. 1. gr. tilskipunar 77/453/EBE ([4]) er sú regla sett fram, án þess þó að ákveðið hundraðshlutfall sé tilgreint, að bóklega og verklega námið verði að vera í jafnvægi við og taka mið af klínískri þjálfun. Í 4. mgr. 1. gr. segir að við afgreiðslu á tillögu framkvæmdastjórnarinnar skuli ráðið ákveða hvort þessum ákvæðum skuli haldið eða þeim breytt.

Í ljósi þessarar endurskoðunar og ekki síst vegna þess að auknar kröfur eru gerðar til menntunar hjúkrunarfræðinga í almennri hjúkrun, er rétt að breyta 4. mgr. 1. gr. tilskipunar 77/453/EBE á þann hátt að fastsetja þann tíma sem bóklega kennslan varir við að minnsta kosti þriðjung og klínisku kennsluna við að minnsta kosti helming af lágmarksnámstíma sem um getur í b-lið 2. mgr. 1. gr. Þetta hlutfall gerir það að verkum að skilgreina verður bóklega og klíníska kennslu á nákvæmari hátt.

Enn fremur er nauðsynlegt með sama hætti og þegar um er að ræða svipuð ákvæði í öðrum tilskipunum sem tengjast heilbrigðisstéttum að tilgreina að skráin yfir námsgreinar í viðaukanum við tilskipun 77/453/EBE sé ekki tæmandi og að nota beri hugtökin „bókleg kennsla“ og „klínísk kennsla“ á sama hátt í tilskipun 77/453/EBE og í fyrirsögnum viðaukans. Einnig er nauðsynlegt að samræma orðalag tiltekinna ákvæða í tilskipun 77/452/EBE ([5]), eins og henni var síðast breytt með tilskipun 89/594/EBE ([6]), og orðalag svipaðra ákvæða í tilskipun ráðsins 75/362/EBE frá 16. júní 1975 um gagnkvæma viðurkenningu á prófskírteinum, vottorðum og öðrum vitnisburði um formlega menntun og hæfi í læknisfræði, að meðtöldum ráðstöfunum er auðvelda að staðfesturéttar og réttar til að veita þjónustu sé neytt ([7]), eins og henni var síðast breytt með tilskipun 89/594/EBE.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Tilskipun 77/452/EBE er breytt svo sem hér segir:

1. í stað 3. mgr. 6. gr. komi:

„3. Búi gistiríkið yfir nákvæmum upplýsingum um atvik alvarlegs eðlis sem hefur hent utan yfirráðasvæðis þess, áður en hlutaðeigandi einstaklingur öðlaðist staðfestu í því ríki, og séu líkur á að atvikið sem um ræðir hafi áhrif á að umrædd starfsemi verði hafin á yfirráðasvæði þess, getur það látið upprunaríkið eða aðildarríkið sem hinn erlendi ríkisborgari kemur frá vita.

Upprunaríkið eða aðildarríkið sem hinn erlendi ríkisborgari kemur frá skal sannprófa gildi upplýsinganna. Yfirvöld í því ríki skulu taka ákvörðun um eðli og umfang þeirrar rannsóknar sem þau gera og skulu tilkynna gistiríkinu til hvaða aðgerða verður gripið í kjölfarið að því er varðar vottorðin eða skjölin sem þau hafa gefið út.

Aðildarríkin skulu ábyrgjast að farið sé með upplýsingarnar sem veittar eru sem trúnaðarmál.“;

2. í stað 2. mgr. 7. gr. komi:

([1]) Stjtíð. EB nr. C 20, 26. 1. 1988, bls. 10 og Stjtíð. EB nr. C 322, 15. 12. 1988, bls. 22.
([2]) Stjtíð. EB nr. C 235, 12. 9. 1988, bls. 68 og Stjtíð. EB nr. C 256, 9. 10. 1989.
([3]) Stjtíð. EB nr. C 134, 24. 5. 1988, bls. 27.
([4]) Stjtíð. EB nr. L 176, 15. 7. 1977, bls. 8.
([5]) Stjtíð. EB nr. L 176, 15. 7. 1977, bls. 1.
([6]) Stjtíð. EB nr. L 341, 23. 11. 1989, bls. 19.
([7]) Stjtíð. EB nr. L 167, 30. 6. 1975, bls. 1.

„2. Búi gistiríkið yfir nákvæmri vitneskju um atvik alvarlegs eðlis sem hefur hent utan yfirráðasvæðis þess, áður en hlutaðeigandi einstaklingur öðlaðist staðfestu í því ríki, og séu líkur á að atvikið sem um ræðir hafi áhrif á iðkun þeirrar starfsemi sem hér um ræðir á yfirráðasvæði þess, getur það látið upprunaríkið eða aðildarríkið sem hinn erlendi ríkisborgari kemur frá vita.

Upprunaríkið eða aðildarríkið sem hinn erlendi ríkisborgari kemur frá skal sannprófa gildi upplýsinganna. Yfirvöld í því ríki skulu taka ákvörðun um eðli og umfang þeirrar rannsóknar sem þau gera og skulu tilkynna gistiríkinu til hvaða aðgerða verður gripið að því er varðar upplýsingarnar sem þau hafa sent í samræmi við 1. mgr.“;

3. eftirfarandi grein bætist við:

„*10a. gr.*

Fari gistiríki fram á það við eigin ríkisborgara, sem æskja þess að hefja eða stunda einhverja þá starfsemi sem um getur í 1. gr., að þeir sverji eið eða gefi drengskaparheit og sé eiðurinn eða heitið þess eðlis að ríkisborgarar annarra aðildarríkja geti ekki nýtt það skal aðildarríkið tryggja að viðeigandi og jafngilt form til eiðtökunnar sé í boði fyrir hlutaðeigandi einstakling.“;

4. eftirfarandi bætist við á eftir annarri undirgrein 1. mgr. 11. gr.:

„Aðildarríkin geta, að því er þetta varðar og til viðbótar yfirlýsingunni sem um getur í 2. mgr. varðandi þjónustustarfsemi, til að heimila framkvæmd á ákvæðunum um starfsreglur sem í gildi eru á yfirráðsvæði þeirra krafist sjálfvirkrar tímabundinnar eða *pro forma* skráningar hjá stéttarsamtökum eða -félögum eða að öðrum kosti í félagaskrá, að því tilskildu að þessi skráning eða félagsaðild tefji ekki eða trufli á nokkurn hátt þjónustustarfsemina eða leggi aukna kostnaðarbyrði á þann einstakling sem þjónustuna veitir.“

5. 14. grein falli niður:

2. gr.

Tilskipun 77/453/EBE er breytt svo sem hér segir:

1. í stað b-liðar 2. mgr., 3. og 4. mgr. 1. gr. komi:

„2. b) fullt tiltekið starfsnám sem verður að taka til greinanna í námsáætluninni sem skráð er í viðauka þessarar tilskipunar og verður að vera þriggja ára nám eða 4 600 klukkustunda nám með bóklegri og klínískri kennslu.

3. Aðildarríkjunum ber að tryggja að sú stofnun sem stendur fyrir menntun hjúkrunarfræðinga sé ábyrg fyrir samhæfingu bóklegrar og klínískrar kennslu meðan á náminu stendur.

a) „Bóklega kennslu“ skal skilgreina á eftirfarandi hátt:

sá hluti hjúkrunarnáms þar sem hjúkrunarnemar tileinka sér þekkingu, skilning og fagmennsku eftir því sem nauðsynlegt telst til að skipuleggja, veita og meta alla þætti hjúkrunar. Þessi fræðsla er veitt í hjúkrunarskólum og öðru kennsluumhverfi sem valið er af kennslustofnuninni og látin í té af hjúkrunarkennurum og öðrum þar til bærum aðilum.

b) „Klíníska kennslu“ skal skilgreina á eftirfarandi hátt:

sá hluti hjúkrunarnáms þar sem hjúkrunarnemar, í hópvinnu og óbeinni snertingu við heilbrigðan eða sjúkan einstakling og/eða samfélagshóp, læra að skipuleggja, veita og meta á grundvelli þekkingar sinnar og færni alla þætti þeirrar hjúkrunar sem þörf er á. Auk þess að venjast hópvinnu lærir hjúkrunarneminn að skipuleggja alla þætti hjúkrunar sem hópstjóri, að meðtalinni heilsufræðslu fyrir einstaklinga og litla hópa á heilsugæslustöðvum eða í samfélaginu.

Fræðslan fer fram á sjúkrahúsum og öðrum heilsugæslustöðvum og innan samfélagsins á ábyrgð hjúkrunarmenntaðra kennara og í samvinnu við og með aðstoð annarra hjúkrunarfræðinga. Annað menntað starfslið getur átt þátt í þessu kennsluferli.

Hjúkrunarnemar skulu taka þátt í starfsemi deildanna sem um ræðir, að svo miklu leyti sem slíkt stuðlar að námi þeirra, til þess að þeir læri að axla þá ábyrgð sem fylgir hjúkrunarstarfinu.

4. Bóklega kennslan sem um getur í A-hluta viðaukans verður að vera í jafnvægi við og taka mið af klínísku kennslunni sem um getur í B-hluta viðaukans á þann hátt að hægt sé að afla þeirrar þekkingar og reynslu sem talin er upp í 1. mgr. þessarar greinar á viðunandi hátt. Sá tími sem bóklega kennslan varir skal vera að minnsta kosti þriðjungur og klíníska kennslan að minnsta kosti helmingur lágmarkstíma náms sem um getur í b-lið 2. mgr.“

2. viðaukanum er breytt svo sem hér segir:

a) í stað upphafsmálsliðarins komi:

„Nám sem er undanfari að prófskírteini, vottorði eða öðrum vitnisburði um formlega menntun og hæfi hjúkrunarfræðinga í almennri hjúkrun skal fela í sér tvo eftirtalda hluta og að minnsta kosti þær greinar sem taldar eru upp. Kennsla í einni eða fleiri greinum getur verið hluti af eða í tengslum við annað nám.“

b) fyrirsögnum A- og B-hluta er breytt svo sem hér segir:

— í spænsku útgáfunni komi „A. Enseñanza teórica" í staðinn fyrir „A. Enseñanza teórica y técnica" og „B. Enseñanza clínica" í staðinn fyrir „B. Enseñanzas de enfermería clínica",

— í dönsku útgáfunni komi „A. Teoretisk undervisning" í staðinn fyrir „A. Teoretisk og teknisk undervisning",

— í þýsku útgáfunni komi „A. Theoretischer Unterricht" í staðinn fyrir „A. Theoretischer und technischer Unterritcht" og „B. Klinische Unterweisung" í staðinn fyrir „B. Klinisch-praktische Krankenpflege-Ausbildung",

— í grísku útgáfunni komi „A. Θεωρητική διδασκαλία" í staðinn fyrir „A. Θεωρητική και τρακτική διδασκαλία" og „B. Κλινική διδασκαλία" í staðinn fyrir „B. Κλινική διδασκαλία του νοσοκόμου",

— í ensku útgáfunni komi „A. Theoretical instruction" í staðinn fyrir „A. Theoretical and technical instruction",

— í frönsku útgáfunni komi „A. Enseignement théorique" í staðinn fyrir „A. Enseignement théorique et technique" og „B. Enseignement clinique" í staðinn fyrir „B. Enseignement infirmier clinique",

— í ítölsku útgáfunni komi „A.Insegnamento teorico" í staðinn fyrir „A.Insegnamento teorico e tecnico" og „B. Insegnamento clinico" í staðinn fyrir „B. Insegnamento infermieristico clinico",

— í hollensku útgáfunni komi „A. Theoretisch onderwijs" í staðinn fyrir „A. Theoretisch en technisch onderwijs",

— í portúgölsku útgáfunni komi „A. Ensino teórico" í staðinn fyrir „A. Ensino teórico e técnico" og „B. Ensino clínico" í staðinn fyrir „B. Ensino clínico da enfermagem",

3. gr.

Ef námskeið fyrir hjúkrunarfræðinga í almennri hjúkrun hafa hafist fyrir 13. október 1991 samkvæmt fyrra kerfi í samræmi við 1. gr. tilskipunar 77/453/EBE má ljúka þeim í samræmi við það kerfi.

4. gr.

Aðildarríkjunum ber að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 13. október 1991 og tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

5. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Lúxemborg 10. október 1989.

Fyrir hönd ráðsins,

F. DOUBIN

forseti.

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

a) Eftirfarandi bætist við 2. mgr. 1. gr.:

„*í Austurríki:*

„Diplomierte Krankenschwester/Diplomierter Krankenpfleger";

í Finnlandi:

„sairaanhoitaja/sjukskötare — terveydenhoitaja/ hälsovårdare";

á Íslandi:

„hjúkrunarfræðingur";

í Liechtenstein:

„Krankenschwester — Krankenpfleger";

í Noregi:

„offentlig godkjent sykepleier";

í Svíþjóð:

„sjuksköterska";

í Sviss:

„Krankenschwester — Krankenpfleger/infirmière — infirmier/infermiera — infermiere"."

b) Eftirfarandi bætist við 3. gr.:

„m) *í Austurríki:*

„Diplom in der allgemeinen Krankenpflege" (prófskírteini í almennri hjúkrun) sem gefið er út af hjúkrunarskólum sem eru viðurkenndir af stjórnvöldum;

n) *í Finnlandi:*

prófskírteini „sairaanhoitaja/sjukskötare" eða „terveydenhoitaja/hälsovårdare" sem hjúkrunarskóli veitir;

o) *á Íslandi:*

próf í hjúkrunarfræðum frá Háskóla Íslands;

p) *í Liechtenstein:*

prófskírteini, vottorð og önnur starfsréttindi sem veitt eru í öðru ríki sem þessi tilskipun tekur til og tilgreind í þessari grein;

q) *í Noregi:*

„bevis for bestått sykepleiereksamen" (prófskírteini í almennri hjúkrun) sem hjúkrunarskóli veitir;

r) *í Svíþjóð:*

prófskírteini „sjuksköterska" (háskólavottorð í almennri hjúkrun) sem hjúkrunarskóli veitir;

s) *í Sviss:*

„diplomierte Krankenschwester für allgemeine Krankenpflege — diplomierter Krankenpfleger für allgemeine Krankenpflege/infirmière diplômée en soins généraux — infirmier diplômé en soins généraux/infermiera diplomata in cure generali — infermiere diplomato in cure generali“ (prófskírteini í almennri hjúkrun) sem lögbært yfirvald veitir.“

2. **377L0452; Tilskipun ráðsins 77/453/EBE frá 27. júní 1977 um samræmingu á ákvæðum er að ræða starfsemi hjúkrunarfræðinga í almennri hjúkrun og sett eru með lögum og stjórnsýslufyrirmælum (Stjtíð. EB nr. L 176, 15.7.1977, bls. 8), eins og henni var breytt með:**

– **389L0595: Tilskipun ráðsins 89/595/EBE frá 30. október 1989 (Stjtíðd. EB nr. L 341, 23.11.1989, bls. 30). (Sjá 1. tölulið í fylgiskjali 1).**

Sviss er veitt undanþága frá ákvæðum tilskipunar 77/453/EBE, eins og þau eru aðlöguð í þessum samningi, og skal standa við skuldbindingarnar sem þar eru settar fram í síðasta lagi 1. janúar 1997 í stað 1. janúar 1993.

TILSKIPUN RÁÐSINS

frá 27. júní 1977

um samræmingu á ákvæðum er varða starfsemi hjúkrunarfræðinga í almennri hjúkrun og sett eru með lögum og stjórnsýslufyrirmælum

(77/453/EBE)

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 49., 57., 66. og 235. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af áliti Evrópuþingsins ([1]),

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndarinnar ([2]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Með það í huga að komið verði á gagnkvæmri viðurkenningu á prófskírteinum, vottorðum og öðrum vitnisburði um formlega menntun og hæfi hjúkrunarfræðinga í almennri hjúkrun, sem mælt er fyrir um með tilskipun 77/452/EBE ([3]), gerir samhæfing námskeiða í aðildarríkjunum kleift að samræmingin á þessu sviði verði einskorðuð við að virða lágmarkskröfur sem gefur aðildarríkjunum frjálsar hendur með skipulagningu kennslu.

Samræming skilyrða sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun kemur ekki í veg fyrir síðari samræmingu af neinu tagi.

Samræmingin sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun nær til menntunar hjúkrunarfræðinga í almennri hjúkrun. Að því er námið varðar, gera flest aðildarríkin á þessari stundu ekki greinarmun á hjúkrunarfræðingum sem starfa sem launþegar og þeim sem eru sjálfstætt starfandi. Af þessum sökum og með það að markmiði að stuðla að frjálsum flutningum sérmenntaðs fólks innan bandalagsins, að svo miklu leyti sem unnt er, virðist nauðsynlegt að víkka gildissvið þessarar tilskipunar þannig að hún nái til hjúkrunarfræðinga sem starfa sem launþegar.

([1]) Stjtíð. EB nr. C 65, 5. 6. 1970, bls. 12.
([2]) Stjtíð. EB nr. C 108, 26. 8. 1970, bls. 23.
([3]) Stjtíð. EB nr. L 176, 15. 7. 1977, bls. 1.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að prófskírteini, vottorð og annar vitnisburður um formlega menntun og hæfi hjúkrunarfræðinga í almennri hjúkrun, eins og tilgreint er í 3. gr. tilskipunar 77/452/EBE, séu eingöngu veitt að loknu prófi sem tryggir að á námstímabilinu hafi hlutaðeigandi einstaklingur öðlast:

a) fullnægjandi þekkingu á þeim vísindagreinum sem almenn hjúkrun byggist á, að meðtalinni þekkingu á líkamsbyggingu, lífeðlisfræðilegri starfsemi og hegðun heilbrigðra og sjúkra einstaklinga og tengslunum milli heilsufars fólks, aðbúnaðar og félagslegs umhverfis þess;

b) fullnægjandi þekkingu á eðli og siðfræði starfsgreinarinnar og meginreglum um heilbrigði og hjúkrun;

c) fullnægjandi klíníska starfsreynslu; velja ber slíka starfsreynslu með hliðsjón af þeirri menntun sem hún veitir, og hún á að vera undir handleiðslu menntaðra hjúkrunarfræðinga við aðstæður þar sem fjöldi hæfs starfsfólks og búnaður er nægilegur til umönnunar sjúklinganna;

d) hæfni til að taka þátt í starfsþjálfun heilbrigðisstétta og reynslu í að starfa með slíku starfsfólki;

e) reynslu í að vinna með aðilum annarra starfsstétta innan heilbrigðiskerfisins.

2. Námið sem um getur í 1. mgr. skal fela í sér hið minnsta:

a) tíu ára almenna skólagöngu sem staðfest er með prófskírteini, vottorði eða öðrum formlegum vitnisburði um menntun og hæfi og veitt er af lögbærum yfirvöldum eða stofnunum aðildarríkis, eða jafngilt vottorð um hæfi til að fá inngöngu í hjúkrunarskóla;

b) fullt tiltekið starfsnám sem verður að taka til greinanna í námsskránni sem skráð er í viðauka þessarar tilskipunar og vera þriggja ára nám eða 4 600 klukkustunda bóklegt og verklegt nám.

3. Aðildarríkjunum ber að tryggja að sú stofnun sem sér um menntun hjúkrunarfræðinga sé ábyrg fyrir samræmingu bóklegra og verklegra þátta alls námsins.

Bóklega og verklega námið sem um ræðir í A-hluta viðaukans verður að vera í jafnvægi við og taka mið af klínískri þjálfun hjúkrunarfræðinga sem um ræðir í B-hluta sama viðauka til þess að hægt sé að öðlast þá þekkingu og reynslu sem talin er upp í l. mgr. á viðhlítandi hátt.

Kennsla í klínískum greinum hjúkrunarfræða verður að fara fram undir eftirliti á deildum sjúkrahúsa eða á öðrum heilbrigðisstofnunum, að meðtalinni heimahjúkrun, og vera viðurkennd af lögbærum yfirvöldum eða stofnunum. Meðan á námi stendur skulu hjúkrunarnemar taka þátt í starfsemi þessara deilda svo framarlega sem starfsemin stuðlar að menntun þeirra. Þeim skal gerð grein fyrir þeirri ábyrgð sem starfinu fylgir.

4. Eigi síðar en fimm árum eftir birtingu þessarar tilskipunar og í ljósi fenginnar reynslu, skal ráðið, að fenginni tillögu frá framkvæmdastjórninni, ákveða hvort ákvæði 3. mgr. um jafnvægi milli bóklegs og verklegs náms hjúkrunarfræðinga annars vegar og klínískrar þjálfunar hjúkrunarfræðinga hins vegar skuli gilda áfram eða taka breytingum.

5. Aðildarríkin geta veitt þeim einstaklingum undanþágu að hluta sem hafa að einhverju leyti lokið því námi sem um getur í b-lið 2. mgr. með annars konar námi sem er að minnsta kosti jafngilt að gæðum.

2. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. geta aðildarríki heimilað hlutanám með skilyrðum sem eru samþykkt af lögbærum innlendum yfirvöldum.

Samanlagður tími í hlutanámi má ekki vera styttri en fullt nám. Ekki má slaka á kröfum um gæði námsins í hlutanáminu.

3. gr.

Tilskipun þessi skal einnig gilda um ríkisborgara aðildarríkja sem í samræmi við reglugerð (EBE) nr. 1612/68 [1] frá 15. október 1968 um frelsi launþega til flutninga innan bandalagsins stunda eða munu stunda sem launþegar þá starfsemi sem um getur í 1. gr. tilskipunar 77/452/EBE.

4. gr.

1. Aðildarríkjunum ber að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að fara að tilskipun þessari innan tveggja ára frá birtingu hennar og tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

2. Aðildarríkin skulu sjá til þess að framkvæmdastjórninni berist helstu ákvæði úr landslögum sem samþykkt verða um málefni sem tilskipun þessi nær til.

5. gr.

Verði vart verulegra vandkvæða á tilteknum sviðum við beitingu þessarar tilskipunar í aðildarríki ber framkvæmdastjórninni að kanna þessi vandkvæði í samráði við það ríki og krefjast álits nefndar háttsettra opinberra embættismanna um almannaheilbrigði sem skipuð var með ákvörðun 75/365/EBE [2], eins og henni var síðast breytt með ákvörðun 77/455/EBE [3].

Framkvæmdastjórninni ber að leggja viðeigandi tillögur fyrir ráðið gerist þess þörf.

6. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Lúxemborg 27. júní 1977.

Fyrir hönd ráðsins,

J. SILKIN

forseti.

---

[1] Stjtíð. EB nr. L 257, 19. 10. 1968, bls. 2.
[2] Stjtíð. EB nr. L 167, 30. 6. 1975, bls. 19.
[3] Stjtíð. EB nr. L 176, 15. 7. 1977, bls. 13.

VIÐAUKI

NÁMSSKRÁ FYRIR HJÚKRUNARFRÆÐINGA Í ALMENNRI HJÚKRUN

Nám sem veitir prófskírteini, vottorð og annan formlegan vitnisburð um menntun og hæfi hjúkrunarfræðinga í almennri hjúkrun skal vera í tveimur hlutum sem hér segir:

A. **Bókleg og verkleg kennsla:**

a) *hjúkrun*:
eðli og siðfræði starfsgreinarinnar,
meginreglur um heilbrigði og hjúkrun,
reglur um hjúkrun í tengslum við:

— almenna læknisfræði og sérgreinar læknisfræðinnar,
— almennar skurðlækningar og sérgreinar skurðlækninga,
— ungbarnaeftirlit og barnalækningar,
— mæðraeftirlit,
— geðheilsu og geðlæknisfræði,
— umönnun aldraðra og öldrunarlækningar;

b) *undirstöðugreinar*:
líffærafræði og lífeðlisfræði,
meinafræði,
gerlafræði, veirufræði og sníklafræði,
lífeðlisfræði, lífefnafræði og geislalæknisfræði
næringarfræði,
heilsufræði:

— forvarnarlæknisfræði,
— heilsufræði,

lyfjafræði;

c) *félagsvísindi*:
félagsfræði,
sálfræði,
undirstöðuatriði í stjórnunarfræði,
undirstöðuatriði í kennslufræði,
löggjöf um heilbrigðis- og félagsmál,
lagalegar hliðar hjúkrunar.

B. **Klínísk kennsla:**

Hjúkrun í tengslum við:

— almenna læknisfræði og sérgreinar læknisfræðinnar,
— almennar skurðlækningar og sérgreinar skurðlækninga,
— ungbarnaeftirlit og barnalækningar,
— mæðraeftirlit,
— geðheilsu og geðlæknisfræði,
— umönnun aldraðra og öldrunarlækningar,
— heimahjúkrun.

3. 381L1057: Tilskipun ráðsins frá 14. desember 1981 til viðbótar tilskipunum 75/362/EBE, 77/452/EBE, 78/686/EBE, og 78/1026/EBE um gagnkvæma viðurkenningu á prófskírteinum, vottorðum og öðrum vitnisburði um formlega menntun og hæfi lækna, hjúkrunarfræðinga í almennri hjúkrun, tannlækna og dýralækna með tilliti til áunninna réttinda (sjá fylgiskjal 1).
(Sjá 1. tölulið í fylgiskjali 1).

Fylgiskjal 3:

Tannlæknar

1. **378L0686: Tilskipun ráðsins 78/686/EBE frá 25. júlí 1978 um gagnkvæma viðurkenningu á prófskírteinum, vottorðum og öðrum vitnisburði um formlega menntun og hæfi tannlækna, að meðtöldum ráðstöfunum er auðvelda að staðfesturéttar og réttar til að veita þjónustu sé neytt (Stjtíð. EB nr. L 233, 24.8.1978, bls. 1), eins og henni var breytt með:**

- **179H: Lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum – aðild Lýðveldisins Grikklands að Evrópubandalögunum (Stjtíð. EB nr. L 291, 19.11.1979, bls. 91);**

- **185I: Lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum – aðild Konungsríkisins Spánar og Lýðveldisins Portúgals að Evrópubandalögunum (Stjtíð. EB nr. L 302, 15.11.1985, bls. 160);**

- **389L0594: Tilskipun ráðsins 89/594/EBE frá 30. október 1989 (Stjtíð. EB nr. L 341, 23.11.1989, bls. 19). (Sjá 1. tölulið í fylgiskjali 1).**

- **390L0658: Tilskipun ráðsins 90/658/EBE frá 4. desember 1990 (Stjtíð. EB nr. L 353, 17.12.1990, bls. 73). (Sjá 1. tölulið í fylgiskjali 1).**

Sviss er veitt undanþága frá ákvæðum tilskipunar 78/686/EBE, eins og þau eru aðlöguð í þessum samningi, og skal standa við skuldbindingarnar sem þar eru settar fram í síðasta lagi 1. janúar 1997 í stað 1. janúar 1993.

TILSKIPUN RÁÐSINS

frá 25. júlí 1978

um gagnkvæma viðurkenningu á prófskírteinum, vottorðum og öðrum vitnisburði um formlega menntun og hæfi tannlækna, að meðtöldum ráðstöfunum er auðvelda að staðfesturéttar og réttar til að veita þjónustu sé neytt

(78/686/EBE)

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 49., 57., 66. og 235. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af áliti Evrópuþingsins ([1]),

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndarinnar ([2]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Samkvæmt sáttmálanum er ekki leyfilegt að loknu aðlögunartímabilinu að mismuna fólki á grundvelli ríkisfangs hvað varðar staðfesturéttinn og réttinn til að stunda þjónustustarfsemi. Slíkt jafnræði hvað varðar ríkisfang nær einkum til veitingar hvers kyns starfsleyfa sem krafist er ef hefja á starfsemi á sviði tannlækninga og til skráningar eða þátttöku í stéttarsamtökum eða -félögum.

Engu að síður virðist æskilegt að setja sérstök ákvæði til að auðvelda að staðfesturéttarins og réttarins til að veita þjónustu á sviði tannlækninga sé neytt.

Samkvæmt sáttmálanum mega aðildarríkin ekki veita neina þá aðstoð sem raskað gæti skilyrðum fyrir staðfestu.

Í 1. mgr. 57. gr. sáttmálans er kveðið á um það að tilskipanir skuli gefnar út um gagnkvæma viðurkenningu á prófskírteinum, vottorðum og öðrum vitnisburði um formlega menntun og hæfi. Markmiðið með þessari tilskipun er að viðurkenna prófskírteini, vottorð og annan vitnisburð um formlega menntun og hæfi tannlækna og heimila þannig að starfsemi á sviði tannlækninga verði hafin og stunduð og prófskírteini, vottorð og annar vitnisburður um formlega menntun og hæfi sérfræðinga á sviði tannlækninga viðurkennd.

Að því er varðar sérnám á sviði tannlækninga ætti að koma á gagnkvæmri viðurkenningu á menntun og hæfi þar sem slík menntun og hæfi eru, enda þótt þau séu ekki sett sem skilyrði fyrir því að hefja starfsemi sem sérfræðingur í tannlækningum, engu að síður skilyrði fyrir því að nota sérfræðiheiti.

Vegna þess hve fjöldi greina í tannlækningum er nú mismikill í aðildarríkjunum og hve mismunandi eðli og umfang náms á þessu sviði er, ætti að setja sérstök samræmingarákvæði sem gera aðildarríkjunum kleift að hefja gagnkvæma viðurkenningu á prófskírteinum, vottorðum og öðrum vitnisburði um formlega menntun og hæfi. Slíkri samræmingu hefur verið komið á með tilskipun ráðsins 78/687/EBE frá 25. júlí 1978 um samræmingu á ákvæðum er varða starfsemi tannlækna og sett eru með lögum og stjórnsýslufyrirmælum ([3]).

([1]) Stjtíð. EB nr. C 101, 4. 8. 1970, bls. 19.
([2]) Stjtíð. EB nr. C 36, 28. 3. 1970, bls. 17.
([3]) Stjtíð. EB L 233, 24. 8. 1978, bls. 10.

Enda þótt með samræmingu þeirri er að framan getur hafi ekki verið ætlað að samræma öll ákvæði aðildarríkjanna um nám sérfræðinga á sviði tannlækninga, er engu að síður við hæfi að stefna áfram að gagnkvæmri viðurkenningu á prófskírteinum, vottorðum og öðrum vitnisburði um formlega menntun og hæfi sérfræðinga á sviði tannlækninga sem ekki eru eins í öllum aðildarríkjunum, án þess þó að frekari samræming á þessu sviði sé útilokuð. Í þessu sambandi var talið að viðurkenning á prófskírteinum, vottorðum og öðrum vitnisburði um formlega menntun og hæfi sérfræðinga á sviði tannlækninga yrði að einskorðast við þau aðildarríki þar sem sérfræðigreinin væri þekkt.

Þar eð tilskipun um gagnkvæma viðurkenningu á prófskírteinum felur ekki endilega í sér að námið sem að baki þeim liggur sé jafngilt, ætti eingöngu að leyfa notkun námstitla sem byggja á slíku námi á máli upprunaríkisins eða þess aðildarríkis sem hinn erlendi ríkisborgari kemur frá.

Til þess að auðvelda innlendum yfirvöldum beitingu þessarar tilskipunar geta aðildarríkin sett fyrirmæli um að þeir sem uppfylla skilyrði um nám sem þessi yfirvöld setja framvísi, til viðbótar formlegum vottorðum um nám, vottorði frá lögbærum yfirvöldum upprunaríkis hans eða aðildarríkisins sem þeir koma frá þar sem staðfest er að þessi námsvottorð séu í samræmi við það sem um getur í tilskipuninni.

Að því er varðar þjónustustarfsemi myndi krafan um skráningu í eða aðild að stéttarsamtökum eða -félögum, sem tengist fastri og varanlegri ástundun starfs í gistiríkinu, án efa verða þjónustuaðilanum fjötur um fót vegna þess að starf hans er í eðli sínu tímabundið. Af þeim sökum ætti að leggja þessa kröfu niður. Engu að síður ber að tryggja eftirlit með starfsaga sem er á ábyrgð þessara stéttarsamtaka eða -félaga. Í þessu skyni ætti að setja ákvæði, með fyrirvara um beitingu 62. gr. sáttmálans, um að hægt sé að krefjast þess að viðkomandi aðili tilkynni þjónustustarfsemi sína til lögbærra yfirvalda gistiríkisins.

Hvað varðar kröfur um óflekkað mannorð og góðan orðstír skal gera greinarmun á þeim kröfum sem gerðar eru þegar starf er fyrst hafið í starfsgreininni og þeim sem fullnægja þarf til að leggja stund á hana.

Að því er varðar starfsemi tannlækna sem eru launþegar, eru í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1612/68 frá 15. október 1968 um frelsi launþega til flutninga innan bandalagsins [1] ekki sett sérstök ákvæði er varða óflekkað mannorð eða góðan orðstír, starfsaga eða notkun þeirra starfsheita sem um ræðir. Slíkum reglum er beitt eða má beita, eftir því hvert aðildarríkið er, bæði gagnvart launþegum og sjálfstætt starfandi einstaklingum. Starfsemi á sviði tannlækninga er eða verður í öllum aðildarríkjum háð skilyrðum um prófskírteini, vottorð eða annan vitnisburð um formlega menntun og hæfi. Slík starfsemi er stunduð bæði af launþegum og sjálfstætt starfandi einstaklingum eða af sömu aðilum á hvorutveggja vettvanginum einhvern tíma á starfsævinni. Þar af leiðandi virðist nauðsynlegt, svo að unnt sé að stuðla að ótakmörkuðu frelsi fólks í þessari starfsgrein til flutninga innan bandalagsins, að láta þessa tilskipun ná til launþega á sviði tannlækninga.

Skipulagi hefur enn ekki verið komið á tannlækningar á Ítalíu. Af þeim sökum er nauðsynlegt að veita Ítalíu lengri frest til að viðurkenna prófskírteini tannlækna sem veitt eru af öðrum aðildarríkjum.

Enn fremur hefur þetta það í för með sér að handhafar prófskírteinis læknа sem veitt hefur verið á Ítalíu geta ekki fengið útgefið vottorð sem fullnægir skilyrðum 19. gr. þessarar tilskipunar.

Því er nauðsynlegt við þessar aðstæður að skjóta annars vegar á frest þeirri skuldbindingu Ítalíu að viðurkenna prófskírteini sem veitt eru af öðrum aðildarríkjum og hins vegar skuldbindingum aðildarríkjanna að viðurkenna prófskírteini sem veitt eru af Ítalíu eins og um getur í 19. gr.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. KAFLI

GILDISSVIÐ

1. gr.

Tilskipun þessi nær til starfsemi tannlækna, eins og hún er skilgreind í 5. gr. tilskipunar 78/687/EBE, sem er stunduð undir eftirtöldum starfsheitum:

— í Þýskalandi:

Zahnarzt,

[1] Stjtíð. EB nr. L 257, 19. 10. 1968, bls. 2.

— í Belgíu:

licencié en science dentaire/licentiaat in de tandheelkunde,

— í Danmörku:

tandlæge,

— í Frakklandi:

chirurgien-dentiste,

— á Írlandi:

dentist, dental practitioner eða dental surgeon,

— á Ítalíu:

Ítalía tilkynnir hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um heiti prófskírteinis innan þeirra tímamarka sem sett eru í 1. mgr. 24. gr.,

— í Lúxemborg:

médecin-dentiste,

— í Hollandi:

tandarts,

— í Breska konungsríkinu:

dentist, dental practitioner eða dental surgeon.

II. KAFLI

PRÓFSKÍRTEINI, VOTTORÐ OG ANNAR VITNISBURÐUR UM FORMLEGA MENNTUN OG HÆFI Í TANNLÆKNINGUM

2. gr.

Sérhverju aðildarríki ber að viðurkenna prófskírteini, vottorð og annan vitnisburð um formlega menntun og hæfi í tannlækningum sem aðildarríki veita ríkisborgurum annarra aðildarríkja í samræmi við 1. gr. tilskipunar 78/687/EBE og eru skráð í 3. gr., með því að láta hið sama gilda um slíka menntun og hæfi að því er varðar réttinn til að hefja og stunda starfsemi á sviði tannlækninga og þá sem aðildarríkið sjálft veitir.

3. gr.

Prófskírteini, vottorð og annar vitnisburður um formlega menntun og hæfi sem um getur í 2. gr. eru sem hér segir:

a) *í Þýskalandi*

1. „Zeugnis über die zahnärztliche Staatsprüfung" (prófvottorð ríkisins í tannlækningum) sem veitt er af lögbærum yfirvöldum;

2. vottorð frá lögbærum yfirvöldum í Sambandslýðveldinu Þýskalandi til staðfestingar á því að prófskírteini sem veitt voru eftir 8. maí 1945 af lögbærum yfirvöldum í Þýska alþýðulýðveldinu séu jafngild því sem tilgreint er í 1. lið hér að ofan;

b) *í Belgíu*

„diplôme légal de licencié en science dentaire/wettelijk diploma van licentiaat in de tandheelkunde" (hið opinbera prófskírteini um lokapróf í tannlæknavísindum), sem veitt er af læknadeildum háskóla eða aðalnefnd eða ríkisnefnd prófdómara á háskólastigi;

c) *í Danmörku*

„bevis for tandlægeeksamen (kandidateksamen)" (opinbert prófskírteini sem vottar að handhafi þess hafi lokið prófi í tannlækningum), gefið út af tannlæknaskólum ásamt skjali sem gefið er út af „Sundhedsstyrelsen" (Heilbrigðisstofnun ríkisins) sem vottar að hann hafi starfað sem aðstoðarmaður í þann tíma sem krafist er;

d) *í Frakklandi*

1. „diplôme d'État de chirurgien-dentiste" (prófskírteini ríkisins í tannskurðlækningum) sem var veitt fram til 1973 af læknadeildum háskóla eða lækna- og lyfjadeildum háskóla;

2. „diplôme d'État de docteur en chirurgie dentaire" (prófskírteini ríkisins í tannskurðlækningum) sem veitt er af háskólum;

e) *á Írlandi*

prófgráðurnar:

— Bachelor in Dental Science (B.Dent.Sc.),

— Bachelor of Dental Surgery (BDS), eða

— Licentiate in Dental Surgery (LDS),

sem eru veittar af háskólum eða hinum konunglega skurðlæknaskóla á Írlandi;

f) *á Ítalíu*

Ítalía tilkynnir hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um heiti prófskírteinis innan þeirra tímamarka sem sett eru í 1. mgr. 24. gr.;

g) *í Lúxemborg*

„diplôme d'État de docteur en médecine dentaire" (prófskírteini ríkisins í tannlækningum) sem er gefið út af prófdómaranefnd ríkisins;

h) *í Hollandi*

„universitair getuigschrift van een met goed gevolg afgelegd tandartsexamen" (vottorð háskóla sem vottar að viðkomandi hafi staðist próf í tannskurðlækningum);

i) *í Breska konungsríkinu*

prófgráðurnar:

— Bachelor of Dental Surgery (BDS eða B.Ch.D), eða

— Licentiate in Dental Surgery (LDS),

sem gefnar eru út af háskólum eða konunglegum háskólum.

III. KAFLI

PRÓFSKÍRTEINI, VOTTORÐ OG ANNAR VITNISBURÐUR UM FORMLEGA MENNTUN OG HÆFI Í SÉRGREINUM TANNLÆKNINGA SEM ERU SAMEIGINLEGAR TVEIMUR EÐA FLEIRUM AÐILDARRÍKJUM

4. gr.

Sérhverju aðildarríki, með ákvæði í lögum eða stjórnsýslufyrirmælum á þessu sviði ber að viðurkenna prófskírteini, vottorð og annan vitnisburð um formlega menntun og hæfi tannlækna sem sérhæfa sig í tannréttingum og tannskurðlækningum, sem önnur aðildarríki veita ríkisborgurum aðildarríkjanna í samræmi við 2. og 3. gr. tilskipunar 78/687/EBE og eru skráð í 5. gr., með því að láta hið sama gilda um slíka menntun og hæfi á yfirráðasvæði sínu að því er varðar réttinn til að hefja og stunda starfsemi á sviði tannlækninga og þá sem aðildarríkið sjálft veitir.

5. gr.

Prófskírteini, vottorð og annar vitnisburður um formlega menntun og hæfi sem um getur í 4. gr. eru sem hér segir:

1. Tannréttingar

— *í Þýskalandi*

„fachzahnärztliche Anerkennung für Kieferorthopädie " (vottorð tannréttis) sem gefið er út af „Landeszahnärztekammern" (tannlæknaráði „Länder"),

— *í Danmörku*

„bevis for tilladelse til at betegne sig som specialtandlæge i ortodonti" (vottorð sem veitir rétt til að nota starfsheitið sérfræðingur í tannréttingum) sem gefið er út af „Sundhedsstyrelsen" (Heilbrigðisstofnun ríkisins),

— *í Frakklandi*

„le titre de spécialiste en orthodontie" (starfsheitið sérfræðingur í tannréttingum) sem gefið er út af yfirvaldi sem telst lögbært í þessu skyni,

— *á Írlandi*

vottorð sérfræðings í tannréttingum, sem gefið er út af yfirvaldi sem telst lögbært í þessu skyni,

— *í Hollandi*

„getuigschrift van erkenning en inschrijving als orthodontist in het specialistenregister" (vottorð sem sýnir að viðkomandi er opinberlega viðurkenndur og að hann hefur verið skráður í félagatal sérfræðinga sem tannréttir) sem gefið er út af „Specialistenregistratiecommissie (SRC)" (skráningarnefnd sérfræðinga),

— *í Breska konungsríkinu*

vottorð er staðfestir að viðkomandi hafi lokið sérnámi tannrétta, sem gefið er út af yfirvaldi sem telst lögbært í þessum efnum.

2. Tannskurðlækningar

— *í Þýskalandi*

„fachzahnärztliche Anerkennung für Oralchirurgie/Mundchirurgie" (vottorð um tannskurðlækningar) sem gefið er út af „Landeszahnärztekemmern" (tannlæknaráð „Länder"),

— *í Danmörku*

„bevis for tilladelse til at betegne sig som specialtandlæge i hospitalsodontologi" (vottorð til staðfestingar á réttinum til að mega nota starfsheitið sérfræðingur í tannlækningum á sjúkrahúsum) sem gefið er út af „sundhedsstyrelsen" (Heilbrigðisstofnun ríkisins),

— *á Írlandi*

vottorð sérfræðings í tannskurðlækningum, sem gefið er út af yfirvaldi sem þar til bær ráðherra viðurkennir í þessu skyni,

— *í Hollandi*

„getuigschrift van erkenning en inschrijving als kaakchirurg in het Specialistenregister" (vottorð sem sýnir að viðkomandi er opinberlega viðurkenndur og að hann hafi verið skráður í félagatal sérfræðinga sem tannskurðlæknir) sem gefið er út af „Specialistenregistratiecommissie (SRC)" (skráningarnefnd sérfræðinga),

— *í Breska konungsríkinu*

vottorð til staðfestingar á að viðkomandi hafi lokið sérnámi tannskurðlækna, en það er gefið út af yfirvaldi sem telst lögbært í þessu skyni.

6. gr.

1. Gistiríkið getur farið fram á það við ríkisborgara aðildarríkjanna sem æskja þess að öðlast prófskírteini, vottorð

eða annan vitnisburð um formlega menntun og hæfi sérfræðings í tannlækningum sem er ekki veittur í upprunaríkinu eða aðildarríkinu sem hinn erlendi ríkisborgari kemur frá, að þeir fullnægi þeim námsskilyrðum sem sett eru um sérnámið í lögum þess og stjórnsýslufyrirmælum.

2. Gistiríkið skal hins vegar, í heild eða að hluta, taka tillit til þeirra námstímabila sem ríkisborgararnir sem getið er í 1. mgr. hafa lokið og hlotið staðfestingu á með prófskírteini, vottorði eða öðrum vitnisburði um formlegt nám sem lögbær yfirvöld upprunaríkisins eða aðildarríkisins sem hinn erlendi ríkisborgari kemur frá hafa veitt, að því tilskildu að námstímabilin samsvari þeim sem krafist er í gistiríkinu vegna umræddsnáms.

3. Lögbær yfirvöld eða stofnanir gistiríkis skulu, eftir að hafa sannprófað inntak og lengd sérnáms hlutaðeigandi einstaklings á grundvelli prófskírteina, vottorða eða annars vitnisburðar um formlega menntun og hæfi sem hafa verið lögð fram, tilkynna honum um viðbótarnámstímabil sem krafist er svo og þau svið sem námið skal taka til.

IV. KAFLI

NÚVERANDI AÐSTÆÐUR

7. gr.

1. Þegar prófskírteini, vottorð og annar vitnisburður um menntun og hæfi ríkisborgara aðildarríkja fullnægja ekki öllum lágmarksnámskröfum um nám sem mælt er fyrir um í 1. gr. tilskipunar 78/687/EBE, skulu aðildarríki viðurkenna sem fullnægjandi sönnun prófskírteini, vottorð og annan vitnisburð um formlega menntun og hæfi í tannlækningum sem veitt eru af þessum aðildarríkjum áður en tilskipun 78/687/EBE kemur til framkvæmda, ef vottorð fylgir um að hlutaðeigandi ríkisborgarar hafi stundað umrætt starf á löglegan og viðhlítandi hátt í þrjú ár samfellt hið minnsta á fimm ára tímabili fyrir útgáfu vottorðsins.

2. Ef um er að ræða ríkisborgara aðildarríkis sem hafa undir höndum prófskírteini, vottorð og annan vitnisburð um formlega menntun og hæfi sem ekki uppfylla lágmarkskröfur þær um sérnám í tannlækningum sem mælt er fyrir um í 2. og 3. gr. tilskipunar 78/687/EBE, skulu aðildarríkin taka sem fullgilda sönnun þau prófskírteini, vottorð og annan vitnisburð um formlega menntun og hæfi í tannlækningum sem þessi aðildarríki hafa gefið út áður en tilskipun 78/687/EBE kemur til framkvæmda. Þó getur aðildarríki krafist þess að slíku prófskírteini, vottorði og öðrum vitnisburði um formlega menntun og hæfi fylgi vottorð er lögbær yfirvöld eða stofnanir í upprunaríkinu eða aðildarríkinu sem hinn erlendi ríkisborgari kemur frá gefa út, þar sem fram komi að umsækjandi hafi stundað umrædd sérfræðistörf í helmingi lengri tíma en sem nemur mismuninum á sérnámi í upprunaríkinu eða aðildarríkinu sem hinn erlendi ríkisborgari kemur frá annars vegar og lágmarksnámstíma þeim er um getur í tilskipun 78/687/EBE enda séu þessi tímabil ekki jafnlöng þeim lágmarksnámstíma sem mælt er fyrir um í tilskipun 78/687/EBE.

Ef hins vegar gistiríkið krefst lágmarksnámstímabils sem er styttra en það sem getið er í 2. gr. tilskipunar 78/687/EBE áður en tilskipun þessi kemur til framkvæmda, verður mismunurinn sem um ræðir í fyrstu undirgrein aðeins ákvarðaður með hliðsjón af lágmarksnámstíma sem um ræðir í því ríki.

V. KAFLI

NOTKUN NÁMSTITLA

8. gr.

1. Með fyrirvara um 17. gr., skulu gistiríki tryggja að ríkisborgarar aðildarríkja sem fullnægja skilyrðum sem sett eru í 2., 4., 7. og 19. gr. eigi rétt á að nota löggilda námstitla sína og, eftir atvikum, skammstöfun á þeim sem er notuð í upprunaríki þeirra eða aðildarríkinu sem þeir koma frá, á máli þess ríkis. Gistiríki geta krafist þess að titlinum fylgi upplýsingar um heiti og staðsetningu stofnunarinnar eða prófanefndarinnar sem veitti hann.

2. Ef líkur eru á að námstitlinum, sem er notaður í upprunaríkinu eða aðildarríkinu sem hinn erlendi ríkisborgari kemur frá, verði ruglað saman við titil í gistiríkinu sem krefst, í því ríki, viðbótarmenntunar eða þjálfunar sem hlutaðeigandi einstaklingur hefur ekki hlotið getur gistiríkið krafist þess að viðkomandi noti titil sem tíðkast í upprunaríkinu eða aðildarríkinu sem hann kemur frá í einhverri þeirri útgáfu sem talin er við hæfi í gistiríkinu.

VI. KAFLI

ÁKVÆÐI ER AUÐVELDA AÐ STAÐFESTURÉTTAR OG RÉTTAR TIL AÐ VEITA ÞJÓNUSTU SÉ NEYTT HVAÐ VARÐAR STARFSEMI TANNLÆKNA

A. Sérákvæði um staðfesturétt

9. gr.

1. Fari gistiríki fram á það við eigin ríkisborgara, sem æskja þess að leggja í fyrsta sinn fyrir sig einhverja þá

starfsemi sem um getur í 1. gr., að þeir leggi fram meðmæli eða sönnun þess að þeir hafi óflekkað mannorð, þá ber því ríki að taka sem gildan vitnisburð, þegar í hlut eiga ríkisborgarar annarra aðildarríkja, vottorð sem gefið er út af lögbæru yfirvaldi í upprunaríki hins erlenda ríkisborgara eða aðildarríkinu sem hann kemur frá er sýnir að skilyrðum fyrir að hefja þá starfsemi sem um ræðir sé fullnægt hvað meðmæli eða óflekkað mannorð varðar.

2. Fari upprunaríkið eða aðildarríkið sem hinn erlendi ríkisborgari kemur frá ekki fram á það við þá aðila sem æskja þess að leggja í fyrsta sinn fyrir sig þá starfsemi sem um ræðir að þeir leggi fram meðmæli eða sönnun þess að þeir hafi óflekkað mannorð eða góðan orðstír, getur gistiríkið farið fram á, þegar í hlut eiga ríkisborgarar upprunaríkisins eða aðildarríkisins sem hinn erlendi ríkisborgari kemur frá, að fá „sakavottorð" eða að öðrum kosti jafngilt skjal sem gefið er út af lögbærum yfirvöldum í upprunalandi hins erlenda ríkisborgara eða í aðildarríkinu sem hann kemur frá.

3. Búi gistiríkið yfir nákvæmri vitneskju um atvik alvarlegs eðlis sem hefur hent utan yfirráðasvæðis þess áður en hlutaðeigandi einstaklingur öðlaðist staðfestu í því ríki og séu líkur á að atvikið sem um ræðir hafi áhrif á að starfsemi sú sem hér um ræðir verði hafin á yfirráðasvæði þess, getur það látið upprunaríkið eða aðildarríkið sem hinn erlendi ríkisborgari kemur frá vita.

Upprunaríkið eða aðildarríkið sem hinn erlendi ríkisborgari kemur frá skal sannprófa gildi upplýsinganna að svo miklu leyti sem þær geta haft áhrif á að starfsemi sú sem hér um ræðir verði hafin í því aðildarríki. Yfirvöld í því ríki skulu taka ákvörðun um eðli og umfang þeirrar rannsóknar sem þau gera og skulu tilkynna gistiríkinu til hvaða aðgerða verður gripið í kjölfarið að því er varðar vottorðin eða skjölin sem þau hafa gefið út.

4. Aðildarríkin skulu ábyrgjast að farið sé með upplýsingarnar sem veittar eru sem trúnaðarmál.

10. gr.

1. Komi fram í ákvæðum laga og stjórnsýslufyrirmæla í gistiríki kröfur um óflekkað mannorð, að meðtöldum ákvæðum er tengjast iðkun þeirrar starfsemi sem um getur í 1. gr. og varða viðurlög við alvarlegu misferli í starfi eða refsilagabroti, skal upprunaríkið eða aðildarríkið sem hinn erlendi ríkisborgari kemur frá koma öllum nauðsynlegum upplýsingum á framfæri við gistiríkið er varða ráðstafanir eða viðurlög sem fagfélög eða stjórnvöld grípa til gagnvart hlutaðeigandi einstaklingi eða hegningu sem hann hlýtur vegna brota í starfi í upprunaríkinu eða aðildarríkinu sem hinn erlendi ríkisborgari kemur frá.

2. Búi gistiríkið yfir nákvæmri vitneskju um atvik alvarlegs eðlis sem hefur hent utan yfirráðasvæðis þess áður en hlutaðeigandi einstaklingur öðlaðist staðfestu í því ríki og séu líkur á að það hafi áhrif á iðkun umræddrar starfsemi á yfirráðasvæði þess, getur það látið upprunaríkið eða aðildarríkið sem hinn erlendi ríkisborgari kemur frá vita.

Upprunaríkið eða aðildarríkið sem hinn erlendi ríkisborgari kemur frá skal sannprófa gildi upplýsinganna að svo miklu leyti sem þær geta haft áhrif á iðkun þeirrar starfsemi sem hér um ræðir í því aðildarríki. Yfirvöld í því ríki skulu taka ákvörðun um eðli og umfang þeirrar rannsóknar sem þau gera og skulu tilkynna gistiríkinu til hvaða aðgerða verður gripið í kjölfarið að því er varðar vottorðin eða skjölin sem þau hafa gefið út.

3. Aðildarríkin skulu ábyrgjast að farið sé með upplýsingarnar sem veittar eru sem trúnaðarmál.

11. gr.

Ef gistiríki krefst þess af eigin ríkisborgurum sem æskja þess að hefja eða stunda störf í lögverndaðri starfsgrein að þeir leggi fram vottorð um líkamlegt og andlegt heilbrigði ber því ríki að taka sem fullgilda sönnun framvísun á skjalinu sem krafist er í upprunaríkinu eða aðildarríkinu sem hinn erlendi ríkisborgari kemur frá.

Ef upprunaríkið eða aðildarríkið sem hinn erlendi ríkisborgari kemur frá gerir engar slíkar kröfur til þeirra sem æskja þess að hefja störf í umræddri starfsgrein ber gistiríkinu að taka við vottorði frá slíkum ríkisborgara sem lögbært yfirvald í því ríki hefur gefið út og er sambærilegt við vottorð sem gistiríkið gefur út.

12. gr.

Ekki má leggja fram skjöl sem gefin eru út í samræmi við 9.,10. og 11. gr. þegar meira en þrír mánuðir hafa liðið frá útgáfudegi þeirra.

13. gr.

1. Málsmeðferð þegar hlutaðeigandi einstaklingi er veitt leyfi til að hefja þá starfsemi sem um getur í 1. gr., samkvæmt 9., 10. og 11. gr., verður að vera lokið eins skjótt og kostur er og eigi síðar en þremur mánuðum eftir að öll skjöl er varða þennan einstakling hafa verið lögð fram, án þess að hnekkt sé fresti sem hlotist getur vegna málskots sem komið getur til að málsmeðferð aflokinni.

2. Í þeim tilvikum sem um getur í 3. mgr. 9. gr. og 2. mgr. 10. gr., skal krafa um endurskoðun leiða til þess að fresturinn sem kveðið er á um í 1. mgr. fellur úr gildi.

Aðildarríkið sem ráðgast er við skal gefa svar innan þriggja mánaða.

Að svari fengnu eða við lok tímabilsins skal gistiríkið halda áfram málsmeðferðinni sem um getur í 1. mgr.

14. gr.

Fari gistiríki fram á það við sína eigin ríkisborgara, sem æskja þess að hefja eða stunda þá starfsemi sem um getur í 1. gr., að þeir sverji eið eða gefi drengskaparheit og sé eiðurinn eða heitið þess eðlis að ríkisborgarar annarra aðildarríkja geti ekki nýtt það skal aðildarríkið tryggja að viðeigandi og jafngilt form til eiðtökunnar sé í boði fyrir hlutaðeigandi einstakling.

B. Sérákvæði um þjónustustarfsemi

15. gr.

1. Fari gistiríki fram á það við sína eigin ríkisborgara, sem æskja þess að hefja eða stunda einhverja þá starfsemi sem um getur í 1. gr., að þeir hafi annaðhvort starfsleyfi frá eða séu félagar í eða skráðir hjá fagfélagi eða -stofnun skal það aðildarríki veita ríkisborgurum annarra aðildarríkja undanþágu frá þeirri kröfu að því er varðar þjónustustarfsemi.

Hlutaðeigandi einstaklingur skal stunda þjónustustarfsemi með sömu réttindum og skyldum og ríkisborgarar gistiríkisins; hann skal m.a. hlíta starfsreglum sem eru settar af fagfélögum eða stjórnvöldum og gilda í því aðildarríki.

Aðildarríkin geta, að því er þetta varðar og til viðbótar yfirlýsingunni sem um getur í 2. mgr. varðandi þjónustustarfsemi, til að heimila framkvæmd á ákvæðunum um starfsreglur sem í gildi eru á yfirráðasvæði þeirra krafist sjálfvirkrar tímabundinnar eða *pro forma* skráningar hjá fagfélagi eða stofnun eða í félagaskrá, að því tilskildu að þessi skráning eða félagsaðild tefji ekki eða trufli á nokkurn hátt þjónustustarfsemina eða leggi aukna kostnaðarbyrði á þann einstakling sem þjónustuna veitir.

Samþykki gistiríki ráðstöfun samkvæmt annarri undirgrein eða verði uppvíst um atvik sem brjóta í bága við þessi ákvæði skal það þegar í stað tilkynna það aðildarríkinu þar sem hlutaðeigandi einstaklingur hefur staðfestu.

2. Gistiríkið getur krafist þess að hlutaðeigandi einstaklingur gefi lögbærum yfirvöldum yfirlýsingu fyrirfram um þjónustuna sem á að veita þegar hún felur í sér tímabundna dvöl á yfirráðasvæði þess.

Í bráðatilvikum má gefa yfirlýsinguna eins skjótt og auðið er eftir að þjónustan hefur verið látin í té.

3. Samkvæmt 1. og 2. mgr. getur gistiríkið krafist þess að hlutaðeigandi einstaklingur leggi fram eitt eða fleiri skjöl sem hafa að geyma eftirfarandi upplýsingar:

— yfirlýsinguna sem um getur í 2. mgr.,

— vottorð þar sem fram kemur að hlutaðeigandi einstaklingur hafi löggild réttindi til að stunda þá starfsemi sem um ræðir í aðildarríkinu þar sem hann hefur staðfestu,

— vottorð um að hlutaðeigandi einstaklingur hafi eitthvert það prófskírteini, vottorð eða annan vitnisburð um formlega menntun eða hæfi sem krafist er til að fá að veita þá þjónustu sem um ræðir og kveðið er á um í þessari tilskipun.

4. Ekki má framvísa skjalinu eða skjölunum sem eru tilgreind í 3. mgr. þegar meira en tólf mánuðir hafa liðið frá útgáfudegi þeirra.

5. Svipti aðildarríki tímabundið eða endanlega, að hluta eða að öllu leyti, einn af ríkisborgurum sínum eða ríkisborgara annars aðildarríkis sem hefur staðfestu á yfirráðasvæði þess réttinum til að stunda þá starfsemi sem um getur í 1. gr., skal það, eftir því sem við á, tryggja tímabundna eða varanlega afturköllun vottorðsins sem um getur í öðrum undirlið 3. mgr.

16. gr.

Ef krafist er skráningar hjá opinberri almannatryggingastofnun í gistiríki til að hægt sé að gera upp reikninga við tryggingastofnanir er varða þjónustu til handa einstaklingum sem njóta almannatrygginga, skal það aðildarríki veita ríkisborgurum aðildarríkja sem hafa staðfestu í öðru aðildarríki undanþágu frá þessari kröfu í þeim tilvikum sem þjónustustarfsemin hefur í för með sér ferðalög hlutaðeigandi einstaklings.

Gistiríkið getur, í öllum þeim tilvikum þegar þjónustustarfsemi hefur í för með sér ferðalög hlutaðeigandi einstaklings, krafist þess að hann veiti þessari stofnun upplýsingar fyrirfram, eða eftir á í bráðatilvikum, um þá þjónustu sem látin er í té.

C. Ákvæði sem eiga bæði við um staðfesturétt og rétt til að veita þjónustu

17. gr.

1. Þegar notkun starfsheitis er lögvernduð í gistiríki að því er varðar einhverja þá starfsemi sem um getur í 1. gr., skulu ríkisborgarar annarra aðildarríkja sem uppfylla skilyrðin sem sett eru í 2., 7. gr. (1. mgr.) og 19. gr. nota starfsheiti gistiríkisins sem samsvarar skilyrðum um menntun og hæfi í því ríki og skulu jafnframt nota skammstöfun starfsheitisins.

2. 1. mgr. tekur einnig til notkunar á starfsheitum sérfræðinga í tannlækningum þeirra sem fullnægja, eftir því sem við á, skilyrðum sem sett eru í 4. gr. og 2. mgr. 7. gr.

18. gr.

1. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að gera hlutaðeigandi einstaklingum kleift að afla upplýsinga um heilbrigðis- og almannatryggingalög og, eftir því sem við á, siðareglur starfsgreinarinnar í gistiríkinu.

Í þessu skyni skulu aðildarríkin koma á fót upplýsingamiðstöðvum þar sem viðkomandi aðilar geta aflað nauðsynlegra upplýsinga. Þegar um staðfestu er að ræða geta aðildarríkin krafist þess að þeir hafi samband við þessar miðstöðvar.

2. Aðildarríkin geta komið þeim miðstöðvum sem um getur í 1. mgr. á fót undir verndarvæng lögbærra yfirvalda og stofnana sem þau tilnefna fyrir lok frestsins sem settur er í 1. mgr. 24. gr.

3. Aðildarríkin skulu tryggja, eftir því sem við á, að viðkomandi einstaklingar afli sér, bæði í eigin þágu og vegna skjólstæðinga sinna, þeirrar málakunnáttu sem með þarf til að geta lagt stund á starfsgrein sína í gistiríkinu.

VII. KAFLI

BRÁÐABIRGÐAÁKVÆÐI VEGNA SÉRSTÖÐU ÍTALÍU

19. gr.

Frá þeim degi er Ítalía gerir nauðsynlegar ráðstafanir til að hlíta þessari tilskipun, skulu aðildarríkin viðurkenna, að því er varðar þá starfsemi sem um getur í 1. gr. þessarar tilskipunar, prófskírteini, vottorð og annan vitnisburð um formlega menntun og hæfi í læknisfræði sem veitt eru á Ítalíu þeim einstaklingum sem hófu háskólanám í læknisfræði ekki síðar en átján mánuðum eftir birtingu þessarar tilskipunar, fylgi þeim vottorð sem er gefið út af lögbærum ítölskum yfirvöldum til staðfestingar á að þessir einstaklingar hafi á viðhlítandi hátt, lagalega og að öllu jöfnu stundað á Ítalíu þá starfsemi sem um getur í 5. gr. tilskipunar 78/687/EBE í það minnsta í þrjú ár samfleytt á fimm ára tímabili fyrir útgáfu vottorðsins og að þeim hafi verið heimilað að stunda umrædda starfsemi með sömu skilmálum og handhafar prófskírteina, vottorða og annars vitnisburðar um formlega menntun og hæfi sem um getur í f-lið 3. gr. þessarar tilskipunar.

Kröfuna um þriggja ára reynslu sem getið er í fyrstu undirgrein má fella niður gagnkvæmt hafi einstaklingarnir lokið á fullnægjandi hátt að minnsta kosti þriggja ára námi sem lögbær yfirvöld staðfesta að sé jafngilt því námi sem getið er í 1. gr. tilskipunar 78/687/EBE.

VIII. KAFLI

LOKAÁKVÆÐI

20. gr.

Aðildarríki sem krefjast þess af eigin ríkisborgurum að þeir ljúki tilteknu þjálfunartímabili til þess að hljóta viðurkenningu sem tannlæknar í almannatryggingakerfinu geta krafist þess sama af ríkisborgurum annarra aðildarríkja í átta ár frá birtingu þessarar tilskipunar. Þjálfunartímabilið má þó ekki standa lengur en í sex mánuði.

21. gr.

Ef réttmætur efi er fyrir hendi getur gistiríkið krafist þess að lögbær yfirvöld í öðru aðildarríki staðfesti áreiðanleika prófskírteina, vottorða og annars vitnisburðar um formlega menntun og hæfi sem veitt hafa verið í síðarnefnda aðildarríkinu og sem um getur í II., III og IV. kafla og staðfesti jafnframt að viðkomandi einstaklingur hafi fullnægt öllum skilyrðum sem sett eru í tilskipun 78/687/EBE.

22. gr.

Aðildarríkjunum ber, innan tímamarkanna sem sett eru í 1. mgr. 24. gr., að tilnefna þau yfirvöld og stofnanir sem hafa umboð til að gefa út eða veita viðtöku prófskírteinum, vottorðum og öðrum vitnisburði um formlega menntun og hæfi, sem og skjölum þeim og upplýsingum sem um getur í þessari tilskipun, og skulu tilkynna það hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni þegar í stað.

23. gr.

Tilskipun þessi skal einnig gilda um ríkisborgara aðildarríkja sem í samræmi við reglugerð (EBE) nr. 1612/68 stunda eða munu stunda þá starfsemi sem um getur í 1. gr. sem launþegar.

24. gr.

1. Aðildarríkjunum ber gera nauðsynlegar ráðstafanir til að fara að tilskipun þessari innan átján mánaða frá birtingu hennar og tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Hins vegar skal Ítalía gera þessar ráðstafanir í síðasta lagi innan sex ára og gildir sá frestur einnig í öðrum tilvikum þegar hún þarf að grípa til ráðstafana til þess að hlíta tilskipun 78/687/EBE.

2. Aðildarríkin skulu sjá til þess að framkvæmdastjórninni berist helstu ákvæði úr landslögum sem samþykkt verða um málefni sem tilskipun þessi nær til.

25. gr.

Verði vart verulegra vandkvæða á tilteknum sviðum við beitingu þessarar tilskipunar í aðildarríki ber framkvæmdastjórninni að kanna þessi vandkvæði í samráði við það ríki og krefjast álits nefndar háttsettra opinberra embættismanna um almannaheilbrigði sem skipuð var með ákvörðun 75/365/EBE ([1]), eins og henni var síðast breytt með ákvörðun 78/689/EBE ([2]).

Framkvæmdastjórninni ber að leggja viðeigandi tillögur fyrir ráðið gerist þess þörf.

26. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 25. júlí 1978.

Fyrir hönd ráðsins,

K. von DOHNANYI

forseti.

378L0686: Tilskipun ráðsins 78/686/EBE frá 25. júlí 1978 (Stjtíð. EB nr. L 233, 24.8.1978, bls. 1), eins og henni var breytt með:

- **179H: Lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum – aðild Lýðveldisins Grikklands að Evrópubandalögunum (Stjtíð. EB nr. L 291, 19.11.1979, bls. 91);**

  a) Eftirfarandi bætist við í lok 1. gr.:

  „*í Grikklandi:*

  ὀδοντίατρος ἢ χειροῦργος ὀδοντίατρος ".

  b) Eftirfarandi bætist við í lok 3. gr.:

  „j) *í Grikklandi:*

  πτυχίο ὀδοντιατρικῆς τοῦ Πανεπιστημίου ".

- **185I: Lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum – aðild Konungsríkisins Spánar og Lýðveldisins Portúgals að Evrópubandalögunum (Stjtíð. EB nr. L 302, 15.11.1985, bls. 160);**

  a) Eftirfarandi bætist við 1. gr.:

  „— *á Spáni:*

  Licenciado en Odontología,

  — *í Portúgal:*

  médico dentista."

  b) Eftirfarandi bætist við 3. gr.:

  „k) *á Spáni:*

  það prófskírteini er Spánn tilkynnir til aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar við inngöngu í bandalagið.

  l) *í Portúgal:*

  „carta de curso de licenciatura em medicina dentária" (prófskírteini sem veitir opinbera staðfestingu á námslokum í tannlæknisfræði) veitt af æðri menntastofnun."

  c) Eftirfarandi bætist við:

  „*19. gr. a*

  Frá þeim degi er Konungsríkið Spánn gerir nauðsynlegar ráðstafanir til að hlíta tilskipun þessari skulu aðildarríki viðurkenna, að því er varðar þá starfsemi sem um getur í 1. gr. þessarar tilskipunar, prófskírteini, vottorð og annan vitnisburð um formlega menntun og hæfi í læknisfræði sem veitt eru á Spáni þeim einstaklingum sem hófu háskólanám í læknisfræði fyrir aðild Spánar að bandalaginu þegar þeim fylgir vottorð sem er gefið út af lögbærum spænskum yfirvöldum til staðfestingar á að þessir einstaklingar hafi á viðhlítandi hátt, samkvæmt lögum og í raun haft einhver þau störf sem um getur í 5. gr. tilskipunar 78/687/EBE að aðalstarfi á Spáni í að minnsta kosti þrjú ár samfleytt á síðasta fimm ára tímabili áður en vottorðið var gefið út og að þeim hafi verið heimilað að stunda tilgreind störf samkvæmt sömu skilmálum og handhafar prófskírteina, vottorða og annars vitnisburðar um formlega menntun og hæfi sem um getur í k-lið 3. gr. þessarar tilskipunar.

  Kröfuna um þriggja ára reynslu sem um getur í fyrstu undirgrein má fella niður þegar um er að ræða einstaklinga sem hafa lokið að minnsta kosti þriggja ára námi ef það er staðfest af lögbærum yfirvöldum að námið sé sambærilegt þeirri þjálfun sem um getur í 1. gr. tilskipunar 78/687/EBE."

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

a) Eftirfarandi bætist við 1. gr.:

„— *í Austurríki:*

Austurríki tilkynnir samningsaðilum um starfsheitið innan sex ára frá því að þessi samningur tekur gildi;

— *í Finnlandi:*

hammaslääkäri/tandläkare;

— *á Íslandi:*

tannlæknir;

— *í Liechtenstein:*

Zahnarzt;

— *í Noregi:*

tannlege;

— *í Svíþjóð:*

tandläkare;

— *í Sviss:*

Zahnarzt/médecin-dentiste/medico-dentista."

b) Eftirfarandi bætist við 3. gr.:

„m) *í Austurríki*

Austurríki tilkynnir samningsaðilum um heiti prófskírteinis innan sex ára frá því að þessi samningur tekur gildi;

n) *í Finnlandi*

„todistus hammaslääketieteen lisensiaatin tutkinnosta/bevis om odontologi licentiat examen" (vottorð um „lísentíat" gráðu í tannlækningum) sem læknadeild háskóla veitir og vottorð um starfsþjálfun sem yfirstjórn heilbrigðis- og velferðarmála gefur út;

o) *á Íslandi*

„próf frá tannlæknadeild Háskóla Íslands";

p) *í Liechtenstein*

prófskírteini, vottorð og önnur starfsheiti sem veitt eru í öðru ríki sem tilskipun þessi tekur til og tilgreind í þessari grein, ásamt vottorði sem lögbær yfirvöld gefa út um að starfsþjálfun hafi verið lokið;

q) *í Noregi*

„bevis for bestått odontologisk embetseksamen" (prófgráðan cand.odont.) sem tannlæknadeild háskóla veitir;

r) *í Svíþjóð*

„tandläkarexamen" (háskólagráða í tannlækningum) sem tannlæknadeildir veita og vottorð um starfsþjálfun sem yfirstjórn heilbrigðis- og velferðarmála gefur út;

s) *í Sviss*

„eidgenössisch diplomierter Zahnarzt/titulaire du diplôme fédéral de médecin-dentiste/titolare di diploma federale di medico-dentista“ (prófskírteini í tannlækningum) sem sambandsráðuneyti um innanríkismál veitir.“

c) Eftirfarandi færslum skal bætt við undirliðina í 5. gr. eins og hér er tilgreint:

1. Tannréttingar

„— *í Finnlandi*

„todistus erikoishammaslääkärin oikeudesta oikomishoidon alalla/bevis om specialist- tandläkarrättigheten inom området tandreglering“ (vottorð sérfræðings í tannréttingum) sem lögbær yfirvöld gefa út,

— *í Noregi*

„bevis for gjennomgått spesialistutdanning i kjeveortopedi“ (vottorð um sérnám í tannréttingum) sem tannlæknadeild háskóla veitir,

— *í Svíþjóð*

„bevis om specialistkompetens i tandreglering“ (vottorð til staðfestingar á réttinum til að mega nota starfsheitið sérfræðingur í tannréttingum) sem yfirstjórn heilbrigðis- og velferðarmála gefur út,

— *í Sviss*

„Dr.med.dent., Kieferorthopäde/diplôme, dr.méd.dent., orthodontiste/ diploma, dott.med.dent., ortodontista“ (vottorð um sérnám í tannréttingum) gefið út af yfirvaldi sem telst lögbært í þessu skyni.“

2. Tannskurðlækningar

„— *í Finnlandi*

„todistus erikoishammaslääkärin oikeudesta suukirurgian (hammas- ja suukirurgian) alalla/ bevis om specialist tandläkarrättigheten inom området oralkirurgi,

(tand- och munkirurgi)“ (vottorð um munn- eða tannskurðlækningar) gefið út af lögbærum yfirvöldum,

— *í Noregi*

„bevis for gjennomgått spesialistutdanning i oralkirurgi“ (vottorð um sérnám í tannskurðlækningum) sem tannlæknadeild háskóla veitir,

— *í Svíþjóð*

„bevis om specialistkompetens i tandsystemets kirurgiska sjukdomar“ (vottorð til staðfestingar á réttinum til að mega nota starfsheitið sérfræðingur í tannlækningum) sem yfirstjórn heilbrigðis- og velferðarmála gefur út.“

d) Eftirfarandi bætist við:

„*19. gr. b*

Frá þeim degi er Austurríki gerir nauðsynlegar ráðstafanir til að fara að þessari tilskipun, skulu ríkin sem þessi tilskipun tekur til viðurkenna, að því er varðar þá starfsemi sem um getur í 1. gr. þessarar tilskipunar, eins og hún hefur verið aðlöguð vegna EES, prófskírteini, vottorð og annan vitnisburð um formlega menntun og hæfi í læknisfræði sem veitt eru í Austurríki þeim einstaklingum sem hófu háskólanám í læknisfræði áður en EES-samningurinn tók gildi, fylgi þeim vottorð sem er gefið út af lögbærum austurrískum yfirvöldum til staðfestingar á að þessir einstaklingar hafi á viðhlítandi hátt, lagalega og að öllu jöfnu stundað í Austurríki þá starfsemi sem um getur í 5. gr. tilskipunar 78/687/EBE í þrjú ár hið minnsta samfleytt á fimm ára tímabili fyrir útgáfu vottorðsins og að þeim hafi verið heimilað að stunda umrædda starfsemi með sömu skilmálum og handhafar prófskírteina, vottorða og annars vitnisburðar um formlega menntun og hæfi sem um getur í m-lið 3. gr.

Kröfuna um þriggja ára reynslu sem getið er í fyrstu undirgrein má fella niður hafi einstaklingarnir lokið á fullnægjandi hátt að minnsta kosti þriggja ára námi sem lögbær yfirvöld staðfesta að sé jafngilt því námi sem getið er í 1. gr. tilskipunar 78/687/EBE.“

2. 378L0687: Tilskipun ráðsins 78/687/EBE frá 25. júlí 1978 um samræmingu á ákvæðum er varða starfsemi tannlækna og sett eru með lögum og stjórnsýslufyrirmælum (Stjtíð. EB nr. L 233, 24.8.1978, bls. 10).

Sviss er veitt undanþága frá ákvæðum tilskipunar 78/687/EBE, eins og þau eru aðlöguð í þessum samningi, og skal standa við skuldbindingarnar sem þar eru settar fram í síðasta lagi 1. janúar 1997 í stað 1. janúar 1993.

TILSKIPUN RÁÐSINS

frá 25. júlí 1978

um samræmingu á ákvæðum er varða starfsemi tannlækna og sett eru með lögum og stjórnsýslufyrirmælum

(78/687/EBE)

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 49., 57., 66. og 235. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af áliti Evrópuþingsins ([1]),

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndarinnar ([2]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Með það í huga að koma verði á gagnkvæmri viðurkenningu á prófskírteinum, vottorðum og öðrum vitnisburði um formlega menntun og hæfi í tannlækningum sem mælt er fyrir um með tilskipun 78/686/EBE frá 25. júlí 1978 um gagnkvæma viðurkenningu á prófskírteinum, vottorðum og öðrum vitnisburði um formlega menntun og hæfi tannlækna, að meðtöldum ráðstöfunum er auðvelda að staðfesturéttar og réttar til að veita þjónustu sé neytt ([3]), gerir samhæfing námskeiða í aðildarríkjunum kleift að samræmingin á þessu sviði verði einskorðuð við að virða lágmarkskröfur sem gefur aðildarríkjunum frjálsar hendur með skipulagningu kennslu.

Með gagnkvæma viðurkenningu í huga á prófskírteinum, vottorðum og öðrum vitnisburði um formlega menntun og hæfi í sérgreinum tannlæknisfræðinnar og með það að markmiði að jafna innan bandalagsins aðstöðu allra meðlima stéttarinnar sem eru ríkisborgarar aðildarríkjanna, virðist ekki hjá því komist að samræma að einhverju marki kröfur sem gerðar eru í sérnámi. Setja verður ákveðin lágmarksskilyrði í þessu skyni er varða rétt til að hefja sérnám, lengd námstíma, aðferðir sem notaðar eru í slíku námi og þann stað sem það fer fram á, sem og undir hvaða eftirlit það skuli heyra. Þessi skilyrði eiga aðeins við um það sérnám sem hægt er að stunda í nokkrum aðildarríkjum.

Nauðsynlegt er vegna almannaheilbrigðis að koma á innan bandalagsins sameiginlegri skilgreiningu á starfssviði sérmenntaðs fólks í umræddri starfsgrein. Ekki er hægt með þessari tilskipun að koma á algjörri samræmingu á starfssviði tannlækna í hinum ýmsu aðildarríkjum á þessu stigi málsins.

Aðildarríkin munu tryggja um leið og tilskipun þessi kemur til framkvæmda, að nám tannlækna veiti þeim nauðsynlega hæfni til að inna af hendi öll störf er lúta að forvörn, greiningu og meðferð galla og sjúkdóma í tönnum, munni, kjálkum og aðliggjandi vefjum.

Samræming skilyrða vegna iðkunar þessarar starfsemi sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun, kemur ekki í veg fyrir síðari samræmingu af neinu tagi.

Samræmingin sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun nær til menntunar tannlækna. Að því er nám varðar, gera flest aðildarríkin á þessari stundu ekki greinarmun á tannlæknum sem stunda starfsemi sem launþegar og þeim sem eru sjálfstætt starfandi. Af þessum sökum og með það að markmiði að stuðla að, eftir því sem unnt er, frjálsum flutningum sérmenntaðs fólks innan bandalagsins, virðist nauðsynlegt að víkka gildissvið þessarar tilskipunar þannig að hún nái til tannlækna sem starfa sem launþegar.

Þegar þessi tilskipun er birt eru tannlækningar á Ítalíu einungis stundaðar af læknum, hvort sem þeir eru sérmenntaðir í tannlækningum eða ekki. Samkvæmt þessari tilskipun er Ítalía skuldbundin til að setja á stofn nýja stétt sérfræðinga sem hafa rétt til að stunda tannlækningar undir öðru starfsheiti en sem læknir. Með því að koma á nýrri starfsgrein verður Ítalía ekki aðeins að setja upp sérstakt námskerfi svo að farið sé að skilmálum þessarar tilskipunar heldur einnig stjórnkerfi því sem fylgir þessari starfsgrein, svo sem ráði. Í ljósi umfangs þeirra ráðstafana sem grípa verður til ætti að veita Ítalíu lengri frest til að fara að þessari tilskipun.

([1]) Stjtíð. EB nr. C 101, 4. 8. 1970, bls. 19.
([2]) Stjtíð. EB nr. C 36, 28. 3. 1970, bls. 19.
([3]) Stjtíð. EB L 233, 24. 8. 1978, bls.1.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. KAFLI

NÁMSKRÖFUR

1. gr.

1. Aðildarríkin skulu krefja þá sem æskja þess að hefja og stunda störf á sviði tannlækninga með þeim starfsheitum sem getið er í 1. gr. tilskipunar 78/686/EBE að þeir hafi prófskírteini, vottorð eða annan vitnisburð um formlega menntun og hæfi sem um getur í 3. gr. sömu tilskipunar sem tryggir að á námstímanum hafi hlutaðeigandi einstaklingur öðlast:

a) fullnægjandi þekkingu á þeim vísindagreinum sem tannlækningar byggja á og góðan skilning á vísindaaðferðum, að meðtöldum aðferðum sem eru notaðar við mælingar á líffræðilegri starfsemi, mati á vísindalega viðurkenndum staðreyndum og greiningu gagna;

b) fullnægjandi þekkingu á líkamsbyggingu, starfsemi og hegðun heilbrigðra og sjúkra einstaklinga, sem og sambandinu á milli heilsufars, aðbúnaðar og félagslegs umhverfis manna, að svo miklu leyti sem þessir þættir snerta tannlækningar;

c) fullnægjandi þekkingu á byggingu og hlutverki tanna, munns, kjálka og aðliggjandi vefja, bæði heilbrigðra og sýktra, og hvernig þessir þættir tengjast heilsufari og andlegri vellíðan sjúklings;

d) fullnægjandi þekkingu á klínískum greinum og aðferðum, sem veitir tannlæknum heillega mynd af göllum, sárum og sjúkdómum í tönnum, munni, kjálkum og aðliggjandi vefjum og forvörn, greiningu og meðferð í tannlækningum;

e) viðeigandi starfsreynsla undir réttu eftirliti.

Með náminu skal hann öðlast nauðsynlega færni til að inna af hendi öll störf er lúta að forvörn, greiningu og meðferð galla og sjúkdóma í tönnum, munni, kjálkum og aðliggjandi vefjum.

2. Fullgilt nám tannlækna felur í sér að minnsta kosti fimm ára fullt nám í bóklegum og verklegum greinum í háskóla, æðri menntastofnun sem talin er jafngild, eða undir eftirliti háskóla og skal það taka til þeirra greina sem skráðar eru í viðaukann.

3. Sem inntökuskilyrði fyrir þetta nám verður umsækjandi að hafa prófskírteini eða vottorð sem heimilar honum aðgang að háskólum aðildarríkis í umrætt nám eða að æðri menntastofnunum sem taldar eru jafngildar.

4. Ekkert í þessari tilskipun skal draga úr tækifærum sem aðildarríki geta veitt í samræmi við þær reglur sem gilda á yfirráðasvæði þeirra og leyfa þeim sem hlotið hafa prófskírteini, vottorð eða annan vitnisburð um formlega menntun og hæfi utan aðildarríkis að hefja og stunda starfsemi sem tannlæknir.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu tryggja að nám sem er undanfari að prófskírteini, vottorði eða öðrum vitnisburði um formlega menntun og hæfi sérfræðings í tannlækningum uppfylli að minnsta kosti eftirfarandi skilyrðum:

a) það skal fela í sér að viðkomandi ljúki fullu fimm ára námi í bóklegum og verklegum greinum innan ramma þess náms sem um getur í 1. gr. og fái það staðfest, eða hafi undir höndum skjöl þau sem um getur í 1. mgr. 7. gr. tilskipunar 78/686/EBE;

b) það verður að fela í sér bæði bóklega og verklega kennslu;

c) að baki þess verður að vera fullt þriggja ára nám undir eftirliti þar til bærra yfirvalda eða stofnana;

d) það verður að fara fram á háskólastigi, á kennslusjúkrahúsi eða, þar sem það á við, á heilbrigðisstofnun sem hefur hlotið viðurkenningu í þessu skyni af þar til bærum yfirvöldum eða stofnunum;

e) tannlæknirinn sem er í sérnáminu verður sjálfur að taka þátt í þeirri starfsemi og axla þá ábyrgð sem fylgir starfinu á hlutaðeigandi stofnunum.

2. Aðildarríkin skulu setja það skilyrði fyrir veitingu prófskírteina, vottorða eða annars vitnisburðar um formlega menntun og hæfi í sérgreinum tannlækninga að viðkomandi hafi prófskírteini, vottorð eða annan vitnisburð um formlega menntun og hæfi í tannlækningum eins og um getur 1. gr., eða hafi undir höndum skjöl þau sem um getur í 1. mgr. 7. gr. tilskipunar 78/686/EBE.

3. Aðildarríkin skulu, innan þeirra tímamarka sem sett eru í 8. gr., tilnefna lögbær yfirvöld eða stofnanir til að gefa út þau prófskírteini, vottorð eða annan vitnisburð um formlega menntun og hæfi sem getið er 1. mgr.

4. Aðildarríkin mega víkja frá a-lið 1. mgr. Þeir einstaklingar sem slík frávik snerta geta ekki farið fram á að njóta ákvæða 4. gr. tilskipunar 78/686/EBE.

3. gr.

1. Með fyrirvara um regluna um fullt nám sem sett er fram í c-lið 1. mgr. 2. gr., og þar til ráðið tekur ákvörðun í samræmi við 3. mgr., geta aðildarríkin leyft sérnám í hlutanámi með þeim skilmálum sem lögbær innlend yfirvöld samþykkja þar sem fullu námi væri ekki komið við af vel rökstuddum ástæðum.

2. Ekki er hægt að stytta heildartímabil sérnáms í krafti 1. mgr. Ekki má slaka á kröfum um gæði náms, hvorki með hlutanáminu né launaðri starfsþjálfun sem fer fram á vegum einkaaðila.

3. Eigi síðar en fjórum árum eftir birtingu þessarar tilskipunar og í ljósi fenginnar reynslu, skal ráðið, að fenginni tillögu frá framkvæmdastjórninni og með það í huga að halda ætti opnum möguleikanum á hlutanámi í ákveðnum tilvikum sem kanna verður sérstaklega í hverri sérgrein, ákveða hvort ákvæði 1. og 2. mgr. skulu gilda áfram eða taka breytingum.

4. gr.

Sem bráðabirgðaráðstöfun og þrátt fyrir c-lið 1. mgr. 2. gr. og 3. gr., geta aðildarríki, þar sem ákvæði í lögum eða stjórnsýslufyrirmælum heimila sérnám í formi hlutanáms á þeim tíma þegar tilskipun þessi birtist, beitt þessum ákvæðum áfram gagnvart kandídötum sem hefja sérnám sitt eigi síðar en fjórum árum eftir birtingu þessarar tilskipunar. Hægt er að framlengja þetta tímabil hafi ráðið ekki tekið ákvörðun í samræmi við 3. mgr. 3. gr.

II. KAFLI

STARFSSVIÐ

5. gr.

Aðildarríkin skulu tryggja að tannskurðlæknar hafi að öllu jöfnu heimild til að hefja og stunda starfsemi sem felur í sér forvörn, greiningu og meðferð galla og sjúkdóma í tönnum, munni, kjálkum og aðliggjandi vefjum í samræmi við ákvæði reglugerða og þær siðareglur sem gilda í starfsgreininni þegar þessi tilskipun er birt.

Þau aðildarríki sem ekki hafa slík ákvæði eða reglur mega skilgreina eða takmarka iðkun starfa sem getið er í fyrstu undirgrein að því marki sem telst sambærilegt við það sem tíðkast í öðrum aðildarríkjum.

III. KAFLI

LOKAÁKVÆÐI

6. gr.

Einstaklingar sem heyra undir 19. gr. tilskipunar 78/686/EBE teljast fullnægja þeim kröfum sem mælt er fyrir um í a-lið 1. mgr. 2. gr.

Að því er varðar beitingu 2. mgr. 2. gr. skal farið eins með þá einstaklinga sem heyra undir 19. gr. tilskipunar 78/686/EBE og þá sem hafa öðlast prófskírteini, vottorð eða annan vitnisburð um formlega menntun og hæfi í tannlækningum sem getið er í 1. gr.

7. gr.

Tilskipun þessi skal einnig gilda um ríkisborgara aðildarríkja sem í samræmi við reglugerð (EBE) nr. 1612/68 ([1]) frá 15. október 1968 um frelsi launþega til flutninga innan bandalagsins stunda eða munu stunda sem launþegar þá starfsemi sem um getur í 1. gr. tilskipunar 78/686/EBE.

8. gr.

1. Aðildarríkjunum ber að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að fara að þessari tilskipun innan átján mánaða frá birtingu hennar og tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað. Hins vegar skal Ítalía gera þessar ráðstafanir í síðasta lagi innan sex ára.

2. Aðildarríkin skulu sjá til þess að framkvæmdastjórninni berist helstu ákvæði úr landslögum sem samþykkt verða um málefni sem tilskipun þessi nær til.

9. gr.

Verði vart verulegra vandkvæða á tilteknum sviðum við beitingu þessarar tilskipunar í aðildarríki ber framkvæmdastjórninni að kanna þessi vandkvæði í samráði við það ríki og krefjast álits nefndar háttsettra opinberra embættismanna um almannaheilbrigði sem skipuð var meðákvörðun

([1]) Stjtíð. EB nr. L 257, 19. 10. 1968, bls. 2.

75/365/EBE ([1]), eins og henni var síðast breytt með ákvörðun 78/689/EBE ([2]).

Framkvæmdastjórninni ber að leggja viðeigandi tillögur fyrir ráðið gerist þess þörf.

10. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 25. júlí 1978.

Fyrir hönd ráðsins,

K. von DOHNANYI

forseti.

([1]) Stjtíð. EB nr. L 167, 30. 6. 1975, bls. 19.
([2]) Stjtíð. EB L 233, 24. 8. 1978, bls. 17.

VIÐAUKI

NÁMSSKRÁ FYRIR TANNLÆKNA

Nám sem er undanfari að prófskírteini, vottorði eða öðrum vitnisburði um formlega menntun og hæfi í tannlækningum skal í það minnsta fela í sér eftirtaldar námsgreinar. Kennsla í einni eða fleirum þessara greina má vera hluti af eða í tengslum við aðrar námsbrautir.

a) *Undirstöðunámsgreinar*
efnafræði,
eðlisfræði,
líffræði.

b) *Námsgreinar er tengjast líffræði læknisfræðinnar og almennri læknisfræði*
líffærafræði,
fósturfræði,
vefjafræði, að meðtalinni frumufræði,
lífeðlisfræði,
lífefnafræði (eða lífeðlisfræðileg efnafræði),
líffærameinafræði,
almenn meinafræði,
lyfjafræði,
örverufræði,
heilsufræði,
forvarnarlæknisfræði og faraldsfræði,
geislalækningar,
orku- og endurhæfingarlækningar,
almenn skurðlæknisfræði,
almenn læknisfræði, að meðtöldum barnalækningum,
háls-, nef- og eyrnafræði,
húð- og kynsjúkdómafræði,
almenn sálfræði — sálsýkisfræði — taugameinafræði,
svæfingar og deyfingar.

c) *Námsgreinar sem tengjast tannlækningum beint*
gervitannafræði,
efni og tækjabúnaður við tannlækningar,
hefðbundnar tannlækningar,
forvarnartannlækningar,
deyfingar og notkun róandi lyfja í tannlækningum,
sérhæfð skurðlæknisfræði,
sérhæfð meinafræði,
klínísk störf,
barnatannlækningar,
tannréttingar,
tannslíðursjúkdómafræði,
geislalækningar í tannlækningum,
bit og starfsemi kjálkans,
stéttarsamtök, siðfræði og löggjöf,
félagslegar hliðar tannlækninga.

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

Klausan „Einstaklingar sem heyra undir 19. gr. tilskipunar 78/686/EBE“ í 6. gr. hljóði „Einstaklingar sem heyra undir 19. gr., 19. gr. a og b í tilskipun 78/686/EBE“.

Auk þess gildir eftirfarandi að því er varðar tilskipanir 78/686/EBE og 78/687/EBE

Þar til þjálfun tannlækna í Austurríki hefur verið lokið samkvæmt skilyrðunum sem sett eru í tilskipun 78/687/EBE, og fram til 31. desember 1998 í síðasta lagi, skal skjóta því á frest að veita tannlæknum frá hinum ríkjunum, sem tilskipun þessi tekur til, og austurrískum læknum sem stunda tannlækningar í hinum ríkjunum, er tilskipun þessi tekur til, staðfesturétt og rétt til að veita þjónustu.

Á meðan hin tímabundna undanþága, sem kveðið er á um hér að ofan, gildir verður öllum almennum og sérstökum ráðstöfunum, er varða staðfesturéttinn og réttinn til að veita þjónustu samkvæmt austurrískum ákvæðum eða samningum um tengslin á milli Lýðveldisins Austurríkis og annars ríkis sem tilskipun þessi tekur til, viðhaldið og þeim beitt án mismununar að því er varðar öll önnur ríki sem þessi tilskipun tekur til.

3. **381L1057: Tilskipun ráðsins frá 14. desember 1981 til viðbótar tilskipunum 75/362/EBE, 77/452/EBE, 78/686/EBE, og 78/1026/EBE um gagnkvæma viðurkenningu á prófskírteinum, vottorðum og öðrum vitnisburði um formlega menntun og hæfi lækna, hjúkrunarfræðinga í almennri hjúkrun, tannlækna og dýralækna með tilliti til áunninna réttinda (sjá fylgiskjal 1).**

Fylgiskjal 4:

Ljósmæður

1. **380L0154: Tilskipun ráðsins 80/154/EBE frá 215. janúar 1980 um gagnkvæma viðurkenningu á prófskírteinum, vottorðum og öðrum vitnisburði um formlega menntun og hæfi í ljósmóðurfræðum, að meðtöldum ráðstöfunum er auðvelda að staðfesturéttar og réttar til að veita þjónustu sé neytt (Stjtíð. EB nr. L 33, 11.2.1980, bls. 1), eins og henni var breytt með:**

- **380L1273: Tilskipun ráðsins 80/1273/EBE frá 22. desember 1980 (Stjtíð. EB nr. L 375, 31.12.1980, bls. 74);**

- **185I: Lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum – aðild Konungsríkisins Spánar og Lýðveldisins Portúgals að Evrópubandalögunum (Stjtíð. EB nr. L 302, 15.11.1985, bls. 161);**

- **389L0594: Tilskipun ráðsins 89/594/EBE frá 30. október 1989 (Stjtíð. EB nr. L 341, 23.11.1989, bls. 19). (Sjá 1. tölulið í fylgiskjali 1).**

- **390L0658: Tilskipun ráðsins 90/658/EBE frá 4. desember 1990 (Stjtíð. EB nr. L 353, 17.12.1990, bls. 73). (Sjá 1. tölulið í fylgiskjali 1).**

Sviss er veitt undanþága frá ákvæðum tilskipunar 80/154/EBE, eins og þau eru aðlöguð í þessum samningi, og skal standa við skuldbindingarnar sem þar eru settar fram í síðasta lagi 1. janúar 1997 í stað 1. janúar 1993.

TILSKIPUN RÁÐSINS

frá 21. janúar 1980

um gagnkvæma viðurkenningu á prófskírteinum, vottorðum og öðrum vitnisburði um formlega menntun og hæfi í ljósmóðurfræðum, að meðtöldum ráðstöfunum er auðvelda að staðfesturéttar og réttar til að veita þjónustu sé neytt

(80/154/EBE)

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 49., 57. og 66. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ([1]),

með hliðsjón af áliti Evrópuþingsins ([2]),

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndarinnar ([3]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Samkvæmt sáttmálanum er ekki leyfilegt að loknu aðlögunartímabilinu að mismuna fólki á grundvelli ríkisfangs að því er varðar staðfestu og þjónustustarfsemi. Slíkt jafnræði hvað varðar ríkisfang nær einkum til veitingar hvers kyns starfsleyfa sem krafist er ef hefja á störf sem ljósmóðir og til skráningar eða þátttöku í stéttarsamtökum eða -félögum.

Engu að síður virðist æskilegt að setja sérstök ákvæði er auðvelda að staðfesturéttarins og réttarins til að veita þjónustu sé neytt að því er varðar starfsemi ljósmæðra.

Samkvæmt sáttmálanum mega aðildarríkin ekki veita neina þá aðstoð sem raskað gæti skilyrðum fyrir staðfestu.

Í 1. mgr. 57. gr. sáttmálans er kveðið á um að tilskipanir skuli gefnar út um gagnkvæma viðurkenningu á prófskírteinum, vottorðum og öðrum vitnisburði um formlega menntun og hæfi.

Jafnhliða gagnkvæmri viðurkenningu á prófskírteinum virðist ráðlegt að gera ráðstafanir til samræmingar á skilyrðum fyrir starfsþjálfun ljósmæðra. Slík samræming er viðfangsefni tilskipunar 80/155/EBE ([4]).

Samkvæmt lögum nokkurra aðildarríkja er rétturinn til að hefja og stunda starfsemi ljósmæðra háður því að hlutaðeigandi einstaklingur hafi lokið prófi í ljósmóðurfræðum.

Þar eð tilskipun um gagnkvæma viðurkenningu á prófskírteinum felur ekki endilega í sér að nám sem er undanfari þessara prófskírteina sé jafngilt, ætti eingöngu að leyfa notkun starfsheitis sem byggir á slíku námi á máli upprunaríkisins eða þess ríkis sem hinn erlendi ríkisborgari kemur frá.

Til þess að auðvelda innlendum yfirvöldum beitingu þessarar tilskipunar geta aðildarríkin sett fyrirmæli um að sá einstaklingur sem uppfyllir skilyrði þessarar tilskipunar um nám leggi fram, til viðbótar formlegum vottorðum um nám,

([1]) Stjtíð. EB nr. C 18, 12. 2. 1970, bls. 1.
([2]) Stjtíð. EB nr. C 101, 4. 8. 1970, bls. 26.
([3]) Stjtíð. EB nr. C 146, 11. 12. 1970, bls. 17.
([4]) Stjtíð. EB nr. L 33, 11. 2. 1980, bls. 8.

vottorð frá lögbærum yfirvöldum upprunalands hans eða landsins sem hann kemur frá þar sem staðfest er að þessi námsvottorðið séu í samræmi við það sem um getur í tilskipuninni.

Að því er varðar þjónustustarfsemi myndi krafan um skráningu í eða aðild að stéttarsamtökum eða -félögum, sem tengist fastri og varanlegri ástundun starfs í gistiríkinu, án efa verða þjónustuaðilanum fjötur um fót vegna þess að starf hans er í eðli sínu tímabundið. Af þeim sökum ætti að leggja þessa kröfu niður. Engu að síður ber að tryggja eftirlit með starfsaga sem er á ábyrgð þessara stéttarsamtaka eða -félaga. Í þessu skyni ætti að setja ákvæði, með fyrirvara um beitingu 62. gr. sáttmálans, um að hægt sé að krefjast þess að viðkomandi aðili tilkynni þjónustustarfsemi sína til lögbærra yfirvalda gistiríkisins.

Hvað varðar kröfur um óflekkað mannorð og góðan orðstír skal gera greinarmun á þeim kröfum sem gerðar eru þegar starf er fyrst hafið í starfsgreininni og þeim sem fullnægja þarf til að stunda hana.

Að því er varðar starfsemi ljósmæðra sem eru launþegar eru í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1612/68 frá 15. október 1968 um frelsi launþega til flutninga innan bandalagsins ([1]) ekki sett sérstök ákvæði er varða óflekkað mannorð eða góðan orðstír, starfsaga eða notkun þeirra starfsheita sem um ræðir. Slíkum reglum er beitt má beita, eftir því hvert aðildarríkið er, bæði gagnvart launþegum og sjálfstætt starfandi einstaklingum. Starfsemi ljósmæðra er í öllum aðildarríkjum háð skilyrðum um prófskírteini, vottorð eða annan vitnisburð um formlega menntun og hæfi í ljósmóðurfræðum. Slík starfsemi er stunduð bæði af launþegum og sjálfstætt starfandi einstaklingum eða af sömu aðilum á hvorutveggja vettvanginum einhvern tímann á starfsævinni. Þar af leiðandi virðist nauðsynlegt, svo unnt sé að stuðla að ótakmörkuðu frelsi fólks í þessari starfsgrein til flutninga innan bandalagsins, að láta þessa tilskipun ná til ljósmæðra sem eru launþegar.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. KAFLI

GILDISSVIÐ

1. gr.

1. Tilskipun þessi nær til starfsemi ljósmæðra samkvæmt skilgreiningu hvers aðildarríkis, samanber þó 4. gr. tilskipunar 80/155/EBE, sem er stunduð undir eftirfarandi starfsheitum:

í Sambandslýðveldinu Þýskalandi:

— „Hebamme";

í Belgíu:

— „accoucheuse/vroedvrouw";

í Danmörku:

— „jordemoder";

í Frakklandi:

— „sage-femme";

á Írlandi:

— „midwife";

á Ítalíu:

— „ostetrica";

í Lúxemborg:

— „sage-femme";

í Hollandi:

— „verloskundige";

í Breska konungsríkinu:

— „midwife".

II. KAFLI

PRÓFSKÍRTEINI, VOTTORÐ OG ANNAR VITNISBURÐUR UM FORMLEGA MENNTUN OG HÆFI Í LJÓSMÓÐURFRÆÐUM

2. gr.

1. Sérhverju aðildarríki ber að viðurkenna prófskírteini, vottorð og annan vitnisburð um formlega menntun og hæfi í ljósmóðurfræðum, sem önnur aðildarríki veita ríkisborgurum aðildarríkjanna og skráð eru í 3. gr., sem fullnægja lágmarksnámskránni sem getið er í 1., 3. og 4. mgr. 1. gr. tilskipunar 80/155/EBE og hlíta einu af eftirtöldum skilyrðum:

— fullt nám í ljósmóðurfræðum sem stendur að minnsta kosti í þrjú ár:

  — að því tilskildu að viðkomandi hafi annaðhvort undir höndum prófskírteini, vottorð eða annan vitnisburð um formlega menntun og hæfi sem veitir aðgang að háskóla eða æðri menntastofnunum eða, ef ekki er slíku til að dreifa, staðfestir sambærilega þekkingu,

  — eða til viðbótar komi starfsreynsla sem vottorð það sem um getur í 4. gr. þessarar tilskipunar er gefið út vegna,

([1]) Stjtíð. EB nr. L 257, 19. 10. 1968, bls. 2.

— fullt nám í ljósmóðurfræðum sem stendur í tvö ár eða 3600 klukkustundir hið minnsta að því tilskildu að viðkomandi hafi undir höndum prófskírteini, vottorð eða annan vitnisburð um formlega menntun og hæfi hjúkrunarfræðings í almennri hjúkrun, sem getið er í 3. gr. tilskipunar 77/452/EBE (1),

— fullt nám í ljósmóðurfræðum sem stendur í átján mánuði eða 3000 klukkustundir hið minnsta að því tilskildu að viðkomandi hafi undir höndum prófskírteini, vottorð eða annan vitnisburð um formlega menntun og hæfi hjúkrunarfræðings í almennri hjúkrun sem getið er í 3. gr. tilskipunar 77/452/EBE og á eftir komi starfsreynsla sem vottorð það sem getið er í 4. gr. þessarar tilskipunar er gefið út vegna.

2. Sérhverju aðildarríki ber, að því er varðar réttinn til að hefja og stunda starfsemi sjálfstætt starfandi ljósmæðra, að láta hið sama gilda um prófskírteini, vottorð og annan vitnisburð um formlega menntun og hæfi á yfirráðasvæði sínu og þau sem aðildarríkið sjálf veitir.

3. gr.

Prófskírteini, vottorð og annar vitnisburður um formlega menntun og hæfi sem getið er í 2. gr. eru sem hér segir:

a) *í Sambandslýðveldinu Þýskalandi:*

— „Hebammenprüfungszeugnis" sem opinber prófanefnd veitir,

— vottorð frá lögbærum yfirvöldum í Sambandslýðveldinu Þýskalandi til staðfestingar á því að prófskírteini sem veitt voru eftir 8. maí 1945 af lögbærum yfirvöldum í Þýska alþýðulýðveldinu séu jafngild því sem tilgreint er í 1. undirlið hér að ofan;

b) *í Belgíu:*

„diplôme d'accoucheuse/vroedvrouwdiploma" sem veitt er af skólum á vegum ríkisins eða sem ríkið eða aðaldómnefndin (Jury central) viðurkennir;

c) *í Danmörku:*

„bevis for bestået jordemodereksamen" sem veitt er af „Danmarks Jordemoderskole";

d) *í Frakklandi:*

„diplôme de sage-femme" sem veitt er af ríkinu;

e) *á Írlandi:*

„the certificate in midwifery" sem veitt er af „An Bord Altranais";

f) *á Ítalíu:*

„diploma d'ostetrica" sem veitt er af skólum sem ríkið viðurkennir;

g) *í Lúxemborg:*

„diplôme de sage-femme" sem veitt er af heilbrigðisráðherra þegar prófanefnd hefur tekið ákvörðun;

h) *í Hollandi:*

„vroedvrouwdiploma" sem veitt er af prófanefnd sem tilnefnd er af ríkinu;

i) *í Breska konungsríkinu:*

vottorð um aðgang að félagatali ljósmæðra, sem veitt er í Englandi og Wales af aðalstjórn ljósmæðra í Englandi og Wales, í Skotlandi af aðalstjórn ljósmæðra í Skotlandi og á Norður-Írlandi af hjúkrunar- og ljósmæðraráði Norður-Írlands.

4. gr.

Vottorðið sem kveðið er á um í 2. gr. skal gefið út af lögbærum yfirvöldum í upprunaríkinu eða aðildarríkinu sem hinn erlendi ríkisborgari kemur frá. Það skal staðfesta að handhafi þess hafi að loknu ljósmóðurnámi starfað sem ljósmóðir á sjúkrahúsi eða á heilsugæslustofnun, sem er viðurkennd í þessu skyni, í eitthvert eftirtalinna tímabila:

— tvö ár í því tilviki sem kveðið er á um í öðrum inndrætti fyrsta undirliðar 1. mgr. 2. gr.,

— eitt ár í því tilviki sem kveðið er á um í þriðja undirlið 1. mgr. 2. gr.

III. KAFLI

NÚVERANDI AÐSTÆÐUR

5. gr.

1. Þegar prófskírteini, vottorð og annar vitnisburður um formlega menntun og hæfi ríkisborgara aðildarríkja fullnægja ekki öllum lágmarkskröfum um nám sem settar eru í 1. gr. tilskipunar 80/155/EBE, skulu aðildarríki viðurkenna sem fullnægjandi vitnisburð prófskírteini, vottorð og annan vitnisburð um formlega menntun og hæfi ljósmæðra sem veitt eru af þessum aðildarríkjum innan sex ára frá birtingu þessarar tilskipunar, ef vottorð fylgir um að hlutaðeigandi ríkisborgarar hafi stundað starf ljósmóður á löglegan og viðhlítandi hátt í þrjú ár hið minnsta á fimm ára tímabili fyrir útgáfu vottorðsins.

(1) Stjtíð. EB nr. L 176, 15. 7. 1977, bls. 1.

2. Þegar prófskírteini, vottorð og annar vitnisburður um formlega menntun og hæfi ríkisborgara aðildarríkja fullnægja öllum lágmarkskröfum um nám sem settar eru í 1. gr. tilskipunar 80/155/EBE en, í krafti 2. gr. þessarar tilskipunar er ekki þörf á að viðurkenna þau nema þeim fylgi vottorð um starfsreynslu sem um getur í 4. gr., skulu aðildarríki viðurkenna sem fullnægjandi vitnisburð prófskírteini, vottorð og annan vitnisburð um formlega menntun og hæfi ljósmæðra sem veitt eru af þessum aðildarríkjum áður en tilskipunin kemur til framkvæmda, ef vottorð fylgir um að hlutaðeigandi ríkisborgarar hafi stundað starf ljósmóður á löglegan og viðhlítandi hátt í þrjú ár hið minnsta á fimm ára tímabili fyrir útgáfu vottorðsins.

IV. KAFLI

NOTKUN NÁMSTITILS

6. gr.

1. Gistiríki skulu, með fyrirvara um 15. gr., tryggja að ríkisborgarar aðildarríkja sem fullnægja skilyrðum sem sett eru í 2. eða 5. gr. eigi rétt á að nota löggilda námstitla sína og, eftir því sem við á, skammstöfun á þeim sem er notuð í upprunaríki þeirra eða aðildarríkinu sem þeir koma frá, á máli þess ríkis. Gistiríki geta krafist þess að titlinum fylgi upplýsingar um heiti og staðsetningu stofnunarinnar eða prófanefndarinnar sem veitti hann.

2. Ef líkur eru á að námstitlinum, sem er notaður í upprunaríkinu eða aðildarríkinu sem hinn erlendi ríkisborgari kemur frá, verði ruglað saman við titil í gistiríkinu sem krefst í því ríki viðbótarmenntunar eða þjálfunar sem hlutaðeigandi einstaklingur hefur ekki hlotið getur gistiríkið krafist þess að viðkomandi noti titil sem tíðkast í upprunaríkinu eða aðildarríkinu sem hann kemur frá í einhverri þeirri útgáfu sem talin er við hæfi í gistiríkinu.

V. KAFLI

ÁKVÆÐI ER AUÐVELDA AÐ STAÐFESTURÉTTAR OG RÉTTAR TIL AÐ VEITA ÞJÓNUSTU SÉ NEYTT AÐ ÞVÍ ER VARÐAR STARFSEMI LJÓSMÆÐRA

A. Sérákvæði um staðfesturétt

7. gr.

1. Fari gistiríki fram á það við sína eigin ríkisborgara, sem æskja þess að leggja í fyrsta sinn fyrir sig einhverja þá starfsemi sem um getur í 1. gr., að þeir leggi fram meðmæli eða sönnun þess að þeir hafi óflekkað mannorð, þá ber því ríki að taka sem gildan vitnisburð, þegar í hlut eiga ríkisborgarar annarra aðildarríkja, vottorð sem gefið er út af lögbæru yfirvaldi í upprunalandi hins erlenda ríkisborgara eða í landi því sem hann kemur frá er sýnir að skilyrðum fyrir að hefja þá starfsemi sem um ræðir sé fullnægt óflekkað mannorð eða góðan orðstír varðar.

2. Fari upprunaríkið eða aðildarríkið sem hinn erlendi ríkisborgari kemur frá ekki fram á það við þá aðila sem æskja þess að leggja í fyrsta sinn fyrir sig þá starfsemi sem um ræðir að þeir leggi fram meðmæli eða sönnun þess að þeir hafi óflekkað mannorð, getur gistiríkið farið fram á, þegar í hlut eiga ríkisborgarar upprunaríkisins eða aðildarríkisins sem hinn erlendi ríkisborgari kemur frá, að fá „sakavottorð" eða að öðrum kosti jafngilt skjal sem gefið er út af lögbærum yfirvöldum í upprunalandi hins erlenda ríkisborgara eða í aðildarríkinu sem hann kemur frá.

3. Búi gistiríkið yfir nákvæmri vitneskju um atvik alvarlegs eðlis sem hefur hent fyrir utan yfirráðasvæði þess áður en hlutaðeigandi einstaklingur öðlaðist staðfestu í því ríki og sé líklegt að það hafi áhrif á að starfsemi sú sem hér um ræðir verði hafin á yfirráðasvæði þess, getur það látið upprunaríkið eða aðildarríkið sem hinn erlendi ríkisborgari kemur frá vita.

Upprunaríkið eða aðildarríkið sem hinn erlendi ríkisborgari kemur frá skal sannprófa gildi upplýsinganna að svo miklu leyti sem þær geta haft áhrif á að starfsemi sú sem hér um ræðir verði hafin í því aðildarríki. Yfirvöld í því ríki skulu taka ákvörðun um eðli og umfang þeirrar rannsóknar sem þau gera og skulu tilkynna gistiríkinu til hvaða aðgerða verður gripið í kjölfarið að því er varðar vottorðin eða skjölin sem þau hafa gefið út.

4. Aðildarríkin skulu ábyrgjast að farið sé með upplýsingarnar sem veittar eru sem trúnaðarmál.

8. gr.

1. Komi fram í ákvæðum laga og stjórnsýslufyrirmæla í gistiríki kröfur um óflekkað mannorð eða góðan orðstír, að meðtöldum ákvæðum er tengjast iðkun þeirrar starfsemi sem um getur í 1. gr. og varða viðurlög við alvarlegu misferli í starfi eða refsilagabroti, skal upprunaríkið eða aðildarríkið sem hinn erlendi ríkisborgari kemur frá senda gistiríkinu allar nauðsynlegar upplýsingar er varða ráðstafanir eða viðurlög sem fagfélög eða stjórnvöld grípa til gagnvart hlutaðeigandi einstaklingi eða hegningu sem hann hlýtur vegna brota í starfi í upprunaríkinu eða aðildarríkinu sem hinn erlendi ríkisborgari kemur frá.

2. Búi gistiríkið yfir nákvæmri vitneskju um atvik alvarlegs eðlis sem hefur hent fyrir utan yfirráðasvæði þess áður en hlutaðeigandi einstaklingur öðlaðist staðfestu í því ríki og séu líkur á að það hafi áhrif á iðkun þeirra starfa sem hér

um ræðir á yfirráðasvæði þess, getur það látið upprunaríkið eða aðildarríkið sem hinn erlendi ríkisborgari kemur frá vita.

Upprunaríkið eða aðildarríkið sem hinn erlendi ríkisborgari kemur frá skal sannprófa gildi upplýsinganna að svo miklu leyti sem þær geta haft áhrif á iðkun þeirrar starfsemi sem hér um ræðir í því aðildarríki. Yfirvöld í því ríki skulu taka ákvörðun um eðli og umfang þeirrar rannsóknar sem þau gera og skulu tilkynna gistiríkinu til hvaða aðgerða verður gripið í kjölfarið að því er varðar upplýsingarnar sem hafa verið sendar samkvæmt 1. mgr.

3. Aðildarríkin skulu ábyrgjast að farið sé með upplýsingarnar sem veittar eru sem trúnaðarmál.

9. gr.

Ef gistiríki krefst þess af eigin ríkisborgurum sem æskja þess að hefja eða stunda einhverja þá starfsemi sem um getur í 1. gr. að þeir leggi fram vottorð um líkamlegt og andlegt heilbrigði ber þeim að taka sem fullgilda sönnun framvísun á skjalinu sem krafist er í upprunaríkinu eða aðildarríkinu sem hinn erlendi ríkisborgari kemur frá.

Ef upprunaríkið eða aðildarríkið sem hinn erlendi ríkisborgari kemur frá gerir engar slíkar kröfur til þeirra sem æskja þess að hefja eða stunda umrædda starfsemi ber gistiríkinu að taka við vottorði frá slíkum ríkisborgara sem lögbært yfirvald í því ríki hefur gefið út og er sambærilegt við vottorð sem gistiríkið gefur út.

10. gr.

Ekki má leggja fram skjöl sem gefin eru út í samræmi við 7., 8. og 9. gr. þegar meira en þrír mánuðir hafa liðið frá útgáfudegi þeirra.

11. gr.

1. Málsmeðferð þegar hlutaðeigandi einstaklingi er veitt leyfi til að hefja einhverja þá starfsemi sem um getur í 1. gr., samkvæmt 7., 8. og 9. gr., verður að vera lokið eins skjótt og kostur er og eigi síðar en þremur mánuðum eftir að öll skjöl er varða þennan einstakling hafa verið lögð fram, án þess að hnekkt sé fresti sem hlotist getur vegna málskots sem komið getur til að málsmeðferð lokinni.

2. Í þeim tilvikum sem um getur í 3. mgr. 7. gr. og 2. mgr. 8. gr., leiðir krafa um endurskoðun til þess að fresturinn sem kveðið er á um í 1. mgr. fellur úr gildi.

Aðildarríkið sem ráðgast er við skal gefa svar innan þriggja mánaða.

Að svari fengnu eða við lok tímabilsins skal gistiríkið halda áfram málsmeðferðinni sem um getur í 1. mgr.

12. gr.

Fari gistiríki fram á það við eigin ríkisborgara, sem æskja þess að hefja eða stunda einhverja þá starfsemi sem um getur í 1. gr., að þeir sverji eið eða gefi drengskaparheit og sé eiðurinn eða heitið þess eðlis að ríkisborgarar annarra aðildarríkja geti ekki nýtt það skal aðildarríkið tryggja að viðeigandi og jafngilt form til eiðtökunnar sé í boði fyrir hlutaðeigandi einstakling.

B. Sérákvæði um þjónustustarfsemi

13. gr.

1. Fari gistiríki fram á það við sína eigin ríkisborgara, sem æskja þess að hefja eða stunda einhverja þá starfsemi sem um getur í 1. gr., að þeir hafi annaðhvort starfsleyfi frá eða séu félagar í eða skráðir hjá fagfélagi eða -stofnun skal það aðildarríki veita ríkisborgurum annarra aðildarríkja undanþágu frá þeirri kröfu að því er varðar þjónustustarfsemi.

Hlutaðeigandi einstaklingur skal veita þjónustu með sömu réttindum og skyldum og ríkisborgarar gistiríkisins; hann skal m.a. hlíta starfsreglum sem eru settar af fagfélagi eða stjórnvöldum og gilda í því aðildarríki.

Samþykki gistiríki ráðstöfun samkvæmt annarri undirgrein eða öðlist vitneskju um atvik sem brjóta í bága við þessi ákvæði skal það þegar í stað tilkynna það aðildarríkinu þar sem hlutaðeigandi einstaklingur hefur staðfestu.

2. Gistiríkið getur krafist þess að hlutaðeigandi einstaklingur gefi lögbærum yfirvöldum yfirlýsingu fyrirfram um þjónustuna sem á að veita þegar hún felur í sér tímabundna dvöl á yfirráðasvæði þess.

Í bráðatilvikum má gefa yfirlýsinguna eins skjótt og auðið er eftir að þjónustan hefur verið látin í té.

3. Samkvæmt 1. og 2. mgr. getur gistiríkið krafist þess að hlutaðeigandi einstaklingur leggi fram eitt eða fleiri skjöl sem hafa að geyma eftirfarandi upplýsingar:

— yfirlýsinguna sem um getur í 2. mgr.,

— vottorð þar sem fram kemur að hlutaðeigandi einstaklingur hafi löggild réttindi til að stunda þá starfsemi sem um ræðir í aðildarríkinu þar sem hann hefur staðfestu,

— vottorð um að hlutaðeigandi einstaklingur hafi eitt eða fleiri prófskírteini, vottorð eða annan vitnisburð um formlega menntun og hæfi sem krafist er til að fá að veita umrædda þjónustu og um getur í þessari tilskipun.

4. Ekki má framvísa skjalinu eða skjölunum sem eru tilgreind í 3. mgr. þegar meira en tólf mánuðir hafa liðið frá útgáfudegi þeirra.

5. Svipti aðildarríki tímabundið eða varanlega, að hluta eða að öllu leyti, einn af ríkisborgurum sínum eða ríkisborgara annars aðildarríkis sem hefur staðfestu á yfirráðasvæði þess réttinum til að stunda einhverja þá starfsemi sem um getur í 1. gr., skal það, eftir því sem við á, tryggja tímabundna eða varanlega afturköllun vottorðsins sem um getur í öðrum undirlið 3. mgr.

14. gr.

Ef krafist er skráningar hjá opinberri almannatryggingastofnun í gistiríki til að hægt sé að gera upp reikninga við tryggingastofnanir er varða þjónustu til handa einstaklingum sem njóta almannatrygginga, skal það aðildarríki veita ríkisborgurum aðildarríkja sem hafa staðfestu í öðru aðildarríki undanþágu frá þessari kröfu í þeim tilvikum sem þjónustustarfsemin hefur í för með sér ferðalög hlutaðeigandi einstaklings.

Engu að síður ber hlutaðeigandi einstaklingum að veita stofnuninni upplýsingar fyrirfram, eða eftir á í bráðatilvikum, um þá þjónustu sem látin er í té.

C. Ákvæði sem eiga bæði við um staðfesturétt og réttinn til að veita þjónustu

15. gr.

Þegar notkun starfsheitis er lögvernduð í gistiríki að því er varðar einhverja þá starfsemi sem um getur í 1. gr. skulu ríkisborgarar annarra aðildarríkja, sem uppfylla skilyrði 2. og 5. gr., nota starfsheiti gistiríkisins sem í því ríki samsvarar þeim hæfisskilyrðum og skulu jafnframt nota skammstöfun heitisins.

16. gr.

1. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að gera hlutaðeigandi einstaklingum kleift að afla upplýsinga um heilbrigðis- og almannatryggingalög og, eftir því sem við á, siðareglur starfsgreinarinnar í gistiríkinu.

Í þessu skyni skulu aðildarríkin koma á fót upplýsingamiðstöðvum þar sem hlutaðeigandi aðilar geta aflað nauðsynlegra upplýsinga. Þegar um staðfestu er að ræða geta aðildarríkin krafist þess að þeir hafi samband við þessar miðstöðvar.

2. Aðildarríkin geta komið þeim miðstöðvum sem um getur í 1. mgr. á fót undir verndarvæng lögbærra yfirvalda og stofnana sem þau tilnefna fyrir lok frestsins sem settur er í 1. mgr. 20. gr.

3. Aðildarríkin skulu tryggja, eftir því sem við á, að viðkomandi einstaklingar afli sér, bæði í eigin þágu og vegna skjólstæðinga sinna, þeirrar málakunnáttu sem með þarf til að geta lagt stund á starfsgrein sína í gistiríkinu.

VI. KAFLI

LOKAÁKVÆÐI

17. gr.

Ef réttmætur efi er fyrir hendi getur gistiríkið krafist þess að lögbær yfirvöld í öðru aðildarríki staðfesti áreiðanleika prófskírteina, vottorða og annars vitnisburðar um formlega menntun og hæfi sem veitt hafa verið í síðarnefnda aðildarríkinu og sem um getur í II. og III. kafla og staðfesti jafnframt að hlutaðeigandi einstaklingar uppfylli þau skilyrði um menntun sem sett eru í tilskipun 80/155/EBE.

18. gr.

Aðildarríkin skulu, innan tímamarkanna sem sett eru 1. mgr. 20. gr., tilnefna þau yfirvöld og stofnanir sem hafa umboð til að gefa út eða veita viðtöku prófskírteinum, vottorðum og öðrum vitnisburði um formlega menntun og hæfi, sem og skjölum þeim og upplýsingum sem um getur í þessari tilskipun, og skulu tilkynna það hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni þegar í stað.

19. gr.

Tilskipun þessi skal einnig gilda um ríkisborgara aðildarríkja sem í samræmi við reglugerð (EBE) nr. 1612/68 stunda eða munu stunda þá starfsemi sem um getur í 1. gr. sem launþegar.

20. gr.

1. Aðildarríkin skulu gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að fara að tilskipun þessari innan þriggja ára frá birtingu hennar og tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

2. Aðildarríkin skulu sjá til þess að framkvæmdastjórninni berist helstu ákvæði úr landslögum sem samþykkt verða um málefni sem tilskipun þessi nær til.

21. gr.

Verði vart verulegra vandkvæða á tilteknum sviðum við beitingu þessarar tilskipunar í aðildarríki ber framkvæmdastjórninni að kanna þessi vandkvæði í samráði við það ríki og krefjast álits nefndar háttsettra opinberra embættismanna um almannaheilbrigði sem skipuð var með ákvörðun 75/365/EBE ([1]), eins og henni var síðast breytt með ákvörðun 80/157/EBE ([2]).

Framkvæmdastjórninni ber að leggja viðeigandi tillögur fyrir ráðið gerist þess þörf.

22. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 21. janúar 1980.

Fyrir hönd ráðsins,

G. MARCORA

forseti.

([1]) Stjtíð. EB nr. L 167, 30. 6. 1975, bls. 19.
([2]) Stjtíð. EB nr. L 33, 11. 2. 1980, bls. 15.

TILSKIPUN RÁÐSINS

frá 22. desember 1980

um breytingu, vegna aðildar Grikklands, á tilskipun 80/154/EBE um gagnkvæma viðurkenningu á prófskírteinum, vottorðum og öðrum vitnisburði um formlega menntun og hæfi í ljósmóðurfræðum, að meðtöldum ráðstöfunum er auðvelda að staðfesturéttar og réttar til að veita þjónustu sé neytt

(80/1273/EBE)

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af aðildarlögunum frá 1979, einkum 146. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Tilskipun ráðsins 80/154/EBE frá 21. janúar 1980 um gagnkvæma viðurkenningu á prófskírteinum, vottorðum og öðrum vitnisburði um formlega menntun og hæfi í ljósmóðurfræðum, að meðtöldum ráðstöfunum er auðvelda að staðfesturéttar og réttar til að veita þjónustu sé neytt [1] var samþykkt eftir að aðildarlögin höfðu verið undirrituð.

Gera þarf ákveðnar breytingar á tilskipuninni í ljósi aðildar Grikklands til þess að tryggja að Grikkland beiti henni á svipaðan hátt og önnur aðildarríki.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Tilskipun 80/154/EBE er breytt svo sem hér segir:

1. Eftirfarandi bætist við 1. gr.:

„í Grikklandi:

„Μαία“.“

2. Eftirfarandi liður bætist við 3. gr.:

„j) í Grikklandi:

— πτυχίο μαίας staðfest af félagsmálaráðuneyti,

— πτυχίο 'Ανωτέρας Σχολῆς Στελεχῶν 'Υγείας καί Κοινωνικῆς Προνοίας, Τμήματος, Μαιῶν ' sem gefið er út af KATEE.“

2. gr.

Aðildarríkin skulu gera ráðstafanir til að fara að þessari tilskipun innan þeirra tímamarka sem sett eru í 1. mgr. 20. gr. tilskipunar 80/154/EBE.

Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

3. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 22. desember 1980.

Fyrir hönd ráðsins,

J. SANTER

forseti.

---

[1] Stjtíð. EB nr. L 33, 11. 2. 1980, bls. 1.

380L0154: Tilskipun ráðsins 80/154/EBE frá 21. janúar 1980 (Stjtíð. EB nr. L 33, 11.2.1980, bls. 1), eins og henni var breytt með:

- **185I: Lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum – aðild Lýðveldisins Grikklands að Evrópubandalögunum (Stjtíð. EB nr. L 302, 15.11.1985, bls. 161).**

a) Eftirfarandi bætist við 1. gr.:

„*á Spáni:*

„matrona“ eða „asistente obstétrico“;

í Portúgal:

„enfermeiro especialista em enfermagem de saúde materna e obstétrica“.“

b) Eftirfarandi bætist við 3. gr.:

„*á Spáni:*

prófskírteinið „asistencia obstétrica“ sem gefið er út af ráðuneyti mennta- og vísindamála;

í Portúgal:

prófskírteinið „enfermeiro especialista em enfermagem de saúde materna e obstétrica“.“

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

a) Eftirfarandi bætist við 1. gr.:

„*í Austurríki:*

— „Hebamme“;

í Finnlandi:

— „kätilö/barnmorska“;

á Íslandi:

— „ljósmóðir“;

í Liechtenstein:

— „Hebamme“;

í Noregi:

— „jordmor“;

í Svíþjóð:

— „barnmorska“;

í Sviss:

— „Hebamme/sage-femme/levatrice“.“

b) Eftirfarandi bætist við 3. gr.:

„m) *í Austurríki:*

„Hebammen-Diplom“ sem ljósmæðraskóli veitir;

n) *í Finnlandi:*

„kätilö/barnmorska“ eða „erikoissairaanhoitaja, naistentaudit ja äitiyshuolto/specialsjukskötare, kvinnosjukdomar och mödravård“ (prófskírteini í ljósmæðrafræðum) sem hjúkrunarskóli veitir;

o) *á Íslandi:*

próf frá Ljósmæðraskóla Íslands;

p) *í Liechtenstein:*

prófskírteini, vottorð og önnur starfsheiti sem veitt eru í öðru ríki sem tilskipun þessi tekur til og tilgreind í þessari grein;

q) *í Noregi:*

„bevis for bestått jordmoreksamen“ (prófskírteini í ljósmóðurfræðum) sem ljósmæðraskóli veitir og vottorð um starfsþjálfun sem lögbær yfirvöld heilbrigðismála gefa út;

r) *í Svíþjóð:*

prófskírteini sem „barnmorska" (BSc í hjúkrunarfræðum eða ljósmæðrafræðum) sem hjúkrunarskóli veitir;

s) *í Sviss:*

„diplomierte Hebamme/sage-femme diplômée/ levatrice diplomata" (prófskírteini í ljósmóðurfræðum) sem lögbært yfirvald veitir."

2. 380L0155: Tilskipun ráðsins 80/155/EBE frá 21. janúar 1980 um samræmingu á ákvæðum er varða það að hefja og stunda starfsemi ljósmæðra og sett eru með lögum eða stjórnsýslufyrirmælum (Stjtíð. EB nr. L 33, 11.2.1980, bls. 1), eins og henni var breytt með:

– 389L0594: Tilskipun ráðsins 89/594/EBE frá 30. október 1989 (Stjtíð. EB nr. L 341, 23.11.1989, bls. 19). (Sjá 1. tölulið í fylgiskjali 1).

Sviss er veitt undanþága frá ákvæðum tilskipunar 80/155/EBE, eins og þau eru aðlöguð í þessum samningi, og skal standa við skuldbindingarnar sem þar eru settar fram í síðasta lagi 1. janúar 1997 í stað 1. janúar 1993.

TILSKIPUN RÁÐSINS

frá 21. janúar 1980

um samræmingu á ákvæðum er varða það að hefja og stunda starfsemi ljósmæðra og sett eru með lögum eða stjórnsýslufyrirmælum

(80/155/EBE)

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 49., 57. og 66. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ([1]),

með hliðsjón af áliti Evrópuþingsins ([2]),

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndarinnar ([3]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Samkvæmt 57. gr. sáttmálans verður að samræma ákvæði sem sett eru með lögum og stjórnsýslufyrirmælum og varða það að hefja og stunda starfsemi ljósmæðra. Nauðsynlegt er vegna almannaheilbrigðis að koma á innan bandalagsins sameiginlegri skilgreiningu á menntun og starfssviði sérmenntaðs fólks í umræddri starfsgrein. Ekki hefur þótt fýsilegt að taka upp sameiginlega námsskrá í þessu skyni fyrir öll aðildarríkin. Þvert á móti ætti að gefa þeim frjálsar hendur til þess að skipuleggja námið. Af þeim sökum er besta lausnin að ákveða lágmarkskröfur.

Samræming skilyrða sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun kemur ekki í veg fyrir síðari samræmingu.

Að því er nám varðar gera flest aðildarríkin ekki greinarmun á ljósmæðrum sem starfa sem launþegar og þeim sem eru sjálfstætt starfandi. Af þeim sökum virðist nauðsynlegt að víkka gildissvið þessarar tilskipunar þannig að hún nái til ljósmæðra sem starfa sem launþegar.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

1. Aðildarríkin skulu krefja þá sem æskja þess að hefja og stunda starfsemi ljósmæðra með þeim starfsheitum sem um getur í 1. gr. tilskipunar 80/154/EBE ([4]) um prófskírteini, vottorð eða annan vitnisburð um formlega menntun og hæfi í ljósmóðurfræðum eins og skráð er í 3. gr. sömu tilskipunar og tryggir að á námstímanum hafi hlutaðeigandi einstaklingur öðlast:

a) fullnægjandi þekkingu á þeim vísindagreinum sem starfsemi ljósmæðra byggir á, einkum fæðingarfræði og kvensjúkdómafræði;

b) fullnægjandi þekkingu á siðfræði starfsgreinarinnar og löggjöf er hana varðar;

c) ítarlega þekkingu á líffræðilegri starfsemi, líffærafræði og líffeðlisfræði á sviði ljósmóðurfræða og nýbura, auk þekkingar á sambandinu milli heilsufars, aðbúnaðar, félagslegs umhverfis manna og hegðunar þeirra;

d) fullnægjandi klíníska reynslu sem fengist hefur á viðurkenndum stofnunum undir handleiðslu starfsfólks sem er menntað á sviði ljósmóðurfræða og fæðingarfræði;

e) fullnægjandi skilning á menntun starfsfólks í heilbrigðisstéttum og reynslu af því að vinna með slíku starfsfólki.

2. Námið sem getið er í 1. mgr. skal fela í sér:

— annaðhvort fullt nám í ljósmóðurfræðum sem er að minnsta kosti þriggja ára bóklegt og verklegt nám þar sem aðgangur er háður því að viðkomandi hafi að minnsta kosti fyrstu tíu ár almenns grunnnáms að baki,

— eða fullt nám í ljósmóðurfræðum sem stendur að minnsta kosti í átján mánuði, þar sem aðgangur er háður því að viðkomandi hafi undir höndum prófskírteini, vottorð eða annan vitnisburð um formlega menntun og hæfi hjúkrunarfræðings í almennri hjúkrun sem getið er í 3. gr. tilskipunar 77/452/EBE ([5]).

3. Námið í ljósmóðurfræðum sem kveðið er á um í fyrsta undirlið 2. mgr. skal fela í sér að minnsta kosti þær námsgreinar sem fram koma í námsskránni í viðaukanum.

([1]) Stjtíð. EB nr. C 18, 12. 2. 1970, bls. 1.
([2]) Stjtíð. EB nr. C 101, 4. 8. 1970, bls. 26.
([3]) Stjtíð. EB nr. C 146, 11. 12. 1970, bls. 17.
([4]) Stjtíð. EB nr. L 33, 11. 2. 1980, bls. 1.
([5]) Stjtíð. EB nr. L 176, 15. 7. 1977, bls. 1.

Námið sem kveðið er á um í öðrum undirlið 2. mgr. skal fela í sér að minnsta kosti þær námsgreinar sem skráðar eru í viðaukanum og eru ekki hluti af sambærilegu námi hjúkrunarfræðinga.

4. Aðildarríkjunum ber að tryggja að sú stofnun sem sér um menntun ljósmæðra sé ábyrg fyrir samræmingu bóklegra og verklegra þátta alls námsins.

Bóklega og verklega námið sem um ræðir í A-hluta viðaukans verður að vera í jafnvægi við og taka mið af klínískri þjálfun ljósmæðra sem um ræðir í B-hluta sama viðauka til þess að hægt sé að öðlast þá þekkingu og reynslu sem talin er upp í 1. mgr. á viðhlítandi hátt.

Kennsla í klínískum greinum verður að fara fram undir eftirliti á deildum sjúkrahúsa eða á öðrum heilbrigðisstofnunum sem viðurkenndar eru af lögbærum yfirvöldum eða stofnunum. Meðan á náminu stendur skulu ljósmóðurnemar taka þátt í starfsemi þessara deilda svo framarlega sem starfsemin stuðlar að menntun þeirra. Þeim skal gerð grein fyrir þeirri ábyrgð sem starfsemi ljósmóður felur í sér.

2. gr.

Að lokinni reglubundinni könnun á árangri af námi því sem kveðið er á um í 2. mgr. 1. gr. skal framkvæmdastjórnin leggja sína fyrstu skýrslu fyrir ráðið sex árum eftir birtingu þessarar tilskipunar. Könnunin skal framkvæmd með aðstoð ráðgjafarnefndar um nám ljósmæðra.

Í ljósi niðurstaðna þessarar könnunar skal framkvæmdastjórnin leggja fram tillögur að breytingum sem ætlað er að samræma lágmarkskröfur vegna þessa náms með þeim skilyrðum sem kveðið er á um í fyrsta inndrætti fyrsta undirliðar og í öðrum undirlið 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 80/154/EBE. Ráðið skal afgreiða þessar tillögur þegar í stað.

3. gr.

Þrátt fyrir 1. gr. geta aðildarríki heimilað hlutanám með skilyrðum sem eru samþykkt af lögbærum innlendum yfirvöldum.

Samanlagður tími í hlutanámi má ekki vera styttri en fullt nám. Ekki má slaka á kröfum um gæði námsins í hlutanáminu.

4. gr.

Aðildarríkin skulu tryggja að ljósmæður eigi að minnsta kosti rétt á að hefja og stunda eftirtalda starfsemi:

1. veita haldgóðar upplýsingar og ráðgjöf um fjölskylduáætlanir;
2. greina þungun og hafa eftirlit með eðlilegri meðgöngu; gera nauðsynlegar prófanir vegna eftirlits með framvindu eðlilegrar meðgöngu;
3. mæla fyrir um eða ráðleggja prófanir sem nauðsynlegar eru til þess að greina hið fyrsta merki um áhættu í meðgöngu;
4. halda foreldranámskeið með fræðslu um foreldrahlutverk, fæðingu og ráðgjöf um hreinlæti og næringu;
5. annast og aðstoða móður meðan á fæðingu stendur og fylgjast með ástandi fósturs í leginu með viðeigandi klínískum og tæknilegum aðferðum;
6. sjá um eðlilegar fæðingar að meðtöldum spangarskurði þegar hans gerist þörf og, í bráðatilvikum, sitjandi fæðingu;
7. þekkja hættumerki hjá móður eða ungbarni sem krefst umsagnar læknis og aðstoða hann eftir þörfum; gera nauðsynlegar neyðarráðstafanir í fjarveru læknis, einkum til að ná fylgju út, auk hugsanlegrar þreifingar legsins;
8. skoða og annast nýbura; taka frumkvæði þegar nauðsyn ber til og gera bráða endurlífgun þegar þörf krefur;
9. annast og fylgjast með líðan móður eftir fæðingu og gefa móður öll nauðsynleg ráð varðandi umönnun ungbarna til að tryggja hámarksframfarir hjá nýburanum;
10. framkvæma meðferð sem læknir hefur mælt fyrir um;
11. annast nauðsynlega skýrslugerð.

5. gr.

Tilskipun þessi skal einnig gilda um ríkisborgara aðildarríkja sem í samræmi við reglugerð (EBE) nr. 1612/68 frá 15. október 1968 um frelsi launþega til flutninga innan bandalagsins ([1]) stunda eða munu stunda sem launþegar þá starfsemi sem um getur í 1. gr. tilskipunar 80/154/EBE.

([1]) Stjtíð. EB nr. L 257, 19. 10. 1968, bls. 2.

6. gr.

1. Aðildarríkin skulu gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að fara að tilskipun þessari innan þriggja ára frá birtingu hennar og tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

2. Aðildarríkin skulu sjá til þess að framkvæmdastjórninni berist helstu ákvæði úr landslögum sem samþykkt verða um málefni sem tilskipun þessi nær til.

7. gr.

Verði vart verulegra vandkvæða á tilteknum sviðum við beitingu þessarar tilskipunar í aðildarríki ber framkvæmdastjórninni að kanna þessi vandkvæði í samráði við það ríki og krefjast álits nefndar háttsettra opinberra embættismanna um almannaheilbrigði sem skipuð var með ákvörðun 75/365/EBE ([1]), eins og henni var síðast breytt með ákvörðun 80/157/EBE ([2]).

Framkvæmdastjórninni ber að leggja viðeigandi tillögur fyrir ráðið gerist þess þörf.

8. gr.

Eigi síðar en sex árum eftir birtingu þessarar tilskipunar, skal ráðið, að fenginni tillögu frá framkvæmdastjórninni og að fengnu áliti ráðgjafarnefndarinnar, ákveða hvort undanþága sú sem kveðið er á um í þriðja lið B-hluta viðaukans skuli dregin til baka eða gildissvið hennar þrengt.

9. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 21. janúar 1980.

Fyrir hönd ráðsins,

G. MARCORA

forseti.

([1]) Stjtíð. EB nr. L 167, 30. 6. 1975, bls. 19.
([2]) Stjtíð. EB nr. L 33, 11. 2. 1980, bls. 15.

VIÐAUKI

NÁMSSKRÁ FYRIR LJÓSMÆÐUR

Nám sem er undanfari að prófskírteini, vottorði eða öðrum vitnisburði um formlega menntun og hæfi ljósmæðra felur í sér eftirtalda tvo hluta:

A. BÓKLEG OG VERKLEG KENNSLA

a) **Almennar námsgreinar**

1. Undirstaða í líffærafræði og -lífeðlisfræði
2. Undirstaða í meinafræði
3. Undirstaða í gerlafræði, -veirufræði og -sníklafræði
4. Undirstaða í lífeðlisfræði, lífefnafræði og geislalæknisfræði
5. Barnalækningar, með sérstakri áherslu á nýbura
6. Heilsufræði, heilsufræðsla, forvarnarlæknisfræði, greining sjúkdóma á byrjunarstigi
7. Næring og næringarfræði, með sérstakri áherslu á konur, nýbura og ungbörn
8. Undirstaða í félagsfræði og atriðum er lúta að félagslækningum
9. Undirstaða í lyfjafræði
10. Sálfræði
11. Kennslufræði
12. Heilbrigðis- og félagsmálalöggjöf og heilbrigðiskerfi
13. Siðfræði starfsgreinarinnar og löggjöf
14. Kynfræðsla og fjölskylduáætlanir
15. Lagaleg réttindi móður og ungbarns

b) **Námsgreinar er varða störf ljósmæðra sérstaklega**

1. Líffærafræði og lífeðlisfræði
2. Fósturfræði og fósturþroski
3. Meðganga, fæðing og sængurlega
4. Meinafræði í tengslum við kvensjúkdómafræði og fæðingarfræði
5. Undirbúningur undir fæðingu og foreldrahlutverkið, að meðtöldum sálfræðilegum hliðum
6. Undirbúningur fæðingar (auk þekkingar og notkunar á tæknilegum búnaði er tengist fæðingarfræði)
7. Deyfing, svæfing og endurlífgun
8. Lífeðlisfræði og meinafræði nýbura
9. Umönnun og eftirlit með nýburum
10. Sálfræðilegir og félagslegir þættir

B. VERKLEGT OG KLÍNÍSKT NÁM

Þetta nám verður að fara fram undir viðeigandi eftirliti:

1. Ráðgjöf til þungaðra kvenna, sem felur í sér að minnsta kosti 100 skoðanir á meðgöngutíma
2. Eftirlit og umönnun að minnsta kosti fjörutíu þungaðra kvenna

3. Fylgd nema við að minnsta kosti fjörutíu fæðingar; ef ekki er hægt að fylla þennan kvóta vegna þess að fæðingar eru ekki nógu margar má lækka töluna í þrjátíu að því tilskildu að neminn aðstoði við tuttugu fæðingar til viðbótar
4. Aðstoð við eina eða tvær sitjandi fæðingar
5. Reynsla af spangarskurði og frumæfing í saumi
6. Eftirlit og umönnun með fjörutíu þunguðum konum í áhættuflokki
7. Að minnsta kosti 100 eftirskoðanir og skoðanir heilbrigðra nýbura
8. Eftirlit og umönnun mæðra og nýbura að meðtöldum fyrirburum, léttburum og veikum nýburum, og nýburum fæddum eftir eðlilegan meðgöngutíma
9. Umönnun sjúkra ef það er á sviði kvensjúkdóma- og fæðingarfræði og sjúkdómar nýbura og ungbarna
10. Reynsla af að annast almenn sjúkdómstilvik á sviði læknisfræði og skurðlæknisfræði

(Sjá 1. tölulið í fylgiskjali 1).

Fylgiskjal 5:

Lyfjafræðingar

1. **385L0432: Tilskipun ráðsins 85/432/EBE frá 16. september 1985 um samræmingu á ákvæðum er varða ákveðna starfsemi á sviði lyfjafræði lyfsala og sett eru með lögum og stjórnsýslufyrirmælum (Stjtíð. EB nr. L 253, 24.9.1985, bls. 34).**

TILSKIPUN RÁÐSINS

frá 16. september 1985

um samræmingu á ákvæðum er varða ákveðna starfsemi á sviði lyfjafræði lyfsala og sett eru með lögum og stjórnsýslufyrirmælum

(85/432/EBE)

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 49. og 57. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ([1]),

með hliðsjón af áliti Evrópuþingsins ([2]),

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndarinnar ([3]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Einstaklingar sem hlotið hafa prófskírteini, vottorð eða aðra formlega menntun og hæfi í lyfjafræði lyfsala eru viðurkenndir sérfræðingar á sviði lyfja og verða að meginreglu til að hafa aðgang að tiltekinni lágmarksstarfsemi á því sviði í öllum aðildarríkjunum. Við skilgreiningu á þessari lágmarksstarfsemi er þessari tilskipun ekki ætlað að takmarka þá starfsemi sem lyfjafræðingar mega stunda í aðildarríkjunum, einkum er varðar læknisfræðilega greiningu, né heimila þeim neins konar einkasölu þar sem skipan einkasölu heldur áfram að vera einkamál aðildarríkjanna.

Auk þess tryggir þessi tilskipun ekki samræmingu allra skilyrða sem sett eru um aðgang og iðkun starfsemi á sviði lyfjafræði lyfsala. Meðal annars heldur landfræðileg dreifing lyfjaverslana og einkasala á lyfjum áfram að vera einkamál aðildarríkjanna.

Með það í huga að komið verði á gagnkvæmri viðurkenningu á prófskírteinum, vottorðum og öðrum vitnisburði um formlega menntun og hæfi í lyfjafræði lyfsala, sem mælt er fyrir um með tilskipun ráðsins 85/433/EBE frá 16. september 1985 um gagnkvæma viðurkenningu á prófskírteinum, vottorðum og öðrum vitnisburði um formlega menntun og hæfi í lyfjafræði lyfsala, að meðtöldum ráðstöfunum er auðvelda að staðfesturéttar sé neytt að því er varðar ákveðna starfsemi á sviði lyfjafræði lyfsala ([4]), gerir samhæfing náms í aðildarríkjunum kleift að samræmingin á þessu sviði sé einskorðuð við að virða lágmarkskröfur sem gefur aðildarríkjunum frjálsar hendur með skipulagningu kennslu.

Tilskipun þessi kemur ekki í veg fyrir að aðildarríkin geti krafist viðbótarskilyrða um menntun vegna aðgangs að starfsemi sem heyrir ekki undir lágmarksstarfsemina sem samræmingin tekur til. Af þessum sökum getur gistiríki sem setur slík skilyrði látið þau gilda um ríkisborgara aðildarríkja sem hlotið hafa eitt af þeim prófskírteinum sem um getur í 4. gr. tilskipunar 85/433/EBE.

Samræmingin sem kveðið er á um í þessari tilskipun tekur til menntunar og hæfis í starfsgreininni. Fæst aðildarríki gera eins og stendur greinarmun á sérmenntuðum einstaklingum sem stunda starfsemi sína sem launþegar og þeim sem starfa sjálfstætt. Af þessum sökum virðist nauðsynlegt að víkka gildissvið þessarar tilskipunar þannig að hún nái einnig til sérmenntaðra einstaklinga sem eru launþegar.

([1]) Stjtíð. EB nr. C 35, 18. 2. 1981, bls. 3.
([2]) Stjtíð. EB nr. C 277, 17. 10. 1983, bls. 160.
([3]) Stjtíð. EB nr. C 230, 10. 9. 1981, bls. 10.
([4]) Stjtíð. EB nr. L 253, 24. 9. 1985, bls. 37.

Verið er að móta frekara nám á tilteknum sviðum lyfjafræði lyfsala en því er ætlað að víkka ákveðin þekkingarsvið sem eru hluti af námi lyfjafræðinga. Við þessar aðstæður og með það að markmiði að koma á gagnkvæmri viðurkenningu á prófskírteinum, vottorðum og öðrum vitnisburði um formlega menntun og hæfi í sérgreinum lyfjafræði lyfsala og til að gera öllum sem tilheyra starfsgreininni og eru ríkisborgarar aðildarríkja jafnhátt undir höfði innan bandalagsins, er nauðsynlegt að koma á nokkurri samræmingu á kröfum um menntun sérfræðinga á sviði lyfjafræði lyfsala enda er tiltekið nám sambærilegt í allmörgum aðildarríkjum og getur heimilað einstaklingi að bera sérfræðingstitil, án þess að það nám sé sett sem skilyrði um aðgang að þeirri starfsemi sem heyrir undir samræmdu lágmarksstarfsemina. Slík samræming virðist ekki gerleg á þessu stigi en að henni ber að stefna eins skjótt og kostur er ásamt viðeigandi gagnkvæmri viðurkenningu.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að handhafar prófskírteina, vottorða eða annarrar menntunar og hæfis í lyfjafræði lyfsala á háskóla- eða sambærilegu stigi sem fullnægja skilyrðunum sem sett eru í 2. gr. eigi að minnsta kosti rétt á aðgangi að starfsemi þeirri sem um ræðir í 2. mgr. og að stunda slíka starfsemi með þeim skilyrðum, eftir því sem við á, að viðbótarstarfsstjálfunar hafi verið aflað.

2. Starfsemin sem um getur í 1. mgr. er:

— gerð lyfjaforma lyfja,

— framleiðsla og prófun lyfja,

— prófun lyfja á lyfjarannsóknarstofu,

— geymsla, varðveisla og dreifing lyfja á heildsölustigi,

— gerð, prófun, geymsla og öflun lyfja fyrir lyfjabúðir sem eru opnar almenningi,

— gerð, prófun, geymsla og afgreiðsla lyfja innan sjúkrahúsa,

— miðlun upplýsinga og ráðgjöf um lyf.

3. Ef samkeppnispróf er notað í aðildarríki á þeim tíma sem tilskipun þessi verður samþykkt sem miðar að því að velja úr hópi þeirra handhafa sem um getur í 1. mgr. þá sem tilnefna á til að veita forstöðu nýjum lyfjabúðum, sem komið verður á fót samkvæmt innlendu kerfi um landfræðilega staðsetningu lyfjabúða, getur aðildarríkið, þrátt fyrir 1. mgr., haldið þessu samkeppnisprófi og krafist þess að ríkisborgarar aðildarríkjanna, sem hlotið hafa prófskírteini, vottorð og annan vitnisburð um formlega menntun og hæfi í lyfjafræði lyfsala sem um getur í 1. mgr. 2. gr. og 6. gr. tilskipunar 85/433/EBE, taki þátt í slíku prófi.

2. gr.

Aðildarríkin skulu binda veitingu prófskírteina, vottorða og annars vitnisburðar um formlega menntun og hæfi sem um getur í 1. gr. við eftirfarandi lágmarksskilyrði:

1. Nám sem er undanfari prófskírteina, vottorða og annarrar formlegrar menntunar og hæfis skal tryggja:

a) fullnægjandi þekkingu á lyfjum og þeim efnum sem notuð eru við framleiðslu lyfja;

b) fullnægjandi þekkingu á lyfjagerðarfræði og eðlisfræðilegri, efnafræðilegri, líffræðilegri og örverufræðilegri prófun á lyfjum;

c) fullnægjandi þekkingu á umbroti og verkun lyfja og eiturefna og á notkun lyfja;

d) fullnægjandi þekkingu til að meta vísindaleg gögn er varða lyf svo að viðkomandi sé fær um að veita viðeigandi upplýsingar á grundvelli þessarar þekkingar;

e) fullnægjandi þekkingu á lagalegum jafnt sem öðrum kröfum sem gerðar eru til þeirra sem stunda lyfjafræði.

2. Til að komast í slíkt nám verður umsækjandi að hafa undir höndum prófskírteini eða vottorð sem gerir honum kleift að hefja umrætt nám í háskólum í aðildarríki eða æðri menntastofnunum sem hlotið hafa sambærilega viðurkenningu.

3. Prófskírteinið, vottorðið eða önnur formleg menntun og hæfi skal votta að lokið hafi verið við nám sem staðið hefur yfir í að minnsta kosti fimm ár og í því hafi falist:

— minnst fjögurra ára bóklegt og verklegt nám í fullu námi í háskóla, í æðri menntastofnunum sem hafa hlotið sambærilega viðurkenningu eða undir eftirliti háskóla,

— minnst sex mánaða starfsþjálfun í lyfjabúð sem er opin almenningi eða á sjúkrahúsi undir eftirliti lyfjadeildar á því sjúkrahúsi.

4. Þrátt fyrir 3. lið:

a) ef tvenns konar nám er í boði í aðildarríki þegar tilskipun þessi er samþykkt, annað sem stendur í fimm ár og hitt í fjögur ár, skal litið svo á að prófskírteinið, vottorðið eða önnur formleg menntun og hæfi með staðfestingu á því að fjögurra ára námi hafi verið lokið fullnægi skilyrðunum sem sett eru í 3. lið, að því tilskildu að prófskírteinið, vottorðið eða önnur formleg menntun og hæfi með staðfestingu á þessu tvenns konar námi séu viðurkennd sem jafngild í því ríki;

b) ef aðildarríki getur ekki veitt sex mánaða starfsþjálfun vegna þess að ekki eru nógu margar stöður fyrir hendi í lyfjabúðum sem opnar eru almenningi eða á sjúkrahúsum í nágrenni við menntastofnanirnar getur það, um fimm ára skeið frá því að fresturinn sem kveðið er á um í 5. gr. rennur út, gert ráðstafanir til að ekki meira en helmingur þess þjálfunartíma feli í sér störf lyfjafræðings í fyrirtæki sem framleiðir lyf.

5. Námið sem um getur í 3. lið verður að minnsta kosti að fela í sér bóklegt og verklegt nám í þeim greinum sem hér eru taldar:

— Plöntu- og dýralíffræði,
— Eðlisfræði,
— Almenn og ólífræn efnafræði,
— Lífræn efnafræði,
— Efnagreining,
— Lyfjaefnafræði, að meðtalinni lyfjagreiningu,
— Almenn og hagnýt lífefnafræði (læknisfræðileg),
— Líffærafræði og líffeðlisfræði; íðorðaforða læknisfræðinnar,
— Örverufræði,
— Lyfjafræði lækna og lyfjameðferð,
— Lyfjagerðarfræði,
— Eiturefnafræði,
— Lyfjafræði náttúruefna (lyflýsingafræði),
— Löggjöf og, eftir því sem við á, siðfræði atvinnugreinarinnar.

Hlutfallið á milli bóklegs og verklegs náms í hverri grein verður að vera með þeim hætti að hæfileg áhersla sé lögð á bóklega námið til að viðhalda því fræðilega yfirbragði sem þarf að vera á námi á háskólastigi.

3. gr.

Eigi síðar en þremur árum eftir að fresturinn sem mælt er fyrir um í 5. gr. rennur út, skal framkvæmdastjórnin leggja fyrir ráðið viðeigandi tillögur um sérnám í lyfjafræði lyfsala, einkum sjúkrahúsalyfjafræði. Ráðið skal kanna þessar tillögur innan eins árs.

4. gr.

Tilskipun þessi skal einnig gilda um ríkisborgara aðildarríkja sem í samræmi við reglugerð (EBE) nr. 1612/68 frá 15. október 1968 um frelsi launþega til flutninga innan bandalagsins [1] stunda eða munu stunda sem launþegar einhverja þá starfsemi sem um getur í 1. gr. tilskipunar 85/433/EBE.

5. gr.

1. Aðildarríkjunum ber að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að fara að tilskipun þessari fyrir 1. október 1987 og tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

2. Aðildarríkin skulu sjá til þess að framkvæmdastjórninni berist helstu ákvæði úr landslögum sem samþykkt verða um málefni sem tilskipun þessi nær til.

6. gr.

Verði aðildarríki vart verulegra vandkvæða á tilteknum sviðum við beitingu þessarar tilskipunar ber framkvæmdastjórninni í samráði við það ríki að skoða þessi vandkvæði og krefjast álits lyfjafræðinefndarinnar sem skipuð var með ákvörðun ráðsins 75/320/EBE [2].

Framkvæmdastjórninni ber að leggja viðeigandi tillögur fyrir ráðið gerist þess þörf.

7. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Lúxemborg 16. september 1985.

Fyrir hönd ráðsins,

M. FISCHBACH

forseti.

[1] Stjtíð. EB nr. L 257, 19. 10. 1968, bls. 2.
[2] Stjtíð. EB nr. L 147, 9. 6. 1975, bls. 23.

2. **385L0433: Tilskipun ráðsins 85/433/EBE frá 16. september 1980 um gagnkvæma viðurkenningu á prófskírteinum, vottorðum og öðrum vitnisburði um formlega menntun og hæfi í lyfjafræði lyfsala, að meðtöldum ráðstöfunum er auðvelda að staðfesturéttar sé neytt að því er varðar ákveðna starfsemi á sviði lyfjafræði lyfsala (Stjtíð. EB nr. L 253, 24.9.1985, bls. 37), eins og henni var breytt með:**

- **385L0584: Tilskipun ráðsins 85/584/EBE frá 20. desember 1985 (Stjtíð. EB nr. L 372, 31.12.1985, bls. 42);**

- **390L0658: Tilskipun ráðsins 90/658/EBE frá 4. desember 1990 (Stjtíð. EB nr. L 353, 17.12.1990, bls. 73). (Sjá 1. tölulið í fylgiskjali 1).**

TILSKIPUN RÁÐSINS

frá 16. september 1985

um gagnkvæma viðurkenningu á prófskírteinum, vottorðum og öðrum vitnisburði um formlega menntun og hæfi í lyfjafræði lyfsala, að meðtöldum ráðstöfunum er auðvelda að staðfesturéttar sé neytt að því er varðar ákveðna starfsemi á sviði lyfjafræði lyfsala

(85/433/EBE)

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 49. og 57. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ([1]),

með hliðsjón af áliti Evrópuþingsins ([2]),

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndarinnar ([3]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Samkvæmt sáttmálanum er ekki leyfilegt að loknu aðlögunartímabilinu að mismuna fólki á grundvelli ríkisfangs að því er varðar staðfestu og þjónustustarfsemi. Slíkt jafnræði hvað varðar ríkisfang nær einkum til veitingar hvers kyns starfsleyfa sem krafist er ef hefja á ákveðna starfsemi og til skráningar eða þátttöku í stéttarsamtökum eða -félögum.

Engu að síður virðist æskilegt að setja sérstök ákvæði er auðvelda að staðfesturéttarins sé neytt.

Samkvæmt h-lið 3. mgr. 54. gr. sáttmálans mega aðildarríkin ekki veita neina þá aðstoð sem raskað gæti skilyrðum fyrir staðfestu.

Í 1. mgr. 57. gr. sáttmálans er kveðið á um að tilskipanir skuli gefnar út um gagnkvæma viðurkenningu á prófskírteinum, vottorðum og öðrum vitnisburði um formlega menntun og hæfi.

Þar sem verulegur munur er á námi í lyfjafræði lyfsala í aðildarríkjunum er nauðsynlegt að setja ákveðin samræmingarákvæði er gera aðildarríkjunum kleift að koma á gagnkvæmri viðurkenningu á prófskírteinum, vottorðum og öðrum vitnisburði um formlega menntun og hæfi. Slík samræming hefur verið fastsett með tilskipun ráðsins 85/432/EBE frá 16. september 1985 um samræmingu á ákvæðum er varða ákveðna starfsemi á sviði lyfjafræði lyfsala og sett eru með lögum og stjórnsýslufyrirmælum ([4]).

Auk viðeigandi prófskírteina, vottorða eða annars vitnisburðar um formlega menntun og hæfi er í tilteknum aðildarríkjum krafist viðbótarstarfsreynslu til aðgangs að ákveðinni starfsemi á sviði lyfjafræði lyfsala. Þar sem aðildarríkin hafa ekki enn komist að sameiginlegri niðurstöðu um þetta mál er ráðlegt, svo að afstýra megi frekari erfiðleikum, að viðurkenna tiltekna starfsreynslu sem varað hefur jafn lengi í öðru aðildarríki sem fullnægjandi skilyrði.

Ákveðin aðildarríki hafa, í samræmi við eigin heilbrigðisstefnu, þar sem meðal annars er reynt að tryggja fullnægjandi lyfjadreifingarkerfi á öllum yfirráðasvæðum þeirra, sett takmörk um það hve mörgum nýjum lyfjabúðum er leyfilegt að koma á fót meðan önnur hafa ekki sett nein slík ákvæði. Við þessar aðstæður er ekki tímabært að kveða á um að gagnkvæm viðurkenning á prófskírteinum, vottorðum og öðrum vitnisburði um formlega menntun og hæfi í lyfjafræði lyfsala skuli einnig ná til þeirrar starfsemi lyfjafræðinga að veita forstöðu lyfjabúðum sem eru opnar almenningi í styttri tíma en þrjú ár. Framkvæmdastjórnin og ráðið verða að taka þetta vandamál til endurskoðunar áður en tiltekinn frestur er liðinn.

Þar eð tilskipun um gagnkvæma viðurkenningu á prófskírteinum felur ekki endilega í sér að námið sem að baki þeim liggur sé jafngilt, ætti eingöngu, að leyfa notkun starfsheitis sem byggir á slíku námi á máli upprunaríkisins eða þess aðildarríkis sem hinn erlendi ríkisborgari kemur frá.

Til þess að auðvelda innlendum yfirvöldum beitingu þessarar tilskipunar geta aðildarríkin sett fyrirmæli um að þeir sem uppfylla skilyrði þessarar tilskipunar um menntun og þjálfun leggi fram, til viðbótar formlegum vottorðum um nám, vottorð frá lögbærum yfirvöldum upprunalands þeirra eða landsins sem þeir koma frá þar sem staðfest er að menntun þeirra og hæfi sé í samræmi við það sem um getur í tilskipuninni.

([1]) Stjtíð. EB nr. C 35, 18. 2. 1981, bls. 6 og Stjtíð. EB nr. C 40, 18. 2. 1984, bls. 4.

([2]) Stjtíð. EB nr. C 277, 17. 10. 1983, bls. 160.

([3]) Stjtíð. EB nr. C 230, 10 9. 1981, bls. 10.

([4]) Stjtíð. EB nr. L 253, 24. 9. 1985, bls. 34.

Tilskipun þessi hefur ekki áhrif á ákvæði sem sett eru með lögum eða stjórnsýslufyrirmælum í aðildarríkjunum og banna félögum að reka ákveðna starfsemi eða setja þeim ákveðna skilmála fyrir slíkum rekstri.

Erfitt er að meta að hve miklu leyti reglur, sem eru settar til þess að gera lyfjafræðingum betur kleift að stunda þjónustustarfsemi, gætu komið að notum. Eins og sakir standa er ekki ráðlegt að setja slíkar reglur fyrst um sinn.

Hvað varðar óflekkað mannorð og góðan orðstír skal gera greinarmun á þeim kröfum sem gerðar eru þegar starf er fyrst hafið í starfsgreininni og þeim sem fullnægja þarf til að leggja stund á hana.

Að því er varðar starfsemi launþega, eru í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1612/68 frá 15. október 1968 um frelsi launþega til flutninga innan bandalagsins ([1]) ekki sett sérstök ákvæði um óflekkað mannorð eða góðan orðstír, starfsaga eða leyfi til að nota þau starfsheiti sem um ræðir. Slíkum reglum má beita, eftir því hvert aðildarríkið er, bæði gagnvart launþegum og sjálfstætt starfandi einstaklingum. Starfsemi sem er í allmörgum aðildarríkjum háð skilyrðum um prófskírteini, vottorð eða annan vitnisburð um formlega menntun og hæfi í lyfjafræði lyfsala er stunduð bæði af launþegum og sjálfstætt starfandi einstaklingum eða af sömu aðilum á hvorutveggja vettvanginum einhvern tímann á starfsævinni. Þar af leiðandi virðist nauðsynlegt, svo unnt sé að stuðla að ótakmörkuðu frelsi fólks í þessari starfsgrein til flutninga innan bandalagsins, að láta þessa tilskipun ná til launþega.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. KAFLI

Gildissvið

1. gr.

Tilskipun þessi tekur til starfsemi sem er í einu eða fleiri aðildarríkjum bundin skilyrðum um sérmenntun og hæfi, að því er varðar aðgang að henni og iðkun, og er stunduð af einstaklingum sem hafa aflað sér einhvers af þeim prófskírteinum, vottorðum eða öðrum vitnisburði um formlega menntun og hæfi sem um getur í 4. gr.

([1]) Stjtíð. EB nr. L 257, 19. 10. 1968, bls. 2.

II. KAFLI

Prófskírteini, vottorð og annar vitnisburður um formlega menntun og hæfi í lyfjafræði lyfsala

2. gr.

1. Sérhverju aðildarríki ber að viðurkenna prófskírteini, vottorð og aðra formlega menntun og hæfi sem skráð eru í 4. gr. og önnur aðildarríki veita ríkisborgurum aðildarríkja í samræmi við 2. gr. tilskipunar 85/432/EBE, með því að láta hið sama gilda um slíka menntun og hæfi á yfirráðasvæði sínu, að því er varðar réttinn til að hefja og stunda þá starfsemi sem um getur í 1. gr., og þau prófskírteini, vottorð og annan vitnisburð um formlega menntun og hæfi sem skráð eru í 4. gr. og það veitir sjálft.

2. Þó þurfa aðildarríkin ekki að taka gild þau prófskírteini, vottorð og önnur formleg vottorð sem um getur í 1. mgr. ef um er að ræða að koma á fót nýjum lyfjabúðum fyrir almenning. Að því er varðar beitingu þessarar tilskipunar ber að líta svo á að lyfjabúðir sem hafa verið starfræktar í skemmri tíma en þrjú ár séu nýjar.

Að fimm árum liðnum frá dagsetningunni sem fastsett er í 1. mgr. 19. gr. skal framkvæmdastjórnin afhenda ráðinu skýrslu um það hvernig aðildarríkin hafa staðið að framkvæmd undanfarandi undirgreinar og um líkurnar á því að gagnkvæm viðurkenning prófskírteina, vottorða og annarra formlegra vottorða sem um getur í 1. gr. verði látin gilda víðar. Hún skal leggja fram viðeigandi tillögur í þessu efni.

3. gr.

1. Þrátt fyrir 2. gr. og með fyrirvara um 45. gr. aðildarlaganna frá 1979 skal þess ekki krafist af Lýðveldinu Grikklandi að það viðurkenni, eins og kveðið er á um í 2. gr., prófskírteini, vottorð og aðra formlega menntun og hæfi sem önnur aðildarríki veita nema þegar starfsemi sú sem um getur í 1. gr. er iðkuð af launþega í samræmi við reglugerð (EBE) nr. 1612/68.

Nýti Lýðveldið Grikkland sér þessa undanþágu og með fyrirvara um 45. gr. aðildarlaganna frá 1979, skal þess ekki krafist af hinum aðildarríkjunum að þau viðurkenni, eins og kveðið er á um í 2. gr., vottorðin sem um getur í d-lið 4. gr. nema þegar starfsemi sú sem um getur í 1. gr. er iðkuð af launþega í samræmi við reglugerð (EBE) nr. 1612/68.

2. Að tíu árum liðnum frá dagsetningunni sem fastsett er í 19. gr. skal framkvæmdastjórnin leggja viðeigandi tillögur fyrir ráðið svo að unnt verði að láta gagnkvæma viðurkenningu á prófskírteinum, vottorðum og annarri formlegri menntun og hæfi gilda víðar með það að markmiði að auðvelda að staðfesturéttar sé neytt milli Lýðveldisins Grikklands og hinna aðildarríkjanna. Ráðið skal afgreiða þessar tillögur í samræmi við málsmeðferð þá sem mælt er fyrir um í sáttmála EBE.

4. gr.

Prófskírteinin, vottorðin og annar vitnisburður um formlega menntun og hæfi sem um getur í 2. gr. eru sem hér segir:

a) *í Belgíu:*

Le diplôme légal de pharmacien/het wettelijk diploma van apoteker (lögmætt prófskírteini í lyfjafræði lyfsala) sem veitt er af lækna- og lyfjafræðideildum háskóla, af aðalprófanefnd eða opinberri prófanefnd vegna náms á háskólastigi;

b) *í Danmörku:*

Bevis for bestået farmaceutisk kandidateksamen (háskólavottorð í lyfjafræði lyfsala);

c) *í Sambandslýðveldinu Þýskalandi:*

1) *Zeugnis über die staatliche Pharmazeutische Prüfung* (opinbert prófvottorð í lyfjafræði lyfsala) sem lögbær yfirvöld veita;

2) Vottorð frá lögbærum yfirvöldum í Sambandslýðveldinu Þýskalandi til staðfestingar á að prófskírteini sem veitt eru eftir 8. maí 1945 af lögbærum yfirvöldum í Þýska alþýðulýðveldinu séu viðurkennd til jafns við þau sem um getur í lið 1) að ofan;

d) *í Grikklandi:*

Πιστοποιητικό των αρμοδίων αρχών, ικανότητας άσκησης της φαρμακευτικής, χορηγούμενο μετά κρατική εξέταση (vottorð til staðfestingar á hæfni til að starfa sem lyfjafræðingur) gefið út af lögbærum yfirvöldum að loknu prófi á vegum ríkisins;

e) *í Frakklandi:*

Opinbert prófskírteini í lyfjafræði lyfsala sem háskólar veita eða opinbert læknaprófsskírteini í lyfjafræði lyfsala sem háskólarnir veita;

f) *á Írlandi:*

Vottorðið *Registered Pharmaceutical Chemist* (vottorð sem er veitt skráðum lyfjaefnafræðingi);

g) *á Ítalíu:*

Prófskírteini eða vottorð sem veitir leyfi til að starfa sem lyfjafræðingur og fæst með próftöku á vegum ríkisins;

h) *í Lúxemborg:*

Opinbert prófskírteini í lyfjafræði lyfsala sem veitt er af prófanefnd ríkisins og undirritað af menntamálaráðherra landsins;

i) *í Hollandi:*

Het getuigschrift van met goed gevolg afgelegd apothekersexamen (háskólavottorð í lyfjafræði lyfsala);

j) *í Breska konungsríkinu:*

Vottorðið *Registered Pharmaceutical Chemist* (vottorð sem er veitt skráðum lyfjaefnafræðingi).

5. gr.

Í aðildarríki þar sem aðgangur að eða iðkun einhverrar þeirrar starfsemi sem um getur í 1. gr. er ekki aðeins bundinn við prófskírteini, vottorð eða aðra formlega menntun og hæfi sem getið er í 4. gr., heldur einnig starfsreynslu, verður það ríki að viðurkenna sem fullnægjandi vitnisburð, að því er þetta varðar, vottorð sem er gefið út af lögbærum yfirvöldum í upprunaríki einstaklingsins eða aðildarríkinu sem hann kemur frá þar sem staðfest er að hann hafi stundað umrædda starfsemi yfir sambærilegt tímabil í upprunaríki sínu eða aðildarríkinu sem hann kemur frá.

Þó skal slík viðurkenning ekki gilda hvað varðar tveggja ára starfsreynslutímabilið sem krafist er í Stórhertogadæminu Lúxemborg áður en ríkið veitir starfsleyfi.

III. KAFLI

Viðurkennd réttindi

6. gr.

Farið skal með prófskírteini, vottorð og aðra menntun og hæfi á háskóla- eða sambærilegu stigi í lyfjafræði lyfsala sem aðildarríki hafa veitt ríkisborgurum aðildarríkja en fullnægja ekki öllum þeim lágmarkskröfum sem mælt er fyrir um í 2. gr. tilskipunar 85/432/EBE eins og prófskírteini sem fullnægja þessum kröfum ef:

— þau eru vitnisburður um nám sem var lokið áður en umrædd tilskipun kom til framkvæmda,

eða

— þau eru vitnisburður um nám sem var lokið síðar en var hafið áður en umrædd tilskipun kom til framkvæmda,

og í hverju tilviki fyrir sig ef:

— þeim fylgir vottorð þar sem fram kemur að handhafar þeirra hafi með réttum og lögmætum hætti tekið þátt í einhverri þeirri starfsemi sem um getur í 2. mgr. 1. gr. tilskipunar 85/432/EBE í aðildarríki í þrjú ár samfellt hið minnsta á fimm ára tímabili fyrir veitingu vottorðsins, að því tilskildu að hér sé um lögverndaða starfsemi að ræða í því ríki.

IV. KAFLI

Notkun námstitils

7. gr.

1. Gistiríki skulu, með fyrirvara um 14. gr., tryggja að ríkisborgarar aðildarríkja sem fullnægja skilyrðum sem sett eru í 2., 5. og 6. gr. eigi rétt á að nota löggilda námstitla sína og, eftir því sem við á, skammstöfun á þeim sem er notuð í upprunaríki þeirra eða aðildarríkinu sem þeir koma frá, á máli þess ríkis. Gistiríki geta krafist þess að titlinum fylgi upplýsingar um heiti og staðsetningu stofnunarinnar eða prófanefndarinnar sem veitti hann.

2. Ef líkur eru á að námstitlinum, sem er notaður í upprunaríkinu eða aðildarríkinu sem hinn erlendi ríkisborgari kemur frá, verði ruglað saman við titil í gistiríkinu sem krefst í því ríki viðbótarstarfsþjálfunar sem hlutaðeigandi einstaklingur hefur ekki hlotið, getur gistiríkið krafist þess að viðkomandi noti titil sem tíðkast í upprunaríkinu eða aðildarríkinu sem hann kemur frá í einhverri þeirri útgáfu sem talin er við hæfi í gistiríkinu.

V. KAFLI

Ákvæði er auðvelda að staðfesturéttar sé neytt

8. gr.

1. Fari gistiríki fram á það við sína eigin ríkisborgara, sem æskja þess að leggja í fyrsta sinn fyrir sig þá starfsemi sem um getur í 1. gr., að þeir leggi fram meðmæli eða sönnun þess að þeir hafi óflekkað mannorð, þá ber því ríki að taka sem gildan vitnisburð vottorð sem gefið er út af lögbæru yfirvaldi í upprunaríki hins erlenda ríkisborgara eða aðildarríkinu sem hann kemur frá er sýnir að skilyrðum fyrir að hefja þá starfsemi sem um ræðir sé fullnægt hvað meðmæli eða óflekkað mannorð varðar.

2. Fari upprunaríki eða aðildarríkið sem hinn erlendi ríkisborgari kemur frá ekki fram á það við þá aðila sem æskja þess að leggja í fyrsta sinn fyrir sig þá starfsemi sem um ræðir að þeir leggi fram meðmæli eða sönnun þess að þeir hafi óflekkað mannorð, getur gistiríkið farið fram á, þegar í hlut eiga ríkisborgarar upprunaríkisins eða aðildarríkisins sem hinn erlendi ríkisborgari kemur frá, að fá „sakavottorð" eða að öðrum kosti jafngilt skjal sem gefið er út af lögbærum yfirvöldum í upprunalandi hins erlenda ríkisborgara eða í aðildarríkinu sem hann kemur frá.

3. Búi gistiríkið yfir nákvæmri vitneskju um atvik alvarlegs eðlis sem hefur hent utan yfirráðasvæðis þess áður en hlutaðeigandi einstaklingur öðlaðist staðfestu í því ríki og séu líkur á að það hafi áhrif á að starfsemi sú sem hér um ræðir verði hafin, getur það látið upprunaríkið eða aðildarríkið sem hinn erlendi ríkisborgari kemur frá vita.

Upprunaríkið eða aðildarríkið sem hinn erlendi ríkisborgari kemur frá skal sannprófa gildi upplýsinganna að svo miklu leyti sem þær geta haft áhrif á að starfsemi sú sem hér um ræðir verði hafin í því aðildarríki. Yfirvöld í því ríki skulu taka ákvörðun um eðli og umfang þeirrar rannsóknar sem þau gera og skulu tilkynna gistiríkinu til hvaða aðgerða verður gripið í kjölfarið að því er varðar vottorðin eða skjölin sem þau hafa gefið út.

4. Aðildarríkin skulu ábyrgjast að farið sé með upplýsingarnar sem sendar eru sem trúnaðarmál.

9. gr.

1. Komi fram í ákvæðum laga og stjórnsýslufyrirmæla sem í gildi eru í gistiríki kröfur um óflekkað mannorð eða góðan orðstír, að meðtöldum ákvæðum er tengjast iðkun þeirrar starfsemi sem um getur í 1. gr. og varða viðurlög við alvarlegu misferli í starfi eða refsilagabroti, skal upprunaríkið eða aðildarríkið sem hinn erlendi ríkisborgari kemur frá senda gistiríkinu allar nauðsynlegar upplýsingar er varða ráðstafanir eða viðurlög sem fagfélög eða stjórnvöld grípa til gagnvart hlutaðeigandi einstaklingi eða hegningu sem hann hlýtur vegna brota í starfi í upprunaríkinu eða aðildarríkinu sem hinn erlendi ríkisborgari kemur frá.

2. Búi gistiríkið yfir nákvæmri vitneskju um atvik alvarlegs eðlis sem hefur hent fyrir utan yfirráðasvæði þess áður en hlutaðeigandi einstaklingur öðlaðist staðfestu í því aðildarríki og séu líkur á að það hafi áhrif á iðkun þeirra starfa sem hér um ræðir í því ríki, getur það látið upprunaríkið eða aðildarríkið sem hinn erlendi ríkisborgari kemur frá vita.

Upprunaríkið eða aðildarríkið sem hinn erlendi ríkisborgari kemur frá skal sannprófa gildi upplýsinganna að svo miklu leyti sem þær geta haft áhrif á iðkun þeirrar starfsemi sem hér um ræðir í því ríki. Yfirvöld í því aðildarríki skulu taka ákvörðun um eðli og umfang þeirrar rannsóknar sem þau gera og skulu tilkynna gistiríkinu til hvaða aðgerða verður gripið í kjölfarið að því er varðar upplýsingarnar sem hafa verið sendar samkvæmt 1. mgr.

3. Aðildarríkin skulu ábyrgjast að farið sé með upplýsingarnar sem sendar eru sem trúnaðarmál.

10. gr.

Ef gistiríki krefst þess af eigin ríkisborgurum sem æskja þess að hefja eða stunda þá starfsemi sem um getur í 1. gr. að þeir leggi fram vottorð um líkamlegt og andlegt heilbrigði, ber því ríki að taka sem fullgilda sönnun framvísun á skjalinu sem krafist er í upprunaríkinu eða aðildarríkinu sem hinn erlendi ríkisborgari kemur frá.

Ef upprunaríkið eða aðildarríkið sem hinn erlendi ríkisborgari kemur frá gerir engar slíkar kröfur til þeirra sem æskja þess að hefja eða stunda störf í umræddri starfsgrein ber gistiríkinu að taka við vottorði frá slíkum ríkisborgurum sem lögbært yfirvald í því ríki hefur gefið út og er sambærilegt við vottorð sem gistiríkið gefur út.

11. gr.

Ekki má framvísa skjölunum sem um getur í 8., 9. og 10. gr. þegar meira en þrír mánuðir hafa liðið frá útgáfudegi þeirra.

12. gr.

1. Málsmeðferð þegar hlutaðeigandi einstaklingi er veitt leyfi til að hefja einhverja þá starfsemi sem um getur í 1. gr., samkvæmt 8., 9. og 10. gr., verður að vera lokið eins skjótt og kostur er og eigi síðar en þremur mánuðum eftir að öll skjöl er varða þennan einstakling hafa verið lögð fram, án þess að hnekkt sé fresti sem hlotist getur vegna málskots sem komið getur til að málsmeðferð lokinni.

2. Í þeim tilvikum sem um getur í 3. mgr. 8. gr. og 2. mgr. 9. gr., leiðir krafa um endurskoðun til þess að fresturinn sem kveðið er á um í 1. mgr. fellur úr gildi.

Þegar ráðgast er við upprunaríkið eða aðildarríkið sem hinn erlendi ríkisborgari kemur frá skal það gefa svar innan þriggja mánaða.

Að svari fengnu eða við lok tímabilsins skal gistiríkið halda áfram málsmeðferðinni sem um getur í 1. mgr.

13. gr.

Fari gistiríki fram á það við eigin ríkisborgara, sem æskja þess að hefja eða stunda einhverja þá starfsemi sem um getur í 1. gr., að þeir sverji eið eða gefi drengskaparheit og sé eiðurinn eða heitið þess eðlis að ríkisborgarar annarra aðildarríkja geta ekki nýtt sér það skal aðildarríkið tryggja að viðeigandi og jafngilt form til eiðtökunnar sé í boði fyrir hlutaðeigandi einstakling.

14. gr.

Þegar notkun starfsheitis í tengslum við einhverja þá starfsemi sem vísað er til í 1. gr. er lögverndað í gistiríki, skulu ríkisborgarar annarra aðildarríkja sem uppfylla skilyrði 2., 5. og 6. gr. um starfsmenntun og hæfi eiga rétt á að nota starfsheiti gistiríkisins sem í því ríki samsvarar því menntunarstigi, þeim ber einnig að nota skammstöfun starfsheitisins.

15. gr.

1. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að gera hlutaðeigandi einstaklingum kleift að afla upplýsinga um lög og, eftir því sem við á, siðareglur starfsgreinarinnar í gistiríkinu.

Í þessu skyni skulu aðildarríkin koma á fót upplýsingamiðstöðvum þar sem viðkomandi aðilar geta aflað nauðsynlegra upplýsinga. Þegar um er að ræða staðfestu geta aðildarríkin krafist þess að þeir hafi samband við þessar miðstöðvar.

2. Aðildarríkin geta komið þeim miðstöðvum sem um getur í 1. mgr. á fót undir verndarvæng lögbærra yfirvalda og stofnana sem þau tilnefna fyrir lok frestsins sem settur er í 1. mgr. 19. gr.

3. Aðildarríkin skulu tryggja, eftir því sem við á, að viðkomandi einstaklingar afli sér, bæði í eigin þágu og vegna skjólstæðinga sinna, þeirrar málakunnáttu sem með þarf til að geta lagt stund á sérgrein sína í gistiríkinu.

VI. KAFLI

Lokaákvæði

16. gr.

Ef réttmætur efi er fyrir hendi getur gistiríkið krafist þess að lögbær yfirvöld í öðru aðildarríki staðfesti áreiðanleika prófskírteina, vottorða og annars vitnisburðar um formlega menntun og hæfi sem veitt hafa verið í síðarnefnda aðildarríkinu og sem um getur í II. og III. kafla, og staðfesti jafnframt að hlutaðeigandi einstaklingur uppfylli öll þau skilyrði um menntun sem sett eru í tilskipun 85/432/EBE.

17. gr.

Aðildarríkin skulu, innan tímamarkanna sem sett eru í 1. mgr. 19. gr., tilnefna þau yfirvöld og stofnanir sem hafa umboð til að gefa út eða veita viðtöku prófskírteinum, vottorðum og annarri formlegri menntun og hæfi, sem og skjölum þeim og upplýsingum sem um getur í þessari tilskipun, og skulu tilkynna það hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni þegar í stað.

18. gr.

Tilskipun þessi skal einnig gilda um ríkisborgara aðildarríkja sem í samræmi við reglugerð (EBE) nr. 1612/68 stunda eða munu stunda þá starfsemi sem um getur í 1. gr. sem launþegar.

19. gr.

1. Aðildarríkin skulu gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að fara að tilskipun þessari fyrir 1. október 1987. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

2. Aðildarríkin skulu sjá til þess að framkvæmdastjórninni berist helstu ákvæði úr landslögum sem samþykkt verða um málefni sem tilskipun þessi nær til.

20. gr.

Verði vart verulegra vandkvæða á tilteknum sviðum við beitingu þessarar tilskipunar í aðildarríki ber framkvæmdastjórninni að kanna þessi vandkvæði í samráði við það ríki og krefjast álits lyfjafræðinefndarinnar sem skipuð var samkvæmt ákvörðun 75/320/EBE ([1]).

Framkvæmdastjórninni ber að leggja viðeigandi tillögur fyrir ráðið gerist þess þörf.

21. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Lúxemborg 16. september 1985.

Fyrir hönd ráðsins,

M. FISCHBACH

forseti.

([1]) Stjtíð. EB nr. L 147, 9. 6. 1975, bls. 23.

TILSKIPUN RÁÐSINS

frá 20. desember 1985

um breytingu, vegna aðildar Spánar og Portúgals, á tilskipun 85/433/EBE um gagnkvæma viðurkenningu á prófskírteinum, vottorðum og öðrum vitnisburði um formlega menntun og hæfi í lyfjafræði lyfsala, að meðtöldum ráðstöfunum er auðvelda að staðfesturéttar sé neytt að því er varðar ákveðna starfsemi á sviði lyfjafræði lyfsala

(85/584/EBE)

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af lögum um aðild Spánar og Portúgals, einkum 396. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Nauðsynlegt er vegna aðildar Spánar og Portúgals að gera ákveðnar breytingar á tilskipun 85/433/EBE [1] til að tryggja að henni sé beitt á sama hátt í Konungsríkinu Spáni og Lýðveldinu Portúgal og gert er í öðrum aðildarríkjum.

Samkvæmt 3. mgr. 2. gr. sáttmálans um aðild Spánar og Portúgals geta stofnanir bandalagsins, áður en til aðildar kemur, gert þær ráðstafanir sem um getur í 396. gr. aðildarlaganna en ráðstafanirnar öðlast þá gildi með fyrirvara um og á þeim degi sem téður sáttmáli öðlast gildi.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Frá og með 1. janúar 1986 og með fyrirvara um gildistöku sáttmálans um aðild Spánar og Portúgals skal bæta eftirfarandi við 4. gr. tilskipunar 85/433/EBE:

„k) *á Spáni:*

título de licenciado en farmacia (háskólapróf í lyfjafræði lyfsala sem veitt er af menntamála- og vísindaráðuneytinu eða af háskólunum);

l) *í Portúgal:*

Carta de curso de licenciatura em Ciéncias Farmacéuticas (vottorð í vísindalegri lyfjafræði lyfsala sem veitt er af háskólunum).“

2. gr.

Aðildarríkin skulu gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að fara að tilskipun þessari áður en fresturinn sem er tilgreindur í 1. mgr. 19. gr. tilskipunar 85/433/EBE rennur út.

3. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 20. desember 1985.

Fyrir hönd ráðsins,

R. KRIEPS

forseti.

---

[1] Stjtíð. EB nr. L 253, 24. 9. 1985, bls. 37.

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

a) Eftirfarandi bætist aftan við 4. gr.:

„m) *í Austurríki:*

„Staatliches Apothekerdiplom" (opinbert prófskírteini lyfjafræðinga) sem lögbær yfirvöld veita;

n) *í Finnlandi:*

„todistus proviisorin tutkinnosta/bevis om provisorexamen" (meistarapróf í lyfjafræði) sem háskóli veitir;

o) *á Íslandi:*

próf frá Háskóla Íslands í lyfjafræði;

p) *í Liechtenstein:*

prófskírteini, vottorð og önnur starfsheiti sem veitt eru í öðru ríki sem tilskipun þessi tekur til og tilgreind í þessari grein, ásamt vottorði sem lögbær yfirvöld gefa út um að starfsþjálfun hafi verið lokið;

q) *í Noregi:*

„bevis for bestått cand.pharm. eksamen" (prófskírteini með cand.pharm. gráðu) sem háskóladeild veitir;

r) *í Svíþjóð:*

„apotekarexamen" (meistarapróf í lyfjafræði) sem háskólinn í Uppsölum veitir;

s) *í Sviss:*

„eidgenössisch diplomierter Apotheker/titulaire du diplôme fédéral de pharmacien/titolare di diploma federale di farmacista" (prófskírteini í lyfjafræði) sem sambandsráðuneyti um innanríkismál veitir."

3. **381L1057: Tilskipun ráðsins frá 14. desember 1981 til viðbótar tilskipunum 75/362/EBE, 77/452/EBE, 78/686/EBE, og 78/1026/EBE um gagnkvæma viðurkenningu á prófskírteinum, vottorðum og öðrum vitnisburði um formlega menntun og hæfi lækna, hjúkrunarfræðinga í almennri hjúkrun, tannlækna og dýralækna með tilliti til áunninna réttinda (sjá fylgiskjal 1).**

Fylgiskjal 6:

Almennt kerfi

1. 389L0048: Tilskipun ráðsins frá 21. desember 1988 um almennt kerfi til viðurkenningar á prófskírteinum sem veitt eru að lokinni sérfræðimenntun og starfsþjálfun á æðra skólastigi sem staðið hefur að minnsta kosti í þrjú ár.
   Sviss er veitt undanþága frá ákvæðum tilskipunar 89/48/EBE, eins og þau eru aðlöguð í þessum samningi, og skal standa við skuldbindingarnar sem þar eru settar fram í síðasta lagi 1. janúar 1995 í stað 1. janúar 1993.

TILSKIPUN RÁÐSINS

frá 21.desember 1988

um almennt kerfi til viðurkenningar á prófskírteinum sem veitt eru að lokinni sérfræðimenntun og starfsþjálfun á æðra skólastigi sem staðið hefur að minnsta kosti í þrjú ár

(89/48/EBE)

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 49., 57. (1. mgr.) og 66. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ([1]),

í samvinnu við Evrópuþingið ([2]),

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndarinnar ([3]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Eitt af markmiðum bandalagsins er samkvæmt c-lið 3. gr. sáttmálans að afnema höft á frelsi til flutninga fólks og þjónustu milli aðildarríkja. Þetta þýðir meðal annars að ríkisborgarar í aðildarríkjunum geta lagt stund á starfsgrein sína, á eigin vegum eða annarra, í öðru aðildarríki en þar sem þeir hlutu starfsmenntun sína og hæfi.

Þau ákvæði sem ráðið hefur hingað til samþykkt og eru grundvöllur að gagnkvæmri viðurkenningu aðildarríkja á prófskírteinum fyrir æðra nám ná aðeins til fáeinna starfsgreina. Búið er að setja svipaðar reglur í öllum aðildarríkjum um námskröfur og lengd náms og þjálfunar sem krafist er til þess að öðlast starfsréttindi í þessum greinum eða samræma lágmarkskröfur sem þörf er á til að koma á kerfi til gagnkvæmrar viðurkenningar á prófskírteinum í tilteknum starfsgreinum.

Önnur aðferð við viðurkenningu á prófskírteinum ætti líka að koma til, í því skyni að verða fljótt við óskum ríkisborgara sem búa í bandalagslöndunum og hafa hlotið prófskírteini við lok sérfræðimenntunar og starfsþjálfunar í öðru ríki en því sem þeir ætla að stunda starfsgrein sína í, svo að þeir sem þess óska geti lagt stund á alla þá starfsemi sem í gistiríkinu er háð því að lokið hafi verið æðra námi og þjálfun til undirbúnings, enda hafi sá hinn sami hlotið vitnisburð um fullnægjandi undirbúning til starfans í öðru aðildarríki að loknu minnst þriggja ára námi.

Hægt er að ná þessu markmiði með því að innleiða almennt kerfi til viðurkenningar á prófskírteinum sem veitt eru að lokinni sérfræðimenntun eða starfsþjálfun á æðra skólastigi sem staðið hefur að minnsta kosti í þrjú ár.

Aðildarríkin eiga þess kost að ákveða lágmarkskröfur um menntun og hæfi fyrir starfsgreinar hafi bandalagið ekki gert slíkt, með það að markmiði að tryggja að sem best þjónusta verði veitt á þeirra yfirráðasvæði. Þau geta þó ekki, án þess að brjóta í bága við kvaðir 5. gr. sáttmálans, krafist þess af ríkisborgara í aðildarríki að hann verði sér úti um þá menntun og hæfi sem þau viðurkenna yfirleitt einungis með tilvísan til eigin menntakerfis, hafi hlutaðeigandi aðili þegar öðlast þessa menntun og hæfi í heild eða að hluta í öðru aðildarríki. Gistiríki sem hafa lögverndaðar starfsgreinar verða af þessum sökum að taka tillit til mennt-

([1]) Stjtíð. EB nr. C 217, 28. 8. 1985 bls. 3 og Stjtíð. EB nr. C 143, 10. 6. 1986, bls. 7.

([2]) Stjtíð. EB nr. C 345, 31. 12. 1985, bls. 80 og Stjtíð. EB nr. C 309, 5. 12. 1988.

([3]) Stjtíð. EB nr. C 75, 3. 4. 1986, bls. 5.

unar og hæfis sem áunnin eru í öðru aðildarríki og ákveða hvort sú menntun og hæfi svari til þess sem hlutaðeigandi aðildarríki krefst.

Samstarf milli aðildarríkja er við hæfi til að auðvelda þeim að fara eftir þessum skuldbindingum. Skipuleggja þarf leiðir til koma slíku samstarfi á .

Skilgreina ætti hugtakið „lögvernduð starfsemi" á þann hátt að það taki mið af mismunandi þjóðfélagslegum aðstæðum í aðildarríkjunum. Hugtakið ætti ekki að ná eingöngu yfir þá starfsemi þar sem aðgangur er háður prófskírteini heldur einnig yfir starfsemi sem fellur undir sérstakt starfsheiti og engin aðgangshöft eru bundin við þegar um er að ræða fólk sem hefur tiltekna menntun og hæfi. Fagsamtök og -félög sem veita meðlimum sínum rétt til téðra starfsheita og eru viðurkennd af opinberum yfirvöldum geta ekki vikist undan því með skírskotun til stöðu sinnar að fyrirkomulagi því sem kveðið er á um í þessari tilskipun verði beitt.

Einnig er nauðsynlegt að kveða nánar á um hvers konar starfsreynslu eða aðlögunartíma gistiríkið kann að krefjast af viðkomandi aðila til viðbótar við prófskírteini af æðra skólastigi, þegar menntun og hæfi hlutaðeigandi samræmast ekki því sem mælt er fyrir um í innlendum ákvæðum.

Hæfnispróf getur komið í stað aðlögunartíma. Hvorutveggja er ætlað að bæta núverandi ástand hvað gagnkvæma viðurkenningu prófskírteina milli aðildarríkja áhrærir og þannig stuðla að óheftum flutningum fólks innan bandalagsins. Tilgangur þeirra er að meta hæfni farandlaunþega, sem þegar hefur hlotið starfsþjálfun í öðru aðildarríki, til að aðlagast nýju starfsumhverfi. Frá sjónarhóli farandlaunþegans hefur hæfnisprófið þann jákvæða kost að það styttir þjálfunartímann. Æskilegt væri að valið milli aðlögunartíma og hæfnisprófs gæti verið í hendi farandlaunþegans. Eðli sumra starfsgreina er þó slíkt að heimila verður aðildarríkjunum að fyrirskipa annaðhvort aðlögunartímann eða prófið undir vissum kringumstæðum. Mismunur á réttarkerfum aðildarríkja réttlætir sérstök ákvæði þar sem prófskírteini, vottorð eða annar formlegur vitnisburður um menntun og hæfi á sviði laga sem gefin eru út af upprunaríkinu ná alla jafna ekki yfir þá lagaþekkingu sem krafist er í gistiríkinu á hliðstæðu lagasviði.

Almenna kerfinu til viðurkenningar á prófskírteinum fyrir æðri menntun er hvorki ætlað að breyta reglum, að meðtöldum siðareglum starfsgreina sem gilda um alla þá sem leggja stund á starfsgrein á yfirráðasvæði aðildarríkis né undanskilja farandlaunþega frá þessum reglum. Því kerfi er ætla að mæla fyrir um viðeigandi fyrirkomulag til að tryggja að farandlaunþegar hlíti starfsreglum sem gilda í gistiríkinu.

Í 1. mgr. 49. gr. , 57. og 66. gr. sáttmálans er bandalaginu veitt heimild til að samþykkja þau ákvæði sem nauðsynleg eru til stofnunar og starfrækslu slíks kerfis.

Almenna kerfið til viðurkenningar á prófskírteinum fyrir æðri menntun skerðir á engan hátt gildi 4. mgr. 48. gr. og 55. gr. sáttmálans.

Slíkt kerfi eflir og styrkir rétt ríkisborgara í bandalaginu til að nota starfsfærni sína þar sem þeir kjósa, með því að auðvelda þeim að starfa í því aðildarríki sem þeir sjálfir kjósa.

Endurskoða ætti kerfið þegar það hefur verið í gildi um tiltekinn tíma til að meta hversu skilvirkt það er og kanna hvernig megi bæta það og víkka gildissvið þess.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) prófskírteini: öll skírteini, vottorð eða annar vitnisburður um formlega menntun og hæfi eða safn slíkra skírteina, vottorða eða annars vitnisburðar:

— sem gefin hafa verið út af lögbæru yfirvaldi í aðildarríki sem til þess hefur verið nefnt í samræmi við lög og stjórnsýslufyrirmæli;

— sem sanna að handhafi hafi á fullnægjandi hátt lokið æðra námi sem staðið hefur í minnst þrjú ár eða samsvarandi tíma hafi verið um hlutanám að ræða við háskóla eða æðri menntastofnun eða aðra stofnun á svipuðu stigi og hefur eftir atvikum lokið starfsþjálfun sem krafist er til viðbótar náminu,

— sem sanna að handhafi búi yfir þeirri sérhæfðu menntun og hæfi sem krafist er til að hann geti tekið upp starf í lögverndaðri starfsgrein í aðildarríkinu,

að því tilskildu að hann hafi hlotið þá menntun og þjálfun sem skírteinin, vottorðin eða vitnisburðurinn um formlega menntun og hæfi greina frá aðallega innan bandalagsins, eða hlutaðeigandi búi yfir þriggja ára starfsreynslu sem vottfest er af aðildarríkinu sem tók gilt prófskírteini, vottorð eða annan vitnisburð um formlega menntun og hæfi frá landi utan bandalagsins.

Eftirfarandi skal metið til jafns við prófskírteini í skilningi fyrstu undirgreinar: öll prófskírteini, vottorð eða

annar vitnisburður um formlega menntun og hæfi, eða safn slíkra prófskírteina, vottorða eða annars vitnisburðar sem gefinn er út af lögbæru yfirvaldi í aðildarríki, ef þau eru gefin út að lokinni menntun og þjálfun sem veitt er í bandalaginu og viðurkennd af lögbæru yfirvaldi í því aðildarríki sem jafngild og veita að auki rétt til að hefja og stunda starf í lögverndaðri starfsgrein í því aðildarríki;

b) gistiríki: hvert það aðildarríki þar sem ríkisborgari í aðildarríki sækist eftir að leggja stund á starfsgrein sem er lögvernduð, annað en ríkið þar sem hann tók próf eða hóf fyrst að stunda viðkomandi starfsgrein;

c) lögvernduð starfsgrein: lögvernduð starfsemi eða starfsemi á tilteknu sviði sem telst til þeirrar starfsgreinar í aðildarríki;

d) lögvernduð starfsemi: sú starfsemi sem í aðildarríki er beint eða óbeint háð því samkvæmt ákvæðum í landslögum og stjórnsýslufyrirmælum að viðkomandi hafi lokið tilteknu prófi áður en hann hefur störf í greininni. Eftirfarandi telst að leggja stund á lögverndaða starfsemi:

— þegar starfsemi er iðkuð undir starfsheiti sem þeir einir mega bera sem hlotið hafa til þess prófskírteini sem lýtur lögum eða stjórnsýslufyrirmælum,

— þegar starfsemi er iðkuð í heilbrigðiskerfinu og þóknun og/eða endurgreiðsla fyrir slíka starfsemi er að tryggingalögum háð því skilyrði að hlutaðeigandi hafi til þess prófskírteini.

Í þeim tilvikum sem ekki heyra undir fyrstu undirgrein skal starfsemi teljast lögvernduð ef hún er stunduð af félagsmönnum í samtökum eða félögum sem hafa það meðal annars að markmiði að stuðla að og viðhalda gæðakröfum í viðkomandi starfsstétt og hafa til þess fengið sérstaka útnefningu aðildarríkis og :

— veita félagsmönnum sínum viðurkenningu,

— tryggja að meðlimirnir virði þær siðareglur starfsgreinar sem þau mæla fyrir um, og

— veitir þeim rétt til að bera starfsheiti eða nafnbót eða að njóta góðs af þeirri stöðu sem slíku starfsheiti eða nafnbót fylgir.

Í viðaukanum er ófullkominn listi yfir samtök og félög sem við samþykkt þessarar tilskipunar uppfylla skilyrði annarrar undirgreinar. Hvenær sem aðildarríki veitir samtökum eða félögum viðurkenningu þá sem um getur í annarri undirgrein skal það tilkynnt framkvæmdastjórninni sem birtir upplýsingar þar að lútandi í *Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins*.

e) starfsreynsla: raunveruleg og lögmæt iðkun viðkomandi starfsgreinar í aðildarríki;

f) aðlögunartími: iðkun lögverndaðrar starfsgreinar í gistiríki undir eftirliti aðila sem viðurkenndur er hæfur í þeirri starfsgrein, auk hugsanlega frekari þjálfunar. Sá tími sem unninn er undir eftirliti skal metinn. Nánari reglur um aðlögunartíma og mat á honum svo og á stöðu farandlaunþega, sem er undir eftirliti, skulu ákveðnar af lögbæru yfirvaldi í gistiríkjunum;

g) hæfnispróf: prófun á fagþekkingu umsækjanda, lagt fyrir af lögbæru yfirvaldi í gistiríki með það fyrir augum að meta hæfni umsækjanda til að iðka lögverndaða starfsgrein í því aðildarríki.

Til þess að hægt sé að leggja prófið fyrir skulu lögbær yfirvöld taka saman skrá yfir þær greinar sem, að gerðum samanburði á þeim hluta úr námi umsækjanda og námskröfum í aðildarríkinu, ekki hefur verið fjallað um samkvæmt því prófskírteini eða öðrum vitnisburði um formlega menntun og hæfi sem umsækjandi hefur undir höndum.

Miða verður hæfnisprófið við þá staðreynd að umsækjandinn er fullgildur fagmaður í upprunaríkinu eða aðildarríkinu sem hann kemur frá. Það verður að ná yfir greinar sem teknar eru með í áðurnefnda skrá og nauðsynlegt er að kunna skil á til þess að geta iðkað þá starfsgrein í gistiríkinu. Enn fremur má prófið reyna á þekkingu á reglum sem gilda um viðkomandi starfsemi í gistiríkinu. Lögbær yfirvöld í aðildarríkinu ákveða frekari notkun hæfnisprófsins með fullu tilliti til laga bandalagsins.

Staða umsækjanda er æskir að undirbúa sig fyrir hæfnispróf í gistiríki skal ákveðin af lögbærum yfirvöldum í því ríki.

2. gr.

Tilskipun þessi gildir um sérhvern ríkisborgara aðildarríkis sem æskir þess að leggja stund á lögverndaða starfsgrein í gistiríki á eigin vegum eða annarra.

Tilskipun þessi skal ekki ná til starfsgreina sem eru viðfangsefni annarrar tilskipunar um fyrirkomulag gagnkvæmrar viðurkenningar aðildarríkja á prófskírteinum.

3. gr.

Þegar iðkun lögverndaðrar starfsgreinar í aðildarríki er háð því að viðkomandi aðili hafi prófskírteini, getur lögbært yfirvald ekki neitað ríkisborgara aðildarríkis um heimild til að hefja eða stunda þá starfsemi með sömu skilyrðum og eigin ríkisborgarar og borið við vanhæfni hans:

a) ef umsækjandi hefur undir höndum prófskírteini sem krafist er í öðru aðildarríki til að leggja stund á viðkomandi starfsgrein þar, enda hafi prófskírteinið verið gefið út í aðildarríki, eða

b) ef umsækjandinn hefur lagt stund á viðkomandi starfsgrein í fullu starfi í tvö ár á undangengnum tíu árum í öðru aðildarríki sem ekki lögverndar starfsgreinina samkvæmt skilningi c-liðar 1. gr. og fyrstu undirgreinar d-liðar 1. gr. og hefur undir höndum eitt eða fleiri vottorð um menntun og hæfi:

— sem gefin hafa verið út af lögbæru yfirvaldi í aðildarríki sem tilnefnt hefur verið í samræmi við ákvæði í lögum og stjórnsýslufyrirmælum þess ríkis,

— sem sýna að handhafi hafi á fullnægjandi hátt lokið æðri menntun sem staðið hefur í að minnsta kosti þrjú ár eða sambærilegan tíma hafi verið um hlutanám að ræða, við háskóla eða æðri menntastofnun eða aðra stofnun á sama stigi í aðildarríki og hefur, þar sem um slíkt er að ræða, lokið starfsþjálfun sem krafist er til viðbótar við námið og

— sem sýna að handhafi hafi hlotið lögmætan undirbúning til að stunda starfsgrein sína.

Eftirfarandi skal metið til jafns við þann formlega vitnisburð um menntun og hæfi sem um getur í fyrstu undirgrein: sérhver formlegur vitnisburður um menntun og hæfi eða safn slíks vitnisburðar sem gefinn er út af lögbæru yfirvaldi í aðildarríki ef hann er veittur að lokinni þjálfun sem sótt er innan bandalagsins og viðurkennd er sem jafngild, þó að því tilskildu að öðrum aðildarríkjum og framkvæmdastjórninni hafi verið tilkynnt um þessa viðurkenningu.

4. gr.

1. Þrátt fyrir 3. gr., geta gistiríki einnig krafist þess að umsækjandi:

a) leggi fram vitnisburð um starfsreynslu þar sem náms- og þjálfunartíminn sem umsóknin greinir frá, svo sem mælt er fyrir um í a- og b-lið 3. gr., er að minnsta kosti einu ári skemmri en krafist er í gistiríkinu. Komi til þessa má starfsreynsla sú sem krafist er:

— eigi vera lengri en tvisvar sinnum sá tími sem upp á vantar í menntun og þjálfun ef það sem krafist er lýtur að æðri menntun og/eða þjálfunartíma undir handleiðslu fagmanns og lýkur með prófi,

— eigi vera lengri en sá tími sem upp á vantar ef hann lýtur að fagþjálfun sem viðkomandi hefur áunnið sér með aðstoð fullmenntaðs félagsmanns úr starfsgreininni.

Ef um er að ræða prófskírteini í skilningi síðustu undirgreinar a-liðar 1. gr. skal lengd menntunar og þjálfunar sem metin er á sama stigi ákvarðast út frá menntun og þjálfun samkvæmt fyrstu undirgrein a-liðar 1. gr.

Þegar þessum ákvæðum er beitt verður að taka tillit til þeirrar starfsreynslu sem getið er í b-lið 3. gr.

Ekki má í neinu tilviki krefjast lengri starfsreynslu en sem nemur fjórum árum;

b) ljúki aðlögunartíma sem varir ekki lengur en þrjú ár eða taki hæfnispróf:

— ef menntun og þjálfun sem viðkomandi hefur hlotið í samræmi við a- og b-liði 3. gr. er verulega frábrugðin þeim kröfum sem gerðar eru í gistiríkinu, eða

— ef starfsgrein sem er lögvernduð í gistiríkinu og vikið er að í a-lið 3. gr. nær til einnar eða fleiri lögverndaðrar starfsemi sem tilheyra ekki starfsgreininni sem lögverndar nýtur í upprunaríki umsækjanda eða aðildarríkinu sem hann kemur frá og sá munur sem fyrir hendi er samsvarar tiltekinni menntun eða þjálfun sem krafist er í gistiríkinu og nær til þátta sem eru verulega frábrugðnir því sem að baki prófskírteini umsækjanda liggur, eða

— ef starfsgrein sem er lögvernduð í gistiríkinu og vikið er að í b-lið 3. gr., nær til einnar eða fleiri lögverndaðrar starfsemi sem tilheyra ekki starfsgreininni sem umsækjandi stundar í upprunaríki sínu eða aðildarríkinu sem hann kemur frá og sá munur sem fyrir hendi er samsvarar tiltekinni menntun og þjálfun sem krafist er í gistiríkinu og nær til þátta sem eru verulega frábrugðnir því sem að baki prófskírteini umsækjanda liggur.

Ef gistiríkið færir sér þetta í nyt, verður að gefa umsækjandanum færi á að velja milli aðlögunartíma og hæfnisprófs. Þrátt fyrir þessa meginreglu getur gistiríkið kveðið á um annaðhvort aðlögunartíma eða hæfnispróf ef um er að ræða starfsgreinar þar sem nákvæm þekking á landslögum er nauðsynleg og þar sem ráðgjöf eða aðstoð í tengslum við landslög er mikilvægur og stöðugur þáttur starfseminnar. Hyggist gistiríki beita slíkum fráviksreglum fyrir aðrar starfsgreinar þar sem umsækjanda er gefinn kostur á að velja, skal tilhögun sú sem mælt er fyrir um í 10. gr. gilda.

2. Gistiríki geta þó ekki beitt ákvæðum a- og b-liða 1. gr. hverju á eftir öðru.

5. gr.

Með fyrirvara um 3. og 4. gr., getur gistiríki heimilað umsækjanda, í því skyni að aðlagast betur starfsumhverfi í viðkomandi ríki, að taka til jafns við aðra þann hluta sérfræðimenntunar og starfsþjálfunar sem hann hefur ekki hlotið í upprunaríki sínu eða í ríkinu sem hann kemur frá og fólginn er í verklegri þjálfun undir handleiðslu kunnáttumanns í starfsgreininni.

6. gr.

1. Krefji lögbært yfirvald í gistiríki þann sem æskir að hefja störf í lögverndaðri starfsgrein um meðmæli eða yfirlýsingu um að hann hafi ekki orðið gjaldþrota, eða frestar eða bannar iðkun þeirrar starfsgreinar vegna alvarlegra ávirðinga í starfi eða vegna afbrots, skal það ríki taka sem fullgilda sönnun, að því er varðar ríkisborgara aðildarríkja sem æskja þess að leggja stund á þá starfsgrein á yfirráðasvæði þess, framvísun skjala sem lögbær yfirvöld í upprunaríkinu eða aðildarríkinu sem hinn erlendi ríkisborgari kemur frá gefa út og votta að þessi skilyrði hafi verið uppfyllt.

Gefi lögbær yfirvöld í upprunaríkinu eða aðildarríkinu sem hinn erlendi ríkisborgari kemur frá ekki út þau skjöl sem um getur í fyrstu undirgrein, skal eiðsvarin yfirlýsing koma í stað þeirra — eða þar sem engin ákvæði eru til um eiðsvarnar yfirlýsingar, drengskaparheit — sem viðkomandi gefur frammi fyrir þar til bæru yfirvaldi á sviði dómgæslu eða stjórnsýslu eða eftir atvikum lögbókanda eða þar til bærri stofnun í upprunaríkinu eða aðildarríkinu sem viðkomandi kemur frá, umrætt yfirvald eða lögbókandi skal gefa út vottorð sem staðfestir áreiðanleika yfirlýsingarinnar eða drengskaparheitsins.

2. Ef lögbært yfirvald í gistiríki krefst þess af eigin ríkisborgurum sem æskja þess að hefja eða stunda störf í lögverndaðri starfsgrein að þeir leggi fram vottorð um líkamlegt og andlegt heilbrigði ber því yfirvaldi að taka sem fullgilda sönnun framvísun á skjalinu sem krafist er í upprunaríkinu eða aðildarríkinu sem hinn erlendi ríkisborgari kemur frá.

Ef upprunaríkið eða aðildarríkið sem hinn erlendi ríkisborgari kemur frá gerir engar slíkar kröfur til þeirra sem æskja þess að hefja störf í umræddri starfsgrein ber gistiríkinu að taka við vottorði frá slíkum ríkisborgurum sem lögbært yfirvald í því ríki hefur gefið út og er sambærilegt við vottorð sem gistiríkið gefur út.

3. Lögbær yfirvöld í gistiríki geta farið fram á það að skjölin og vottorðin sem um getur í 1. og 2. mgr. séu lögð fram eigi síðar en þremur mánuðum frá útgáfudegi þeirra.

4. Ef lögbært yfirvald í gistiríki fer fram á það að þarlendir ríkisborgarar sem æskja þess að hefja störf í lögverndaðri starfsgrein sverji eiða eða gefi drengskaparheit og þar sem eiðurinn eða heitið er þess eðlis að ríkisborgarar annarra aðildarríkja geta ekki nýtt það skal aðildarríkið tryggja að viðeigandi og jafngilt form til eiðtökunnar sé í boði fyrir hlutaðeigandi einstakling.

7. gr.

1. Lögbær yfirvöld í gistiríkjum skulu viðurkenna réttindi ríkisborgara í aðildarríkjum, sem uppfylla skilyrði til að hefja störf í lögverndaðri starfsgrein til að bera það starfsheiti í gistiríkinu sem starfsgreininni ber.

2. Lögbær yfirvöld í gistiríkjum skulu viðurkenna réttindi ríkisborgara í aðildarríkjum sem uppfylla skilyrði til að hefja störf í lögverndaðri starfsgrein í landi þeirra, til að nota lögmætan námstitil sinn eða, eftir því sem við á, skammstöfun á honum sem er notuð í upprunaríki þeirra eða aðildarríkinu sem þeir koma frá, á máli þess ríkis. Gistiríki geta krafist þess að titlinum fylgi upplýsingar um heiti og staðsetningu stofnunarinnar eða prófanefndarinnar sem veitti hann.

3. Ef samtök eða félag í gistiríki sem getið er um í dlið 1. gr. veitir starfsgrein lögvernd skal borgurum annarra aðildarríkja einvörðungu heimilt að nota starfsheitið eða skammstöfunina sem téð félag eða samtök veita, gegn félagsaðild.

Ef samtökin eða félagið gera ákveðin hæfisskilyrði að forsendum fyrir félagsaðild mega þau aðeins beita þeirri reglu gagnvart borgurum annarra aðildarríkja í samræmi við þessa tilskipun, einkum 3. og 4. gr hennar, enda hafi þeir undir höndum fullgild prófskírteini samkvæmt skilningi a-liðar 1. gr. tilskipunarinnar eða formlegan vitnisburð um menntun og hæfi samkvæmt b-lið 3. gr.

8. gr.

1. Gistiríkið skal taka vottorð og skjöl sem gefin eru út af lögbærum yfirvöldum í aðildarríkjum sem fullgilda sönnun þess að sá sem sækir um heimild til að leggja stund á viðkomandi starfsgrein fullnægi þeim skilyrðum sem sett eru í 3. og 4. gr.

2. Taka skal fyrir umsókn um starf í lögverndaðri starfsgrein svo skjótt sem verða má og skulu lögbær yfirvöld í gistiríkinu greina frá rökstuddri niðurstöðu eigi síðar en fjórum mánuðum eftir að hlutaðeigandi aðili hefur lagt fram öll viðeigandi skjöl. Fáist ekki niðurstaða eða sé hún öndverð óskum umsækjanda, skal honum gert kleift að áfrýja til dómstóls í samræmi við ákvæði landslaga.

9. gr.

1. Aðildarríkin skulu tilnefna lögbært yfirvald sem hefur umboð til að veita viðtöku umsóknum og taka þær ákvarðanir sem um getur í þessari tilskipun, innan þess tíma sem kveðið er á um í 12. gr.

Þau skulu koma þessum upplýsingum á framfæri við hin aðildarríkin og framkvæmdastjórnina.

2. Aðildarríkin skulu tilnefna þann aðila sem ábyrgur er fyrir samræmingu á starfsemi þeirra yfirvalda sem getið er um í 1. mgr. og tilkynna það hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni. Hlutverk hans skal vera að stuðla að því að tilskipun þessari sé beitt á sama hátt í öllum hlutaðeigandi starfsgreinum. Skipa skal samræmingarhóp á vegum framkvæmdastjórnarinnar sem þeir aðilar sem tilnefndir hafa verið af aðildarríkjunum eða fulltrúar þeirra eiga sæti í og skal hann lúta formennsku fulltrúa framkvæmdastjórnarinnar.

Starf þessa hóps skal vera :

— að auðvelda framkvæmd þessarar tilskipunar,

— að safna saman upplýsingum sem að gagni mega koma við beitingu hennar í aðildarríkjunum.

Framkvæmdastjórnin getur haft samráð við samræmingarhópinn um fyrirhugaðar breytingar á fyrirkomulaginu.

3. Aðildarríkin skulu gera ráðstafanir til að veita nauðsynlegar upplýsingar um viðurkenningu prófskírteina á grundvelli þessarar tilskipunar. Upplýsingamiðstöð sú um viðurkenningu prófskírteina og námstíma er sett var á stofn með ályktun ráðsins og menntamálaráðherranna hinn 9. febrúar 1976 ([1]) getur veitt aðstoð í þessu sambandi og, eftir því sem við á, viðkomandi fagsamtök eða -félög. Framkvæmdastjórnin skal hafa forgöngu um þróun og samræmingu á miðlun þessara upplýsinga.

10. gr.

1. Ef aðildarríki hyggst ekki, samkvæmt þriðja málslið annarrar undirgreinar b-liðar 1. mgr. 4. gr., heimila umsækjendum að velja á milli aðlögunartíma og hæfnisprófs hvað varðar starfsgrein í skilningi tilskipunar þessarar, skal það þegar í stað senda framkvæmdastjórninni drög að hlutaðeigandi ákvæði sem það hyggst beita. Það skal jafnframt gera framkvæmdastjórninni grein fyrir ástæðum þess að nauðsynlegt er talið að setja slíkt ákvæði.

Framkvæmdastjórnin skal þegar í stað tilkynna hinum aðildarríkjunum um öll slík drög sem henni berast; hún getur einnig ráðfært sig við samráðshópinn sem getið er í 2. mgr. 9. gr. um drögin.

2. Með fyrirvara um rétt framkvæmdastjórnarinnar og hinna aðildarríkjanna til að tjá sig um uppkastið getur aðildarríkið samþykkt ákvæðið að því tilskildu að framkvæmdastjórnin hafi eigi tekið ákvörðun um hið gagnstæða innan þriggja mánaða.

3. Komi fram ósk um slíkt frá aðildarríki eða framkvæmdastjórninni skulu aðildarríki tafarlaust senda þeim endanlegan texta ákvæðis sem sett er með beitingu þessarar greinar.

11. gr.

Þegar sá tími rennur út sem kveðið er á um í 12. gr., skulu aðildarríkin, á tveggja ára fresti, senda framkvæmdastjórninni skýrslu um framkvæmd þess fyrirkomulags sem upp er tekið.

Jafnframt því sem skýrslan fjallar almennt um málið, skal hún einnig veita tölfræðilegt yfirlit fyrir ákvarðanir sem teknar hafa verið og lýsa þeim vanda sem upp kann að koma við beitingu tilskipunarinnar.

12. gr.

Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að fara að tilskipun þessari innan tveggja ára frá birtingu hennar ([2]). Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Aðildarríkin skulu sjá til þess að framkvæmdastjórninni berist helstu ákvæði úr landslögum sem samþykkt verða um málefni sem tilskipun þessi nær til.

13. gr.

Eigi síðar en fimm árum eftir þann dag sem tiltekinn er í 12. gr. skal framkvæmdastjórnin upplýsa Evrópuþingið og ráðið um framkvæmd almenna fyrirkomulagsins til viðurkenningar á prófskírteinum sem veitt eru að lokinni starfsmenntun eða þjálfun á æðra skólastigi sem staðið hefur að minnsta kosti í þrjú ár.

Framkvæmdastjórnin skal af þessu tilefni, og eftir að hún hefur leitað ráða svo sem nauðsynlegt er, segja hvaða breytinga sé þörf á fyrirkomulaginu. Á sama tíma skal framkvæmdastjórnin, eftir því sem við á, leggja fram tillögur sínar um endurbætur á fyrirkomulaginu er stuðli að því að draga enn frekar úr höftum á frelsi til flutninga, á staðfesturétti og rétti til að veita þjónustu gagnvart þeim sem tilskipun þessi nær til.

14. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 21. desember 1988.

Fyrir hönd ráðsins,

V. PAPANDREOU

forseti.

([1]) Stjtíð. EB nr. C 38, 19. 2. 1976, bls. 1.

([2]) Tilskipun þessi var birt aðildarríkjunum 4. janúar 1989.

VIÐAUKI

Skrá yfir fagsamtök eða -félög sem fullnægja skilmálum annarrar undirgreinar d-liðar 1. gr.

ÍRLAND [1]

1. The Institute of Chartered Accountants in Ireland [2]
2. The Institute of Certified Public Accountants in Ireland[2]
3. The Association of Certified Accountants[2]
4. Institution of Engineers in Ireland
5. Irish Planning Institute

BRESKA KONUNGSRÍKIÐ

1. Institute of chartered accountants in England and Wales
2. Institute of Chartered Accountants of Scotland
3. Institute of Chartered Accountants in Ireland
4. Chartered Association of Certified Accountants
5. Chartered Institute of Loss Adjusters
6. Chartered Institute of Management Accountants
7. Institute of Chartered Secretaries and Administrators
8. Chartered Insurance Institute
9. Institute of Actuaries
10. Faculty of Actuaries
11. Chartered Institute of Bankers
12. Institute of Bankers in Scotland
13. Royal Institution of Chartered Surveyors
14. Royal Town Planning Institute
15. Chartered Society of Physiotherapy
16. Royal Society of Chemistry
17. British Psychological Society
18. Library Association
19. Institute of Chartered Foresters
20. Chartered Institute of Building
21. Engineering Council
22. Institute of Energy
23. Institution of Structural Engineers
24. Institution of Civil Engineers
25. Institution of Mining Engineers
26. Institution of Mining and Metallurgy

[1] Írskir borgarar heyra einnig til eftirtöldum löggiltum samtökum á Stóra-Bretlandi:
Institute of Chartered Accountants in England and Wales
Institute of Chartered Accountants of Scotland
Institute of Actuaries
Faculty of Actuaries
The Chartered Institute of Management Accountants
Institute of Chartered Secretaries and Administrators
Royal Town Planning Institute
Royal Institution of Chartered Surveyors
Chartered Institute of Building.

[2] Að því er varðar endurskoðun eingöngu.

27. Institution of Electrical Engineers
28. Institution of Gas Engineers
29. Institution of Mechanical Engineers
30. Institution of Chemical Engineers
31. Institution of Production Engineers
32. Institution of Marine Engineers
33. Royal Institution of Naval Architects
34. Royal Aeronautical Society
35. Institute of Metals
36. Chartered Institution of Building Services Engineers
37. Institute of Measurement and Control
38. British Computer Society

YFIRLÝSING FRÁ RÁÐINU OG FRAMKVÆMDASTJÓRNINNI

Vegna 1. mgr. 9. gr.

„Ráðið og framkvæmdastjórnin eru sammála um að sérfræðistofnanir og æðri menntastofnanir skuli með viðeigandi hætti hafðar með í ráðum við ákvarðanir".

REGLUGERÐ

um hönnun og uppsetningu sjálfvirkra úðakerfa.

1. Almenn ákvæði.

Reglugerð þessi gildir um hönnun og uppsetningu sjálfvirkra slökkvikerfa í byggingar, svonefndra úðakerfa (vatnsúðakerfa, sprinklerkerfa) sem nota vatn sem slökkvimiðil. Reglugerðin tekur ekki til froðukerfa, sem nota vatn með íblönduðum froðuefnum sem slökkvimiðil.

2. Markmið.

Markmiðið með reglugerðinni er að tryggja, eftir því sem unnt er, að úðakerfi sé þannig hannað, uppsett og viðhaldið að yfirgnæfandi líkur séu á að það uppgötvi og slökkvi eld á byrjunarstigi eða haldi honum í skefjum þar til slökkvistarf getur hafist.

3. Krafa um úðakerfi.

3.1. Úðakerfi skulu sett upp þar sem þess er krafist í lögum og reglugerðum um brunavarnir og brunamál eða í gildandi reglum og orðsendingum Brunamálastofnunar ríkisins um brunavarnir í byggingum.

3.2. Auk þess sem segir í gr. 3.1. geta slökkviliðsstjóri og byggingarfulltrúi eða Brunamálastofnun ríkisins krafist úðakefis í byggingu við eftirfarandi aðstæður:

- Þar sem óskað er eftir að víkja frá ákvæðum er varða brunavarnir og fram eru sett í lögum og reglugerðum um byggingar- og brunamál, en úðakerfi getur talist vega þar upp á móti.
- Þar sem hætta er á stórfelldu eignatjóni eða mannskaða og aðrar brunavarnir eru ekki taldar veita fullnægjandi öryggi gegn eldsvoða.
- Þar sem starfsemi er þannig háttað að eldhætta stafar af fyrir mannvirki í næsta nágrenni.
- Þar sem uppsetning úðakerfis er talin æskileg eða nauðsynleg ráðstöfun vegna langrar vegalengdar fyrir slökkvilið eða það er vanbúið tækjum eða mannafla til að ráða niðurlögum elds í byggingu.
- Í friðuð hús og hús sem hafa menningarsögulegt gildi, muna- og minjasöfn, lista- og bókasöfn og aðrar byggingar þar sem óbætanleg verðmæti eru varðveitt.

Meginreglan er sú að slökkviliðsstjóri og byggingarfulltrúi meta þörfina fyrir uppsetningu úðakerfis en geta síðan vísað málinu til Brunamálastofnunar ríkisins til frekari athugunar og samþykktar. Einnig getur stofnunin kallað eftir málinu sérstaklega.

3.3. Slökkviliðsstjóri skal sjá til þess að Brunamálastofnun ríkisins sé tilkynnt um öll úðakerfi sem upp eru sett í hans umdæmi.

4. Reglur um hönnun og uppsetningu.

Þar til Evrópustaðall um hönnun og uppsetningu úðakerfa liggur fyrir gilda eftirfarandi erlendir staðlar og reglur, eins og þær eru á hverjum tíma, um tæknilega hönnun og efnislega uppsetningu úðakerfa í byggingar:

- RULES FOR AUTOMATIC SPRINKLER INSTALLATIONS (Reglur um sjálfvirk

úðakerfi). Reglur þessar samanstanda af breskum staðli, BS 5306 : Part 2 : 1990 (Fire extinguishing installations and aquipment on premises / Specification for sprinkler systems), útgefnum af bresku staðlastofnuninni (British Standard Institution) og tilheyrandi tæknilegum orðsendingum (LPC Technical Bulletins) útgefnum af The Loss Prevention Council í Englandi.

- Reglur samtaka brunatryggingafélaganna í Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð, ásamt fylgiritum sem reglurnar byggja á eða vísa til í hverju landi fyrir sig.
- Aðrar viðurkenndar erlendar reglur sem Brunamálastofnun ríkisins samþykkir hverju sinni.

Um hönnun úðakerfa gagnvart jarðskjálftum skal farið eftir íslenskum staðli, ÍST 13, og stuðst við bandaríska staðal sem fram kemur í kafla 4-5.4.3. (Protection of Piping against Damage where Subject to Earthquakes) í NFPA 13 (Standards for the Installation of Sprinkler Systems, 1991 Edition).

Sjálfvirkt úðakerfi sem upp er sett samkvæmt 3. kafla reglugerðar þessarar, skal boðtengja við slökkvistöð eða aðra viðurkennda öryggismiðstöð. Þar sem aðstæður hindra slíka boðtengingu ber að gera aðrar þær ráðstafanir sem Brunamálastofnun ríkisins metur fullnægjandi.

Hönnuðir skulu ávallt leitast við að vinna eftir ákveðnum staðli í hverju verki en blanda þeim ekki saman. Ef víkja þarf frá ákvæðum staðla um hönnun og uppsetningu úðakerfa skal fá til þess samþykki Brunamálastofnunar ríkisins.

5. Slökkvivatn.

Samkvæmt 5. gr. laga nr. 41/1992 um brunavarnir og brunamál ber sveitarfélögum að sjá um að nægilegt vatn og vatnsþrýstingur sé fyrir hendi til slökkvistarfs og fyrir sérstakan slökkvibúnað, t.d. úðakerfi í meiriháttar byggingum.

Byggingarnefnd getur ekki heimilað byggingu mannvirkis, nema ákvæðum 5. gr. laga nr. 41/1992 um brunavarnir og brunamál sé fullnægt. Ef engu að síður er óskað eftir að staðsetja byggingu á stað, þar sem ekki er unnt að fullnægja settum skilyrðum í lögum, má heimila það að því tilskildu að lögð sé fram lausn varðandi brunavarnir sem Brunamálastofnun ríkisins samþykkir.

6. Áhættuflokkun.

Áður en hönnuður úðakerfis hefst handa við gerð lokauppdrátta skal hann leita samþykkis Brunamálastofnunar ríkisins fyrir þeirri áhættuflokkun sem hann hyggst leggja til grundvallar hönnuninni. Ber honum að leggja fram yfirlitsteikningu ásamt greinargerð sem sýnir brunaálag, notkun byggingar og skiptingu hennar í brunahólf, öflun vatns fyrir kerfið og nálæga brunahana eða aðra tilhögun á vatnsöflun fyrir slökkviliðið.

7. Úðakerfi í notkun.

Úðakerfi sem er í notkun við gildistöku reglugerðar þessarar skal laga að ákvæðum hennar eftir því sem kostur er, svo að tryggt sé að kerfið sé virkt og hæfi viðkomandi áhættu. Slökkviliðsstjóra ber að fylgja slíkum málum eftir í samráði við Brunamála stofnun ríkisins.

Nú er úðakerfi í byggingu og notkun hennar eða hún sjálf breytist og skal þá gera sérstaka úttekt á kerfinu og gera á því þær endurbætur sem nauðsynlegar eru vegna breytinganna.

8. Úttekt og samþykkt úðakerfis.

Öll ný úðakerfi sem upp eru sett samkvæmt 3. kafla reglugerðar þessarar skulu tekin út og samþykkt. Leggja skal fyrir byggingarfulltrúa fullnaðaruppdrætti af kerfinu ásamt útreikningum og greinargerð um forsendur hönnunar.

Þegar lokið er við nýtt úðakerfi, breytingu á úðakerfi eða viðbót við úðakerfi í byggingu skal það tilkynnt byggingarfulltrúa og eftirfarandi skilyrði eru sett um samþykkt kerfisins:

- Að aðili sem öðlast hefur til þess sérstaka viðurkenningu Brunamálastofnunar ríkisins annist úttekt á kerfinu.
- Að kerfið sé sett upp undir umsjón og á ábyrgð iðnmeistara sem öðlast hefur sérstaka viðurkenningu Brunamálastofnunar ríkisins til að setja upp sjálfvirk úðakerfi.
- Að fyrir liggi eftirlitssamningur við viðurkenndan þjónustuaðila. Sjá jafnframt 9. kafla reglugerðar þessarar.

Eftir lokaúttekt skal gefa út vottorð þess efnis að kerfið sé í samræmi við samþykktar teikningar og að það sé virkt og fullnægjandi fyrir viðkomandi áhættu og aðstæður. Eiganda úðakerfis ber að greiða allan nauðsynlegan kostnað við úttekt og samþykkt kerfisins.

9. Eftirlit, prófun og viðhald.

Eftirlit, prófun og viðhald úðakerfa skal vera í samræmi við reglur og leiðbeiningar um eftirlit, prófun og viðhald sjálfvirkra úðakerfa, sem Brunamálastofnun ríkisins gefur út.

Hönnuður úðakerfis skal gæta þess sérstaklega að umbúnaður og aðstaða til prófunar á virkni kerfis sé fullnægjandi og í samræmi við fyrirmæli Brunamálastofnunar ríkisins á hverjum tíma.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 30. gr. laga nr. 41/1992 um brunavarnir og brunamál og öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 6. maí 1994.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Sesselja Árnadóttir.

2. maí 1994 Nr. 246

REGLUR

um barnamenningarsjóð.

1. gr.

Stofna skal barnamenningarsjóð. Tekjur sjóðsins eru:

1. Árlegt framlag frá menntamálaráðuneytinu, innan marka fjárlagaheimilda.
2. Aðrar tekjur, er sjóðnum kunna að hlotnast.

2. gr.

Meginhlutverk sjóðsins er að styrkja verkefni á sviði barnamenningar. Til barnamenningar teljast verkefni á sviði lista og menningar sem unnin eru fyrir börn og/eða með virkri þátttöku barna.

3. gr.

Menntamálaráðherra skipar sjóðnum fimm manna stjórn til tveggja ára í senn. Skal einn tilnefndur af Kennarasambandi Íslands, einn af Bandalagi íslenskra listamanna, einn af Æskulýðsráði ríkisins og tveir skipaðir af ráðherra án tilnefningar. Ráðherra skipar formanna og varaforman úr hópi stjórnarmanna.

4. gr.

Heimilt er að veita styrki úr sjóðnum til einstaklinga og félagasamtaka. Auglýsa skal eftir umsóknum um framlög úr sjóðnum einu sinni á ári.

5. gr.

Heimilt er að veita styrki til námskeiða- og ráðstefnuhalds ef viðfangsefni þeirra rúmast innan meginmarkmiða sjóðsins. Stjórn sjóðsins er heimilt að standa fyrir námskeiðum, ráðstefnum og kynningarstarfsemi og skal kostnaður þá greiddur úr sjóðnum.

6. gr.

Reglur þessar skulu endurskoðaðar fjórum árum eftir gildistöku þeirra.
Reglur þessar öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 2. maí 1994.

Ólafur G. Einarsson.

Árni Gunnarsson.

Nr. 247 6. maí 1994

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Mosfellsbæjar 1992-2012.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðuneytið þann 6. maí 1994 staðfest aðalskipulag Mosfellsbæjar 1992-2012.

Uppdráttur og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um. Samþykki bæjarstjórnar Mosfellsbæjar liggur fyrir og skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt erindið til staðfestingar. Staðfesting þessi tekur ekki til lögsögumarka sveitarfélagsins.

Jafnframt er uppdráttur af aðalskipulagi Mosfellshrepps, sem staðfestur var 28. september 1983 felldur úr gildi.

Umhverfisráðuneytið, 6. maí 1994.

Guðmundur Árni Stefánsson.

Magnús Jóhannesson.

SAMÞYKKT

um hundahald í Vestmannaeyjum.

1. gr.

Hundahald er bannað í lögsagnarumdæmi Vestmannaeyja.

2. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að veita lögráða einstaklingum, sem búa í Vestmannaeyjum undanþágu frá 1. gr. og leyfi til hundahalds í lögsagnarumdæmi Vestmannaeyja með eftirfarandi skilyrðum.

a. Leyfi er bundið við nafn og heimilisfang lögráða einstaklings og er óheimilt að framselja það.

b. Ef sótt er um leyfi til að halda hund í fjölbýlishúsi, skal skriflegt samþykki allra íbúðareigenda í sama stigagangi fylgja umsókn. Sé um að ræða raðhús eða parhús skal samþykki aðliggjandi íbúða (íbúðar) fylgja umsókn. Í fjölbýlishúsi, þar sem sérinngangur fylgir íbúðum, þarf samþykki aðliggjandi íbúða (íbúðar).

c. Bæjarstjórn setur árlega gjaldskrá, sem heilbrigðisráðherra staðfestir. Við ákvörðun gjaldsins skal tekið mið af þeim kostnaði, sem leiðir af framkvæmd samþykktar þessarar og skal gjaldið miðað við að bæjarsjóður beri ekki kostnað af hundahaldinu. Gjaldið skal greitt í fyrsta sinn við skráningu hundsins og síðan fyrirfram árlega með gjalddaga 1. janúar. Hafi gjaldið eigi verið greitt innan 2ja mánaða frá gjalddaga fellur leyfið úr gildi.

d. Skylt er leyfishafa að hafa hundinn ábyrgðartryggðan og getur bæjarstjórn eða hundavinafélagið ákveðið að gera heildarsamning við tryggingarfélag, eitt eða fleiri. Skal tryggingin ná til alls þess tjóns, sem dýrið kann að valda mönnum dýrum, gróðri og munum.
Vottorð um ábyrgðartryggingu skal liggja fyrir við afgreiðslu leyfis og greiðslu árlegs leyfisgjalds.

e. Hundar skulu færðir til hreinsunar í október-nóvember ár hvert. Um hreinsun þeirra og gjald fyrir hana fer eftir reglugerð um varnir gegn sullaveiki nr. 201/1957. Framvísa skal vottorði um hreinsun við greiðslu árlegs leyfisgjalds.

f. Hundurinn skal ávallt bera ól með plötu um hálsinn. Á plötuna skal greypa skráningarnúmer hundsins og símanúmer eiganda hans. Einnig skal við ólina festa merki, sem sýni að leyfisgjald hafi verið greitt og hundur hreinsaður. Hundaeiganda ber að tilkynna eftirlitsaðila um aðseturskipti. Einnig skal hann tilkynna eftirlitinu ef hundurinn drepst eða er fluttur úr lögsagnarumdæminu.

g. Leyfishafi skal gæta þess vel að hundur hans valdi ekki hættu, óþægindum eða óþrifnaði né raski ró manna. Hundar skulu ávallt vera í taumi innan bæjarmarka, og að öllu jöfnu í taumi utan bæjarmarka en þá á ábyrgð eigenda, sbr. þó i-lið 2. mgr. þessarar greinar. Leyfishafa er skylt að fjarlægja saur eftir hundinn.

h. Eigi má hleypa hundum inn í almenningsfarartæki, leikvelli eða aðra þá staði, sem um ræðir í III., VIII., X. - XVII., og XX. kafla heilbrigðisreglugerðar nr. 149/1990, en þeir eru:

1. Gististaðir, veitingastaðir og matsölustaðir.
2. Skólar, kennslustaðir og barnaheimili, þar með talin sumardvalarheimili, dagvistarheimili og gæsluvellir.

3. Rakarastofur, hárgreiðslustofur, hvers konar snyrtistofur og sólbaðsstofur.
4. Heilbrigðisstofnanir, hæli, heilsuræktar- og íþróttastöðvar og baðstaði.
5. Fangelsi og aðrar vistarverur handtekinna manna.
6. Samkomuhús.
7. Kirkjugarða, bálstofur, líkhús, líkgeymslur.
8. Húsakynni þar sem framleidd eru matvæli og farartæki sem flytja matvæli.
9. Afgreiðslustöðvar eldsneytis og olíu.

i. Óheimilt er að fara með hunda um miðbæ Vestmannaeyja. Þetta svæði miðast við Strandgötu, Bárugötu, Vestmannabraut og markast af Skólavegi í vestri og Kirkjuvegi í austri, en þetta bann miðast við opnunartíma verslana. Óheimilt er að vera með hunda í Herjólfsdal.
Bærinn merkir þessi svæði af.
Heimilt er að sleppa hundum lausum um eftirtalin svæði:
- Trönusvæði á Haugunum sunnan Eldfells og austan Helgafells og á milli Fella.
- Vestan við Hamarsveg, frá Breiðabakka og norður að golfvellinum.
Bærinn merkir þessi svæði af.
Ákvæði stafliða h. og i. gilda ekki um hunda, sem notaðir eru til löggæslu eða björgunarstarfa, né leiðsöguhunda blindra eða sjónskertra.
Bæjarstjórn getur veitt undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar í sérstökum tilvikum.

j. Hundar úr öðrum lögsagnarumdæmum mega ekki án leyfis dvelja lengur en eina viku í Vestmannaeyjum. Ef brotin eru skilyrði þessarar greinar varðar það refsingu samkvæmt 6. gr., sektum eða varðhaldi.

3. gr.

Umsókn um leyfi til hundahalds skal senda eftirlitsaðila, sem gefur út umbeðið leyfi að fengnu samþykki bæjarstjórnar.

Bæjarstjórn ákveður hver skuli annast framkvæmd eftirlits, þ.e. skráningar og hreinsunar hunda í Vestmannaeyjum. Þetta getur verið Heilbrigðiseftirlitið, Hundavinafélagið eða aðrir aðilar. Leyfisgjald rennur til eftirlitsaðila.

Upplýsingar um hundinn skal færa í þar til gerða bók hjá eftirlitsaðila. Þar skal skrá heiti, aldur, kyn, tegund, litarhátt og önnur einkenni hundsins. Þar skal einnig skrá nafn og heimilisfang leyfishafa. Ársfjórðungslega skal senda embætti sýslumanns í Vestmannaeyjum skrá um leyfða hunda.

Leyfishafi fær afhenta merkta plötu, sbr. f. lið 2. gr. og eintak af samþykkt um hundahald í Vestmannaeyjum.

Eigi er skylt að sækja um leyfi fyrr en hvolpar hafa náð 3ja mánaða aldri.

Vitji leyfishafi ekki leyfis innan mánaðar frá því að það er veitt fellur það sjálfkrafa úr gildi.

4. gr.

Ef leyfishafi brýtur gegn ákvæðum samþykktar þessarar eða öðrum lögum/reglum, sem um hundahald gilda, getur bæjarstjórn afturkallað leyfið.

Ef leyfishafi brýtur gegn lögum um dýravernd nr. 21/1957, eða er uppvís að vanrækslu hundsins, t.d. sökum neyslu áfengis eða eiturlyfja, þá getur bæjarstjórn afturkallað leyfið.

Bæjarstjórn getur afturkallað leyfi fyrir einstökum hundategundum, einnig getur bæjarstjórnin afturkallað öll leyfi til hundahalds telji hún þess brýna þörf.

5. gr.

Lögregla Vestmannaeyja og hundaeftirlitsaðila er skylt að fjarlægja lausa hunda, sem ganga lausir utanhúss og þar sem um ræðir í h-lið, 2. gr. þessarar samþykktar. Sama gildir um hættulega hunda og óleyfilega hunda. Skal lögreglan koma þeim fyrir í hundageymslu, sem bæjarstjórn Vestmannaeyja hefur úthlutað og í framhaldi af því hafa samband við eiganda hundsins. Eftirlitsaðili skal sjá til að hundinum sé gefið að éta, þann tíma sem hann er í vörslu.

Kostnaður við töku og geymslu hunda skal að fullu greiddur af eigendum.

Hættulegum hundum er heimilt að lóga þegar í stað.

Aðra hunda er heimilt að afhenda, ef leyfi er framvísað innan 10 daga frá því hundurinn kom í vörslu eftirlits, enda verði áfallinn kostnaður greiddur. Að öðrum kosti skal hundinum lógað.

Bæjarstjórn getur sett reglur um nánari framkvæmd reglna þessara.

6. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum eða varðhaldi. Með brot út af samþykktinni skal farið að hætti laga um meðferð opinberra mála og að öðru leyti í samræmi við ákvæði laga nr. 81/1988, VI. og VII. kafla.

7. gr.

Framangreind samþykkt bæjarstjórnar Vestmannaeyja staðfestist hér með skv. 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og 1. gr. laga nr. 7/1953 um hundahald og varnir gegn sullaveiki og lög um dýravernd nr. 21/1957, til þess að öðlast gildi þegar við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi lögreglusamþykkt um hundahald í Vestmannaeyjum nr. 320/1979, IV. kafli, um hundahald.

Ákvæði til bráðabirgða.

Leyfi til hundahalds, sem veitt hafa verið fyrir gildistöku samþykktar þessarar, halda gildi sínu. Að öðru leyti gildir samþykktin að fullu um þau leyfi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 3. maí 1994

Guðmundur Árni Stefánsson.

Sólveig Guðmundsdóttir.

9. maí 1994 Nr. 249

AUGLÝSING

um tímabundinn tollfrjálsan innflutning tækja og búnaðar vísindaleiðangra og hópa á vegum skólastofnana.

1. gr.

Tollstjóra er heimilt að leyfa tímabundinn tollfrjálsan innflutning tækja, verkfæra og búnaðar, þ.m.t. vistir, sem vísindaleiðangrar frá erlendum vísindastofnunum og háskólum og hópar á vegum skólastofnana o.þ.h. flytja til landsins til notkunar við rannsóknir sínar hér á landi. Í tollfrelsi felst undanþága frá greiðslu aðflutningsgjalda, þ.e. tolls, virðisaukaskatts og annarra gjalda sem greiða ber við tollafgreiðslu innfluttra vara.

2. gr.

Tollfríðindi samkvæmt auglýsingu þessari eru háð eftirfarandi skilyrðum:

1. *Vegna vísindaleiðangra:*
   Framvísað sé leyfi frá Rannsóknarráði Íslands til staðfestingar á að viðkomandi leiðangur hafi heimild til rannsókna hér á landi.
   Vegna leiðangra á vegum skólastofnana:
   Framvísað sé yfirlýsingu frá viðkomandi stofnun um að leiðangurinn sé á hennar vegum og að hann sé kominn til landsins í rannsóknarskyni. Tollstjóri getur áskilið staðfestingu af hálfu skólayfirvalda í viðkomandi landi eða annars aðila sem hann viðurkennir í því skyni.
2. Innfluttar vörur séu að mati tollstjóra hæfilegar með tilliti til starfa og verksviðs leiðangurs hér á landi og dvalartíma, sbr. einnig 3. og 4. gr.
3. Lögð sé fram sundurliðuð skrá, staðfest af fyrirsvarsmanni leiðangurs, yfir innfluttar vörur, ásamt yfirlýsingu um að þær séu eingöngu vegna leiðangursins og að tæki, verkfæri og búnaður ásamt ónotuðum vistum verði flutt úr landi við brottför leiðangursins. Þó má leyfa tollfrjálsan innflutning ef endurútflutningur er fyrirhugaður síðar en við brottför leiðangurs, enda sé það innan árs frá komudegi.

3. gr.

Með vistum samkvæmt auglýsingu þessari er átt við matvæli sem heimilt er að flytja til landsins samkvæmt þeim reglum sem gilda um innflutning ferðamanna.

Magn tollfrjálsra matvæla vegna hvers leiðangursmanns má vera 0,5 kg fyrir hvern dag sem hann dvelur hér á landi við rannsóknir, að hámarki 10 kg, og verðmæti þeirra á mann má mest vera 700 kr. á dag og 14 000 kr. alls.

Innflutningur áfengra drykkja og tóbaksvara skal fara eftir þeim reglum sem gilda um innflutning ferðamanna eftir því sem við getur átt.

4. gr.

Ákvæði auglýsingar þessarar veita hvorki undanþágu frá innflutningsbanni né innflutningstakmörkunum á ýmsum vörutegundum samkvæmt lögum, reglugerðum eða öðrum stjórnvaldsfyrirmælum. Tollfríðindi geta náð til vara sem háðar eru innflutningsleyfum, enda séu tilskilin leyfi fyrir hendi.

5. gr.

Ákvæði auglýsingar þessarar gilda hvort sem leiðangursmenn hafa vörurnar meðferðis við komu til landsins eða þær séu fluttar til landsins á annan hátt.

6. gr.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt heimild í 5. tl. 1. mgr., sbr. 2. mgr. 6. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum, og öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing um sama efni nr. 252/1992.

Fjármálaráðuneytið 9. maí 1994.

F. h. r.
Indriði H. Þorláksson.

Ingibjörg Þorsteinsdóttir.

REIKNINGUR

Innheimtustofnunar sveitarfélaga.

Rekstrarreikningur fyrir árið 1993.

Rekstrartekjur:		
Innheimtuþóknun v/erlendrar innheimtu	kr.	2.393.005
Innheimtuþóknun önnur	"	2.120.774
Endurkrafinn innheimtukostnaður	"	9.264.284
Vextir	"	130.970.177
	kr.	144.748.240
Rekstrargjöld:		
Laun og launatengd gjöld	kr.	26.408.494
Annar rekstrarkostnaður	"	23.327.388
	kr.	49.735.882
Tekjur umfram gjöld	kr.	95.012.358

Efnahagsreikningur pr. 31. des. 1993

Eignir:		
Sjóður	kr.	3.858.236
Bankainnstæður	"	14.384.263
Skuldabréfaeign	"	732.371
Ógreidd innheimtuþóknun	"	1.358.531
Óinnheimtar kröfur	"	4.446.244.380
Sveitarfélög	"	3.300.588
Kröfur á fyrirtæki	"	32.100.968
Fyrirfram greiddur kostnaður	"	1.154.769
	kr.	4.503.134.106
Skuldir og eigið fé:		
Ógreiddur kostnaður	kr.	7.838
Skuldabréf vegna fasteignakaupa	"	10.483.111
Tryggingastofnun ríkisins	"	42.624.964
Sveitarfélög	"	3.300.588
Erlendar innheimtur	"	468.871
Félagsmálaráðuneytið	"	3.196.421
	kr.	60.081.793
Framlag jöfnunarsjóðs	"	2.268.759.218
Dráttarvextir óinnheimtir	"	1.450.944.908
Annað eigið fé	"	723.348.187
	kr.	4.503.134.106

Reykjavík, 14. febrúar 1994.

Í stjórn Innheimtustofnunar sveitarfélaga.

Sigurgeir Sigurðsson. **Sigurjón Pétursson.**

Húnbogi Þorsteinsson. **Árni Guðjónsson.**

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp Reyðarfjarðarhrepps nr. 97/1991.

1. gr.

58. gr. samþykktarinnar orðist svo:
Hreppsnefnd kýs í eftirtaldar nefndir, ráð og stjórnir:

A. Til eins árs. Á fundi í júní ár hvert:

1. *Hreppsráð.* Þrír hreppsnefndarmenn sem aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 55. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.
2. *Skoðunarmenn.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 84. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.
3. *Undirkjörstjórn við alþingiskosningar.* Tveir aðalmenn (hreppstjóri, sjálfkjörinn formaður) og þrír til vara skv. 10. gr. laga nr. 80/1987 um kosningar til Alþingis.
4. *Aðalfundur Sambands sveitarfélaga Austurlandi.* Þrír fulltrúar og jafnmargir til vara í samræmi við lög S.S.A.

B. Til fjögurra ára. Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum hreppsnefndarkosningum skal kosið í eftirtaldar fastanefndir:

1. *Atvinnumálanefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Þrír kosnir af sveitarstjórn. Einn skal tilnefndur af helstu samtökum launafólks á Reyðarfirði. Einn skal tilnefndur af samtökum vinnuveitenda. Atvinnumálanefnd skal vera sveitarstjórn til ráðuneytis í atvinnumálum. Jafnframt skal nefndin fara með verkefni stjórnar Atvinnumiðlunar skv. 9. gr. laga nr. 18/1985. Nefndin skal einnig vera sveitarstjórn til ráðuneytis í landbúnaðarmálum. Nefndin tilnefni einn nefndarmann sem búfjáreftirlitsmann skv. 9. gr. laga nr. 46/1991 um búfjárhald. Nefndin tilnefni einn nefndarmann sem úttektarmann í samræmi við 39. gr. ábúðarlaga nr. 64/1976. Atvinnumálanefnd fer með mál er varða ferðamál og tengda starfsemi, s.s. málefni Andapolls. Atvinnumálanefnd er umsagnaraðili um umsóknir til Atvinnuþróunarsjóðs Reyðarfjarðar.
2. *Byggingar- og skipulagsnefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. byggingarlaga nr. 54/1978 og skipulagslögum nr. 19/1964. Nefndin fer með málefni umferðarnefndar skv. heimild í 116. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Nefndin fer með umhverfismál.
3. *Félagsmálaráð.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 5. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Félagsmálaráð fer með verkefni barnaverndarnefndar skv. lögum nr. 58/1992, sbr. og 32. gr. laga nr. 40/1991, verkefni áfengisvarnarnefndar skv. lögum nr. 82/1969, sbr. og 50. gr. laga nr. 40/1991, verkefni jafnréttisnefndar skv. lögum nr. 28/1991. Öldrunarmál skv. 5. gr. laga nr. 82/1989 um málefni aldraða. Einnig tómstundastarf aldraðra.
4. *Hafnarstjórn.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 9. gr. hafnalaga nr. 69/1984.
5. *Heilbrigðisnefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.
6. *Kjörstjórn við sveitarstjórnarkosningar.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 23. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.
7. *Skóla- og menningarmálanefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 19. gr. laga nr. 49/1991 um grunnskóla. Nefndin tilnefnir tvo úr sínum hópi í skólanefnd

tónskóla Reyðarfjarðar og Eskifjarðar. Nefndin tilnefnir einn úr sínum hópi í æskulýðs- og íþróttaráð. Nefndin fer með verkefni dagvistar- og leikskólanefndar skv. lögum nr. 48/1991 um leikskóla. Nefndin hefur umsjón með ritun sögu sveitarfélagsins sbr. samþykkt hreppsnefndar þar um. Nefndin fer með málefni bókasafns skv. 7. gr. laga nr. 50/1976 um almenningsbókasöfn.

8. *Veitunefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin fer með málefni rafveitu Reyðarfjarðar og vatnsveitu skv. lögum.

C. Til fjögurra ára. Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum hreppsnefndarkosningum kýs hreppsnefnd fulltrúa í eftirtaldar samstarfsnefndir:

1. *Almannavarnanefnd.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 8. gr. laga nr. 94/1962 um almannavarnir, sbr. 5. gr. laga nr. 85/1985.
2. *Húsnæðisnefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 40. gr. laga nr. 97/1993 um Húsnæðisstofnun ríkisins. Þrír kosnir af hreppsnefnd og tveir tilnefndir af stærstu samtökum launafólks á Reyðarfirði. Nefndin fer einnig með verkefni húsaleigunefndar skv. lögum nr. 44/1979.
3. *Æskulýðs- og íþróttaráð.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin fer með íþróttamálefni í samræmi við samkomulag milli sveitarfélagsins annars vegar og Ungmennafélagsins Vals og skólanefndar hins vegar og tilnefna þessir aðilar sinn hvorn fulltrúann í nefndina, en hreppsnefnd kýs þrjá nefndarmenn. Ráðið tilnefni þrjá úr sínum hópi sem fulltrúa í stjórn Skíðamiðstöðvar, en sú stjórn fer með málefni skíðasvæðisins í Oddsskarði í samræmi við samning milli eignaraðila svæðisins, þ.e. Reyðarfjarðarhrepps, Eskifjarðar og Neskaupstaðar. Ráðið fer með málefni félagsmiðstöðvar og æskulýðsstarf unglinga í samvinnu við skóla, íþróttafélög, önnur félagasamtök og félagsmálaráð.
4. *Stjórn heilsugæslustöðvar.* Einn aðalmaður skv. 21. gr. laga nr. 97/1990 um heilbrigðisþjónustu.

D. Til fjögurra ára. Tilnefning þingfulltrúa hjá samtökum sveitarfélaga:

1. *Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga.* Einn fulltrúi og annar til vara.

E. Aðrar starfsnefndir sem stofnaðar verða.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Reyðarfjarðarhrepps hefur sett, samkvæmt 3. mgr. 7. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 með síðari breytingum, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 2. maí 1994.

F. h. r.
Berglind Ásgeirsdóttir.

Sesselja Árnadóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á viðauka II við reglugerð um starfshætti þeirra er annast almenna skoðun ökutækja, nr. 558 31. desember 1993.

1. gr.

Við ákvæði til bráðabirgða í viðauka II bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Til 31. desember 1997 er skoðunarstofu í flokki II, III eða IV, sem hefur mælitæki til að mæla reykþykkni frá dísilvélum og tæki til að mæla afköst hemla í akstri, sbr. 3. gr., heimilt að skoða bifreið sem er meira en 3500 kg að leyfðri heildarþyngd, enda sé fjarlægð að skoðunarstofu í flokki I yfir 35 km.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 67. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, sbr. lög nr. 44 7. maí 1993, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 3. maí 1994.

Þorsteinn Pálsson.

Ólafur W. Stefánsson.

Nr. 253 4. maí 1994

GJALDSKRÁ

vegna hundahalds á Höfn fyrir árið 1994.

1. gr.

Gjald fyrir leyfi til þess að halda hunda í lögsagnarumdæmi Hafnar, sbr. c-lið 2. gr. samþykktar um hundahald á Höfn 27. júní 1991 skal vera 4.000 fyrir árið 1994, gjald fyrir annan hund í eigu sama einstaklings verði 2.000. Gjaldið greiðist á gjalddaga 1. september 1994.

2. gr.

Handsömunargjald skal vera 3.000 í fyrsta skipti, en síðan hækkar það í kr. 6.000 ef til handsömunar kemur aftur.

3. gr.

Um vexti af vangreiddu leyfisgjaldi gilda almennar reglur.

4. gr.

Ofangreind gjaldskrá bæjarstjórnar Hafnar staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, til þess að öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 4. maí 1994.

Guðmundur Árni Stefánsson.

Sólveig Guðmundsdóttir.

SAMÞYKKT

um breyting á samþykkt um hundahald í Stokkseyrarhreppi frá 21. desember 1990.

1. gr.

B liður 2. gr. hjóðar svo:

Árlega skal sveitarsjóði greitt leyfisgjald fyrir þá hunda, sem undanþága er veitt fyrir. Gjaldið skal vera kr. 8.000 á ári. Innifalið í leyfisgjaldinu er hundahreinsunargjald og iðgjald ábyrgðartryggingar.

Gjalddagi er 15. janúar ár hvert.

2. gr.

C liður 2. gr. hjóðar svo:

Sveitarsjóður ábyrgðartryggir alla skráða hunda, sem greitt er leyfisgjald af. Þeir hundaeigendur sem undanþegnir eru leyfisgjaldi samkv. f. lið þessarar greinar, ábyrgðartryggja hunda sína hjá viðurkenndu tryggingarfélagi, þeir skulu og greiða sveitarsjóði útlagðan kostnað vegna hundahreinsunar. Við hundahreinsun skulu hundaeigendur sem falla undir f. lið leggja fram kvittun frá trygggingarfélaginu, sem sýni að trygging sé í fullu gildi.

3. gr.

Ofangreind samþykkt hreppsnefndar Stokkseyrarhrepps staðfestist hér með skv. 1. gr. laga nr. 7/1953 um hundahald og varnir gegn sullaveiki svo og 22. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 29. apríl 1994.

Guðmundur Árni Stefánsson.

Sólveig Guðmundsdóttir.

29. apríl 1994 Nr. 255

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi fyrir Geysissvæðið í Haukadal, Biskupstungnahreppi.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðuneytið þann 29. apríl 1994 staðfest aðalskipulag fyrir Geysissvæðið í Haukadal, Biskupstungum.

Skipulagsuppdráttur og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um. Samþykki sveitarstjórnar Biskupstungnahrepps liggur fyrir og skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytið, 29. apríl 1994.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Ingimar Sigurðsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á sameiningu Helgafellssveitar og Stykkishólmsbæjar.

Með vísan til 112. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 tilkynnir ráðuneytið að það hefur hinn 22. apríl 1994 staðfest sameiningu Helgafellssveitar og Stykkishólmsbæjar í eitt sveitarfélag.

Jafnframt hefur eftirfarandi verið ákveðið:

Kosning sveitarstjórnar hins nýja sveitarfélags skal fara fram laugardaginn 28. maí 1994, sbr. 13. gr. sveitarstjórnarlaga.

Kjósa skal sjö fulltrúa í sveitarstjórn hins nýja sveitarfélags, sbr. 1. mgr. 11. gr. sveitarstjórnarlaga.

Kjörstjórnir þær sem kosnar voru í upphafi yfirstandandi kjörtímabils samkvæmt 23. gr. sveitarstjórnarlaga skulu vera undirkjörstjórnir við kosningarnar. Hreppsnefndin og bæjarstjórnin skulu koma sér saman um kosningu þriggja aðalmanna og jafnmargra til vara í yfirkjörstjórn og verði ráðuneytinu tilkynnt um kosninguna að henni lokinni.

Formleg sameining þessara sveitarfélaga skal taka gildi 11. júní 1994.

Nafn hins nýja sveitarfélags verður auglýst sérstaklega.

Félagsmálaráðuneytið, 16. maí 1994.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Sesselja Árnadóttir.

Nr. 257 16. maí 1994

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Borgarness 1977-1997.

Samkvæmt ósk bæjarstjórnar Borgarnesshefur skipulagsstjórn ríkisins þann 13. apríl 1994 staðfest breytingu á aðalskipulagi Borgarness 1977-1997 frá 30. mars 1978 með síðari breytingum, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytingin felst í að óbyggt svæði norðan þjóðvegar nr. 1 við Brúartorg og vestan væntanlegs Vesturlandsvegar verður svæði fyrir verslun og iðnað.

Bæjarstjórn Borgarness hefur lýst því yfir, að hún taki að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfisráðuneytið, 29. apríl 1994.

F. h. r.
Magnús Jóhannesson.

Ingimar Sigurðsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Kópavogs 1992-2012.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið þann 29. apríl 1994 staðfest aðalskipulag Kópavogs 1992-2012.

Uppdráttur og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um. Samþykki bæjarstjórnar Kópavogs liggur fyrir og skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt erindið til staðfestingar. Staðfesting þessi tekur ekki til lögsögumarka sveitarfélagsins.

Jafnframt er aðalskipulagsuppdráttur Kópavogs, sem staðfestur var 23. júní 1990, felldur úr gildi.

Umhverfisráðuneytið, 29. apríl 1994.

F. h. r.
Magnús Jóhannesson.

Ingimar Sigurðsson.

29. apríl 1994 Nr. 259

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Súðavíkur 1992-2012.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið þann 29. apríl 1994 staðfest aðalskipulag Súðavíkur 1992-2012.

Uppdráttur og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um. Samþykki sveitarstjórnar Súðavíkurhrepps liggur fyrir og skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytið, 29. apríl 1994.

F. h. r.
Magnús Jóhannesson.

Ingimar Sigurðsson.

13. maí 1994 Nr. 260

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 274, 28. júní 1993, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 1. september 1993 til 31. ágúst 1994.

1. gr.

2. tl. 1. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Úthafsrækja ..... 52.000 lestir

2. gr.

Reglugerð þessi, öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytið, 13. maí 1994.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 563/1993, um endurgreiðslu vegna virðisaukaskatts af neyslufiski.

1. gr.

1. mgr. 4. gr. orðast svo:

Endurgreiðsla vegna neyslufisks, sbr. 2. gr., skal vera eftirfarandi hlutfall af verði hans til fiskverslana, sbr. 1. mgr. 3. gr.:

a. 10,97% vegna sölutímabilsins janúar-maí 1994.
b. 5,49 % vegna sölutímabilsins júní-ágúst 1994.
c. 2,74% vegna sölutímabilsins september-nóvember 1994.

2. gr.

Í stað orðanna „öðlast gildi 1. janúar 1994 og gildir til 31. maí 1994“ í 9. gr. kemur: gildir fyrir tímabilið 1. janúar 1994 til 30. nóvember 1994.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í ákvæði til bráðabirgða II í lögum nr. 122/1993, um breytingar í skattamálum og 49. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 18. maí 1994.

F. h. r.
Jón H. Steingrímsson.

Margrét Gunnlaugsdóttir.

Stjórnartíðindi B 33–35, nr. 244.–261. Útgáfudagur 19. maí 1994.

STJÓRNARTÍÐINDI B 36 – 1994

18. maí 1994 841 Nr. 262

REGLUGERÐ

um bann við línuveiðum í norðanverðum Breiðafirði.

1. gr.

Frá og með 25. maí 1994 eru allar línuveiðar bannaðar á svæði í norðanverðum Breiðafirði, sem markast af línu, sem dregin er milli eftirgreindra punkta:

1. Bjargtangar (grp. 33)
2. 65°23,00 N - 24°44,00 V
3. 65°15,20 N - 24°43,80 V
4. 65°07,17 N - 24°13,74 V
5. 65°11,38 N - 23°47,90 V
6. Skorarviti

Að norðan markast svæðið af fjöruborði meginlandsins.

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 18. maí 1994.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

B 59
Steindórsprent Gutenberg hf.

REGLUGERÐ

um bann við öllum togveiðum á Selvogsbanka.

1. gr.

Frá og með 21. maí 1994 eru allar veiðar með fiskibotn- og humarvörpu bannaðar á svæði á Selvogsbanka sem markast af eftirtöldum punktum:

1. 63°33'N - 22°00'V
2. 63°30'N - 21°30'V
3. 63°20'N - 20°52'V
4. 63°12'N - 20°52'V
5. 63°19'N - 22°00'V

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Frá sama tíma er felld úr gildi reglugerð nr. 243, 17. maí 1994, um bann við öllum togveiðum á Selvogsbanka.

Sjávarútvegsráðuneytið, 20. maí 1994.

F. h. r.
Árni Kolbeinsson.

Jón B. Jónasson.

Nr. 264 20. maí 1994

REGLUGERÐ

um bann við togveiðum og dragnótaveiðum við Ingólfshöfða og Hrollaugseyjar.

1. gr.

Frá og með 21. maí 1994 eru allar togveiðar og drganótaveiðar bannaðar á svæði á svæði sem markast af eftirtöldum punktum:

1. Ingólfshöfði
2. 63°40'N - 16°38'V
3. 64°00'N - 15°55'V
4. 64°09'N - 15°55'V

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 20. maí 1994.

F. h. r.
Árni Kolbeinsson.

Jón B. Jónasson.

20. maí 1994 Nr. 265

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um prófgjöld ökumanna, gjöld fyrir ökuskírteini o.fl. nr. 634 30. desember 1991.

1. gr.

Við 2. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Ekki skal taka gjald fyrir endurnýjun ökuskírteinis þess, sem náð hefur 70 ár aldri.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 52. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, öðlast gildi 1. júlí 1994.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 20. maí 1994.

Þorsteinn Pálsson.

Þorsteinn Geirsson.

11. maí 1994 Nr. 266

AUGLÝSING

um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á sameiningu Hafnar, Mýrahrepps og Nesjahrepps.

Með vísan til 112. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, sbr. einnig 2. tölulið 1. gr. laga nr. 75/1993, tilkynnir ráðuneytið að það hefur hinn 2. maí 1994 staðfest sameiningu Hafnar, Mýrahrepps og Nesjahrepps í eitt sveitarfélag.

Jafnframt hefur eftirfarandi verið ákveðið:

Kosning sveitarstjórnar hins nýja sveitarfélags skal fara fram sama dag og reglulegar sveitarstjórnarkosningar, þ.e. laugardaginn 28. maí 1994, sbr. 13. gr. sveitarstjórnarlaga.

Kosningin skal vera bundin hlutfallskosning, sbr. 1. mgr. 15. gr. sveitarstjórnarlaga.

Kjósa skal níu fulltrúa í sveitarstjórn hins nýja sveitarfélags, sbr. 1. mgr. 11. gr. sveitarstjórnarlaga.

Kjörstjórnir þær sem kosnar voru í upphafi yfirstandandi kjörtímabils samkvæmt 23. gr. sveitarstjórnarlaga skulu vera undirkjörstjórnir við kosningarnar. Bæjarstjórnin og hreppsnefndirnar skulu koma sér saman um kosningu þriggja aðalmanna og jafnmargra til vara í yfirkjörstjórn og verði ráðuneytinu tilkynnt um kosninguna að henni lokinni.

Formleg sameining þessara sveitarfélaga skal taka gildi 12. júní 1994.

Nafn hins nýja sveitarfélags skal vera Hornafjarðarbær.

Félagsmálaráðuneytið, 11. maí 1994.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Sesselja Árnadóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 37 – 1994

20. maí 1994 845 Nr. 267

AUGLÝSING

um breytingu á auglýsingu um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á sameiningu Suðurdalahrepps, Laxárdalshrepps, Hvammshrepps og Fellsstrandarhrepps í Dalasýslu nr. 28/1994.

Með vísan til 112. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, sbr. einnig 2. tölulið 1. gr. laga nr. 75/1993, og reglugerð nr. 113/1994 um endurtekningu á atkvæðagreiðslu um sameiningu sveitarfélaga, tilkynnir ráðuneytið að það hefur hinn 20. maí 1994 staðfest sameiningu Skarðshrepps við Suðurdalahrepp, Haukadalshrepp, Laxárdalshrepp, Hvammshrepp og Fellsstrandarhrepp í Dalasýslu og breytast ákvæði 1. mgr. auglýsingar nr. 28/1994 í samræmi við þá staðfestingu.

Félagsmálaráðuneytið, 20. maí 1994.

F. h. r.
Húnbogi Þorsteinsson.

Sesselja Árnadóttir.

19. maí 1994 Nr. 268

AUGLÝSING

um staðfestingu að aðalskipulagi Hveragerðisbæjar 1994-2014.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið þann 19. maí 1994 staðfest aðalskipulag Hveragerðisbæjar 1994-2014.

Uppdráttur og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um. Samþykki bæjarstjórnar Hveragerðisbæjar liggur fyrir og skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Jafnframt er aðalskipulag Hveragerðis 1991-2002, sem staðfest var 13. júlí 1982, fellt úr gildi.

Umhverfisráðuneytið, 19. maí 1994.

Össur Skarphéðinsson.

Ingimar Sigurðsson.

Steindórsprent Gutenberg hf.

REGLUGERÐ

um bann við rækjuveiðum í Breiðafirði.

1. gr.

Frá og með 28. maí 1994 eru rækjuveiðar bannaðar á svæði í Breiðafirði, sem markast af línu, sem dregin er milli eftirgreindra punkta:

1.	65°27,5'N – 24°00'V
2.	65°05,0'N – 24°00'V
3.	64°57,0'N – 24°20'V
4.	64°55,0'N – 24°30'V
5.	65°29,4'N – 24°30'V

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er skipum sem stunda rækjuveiðar með seiðaskilju heimilt að stunda veiðar á ofangreindu svæði. Skiljunni skal komið fyrir í belg vörpunnar. Bil á milli rimla skal vera 21 mm og halli grindarinnar um 48°. Á efra byrði vörpunnar fyrir framan skiljuna skal vera gat þar sem fiskur sem ekki sleppur í gegnum skiljuna skilst út.

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 25. maí 1994.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 38 – 1994

10. maí 1994 847 Nr. 270

GJALDSKRÁ

vegna hundahalds í Stöðvarhreppi árið 1994.

1. gr.

Leyfisgjald fyrir undanþágur til hundahalds í Stöðvarhreppi sbr. samþykkt um hundahald í Stöðvarhreppi nr. 363 frá 1989 skal vera 5.720 krónur fyrir árið 1994.

Gjaldið skal greitt í einu lagi fyrir 1. júní 1994.

Við skráningu skal greitt fyrirfram.

2. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af sveitarstjórn Stöðvarhrepps staðfestist hér með skv. 22. gr. laga nr. 81 frá 1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit með ofangreindum gildistíma.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 10. maí 1994.

F. h. r.
Páll Sigurðsson.

Sólveig Guðmundsdóttir.

17. maí 1994 Nr. 271

REGLUGERÐ

um breytingu á rg. nr. 188/1988 um slátrun, mat og meðferð sláturafurða, sbr. breytingu með rg. nr. 118/1994.

1. gr.

Gildistöku 2. gr. reglugerðar nr. 118/1994 um breytingu á 18. gr. reglugerðar nr. 188/1988 er frestað til 1. september 1994.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 30 28. apríl 1966 um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum og öðlast gildi 1. júní 1994.

Landbúnaðarráðuneytið, 17. maí 1994.

Halldór Blöndal.

Jón Höskuldsson.

Steindórsprent Gutenberg hf.

REGLUGERÐ

um hlutverk fjármálastofnana við aðgerðir gegn peningaþvætti.

I. KAFLI
Ákvæði sem treysta þekkingu fjármálastofnana á viðskiptamönnum sínum.

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um eftirtaldar fjármálastofnanir:

1. Viðskiptabanka, sparsjóði og dótturfélög þeirra.
2. Stofnanir samkvæmt lögum um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði.
3. Líftryggingafélög og séreignalífeyrissjóði.
4. Verðbréfafyrirtæki og verðbréfasjóði.
5. Hérlend útibú erlendra fjármálastofnana, sem hafa með höndum starfsemi skv. 1.-4. tölulið.

2. gr.

Framvísun skilríkja.

Starfsmaður fjármálastofnunar skal krefjast þess af viðskiptamanni að hann sanni á sér deili með framvísun persónuskilríkja í eftirgreindum tilvikum:

1. Við upphaf viðskiptasambands. Með orðinu viðskiptasamband er átt við, að samningur sé gerður á milli fjármálastofnunar og viðskiptamanns um viðskipti, sem framhald verður fyrirsjáanlega á, s.s. stofnun bankareiknings, gerð lánssamnings eða fjárvörslusamnings eða opnun bankahólfs.
2. Þegar viðskiptamaður, sem ekki er í föstu viðskiptasambandi á í viðskiptum með hærri fjárhæð en 1.100.000 kr.
3. Ef fjárhæðin er ekki þekkt á þeim tíma er viðskiptin eiga sér stað eða viðskiptin fara fram í fleiri en einni aðgerð sem virðast tengjast hver annarri skal krefjast framvísunar persónuskilríkja um leið og vitneskja fæst um fjárhæðina og ljóst er að hún er hærri en að framan greinir.
4. Ávallt þegar grunur leikur á að rekja megi uppruna eignar til brots á almennum hegningarlögum eða lögum um ávana- og fíkniefni, jafnvel þótt um sé að ræða viðskipti með lægri fjárhæð en skv. 3. tl. eða að greiðsla fyrir viðskiptin verði færð til skuldar á viðskiptareikningi í nafni viðskiptamanns í sambærilegri stofnun, skv. 3. gr.

3. gr.

Nánar um persónuskilríki.

Persónuskilríki sem framvísað er, skulu vera skilríki útgefin af stjórnvöldum, með ljósmynd, nafni, og kennitölu viðkomandi manns, s.s. vegabréf, ökuskírteini eða nafnskírteini.

Fjármálastofnun skal varðveita afrit af persónuskilríkjum þeim sem krafist er samkvæmt 1. mgr. eða eftirgreindar upplýsingar í a.m.k. fimm ár frá því að viðskiptum eða viðskiptasambandi lýkur:

1. Nafn og kennitala viðskiptamanns.
2. Tegund og númer persónuskilríkis.
3. Staðfesting starfsmanns á að hann hafi skoðað persónuskilríki.

Þessar upplýsingar skulu vera aðgengilegar ríkissaksóknara eða lögreglu sem rannsakar peningaþvættismál.

4. gr.

Undanþágur frá kröfu um framvísun persónuskilríkja.

Í eftirfarandi tilvikum er ekki skylt að krefjast framvísunar persónuskilríkja né skráningar og varðveislu upplýsinga:

1. Þegar viðskiptaaðili er fjármálastofnun sem starfar innan Evrópska efnahagssvæðisins.
2. Þegar staðfest er að greiðsla fyrir viðskiptin verði færð til skuldar á viðskiptareikningi á nafni viðskiptamanns í sambærilegri stofnun, sem starfar innan Evrópska efnahagssvæðisins.
3. Við gerð líftryggingarsamnings hjá fjármálastofnun ef árlegt iðgjald er lægra en 80.000 kr. eða um er að ræða eingreiðslu iðgjalds sem er lægri en 200.000 kr. Ef árlegt iðgjald er hækkað, þannig að það verði hærra en 80.000 kr. skal krefjast framvísunar skilríkja.

5. gr.

Upplýsingar um þriðja mann og lögpersónur.

Hafi starfsmaður fjármálastofnunar vitneskju um eða ástæðu til að ætla að tiltekin viðskipti fari fram í þágu þriðja manns skal viðskiptamaður krafinn upplýsinga um hver sá þriðji maður er.

Þegar til viðskiptasambands er stofnað fyrir hönd lögaðila skal krafist upplýsinga um nafn (firma), kennitölu, heimilisfang og starfsemi fyrirtækis. Prókúruhafar lögaðila skulu sanna á sér deili með sama hætti og í einstaklingsviðskiptum, auk þess sem þeir skulu sanna að þeir hafi prókúru. Sé lögaðilinn skráð fyrirtæki í öðru ríki skal uppgefið hvaða stjórnvald geti staðfest upplýsingarnar.

Upplýsingar samkvæmt þessari grein skulu skráðar og vera aðgengilegar með sama hætti og upplýsingar um stofnun viðskiptasambands, skv. 2. gr.

6. gr.

Viðskiptum hafnað.

Framvísi viðskiptamaður ekki fullnægjandi persónuskilríkjum samkvæmt reglugerð þessari eða neiti að veita upplýsingar skv. 5. gr. skal fjármálastofnun hafna viðskiptum.

II. KAFLI

Ákvæði um aðgerðir þegar rekja má viðskipti til refsiverðs athæfis.

7. gr.

Sérstök athugun fjármálastofnana á viðskiptum.

Fjármálastofnun skal athuga sérstaklega öll viðskipti sem eru óvenjuleg, mikil eða flókin, með hliðsjón af venjubundinni starfsemi viðskiptamanns. Hún skal ennfremur athuga öll viðskipti, sem virðast ekki hafa efnahagslegan eða lögmætan tilgang. Athuga skal bakgrunn og tilgang slíkra viðskipta í þeim mæli sem hægt er. Skrifleg skýrsla skal gerð um niðurstöður þeirrar athugunar. Skýrslan skal vera aðgengileg bankaeftirliti, endurskoðendum viðkomandi stofnunar, ríkissaksóknara og lögreglu.

8. gr.

Tilkynning til ríkissaksóknara.

Þegar athugun í samræmi við 7. gr. eða önnur atvik leiða til þess að grunur leikur á að rekja megi viðskipti til brots á almennum hegningarlögum eða lögum um ávana- og fíkniefni, skal fjármálastofnun tilkynna ríkissaksóknara um viðskiptin.

Ríkissaksóknari veitir leiðbeiningu um form og efnisatriði slíkra tilkynninga, t.d. með útgáfu sérstaks eyðublaðs í þessu skyni.

9. gr.

Upplýsingagjöf til lögreglu.

Samkvæmt beiðni ríkissaksóknara eða lögreglu, sem rannsakar peningaþvættismál, skal fjármálastofnun láta í té allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru taldar vegna rannsóknarinnar. Slíka beiðni skal bera fram skriflega. Ekki er þörf á dómsúrskurði vegna veitinga upplýsinga samkvæmt þessari grein.

10. gr.

Stöðvun viðskipta.

Forðast skal viðskipti þegar fyrir hendi er vitneskja eða grunur um að rekja megi þau til brots á almennum hegningarlögum eða lögum um ávana- og fíkniefni þar til ríkissaksóknara hefur verið tilkynnt um viðskiptin. Ef ekki er unnt að koma í veg fyrir viðskiptin eða stöðvun þeirra gæti hindrað saksókn á hendur þeim sem hafa hagnað af viðskiptunum skal ríkissaksóknara tilkynnt um viðskiptin um leið og þau hafa farið fram.

11. gr.

Þagnarskylda.

Stjórnendur, starfsmenn og aðrir, sem vinna í þágu fjármálastofnunar, skulu sjá til þess að viðskiptamaður eða annar utanaðkomandi aðili fái ekki frá stofnuninni vitneskju um að ríkissaksóknara hafi verið sendar upplýsingar samkvæmt reglugerð þessari eða að rannsókn sé hafin vegna gruns um brot á almennum hegningarlögum eða lögum um ávana- og fíkniefni.

III. KAFLI
Innra eftirlit og þjálfun starfsmanna.

12. gr.

Ábyrgðarmaður og innra eftirlit.

Sérhver fjármálastofnun skal útnefna starfsmann meðal stjórnenda, sem ber ábyrgð á því að ákvæðum laga um aðgerðir gegn peningaþvætti og reglugerðar þessarar sé fylgt. Slíkur ábyrgðarmaður skal sjá til þess að mótaðar séu starfsaðferðir í fjármálastofnuninni í þessu skyni og þær samræmdar verklagsreglum samráðsnefndar skv. 14. gr.

Ábyrgðarmaður samkvæmt þessari grein ber jafnframt ábyrgð á innra eftirliti stofnunarinnar um aðgerðir gegn peningaþvætti, tekur ákvörðun um sérstaka athugun skv. 7. gr. og um tilkynningu til ríkissaksóknara skv. 8. gr.

13. gr.

Þjálfun starfsmanna.

Fjármálastofnun skal sjá til þess að starfsmenn hljóti fræðslu um skyldur sínar samkvæmt reglugerð þessari og lögum um aðgerðir gegn peningaþvætti og jafnframt sérstaka þjálfun sem auðveldi þeim að staðreyna hvaða viðskipti gætu tengst peningaþvætti.

IV. KAFLI
Ýmis ákvæði.

14. gr.

Samráðsnefnd.

Viðskiptaráðherra skipar samráðsnefnd um aðgerðir gegn peningaþvætti. Í henni sitja fulltrúar viðskiptaráðuneytisins, Seðlabanka Íslands, ríkissaksóknaraembættisins, rannsóknarlögreglu ríkisins, lögreglustjórans í Reykjavík og fulltrúar fjármálastofnana þeirra er greinir í 1. gr. laga um aðgerðir gegn peningaþvætti.

Hlutverk nefndarinnar er að fylgjast með framkvæmd aðgerða gegn peningaþvætti, samræma verklagsreglur og vera stjórnvöldum til ráðuneytis um aðgerðir gegn peningaþvætti og framkvæmd þeirra.

15. gr.
Fjárhæðir

Fjárhæðir sem getið er um í reglugerð þessari skulu bundnar gengi evrópsku mynteiningarinnar ECU. Seðlabanki Íslands auglýsir nýjar fjárhæðir í Lögbirtingablaði, miðað við 1. janúar ár hvert.

16. gr.
Viðurlög.

Um brot gegn ákvæðum þessarar reglugerðar fer eftir ákvæðum 14. gr. laga um aðgerðir gegn peningaþvætti.

17. gr.
Gildistaka.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í 13. gr. laga nr. 80 18. maí 1993, um aðgerðir gegn peningaþvætti, öðlast þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytið, 16. maí 1994.

F. h. r.
Þorkell Helgason.

Gunnar Viðar.

18. maí 1994 Nr. 273

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 157/1993 um sinubrennur og meðferð elds á víðavangi.

1. gr.

2. mgr. 3. gr. orðist svo:

Telji sýslumaður að veðrátta hafi hamlað sinubrennu fyrir 1. maí getur hann að höfðu samráði við umhverfisráðuneytið veitt leyfishöfum sbr. 4. gr. heimild til að brenna sinu til 15. maí. Telji sýslumaður að snjóalög hafi hamlað sinubrennu fyrir 1. maí getur hann að höfðu samráði við umhverfisráðuneytið veitt leyfishöfum heimild til að brenna sinu síðar enda fari sinubrenna fram strax og snjóa leysir og þess skal sérstaklega gætt að hreiðurgerð sé ekki hafin á svæðinu. Sækja þarf um undanþágur til sýslumanns hverju sinni og skal hann halda sérstaka skrá yfir veitt leyfi.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 4. gr. laga nr. 61/1992 um sinubrennur og meðferð elds á víðavangi öðlast gildi þegar í stað.

Umhverfisráðuneytið, 18. maí 1994.

Össur Skarphéðinsson.

Ingimar Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um þjóðminjavörslu nr. 323/1990.

1. gr.

12. gr. stafliður d) orðist svo:

Húsverndardeild sér um viðhald, rekstur og eftirlit með öllum húsum, sem Þjóðminjasafn Íslands á eða hefur gert samkomulag um rekstur og viðhald á. Í því skyni hefur deildarstjóri húsverndardeildar samvinnu við minjaverði hvers svæðis og skulu þeir sjá svo til að hæfir iðnaðar- og hleðslumenn ráðist til starfa, annaðhvort til fastra starfa sé þess kostur ellegar til tímabundinna verka og einstakra verkefna. Deildin getur í samvinnu við minjaverði og með samþykki menntamálaráðuneytisins fjölgað þeim húsum sem varðveitt eru á vegum safnsins, enda sé til þess fjárveiting. Slíkum mannvirkjum skal fundið viðeigandi hlutverk svo sem kostur er.

2. gr.

31. gr. orðist svo:

Húsafriðunarnefnd ræður framkvæmdastjóra sem jafnframt er ritari nefndarinnar og sér um daglega afgreiðslu þeirra mála sem eru á verksviði nefndarinnar.

Framkvæmdastjóri húsafriðunarnefndar sér til þess að minjaverðir taki þátt í öllu því er lýtur að húsaverndun á viðkomandi svæðum og skulu minjaverðir tilkynna nefndinni um hvaðeina sem gert er til verndunar húsa á minjasvæðum.

Framkvæmdastjóri tryggir samvinnu milli nefndarinnar og húsverndardeildar Þjóðminjasafns Íslands.

3. gr.

32. gr. orðist svo:

Húsafriðunarnefnd lætur skrá hús í landinu sem teljast hafa menningarsögulegt og listrænt gildi. Sérstaklega skal halda skrá yfir hús sem njóta friðunar samkv. 1. mgr. 35. gr. og 1. mgr. 36. gr. þjóðminjalaga nr. 88/1989. Þá skal húsafriðunarnefnd stuðla að gerð húsakannana í þéttbýli og útgáfu þeirra.

4. gr.

34. gr. orðist svo:

Ákveði menntamálaráðherra friðun húss eða húsa að tilllögum húsafriðunarnefndar annast framkvæmdastjóri nefndarinnar þinglýsingu friðunarinnar svo og auglýsingu í Stjórnartíðindum. Framkvæmdastjóri tilkynnir eigendum ákvörðun um friðlýsingu sem og lögreglustjóra, bæjar- og sveitarstjórnum og byggingarnefndum. Húsafriðunarnefnd skal sjá um að sveitar- og bæjarstjórnum sé kunnugt um ákvæði 36. gr. þjóðminjalaga um sjálfkrafa friðanir mannvirkja og ákvæði um tilkynningarskyldu eigenda húsa reistra fyrir 1900 í því skyni að bygginarfulltrúar sinni skyldu sinni gagnvart húsafriðunarnefnd.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í þjóðminjalögum nr. 88/1989 og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 29. apríl 1994.

Ólafur G. Einarsson.

Árni Gunnarsson.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Mosfellsbæjar.

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveita Mosfellsbæjar selur afnot hitaorku úr hitaveitukerfum þeim, sem gerð hafa verið eða verða gerð í Mosfellsbæ og til þeirra húsa, sem fá vatn frá aðfærsluæð, eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari sbr. og reglugerð fyrir Hitaveitu Mosfellsbæjar.

2. gr.

Hitaveita Mosfellsbæjar lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar á húsinu, enda séu ofnar hússins nægilega stórir að dómi hitaveitunnar.

3. gr.

Vatnsmagn það, sem látið er í té samkvæmt 1. og 2. grein, er afhent notanda um rennslismæli sem hitaveitan leggur til og annast um viðhald á. Mælir þessi skal innsiglaður og er húseiganda/notanda með öllu óheimilt að rjúfa innsigli mælisins.

Hitaveitan mun þó í sérstökum tilfellum afhenda vatnið um stillanlegan hemil, og þá einungis þar sem rennslismæli verður ekki við komið og miðast þá gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við það hámark sem hemillinn er stilltur fyrir.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu vatnshemils. Hitaveitan breytir stillingu hemils eftir óskum húseiganda fyrstu tvo mánuði, sem hús hans er tengt við hitaveitukerfið, en síðar verður hemilsstillingu að jafnaði einungis breytt einu sinni á ári, 1. desember ár hvert. Hámarksstilling hemils gildir allt árið, þó orkunotkun verði minni hluta úr ári.

II. KAFLI.

4. gr.

Gjald fyrir afnot heita vatnsins er sem hér segir:

1.	Heitt vatn um rennslismæli:		
	A. Fyrir hvern rúmmetra vatns	kr.	47,30
	Auk þess greiðist mælaleiga fyrir hvern mánuð sem hér segir:		
	A. Mælir allt að $^3/_4$ tommu	kr.	437,00
	B. Mælir 1 tommu til 2 tommur	kr.	915,00
	C. Mælir 3 tommur eða stærri	kr.	1.840,00
2.	Heitt vatn um hemil:		
	A. Fastagjald á mánuði fyrir hvern aðalhemil	kr.	407,00
	B. Vatnsgjald	kr.	1.017,00
	á mánuði fyrir hvern mínútulítra á hámarksstillingu hemils, sem skiptist þannig:		
	Flutningsgjald	kr.	339,00
	Vatnsgjald	kr.	678,00

5. gr.

Hitaveitugjöld skv. 4. gr. verða krafin annan hvern mánuð, og skulu þau greiðast til innheimtumanns eða innheimtustofnunar, sem bæjarstjóri ákveður. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 15 daga frá gjalddaga.

III. KAFLI.

6. gr.

Heimæðargjald Hitaveitu Mosfellsbæjar skal vera sem hér segir, fyrir eina heimæð:
Rúmmál húss (utanmál m^3)

Allt að	600	m^3	kr.	57.500,00				
600 –	2000	m^3	kr.	57.500,00	fyrir	600 m^3 + 53,25	pr. m^3	þar yfir
2000 –	6000	m^3	kr.	132.050,00	fyrir	2000 m^3 + 46,05	pr. m^3	þar yfir
6000 –	10000	m^3	kr.	316.250,00	fyrir	6000 m^3 + 39,91	pr. m^3	þar yfir
yfir	10000	m^3	kr.	475.890,00	fyrir	10000 m^3 + 35,09	pr. m^3	þar yfir

Heimæðargjald skal greiðast áður en heimæð tengist hitakerfi hússins, samkvæmt þágildandi gjaldskrá.

Nú eru fleiri en eitt hitunarkerfi í húsinu með sérstökum hemlum eða mælum frá hitaveitunni og skal þá greiða kr. 14.440,00 aukalega fyrir hvern mæli/hemil.

7. gr.

Hitaveitu Mosfellsbæjar er heimilt að hækka eða lækka gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari í sama hlutfalli og vísitala byggingarkostnaðar.

Hitaveitan skal, skv. 3. gr. laga nr. 64/1943, auglýsa gildandi verð skv. gjaldskrá þessari á hverjum tíma í Lögbirtingablaði.

8. gr.

Nú eru leyfð afnot hitaveitunnar til annars en húshitunar, og er þá hitaveitunefnd heimilt að ákveða gjald fyrir þau afnot sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

9. gr.

Öll gjöld skv. gjaldskrá þessari má taka fjárnámi á kostnað gjaldanda.

10. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð húseiganda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með 3 daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá, sem í vanskilum er kr. 1.340,00 í hvert skipti.

11. gr.

Eftirlitsmanni Hitaveitu Mosfellsbæjar skal, hvenær sem er, frjáls aðgangur að öllum hitakerfum, sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem samþykkt er af bæjarstjórn Mosfellsbæjar, staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, til að öðlast gildi 11. maí 1994 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 475, 15. nóvember 1993.

Iðnaðarráðuneytið, 18. maí 1994.

F. h. r.
Árni Þ. Árnason.

Steinunn Bjarman.

REGLUGERÐ

fyrir Veitustofnanir Hveragerðis.

1. KAFLI
ALMENNT

1. gr.

Skilgreining.

Veitustofnanir Hveragerðis, skammstafað VSH, eru fyrirtæki sem Hveragerðisbær á og starfrækir.

2. gr.

Tilgangur.

Tilgangur VSH er að annast á orkuveitusvæði sínu um öflun, dreifingu og sölu á raforku, heitu vatni og jarðgufu, svo og aðra starfsemi sem því tengist.

3. gr.

Veitusvæði og einkaréttur.

Veitusvæði VSH til dreifingar raforku, heitu vatni og jarðgufu er allt svæðið innan bæjarmarka Hveragerðisbæjar. VSH hafa einkarétt til dreifingar og sölu raforku, heits vatns og jarðgufu á veitusvæði sínu.

2. KAFLI.
STJÓRN OG REKSTUR.

4. gr.

Yfirstjórn.

Bæjarstjórn fer með yfirstjórn VSH en framkvæmdastjórn VSH skal falin stjórn veitustofnana ásamt framkvæmdastjóra.

5. gr.

Veitustjórn.

Veitustjórn skipa fimm menn og fimm til vara sem kosnir eru af bæjarstjórn. Kjörtímabil veitustjórnar er 4 ár og líkur samtímis kjörtímabili bæjarstjórnar. Bæjarstjórn velur formann en stjórnin skiptir að öðru leyti með sér verkum.

Geti stjórnarmaður ekki sótt fund skal hann að jafnaði boða varamann sinn, eða hlutast til um að varamaður verði boðaður.

6. gr.

Ákvörðunartaka.

Stjórn er ákvörðunarbær þegar meirihluti hennar sækir fund. Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn eða varamenn þeirra, hafi átt þess kost að fjalla um málið. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum.

7. gr.

Verksvið stjórnar.

Hlutverk stjórnar er:

a) Að hafa eftirlit með því að skipulag og starfsemi VSH sé jafnan í réttu og góðu horfi.
b) Að semja framkvæmda- og fjárhagsáætlanir og leggja fyrir bæjarstjórn.

c) Að semja árlega drög að þriggja ára áætlun, um rekstur, framkvæmdir og fjármál veitna fyrir bæjarstjórn.
d) Að semja gjaldskrá fyrir VSH og leggja hana fyrir bæjarstjórn.
e) Að ákveða framkvæmdir á orkuveitusvæði VSH í samræmi við samþykktir bæjarstjórnar og ákvæði sveitarstjórnarlaga.
f) Að undirbúa samninga um orkukaup og orkusölu.
g) Að gefa bæjarstjórn þær skýrslur sem hún óskar eftir.
h) Að semja nánari reglur um einstök framkvæmdaratriði þessarar reglugerðar eftir því sem þörf er á og leggja þær fyrir bæjarstjórn til samþykktar.

8. gr.

Framkvæmdastjóri.

Bæjarstjórn ræður framkvæmdastjóra VSH að fengnum tillögum stjórnar og setur honum erindisbréf.

Framkvæmdastjóri skal m.a.:

a) Annast allan daglegan rekstur í samræmi við stefnu og fyrirmæli sem stjórnin setur fram.
b) Sitja fundi stjórnar og hafa þar málfrelsi og tillögurétt.
c) Gera tillögur til stjórnar um lausn verkefna skv. 7. gr.
d) Undirbúa fundi í samráði við formann stjórnar. Hann skal boða til fundar með skriflegu fundarboði ásamt dagskrá a.m.k. tveimur sólarhringum fyrir fund.

9. gr.

Starfsmannahald.

VSH og Hveragerðisbær hafa sameiginlegt skrifstofu- og starfsmannahald skv. sérstökum samningi.

10. gr.

Reikningshald.

VSH skulu hafa sjálfstæðan fjárhag og aðgreint reikningshald. Reikningsár VSH er almanaksárið og skulu endurskoðaðir reikningar þeirra fylgja reikningum bæjarfélagsins.

Tekjum VSH skal fyrst og fremst varið til að standa straum af nauðsynlegum rekstrarkostnaði og fjárfestingum þannig að öruggur rekstur VSH sé tryggður, þar með talin greiðsla afborgana og vaxta af skuldum þeirra. Ráðstöfun hagnaðar eða jöfnun taps skal ákveðin af bæjarstjórn að fengnum tillögum stjórnar.

3. KAFLI.

GJALDSKRÁ OG INNHEIMTA.

11. gr.

Gjaldskrá.

a) Almennt.

Í gjaldskrá skal kveðið á um verð fyrir raforku, heitt vatn, jarðgufu, heimtaugar/heimæðar, um gjalddaga, eindaga og innheimtu gjalda, viðurlög við vanskilum og annað sem kemur gjaldtökunni við. Skal gjaldskrá við það miðuð að eðlilegur afrakstur fáist af því fjármagni sem á hverjum tíma er bundið í rekstri fyrirtækisins. Skal fyrirtækinu þannig vera kleift með eigin fjármagni og hæfilegum lántökum að tryggja viðskiptavinum sínum næga orku á hagkvæmasta verði.

Gjaldskrá sem hlotið hefur samþykki bæjarstjórnar skal lögð fyrir iðnaðarráðuneytið, til staðfestingar og skal hún birt í B- deild Stjórnartíðinda.

Viðskiptavinir VSH skulu greiða VSH orkukaupin samkvæmt gildandi gjaldskrá á hverjum tíma. Við verðbreytingar skal reikningsfæra notkun í beinu hlutfalli við gildistíma hverrar gjaldskrár á því tímabili sem reikningurinn tekur til.

b) Áætlun, álestur og uppgjör raforku.

VSH mega grundvalla raforkureikninga á áætlun um raforkunotkun notanda og innheimta reglulega samkvæmt slíkri áætlun þar sem orkunotkuninni er jafnað niður á daga. Reikningar, sem byggjast á sannreyndri orkunotkun, nefnast álestrarreikningar en reikningar, sem byggjast á áætlaðri raforkunotkun, nefnast áætlunarreikningar.

Raunverulega raforkunotkun skal sannreyna eigi sjaldnar en á u.þ.b. 12 mánaða fresti. Þegar raforkunotkun hefur verið sannreynd skal hún reikningsfærð og gerð upp fyrir tímabilið á milli álestra.

Sérhverjum viðskiptavini VSH er heimilt að skila inn á skrifstofu VSH eigin álestri á því tímabili sem áætlun um raforkunotkun er viðhöfð. Skal hann greiða samkvæmt þeim álestri. Viðskiptavinur VSH getur, gegn greiðslu aukagjalds, krafist aukaálesturs og uppgjörs miðað við sannreynda notkun. Ennfremur getur hann óskað eftir breytingu á áætlun um notkun vegna nýrra forsendna.

c) Áætlun, álestur og uppgjör fyrir heitt vatn og jarðgufu.

Vegna vandkvæða við að mæla orkuinnihald þess heita vatns og jarðgufu, sem VSH láta notendum sínum í té til hitunar, er VSH heimilt, meðan viðunandi aðferðir til slíkra mælinga hafa ekki verið þróaðar, að innheimta gjald fyrir heitt vatn og jarðgufu í réttu hlutfalli við flatarmál samþykkts húsnæðis, sem áformað er að hita með þeim hætti að uppfylltum þeim skilyrðum sem að neðan greinir.

Fyrir þetta gjald láta VSH notanda í té heitt vatn eða blöndu af vatni og jarðgufu, sem nægir til að mæta aflþörf til hitunar húsrýmis sem hér segir:

Fyrir íbúðar-, þjónustu-, verslunar-, og iðnaðarhúsnæði	75 W/m^2
Fyrir gróðurhús	220 W/m^2

Óski notandi eftir meira afli en að ofan greinir láta VSH honum það í té ef það er unnt án umtalsverðs viðbótarkostnaðar fyrir þær. VSH er þá heimilt að krefja notanda um gjald sem er hlutfallslega hærra en samkvæmt gjaldskrá hverju sinni sem nemur afli því er hann óskar eftir í hlutfalli við ofangreindar afltölur. Leiði slíkt umframafl til umtalsverðs aukakostnaðar fyrir VSH er þeim heimilt að synja um það nema notandi greiði sjálfur aukakostnaðinn. Kjósi hann að gera það greiðir hann hlutfallslega hærra fermetragjald eins og að ofan greinir.

Ofangreindar afltölur miðast við að 3,3 m^3 brúttó komi á hvern m^2 gólffflatar. Sýni notandi VSH fram á það, svo óyggjandi sé, að annar rúmmetrafjöldi komi á hvern fermetra hjá honum skal leiðrétta fermetragjaldið samkvæmt gjaldskrá hverju sinni í réttu hlutfalli við þann rúmmetrafjölda í hlutfalli við 3,3. Skylda VSH til að sjá notanda fyrir afli til hitunar breytist í sama hlutfalli frá ofangreindum afltölum eða þeim hærri afltölum sem notandi kann að hafa samið um við VSH.

d) Reikningar, gjalddagi og vextir.

Orkureikninga skal senda út reglulega og eigi sjaldnar en á tveggja mánaða fresti. Þeir skulu sendir orkukaupanda á notkunarstað eða á annan stað sem hann tiltekur.

Gjalddagi er við útgáfu reiknings. Eindagi er samkvæmt ákvæðum í gjaldskrá hverju sinni.

Inneignarvextir skulu greiddir ef notkun orkukaupanda reynist minni en áætlað var. Skulu þeir greiddir fyrir reikningstímabil sem tilgreint er á reikningi. Vanskilavextir (dráttarvextir) skulu innheimtir vegna skuldar orkukaupanda; skulu þeir reiknaðir frá eindaga sem tilgreindur er á reikningi.

12. gr.

Stöðvun orkuafhendingar.

a) Lokunaraðvörun.

Sé orkureikningur ekki greiddur á eindaga, eða ef notandi vanefnir skyldur sínar samkvæmt reglugerð þessari eða skriflegum samningi um orkukaup, mega VSH stöðva orkuafhendingu til notanda að undangenginni skriflegri aðvörun sem sendist honum með minnst 5 daga fyrirvara.

b) Innheimtuaðgerðir.

Vanskil á greiðslu áætlunarreikninga heimila VSH sömu aðgerðir til innheimtu og stöðvunar orkuafhendingar og vanskil á álestrarreikningum. VSH bera ekki ábyrgð á hugsanlegum afleiðingum slíkrar stöðvunar.

Beri kaupandi ábyrgð á orkukaupum um fleiri en eina veitu (mæli) má stöðva orkuafhendingu um hverja þeirra sem er, eða allar, vegna vanskila eða vanefnda í sambandi við eina þeirra. Ekki má þó loka fyrir rafveitu vegna vanskila við hitaveitu og öfugt.

c) Greiðsluskylda á lokunartíma.

Stöðvun orkuafhendingar vegna vanskila hefur engin áhrif á greiðsluskyldu notanda á skuldum við VSH né heldur greiðsluskyldu á fastagjaldi, aflgjaldi og tækjaleigu á lokunartíma.

VSH hafa rétt til þess að krefja notanda um greiðslu kostnaðar við undirbúning að stöðvun orkuafhendingar (lokun), ennfremur við framkvæmd lokunar, svo og opnun veitunnar.

d) Stöðvun orkuafhendingar.

VSH mega stöðva orkuafhendingu með hverjum þeim hætti sem henta þykir. VSH er ekki skylt að tilkynna notanda um sjálfa stöðvun orkuafhendingarinnar enda séu ekki liðnar meira en þrjár vikur frá viðvörun um hana.

e) Opnun lokaðrar húsveitu.

Verði lokað fyrir húsveitu vegna skulda, skal að jafnaði ekki opnað aftur, nema skuldin sé að fullu greidd og/eða trygging sett fyrir skilvísri greiðslu.

f) Óleyfileg tenging húsveitu.

Enginn má rjúfa straum né endurtengja húsveitu nema þeir sem VSH hafa veitt til þess umboð hverju sinni. Óleyfilega tengda veitu mega VSH rjúfa fyrirvaralaust.

4. KAFLI
ALMENN ÁKVÆÐI UM TENGINGU HÚSVEITNA.

13. gr.

Eigandi/notandi húsveitu.

Húsveita er sjálfstæð veita sem tengd er við veitukerfi VSH. Eigandi húsveitu, sem tengist veitukerfi VSH, nefnist húseigandi. Kaupandi raforku, heits vatns eða jarðgufu, eða sá sem ber ábyrgð á greiðslu hennar, nefnist notandi.

14. gr.

Umsókn um heimtaug/heimæð.

a) Heimtaug/heimæð.

Heimtaug er rafmagnsstrengur, sem liggur frá götuskáp eða frá múffutengingu að mælitæki húsveitu. Heimæð er heitavatnslögn eða jarðgufulögn, sem liggur frá dreifikerfi VSH að aðeins einu inntaki.

b) Skuldbinding húseiganda.

Umsókn um heimtaug/heimæð eða breytingu á þeim skal undirrituð af húseiganda er skuldbindur sig til þess, með undirskrift sinni, að greiða tilskilin gjöld sem ákveðin eru í gjaldskrá VSH og að hlíta settum reglum um kaup á orku frá VSH. VSH geta krafist þess að skrifleg greinargerð, byggð á tækniþekkingu, sé lögð fram varðandi áætlun um afl- og orkunotkun.

Húseiganda ber að leggja, á minnst 50 sm dýpi, ídráttarrör frá lóðarmörkum að inntakstað heimtaugar samkvæmt samþykktri afstöðumynd. Til að unnt verði að ganga frá tengingu heimtaugar skal skilja eftir holu við lóðarmörk. Við ákvörðun heimtaugargjalds skal gera ráð fyrir að ídráttarrör sé fyrir hendi.

c) Óvenjulegar aðstæður.

Sé um óskipulagt svæði að ræða, eða aðstæður óvenjulegar að því er varðar fjarlægð húsveitu frá veitukerfi eða fyrirhugaða orkunotkun húsveitunnar, skal heimtaugar-/heimæðargjald ákveðið samkvæmt sérstökum samningi hverju sinni þar sem hliðsjón er höfð af stofnkostnaði við framkvæmdir.

d) Lágmarksgjald.

VSH er heimilt að krefjast lágmarksgjalds (fastagjalds), sé lokað fyrir húsveitu um lengri eða skemmri tíma.

e) Frosin jörð.

Heimilt er að krefja húseiganda um greiðslu aukakostnaðar vegna lagningar heimtaugar/heimæðar að ósk hans í frosna jörð.

15. gr.

Mælitæki.

a) Uppsetning mælitækja.

VSH setja upp nauðsynleg mælitæki og ákveða fjölda þeirra, tegund og staðsetningu. Mælitækin má ekki flytja án samþykkis VSH. VSH geta krafist flutnings þeirra ef það þykir hentugra að mati framkvæmdastjóra.

b) Notandi.

Notandi mælitækis er sá sem skráður er fyrir orkunotkun þeirrar veitu sem mælitækið er sett við. Notandi mælitækis skal bera ábyrgð á mælitækjum og orkunotkun þar til hann lætur af notkun veitunnar og tilkynnir VSH um það.

Ef um sameiginlega orkunotkun er að ræða, t.d. hjá húsfélagi, má ekki breyta skráðum notanda nema allir sem að notkuninni standa samþykki það skriflega.

c) Notendaskipti.

Hætti skráður notandi notkun skal hann tilkynna það til VSH, sem annast lokaálestur. Hafi eigi annar notandi sótt um að fá mælitækið skráð á sitt nafn skal loka því og eigi

skal hefja orkusölu um tækið á ný fyrr en nafn og kennitala nýs notanda hefur verið tilkynnt.

d) Ábyrgð húseiganda við notendaskipti.

Húseigandi og orkunotandi eru samábyrgir fyrir tilkynningu til VSH um notendaskipti. Vanræki þeir tilkynningarskyldu sína bera þeir báðir ábyrgð á ógreiddri orkunotkun þess aðila er áður var notandi viðkomandi veitu.

e) Viðhald.

VSH annast venjulegt viðhald mælitækjanna á sinn kostnað en verði mælitæki fyrir óvenjulegu hnjaski eða skemmdum er heimilt að skylda notanda til að greiða kostnað við viðhald og endurnýjun þess.

f) Mælaleiga.

Notandi greiðir leigu fyrir afnot mælitækja skv. gjaldskrá VSH á hverjum tíma.

g) Prófun mælitækis.

Óski notandi að mælitæki verði prófað skal beiðni um það vera skrifleg. Reynist skekkja +/– 5% eða minni er heimilt að gera notanda að greiða kostnað við prófun.

VSH hafa heimild til þess að láta prófa mælitæki ef líkur benda til mæliskekkju.

h) Greiðsla/endurgreiðsla vegna mæliskekkju.

Ef fram kemur við prófun, sem VSH framkvæma, að mælitækið hafi mælt 5 % of lítið eða þaðan af minna skal notandi greiða það sem vanmælt var.

Hafi mælitæki mælt 5 % of mikið eða þaðan af meira skal endurgreiða notandanum mismuninn með frádrætti á næsta orkureikningi eða í reiðufé.

VSH geta ekki krafist viðbótargreiðslu vegna mæliskekkju fyrir lengra tímabil en 1 ár, og sama gildir um kröfu notanda til endurgreiðslu.

Við endurreiknun orkunotkunar skal taka tillit til fyrri notkunar viðkomandi aðila og annarra aðstæðna sem gefið gætu vísbendingu um það hvenær mælitækið bilaði. Eigi skal reikna vexti af umfram- eða vangreiðslum sem að framan greinir.

i) Véfenging á niðurstöðum prófunar.

Ef notandi véfengir niðurstöður prófunar á mælitæki skal leita úrskurðar viðurkenndra úrskurðaraðila og er hann bindandi fyrir báða aðila.

j) Notkun vegna galla á veitu.

Þótt orkunotkun verði rakin til galla á húsveitu eða tækjum notanda, er VSH ekki skylt að áætla frádrátt á reikningum notanda af þeim sökum.

k) Leiðrétting á reikningsfjárhæð.

Ef álestur eða útreikningur á reikningsfjárhæð hefur verið skakkur skal leiðrétta þessa skekkju undir eins og vitað er um hana allt að fjögur ár aftur í tímann.

l) Óleyfileg notkun.

Verði uppvíst að rafmagn/heitt vatn sé notað á annan hátt en um er samið eða að raskað hafi verið mælitækjum eða breytt tengingum, þannig að öll notkun komi ekki fram, skulu VSH áætla þá notkun sem fram hefur farið óleyfilega og skal notandi greiða fyrir hana eftir gildandi gjaldskrá fyrir allan tímann sem liðinn er frá síðustu skoðun veitunnar og þar til leiðrétt er.

Ef ekki liggja fyrir sérstakar upplýsingar um líklega notkun á veitunni má við matið hafa hliðsjón af stærð á mæli- eða varbúnaði þeim sem fyrir veitunni er.

16. gr.

Innsigli.

a) Innsiglun mælitækja, o.fl.

Starfsmenn VSH hafa heimild til að innsigla mælitæki, sem orkukaup eru gerð um, svo sem kWh-mæla, straumspenna, magnmæla, bakrennslisloka, hemla, framhjáhlaup bakrennslis o.þ.h. Einnig mega starfsmenn VSH innsigla hluta húsveitu sem ómæld orka fer um. Þessi innsigli mega engir aðrir rjúfa en starfsmenn VSH. Önnur innsigli VSH mega faglega ábyrgir aðilar rjúfa að fengnu leyfi VSH hverju sinni.

Ef skjótra aðgerða er þörf vegna hættuástands er heimilt að rjúfa innsigli en þá skal viðkomandi eigi síðar en næsta virkan dag á eftir tilkynna VSH skriflega um málsatvik.

Veiti notandi eða faglega ábyrgur aðili því athygli að innsigli sé rofið eða vanti er hann skyldur að tilkynna VSH slíkt án tafar.

b) Óleyfilegar tengingar.

Verði settar óleyfilegar tengingar eða gerðar breytingar á húsveitu eða sýnt hirðuleysi í meðferð eða viðhaldi húsveitu og tækja, skal farið með það sem galla á húsveitu og heimilt að gera eiganda að greiða þann kostnað sem aukið eftirlit með húsveitunni hefur í för með sér. Framkvæmdastjóri getur látið taka húsveitu eða tæki úr sambandi, meðan galli er á henni eða tækjunum, þar til bætt hefur verið úr.

17. gr.

Eftirlit.

a) Aðgangsréttur VSH.

Starfsmenn VSH eiga rétt til þess að hafa óhindraðan aðgang til skoðunar á húsveitum, jafnt fullgerðum sem ófullgerðum, hvort sem er:

1. til athugunar á öryggi þeirra, þ.m.t neyslutæki
2. til athugunar á bakrennslisgrindum, mælitækjum og því hvort öll notkun komi rétt til mælis samkvæmt gjaldskrá
3. til álestrar á mælitæki
4. til lokunar vegna vanskila og til annarra þeirra aðgerða sem nauðsynlegar eru samkvæmt réttindum og skyldum VSH.

b) Tengiskilyrði.

Setja má í sérstakri reglugerð staðfestri af ráðherra sérákvæði um nánari tæknileg tengiskilyrði.

5. KAFLI.

TENGING HÚSVEITNA VIÐ DREIFIKERFI RAFVEITU.

18. gr.

Rafverktakaleyfi.

a) Öflun leyfis.

Framkvæmdastjóri eða rafverktakaleyfisnefnd veitir þeim rafverktakaleyfi sem fullnægja skilyrðum og skilmálum rafverktakaleyfisnefndar og gildandi sérskilmálum VSH.

b) Heimild til vinnu við raforkuvirki.

Skylt er að láta löggilta rafverktaka skv. auglýsingu nr. 441/1988 og/eða VSH, ef þær taka slík verk að sér, framkvæma vinnu við raflagnir og raftæki, hvort heldur um er að

ræða nýjar raflagnir, breytingar eða viðgerðir á raflögnum eða raftækjum sem tengjast eiga eða tengd eru við húsveituna. Aðrir mega ekki taka ábyrgð á né vinna nokkurt slíkt verk.

c) Upplýsingaskylda.

Löggiltir rafverktakar eru skyldir til að veita VSH upplýsingar um húsveitur og raftæki sem þeir vinna við og bera ábyrgð á.

19. gr.

Úttekt.

a) Úttekt og skoðun.

VSH annast úttekt og skoðun á raflögnum skv. reglugerð Rafmagnseftirlits ríkisins um raforkuvirki, svo og skv. beiðni eða að eigin frumkvæði. VSH geta gert eiganda veitu að greiða kostnað þeirra verka, sem VSH inna af hendi við úttekt raflagna, skoðunar-aðgerðir og annað eftirlitsstarf sitt.

b) Spennusetning.

Engir aðrir en umboðsmenn VSH mega setja spennu á húsveitu eða hluta af húsveitu í fyrsta sinn eftir úttekt. Verði út af þessu brugðið varðar það þann sektum sem verkið er unnið fyrir, þann sem setur spennu á húsveituna og hinn löggilta rafverktaka er um verkið sá.

c) Ábyrgð.

VSH taka ekki á sig ábyrgð á húsveitu með úttekt eða tengingum.

20. gr.

Húsveitur.

a) Kröfur til húsveitna.

Sérhver húsveita að meðtöldum neyslutækjum skal fullnægja kröfum þeim sem settar eru í reglugerð Rafmagnseftirlits ríkisins og byggingarreglugerð. Þær húsveitur teljast óleyfilegar, sem ekki fullnægja þessum kröfum. Efni í húsveitu eða tæki skal vera viðurkennt af sömu aðilum. Telji stjórn VSH nauðsynlegt að útbúnar séu sértakar tæknireglur fyrir VSH þá skulu þær hljóta staðfestingu iðnaðarráðuneytisins áður en þær taka gildi.

b) Stofntaugar.

Húseiganda er skylt að sjá um að stofntaugar í húsveitu hans séu ávallt nægilega gildar fyrir notkun veitunnar.

c) Kostnaður vegna aukningar veitukerfis.

Verði um mikla aukningu á orku- og/eða aflnotkun húsveitu að ræða og VSH þurfa, til þess að fullnægja henni sérstaklega, að leggja nýja háspennustrengi og/eða auka afl spennistöðvar um þriðjung eða meira er framkvæmdastjóra heimilt að gera umsækjanda að taka þátt í þeim kostnaði að hluta eða að öllu leyti enda skulu VSH og umsækjandi gera með sér samning þar um áður en framkvæmdir hefjast.

d) Eigandi heimtaugar.

Heimtaugar með stofnvari eru eign VSH, enda þótt heimtaugargjald hafi verið greitt, nema um annað hafi sérstaklega verið samið.

e) Breyting á heimtaug.

VSH annast viðhald og endurnýjun heimtauga sinna án sérstaks endurgjalds nema heimtaug þurfi að breyta vegna breytinga á húsi eða lóð, þá skal húseigandi greiða kostnaðinn við þá breytingu. Ef loftlínuheimtaug er breytt í jarðstrengsheimtaug skal húseigandi greiða kostnaðarmun sem ákveðinn er í gjaldskrá.

f) Vélar og tæki.

Vélar og önnur tæki skulu vera þannig uppsett og útbúin að þau valdi ekki truflun á raforkunotkun annarra. Misbrest á þessu eða aðra galla á húsveitu eða tækjum skal húseigandi/notandi þegar í stað og á sinn kostnað, láta löggiltan rafverktaka lagfæra. Komi í ljós við skoðun húsveitu, af hálfu VSH, Rafmagnseftirliti ríkisins eða löggiltum rafverktaka, að galli sé á veitu eða tækjum, er eigandi veitunnar eða tækjanna skyldur til þess að láta, á sinn kostnað, löggiltan rafverktaka gera við slíkt.

6. KAFLI
TENGING HÚSVEITNA VIÐ DREIFIKERFI HITAVEITU.

21. gr.
Umsóknir og áhleyping.

a) Ástand og dreifing hitaveituvatnsins.

VSH dreifa hitaorku með tvennum hætti til viðskiptavina sinna. Annars vegar dreifa VSH heitu vatni með hitastigi allt að 90 gráður á celsius. Hins vegar dreifa VSH jarðgufu með hitastigi allt að 175 gráður á celsius. Afstaða húsa gagnvart veitukerfinu ræður því hvort viðkomandi hús tengjast heitavatnsdreifikerfinu eða jarðgufudreifikerfinu.

b) Umsókn um orkukaup.

Áður en hafist er handa um lögn nýrra hitunarkerfa eða breytinga á eldri kerfum skal sækja um orkukaupin eða breytinguna til VSH á þar til gerðum eyðublöðum sem skrifstofa VSH lætur í té.

Umsóknin skal undirrituð af eiganda hússins eða fullgildum umboðsmanni hans ásamt pípulagningarmeistara þeim sem verkið á að annast. Umsókn skulu fylgja teikningar samþykktar af byggingarfulltrúa bæjarins þar sem fram kemur afstaða, grunnmynd og útlit kyndiklefa, kyndiskáps eða kyndibrunns. Staðsetning inntaks skal greinilega mörkuð á uppdrætti.

c) Tenging húsveitu.

Sækja skal um uppsetningu á tengibúnaði til VSH með minnst fjögurra daga fyrirvara. Pípulagningarmeistari skal skila til VSH vottorði um úttekt byggingarfulltrúa á lagnakerfi hússins og sækja um áhleypingu með minnst dags fyrirvara. Engir aðrir en umboðsmenn VSH mega hleypa vatni úr kerfi veitunnar á hitakerfi húsa í fyrsta sinn eftir tengingu.

Verði húsveita tengd veitukerfi VSH í heimildarleysi, geta VSH aftengt húsveituna fyrirvaralaust.

d) Heimæðarlögn og inntak.

VSH er heimilt að leggja heimæð um lóð og húseigandi skal sjá fyrir inntaksstað fyrir hitaveitu við útvegg húss í inntaksklefa, inntaksskáp eða inntaksbrunn þar sem nauðsynlegt rými er fyrir bakrennslisgrind og annað tilheyrandi tengingu við veituna. Þar skal vera niðurfall í gólfi, ljós og góð loftræsting og það húsrými skal vera aðgengilegt starfsmönnum VSH. VSH leggja til og eiga hitaveituinntak ásamt bakrennslisgrind. Frágangur hitaveituinntaks og bakrennslisgrindar skal vera í samræmi við tengimynd gerða af Verkfræðistofu Suðurlands dags. 1. júní 1992.

e) Inntaksop.

Inntaksop í sökkli skal vera minnst 50 sm að hæð og 40 sm að breidd og fjarlægð frá efri brún grunnplötu að opi skal vera 30 sm.

Inntaksop í gólfi við útvegg skal minnst vera 50 sm x 50 sm.

f) Inntaksklefi.

Inntaksklefi skal vera minnst 2,0 m^2 að stærð. Utangengt sé í hann og örugg rakavörn í veggjum og lofti. Ekki má vera innangengt í inntaksklefa úr íbúð eða bílskúr þar sem kynnt er með jarðgufu. Ekki má nota inntaksklefa sem geymslu.

g) Inntaksklefi í bílskúr.

Leyfilegt er að hitaveituinntak sé í bílskúr. Sé bílskúrinn sambyggður íbúð skal inntakið vera í sérstökum inntaksklefa sbr. f. lið þessarar greinar.

h) Inntaksskápur.

Leyfilegt er að hitaveituinntak sé í sérstökum inntaksskáp sem byggður er utan við útvegg húss. Inntaksskápur skal a.m.k. vera 90 sm djúpur, 150 sm breiður og 190 sm hár. Skápurinn má ekki vera niðurgrafinn að neinu leyti. Framhlið inntaksskáps skal vera sem næst öll opnanleg.

i) Inntaksbrunnur.

Leyfilegt er að hitaveituinntak sé í sérstökum inntaksbrunni sem byggður er utan við útvegg húss. Inntaksbrunnur sé a.m.k. 2,3 m^2 að grunnfleti og 180 sm hár að innanmáli. Loft skal vera einangrað og þrep skulu vera niður í brunninn. Mannop skal vera a.m.k. 60 sm á kant eða a.m.k. 70 sm í þvermál. Í inntaksbrunni skal vera ljós og góð loftræsting. Gólfniðurfall skal vera í inntaksbrunni og lagt í grjótpúkk eða á annan viðurkenndan máta.

j) Varmaskiptar.

Vegna útfellinga og hás hitastigs heitavatnsins eða jarðgufunnar er óheimilt að tengja hitaveitu beint við hitakerfi húsa annarra en gróðurhúsa og skal því vera varmaskiptir í hverju húsi. Í sérhverju hitakerfi má aðeins vera einn varmaskiptir sem tengdur er dreifikerfi hitaveitunnar. Aðrir varmaskiptar skulu vera tengdir eins og ofnar á miðstöðvarlögn. Húseigandi á varmaskiptinn sem tengdur er dreifikerfi hitaveitunnar og sér um viðhald á honum. VSH taka hvorki þátt í stofnkostnaði, viðhaldi né endurnýjun varmaskiptis sökum útfellinga, hás hitastigs eða tæringar af völdum efnainnihalds heitavatnsins eða jarðgufunnar.

k) Bakrennsli.

Ætíð skal leggja tvær pípur (önnur til vara), minnst 32 mm að þvermáli, frá varmaskipti út fyrir útvegg að regnvatnslögn úr steini.

l) Vatnslásar við þakrennuniðurföll.

Vatnslásar eða einn sameiginlegur vatnslás skulu vera við öll þakrennuniðurföll vegna hættu á tæringu á þakjárni, þakrennum og þakniðurföllum sökum efnainnihalds heitavatnsins eða jarðgufunnar. VSH bera ekki ábyrgð á slíkri tæringu.

22. gr.

Teikningar.

Teikningar skulu uppfylla almennar reglur um hönnun heitavatnslagna, lofthitunarkerfa og loftræstikerfa, reglur byggingarsamþykktar og byggingarskilmála. Þær skulu gerðar af sérmenntuðum verkfræðingi, tæknifræðingi, pípulagningarmeistara eða öðrum þeim sem hlotið hefur löggildingu til slíkra starfa, og ber hann ábyrgð á því að uppdráttur sé réttur og í samræmi við reglur þessar, sérteikningar VSH, svo og aðrar reglur og lög sem gilda um byggingarmál.

Bæjarstjórn getur falið VSH umsjón og eftirlit allra mála sem snerta hitalagnir.

23. gr.

Eftirlit.

VSH skulu hafa aðgang að pípulögnum bæði innanhúss og utan. Húseiganda/kaupanda er skylt að láta í té upplýsingar um hitun hússins og heitt kranavatn sé þess óskað.

Komi í ljós að verk sé eigi framkvæmt samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar, reglugerð um hitalagnir, eða öðrum reglum er settar kunna að verða, geta VSH stöðvað verkið þar til úr því verður bætt.

Pípulagningameistari skal annast prófun hitalagna og vera viðstaddur þegar vatni er hleypt á hitakerfið.

24. gr.

Skuldbindingar húseiganda.

Húseigandi/kaupandi ber ábyrgð á meðferð búnaðar og lagna innanhúss sem eru í eigu VSH.

Húseiganda/kaupanda ber að tilkynna tafarlaust til VSH ef vart verður bilunar á búnaði og tækjum þeirra.

Húseigandi/kaupandi greiðir kostnað við viðgerð eða endurnýjun búnaðar í eigu VSH, sem verður fyrir skemmdum af völdum notanda.

7. KAFLI.

SKILMÁLAR FYRIR RAFORKUSÖLU.

25. gr.

Tímabil sölusamnings.

Upphaf og lok samnings um orkukaup eru við skráningu tilkynningar þess efnis hjá VSH.

26. gr.

Umsókn um tengingu.

Skilyrði raforkusölu er að samþykkt hafi verið umsókn um tengingu viðkomandi húsveitu við rafveitukerfi VSH.

27. gr.

Raforkusala.

a) Skilmálar um raforkusölu.

VSH selja raforku á orkuveitusvæði sínu, með þeim skilmálum sem ákveðnir eru í reglugerð þessari, sérreglum um raforkuvirki á orkuveitusvæði þeirra og gjaldskrá á hverjum tíma.

b) Umsókn um raforkukaup.

VSH geta krafist þess að hver sem óskar að gerast notandi raforku sæki um það skriflega og geri nákvæma grein fyrir afl- og orkunotkun og til hverra nota raforkan sé ætluð.

c) Takmörkuð flutningsgeta.

Á þeim stöðum í veitukerfinu þar sem flutningsgeta þess leyfir ekki umbeðið afl án sérstakra ráðstafana, ákveður framkvæmdastjóri nánari skilmála t.d. á hvaða tímum sólarhringsins nota megi umbeðið afl.

d) Takmörkun sölu vegna rafhitunar.

VSH geta takmarkað sölu samkvæmt sérstökum töxtum vegna rafhitunar.

e) Sérstök spennistöð.

Telji VSH nauðsynlegt að komið verði fyrir spennistöð á lóð í því skyni að umbeðin raforkusala geti farið þar fram, skal VSH látinn í té lóðarflötur eða húsnæði fyrir spennistöð og lóðarflötur eða aðstaða fyrir jarðstrengi, tengiskápa, stólpa og festur fyrir loftlínur, án endurgjalds. Um þetta verði gerður sérstakur samningur milli VSH og lóðarhafa.

VSH er heimilt að láta öðrum notendum í té raforku frá spennistöðinni. Kvöð um uppsetningu og rekstur hennar og annarra raforkuvirkja, má þinglýsa á viðkomandi fasteign.

f) Spennubreyting.

Óski VSH eftir spennubreytingu á húsveitu er húseiganda skylt að hlíta því. Stjórn VSH ásamt framkvæmdastjóra setja nánari reglur um framkvæmd.

Húseigendur bera kostnað af spennubreytingu húsveitu sem þeir sjálfir hafa óskað eftir og VSH samþykkt, nema sérstakt samkomulag náist um skiptingu kostnaðar.

g) Endursala á raforku.

Endursala til annarra á raforku, sem keypt er af VSH, er óheimil án leyfis VSH.

28. gr.

Rekstrartruflanir.

a) Almennt.

Stöðvun á rekstri, eða truflanir vegna bilunar eða takmarkana á raforkuvinnslu hefur ekki í för með sér neina skaðabótaskyldu á hendur VSH en koma skal á reglulegum rekstri aftur eins fljótt og auðið er. Notendur eiga ekki rétt til endurgreiðslu þótt stöðvun verði vegna bilana eða annarra óviðráðanlegra atvika um langan eða skamman tíma, sbr. þó síðustu málsgrein c) liðar þessarar greinar.

VSH bera ekki ábyrgð á spennubreytingum undir slíkum kringumstæðum né afleiðingum af þeim né heldur bruna eða slysum sem verða kunna af völdum rafmagns frá veitum rafmagnsnotanda.

b) Réttur til rofs.

VSH áskilja sér rétt til þess að taka rafmagn af veitu vegna viðgerða og viðhalds eða eftirlits þegar þörf gerist.

Meðan verið er að leggja heimtaugar er VSH heimilt að taka rafmagn af því svæði sem nauðsynlegt er til þess að framkvæma tengingar.

c) Takmörkun á orkuafhendingu.

Komi það fyrir að takmarka þurfi notkun á rafmagni um langan eða skamman tíma ákveða VSH hvernig takmörkun skuli hagað.

Stöðvun á rekstri skal tilkynna fyrirfram, ef unnt er, en þó eiga notendur enga skaðabótakröfu á hendur VSH þótt straumur hafi rofnað fyrirvaralaust.

Notendur, sem greiða aflgjald skv. taxta B.1 í gjaldskrá, eiga rétt á að fá sem svarar 1/300 hluta aflgjaldsins endurgreiddan fyrir hvern heilan dag er þeir missa raforkuna vegna stöðvunar eða truflana á rekstri, þó eigi fyrir skemmri tíma en tvo sólarhringa. Þetta gildir ekki varðandi lokun vegna vanskila.

29. gr.

Samningsbundinn taxti.

Sérhver rafmagnsnotkun er rafmagnsnotandi byrjar á samkvæmt tilteknum taxta VSH er bindandi fyrir hann í að minnsta kosti 1 ár. Þó getur framkvæmdastjóri leyst notanda undan þessari skuldbindingu.

Verði breyting á notkun, þannig að hún falli undir annan taxta, skal umsókn um það send VSH með eins mánaðar fyrirvara.

VSH áskilja sér rétt til að segja upp sölu eftir tilteknum taxta með eins mánaðar fyrirvara ef í ljós kemur að notkunin á að falla undir annan taxta.

8. KAFLI.
SKILMÁLAR FYRIR SÖLU Á HEITU VATNI OG JARÐGUFU.

30. gr.

Tímabil sölusamnings.

Upphaf og lok samningstíma um kaup á heitu vatni eða jarðgufu eru við skráningu tilkynningar þess efnis hjá VSH.

31. gr.

Umsókn um tengingu.

Skilyrði fyrir sölu á heitu vatni eða jarðgufu er að samþykkt hafi verið umsókn um tengingu viðeigandi húsveitu við veitukerfi VSH.

32. gr.

Rekstrartruflanir.

VSH bera ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni, sem leiða kann af rekstrartruflunum er verða vegna frosta, rafmagnstruflana, náttúruhamfara eða annarra óviðráðanlegra atvika. Sama gildir ef rennsli í vatnsæð er stöðvað um stundarsakir vegna viðgerða eða annarra nauðsynlegra framkvæmda veitnanna.

Þurfi að takmarka notkun hitaorku um lengri eða skemmri tíma ákveða VSH hvar og hvernig hún skuli takmörkuð. Takmörkunin hefur ekki áhrif á greiðslu fastagjalds (fasts aflgjalds eða mælagjalds).

Stöðvun á rekstri veitunnar eða hluta hennar vegna viðhalds eða tenginga skal tilkynna fyrirfram ef unnt er og koma á eðlilegum rekstri aftur svo fljótt sem verða má.

33. gr.

Mæling.

a) Mælar.

VSH ákveða stærð og gerð mæla sem notaðir eru í mælagrind, hvort sem um er að ræða nýja mælagrind eða við endurnýjun búnaðar í mælagrind.

b) Takmörkun afhendingar.

Kaupendur sem hafa hemil eiga ekki rétt á endurgreiðslu á föstu aflgjaldi þótt þeir hafi ekki getað náð því afli, sem fasta greiðslan er miðuð við, en VSH er skylt að leiðrétta skekkju hemilsins svo fljótt sem við verður komið.

VSH er ekki skylt að greiða bætur vegna takmörkunar á afhendingu varmaorku og/eða lækkunar á hitastigi.

34. gr.

Sérstakir sölusamningar.

VSH er heimilt að semja sérstaklega um sölu á heitu vatni utan almennra söluskilmála. Slíkir samningar skulu háðir samþykki bæjarstjórnar Hveragerðis.

35. gr.

Bakrennsli.

a) Hitastig bakrennslis.

Hitaveituvatn sem runnið hefur í gegn um varmaskipti húss eða hitunarkerfi gróðurhúss má ekki vera heitara en 45 gráður á celsíus.

b) Bakrennslislokar.

VSH leggja til bakrennslisloka á bakrennsli hitaveitunnar. Lokanum er ætlað að tryggja þá varmanýtingu sem krafist er í a) lið þessarar greinar. Lokinn skal vera staðsettur við varmaskipti. Húseigandi skal sjá um að lögn aftan við lokann sé þannig gerð að vatn standi ætíð að lokanum. Starfsmenn VSH innsigla lokann í ákveðinni stillingu og mega engir aðrir en starfsmenn VSH breyta stillingu lokans.

c) Framhjáhlaup í bakrennslisgrind gróðurhúsa.

Í bakrennslisgrind hitaveitunnar í gróðurhúsum, sem VSH leggja til og eiga, er framhjáhlaup, sem er innsiglað af starfsmönnum VSH. Ef skjótra aðgerða er þörf má rjúfa innsiglið og opna fyrir framhjáhlaupið sbr. a) lið, aðra málsgrein 16. greinar.

d) Nýting bakrennslis.

Hitaveituvatn sem runnið hefur í gegnum hitunarkerfi húss (bakrennsli) er eign VSH. Stjórn VSH getur heimilað notkun þess með sérstökum reglum þar um s.s. til upphitunar í gróðurhúsum, heitum pottum og öðrum þeim stöðum, sem ekki þurfa ákveðið hitastig. Frágangur lagna og búnaðar vegna slíkrar notkunar skal vera samkvæmt fyrirmælum VSH. VSH geta afturkallað slík leyfi.

e) Óheimil tenging.

Óheimilt er að tengja vatnsdælur, varmadælur og/eða annan slíkan búnað við bakrennslið, nema að áður fengnu samþykki VSH.

36. gr.

Upplýsingaskylda og ábyrgð.

Hitaorkunni er miðlað í formi heits vatns og jarðgufu. VSH skulu gefa kaupendum og húseigendum upplýsingar um þrýsting, hitastig og önnur tæknileg atriði, sé þess óskað.

Óviðráðanlegar breytingar á þrýstingi, hitastigi eða magni orkumiðilsins eru án ábyrgðar VSH. Um breytingar sem stafa af öðrum ástæðum, skulu VSH tilkynna notendum með hæfilegum fyrirvara.

37. gr.

Óheimil endursala.

Kaupendum er óheimil endursala hitaorkunnar án samþykkis VSH.

38. gr.

Lagnir veitukerfis.

VSH láta leggja og eiga allar lagnir veitukerfisins að meðtöldum heimæðum inn fyrir húsveggi ásamt inntakslokum, inntakssíum og „únionum“ við inntakssíur. VSH eiga einnig mælagrindur ásamt tilheyrandi búnaði og annast rekstur og viðhald þeirra.

39. gr.

Tenging húsveitu.

VSH annast lagningu eigin veitukerfis og tengingu við húsveitu kaupanda. Við slíka framkvæmd skulu VSH halda raski í lágmarki og ganga þrifalega um. Jafnframt skulu VSH færa allt til fyrra horfs eins og við verður komið.

VSH ákveða staðsetningu mælagrindar og inntaks í samráði við húseiganda. Húseigandi á ekki kröfu um sérstaka greiðslu fyrir óþægindi vegna lagningar veitukerfisins.

40. gr.

Skipting kostnaðar.

VSH kosta lagningu eigin veitukerfis, en húseigandi greiðir stofn- og mælagrindargjald samkvæmt gjaldskrá.

41. gr.

Breytingar.

Húseigandi/notandi skal standa straum af kostnaði við breytingu á húsveitu vegna tengingar við VSH.

Húseigandi/notandi kostar breytingar á heimæðum sem nauðsynlegar eru vegna framkvæmda hans.

Húseigandi skal fyrirfram sækja um leyfi til hverra þeirra framkvæmda, sem kunna að hafa í för með sér röskun á veitukerfi VSH.

42. gr.

Eftirlit.

VSH hafa rétt til aðgangs að húsnæði því, sem veitukerfi þeirra liggur um til viðhalds, eftirlits og breytinga.

Ef inntak hitaveitu (í öðrum húsum en gróðurhúsum) er ekki á sama stað og varmaskiptir og mælagrind, skal lögn þar á milli vera einangruð, óhulin eða í stokk sem auðvelt er að opna.

9. KAFLI.

ÝMIS ÁKVÆÐI.

43. gr.

Fjárnám.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari svo og verðskrá settri skv. henni má innheimta með fjárnámi.

44. gr.

Viðurlög.

Brot á reglugerð þessari varða sektum nema þyngri refsing liggi við að lögum.

45. gr.

Samþykki og staðfesting.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Hveragerðisbæjar, er hér með staðfest samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl

1967 til að öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð fyrir Veitustofnanir Hverageröis nr. 452, 14. desember 1992.

Iðnaðarráðuneytið, 19. maí 1994.

F. h. r.
Árni Þ. Árnason.

Steinunn Bjarman.

Nr. 277 19. maí 1994

GJALDSKRÁ

Veitustofnana Hverageröis.

A-hluti.

1. gr.
Almennt.

Gjaldskrá þessi gildir fyrir veitusvæði Veitustofnana Hverageröis (VSH). Gjaldskráin tekur til afhendingar og sölu rafmagns, heits vatns og jarðgufu sbr. reglugerð fyrir VSH nr. 276/1994.

Gjaldskráin skiptist í tvo hluta:

A-HLUTA sem fjallar um almenna skilmála fyrir afhendingu raforku, heits vatns og jarðgufu á veitusvæði VSH. Í þessum hluta er einnig skilgreining á raforkutöxtum, hitaveitutöxtum, heimtauga- og heimæðagjöldum, mælaleigu, tengigjaldi og innheimtugjaldi auk annarra ákvæða.

B-HLUTA sem sýnir gildandi verð fyrir raforku, heitt vatn eða jarðgufu og önnur gjöld á hverjum tíma.

2. gr.
Raforkugjöld.

2.1 Almenn raforkunotkun

Almennir taxtar skiptast í tvo þætti, orkugjald og fast gjald:

Orkugjald (kr/kWh) greiðist fyrir hverja mælda orkueiningu og er í beinu hlutfalli við orkunotkun.

Fast gjald (kr/ár) felur í sér kostnað óháðan rafmagnsnotkun, m.a. vegna álestra, útgáfu reikninga og mælingar á orku.

Hjá notendum á almennum taxta er að jafnaði lesið á mæla tvisvar sinnum á ári.

A.1 Almenn notkun

Taxti A.1 gildir fyrir alla almenna raforkunotkun.

A.2 Skammtímanotkun

Taxti A.2 gildir fyrir rafmagn til skammtímanotkunar svo sem til mannvirkjageröar.

A.3 Heimilisnotkun

Taxti A.3 gildir fyrir rafmagn til allrar heimilisnotkunar.

2.2 Afl- og orkunotkun

Afltaxtar eru tveir, taxti B.1 fyrir alla almenna orkusölu og taxti B.2 fyrir útilýsingu.

B.1 Afl- og orkumæling

Taxti B.1 gildir fyrir rafmagnsnotkun til meiri háttar vélanotkunar. Orkukaupanda er heimilt að skipta orkunotkun sinni um sömu heimtaug á almennan taxta og afltaxta.

Taxti B.1 skiptist í þrjá þætti, orkugjald, aflgjald og fastgjald.

Orkugjald (kr/kWh) greiðist fyrir hverja mælda orkueiningu.

Aflgjald (kr/kW/ár) greiðist fyrir hverja mælda afleiningu.

Fast gjald (kr/ár) felur í sér kostnað óháðan rafmagnsnotkun, m.a. vegna álestra, útgáfu reikninga og mælingar á afli og orku.

Afl er reiknað á ársgrundvelli og greiðir notandinn fyrir meðaltal fjögurra hæstu afltoppa á árinu. Aflgjald greiðist samkvæmt mælingu miðað við 15 mínútna meðalgildi afls.

Lesið er mánaðarlega á aflmæla. Meðaltal fjögurra hæstu mánaðartoppa er síðan fært sem afltoppur ársins.

Sammæla má raforku til órofinnar iðnaðarhitunar og vélanotkunar.

Notendum, sem greiða fyrir 50 kW afl eða meira er heimilt að kaupa alla raforku sína samkvæmt þessum taxta sé hún öll keypt um sömu heimtaug.

Notandi greiðir mánaðarlega fyrir orkunotkun (kWh) síðasta tímabils (mánaðar) samkvæmt álestri. Jafnframt greiðir hann inn á áætlaðann afltopp ársins (kW). Áætlunin byggist á meðaltali fjögurra hæstu mánaðartoppa, sem mældust á yfirstandandi ári. Reynist meðaltal mældra fjögurra hæstu toppa annað en hinn áætlaði afltoppur þá greiðir notandinn mismuninn sé afltoppurinn hærri en VSH endurgreiða mismunin sé hann lægri.

B.2 Götulýsing

Taxti B.2 gildir fyrir alla götulýsingu. Roftími er breytilegur og fylgir dagsbirtu.

Taxti B.2 skiptist í tvo þætti, aflgjald og viðhaldsgjald:

Aflgjald (kr/kW/ár) er gjald fyrir aflnotkun ljósabúnaðar.

Viðhaldsgjald (kr/kW/ár) greiðist fyrir þá þjónustu sem VSH veita, vegna viðhalds og eftirlits á viðkomandi búnaði.

2.3 Notkun til hitunar

C-taxtar gilda fyrir rofna orkuafhendingu að fráskildum taxta C.1. Sala rafmagns samkvæmt C-töxtum er bundin því skilyrði að veitukerfið þoli álagið að dómi VSH.

Öll tæki og búnaður skulu vera fasttengd. Ekki er heimilt að hafa tengla í húsveitum þar sem notkun greiðist samkvæmt C-töxtum.

Rafmagn til húshitunar ber 14% virðisaukaskatt.

C.1 Órofin hitun

Taxti C.1 gildir fyrir órofna húshitun. Hámark uppsetts afls er 200 kW.

C.2 Rofin hitun

Taxti C.2 gildir fyrir rofna húshitun. Rafmagn samkvæmt taxta C.2 er rofið tvisvar á sólarhring, allt að tveimur klukkustundum í hvort skipti. Rofið er á tímabilinu frá kl. 10.00 til 12.30 og frá kl. 17.00 til kl. 19.30.

C.3 Næturorkunotkun

Taxti C.3 gildir fyrir rafmagn notað að nóttu til.

Straumur til hitunar samkvæmt þessum lið er rofinn allt 12 klukkustundum á sólarhring á tímabilinu kl. 09.00 til 21.00.

2.4 Aðrir Raforkutaxtar

D-taxtar gilda fyrir sumarnotkun og notkun á yfirafli.

D.1 Sumarnotkun

Taxti D.1 gildir fyrir meiriháttar véla- og iðnaðarnotkun á tímabílinu 1. apríl til 31. október, samkvæmt sérsamningi. Lámarksaflgjald miðast við 75 kW á mánuði.

Taxti D.1 skiptist í þrjá þætti, orkugjald, aflgjald og fastgjald.

Orkugjald (kr/kWh) greiðist fyrir hverja mælda orkueiningu.

Aflgjald (kr/kW/ár) greiðist fyrir hverja mælda afleiningu.

Fast gjald (kr/ár) felur í sér kostnað óháðan rafmagnsnotkun, m.a. vegna álestra, útgáfu reikninga og mælingar á afli og orku.

Afl er reiknað á ársgrundvelli og greiðir notandinn fyrir meðaltal fjögurra hæstu afltoppa (kW) á árinu. Aflgjald greiðist samkvæmt mælingu miðað við 15 mínútna meðalgildi afls.

D.2 Garðyrkjulýsing

Taxti D.2 gildir fyrir ræktunarlýsingu í gróðurhúsum:

Taxti D.2 skiptist í þrjá þætti, orkugjald, aflgjald og fastgjald.

Orkugjald (kr/kWh) greiðist fyrir hverja mælda orkueiningu. Verðlagning orkugjaldsins er tvískipt, annars vegar vetrargjald sem gildir frá og með 1. október til og með 30. apríl, hins vegar sumargjald sem gildir frá og með 1. maí til og með 30. september.

Aflgjald (kr/kW/ár) greiðist fyrir hverja mælda afleiningu.

Fast gjald (kr/ár) felur í sér kostnað óháðan rafmagnsnotkun, m.a. vegna álestra, útgáfu reikninga og mælingar á afli og orku.

Afl er reiknað á ársgrundvelli og greiðir notandinn fyrir hæsta afltopp (kW) á árinu, óháð því hvenær hann mælist. Aflgjald greiðist samkvæmt mælingu miðað við 15 mínútna meðalgildi afls.

Lesið er á aflmæla tvisvar sinnum á ári, í lok janúar- og desembermánaðar.

VSH geta rofið eða látið rjúfa rafmagn samkvæmt taxta D.2 fyrirvaralaust þegar VSH telja það nauðsynlegt til þess að komast hjá því að greiða RARIK refsigjald fyrir afl umfram sölutopps VSH. Notendur rafmagns samkvæmt taxta D.2 geta keypt sig frá rofi gegn því að greiða refsigjald sem af notkuninni hlýst. Nánar er kveðið á um refsigjaldið (kr/kWh) í samrekstrarsamningi milli RARIK og VSH. Um lýsingartíma er samið sérstaklega við hvern notanda.

2.5 Heimtaugagjöld

Heimtaugagjald ,skal greitt fyrir hverja heimtaug sem tengir húsveitu við dreifikerfi VSH.

Heimtaugagjald greiðist þegar umsókn hefur verið samþykkt hjá VSH.
Málstærð heimtaugar miðast við stærð stofnvara húsveitu. Hámarkstærð heimtaugar samkvæmt gjaldskrá er 1.200A. Óski notandi eftir stærri heimtaug er gerður um það sérstakur samningur.

Húseiganda ber að leggja, á minnst 50 sm dýpi, ídráttarrör frá lóðarmörkum að inntakstað heimtaugar samkvæmt samþykktri afstöðumynd. Til að unnt verði að ganga frá tengingu heimtaugar skal skilja eftir holu við lóðarmörk.

Sé um óskipulagt svæði að ræða, eða aðstæður óvenjulegar að því er varðar fjarlægð húsveitu frá veitukerfi eða fyrirhugaða orkunotkun húsveitunnar, skal heimtaugargjald ákveðið samkvæmt sérstökum samningi hverju sinni þar sem hliðsjón er höfð af stofnkostnaði við framkvæmdir.

Heimilt er að krefja húseiganda um greiðslu aukakostnaðar vegna lagningar heimtaugar að ósk hans í frosna jörð.

E.1 Aðalheimtaugar

Þegar aðalheimtaug er breytt úr loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug, svo og þegar heimtaug er stækkuð, skal greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá þegar breytingin fer fram.

E.2 Bráðabirgðaheimtaugar

Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast í heilum metrum frá næsta útitengiskáp, eða rofa í spennistöð, að stofnvarkassa eða stofntengikassa í húsveitu.
Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 metra innan lóðarmarka í jarðstrengsheimtaug.

Lengdargjald fyrir loftlínuheimtaug reiknast fyrir hvern stólpa umfram einn frá lágspennukerfi VSH að stofnvarkassa eða stofntengikassa í húsveitu.

2.6 Mælaleiga

VSH ákveða stærð og gerð mæli- og stjórntækja, sem notuð eru við sölu rafmagns. Mælaleiga fyrir þessi tæki er innifalin í gjöldum samkvæmt 2. gr. gjaldskrár.

Óski notandi þess, leigja VSH honum mælitæki til annarra nota en að framan greinir. Ársleiga fyrir slík mælitæki greiðist samkvæmt B-hluta gjaldskrár, 3. gr.

Ársleiga fyrir önnur tæki en talin eru í B-hluta gjaldskrár, skal vera sem næst 15% af innkaupsverði tækisins, eftir nánari ákvörðun VSH. Leiga skal greidd samtímis raforkugjaldi.

2.7 Álestrargjald

Reglubundinn álestur mælitækja er innifalinn í raforkugjöldum samkvæmt 2. gr. gjaldskrár. Að jafnaði er lesið á mælitæki einu sinni á ári. Lesið er mánaðarlega á mælitæki samkvæmt taxta B.1.

Óski notandi þess að oftar sé lesið á mælitæki er honum gerður sérstakur reikningur fyrir þann álestur, nema um sé að ræða álestur vegna flutnings.

2.8 Innheimtugjald

Undirbúningur um stöðvun afhendingar á raforku vegna vanskila notanda, telst hafinn við sendingu tilkynningar þess efnis til notandans. Sé slík tilkynning send notanda skal hann greiða innheimtugjald vegna kostnaðar við undirbúning stöðvunarinnar, þó að til hennar hafi ekki komið.

2.9 Lokunargjald

Komi til stöðvunar afhendingar á raforku vegna vanskila notanda skal hann greiða lokunargjald vegna kostnaðar við þá framkvæmd. Gjald þetta kemur til viðbótar innheimtugjaldi samkvæmt grein 2.8.

3. gr.

Gjöld fyrir heitt vatn og jarðgufu.

3.1 Notkun á heitu vatni eða jarðgufu.

Hitaveitutaxtar skiptast í tvo þætti, vatnsgjald og fast gjald.

Vatnsgjald (kr/m^2 húss á ári) greiðist fyrir hvern fermetra í samþykktu húsnæði. Sé um nýtt hús að ræða hefst innheimta vatnsgjalds þegar húsið hefur verið tengt hitaveitu VSH (við áhleypingu). Ef hús er byggt í áföngum skal þó aðeins innheimt vatnsgjald fyrir áfanga sem tengdir hafa verið veitunni. Þegar um er að ræða viðbót

við eða stækkun á húsi, sem þegar hefur verið tengt hitaveitunni hefst innheimta vatnsgjalds af viðbótarrýminu 6 mánuðum frá dagsetningu byggingarleyfis fyrir viðbótinni. Dragist byggingarframkvæmdir á notandi rétt á frekari frestun gjaldtöku vegna viðbótarrýmis þar til viðbótin er tengd veitunni og getur hann sótt skriflega um frestunina til eins árs í senn. Í öllum tilvikum skal notandi tafarlaust tilkynna VSH skriflega þegar viðbótarhúsnæði eða nýr áfangi, ef hús er byggt í áföngum, er tengt við veituna og hefst gjaldtakan frá og með dagsetningu tilkynningarinnar. Vanræki notandi það er VSH heimilt að krefja hann um vatnsgjald fyrir tímann sem það var vanrækt að viðbættum leyfilegum dráttarvöxtum.

Nýr áfangi eða viðbót telst tengd veitunni ef áfanginn eða viðbótin nýtir varma frá henni með beinum hætti s.s. með ofnum eða blásurum, sem nýta heitt vatn. Sama gildir ef upphitun fer fram með óbeinum hætti s.s. ef opið er milli áfanga eða viðbótarinnar og annars hluta húsnæðisins, sem nýtir varma frá veitunni með beinum hætti.

Fast gjald (kr/ár) felur í sér kostnað óháðan notkun, m.a. vegna eftirlits og viðhalds bakrennslislisloka og útgáfu reikninga.

H.1 Almenn notkun.

Taxti H.1 gildir fyrir alla almenna notkun heits vatns og jarðgufu.

H.2 Garðyrkjunotkun

Taxti H.2 gildir fyrir notkun í gróðurhúsum garðyrkjustöðva.

3.2 Heimæðagjöld

Heimæðagjald skal greitt fyrir hverja heimæð sem tengir húsveitu við dreifikerfi VSH.

Heimæðagjald greiðist þegar umsókn hefur verið samþykkt hjá VSH.

Heimæðagjöld skiptast í tvo þætti, fast gjald og rúmmetragjald umfram lágmark.

I.1 Heimæðagjöld

Hús minni en 2.000 rúmmetrar að utanmáli.

Fast gjald skal greiða fyrir heimæð að húsi allt að 600 rúmmetrum að stærð og að auki rúmmetragjald fyrir hvern rúmmetra umfram 600.

I.2 Heimæðagjöld

Hús stærri en 2.000 rúmmetrar að utanmáli.

Fast gjald skal greiða fyrir heimæð að húsi sem er 2.000 rúmmetrar að stærð eða stærra og að auki rúmmetragjald fyrir hvern rúmmetra umfram 2.000.

Heimilt er að krefja húseiganda um greiðslu aukakostnaðar vegna lagningar heimæðar að ósk hans í frosna jörð.

3.3 Innheimtugjald

Undirbúningur um stöðvun afhendingar á heitu vatni eða jarðgufu vegna vanskila notanda, telst hafinn við sendingu tilkynningar þess efnis til notandans. Sé slík tilkynning send notanda skal hann greiða innheimtugjald vegna kostnaðar við undirbúning stöðvunarinnar, þó að til hennar hafi ekki komið.

3.4 Lokunargjald

Komi til stöðvunar afhendingar á heitu vatni eða jarðgufu, vegna vanskila notanda skal hann greiða lokunargjald vegna kostnaðar við þá framkvæmd. Gjald þetta kemur til viðbótar innheimtugjaldi samkvæmt gr. 3.3.

4. gr.

Ýmis ákvæði.

4.1 Gjalddagar og eindagar

Gjalddagi er við útgáfu reiknings. Eindagi er annar dagur í næsta mánuði á eftir.

4.2 Gjaldskrárbreytingar

Heimilt er að breyta gjaldskrá þessari til samræmis við lög og verðbreytingar, enda miðist gjaldskráin ætíð við að tekjur VSH standi undir rekstri þeirra og aukningu veitukerfisins.

4.3 Samþykki og staðfesting

Gjaldskrá þessi, A hluti, staðfestist hér með, samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli, jafnframt er felld úr gildi eldri gjaldskrá Veitustofnana Hveragerðis nr. 82, 22. febrúar 1993.

Iðnaðarráðuneytið, 19. maí 1994.

F. h. r.
Árni Þ. Árnason.

Steinunn Bjarman.

18. maí 1994 Nr. 278

AUGLÝSING

um frítekjumark tekjutryggingar almannatrygginga.

1. gr.

Frítekjumark samkvæmt 1. og 2 mgr. 17. gr. laga nr. 117/1993 skal frá 1. júlí 1994 vera óbreytt frá því sem segir í reglugerð nr. 232/1993.

2. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er með stoð í 3. mgr. 18. gr. laga nr. 117/1993 öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 18. maí 1994.

Guðmundur Árni Stefánsson.

Dögg Pálsdóttir.

GJALDSKRÁ

Veitustofnana Hverageröis.

B-hluti.

1. gr.

Almennt.

Gjaldskrá þessi gildir fyrir veitusvæði Veitustofnana Hverageröis (VSH). Gjaldskráin tekur til afhendingar og sölu rafmagns, heits vatns og jarðgufu sbr. reglugerð fyrir VSH nr. 276/1994.

Gjaldskráin skiptist í tvo hluta:

A-HLUTA sem fjallar um almenna skilmála fyrir afhendingu raforku, heits vatns og jarðgufu á veitusvæði VSH. Í þessum hluta er einnig skilgreining á raforkutöxtum, hitaveitutöxtum, heimtauga- og heimæðagjöldum, mælaleigu, tengigjaldi og innheimtugjaldi auk annarra ákvæða.

B-HLUTA sem sýnir gildandi verð fyrir raforku, heitt vatn eða jarðgufu og önnur gjöld á hverjum tíma.

2. gr.

Raforkugjöld.

2.1 Almenn notkun

A.1 Almenn notkun:

Orkugjald	6,30	kr/kWh
Fast gjald 1-fasa	2.625,00	kr/ár
Fast gjald 3-fasa	5.250,00	kr/ár

A.2 Skammtímanotkun (mannvirkjagerð):

Orkugjald	8,19	kr/kWh
Fast gjald	5.250,00	kr/ár

A.3 Heimilisnotkun:

Orkugjald	6,30	kr/kWh
Fast gjald 1-fasa	2.625,00	kr/ár
Fast gjald 3-fasa	5.250,00	kr/ár

2.2 Afl- og orkunotkun

B.1 Afl- og orkumæling:

Orkugjald	2,30	kr/kWh
Aflgjald	8.190,00	kr/kW/ár
Fast gjald	43.680,00	kr/ár

B.2 Götulýsing:

Aflgjald	10.868,00	kr/kW/ár
Viðhaldsgjald	14.300,00	kr/kW/ár
Samtals	25.168,00	kr/kW/ár

2.3 Notkun til hitunar

C.1 Órofin hitun:

Orkugjald	4,84	kr/kWh
Fast gjald	12.074,00	kr/ár

C.2 Rofin hitun:

Orkugjald	2,72	kr/kWh
Fast gjald	2.875,00	kr/ár

C.3 Næturorkunotkun:

Orkugjald	2,42	kr/kWh
Fast gjald	2.875,00	kr/ár

2.4 Aðrir raforkutaxtar

D.1 Sumarnotkun apríl-október lágmark 75kW:

Orkugjald	2,00	kr/kWh
Aflgjald	400,00	kr/kW/ár

D.2 Garðyrkjulýsing:

Orkugjald, vetrargjald (okt.-apríl)	2,89	kr/kWh
Orkugjald, sumargjald (maí-sept.)	1,45	kr/kWh
Fast gjald	33.500,00	kr/ár
Aflgjald	0,00	kr/kW/ár
Aflgjald lágmark	0,00	kr/kW/ár

2.5 Heimtaugagjöld

E.1 Aðalheimtaugar:

1X63A	45.000	kr
3X63A	50.000	kr
3X100A	82.000	kr
3X200A	171.000	kr
3X315A	276.000	kr
3X400A	349.000	kr
3X630A	549.000	kr
3X710A	620.000	kr
3X1200A	1.040.000	kr

E.2 Bráðabirgðaheimtaugar:

1X63A Stofngjald	11.000	kr
yfirlengdargjald jarðstrengur	1.350	kr/m
yfirlengdargjald loftlína	17.000	kr/stólpi
3X63A Stofngjald	15.000	kr
yfirlengdargjald jarðstrengur	1.350	kr/m
yfirlengdargjald loftlína	21.000	kr/stólpi
3X100A Stofngjald	17.000	kr
yfirlengdargjald jarðstrengur	1.750	kr/m
yfirlengdargjald loftlína	26.000	kr/stólpi

2.6 Mælaleiga

Leigugjöld fyrir önnur mælitæki en sölumæla:

Orkumælir einfasa	656	kr/ár
Orkumælir þrífasa	2.625	kr/ár

Orkumælir þrífasa m.straumsp.	5.250	kr/ár
Orkumælir þrífasa m.klukkur.	5.250	kr/ár
Aflmælir	5.250	kr/ár
Aflmælir m. straumspennum	7.875	kr/ár

2.7 Álestrargjald

Fyrir aukaálestur á orkusölumæli	500	kr/skipti

2.8 Innheimtugjald

Innheimtugjald rafveitu	200	kr

2.9 Lokunargjald

Lokunargjald rafveitu	1.500	kr

3. gr.

Gjöld fyrir heitt vatn og jarðgufu.

3.1 Notkun á heitu vatni og jarðgufu

H.1 Almenn notkun:

Vatnsgjald	225	kr/m²húss/ár
Fast gjald	5.340	kr/ár

H.2 Garðyrkjunotkun:

Vatnsgjald	225	kr/m²húss/ár
Fast gjald	13.356	kr/ár

Vatnsgjald er reiknað af nýtanlegu flatarmáli húss sbr. reiknireglur FMR.

3.2 Heimæðagjöld

I.1 Hús minni en 2.000 m³:

Fast gjald	90.000	kr
Rúmmetrar umfram 600 m³	60	kr/m³

(Umframrúmmetragjald reiknast ekki á einbýlis-, rað- og parhús)

I.2 Hús stærri en 2.000 m³:

Fast gjald	174.000	kr
Rúmmetrar umfram 600 m³	40	kr/m³

3.3 Innheimtugjald

Innheimtugjald hitaveitu	200	kr

3.4 Lokunargjald

Lokunargjald hitaveitu	1.500	kr

Á gjöld þessi leggst virðisaukaskattur eftir gildandi reglum á hverjum tíma.

Skammstafanir:

Tákn	*Eining*	*Skýring*
A	amper	straumur
kW	kílówatt	afl
kWh	kílówattstund	orka
ML	mínútulítrar	rennsli

4. gr.

Samþykki og staðfesting.

Gjaldskrá þessi, B hluti, staðfestist hér með, samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli, jafnframt er felld úr gildi eldri gjaldskrá Veitustofnana Hverageröis B-hluti með áorðnum breytingum nr. 84, 22. febrúar 1993.

Iðnaðarráðuneytið, 19. maí 1994.

F. h. r.
Árni Þ. Árnason.

Steinunn Bjarman.

10. maí 1994 Nr. 280

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð um hjónin Sverri Magnússon og Ingibjörgu Sigurjónsdóttur.

1. gr.

Nafn sjóðsins er „Minningarsjóður um hjónin Sverri Magnússon (f. 24. júní 1909, d. 22. júní 1990) og Ingibjörgu Sigurjónsdóttur (f. 17. desember 1914, d. 16. júlí 1985), stofnendur Hafnarborgar, menningar- og listastofnunar Hafnarfjarðar". Heimili sjóðsins er í Hafnarfirði.

2. gr.

Sjóður þessi er stofnaður 1. júní 1993 að frumkvæði eftirtaldra aðila: Árna Grétars Finnssonar, Einars I. Halldórssonar, Ellerts Borgars Þorvaldssonar, Sveins Guðbjartssonar og Þórs Gunnarssonar, sem í gjafabréfi nefna sig „Áhugamenn um áframhaldandi öflugt starf í HAFNARBORG". Auk þeirra veittu eftirtaldir aðilar fjárhagslegan stuðning við sjóðsmyndunina: Almar Grímsson, Delta hf., Eldborg, Fjarðarkaup, Hraunborg, Hvalur hf., Íslandsbanki í Hafnarfirði, Pharmaco hf. og Sparisjóður Hafnarfjarðar.

3. gr.

Markmið sjóðsins er að veita táknræna viðurkenningu til þess eða þeirra Hafnfirðinga, sem vakið hafa verðskuldaða athygli á sviði lista og menningar. Viðurkenning þessi skal afhent 1. júní ár hvert við athöfn er stjórn Hafnarborgar efni til í minningu hjónanna og nefna skal „SVERRISDAG".

4. gr.

Höfuðstóll minningarsjóðsins er kr. 565.000 (fimm hundruð sextíu og fimm þúsund krónur). Eignir minningarsjóðsins eru stofnfé hans og þær gjafir, framlög og aðrar tekjur sem honum kunna að berast og leggjast við höfuðstól. Stjórn sjóðsins skal ávaxta eignir hans í lánastofnunum með sem hagstæðustum kjörum.

5. gr.

Höfuðstól minningarsjóðsins má aldrei skerða. Sjóðsstjórninni er heimilt að nota sem svarar $^2/_3$ hlutum ávöxtunarfjár til viðurkenningar skv. 3. gr. en $^1/_3$ hluti leggist við

höfuðstólinn. Breyta má þessum hlutföllum ef meirihluti sjóðsstjórnar telur að sérstakar ástæður séu fyrir hendi.

6. gr.

Samkvæmt gjafabréfinu er stjórn minningarsjóðsins í höndum stjórnar Hafnarborgar og skal hún tilnefna eða auglýsa eftir tilnefningum vegna úthlutunar viðurkenningarinnar. Stjórnin tilnefni einnig þann listamann er hanni viðurkenningargripinn hverju sinni.

7. gr.

Reikningar minningarsjóðsins er almanaksárið. Forstöðumaður Hafnarborgar innir af hendi allar greiðslur af hálfu sjóðsins. Hann gengur frá reikningi sjóðsins innan tveggja mánaða frá lokun hvers reikningsárs og skal reikningurinn endurskoðaður af sömu aðilum og ársreikningar Hafnarborgar.

8. gr.

Stjórn sjóðsins ber að halda gerðabók og færa í hana texta gjafabréfsins, skipulagsskrána, úthlutun viðurkenninga, fundasamþykktir og annað, er varðar hag og rekstur sjóðsins.

9. gr.

Skipulagsskrá þessari má breyta, ef það telst nauðsynlegt vegna breyttra aðstæðna enda liggi fyrir einróma samþykki stjórnar. Ef til þess kemur að sjóðurinn verði lagður niður renna eignir hans til Hafnarborgar og er þá stjórnar að ákveða hvernig þeim yrði ráðstafað.

10. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 10. maí 1994.

F. h. r.
Þorsteinn Geirsson.

Jón Thors.

Nr. 281 13. maí 1994

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir styrktarsjóð Stanley Carter.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Styrktarsjóður Stanley Carter. Hann er stofnaður af vinum og samstarfsmönnum á Íslandi til heiðurs honum á 80 ára afmæli hans, 22. nóvember 1992.

2. gr.

Heimili sjóðsins er í Reykjavík.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er framlag Hagkaups hf. að fjárhæð kr. 920.000,00. Stofnfé má ekki skerða.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja Íslendinga til framhaldsnáms í viðskipta- og verslunarfræðum í Bretlandi. Skal stjórn sjóðsins heimilt að veita fé úr sjóðnum í ofangreindu skyni þegar hún sér ástæðu til.

5. gr.

Tekjur sjóðsins er vextir af fé sjóðsins, árleg framlög og aðrar tekjur.

6. gr.

Stjórnin ákveður fjárhæð styrks á hverjum tíma en aldrei skal heimilt að rýra stofnfé sjóðsins með styrkveitingu.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrír menn. Skulu þeir tilnefndir af stjórn Hofs sf. Tilnefningar skulu gilda í tvö ár í senn, í fyrsta skipti til 22. nóvember 1994.

8. gr.

Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir árlega af löggiltum endurskoðanda. Reikningsár skal vera almanaksárið.

9. gr.

Stjórn sjóðsins varðveitir eignir hans. Hún skal leitast við að ávaxta sjóðinn á sem hagkvæmastan og öruggastan hátt þannig að hann nái tilgangi sínum sem best.

10. gr.

Breytingar á skipulagsskrá þessari má gera ef það telst nauðsynlegt eða heppilegt vegna breyttra aðstæðna. Engin breyting á skipulagsskránni fær þó gildi nema með samþykki allra stjórnarmanna.

11. gr.

Verði sjóðurinn lagður niður skulu eignir hans renna til Háskóla Íslands, Krabbameinsfélagsins og Hjartaverndar að jöfnu.

12. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 22. nóvember 1992.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 13. maí 1994.

F. h. r.
Ólafur W. Stefánsson.

Jón Thors.

REGLUGERÐ

um söfnun, endurvinnslu og skilagjald á einnota umbúðir fyrir drykkjarvörur.

1. gr.

Skilagjald.

Leggja skal skilagjald á drykkjarvörur í einnota umbúðum úr málmi, gleri, plasti, plastefnum eða sambærilegum efnum, svo og öl, gosdrykki eða slíka drykki, sem framleiddir eru eða átappaðir hér á landi í samskonar umbúðum og að framan greinir. Skilagjaldið skal nema 5,63 krónum á hverja umbúðaeiningu.

2. gr.

Umsýsluþóknun.

Umsýsluþóknun, skal leggja á til viðbótar skilagjaldi og skal nema 5% af skilagjaldi.

3. gr.

Gjaldskylda.

Gjaldskylda skv. 1. gr. nær til allra drykkjarvara í einnota umbúðum, sem fluttar eru til landsins eða eru framleiddar eða átappaðar hérlendis eru til sölu hér á landi og flokkast undir vöruliði 2201, 2202, 2203, 2204, 2205, 2206 og 2208 í tollskrá, sem er viðauki I við tollalög nr. 55/1987.

Skilagjald leggst ekki á drykkjarvörur í einnota umbúðum, sem seldar eru úr landi. Við flokkun til gjaldskyldu skv. reglugerð þessari skal fylgja flokkunarreglum tollalaga nr. 55/1987, með áorðnum breytingum.

Ákvæði tollalaga gilda jafnframt um úrskurðarvald í ágreiningsmálum um tollflokkun drykkjarvara.

4. gr.

Álagning skilagjalds

Öllum þeim, sem flytja inn til landsins skilagjaldsskyldar vörur skv. 1. gr., hvort sem er til eigin nota eða endursölu, ber skylda til við tollafgreiðslu að greiða skilagjald og umsýsluþóknun af hinum innfluttu vörum.

Skilagjald og umsýsluþóknun mynda ekki gjaldstofn við útreikning annarra aðflutningsgjalda en virðisaukaskatts.

5. gr.

Gjaldskyldir aðilar.

Þeim, sem framleiða eða tappa á skilagjaldsskyldar vörur innanlands, ber skylda til að greiða skilagjald og umsýsluþóknun af framleiðslu sinni og standa skil á því í ríkissjóð. Skilagjald og umsýsluþóknun mynda ekki gjaldstofn við álagningu vörugjalds eða annarra sambærilegra framleiðslugjalda. Gjöldin mynda hins vegar stofn til virðisaukaskatts.

6. gr.

Innheimta, uppgjörstímabil, gjalddagar o.fl.

Skilagjald og umsýsluþóknun af innlendum drykkjarvörum reiknast við sölu eða afhendingu þeirra frá framleiðanda, og skiptir þá ekki máli hvenær eða með hvaða hætti greiðsla kaupanda fer fram. Þó skal Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins sjá um greiðslu skilagjalds og umsýsluþóknunar af sölu fyrirtækisins á innlenndri framleiðslu öls og áfengis og standa skil á því í ríkissjóð.

Hvert uppgjörstímabil vegna skilagjaldsskyldrar innlendrar framleiðslu eða átöppunar eru tveir mánuðir: janúar og febrúar; mars og apríl; maí og júní; júlí og ágúst; september og október; nóvember og desember.

Skilagjaldi og umsýsluþóknun af innlendri framleiðslu, ásamt framtalsskýrslu í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður, skal skila eigi síðar en á gjalddaga, og skulu framleiðendur senda Endurvinnslunni hf. afrit af innlagðri framtalsskýrslu. Gjalddagi er fimmtándi dagur annars mánaðar eftir lok uppgjörstímabils vegna sölu eða afhendingar á því tímabili. Beri gjalddaga upp á helgidag eða almennan frídag, færist gjalddagi á næsta virkan dag þar á eftir.

7. gr.

Viðurlög.

Ef skilagjald og umsýsluþóknun er ekki greitt á tilskildum tíma, skal aðili sæta álagi til viðbótar skilagjaldi eða til viðbótar því skilagjaldi og umsýsluþóknun, sem honum ber að standa skil á. Sama gildir ef skýrslu og skilagrein, skv. 6. gr., hefur ekki verið skilað eða verið ábótavant og skilagjald og umsýsluþóknun því áætlað, nema aðili hafi greitt fyrir gjalddaga upphæð, er til áætlunar svarar, eða gefið fullnægjandi skýringu á vafaatriðum fyrir lok kærufrests.

Álag skv. 1. mgr. skal vera sem hér segir:

1. 4% álag á þá upphæð, sem vangreidd er, fyrir hvern byrjaðan virkan dag eftir gjalddaga, þó ekki hærra en 20%.

2. Álag til viðbótar af vangreiddri upphæð fyrir hvern byrjaðan mánuð, reiknað í fyrsta sinn fyrsta dag næsta mánaðar eftir gjalddaga, hið sama og dráttarvextir eru á hverjum tíma, sbr. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987.

8. gr.

Innheimta og endurgreiðsla.

Skilagjald og umsýsluþóknun skal greiða í ríkissjóð, er síðan ráðstafar umsýsluþóknuninni, skilagjaldinu og virðisaukaskatti af því jafnskjótt og við verður komið til Endurvinnslunnar hf. Endurvinnslan hf. skal sjá um að skilagjaldið verði endurgreitt neytendum ásamt virðisaukaskatti af því við móttöku á notuðum skilagjaldsskyldum umbúðum. Skal endurgreiðslan þannig nema samtals 7,00 krónum á hverja umbúðaeiningu. Þó skulu líða 60 dagar frá hækkun álagðs skilagjalds úr 6,00 krónum í 7,00 krónur þar til Endurvinnslan hf. hækkar endurgreiðslu til neytenda fyrir hverja umbúð, sem skilað verður, úr 6,00 krónum í 7,00 krónur. Á sama hátt skal greiða samsvarandi gjald til einstaklinga, fyrirtækja eða félagasamtaka, sem taka að sér að safna slíkum umbúðum til eyðingar eða endurvinnslu.

9. gr.

Endurvinnslan hf.

Endurvinnslan hf. skal sjá um að koma upp og viðhalda skilvirku fyrirkomulagi á söfnun skilagjaldsskyldra umbúða um land allt. Félagið skal einnig endurvinna umbúðir eða koma þeim til endurvinnslu eða eyðingar.

Endurvinnslan hf. skal gefa umhverfisráðuneytinu reglulega skýrslu um starfrækslu skilakerfisins, þ.m.t. fjölda skilaðra umbúða eftir tegundum.

10. gr.

Reglugerðarheimild.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 4. gr. laga nr. 52/1989 um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur, og öðlast gildi 1. júní 1994. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 358/1990, ásamt síðari breytingum.

Umhverfisráðuneytið, 17. maí 1994.

Össur Skarphéðinsson.

Þórður H. Ólafsson.

Nr. 283 19. maí 1994

REGLUGERÐ

um héraðsskjalasöfn.

1. gr.

Héraðsskjalasafn er sjálfstæð skjalavörslustofnun sem lýtur faglegu eftirliti Þjóðskjalasafns Íslands. Stjórnarnefnd Þjóðskjalasafns Íslands getur heimilað sveitarstjórnum að stofna héraðsskjalasafn. Héraðsskjalasafn getur tekið til eins eða fleiri sveitarfélaga. Standi fleiri en eitt sveitarfélag að héraðsskjalasafni skal gera um starfsemi þess og rekstur starfssamning, sem bera skal undir þjóðskjalavörð til staðfestingar. Skal þess gætt að fullnægjandi húsnæði sé fyrir hendi og fjárhagslegur rekstur héraðsskjalasafns tryggður og þess getið í samstarfssamningi.

2. gr.

Héraðsskjalasafn, sem fengið hefur heimild stjórnarnefndar Þjóðskjalasafns Íslands til starfsemi sinnar, starfar innan marka þess sveitarfélags eða þeirra sveitarfélaga sem héraðsskjalasafnið tekur til samkvæmt starfssamningi um rekstur þess.

3. gr.

Héraðsskjalasöfn skulu annast söfnun, innheimtu og varðveislu skjala, skrásetja þau og gera aðgengileg notendum og á allan hátt leitast við að varðveita og efla þekkingu á sögu síns umdæmis, sbr. 3. gr. laga nr. 66/1985 um hlutverk Þjóðskjalasafns Íslands.

4. gr.

Í héraðsskjalasöfnum skal m.a. varðveita skjalasöfn þeirra embætta, stofnana og félaga sem hér greinir, sbr. og 5. gr. um afhendingarskyldu:

1. Bæjarstjórna,
2. sýslu- og héraðsnefnda,
3. byggðasamlaga,
4. hreppsnefnda,
5. hreppstjóra,
6. bæjar-, sýslu-, héraðs- og hreppsfyrirtækja,
7. sáttanefnda,
8. forðagæslumanna,
9. yfir- og undirskattanefnda,
10. undirfasteignamatsnefnda,

11. skólanefnda,
12. barnaverndarnefnda,
13. héraðsfunda,
14. sóknarnefnda,
15. sjúkrasamlaga,
16. búnaðarsambanda,
17. ræktunarsambanda,
18. hreppabúnaðarfélaga,
19. búfjárræktarfélaga,
20. skógræktarfélaga,
21. íþrótta- og ungmennafélaga,
22. lestrarfélaga,
23. slysavarna- og björgunarfélaga,
24. leikfélaga og annarra menningarfélaga, þ. á m. kvenfélaga.

Héraðsskjalasöfn skulu leita eftir því að fá til varðveislu skjöl frá einstaklingum, félögum og fyrirtækjum á safnsvæðinu.

5. gr.

Eftirgreindir aðilar skulu afhenda héraðsskjalasafni skjöl sín til varðveislu: bæjar- og sveitarstjórnir, sýslu- og héraðsnefndir, byggðasamlög og hreppstjórar á safnsvæðinu. Ennfremur skal afhenda á héraðsskjalasafn skjöl allra embætta, stofnana og fyrirtækja á vegum þessara aðila eða annarrar starfsemi á vegum þeirra. Einnig skjöl allra félaga og samtaka, sem njóta verulegra styrkja af opinberu fé og starfa eingöngu innan umdæmis héraðsskjalasafnsins.

6. gr.

Skilaskyld skjöl skal afhenda héraðsskjalasafni eigi síðar en þegar þau hafa náð 30 ára aldri. Miða skal við síðustu innfærslu í bók eða síðasta bréf afgreidds máls. Héraðsskjalavörður getur stytt þennan frest eða lengt í einstökum tilvikum ef sérstakar ástæður mæla með því.

7. gr.

Forstöðumenn skilaskyldra stofnana bera ábyrgð á skjalavörslu og skulu hlíta fyrirmælum Þjóðskjalasafns Íslands um skráningu, flokkun og frágang skjala. Skjalavistunarkefi og skjalageymslur skulu samþykkt af Þjóðskjalasafni áður en þau eru tekin í notkun. Þjóðskjalasafn getur falið héraðsskjalasafni framkvæmd þessara mála á safnsvæðinu.

8. gr.

Afhendingarskyldum aðilum er óheimilt að ónýta nokkurt skjal í skjalasöfnum sínum nema heimild Þjóðskjalasafns komi til eða samkvæmt sérstökum reglum sem settar verða um ónýtingu skjala. Óski skilaskyldur aðili eftir því að eyða skjölum úr skjalasafni sínu skal hann ásamt héraðsskjalaverði gera rökstuddar skriflegar tillögur þar að lútandi til stjórnarnefndar Þjóðskjalasafns.

9. gr.

Stjórn héraðsskjalasafns, bæjarstjórn eða héraðsnefnd eftir því sem við á ræður starfsfólk héraðsskjalasafns. Forstöðumaður héraðsskjalasafns, héraðsskjalavörður, annast innheimtu skjala til safnsins, hefur á hendi daglegan rekstur þess og sér um að starfsemin sé í samræmi við gildandi laga- og reglugerðarákvæði. Héraðsskjalavörður skal halda

aðfangabók og skrá í hana jafnóðum og skjöl berast safninu. Um hver áramót skal hann gefa þjóðskjalaverði og rekstraraðilum skýrslu um það sem bæst hefur í safnið á árinu og um aðra markverða starfsemi þess.

10. gr.

Héraðsskjalavörður skal fylgja sömu reglum og gilda í Þjóðskjalasafni um aðgang að skjölum og meðferð skjala í lestrarsal. Þjóðskjalasafn skal tilkynna héraðsskjalasöfnum um þær reglur og breytingar á þeim. Óski héraðsskjalasafn að setja sérstakar reglur um afnot og aðgang skal leita staðfestingar þjóðskjalavarðar. Brjóti gestir gegn löglega settum fyrirmælum er heimilt að banna þeim afnot af safninu.

11. gr.

Afhendingarskyldir aðilar eiga rétt á að fá léð skjöl eða ljósrit skjala, sem þeir hafa afhent, úr héraðsskjalasafni, þurfi þeir á þeim að halda við störf sín. Önnur útlán skjala eru að jafnaði óheimil nema til opinberra skjalasafna, bókasafna og rannsóknarstofnana ef aðstaða er þar til að varðveita skjöl tryggilega að mati héraðsskjalavarðar. Skal viðtakandi gefa skriflega yfirlýsingu um að hann beri ábyrgð á skjölunum og skilum þeirra innan ákveðins tíma.

12. gr.

Falli héraðsskjalasafn í vanhirðu eða séu ekki lengur fyrir hendi þau skilyrði sem voru forsenda fyrir leyfi til stofnunar safnsins skal þjóðskjalavörður vekja athygli stjórnar safnsins á því sem aflaga er talið fara og æskja úrbóta. Fáist ekki úr bætt þrátt fyrir endurteknar áskoranir skal þjóðskjalavörður, með samþykki stjórnarnefndar Þjóðskjalasafns, láta flytja safngögnin í Þjóðskjalasafn á kostnað þeirra sem að héraðsskjalasafninu stóðu.

13. gr.

Héraðsskjalasöfn skulu njóta árlegs rekstrarstyrks úr ríkissjóði samkvæmt því sem ákveðið er í fjárlögum hverju sinni.

14. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 14. gr., sbr. 17. gr. laga nr. 66/1985, um Þjóðskjalasafn Íslands, og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 61/1951, um héraðsskjalasöfn.

Menntamálaráðuneytið, 19. maí 1994.

Ólafur G. Einarsson.

Árni Gunnarsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um staðsetningu lyfjabúða og lyfjaútibúa nr. 27/1983.

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við 1. grein undir kaflanum „Reykjavíkurhérað“:
„11. Grafarvogur: Lyfjabúð.“

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. 2. gr. laga um lyfjadreifingu nr. 76/1982, öðlast gildi við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 16. maí 1994.

Guðmundur Árni Stefánsson.

Einar Magnússon.

18. maí 1994 Nr. 285

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Þorlákshafnar.

Samkvæmt 29. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Þorlákshafnar er taki gildi frá og með 1. maí 1994.

Gjaldskrá Hitaveitu Þorlákshafnar, nr. 415, 20. október 1993:

4. gr.

a) var kr. 1.541,00 verði kr. 1.356,00.
b) var kr. 77,50 verði kr. 68,20.

Aðrir liðir gjaldskrárinnar verða óbreyttir.

Iðnaðarráðuneytið, 18. maí 1994.

F. h. r.
Árni Þ. Árnason.

Steinunn Bjarman.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 169/1987 um íslensk vegabréf.

1. gr.

Við reglugerðina bætist ákvæði til bráðabirgða sem hljóði svo:

Á tímabilinu til 1. september 1994 er lögreglustjórum heimilt að framlengja gildistíma vegabréfa í allt að 1 ár.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum um íslensk vegabréf, nr. 18 11. febrúar 1953, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 30. maí 1994.

Þorsteinn Pálsson.

Hjalti Zóphóníasson.

AUGLÝSING

um umferð í Kópavogi.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu bæjarráðs Kópavogs, eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð í Kópavogi:

I. Um biðskyldu og aðalbrautarétt

1. Að biðskylda verði á botngötum Huldubrautar til norðurs gagnvart megingötu Huldubrautar.
2. Að biðskylda verði á botngötu Lækjarhjalla til norðurs gagnvart megingötu Lækjarhjalla.
3. Að biðskylda verði á botngötum Skógarhjalla til norðurs gagnvart megingötu Skógarhjalla.
4. Að biðskylda verði á öllum götum sem liggja að Arnarsmára.
5. Að biðskylda verði á Arnarsmára gagnvart Fífuhvammsvegi og Dalsmára.
6. Að biðskylda verði á aðliggjandi götum Fífuhvammsvegar gagnvart Fífuhvammsvegi.
7. Að biðskylda verði á Fífuhvammsvegi gagnvart Arnarnesvegi og Hafnarfjarðarvegi.
8. Að biðskylda verði á vegi að Digraneskirkju gagnvart Digranesvegi.
9. Að biðskylda verði á Blikahjalla, Brekkuhjalla og Bakkahjalla gagnvart Hlíðarhjalla.
10. Að biðskylda verði á Heiðarhjalla gagnvart Hlíðarhjalla og Skálaheiði.
11. Að biðskylda verði á botngötu Heiðarhjalla nr. 2 til 20, gagnvart Heiðarhjalla, aðalgötu.
12. Að biðskylda verði á Gnitaheiði og Gnípuheiði gagnvart Digranesheiði.
13. Að Vesturvör njóti aðalbrautarréttar gagnvart aðliggjandi götum.

II. Um bifreiðastöður

Heimilaðar eru bifreiðastöður beggja vegna Vallargerðis vestan Þinghólsskóla.

III. Um hámarkshraða

Hámarshraði á Elliðavatnsvegi verði 30 km/klst.

Auglýsing þessi tekur þegar gildi.

Með auglýsingu þessari eru numin úr gildi þau ákvæði eldri auglýsinga um umferð í Kópavogi sem brjóta í bága við auglýsingu þessa.

Sýslumaðurinn í Kópavogi, 19. maí 1994.

Þorleifur Pálsson.

10. maí 1994 Nr. 288

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir sjálfseignastofnunina Media upplýsingaþjónusta á Íslandi.

Neðangreindir aðilar hafa gert með sér eftirfarandi samkomulag um stofnun sjálfseignastofnunar vegna reksturs Media upplýsingaþjónustunnar á Íslandi:

Menntamálaráðuneytið, kt. 460269-2969, Sölvhólsgötu 4, 150 Reykjavík.

Félag kvikmyndagerðarmanna, kt. 650572-1229, Laugavegi 24, 101 Reykjavík.

Samband kvikmyndaleikstjóra, kt. (óskráð), Bjarkargötu 8, 101 Reykjavík.
Samband íslenskra kvikmyndaframleiðenda, kt. 711290-2229, Pósthússtræti 13, 101 Reykjavík.
Kvikmyndasjóður Íslands, kt. 540879-0289, Laugavegi 24, 101 Reykjavík.

1.0. Nafn og heimilisfang.
Sjálfseignastofnunin heitir: **Media upplýsingaþjónusta á Íslandi.**
Heimilisfang: Laugavegur 24, Reykjavík.

2.0. Tilgangur.
Tilgangur Media upplýsingaþjónustunnar er að veita upplýsingar, ráðgjöf og þjónustu varðandi starfsemi hinna ýmsu sjóða og stofnana sem reknar eru á vegum Media áætlunar Evrópubandalagsins og önnur skyld verkefni í samræmi við reglur og markmið Media áætlunar Evrópubandalagsins.

3.0. Stofnfé.
Stofnfé er kr. 441.000,00 sem er höfuðstóll bankabókar við Búnaðarbanka Íslands, sem sérstaklega var stofnuð í þessu skyni.

4.0. Tekjur – ráðstöfun tekna og stofnframlags.
Tekjur stofnunarinnar eru frjáls framlög stofnaðila og Media áætlunarinnar og annarra aðila, m.a. frá ríki eða stofnunum þess, vaxtatekjur og aðrar tekjur sem kunna að verða af rekstri.
Tekjum stofnunarinnar og vöxtum af stofnframlagi má aðeins ráðstafa til greiðslu rekstrarkostnaðar, þ.m.t. kaup og sala eigna, lán og styrkir.
Á hverjum tíma skulu vera bundnir fjármunir í stofnuninni sem að verðgildi á núverandi verðlagi skulu nema kr. 441.000,00.

5.0. Stjórn.
Stjórn stofnunarinnar skal skipuð 5 einstaklingum og varamönnum þeirra skv. tilnefningu ofangreindra stofnaðila sem hver skal tilnefna einn stjórnarmann.
Stjórnarmenn skulu tilnefndir til þriggja ára í senn.

Stjórnin skipar sjálf með sér verkum. Meirihluti atkvæða ræður úrslitum í stjórn stofnunarinnar.
Stjórnin skal vinna að markmiðum stofnunarinnar og skal gæta þess eftir fremsta megni að kostnaður við starfsemina sé í samræmi við rekstraráætlanir.
Stjórnarfundi skal halda a.m.k. ársfjórðungslega. Formaður stjórnar boðar til funda.
Stjórnarfundir skulu skráðir í gerðabók.
Stjórninni er heimilt að skuldbinda stofnunina fjárhagslega og taka lán fyrir hennar hönd.
Stjórn er heimilt að ráða framkvæmdastjóra og veita fulla prókúru.

6.0. Framkvæmdastjóri.
Framkvæmdastjóri sér um daglegan rekstur stofnunarinnar og ber ábyrgð á störfum sínum gagnvart stjórn. Hann skal m.a. sjá um bókhald stofnunarinnar og semja ársreikning í samráði við stjórn.

7.0. Reikningar – ársskýrslur – rekstraráætlanir.
Stjórnin skal hafa ársreikning endurskoðaðan af löggiltum endurskoðanda tilbúinn fyrir lok marsmánaðar ár hvert. Jafnframt skal stjórnin láta gera skýrslu um starfsemi undangengis almanaksárs sem skal vera tilbúin um leið og ársreikningur.

Milliuppgjör skulu gerð af framkvæmdastjóra fjórum sinnum á ári og þau borin saman við rekstraráætlanir.
Rekstraráætlun fyrir hvert reikningsár skal stjórnin gera í samráði við framkvæmdastjóra. Slík rekstraráætlun skal vera tilbúin fyrir 1. desember yfirstandandi reikningsárs.

8.0. Starfsár – reikningsár.
Starfsár og reikningsár stofnunarinnar er almanaksárið.

9.0. Endurskoðun.
Stjórnin ræður löggiltan endurskoðanda til þess að endurskoða ársreikninga. Ársreikningar skulu áritaðir af endurskoðanda og stjórn. Ársreikningar skulu sendir Ríkisendurskoðun ásamt skýrslu um hvernig fjármunum hafi verið varið á næstliðnu reikningsári.

10.0. Breytingar á stofnsamþykktum og slit stofnunarinnar.
Verði verulegar breytingar á grundvelli stofnunarinnar m.a. vegna tekjumöguleika er heimilt að breyta samykktum þessum eða leggja stofnunina niður. Gildi slíkra ákvarðana er háð samþykki allra stjórnarmann.
Komi til þess að stofnunin verði lögð niður skulu eignir hennar renna til Kvikmyndasjóðs Íslands eða til annars aðila sem stjórnin ákveður með öllum greiddum atkvæðum.

11.0. Upphafsaðgerðir.
Sjáflseignastofnun vegna reksturs Media upplýsingaþjónustunnar á Íslandi, sem skipulagsskrá þessi tekur til skal taka við eignum, rekstri og skuldbindingum Samtaka um rekstur Media upplýsingaþjónustunnar á Íslandi, sem sett var á laggirnar með samningi sömu aðila og að skipulagsskrá þessari standa með samningi dags. 30. júní 1993.

12.0 Staðfesting dómsmálaráðherra.
Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari og hún birt í B-deild Stjórnartíðinda sem og allar breytingar á henni.

Reykjavík, 9. mars 1994.

Menntmálaráðherra,
Ólafur G. Einarsson

f.h. stj. Félags kvikmyndagerðarmanna,
Eiríkur Thorsteinsson

f.h. Sambands kvikmyndaleikstjóra,
Friðrik Þór Friðriksson

f.h. Sambands íslenskra
kvikmyndaframleiðenda,
Ari Kristinsson

f.h. Kvikmyndasjóðs Íslands,
Vilhjálmur Gíslason

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 10. maí 1994.

F. h. r.
Þorsteinn Geirsson.

Jón Thors.

REGLUGERÐ

um leysiefni til notkunar í matvælaiðnaði.

I. KAFLI
Almenn ákvæði og skilgreiningar.

1. gr.

Reglugerð þessi gildir um leysiefni, sem ætluð eru til notkunar í matvælaiðnaði, með fyrirvara um aðrar sértækari reglur um þessi efni. Hún gildir þó ekki um leysiefni sem notuð eru við framleiðslu á aukefnum, vítamínum eða öðrum næringarefnum, öðrum en þeim sem getið er um í viðauka reglugerðarinnar, en tryggja skal að notkun aukefna, vítamína eða annarra næringarefna leiði ekki til þess að matvæli innihaldi leifar leysiefna í þeim mæli að valdið geti heilsutjóni.

Reglugerðin gildir ekki um leysiefni eða matvæli sem ætluð eru til útflutnings til ríkja utan Evrópsks efnahagssvæðis.

2. gr.

Leysiefni eru efni sem notuð eru til að leysa upp matvæli eða efnisþætti þeirra, þar með talin öll aðskotaefni sem geta verið til staðar í matvælum.

Leysiefni til útdráttar eru leysiefni sem notuð eru við útdrátt við vinnslu á matvælum eða efnisþáttum þeirra og eru fjarlægð, en leifar efnanna kunna þó að fyrirfinnast í matvælunum eða efnisþáttum þeirra af tæknilegum ástæðum.

II. KAFLI
Notkun leysiefna og merking umbúða.

3. gr.

Notkun leysiefna til útdráttar í matvælaiðnaði skal vera í samræmi við það sem fram kemur í viðauka þessarar reglugerðar og samkvæmt þeim skilyrðum sem þar eru sett. Engin önnur efni skulu leyfð og tilgreint hámarksmagn skal ekki gilda um önnur efni en þar er kveðið á um.

4. gr.

Þar til annað verður ákveðið, er heimilt að nota efni, sem notuð eru til að þynna eða leysa bragðefni, sem leysiefni til útdráttar á náttúrulegum bragðefnum.

Vatn, sem inniheldur efni til jöfnunar á sýrustigi, etanól, og efni í matvælum sem hafa eiginleika leysiefna, er heimilt að nota sem leysiefni til útdráttar.

5. gr.

Tryggja skal að leysiefni til útdráttar innihaldi ekki eiturefni í því magni að valdið geti heilsutjóni. Þau skulu ekki innihalda meira en 1 mg/kg af arseni eða 1 mg/kg af blýi.

Hollustuvernd ríkisins er heimilt að fella tímabundið úr gildi eða takmarka notkun leysiefna sem fram koma í viðauka þessarar reglugerðar, ef sýnt þykir að slík notkun geti á einhvern hátt valdið heilsutjóni.

6. gr.

Óheimilt er að dreifa efnum sem fram koma í viðauka nema eftirfarandi upplýsingar komi fram á umbúðum eða áföstum merkimiðum. Merkingin skal vera greinileg, vel læsileg og þannig að hún máist ekki af umbúðunum. Merkja skal á íslensku, ensku eða Norðurlandamáli, öðru en finnsku.

a) vöruheiti eins og skráð er í viðauka;
b) upplýsingar um hreinleika efnisins og að það henti við útdrátt í matvælaiðnaði;
c) auðkenni framleiðslueiningar;
d) nafn og heimilisfang framleiðanda eða dreifanda;
e) nettómagn í rúmmálseiningum;
f) ef þörf krefur, geymslu- og notkunarskilyrði.

Heimilt er að upplýsingarnar sem getið er um í liðum c-f komi fram í viðskiptaskjölum viðkomandi vöru, sem látin skulu í té fyrir eða við afhendingu.

Þessi skilyrði gilda með fyrirvara um aðrar reglur er gilda um flokkun, pökkun og merkingu hættulegra efna og efnablanda.

III. KAFLI
Ýmis ákvæði og gildistaka.

7. gr.

Innlendur framleiðandi eða innflytjandi er ábyrgur fyrir því að leysiefni til notkunar í matvælaiðnaði séu í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar.

8. gr.

Heilbrigðisnefndir hafa undir yfirumsjón Hollustuverndar ríkisins, hver á sínum stað, eftirlit með því að ákvæðum þessarar reglugerðar sé framfylgt.

9. gr.

Með brot gegn reglugerð þessari skal farið samkvæmt lögum nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, lögum nr. 24/1936 um eftirlit með matvælum og öðrum neyslu- og nauðsynjavörum og lögum nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni, með síðari breytingum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Með mál sem rísa út af brotum gegn reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

10. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í lögum nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, lögum nr. 24/1936 um eftirlit með matvælum og öðrum neyslu- og nauðsynjavörum og lögum nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni, með síðari breytingum. Einnig var höfð hliðsjón af ákvæðum samningsins um Evrópskt efnahagssvæði, sem vísað er til í II. viðauka XII. kafla, 43. tölul., tilskipun 88/344/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi leysiefni sem notuð eru við framleiðslu matvæla og efnisþátta sem notaðir eru við matvælavinnslu, með breytingum nr. 92/115/EBE. Reglugerðin öðlast gildi við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 30. maí 1994.

Guðmundur Árni Stefánsson.

Páll Sigurðsson.

Viðauki

Leysiefni til útdráttar í matvælaiðnaði.

I. hluti

Leysiefni til útdráttar í samræmi við góða framleiðsluhætti[1])

Heiti
Própan
Bútan
Bútýlasetat
Etýlasetat
Etanól
Koldíoxíð
Aseton[2])
Díköfnunarefnisoxíð

1) Leysiefni til útdráttar telst notað í samræmi við góða framleiðsluhætti ef eftir notkun fyrirfinnast einungis leifar efnisins eða niðurbrotsefni þess, sem tæknilega var óhjákvæmilegt að komast hjá og heilsu manna stafar engin hætta af.

2) Notkun asetons í ólífukjarnaolíu er óheimil.

II. hluti

Leysiefni til útdráttar samkvæmt sérstökum skilyrðum.

Heiti	Notkunarskilyrði	Hámarksmagn leifa
Hexan[3])	Framleiðsla eða þáttun á fitum og olíum og framleiðslu á kakósmjöri.	5 mg/kg fitu, olíu eða kakósmjörs
	Framleiðsla á próteinafurðum og fituskertu mjöli	10 mg/kg í matvælum sem innihalda próteinafurðir og fituskert mjöl.
	Framleiðsla á fituskertum kornspírum	5 mg/kg
	Fituskertar sojavörur	30 mg/kg í tilbúinni vöru
Metýlasetat	Kaffínskerðing eða fjarlæging ertingarefna eða beiskra efna úr kaffi og tei	20 mg/kg kaffi eða te
	Framleiðsla sykurs úr melassa	1 mg/kg sykurs
Etýlmetýlketón[4])	Þáttun í fitum og olíum	5 mg/kg fitu eða olíu
	Kaffínskerðing eða fjarlæging ertingarefna eða beiskra efna úr kaffi eða tei	20 mg/kg kaffi eða te
Díklórmetan	Kaffínskerðing eða fjarlæging ertingarefna eða beiskra efna úr kaffi eða tei	2 mg/kg kaffi og 5 mg/kg te
Metanól		10 mg/kg
Própan-2-ól		10 mg/kg

3) Hexan er vara sem samanstendur aðallega af raðtengdnum mettuðum vetniskolefnum úr sex kolefnisatómum með suðupunkt á milli 64° og 70°C. Hexan og etýlmetýlketón er óheimilt að nota saman.

4) Leysiefnið má ekki innihalda meira en 50 mg/kg af n-Hexani og skal ekki nota það með bexani.

III. hluti
Leysiefni til útdráttar samkvæmt sérstökum skilyrðum

Heiti	Hámarksmagn (mg/kg) í matvælum vegna notkunar við framleiðslu á náttúrulegum bragðefnum
Díetýleter	
Hexan[5])	1
Metýlasetat	1
1-Bútanól	1
2-Bútanól	1
Etýlmetýlketón[5])	1
Díklórmetan	0,02
2-Metýl-1-própanól	1
Própan-1-ól	1

5) Þessa leysa er óheimilt að nota saman.

24. maí 1994 Nr. 290

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um Byggðastofnun, nr. 51/1992.

1. gr.

2. mgr. 20. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Til að stuðla að stofnun nýrra fyrirtækja getur Byggðastofnun veitt aðstoð og ráðgjöf við undirbúning, svo og veitt lán, ábyrgðir og óafturkræf framlög. Byggðastofnun er þó heimilt að taka þátt í félagi með hlutafjárframlagi eða öðrum stofnframlögum, sem eigandi, ef um er að ræða fjárfestingar- og þróunarfélag, þ.m.t. atvinnuþróunrfélög, sbr. 10. gr. laga nr. 64/1985, sbr. lög nr. 39/1991. Ef ríkar ástæður eru til, með tilliti til stöðu viðkomandi byggðarlags, er Byggðastofnun einnig heimilt að taka þátt í atvinnufyrirtækjum með hlutafjárframlagi eða öðrum stofnframlögum, allt að 20% af heildarhlutafé viðkomandi félags.

Við 20. gr. bætist ný málsgrein, sem verði 3. mgr. 20. gr. reglugerðarinnar, og orðist svo:

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. er Byggðastofnun ávallt heimilt að verja kröfur sínar með því að breyta þeim í hlutafé, enda sé það gert við nauðasamninga, sem fram fari samkvæmt lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 22. gr. laga um Byggðastofnun, nr. 64/1985 og skal öðlast þegar gildi.

Forsætisráðuneytið, 24. maí 1994.

Davíð Oddsson.

Ólafur Davíðsson.

REGLUGERÐ

um botn- og flotvörpur.

1. gr.

Lágmarksmöskvastærð í botnvörpu og flotvörpu skal vera 155 mm.

Botnvarpa og flotvarpa merkir skv. 1. mgr. 1. gr. og 2. gr. vörpur sem notaðar eru til veiða á helstu botnfisktegundum hér við land og tekur ekki til varpna, sem notaðar eru til veiða á sérstökum nytjastofnum eins og humri, rækju, kolmunna, spærlingi og fleiri tegundum, sem háðar eru sérstökum leyfum.

Með poka skv. reglugerð þessari er átt við aftasta hluta vörpunnar. Allir pokar skulu jafn breiðir eftir endilangri lengd þeirra og skulu þeir annað hvort skornir á síðum eða legg, ef um leggpoka er að ræða sbr. þó A-lið 12. gr. Óheimilt er að nota umbúnað af nokkru tagi til að koma í veg fyrir rennsli fisks aftur í poka.

2. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 1. gr. er skipum, sem stunda veiðar með botnvörpu og flotvörpu heimilt að nota riðil með lágmarksmöskvastærðinni 135 mm í allt að 25 öftustu metrum vörpunnar á svæði fyrir Vestur- og Suðurlandi utan línu, sem dregin er 320° réttvísandi frá stað 66°17'N og 24°00'V og 12 sjómílur utan grunnlínu, samkvæmt reglugerð nr. 299/1975, vestur og suður að línu, sem dregin er um eftirgreinda punkta:

1. 64°44'N - 24°27'V
2. 64°44'N - 24°12'V

og þaðan utan línu, sem dregin er 5 sjómílur utan við Geirfugladrang og þaðan utan 4ra sjómílna frá grunnlínupunktum suður og austur um að 18°00'V og þaðan í réttvísandi 180° í stað 63°17'N, 18°00'V og þaðan utan línu, sem dregin er um eftirgreinda punkta:

1. 63°41'N - 15°30'V
2. 64°19'N - 12°26'V
3. 64°25'N - 12°11'V
4. 64°40'N - 11°26'V

og þaðan utan línu, sem dregin er í réttvísandi norður út að mörkum fiskveiðilandhelginnar.

3. gr.

Lágmarksmöskvastærð humarvörpu skal vera 80 mm. Þó er skylt að hafa netstykki á legg úr a.m.k. 135 mm riðli fremst á efra byrði belgs vörpunnar fyrir aftan miðnet. Netstykki þetta skal vera a.m.k. 3 x 4 metrar að stærð. Hverjir tveir leggir þessa netstykkis skulu festast við sjö upptökur vörpunnar.

4. gr.

Lágmarksmöskvastærð rækjuvörpu skal vera 45 mm í vængjum aftur að þaki (miðneti) en 36 mm í öðrum hlutum rækjuvörpunnar.

Við veiðar á rækju á eftirgreindum svæðum skal nota net á legg í a.m.k. fjórum öftustu metrum vörpunnar:

A) Innan viðmiðunarlínu, á svæði frá Bjargtöngum norður og austur um að Rauðanúp.
B) Við úthafsrækjuveiðar fyrir Norðurlandi milli 14°V og 18°V. Austan Langaness markast syðri mörk svæðisins af línu, sem dregin er réttvísandi austur frá Fonti á Langanesi.
C) Fyrir Suðvesturlandi sunnan 65°15'N og vestan 23°V.

Við notkun leggpoka er heimilt að nota þrjá síðumöskva fyrir framan kolllínumöskvana. Skal hver leggur leggpokans festast við eina upptöku vörpunnar.

5. gr.

Lágmarksmöskvastærð í botn- og flotvörpum, sem notaðar eru til veiða á loðnu, skal vera 16 mm, á spærlingi 20 mm, og á kolmunna 38 mm.

6. gr.

Við möskvamælingar skal nota möskvamæla, sem þannig eru gerðir:
A) Hlutar möskvamælis eru: Mælistika, aflmælir fyrir 0-6 kg átak og lóð með tveggja og fimm kg massa.
B) Mælistika, sem nota skal til að mæla möskvastærð samkvæmt reglugerð þessari skal vera 2 mm þykk úr traustu efni og þannig gerð, að hún aflagist ekki. Stikan skal mjókka fram á við í hlutfallinu 1 á móti 8 hvorum megin. Breidd stikunnar skal merkt á 1 mm bili. Á efri enda stikunnar skal vera gat nægilega stórt til að notast sem handfang og á neðri enda skal vera gat til að hengja í lóð. Á efri enda skal ennfremur vera gat til að festa aflmæli við stikuna.

7. gr.

Við mælingu möskva skal mælistiku þannig beitt:
A) Netið skal strekkt svo að möskvar teygist eftir lengdarlínu þess.
B) Mjórri enda á stiku sbr. 6. gr. skal stungið í möskvann hornrétt á netið.
C) Stikunni skal stungið inn í möskvann, annað hvort með handafli eða með því að nota lóð eða aflmæli, þar til mælirinn stöðvast á skásettu hliðunum vegna viðnáms frá möskvanum.
D) Leggmöskvi skal teygður milli upptökuhnúta þegar stikunni er stungið í hann.

8. gr.

Við val á möskvum til mælingar skal eftirfarandi gætt:
A) Þeir möskvar sem mæla á skulu mynda röð af 20 samliggjandi möskvum, sem velja skal eftir lengdarási vörpunnar. Eigi skal mæla möskva sé hann viðgerður, slitinn eða eitthvað fest í hann.
B) Möskva skal ekki mæla nær leisum, burðarlínum og kolllínu en fjórum möskvum.
C) Eingöngu skal mæla net þegar þau eru blaut og ófrosin.

9. gr.

Stærð hvers möskva skal vera breidd mælistikunnar þar sem hún stöðvast þegar henni er beitt sbr. 7. gr.

10. gr.

Möskvastærð netsins, sem mælt er skv. 7.-9. gr. skal vera meðaltal mælinga einstakra möskva, gefið upp með 0.1 mm nákvæmni.

11. gr.

Eftirlitsmaður skal mæla eina röð af 20 möskvum, sem valdir eru skv. 8. gr. og skal hann stinga mælinum inn í möskvann með handafli án þess að nota lóð eða aflmæli. Síðan skal möskvastærðin reiknuð út samkvæmt 10. gr.

Sýni útreikningur á möskvastærðinni að möskvastærð sé ekki í samræmi við gildandi reglur, skal velja tvær raðir af 20 möskvum til viðbótar skv. 8. gr. og þær mældar. Þá skal reikna möskvastærð aftur skv. 10. gr. og taka með í útreikninginn þá 60 möskva sem þegar hafa verið mældir og skal þessi útreikningur skera úr um möskvastærð netsins.

Mótmæli skipstjórinn niðurstöðu mælingar, sem fengin er skv. 2. mgr., skal netið mælt að nýju. Við þá endurmælingu skal nota lóð eða aflmæli festan við stikuna og ræður eftirlitsmaður hvort notað er. Lóðið skal festa við gatið á mjórri enda stikunnar með króki. Aflmælinn skal festa við efri enda stikunnar.

Mæla skal þannig eina röð með 20 möskvum á ofangreindan hátt og skal meðaltalið gilda sem endanleg meðalmöskvastærð viðkomandi nets.

Við mælingu á vörpum, sem hafa möskvastærðina 45 mm eða minna skv. 4.-5. gr. skal nota 19.61 newtona afl (sem svarar til 2ja kg þyngdar), en á aðrar vörpur skal nota 49.03 newtona afl (sem svarar til 5 kg þyngdar).

12. gr.

Við veiðar er óheimilt að nota nokkurn þann útbúnað sem þrengir, herpir eða lokar á nokkurn hátt möskvum þeim sem getið er um í 1.-2 gr. reglugerðar þessarar og í ákvæði til bráðabirgða. Þó er heimilt að:

A) **Slitnet.** Festa undir allt að 25 öftustu metra botnvörpu net með sömu möskvastærð og er í pokanum í því skyni að draga úr sliti. Slitvara þessa má festa við pokann að framan og til hliðar og einnig er heimilt að festa slitvarana við styrktarnet efra byrðis að aftan sbr. C-lið þessarar greinar. Óheimilt er að nota meira en eitt byrði af slitneti.

B) **Slitmottur.** Festa undir slitvara þá er getið er í A-lið nautshúðir, mottur úr gerviefnum eða aðra sambærilega slitvara í því skyni að auka enn núningsþol pokans. Slitmottur þessar má aðeins festa að framan og á hliðunum.

C) **Styrktarnet.** Festa styrktarnet úr sama efni og varpan er gerð úr við allt að 18 öftustu metra efra byrðis botnvörpu og efra og neðra byrðis flotvörpu. Möskvastærð styrktarnetsins skal vera rúmlega tvöfalt stærri en möskvastærð vörpunnar þar sem það er fest við. Heimilt er að festa styrktarnet þetta við pokann að framan, á hliðum og að aftan sbr. A-lið þessarar greinar. Ganga skal þannig frá styrktarneti þessu að hver möskvi þess falli saman við fjóra möskva pokans. Óheimilt er að nota meira en eitt byrði af slíku styrktarneti.

D) **Styrktargjarðir.** Nota styrktargjarðir utan um pokann á allt að 25 öftustu metra botnvörpu og flotvörpu. Bil á milli gjarða skal vera minnst 1.8 m en heimilt er að festa öftustu gjörðina nær kolllínunni. Lengd gjarða skal vera minnst 45% af strengdri lengd netsins á þeim stað sem gjörðin er.

E) **Steinamottur.** Festa innan á neðra byrði botnvörpu húð eða mottu til að auka núningsþol pokans vegna grjóts, sem berst í pokann. Stærð þessara hlífa má mest vera 4 m^2 alls í hverri botnvörpu.

13. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1.-2. gr., ákvæðis til bráðabirgða og 12. gr. er heimilt við úthafskarfaveiðar að nota í 35 öftustu metrum vörpunnar minni möskva en í reglugerðinni segir og klæða þann hluta hennar með öðrum hætti.

Ákvæði 1. mgr. tekur aðeins til veiða á úthafskarfa með flotvörpu á svæði utan línu, sem dregin er milli eftirgreindra punkta:

1. 65°20'N - 29°45'V (við miðlínu milli Íslands og Grænlands)
2. 63°00'N - 26°00'V
3. 62°00'N - 27°00'V

og vestan línu, sem dregin er 180° réttvísandi frá 62°N- 27°N.

Ennfremur er heimilt við veiðar á blálöngu á "Franshóli" að klæða 25 öftustu metra vörpunnar styrktarneti með 135 mm möskvastærð eða nota í 25 öftustu metra vörpunnar net með 110 mm lágmarksmöskvastærð.

Ákvæði 3. mgr. tekur til veiða á svæði innan línu sem dregin er milli eftirgreindra punkta:

1. 61°03'N - 27°25'V
2. 60°57'N - 27°25'V
3. 60°57'N - 27°40'V
4. 61°03'N - 27°40'V

14. gr.

Við veiðar með botnvörpum og flotvörpum er óheimilt að nota nokkurn þann útbúnað sem þrengir, herpir eða lokar á nokkurn hátt möskvum þeim sem getið er um í 3.-5. gr. eða nota umbúnað af nokkru tagi til þess að koma í veg fyrir rennsli afla aftur í poka eða nota net eða annað til þéttingar poka að aftan. Þó er heimilt:

A) Við veiðar með botnvörpum og flotvörpum samkvæmt 4.-5. gr. að nota hlífðarpoka utan um pokann sjálfan. Lágmarksmöskvastærð slíks hlífðarpoka skal vera 135 mm. Þegar notaður er hlífðarpoki við innfjarðarækjuveiðar sbr. reglugerð um veiðar í atvinnuskyni er óheimilt að binda fyrir hlífðarpokann að aftan.
B) Að binda fyrir rækjupoka við innfjarðaveiðar allt að 20 cm fyrir ofan pokaendann og stinga lausa netinu inn í pokann til að þétta pokahnútinn.
C) Við veiðar með humarvörpum samkvæmt 3. gr. að festa undir pokann net allt að 9 m að lengd með 135 mm möskvastærð til þess að draga úr sliti.
D) Við veiðar með botnvörpum skv. 3.-5. gr. er heimilt að festa undir 8 öftustu metra vörpunnar nautshúðir eða mottur úr gerviefnum í því skyni að auka núningsþol pokans.

15. gr.

Eigi ná ákvæði þessarar reglugerðar til fiskveiða í þágu vísindalegra rannsókna. Ennfremur er ráðuneytinu heimilt að veita tímabundin leyfi til þess að nota vörpur með annarri möskvastærð eða öðrum útbúnaði en heimilt er samkvæmt reglugerð þessari. Leyfi þessi skulu bundin við veiðar á ákveðnum fisktegundum og ákveðin veiðisvæði.

16. gr.

Bannað er að henda í sjóinn veiðarfærum, netastykkjum svo og öðrum hlutum úr veiðarfærum. Týni skip veiðarfærum í sjó ber skipstjóra að reyna að slæða þau upp. Takist það ekki skal hann tilkynna það til Landhelgisgæslunnar og skýra frá staðsetningu veiðarfærisins, eins nákvæmlega og unnt er og hvenær það týndist.

17. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða refsingu samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og laga nr. 34, 17. maí 1976, um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands. Um ólögmætan afla fer

samkvæmt ákvæðum laga nr. 37, 27. maí 1992, um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla.

18. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og laga nr. 34, 17. maí 1976, um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast gildi 1. júní 1994 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er frá sama tíma felld úr gildi reglugerð nr. 191, 13. apríl 1994 um botn- og flotvörpur.

Ákvæði til bráðabirgða

I.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. gr. reglugerðar þessarar er heimilt að nota botn- og flotvörpu með lágmarksmöskvastærðinni 135 mm. Þó skal lágmarksstærð möskva í a.m.k. 8 öftustu metrum vera 155 mm þegar togveiðar eru stundaðar á eftirgreindum svæðum:

A) Á svæði fyrir Vestur- og Suðurlandi innan línu, sem dregin er 310° réttvísandi frá stað 66°00'N, 25°15'V, og innan línu, sem dregin er frá stað 66°00'N, 25°15'V, í stað 64°53'N, 25°15'V og þaðan í 90° réttvísandi í stað í 12 sjómílna fjarlægð frá grunnlínu suður og austur um að 19°50'V þaðan í stað 63°06'N, 18°00'V síðan í 65° réttvísandi að 10°00'V og þaðan 90° réttvísandi út að mörkum fiskveiðilandhelginnar.

B) Á tímabilinu 1. janúar til 31. ágúst á svæði milli 18°00'V og 21°00'V. Að norðan markast svæðið af línu, sem dregin er 6 sjómílur utan við grunnlínu samkvæmt reglugerð nr. 299/1975.

Sjávarútvegsráðuneytið, 31. maí 1994

F. h. r.
Árni Kolbeinsson.

Jón B. Jónasson.

Nr. 292 20. maí 1994

AUGLÝSING

um nafn á sveitarfélagi því sem til verður við sameiningu Suðurdalahrepps, Haukadalshrepps, Laxárdalshrepps, Hvammshrepps, Skarðshrepps og Fellsstrandarhrepps í Dalasýslu.

Nafn hins nýja sveitarfélags (hrepps) skal vera Dalabyggð.

Félagsmálaráðuneytið, 20. maí 1994.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Sesselja Árnadóttir.

Stjórnartíðindi B 38, nr. 270–292. Útgáfudagur 31. maí 1994.

STJÓRNARTÍÐINDI B 39 - 1994

3. júní 1994 901 Nr. 293

GJALDSKRÁ OG REGLUR

fyrir símaþjónustu.

(Virðisaukaskattur er ekki innifalinn).

Gildir frá 10. júní 1994.

I. KAFLI

Gjaldskrá fyrir talsímanotendur í sambandi við sjálfvirkar miðstöðvar.

1. Stofngjald.

1.1. Fyrir hvert númer í miðstöð og línu ..... kr. 8 550,00

1.2. Símnotandi greiðir símatalfæri, húslagnir og hvers konar búnað, sem setja þarf upp, samkvæmt kostnaðarverði á hverjum tíma, sem telst innkaupsverð eða framleiðsluverð að viðbættum umsýslukostnaði. Búnaður sem tengdur er almenna fjarskiptakerfinu verður að vera samþykktur af Fjarskiptaeftirliti ríkisins. Póst- og símamálastjóri gefur út verðskrá fyrir notendabúnað í samráði við ráðuneytið.

Stofngjaldið miðast við síma innan marka samfelldrar þéttrar byggðar út frá hlutaðeigandi símstöð, samkvæmt nánari ákvörðun Póst- og símamálastofnunarinnar og greiðist það fyrirfram. Þó greiðist aukagjald, þegar leggja á síma í hús, sem stendur meira en 50 metra frá aðalvegi, þar sem aðaljarðsímar liggja.
Utan þessara marka greiðist aukastofngjald af línuleiðinni frá nefndum mörkum og til hlutaðeigandi notanda. Nefnd aukagjöld eru ákveðin af Póst- og símamálastofnuninni í hvert skipti.
Póst- og símamálastofnunin ákveður reglur um tengingar og lagnir fyrir notendabúnað.

2. Afnotagjald.

Afnotagjald greiðist ársfjórðungslega fyrirfram. Verði almenn hækkun afnotagjalds leyfð frá tilteknum degi, skulu þeir sem greitt höfðu fyrirfram, greiða hækkunina með síðari afnotagjaldsreikningi. Umframgjald miðast að jafnaði við notkun símans næsta eða næstsíðasta ársfjórðung á undan. Aflestur af skrefateljurum fer að jafnaði fram á tímabilinu 25. hvers mánaðar til mánaðamóta.
Þó má, þegar sérstaklega stendur á vegna tilfærslu á greiðslumánuði ársfjórðungsgjalda, krefjast afnotagjalda 1—2 mánuði fram í tímann, þegar tilfærsla fer fram.
Enda þótt væntanlegur símnotandi, sem beðið hefur um síma, sé af einhverjum ástæðum ekki reiðubúinn til þess að taka við honum, þegar stofnunin getur veitt aðgang að númeri í miðstöð og línu, skal þó reikna hið venjulega afnotagjald af símanum strax frá þeim tíma, er stofnunin gat látið umbeðna þjónustu í té.

B 64

Steindórsprent Gutenberg hf.

2.1. Ársfjórðungsgjaldið fyrir númer í miðstöð og línu er kr. 1 110,00 fyrir heimili og kr. 2 220,00 fyrir verslunar og/eða atvinnusíma að viðbættum kr. 2,67 fyrir hvert teljaraskref umfram 400 á ársfjórðungi, nema þar sem notendafjöldi er yfir 20 000 á sama stöðvargjaldsvæði, þar verða 200 skref innifalin í fastagjaldinu.

2.2. Fyrir búnað í símstöð til að senda talningar til notanda kr. 505,00 á ársfjórðungi.

2.3. Fyrir notendabúnað, sem Póst- og símamálastofnunin lætur í té, greiðist rekstrargjald samkvæmt verðskrá fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar, sem póst- og símamálastjóri gefur út í samráði við ráðuneytið, eða afnotagjald skv. I. kafla 3. og 4.

Þegar um er að ræða venjulegt símatalfæri fyrir eina línu greiðist ekki rekstrargjald, en í þess stað greiðist fyrir viðgerðir samkvæmt reikningi. Jafnframt er stofnuninni heimilt að fella niður rekstrargjald af öðrum notendabúnaði og greiðist þá fyrir viðhald og viðgerðir á þeim búnaði samkvæmt reikningi.

Hjá notendum, sem hafa tvær eða fleiri línur í sjálfskiptireit stöðvarinnar, er flokkunin miðuð við meðalskrefafjölda á númerunum.

Framangreind gjöld miðast við síma innan marka samfelldrar þéttrar byggðar út frá hlutaðeigandi miðstöð, samkvæmt nánari ákvörðun Póst- og símamálastofnunarinnar. Fjarlægðargjald reiknist af línuleiðum, þegar notandi er utan samfelldrar þéttrar byggðar og fjarlægð frá almennu jarðsímanotendakerfi er yfir 500 metrar.
Gjald þetta skal vera sem hér segir á ársfjórðungi.

a.	Lengd línuleiðar	0.5—1.0 km	kr.	280,00
b.	Lengd línuleiðar	1.0—2.0 km	kr.	415,00
c.	Lengd línuleiðar	2.0—4.0 km	kr.	695,00
d.	Lengd línuleiðar	4.0—8.0 km	kr.	1 675,00
e.	Lengd línuleiðar	yfir 8.0 km	kr.	2 230,00

3. Talfæri, talfærakerfi og fleira.

Hér er um að ræða búnað sem látinn var í té á stofngjaldi og ekki er gjaldfærður skv. kostnaðarverði og rekstrargjaldi skv. verðskrá fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar og fjarritvélar.

	Stofngjald kr.	Afnotagjald á ársfj. kr.
3.1. 2ja línu talfæri DBH (eldri gerð, svört)		500,00
3.2. Ritarasímar (sekreter), ATEA 812L, 1 lína, 2 talfæri		580,00 [1][2][3]
3.3. Ritarasímar, AVH dialog, 2 línur, 2 til 3 talfæri.....		615,00 [1]
3.4. Ritarasímar, Siemens, 2 línur, 2 talfæri		1 650,00
3.5. Ritarasímar, DBH 3, 1 lína, 2 talfæri (eldri gerð, svört)		365,00 [1]
3.6. Raðsímar, ATEA 816, 1 lína, 3 til 6 talfæri		605,00 [1][2][3]
3.7. Raðsímar, ATEA 822, 2 línur, 1 til 2 talfæri		725,00 [1][2][3]
3.8. Raðsímar, ATEA 829, 2 línur, 3 til 10 talfæri		950,00 [1][2][3]
3.9. Raðsímar, ATEA 849, 4 línur, 3 til 10 talfæri		1 165,00 [1][2][3]
3.10. Raðsímar, Reipos, 2 línur, 3 til 6 talfæri		825,00 [1]

Skýringar:

1) Á hvert talfæri.

2) Með öllum ATEA raðsímum fylgir ein bjalla fyrir hverja miðstöðvarlínu.

3) ATEA-kerfi sett upp fyrir 10. nóv. 1978, en öll önnur ATEA-kerfi eru í verðskrá.

	Stofngjald kr.	Afnotagjald á ársfj. kr.
3.11 Millisamband á sömu lóð (hámark 50 m) DBH4 (magneto), talfæri innifalin	4 965,00[2])	545,00
3.12. Millisamband á sama svæði DBH4 (magneto), talfæri innifalin	10 325,00[1])	1 205,00
3.13. Millisamband milli svæða (Rvík) DBH4 (magneto), talfæri innifalin	10 325,00[1])	7 120,00
3.14. Millisamband innanhúss DBH4 (magneto), talfæri innifalin	4 035,00[1])	505,00
3.15. Millisamband milli húsa án tengingar við miðstöð	10 325,00	2 920,00
3.16. Millisamband milli svæða (Reykjavík) án tengingar við miðstöð	10 325,00	8 825,00
3.17. Tengigjald, nýr sími í stað millisambands, talfæri ekki innifalið, kr. 1 440,00.		

4. Einkasímstöðvar.

4.1. Handvirkar einkasímstöðvar (CB).
Uppsetningarkostnað einkasímstöðvar og allar talfæralagnir skal greiða skv. reikningi (efni og vinnu). Hér er átt við allar stofnlagnir, greini- og tengiskápa, tengilista, tengilagnir, tengla eða annan tengibúnað o. s. frv.

	Stofngjald kr.	Afnotagjald á ársfj. kr.
4.1.1. L.M.E. 1+3		615,00
4.1.2. L.M.E. 2+6		1 230,00
4.1.3. L.M.E. 3+9		1 845,00
4.1.4. L.M.E. 4+16		3 075,00
4.1.5. ADG 101 8+40		7 380,00
4.2. Sjálfvirkar einkasímstöðvar (PABX). Viðhald sjálfvirkra einkasímstöðva, sem stofnunin selur er skv. reikningi eða sérstöku rekstrargjaldi.		
4.2.1. Fyrir hvern númerabúnað í einkasímstöðvum (ákveðnar eldri stöðvar)		430,00
4.2.2. Fyrir hvern miðstöðvalínubúnað í einkasímstöðvum (ákveðnar eldri stöðvar)		865,00
4.3. Búnaður og línur tengdar handvirkum og sjálfvirkum einkasímstöðvum í 4.1. og 4.2. og öðrum einkasímstöðvum.		

Skýringar:
1) Uppsetning og flutningur greiðist samkv. reikningi, en áætlaður kostnaður greiðist sem innborgun með kostnaðargjaldi.
2) Á hvert talfæri.

	Stofngjald kr.	Afnotagjald á ársfj. kr.
4.3.1. Númer frá einkasímstöð á sama stöðvarsvæði. Talfæri ekki innifalið, afnotagjald sjá XIII. kafla.....	7 170,00	
4.3.2. Númer frá einkasímstöð á aðliggjandi stöðvarsvæði (Rvík). Talfæri ekki innifalið	7 170,00	6 820,00
4.3.3. Númer frá einkasímstöð út fyrir aðliggjandi stöðvarsvæði (Rvík). Talfæri ekki innifalið	7 170,00	9 750,00
4.3.4. Þverlínusamband milli einkasímstöðva á sama stöðvarsvæði. Endabúnaður greiðist skv. reikningi	7 170,00	5 920,00
4.3.5. Þverlínusamband milli einkasímstöðva á aðliggjandi stöðvarsvæðum (Rvík). Endabúnaður greiðist skv. reikningi	7 170,00	7 405,00
4.3.6. Þverlínusamband milli einkasímstöðva, sem eru ekki á aðliggjandi stöðvarsvæðum (Rvík). Endabúnaður greiðist skv. reikningi	7 170,00	8 880,00
4.3.7. Fyrir 2 Mb/s þverlínusamband milli einkasímstöðva greiðist 18 falt gjald sbr. 4.3.4.–4.3.6. Gildir aðeins þegar 2 Mb/s straumur tengist einkasímstöð beint.		
4.3.8. Fyrir beinar innvalslínur í einkasímstöð er tekið gjald skv. verðskrá fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar, sem gefin er út af póst- og símamálastjóra í samráði við ráðuneytið.		

5. Flutningsgjald.

		Kr.
5.1.	Milli húsa á sama símstöðvarsvæði fyrir hvert símanúmer og venjulegan búnað ..... (Flutningsgjald greiðist að fullu, enda þótt sími sé fyrir í því húsi, sem flutt er í).	4 275,00
5.2.	Milli símstöðvarsvæða	5 290,00
5.3.	Til viðbótar 5.1. og 5.2. greiðir símnotandi húslagnir og tilheyrandi búnað, sem setja þarf upp, samkvæmt kostnaðargjaldi á hverjum tíma.	
5.4.	Innanhúss samkvæmt kostnaðargjaldi.	

Flutningsgjöld fyrir annan búnað milli símstöðvarsvæða eru samkvæmt kostnaðargjaldi. Sé sími fluttur á sama ári og hann er settur upp, eða oftar en einu sinni á sama ári, innan sama símstöðvarsvæðis, má lækka flutningsgjaldið skv. 5.1. niður í allt að kr. 2 195,00 ef flutt er innan 6 mánaða, en í allt að kr. 2 725,00 ef 6–12 mánuðir líða á milli.

6. Viðtökugjald og gjald fyrir númeraskipti.

Flytji aðili í húsnæði og taki samtímis við símaréttindum eldri rétthafa, sem afsalar sér réttindum til hans eða hættir að vera rétthafi, og án breytinga á símalögn er gjaldið kr. 4 800,00. Viðtökugjald lækkar í kr. 855,00 af heimilissíma þegar barn, barnabarn eða tengdabarn tekur við símanum af foreldri og gagnkvæmt. Sama gildir um systkini og maka þeirra. Viðtökugjald fyrir sérbúnað verður ákveðið af Póst- og símamálastofnuninni í hvert skipti.

Óski símnotandi að skipta um símanúmer og verði það samþykkt er gjald fyrir slík númeraskipti kr. 1 710,00.

Fyrir makaskipti á símanúmerum án nokkurra breytinga á búnaði og lögn skal hvor aðili greiða hálft flutningsgjald sbr. 5.1. og 5.2. hér að framan.

Aldrei er heimil viðtaka nema nýi rétthafinn sæki um skriflega og taki jafnframt að sér að greiða allar áfallnar og áfallandi gjaldskuldir vegna yfirtekinna símaréttinda. Á sama hátt ber nýjum rekstraraðilum að sækja skriflega um viðtöku símaréttinda, þegar aðilaskipti verða að félögum.

Stofnunin getur ákveðið við slit símaréttinda að viðkomandi símanúmer séu ekki til ráðstöfunar nema viðtaka símaréttindanna fari fram. Í því tilviki tekur nýi rétthafinn á sig óþægindi, sem kunna að vera því samfara að eldri rétthafinn er skráður í símaskrá.

7. Græn símanúmer.

Rétthafi grænsímanúmers greiðir meðallanglínugjald fyrir öll innkomandi langlínusímtöl, þ.e. 40 sek. skrefagjald á dagtaxta, 60 sek. á kvöldtaxta og 80 sek. á nætur- og helgartaxta. Fyrir innkomandi staðarsímtöl greiðir rétthafi samkvæmt staðartaxta. Fyrir símtöl til útlanda greiðir rétthafi samkvæmt gjaldskrá viðkomandi lands. Sá sem hringir í grænt símanúmer greiðir alltaf samkvæmt staðartaxta.

		Kr.
7.1.	Stofngjald fyrir þjónustuna	27 715,00
7.2.	Afnotagjald fyrir þjónustuna á ársfjórðungi	11 085,00

Upphringingum, sem koma inn á græna númerið, verður vísað yfir á önnur númer eitt eða fleiri, sem rétthafinn greiðir fyrir samkvæmt gjaldskrá.

8. Sérþjónusta í stafræna símakerfinu.

8.1. Sækja þarf sérstaklega um sérþjónustur og eru þær án sérstaks stofngjalds.

8.2. Afnotagjald.

Fyrir þessa þjónustu er greitt ársfjórðungsgjald og/eða sérstakt notkunargjald þegar viðskiptavinur gerir viðkomandi þjónustu virka.

8.2.1. Vakning. Sjálfvirk upphringing frá símstöð á tilteknum tíma sem notandinn sjálfur ákveður. Notkunargjald er 5 teljaraskref í hvert sinn.

8.2.2. Skammval. Afnotagjald fyrir hver 10 númer er kr. 153,00 á ársfjórðungi.

8.2.3. Símtalsflutningur.

a) Öll símtöl eru flutt.
b) Þegar númerið er upptekið.
c) Þegar ekki er svarað.

Ekki er greitt afnotagjald fyrir þessa þjónustu en sá sem flytur símtalið greiðir fyrir það teljaraskref samkvæmt gjaldskrá við það númer sem flutt er í.

8.2.4. Læsing. Hægt er að velja milli margra mismunandi möguleika. Afnotagjald er kr. 153,00 á ársfjórðungi nema fyrir læsingu í Símatorg sem er gjaldfrjáls. Hægt er, að vali notanda, að læsa í stöð eða með lykilorði.

8.2.5. Endurval. Síðast valda númerið endurvalið. Afnotagjald er kr. 153,00 á ársfjórðungi.

8.2.6. Sjálfvirk hringing í fyrirfram ákveðið númer þegar lyft hefur verið af. Afnotagjald er kr. 153,00 á ársfjórðungi:
a) Hringing samstundis.
b) Hringing eftir 6 sekúndur.

8.2.7. Þriggja manna tal. Þrír geta talast við í einu. Afnotagjald er ekki innheimt. Teljaraskref reiknast eins og um tvö aðskilin símtöl sé að ræða.

8.2.8. Símtal bíður. Tónn gefur til kynna að viðkomandi símtal bíður. Hægt er að geyma fyrra símtal meðan öðru símtali er svarað. Afnotagjald er ekki innheimt.

8.2.9. Símtalavíxl. Hægt er að hringja í tvö símanúmer og skipta á milli þeirra. Afnotagjald er ekki innheimt. Teljaraskref reiknast eins og um tvö aðskilin símtöl sé að ræða.

9. Símatorg.

Aðalreglan er að símsvarabúnaður og annar búnaður tengdur upplýsingaveitunni sé í eigu rekstraraðilans (SP).

9.1. Greitt er fyrir tengingu við almenna símakerfið á sama hátt og fyrir tengingu einkasímstöðvar þ.e. stofngjald kr. 8 550,00 og ársfjórðungsgjald kr. 2 220,00. Greitt er fyrir hverja línu.

9.2. Fyrir hvert uppkallsnúmer er greitt stofngjald kr. 8 550,00 og ársfjórðungsgjald kr. 4 440,00.

9.3. Ef rekstraraðili notar símsvara í eigu Pósts og síma er greidd leiga kr. 400 000,00 á ári fyrir hverja klukkustund sem notuð er af minni símsvarans. Minnsta gjald er fyrir 10 mínútur. Leigan er einungis fyrir aðgang að símsvarabúnaði og rekstri hans en innifelur ekki neina þjónustu tengda þeim upplýsingum sem eru á símsvaranum.

9.4. Viðskiptagjald er samkvæmt fimm mismunandi flokkum þar sem bil milli skrefatalninga er 16 sek., 12 sek., 8 sek., 5 sek. og 3 sek. Mínútugjald og skipting er eftirfarandi:

Flokkur	Mínútu-gjald kr.	Hlutur P & s kr.	Hlutur SP kr.	Hlutur SP í %
I	10,01	5,00	5,01	50,0
II	13,35	6,68	6,67	50,0
III.....	20,03	9,01	11,02	55,0
IV.....	32,04	12,30	19,74	61,6
V	53,40	7,03	36,37	68,1

Auk þessa er tekið fyrir svarskref sem alltaf kemur í hlut Pósts og síma.
Flokkar III til V eru lokaðir símnotendum sem eru tengdir hliðrænni símstöð.

10. Sundurliðun símtala í stafræna símakerfinu.

Rétthafa í stafræna símakerfinu er gefinn kostur á að fá sundurliðun yfir símtöl önnur en venjuleg staðarsímtöl. Í sundurliðuninni kemur fram í hvaða númer var hringt, að slepptum tveimur síðustu stöfum, hvenær, hve lengi símtalið stóð og fjöldi teljaraskrefa.

10.1. Stofngjald kr. 625,00.

10.1.1. Ársfjórðungsgjald kr. 225,00.

10.1.2. Gjald pr. símtal kr. 1,30.

11. Uppsögn.

Segja má símasambandinu upp með minnst eins mánaðar fyrirvara, og skal það gert skriflega.

12. Lánssímar.

Þegar sérstaklega stendur á, svo sem þegar um bráðabirgðasíma er að ræða, má þó leigja afnot af síma fyrir lægra gjald en venjulegt árlegt afnotagjald, og ákveður Póst- og símamálastofnunin þá gjaldið í hverju tilviki með tilliti til aðstæðna. Sama gildir um stofngjald.

13. Viðhald notendabúnaðar.

Viðhaldskostnaður notendabúnaðar, sem stofnunin selur greiðist skv. reikningi eða er innifalinn í rekstrargjaldi búnaðarins skv. verðskrá fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar, sem póst- og símamálastjóri gefur út í samráði við ráðuneytið, ef um eðlilegt slit er að ræða, eða afnotagjaldi skv. I. kafla 3. og 4. Sjá þó ákvæði í I. kafla 2.3.

Notandi skal sjálfur annast og bera kostnað af tryggingu búnaðar í eigu Póst- og símamálastofnunar, sem er í hans vörslu, gagnvart bruna, vatnsskaða eða öðru tjóni.

II. KAFLI
Notendasímar í sveitum.

Um notendasíma á ábýlisjörðum í sveitum gilda eftirfarandi reglur:

1. Stofngjald.

Stofngjald fyrir sjálfvirkan síma er sama og í I. kafla.

2. Afnotagjald á ársfjórðungi.

2.1. Fyrir hvert handvirkt númer í miðstöð og línu í sambandi við miðstöð kr. 555,00.

2.2. Fyrir hvert sjálfvirkt númer í miðstöð og línu greiðist sama gjald og um getur í I. kafla 2.

2.3. Fyrir annan notendabúnað en aðaltalfæri greiðist rekstrargjald eða afnotagjald samkvæmt verðskrá fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar, sem póst- og símamálastjóri gefur út í samráði við ráðuneytið.

2.4. Viðhaldskostnaður aðaltalfæris er innifalinn í afnotagjaldi skv. 2.1., ef um eðlilegt slit er að ræða. Viðhaldskostnaður annars notendabúnaðar sem stofnunin selur, greiðist skv. reikningi eða er innifalinn í rekstrargjaldi eða afnotagjaldi búnaðarins skv. verðskrá fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar, sem póst- og símamálastjóri gefur út í samráði við ráðuneytið, ef um eðlilegt slit er að ræða. Sjá þó ákvæði í I. kafla 2.3.

3. Almenn ákvæði.

3.1. Síminn fylgir jörðinni, og má ekki rifta því. Nýr ábúandi á jörðinni þarf ekkert viðtökugjald að greiða.

3.2. Ef notandi óskar flutnings á símanum, greiðir hann kostnað eftir reikningi.

3.3. Leggist jörð í eyði eða ef ábúandi vill ekki hafa símann, má taka hann burtu. Línuna skal þó ekki taka niður á fyrsta ári, ef líkur benda til, að jörðin verði aftur í byggð eða ábúendaskipti verði. Skal haft um þetta samráð við hlutaðeigandi oddvita.

3.4. Símnotendur eru að sjálfsögðu háðir sömu reglum og venjum, sem almennt gilda um meðferð símtækja og starfrækslu notendasíma.

3.5. Póst- og símamálastofnunin hefur að sjálfsögðu, hvenær sem er, heimild til að fjölga símum út frá notendasímalínum eða í framhaldi af þeim.

3.6. Stofngjöld greiðast fyrirfram og eigi síðar en þegar síminn er tengdur í samband. Afnotagjald greiðist fyrirfram fyrir einn ársfjórðung í senn, og eru gjalddagar 1. virkan dag í janúar, apríl, júlí og október. Verði almenn hækkun afnotagjalds leyfð frá tilteknum degi, skulu þeir sem greitt höfðu fyrirfram, greiða hækkunina með síðari afnotagjaldsreikningi. Þegar um nýtt gjald er að ræða, fer gjaldið í fyrsta sinn eftir því, hve langur tími er eftir af ársfjórðungnum, sem stendur yfir, þegar símasambandið er opnað, og telst þá hluti úr mánuði sem heill mánuður.

3.7. Undir ákvæði þessa kafla gjaldskrárinnar falla símar bænda í sveitum almennt, nema þeirra, sem búa í hverfum, þorpum, kauptúnum eða í nágrenni þeirra. Um síma þeirra fer eftir ákvæði I. kafla eftir því, sem við á, allt samkvæmt ákvörðun Póst- og símamálastofnunarinnar. Þannig greiðist afnotagjald fyrir síma í sumarbústöðum, veiðiskálum, íþróttaskálum, skólum, gisti- og veitingastöðum, hjá iðnrekendum, atvinnurekendum eða verslunum o.s.frv., samkvæmt I. kafla, en ekki samkvæmt þessum kafla. Um síma hjá öðrum aðilum eða stofnunum í sveit, eða þar sem sérstaklega stendur á, fer í hvert skipti eftir ákvörðun Póst- og símamálastofnunarinnar eða eftir samkomulagi.

III. KAFLI
Símtalagjald.

1. Símtalagjald innanlands.

Gjöld fyrir bæjar- og langlínusímtöl sem valin eru sjálfvirkt innanlands: Símtöl eru gjaldfærð samkvæmt tímamælingu sem skráð er í skrefum á teljara hlutaðeigandi síma. Fyrsta talning kemur ætíð við svar. Líkur fyrir fjölda talninga ákvarðast af eftirfarandi líkingu:

$$F = 1 + n + \frac{t - ns}{s}$$

F = Fjöldi talninga símtals
s = Skreflengd í viðkomandi gjaldflokki
n = Fjöldi viðtalsbila að tímalengd s.

$$n = \begin{cases} 0, & t < s \\ 1,2,3 \ldots & t \geq s \end{cases}$$

t = lengd símtalsins.

$\frac{t - ns}{s}$ Líkindi fyrir talningu til viðbótar við svartalninguna og fjölda viðtalsbila, n.

$$0 \leq \frac{t - ns}{s} < 1$$

Mæla skal t og s í sömu einingum, sekúndum eða mínútum.

1.1. Dagtaxti er frá kl. 08.00 til kl. 18.00 frá mánudegi til föstudags.

Gjaldflokkur	sek. í skrefi
1 staðarsímtöl	240 sek.
2	48 sek.
3	32 sek.

1.2. Kvöldtaxti er frá kl. 18.00 til kl. 23.00 frá mánudegi til föstudags.

Gjaldflokkur	sek. í skrefi
1 staðarsímtöl	480 sek.
2	72 sek.
3	48 sek.

1.3. Nætur og helgartaxti er frá kl. 23.00 til kl. 08.00 frá mánudegi til föstudags og frá kl. 23.00 á föstudegi til kl. 08.00 næsta mánudag.

Gjaldflokkur	sek. í skrefi
1 staðarsímtöl	480 sek.
2	96 sek.
3	64 sek.

1.4. Sveitabæir með sjálfvirkan síma hafa gjaldflokk 1 við símtöl til annarra notenda sömu símstöðvar.

2. Símtöl afgreidd um handvirkar afgreiðslur.

	Minnsta gjald kr.	Umframgjald pr. mín. kr.
2.1. Innan sama númerasvæðis	21,00	7,00
Milli númerasvæða	36,00	12,00
Við farsíma	60,00	20,00

2.2. Kvaðning kr. 27,00. Kvaðningargjald greiðist hvort sem náðst hefur í umbeðinn mann eða ekki.

2.3. Afgreiðslugjald: kr. 59,00 reiknast ávallt fyrir handvirka afgreiðslu símtala. Kvaðning er ekki innifalin.

2.4. Boðun í síma: kr. 83,00 á venjulegu útburðarsvæði símstöðva, og kr. 42,00 fyrir hvern byrjaðan km út fyrir það. Símaboðunargjald greiðist hvort sem úr símtali verður eða ekki.

2.5. Handvirk vakning kr. 57,00. Föst vakning, pr. mánuð kr. 960,00.

2.6. Gjald fyrir hringingar í 03 og 08 er 1 teljaraskref við svar og talning á 8 sek. fresti.

3. Sjálfvirk símtöl frá símaafgreiðslu.

Staðgreidd sjálfvirk símtöl frá símaafgreiðslu, viðskiptavinur velur sjálfur, kr. 3,47 fyrir hvert teljaraskref. Afgreiðslugjald er kr. 27,00.

4. Símtöl um strandarstöðvar.

Gjöld fyrir símtöl um íslenskar strandarstöðvar:

4.1. Radíósímtöl við skip og bíla. Minnsta gjald er fyrir 3 mínútur og umframgjald fyrir hverja byrjaða mínútu þar fram yfir.

Tíðnisvið	Minnsta gjald kr.	Umframgjald pr. mín. kr.
Metrabylgja (VHF)	90,00	30,00
Millibylgja (MF)	111,00	37,00
Stuttbylgja (HF)	153,00	51,00

4.2 Afgreiðsla við farsíma í skipi eða bíl. Minnsta gjald er fyrir 3 mínútur og umframgjald fyrir hverja byrjaða mínútu þar fram yfir.

Tíðnisvið	Minnsta gjald kr.	Umframgjald pr. mín. kr.
Metrabylgja (VHF)	103,05	34,35
Millibylgja (MF)	124,05	41,35
Stuttbylgja (HF)	166,05	55,35

4.3 Fyrir aukaþjónustu að ósk símtalsbeiðanda greiðist samkvæmt III. kafla; 2.

4.4 Fyrir radíósímtöl við skip til að frá útlöndum er gjaldið þannig reiknað:
a. Gjald milli Íslands og hlutaðeigandi lands.
b. Afgreiðslugjald samkvæmt 4.1. eða 4.2. í þessari grein.
c. Fyrir aukaþjónustu að ósk símtalsbeiðanda greiðist samkvæmt III. kafla; 2.

5. Símtalagjöld milli Íslands og annarra landa.

Þau ákvarðast eftir alþjóðasamþykktum og milliríkjasamningum, og tilkynnir Póst- og símamálastofnunin þau, eins og þau eru á hverjum tíma. Fyrir símtöl til útlanda er í gildi næturtaxti frá kl. 23.00 til kl. 08.00 alla daga.

IV. KAFLI
NMT-farsímakerfið.

1. Farsímaþjónusta.

Fyrir þessa þjónustu greiðist stofngjald, afnotagjald og viðskiptagjald.

1.1. Stofngjald er kr. 9 390,00 fyrir hvert númer og greiðist við úthlutun þess.

1.2. Afnotagjald er kr. 1 220,00 á ársfjórðungi sem greiðist fyrirfram. Verði almenn hækkun afnotagjalds leyfð frá tilteknum degi, skulu þeir sem greitt höfðu fyrirfram, greiða hækkunina með síðari afnotagjaldsreikningi.

1.3. Viðtökugjald án númeraskipta kr. 5 275,00, enda beri nýi símnotandinn ábyrgð á ógreiddum áföllnum skuldum.

1.4. Óski handhafi símanúmers að skipta um númer og verði það samþykkt er gjald fyrir slík númeraskipti kr. 1 870,00.

1.5. Viðskiptagjald fyrir sjálfvirka þjónustu til og frá farsímakerfinu er skrefagjald, kr. 2,67 fyrir hvert skref, 12 sek. í skrefi innanlands og gjald tekið fyrir hvert byrjað skref.

2. Frístundafarsími.

Frístundafarsími er þjónusta innan NMT-farsímakerfisins þar sem stofngjald og afnotagjald er lægra en fyrir venjulegan farsíma. Hentar vel fyrir þá sem vilja nota símann utan venjulegs vinnutíma og sem öryggistæki í sumarbústöðum og á ferðalögum.

2.1. Stofngjald er kr. 2 000,00 fyrir hvert númer og greiðist við úthlutun þess.

2.2. Afnotagjald er kr. 400,00 á ársfjórðungi sem greiðist fyrirfram. Verði almenn breyting á afnotagjaldi leyfð frá tilteknum degi skulu þeir sem greitt höfðu fyrirfram fá leiðréttingu með síðari afnotagjaldsreikningi.

2.3. Viðskiptagjald til og frá frístundafarsíma milli kl. 18:00 og 08:00 virka daga og frá kl. 18:00 á föstudegi til kl. 08:00 á mánudegi er skrefagjald, 12 sek. í skrefi innanlands og gjald tekið fyrir hvert byrjað skref.

Ef hringt er úr frístundafarsíma milli kl. 08:00 og 18:00 virka daga eru 4 sek. í skrefi og gjald tekið fyrir hvert byrjað skref. Ef hringt er í frístundafarsíma úr almenna símakerfinu eða venjulegum farsíma á sama tíma greiðir sá sem hringir venjulegt farsímagjald.

2.4. Ef frístundanúmeri er breytt í venjulegt NMT-farsímanúmer þarf að greiða mismun á stofngjaldi.

2.5 Ef venjulegu NMT-farsímanúmeri er breytt í frístundanúmer þarf að greiða kr. 1 870,00.

2.6. Gjald fyrir sjálfvirkt símtal úr frístundafarsíma til útlanda er eins og gjald til viðkomandi lands úr almenna kerfinu að viðbættum 12,00 kr. á mínútu eða brot úr mínútu.

3. Sérþjónusta í sjálfvirka farsímakerfinu.

Sækja þarf sérstaklega um sérþjónustur og eru þær án sérstaks stofngjalds.

3.1. Læsing til útlanda.

3.1.1. Ársfjórðungsgjald kr. 153,00.

3.2 Símtalsflutningur.

Hægt er að fá eftirfarandi tegundir símtalsflutninga sem eru án afnotagjalds:

a. Flutningur á öllum símtölum.

b. Flutningur ef ekki er svarað.

c. Flutningur ef númerið er upptekið.

Rétthafi farsímans greiðir ekkert fyrir símtal sem er flutt úr NMT-kerfinu í almenna símakerfið eða í annað númer í NMT-farsímakerfinu. Ef símtal er flutt í númer í GSM-kerfinu greiðir rétthafi gjald miðað við 20 sek. í skrefi fyrir flutt símtal.

4. Sundurliðun reikninga í sjálfvirka farsímakerfinu.

Rétthafa er gefinn kostur á að fá sundurliðun símtala. Í sundurliðuninni kemur fram í hvaða númer var hringt, að slepptum tveimur síðustu stöfum, hvenær, hve lengi símtalið stóð og verð símtalsins.

4.1. Símtöl til útlanda.

4.1.1. Stofngjald kr. 625,00.

4.1.2. Ársfjórðungsgjald kr. 225,00.

4.1.3. Gjald pr. símtal kr. 1,30.

4.2. Öll símtöl.

4.2.1. Stofngjald kr. 625,00.

4.2.2. Ársfjórðungsgjald kr. 225,00.

4.2.3. Gjald pr. símtal kr. 1,30.

V. KAFLI

GSM-farsímakerfið.

GSM-farsímakerfið er stafrænt sem gefur möguleika á talsímaþjónustu innanlands, milli landa og á ferðalögum erlendis.

1. Farsímaþjónusta.

1.1. Stofngjald er kr. 3 500,00 fyrir hvert númer og greiðist við úthlutun þess og fær notandi þá afhent SIM-kort, sem er aðgangskort að farsímakerfinu. Notanda í NMT-kerfinu gefst kostur á að gerast notandi í GSM-kerfinu gegn kr. 1 870,00 stofngjaldi, óháð því hvort hann heldur áfram að vera NMT-notandi eða ekki. Ef SIM-kort týnist eða eyðilegst þá þarf að greiða fyrir nýtt kort kr. 1 000,00.

1.2. Afnotagjald er kr. 1 525,00 á ársfjórðungi sem greiðist fyrirfram. Verði almenn breyting á afnotagjaldi leyfð frá tilteknum degi skulu þeir sem greitt höfðu fyrirfram fá leiðréttingu með síðari afnotagjaldsreikningi.

1.3. Óski rétthafi símanúmers að skipta um númer og verði það samþykkt er gjald fyrir númeraskipti kr. 1 870,00.

1.4. Viðskiptagjald fyrir sjálfvirka þjónustu til og frá farsímakerfinu er skrefagjald. Frá kl. 08:00 til 22:00 frá mánudegi til föstudags og frá kl. 08:00 til kl. 18:00 laugardaga og sunnudaga eru 8 sek. í skrefi innanlands en 12 sek. á öðrum tímum og gjald er tekið fyrir hvert byrjað skref.

1.5. Gjald fyrir sjálfvirkt símtal úr GSM-kerfinu til útlanda er eins og gjald til viðkomandi lands úr almenna kerfinu að viðbættum 12,00 kr. á mínútu eða brot úr mínútu.

1.6. Fyrir notkun á íslenskum GSM-farsíma erlendis er greitt samkvæmt gjaldskrá í viðkomandi landi að viðbættu 15% álagi.

1.7. Fyrir innkomin símtöl í íslenskan GSM-farsíma erlendis greiðir rétthafi farsímans símtalagjald samkvæmt gildandi gjaldskrá frá Íslandi til viðkomandi lands.

2. Sérþjónusta í stafræna farsímakerfinu.

Sækja þarf sérstaklega um sérþjónustur og eru þær án sérstaks stofngjalds.

2.1. Læsing til útlanda.

2.1.1. Ársfjórðungsgjald kr. 153,00.

2.2 Símtalsflutningur.

Hægt er að fá eftirfarandi tegundir símtalsflutninga sem eru án afnotagjalds ef farsíminn er innanlands:

a. Flutningur á öllum símtölum.
b. Flutningur ef ekki er svarað.
c. Flutningur ef númerið er upptekið.

3. Sundurliðun reikninga í stafræna farsímakerfinu.

Rétthafa er gefinn kostur á að fá sundurliðun símtala. Í sundurliðuninni kemur fram í hvaða númer var hringt, að slepptum tveimur síðustu stöfum, hvenær, hve lengi símtalið stóð og verð símtals.

3.1.1. Stofngjald er kr. 625,00.

3.1.2. Ársfjórðungsgjald er kr. 225,00.

3.1.3. Gjald pr. símtal kr. 1,30.

VI. KAFLI

Talhólf, faxhólf.

Talhólf er geymsla fyrir töluð skilaboð og faxhólf er geymsla fyrir faxsendingar. Hólfinu fylgir sérstakt símanúmer, með því að hringja beint í hólfið er hægt að

leggja inn skilaboð eða fax og einnig er hægt að vísa farsíma og síma í stafræna símakerfinu yfir í hólfið og koma þannig sendingu í hólfið. Kerfið getur hringt í fyrirfram ákveðið símanúmer eða boðtækisnúmer og látið vita af innkomnum skilaboðum eða faxi.

1. Stofngjald.

1.1. Stofngjald fyrir talhólf er kr. 500,00.
1.2. Stofngjald fyrir faxhólf er kr. 2 000,00.
1.3. Ef talhólfsnotandi gerist notandi að faxhólfi greiðist mismunur á stofngjaldi.

2. Afnotagjald.

2.1 Ársfjórðungsgjald fyrir talhólf hjá notanda í farsímakerfi er kr. 300,00.
2.2. Ársfjórðungsgjald fyrir notanda í almenna símakerfinu er kr. 750,00.
2.3. Ársfjórðungsgjald fyrir faxhólf er kr. 1 500,00.
2.4. Fyrir hringingu í hólfið úr síma í almenna símakerfinu greiðir sá sem hringir skrefagjald miðað við 12 sek. í skrefi. Ef hringt er í hólf úr farsíma greiðist venjulegt viðskiptagjald frá viðkomandi farsíma. Samsvarandi gjald greiðir rétthafi hólfsins ef kerfið hringir í fyrirfram ákveðið símanúmer til að láta vita af skilaboðum. Ef notandi í almenna stafræna símakerfinu vísar yfir í hólf greiðir hann gjald miðað við 12 sek. í skrefi fyrir innkomin skilaboð eða fax en fyrir notanda farsíma í NMT eða GSM er það gjaldfrjálst.

VII. KAFLI

Boðkerfi.

Í boðkerfinu eru afgreidd sjálfvirk boðköll til tón- og talnaboðtækja, auk þess er í boði ýmis sérþjónusta.
Fyrir þessa þjónustu greiðist stofngjald, afnotagjald og viðskiptagjald.

1. Boðkallsþjónusta.

1.1. Stofngjald er greitt fyrir hvert boðkallsnúmer, og greiðist það við úthlutun boðkallsnúmersins.
1.1.1. Stofngjald fyrir tónboðtæki: kr. 4 990,00.
1.1.2. Stofngjald fyrir talnaboðtæki: kr. 4 990,00.
1.2. Afnotagjald (ársfjórðungsgjald) greiðist fyrirfram fyrir hvert boðkallsnúmer. Verði almenn hækkun afnotagjalds leyfð frá tilteknum degi, skulu þeir sem greitt höfðu fyrirfram greiða hækkunina með síðari afnotagjaldsreikningi.
1.2.1. Ársfjórðungsgjald fyrir tónboðtæki: kr. 890,00.
1.2.2. Ársfjórðungsgjald fyrir talnaboðtæki: kr. 1 110,00.
1.3. Viðtökugjald er kr. 2 700,00 enda ber nýi boðkerfisnotandinn ábyrgð á ógreiddum áföllnum skuldum.
1.4. Skráningargjald fyrir breytt boðkallsnúmer er kr. 1 110,00.
1.5. Skráningargjald fyrir breytingar, kr. 555,00 greiðist í hvert sinn sem beðið er um eina eða fleiri breytingar á boðtækisnúmeri, aðgangsnúmeri og einstökum boðtækisnúmerum í hópkalli.
Metið er hverju sinni hvort hægt sé að verða við óskum um breytingar.
1.6. Viðskiptagjald fyrir boðkall er skrefagjald, kr. 2,67 fyrir hvert skref. Við svar frá boðstöð reiknast eitt skref, en síðan kemur skref innan næstu 12 sek. og á 12 sek. fresti eftir það.

2. Sérþjónusta í boðkallskerfinu.

2.1. Endurtekning boðkalls. Til þess að tryggja enn betur að boðkall greinist í boðtæki er hægt að endurtaka það sjálfvirkt (venjulega innan nokkurra sek.).
2.1.1. Stofngjald: kr. 1 110,00.
2.1.2. Ársfjórðungsgjald: kr. 110,00.
2.2. Hópkall: Hægt er að senda boðkall til allt að 10 boðtækja í einu, með því að hringja í svokallað hópkallsnúmer. Þegar hringt er í hópkallsnúmerið eru öll boðtækin í hópnum kölluð upp í röð, á sjálfvirkan hátt. Boðtækin í hópnum hafa einnig eigið boðkallsnúmer, sem notuð eru ef koma á boðum til einstakra tækja í hópnum. Öll boðtæki innan hvers hóps verða að vera eins, þ.e. annað hvort öll tónboðtæki, eða öll talnaboðtæki.
2.2.1. Stofngjald fyrir hópkallsnúmer: kr. 11 085,00.
2.2.2. Stofngjald fyrir hópkallsnúmer, sé samtímis greitt stofngjald fyrir öll boðtækisnúmerin í hópnum: kr. 5 545,00.
2.2.3. Ársfjórðungsgjald fyrir hópkall: kr. 1 325,00.
2.2.4. Viðskiptagjald fyrir hópkall er skrefagjald, kr. 2,67 fyrir hvert skref. Við svar frá boðstöð reiknast eitt skref, en síðan kemur skref innan næstu 12 sek. og á 12 sek. fresti eftir það.
Áskilinn er réttur til þess að hafna ósk um hópkall að einhverju eða öllu leyti.

VIII. KAFLI
Símskeyta- og símatelexgjöld.

1. Gjald fyrir símskeyti innanlands.

1.1. Venjulegt símskeyti: Grunngjald kr. 66,00 og kr. 3,60 fyrir hvert orð: Lágmarksorðafjöldi 7 orð.
1.2. Hraðskeyti: Tvöfalt venjulegt skeytagjald auk hraðboðagjalds kr. 250,00 og gjald fyrir afhendingarkvittun kr. 24,00.
1.3. Veðurskeyti: Kr. 29,00 fyrir hvert skeyti.
1.4. Heillaskeyti: Venjulegt skeytagjald auk kr. 77,00 fyrir heillaskeytiseyðublaðið og hálft hraðboðagjald kr. 125,00.
1.5. Samúðarskeyti: Grunngjald kr. 66,00 og hálft hraðboðagjald kr. 125,00. Sendanda er í sjálfsvald sett hve mikið hann gefur, og rennur sú upphæð óskert í Landspítalasjóð.
1.6. Afhending símskeyta.
1.6.1. Venjulegt símskeyti: Hringt er í viðtakanda og texti skeytisins lesinn. Skeytið er síðan póstlagt. Viðtakandi getur sótt skeytið til ákvörðunarsímstöðvar ef hann óskar þess.
1.6.2. Hraðskeyti: Texti skeytis sendur símleiðis til viðtakanda samstundis eða samkvæmt forgangsrétti. Leitast skal við að hafa upp á viðtakanda sem fyrst til afhendingar skeytisins.
1.6.3. Heillaskeyti: Heillaskeyti er borið út samdægurs eða svo fljótt sem verða má.
1.6.4. Samúðarskeyti: Samúðarskeyti er borið út samdægurs eða svo fljótt sem verða má.
1.7. Hraðafhending símskeyta: Óski sendandi eða viðtakandi venjulegs skeytis afhendingar samdægurs, mun það verða sent gegn hraðboðagjaldi, kr. 250,00. Óski sendandi, að skeyti sé afhent gegn kvittun, er gjald fyrir það kr. 24,00 að auki.
1.8. Fyrirfram greitt svar (RP): Ef sendandi óskar að greiða gjald fyrir svarskeyti, skal skrifa RP fyrir framan nafnkveðjuna og tiltaka jafnframt orðafjölda svarskeytisins. RP 10 þýðir, að svar sé greitt fyrir 10 orða skeyti.
1.9. Samanburður til tryggingar gegn missímun (TC): Aukagjald er helmingur venjulegs símskeytagjalds.

2. Gjald fyrir símskeyti til útlanda.

Gjöld fyrir símskeyti til útlanda eru ákveðin af alþjóðasamþykktum og milliríkjasamningum, og tilkynnir Póst- og símamálastofnunin þau eins og þau eru á hverjum tíma.

3. Gjald fyrir skeytaafgreiðslu við skip og báta.

3.1. Almenn loftskeyti.

3.1.1. Gjald fyrir loftskeyti til og frá íslenskum skipum um íslenskar strandarstöðvar, ef afhendingar- eða ákvörðunarstöð skeytis er á Íslandi, er þannig reiknað:
a. Grunngjald fyrir hvert skeyti kr. 66,00.
b. Línugjald kr. 3,60 á hvert orð.
c. Strandargjald kr. 4,05 hvert orð.
d. Skipsgjald, ef skipið tekur slíkt gjald.
e. Gjald fyrir aukaþjónustu að beiðni sendanda.
Minnsta gjald er hið sama og fyrir 7 orð.

3.2. Sérstök loftskeyti.

3.2.1. Gjald fyrir veðurskeyti frá veðurathugunarstöðvum og ísl. skipum til Veðurstofu Íslands um strandarstöðvar Póst- og símamálastofnunarinnar er kr. 29,00 að viðbættu hálfu strandargjaldi fyrir 10 orð eða kr. 22,00.

3.2.2. Gjöld fyrir önnur loftskeyti og aukaþjónustu eru í samræmi við 1. og 2. grein þessa kafla.

3.3. Gjöld erlendra skipa eru samkvæmt alþjóðagjaldskrá.

4. Símatelex.

4.1. Gjald fyrir sendingu.

4.1.1. Grunngjald fyrir hvert sent telex kr. 150,00.

4.1.2. Afgreiðslugjald fyrir hverja byrjaða mínútu í sendingu telex frá kl. 8.00 til kl. 21.00 er kr. 75,00.

4.1.3. Mínútugjald er gildandi telexgjald til hvers lands, tekið fyrir hverja byrjaða mínútu.

4.2. Gjald fyrir móttöku.

4.2.1. Símnefni á ári kr. 660,00.

4.2.2. Ársfjórðungsgjald fyrir áskrift að símatelex kr. 635,00.

4.2.3. Afgreiðslugjald pr. telex (úthringing skv. reglum og póstsending) kr. 150,00.

5. Stöðvartelex.

5.1. Gjald fyrir sendingu.

5.1.1. Grunngjald fyrir hvert sent telex kr. 150,00.

5.1.2. Mínútugjald er gildandi telexgjald til hvers lands, tekið fyrir hverja byrjaða mínútu.

5.1.3. Aðstoðargjald fyrir hverja byrjaða mínútu í sendingu telex kr. 57,00.

IX. KAFLI
Fjarritvélar og gjald fyrir telexritanir.
1. Stofngjald.

		Kr.
1.1.	Númer í telexstöð	15 290,00
1.2.	Bæjarlína	3 820,00

1.3.	Viðtökugjald fyrir telexnúmer og búnað, ef leyft verður	3 695,00
1.4.	Breyting á telexheiti	1 965,00

2. Afnotagjald á ársfjórðungi.

2.1.	Númer í telexstöð	2 125,00
2.2.	Bæjarlína.....	640,00
2.3.	Venjuleg fjarritvél af eldri gerð. Viðhald innifalið án kostnaðar við utanbæjarferðir, án pappírs og leturborða. Viðhald utan dagvinnutíma sé þess óskað, greiðist sérstaklega	16 425,00
	Venjuleg fjarritvél af nýrri rafeindagerð, sjá Verðskrá.	
2.4.	Innbyggður endurgati.....	2 410,00
2.5.	Innbyggður vélsendir	2 410,00
2.6.	Morsetæki (vélsendir eða vélgatari)	8 810,00
2.7.	Afriðill	1 965,00
2.8.	Tengipúlt.....	2 485,00
2.9.	Fyrir ritsímatæki, sem nota 75 Baud hraða í stað 50 Baud hækkar leigan um 25%.	
2.10.	Fyrir ICAO ritsímatæki á Keflavíkurflugvelli greiðist 40% hærri leiga, en kostnaður sbr. 2.3. vegna utanbæjarferða fellur niður.	
2.11.	Fyrir ritsímatæki, sem eru í notkun allan sólarhringinn, hækkar leiga um 20%.	

3. Flutningsgjald fyrir venjulega fjarritvél.

3.1.	Milli húsa á svæði sömu símstöðvar	7 000,00
3.2.	Frá húsi á svæði annarrar símstöðvar	10 555,00
3.3.	Til viðbótar 3.1. og 3.2. greiði notandi lagnir og tilheyrandi búnað sem setja þarf upp skv. reikningi á hverjum tíma.	
3.4.	Innanhúss samkvæmt reikningi.	

4. Gjald fyrir telexritanir.

4.1. Telexritanir innanlands greiðast með kr. 2,59 fyrir hvert teljaraskref, og samsvarar það kr. 6,48 á mínútu.

4.2. Gjald fyrir telexritanir til útlanda ákvarðast af alþjóðasamþykktum og milliríkjasamningum og tilkynnir Póst- og símamálastofnunin þau eins og þau eru á hverjum tíma.

5. Leiga, uppsögn o. fl.

Stofngjald greiðist fyrirfram, áður en uppsetning er hafin, og afnotagjöld ber að greiða ársfjórðungslega fyrirfram, og eru gjalddagar hinir sömu og fyrir afnotagjald af síma. Hluti úr mánuði telst sem heill mánuður við fyrsta reikning.

Notandi skal sjálfur annast og bera kostnað af tryggingu fjarritabúnaðar í eigu Póst- og símamálastofnunar, sem er í hans vörslu, gagnvart bruna, vatnsskaða eða öðru tjóni.

Segja má sambandinu upp um mánaðamót með eins mánaðar fyrirvara, og skal það gert skriflega.

Upplýsingar um endurkaupsverð búnaðar fást hjá Póst- og símamálastofnuninni hverju sinni.

X. KAFLI
Almenna gagnaflutningsnetið.

Í almenna gagnaflutningsnetinu eru gögn send í formi pakka, hver með vistfangi viðtakanda. Skiptistöðvar eru víðs vegar um landið og notendur eru ýmist tengdir þeim með beinum línum eða þeir velja sig inn á netið gegnum sjálfvirka símakerfið. Í flestum tilvikum þarf mótald á báða enda línunnar sem tengir notanda við skiptistöð. Grunnbandsmótöld fyrir hraða allt að 19200 b/s er hægt að nota á notendalínu, sem er stutt frá næstu gagnanetsstöð (um 3 km). Mótaldið í skiptistöð leggur Póst- og símamálastofnunin til og er gjaldið fyrir það innifalið í gjaldskránni. Notandi leggur til mótald á sinn enda, nema fyrir 64000 b/s hraða, en þá er það innifalið í gjaldskránni. Gjaldskráin nær einungis til gjalda fyrir innanlandsnotkun, en gjöld fyrir gagnaflutning milli landa eru ákveðin hverju sinni í samræmi við alþjóðasamninga og gengisskráningu.

1. Stofngjald.

1.1. Stofngjald fyrir afnot af gagnaflutningsnetinu fer eftir hámarkshraða sendinga sem hér segir:

1.1.1. Fyrir notandalínu samkvæmt staðlinum X.25

Hraði (b/s)	2 400	4 800	9 600	19 200[1]	64 000[2]
Stofngjald kr.	23 280,00	32 150,00	46 565,00	64 305,00	123 190,00

1.1.2. Fyrir notandalínu samkvæmt stöðlunum X.3 og X.28 (PAD)

Hraði (b/s)	300	1 200	2 400	4 800	9 600	19 200[1]
Stofngjald kr.	13 530,00	16 070,00	18 180,00	21 180,00	24 165,00[2]	8 265,00

1.1.3. Ef breytt er úr X.3/X.28 í X.25 eða hraði aukinn skal greiða mismun á stofngjaldi samkvæmt þessari gjaldskrá.

1.1.4. Fyrir fjölrásanotkun á notandalínu greiðist 775,00 krónur fyrir hverja rás sem bætist við á línunni (gildir einungis um búnað í samræmi við staðalinn X.25, sbr. 1.1.1.).

1.1.5. Þeir sem tengjast gagnaflutningsnetinu með innhringingu greiði skráningargjald sem er 2 215,00 krónur.

1.1.6. Skráningargjald fyrir úthringigátt er 2 215,00 krónur.

2. Afnotagjald.

2.1. Ársfjórðungsgjald fer eftir hámarkshraða sendinga sem hér segir:

2.1.1. Fyrir notandalínu samkvæmt staðlinum X.25

Hraði (b/s)	2 400	4 800	9 600	19 200[1]	64 000[2]
Ársfjórðungsgjald kr.	11 645,00	16 630,00	23 280,00	33 260,00	60 525,00

2.1.2. Fyrir notandalínu samkvæmt stöðlunum X.3 og X.28 (PAD)

Hraði (b/s)	300	1 200	2 400	4 800	9 600	19 200[1]
Ársfjórðungsgjald kr.	4 320,00	5 235,00	5 825,00	6 740,00	7 565,00	8 730,00

2.1.3. Ársfjórðungsgjald fyrir innhringingu í gagnaflutningsnetið er 880,00 krónur.

2.1.4. Ársfjórðungsgjald fyrir úthringigátt er 880,00 krónur.

2.1.5. Fyrir fjölrásanotkun á einni notandalínu greiðist 145,00 krónur á ársfjórðungi fyrir hverja rás sem bætist við á línunni (gildir einungis um búnað í samræmi við staðalinn X.25, sbr. 2.1.1.).

---

1. Gildir einungis þegar hægt er að nota grunnbandsmótald.
2. Á þeim stöðum sem hægt er að veita þjónustu á þessum hraða.

2.2. Fast gjald er tekið fyrir hvert samband en síðan er greitt fyrir gagnaflutning eftir því hve langan tíma hann tekur og hversu mikið er flutt.
2.2.1. Gjald fyrir hvert samband er 57 aurar.
2.2.2. Tímagjald er miðað við mínútu. Fyrir hverja byrjaða mínútu er tímagjald:
a) Innan stöðvarsvæðis í gagnanetinu ..... 10,4 aurar
b) Milli stöðvarsvæða í gagnanetinu ..... 15,6 aurar
c) Ef hringimótald er notað (sbr. 1.1.5.), skal greiða kr. 1,60 á mínútu til viðbótar.
d) Fyrir notkun á úthringigátt í gagnanetinu skal greiða kr. 1,60 á mínútu til viðbótar.
2.2.3. Gjaldeining gagnaflutnings heitir gagnasneið og er hver sneið 64 átta bita bæti. Gjald fyrir hverja byrjaða gagnasneið er:
a) Innan stöðvarsvæðis í gagnanetinu ..... 1,24 eyrir
b) Milli stöðvarsvæða í gagnanetinu ..... 2,40 aurar
Fyrir fyrstu 500 þúsund gagnasneiðar á mánuði er tekið fullt gjald.
Fyrir næstu 500 þúsund gagnasneiðar á mánuði er tekið 85% gjald.
Fyrir þar næstu 500 þúsund gagnasneiðar á mánuði er tekið 70% gjald.
Fyrir gagnasneiðar umfram 1500 þúsund á mánuði er tekið 50% gjald.
2.3. Þegar notuð er fasttengd lína í gagnaflutningsnetinu er greitt ársfjórðungsgjald í stað sambandsgjalds og tímagjalds sem hér segir:
a) Innan stöðvarsvæðis í gagnanetinu..... 5 545 krónur
b) Milli stöðvarsvæða í gagnanetinu ..... 6 320 krónur
Þar að auki greiðist magngjald samkvæmt 2.2.3. af slíkum netleigulínum.

3. Sérþjónusta.

3.1. Lokaður hópur um notendalínu.
3.1.1. Stofngjald kr. 6 000,00.
3.1.2. Ársfjórðungsgjald kr. 1 275,00.
Skráningargjald er 535,00 krónur og greiðist í hvert sinn sem beðið er um tengingu eða breytingu á tengingu við lokaða hópinn.
3.2. Aðrir möguleikar eru:
Læsing, eftirfarandi kostir bjóðast:
Lokað á öll innkomin uppköll.
Lokað á öll útfarandi uppköll.
Lokað til útlanda.
Lokað frá útlöndum.
Beint val.
Hópnúmer.
Flutningur á samtali.
Viðtakandi greiðir fyrir samtal.
3.2.1. Skráningargjald kr. 625,00 greiðist í hvert sinn sem beðið er um þjónustu, eina eða fleiri í senn.
3.2.2. Ársfjórðungsgjald kr. 153,00 fyrir hvern möguleika.

4. Viðtöku- og flutningsgjald.

4.1. Viðtökugjald fyrir fasttengda notendur er $^1/_2$ stofngjald, háð hraða.
4.2.1. Flutningsgjald fyrir staðal X.25 er $^1/_2$ stofngjald samkvæmt hraða 2400 b/s.
4.2.2. Flutningsgjald fyrir staðla X.3 og X.28 er $^1/_2$ stofngjald samkvæmt hraða 300 b/s.

5. Skammtímatengingar.

Eftirfarandi reglur gilda um skammtímatengingu við almenna gagnaflutningsnetið. Stofngjald er ekki tekið, en leigugjald er sem hér segir:

5.1. Fyrir X.25-línu. Fundið er notkunargjald á dag með því að deila 65 upp í ársfjórðungsgjald fyrir viðkomandi línu. Leigugjaldið er margfeldi daggjalds og dagafjölda, þó aldrei lægra en fyrir 65 daga.

5.2. Fyrir X.3/X.28-línu. Fundið er notkunargjald á dag með því að deila 55 upp í ársfjórðungsgjald fyrir viðkomandi línu. Leigugjaldið er margfeldi daggjalds og dagafjölda, þó aldrei lægra en fyrir 55 daga.

6. Sundurliðun uppkalla.

Rétthafa í gagnaflutningsnetinu er gefinn kostur á sundurliðun yfir uppköll. Í sundurliðuninni kemur fram í hvaða númer var hringt, hvenær og hve lengi sambandið var og fjöldi sendra og móttekinna gagnasneiða.

6.1. Stofngjald kr. 625,00.

6.2. Ársfjórðungsgjald kr. 225,00.

6.3. Gjald pr. samband kr. 1,30.

XI. KAFLI
Háhraðanet.

Póst- og símamálastofnunin starfrækir almennt háhraðanet innanlands. Hraði sendinga í netinu er 64 Kb/s eða 2 Mb/s en á stöðum þar sem skiptistöðvar eru í netinu fást einnig 128 Kb/s, 256 Kb/s og 512 Kb/s. Í umsókn um aðgang að netinu skal tilgreina tegund tengingar og hraða. Notendum er óheimilt að veita öðrum aðila aðgang að netgátt sinni.

1. Stofngjald.

1.1. Stofngjald fyrir aðgang að háhraðanetinu fer eftir hámarkshraða sendinga sem hér segir og miðast við eina ethernettengingu (grunntengingu) hjá notanda:

1.1.1. Hraði	64 Kb/s	128 Kb/s	256 Kb/s	512 Kb/s	2 Mb/s
Stofngjald kr.	110 000,00	114 000,00	137 000,00	165 000,00	228 000,00

1.1.2. Ef hraði er aukinn skal greiða mismun á stofngjaldi samkvæmt þessari gjaldskrá.

1.1.3. Fyrir tókanettengingu í stað ethernettengingu bætast kr. 15 000,00 við 1.1.1.

1.1.4. Fyrir tókanettengingu auk grunntengingar við sömu gátt bætast kr. 70 000,00 við 1.1.1.

1.1.5. Ef einungis er möguleiki á IP-flutningi um ákveðna gátt er veittur 10% afsláttur af stofngjaldi.

1.1.6. Ef sami aðili notar fleiri en 10 tengingar er veittur afsláttur á eftirfarandi hátt:
Fyrir fyrstu 10 tengingar er tekið fullt gjald.
Fyrir næstu 10 tengingar er tekið 85% gjald.
Fyrir tengingar umfram 20 er tekið 75% gjald.

2. Afnotagjald.

2.1. Afnotagjald fer eftir hámarkshraða sendinga sem hér segir og miðast við eina ethernettengingu (grunntengingu) hjá notanda:

2.1.1. Hraði	64 Kb/s	128 Kb/s	256 Kb/s	512 Kb/s	2 Mb/s
Ársfjórðungsgjald	80 000,00	104 000,00	135 000,00	175 000,00	360 000,00

2.1.2. Fyrir tókanettengingu í stað ethernettengingar bætast kr. 5 000,00 við 2.1.1.

2.1.3. Fyrir tókanettengingu auk grunntengingar við sömu gátt bætast kr. 50 000,00 við 2.1.1.

2.1.4. Ef einungis er möguleiki á IP-flutningi um ákveðna gátt er veittur 10% afsláttur af afnotagjaldi.

2.1.5. Ef sami aðili notar fleiri en 10 tengingar er veittur afsláttur á eftirfarandi hátt:
Fyrir fyrstu 10 tengingar er tekið fullt gjald.
Fyrir næstu 10 tengingar er tekið 85% gjald.
Fyrir tengingar umfram 20 er tekið 75% gjald.
Ef tengingar eru á mismunandi hraða (verði) skal reikna afslátt af meðalafnotagjaldi tenginga.

Notendur greiða stofngjald og afnotagjald fyrir línur til skiptistöðva skv. XIII. kafla og teljast línurnar vera í 2. flokki. Þó skal lágmarksfjarlægð teljast 2 km í þessu tilviki fyrir alla hraðaflokka.

XII. KAFLI
Gagnahólf.

Notendur tengjast kerfinu annað hvort með einkatölvu sem útstöð eða með tölvukerfi sem einkakerfi. Útstöð tengist Gagnahólfskerfinu (X.400) annað hvort með almenna gagnaflutningsnetinu eða sjálfvirka símakerfinu. Einkakerfi tengist gagnahólfskerfinu með almenna gagnaflutningsnetinu. Í þessari gjaldskrá eru einungis gjöld fyrir notkun innanlands. Gjald fyrir flutning milli landa er ákveðið hverju sinni í samræmi við alþjóðasamninga og gengisskráningu.

1. Stofngjald.

		Kr.
1.	Stofngjald fyrir afnot af gagnahólfi.	
1.1.	Fyrir útstöð	3 330,00
1.2.	Fyrir einkakerfi	16 630,00

2. Afnotagjald.

2.	Ársfjórðungsgjald fyrir afnot af gagnahólfi.	
2.1.1.	Fyrir útstöð	1 110,00
2.1.2.	Fyrir einkakerfi	5 545,00
2.2.	Magngjald er tekið fyrir hverja byrjaða magneiningu sem er 1024 stafir.	
2.2.1.	Sending á fyrstu 2048 stöfunum í skeyti, hver eining	5,36
2.2.2.	Sending umfram 2048 stafi í skeyti, hver eining	3,75
2.3.	Tímagjald er tekið fyrir hverja byrjaða mínútu.	
2.3.1.	Fyrir útstöð	3,22
2.4.	Geymslugjald er tekið fyrir hverja 1024 stafi í sólarhring. Þó eru fyrstu 4096 stafirnir án gjalds.	
2.4.1.	Fyrir útstöð	0,43
2.5.	Grunngjald fyrir hvert sent skeyti.	
2.5.1.	Fyrir útstöð	2,14
2.5.2.	Fyrir einkakerfi	2,14
2.6.	Gjald fyrir þjónustueiningar. Kerfið býður upp á ýmsar þjónustueiningar.	

Tekið er gjald fyrir eftirfarandi:

2.6.1.	Tilkynning um afhendingu	6,00

3. Sérþjónusta.

3.1.	Sending á telexi.	
3.1.1.	Gjald fyrir hvert sent telex	15,60
3.1.2.	Gjald fyrir hverja senda 400 stafi	7,30
3.2.	Sending á telefaxi.	
3.2.1.	Gjald fyrir hvert sent telefax	15,60
3.2.2.	Gjald fyrir hverja senda 1000 stafi	11,40

XIII. KAFLI

Sambönd.

Póst- og símamálastofnun starfrækir almenna fjarskiptaþjónustu um land allt. Stofnunin leigir út línur til þess að auðvelda notendum aðgang að hinu almenna fjarskiptaneti, en að auki línur til að mæta sérþörfum: Gerður er greinarmunur á langlínum og notendalínum. Langlínur teljast þær línur, sem tengja saman símstöðvar eða notendur, sem venjulega mundu tengjast mismunandi símstöðvum. Notendalínur tengja notendur við næstu símstöð eða við langlínu. Á gjaldsvæði Reykjavíkur og nágrennis eru línur milli stöðva, sem leigðar eru út, gjaldfærðar sem notendalínur. Ef völ er á bæði langlínu og notendalínu fyrir tiltekið leigusamband ákveður Póst- og símamálastofnun hvora tegundina skuli nota. Hliðrænar leigulínur má ekki nota án sérstakrar heimildar fyrir hærri tíðni en 4 Khz. Undanþeginn þessu ákvæði er gagnaflutningur með grunnbandsmótöldum fyrir hraða allt að 19,2 Kb/s. en slík sambönd skulu takmarkast við svæði einnar sjálfvirkrar símstöðvar.

Gjaldafyrirkomulag fyrir leigulínur.

Gjaldið skiptist í stofngjald og afnotagjald. Það er reiknað milli endapunkta í samræmi við þá leið, sem línan fer um í fjarskiptakerfinu og er heildargjaldið summa langlínugjalds og notendagjalds eftir því sem við á. Skemmstur leigutími er almennt 6 mánuðir, en að öðru leyti gagnkvæmur uppsagnarfrestur 3 mánuðir talið frá næstu mánaðarmótum eftir uppsögn. Gjald fyrir línu, sem leigð er til skemmri tíma en 6 mánaða, er reiknað samkvæmt 3. grein.

Notkun.

Mismunandi gjald er tekið fyrir leigulínur eftir því hver notkun þeirra er og flutningsgeta. Línur fyrir tal greinast í línur milli einkabúnaðar sama notanda á mismunandi stöðum án tengingar við miðstöð og línur, sem tengja einkabúnað notanda símanúmeri í miðstöð eða einkasímstöð á öðru gjaldsvæði.

Línur fyrir gagnaflutning greinast sem hér segir:

1. flokkur. Línur sem tengja saman einkabúnað sama notanda á mismunandi stöðum. Orðið notandi táknar hér einstakling, fyrirtæki eða stofnun, sem starfar undir einu heiti. Línur milli fyrirtækja og dótturfyrirtækis eða milli fyrirtækis og sameiginlega fyrirtækis þess og annarra fyrirtækja falla ekki undir þennan flokk.

2. flokkur. Línur, sem tengja saman einkabúnað mismunandi notenda, einn í hvorum enda. Það er sett sem skilyrði fyrir leigumálanum að notandi sýni fram á að samtenging við þriðja aðila sé ekki tæknilega möguleg.

3. flokkur. Línur, sem tengja saman einkabúnað mismunandi notenda og eru notaðar til að veita aðgang að vinnslu í tölvu eða eru notaðar til að auka verðmæti gagna, sem verið er að flytja. Línur í þessum flokki eru einungis leigðar út að gerðum sérstökum leigusamningi þar sem kveðið er á um notkun línunnar. Ekki er hægt að fá leigðar línur í þeim tilgangi að annast samtengingu mismunandi notenda eins og gert er í skiptistöðvum.

Línur milli einkasímstöðva, sem tengjast hinu almenna símakerfi, reiknast sem þverlínur. Dagskrárlínur eru leigðar ýmist sem grunnlínur, þegar um mjög stuttar fjarlægðir er að ræða eða sem stafrænar flutningslínur. Fyrir stafrænar línur í notendakerfum er reiknað fast gjald auk km-gjalds.

1. Stofngjald.

1.1. Fyrir notendalínur greiðist stofngjald, sem er áttfalt ársfjórðungsgjald fyrir línuna samkvæmt þeirri gjaldskrá sem gildir þegar línan er tekin á leigu, að frádregnum þeim hluta gjaldsins, sem er óháður línulengd í liðum 2.1.3. til 2.1.7., 2.1.9. til 2.1.13., 2.1.15. til 2.1.17. og 2.1.22 (magngjald).

1.2. Fyrir langlínur ákveðst stofngjald af Póst- og símamálastofnun hverju sinni.

2. Afnotagjald.

2.1. Ársfjórðungsgjald fyrir notendalínur er sem hér segir. Línulengdir reiknast í hálfs km þrepum, en lágmarksgjald línu eða línuhluta er 2 km, nema annað sé tekið fram.

		Gjald fyrir hvern km	
		2ja víra Kr.	4ra víra Kr.
2.1.1.	Tallína	745,00	1 190,00
2.1.2.	Lína fyrir gagnasendingar samkvæmt 1. flokki. Mesti hraði 19,2 Kb/s.	850,00	1 350,00
2.1.3.	Lína fyrir gagnasendingar samkvæmt 1. flokki. Hraði 48—64 Kb/s.		
	Gjald fyrir hvern enda, mótald innifalið		8 035,00
	Gjald fyrir hvern km.		1 505,00
2.1.4.	Lína fyrir gagnasendingar samkvæmt 1. flokki. Hraði 128 Kb/s.		
	Gjald fyrir hvern enda, mótald innifalið		9 642,00
	Gjald fyrir hvern km.		1 806,00
2.1.5.	Lína fyrir gagnasendingar samkvæmt 1. flokki. Hraði 256 Kb/s.		
	Gjald fyrir hvern enda, mótald innifalið		12 053,00
	Gjald fyrir hvern km.		2 483,00
2.1.6.	Lína fyrir gagnasendingar samkvæmt 1. flokki. Hraði 512 Kb/s.		
	Gjald fyrir hvern enda, mótald innifalið		14 463,00
	Gjald fyrir hvern km.		3 010,00
2.1.7.	Lína fyrir gagnasendingar samkvæmt 1. flokki. Hraði 2 Mb/s.		
	Gjald fyrir hvern enda		28 123,00
	Gjald fyrir hvern km.		6 020,00
	Gjald fyrir X.21 mótald (ef notað) pr. enda		11 980,00

2.1.8.	Lína fyrir gagnasendingar samkvæmt 2. flokki. Mesti hraði 19,2 Kb/s.	935,00	1 500,00
2.1.9.	Lína fyrir gagnasendingar samkvæmt 2. flokki. Hraði 48—64 Kb/s.		
	Gjald fyrir hvern enda, mótald innifalið		8 835,00
	Gjald fyrir hvern km.		1 650,00
2.1.10.	Lína fyrir gagnasendingar samkvæmt 2. flokki. Hraði 128 Kb/s.		
	Gjald fyrir hvern enda, mótald innifalið		10 606,00
	Gjald fyrir hvern km.		1 987,00
2.1.11.	Lína fyrir gagnasendingar samkvæmt 2. flokki. Hraði 256 Kb/s.		
	Gjald fyrir hvern enda, mótald innifalið		13 253,00
	Gjald fyrir hvern km.		2 723,00
2.1.12.	Lína fyrir gagnasendingar samkvæmt 2. flokki. Hraði 512 Kb/s.		
	Gjald fyrir hvern enda, mótald innifalið		15 903,00
	Gjald fyrir hvern km.		3 300,00
2.1.13.	Lína fyrir gagnasendingar samkvæmt 2. flokki. Hraði 2 Mb/s.		
	Gjald fyrir hvern enda		30 923,00
	Gjald fyrir hvern km.		6 600,00
	Gjald fyrir X.21 mótald (ef notað) pr. enda		11 980,00
2.1.14.	Dagskrárlína fyrir hljóðvarp á stuttri grunnlínu	3 065,00	3 435,00
2.1.15.	Stafræn dagskrárlína fyrir mónó hljóðvarp. Óháð lengd kr. 51 160,00		
	og að auki fyrir hvern km.		1 025,00
2.1.16.	Stafræn dagskrárlína fyrir stereó hljóðvarp. Óháð lengd kr. 85 260,00		
	og að auki fyrir hvern km.		1 705,00
2.1.17.	Lína fyrir sjónvarp, (ein mónó hljóðrás innifalin):		
	Gjald fyrir hvern enda, 140 Mb/s.		83 155,00
	Gjald fyrir hvern enda, 70 Mb/s.		49 890,00
	Gjald fyrir hvern km.		3 858,00
	Viðbótargjald fyrir mónó hljóðvarp:		
	Gjald fyrir hvern enda, sendiendi		3 613,00
	Gjald fyrir hvern enda, móttökuendi		1 442,00
	Gjald fyrir hvern km.		282,00
	Viðbótargjald fyrir stereó hljóðvarp:		
	Gjald fyrir hvern enda, sendiendi		4 841,00
	Gjald fyrir hvern enda, móttökuendi		2 404,00
	Gjald fyrir hvern km.		329,00

Ofangreind viðbótargjöld fyrir hljóðvarp gilda aðeins ef það er sent með sjónvarpsrás, með sömu enda- og úttaksstöðum, og pantað er á sama tíma af sama aðila.

2.1.18.	Fjarstýringarlína	745,00	1 190,00
2.1.19.	Ritsímalína í tónritsíma		385,00

2.1.20. Gjald fyrir fjarstýringu eða fjarvísun á línu, sem einnig er notuð fyrir tal, skal vera 25% af því, sem reiknað er samkvæmt 2.1.18. Þegar um er að ræða kerfi með

mörgum línum innan sama stöðvarsvæðis skal reikna gjaldið eftir meðallínulengd sem telst vera 2 km.

2.1.21. Ritsímalína, sem ekki er flutt á tónritsíma, reiknast sem tallína.

2.1.22. Lína fyrir gagnasendingar samkvæmt 3. flokki. Gjaldið fer samkvæmt liðum 2.1.8 til 2.1.13. eftir hraða, en að auki greiðist magngjald samsvarandi 8 mínútna notkun á dag á mesta hraða, sem tilgreindur er í liðum 2.1.8. til 2.1.13., eftir því sem við á, og á taxta, sem gildir innan stöðvarsvæðis í gagnaflutningsnetinu.

2.2. Langlínukerfi. Ársfjórðungsgjald fyrir langlínur er sem hér segir:

2.2.1. Tallína milli einkabúnaðar notanda á milli svæða, án tengingar við miðstöð. Fjarlægðin er reiknuð eins og leið liggur í símakerfinu milli endapunkta á viðkomandi símstöð. Auk þess er tekið gjald fyrir línur í notendakerfi frá endapunktum langlínu, samkvæmt 2.1. Línur samkvæmt þessum lið má ekki nota til að tengja einkasímabúnað notanda símanúmeri í miðstöð eða einkasímstöð á öðru gjaldsvæði.

Gjald fyrir hvern enda, eða úttak	22 570,00
Gjald fyrir hvern km.	235,00

2.2.2. Gjald fyrir línu, sem tengir einkasímabúnað notanda símanúmeri í miðstöð eða einkasímstöð á öðru gjaldsvæði, er reiknað samkvæmt 2.2.1. en að auki reiknast langlínugjald, sem samsvarar 7500 mínútum á ársfjórðungi á því gjaldi, sem gildir fyrir sjálfvirkt val að degi til milli viðkomandi gjaldsvæða. Þetta er til viðbótar afnotagjaldi, sem greiða skal fyrir síma skv. I. kafla.

2.2.3. Fyrir línur fyrir gagnasendingar samkvæmt 1. og 2. flokki er gjaldið reiknað eins og í 2.2.1., en með margföldunarstuðli, sem ákveðst af flokknum og hraða sendingar:

Flokkur	Hraði (bit/s)	Stuðull	
		1. flokkur	2. flokkur
A1	0 – 4800	1,00	1,10
A2	4801 – 9600	1,10	1,21
A3	9601 – 19200	1,30	1,43
A4	48000 – 64000	1,60	1,76
A5	2 Mb/s	9,60	10,56

2.2.4. Fyrir línur fyrir gagnasendingar samkvæmt 3. flokki greiðist eins og fyrir 2. flokk en að auki magngjald, sem samsvarar 8 mínútna notkun á dag á hæsta hraða, sem tilgreindur er í flokki A1 til A5 eftir því sem við á og á taxta, sem gildir milli stöðvarsvæða í almenna gagnaflutningsnetinu.

2.2.5. Fyrir ritsímalínur í tónritsímakerfum er gjaldið reiknað eins og í 2.2.1., en með margföldunarstuðli, sem ákveðst af hraða sendingar:

Flokkur	Hraði (Baud)	Stuðull
B1	50	0,22
B2	75	0,22
B3	100	0,24
B4	300	0,33

Ef óskað er eftir ritsímalínu á leið þar sem ekki er tónritsímakerfi, fær notandi tallínu til afnota og er þá reiknað með margfeldisstuðli jafnt og 1.

2.2.6. Gjald fyrir fjarstýringarlínur er hið sama og fyrir tallínur, ef heil lína er tekin undir fjarstýringuna. Ef fjarstýring getur, án þess að valda truflunum, farið fram á línu, sem notuð er fyrir tal, skal gjaldið vera 25% af því, sem reiknað er samkvæmt 2.2.1.

2.2.7. Gjald fyrir dagskrárlínur fyrir hljóðvarp er reiknað eins og í 2.2.1. en með margföldunarstuðli eftir bandbreidd:

Flokkur	Bandbreidd (KHz)	Stuðull
C1	3	1,0
C2	15	1,4
C3	2x15	2,8

2.2.8 Lína fyrir sjónvarp, 70 Mb/s, (ein mónó hljóðrás innifalin):

Gjald fyrir hvern enda	49 890,00
Gjald pr. km.	3 858,00
Viðbótargjald fyrir mónó hljóðvarp:	
Gjald fyrir hvern enda, sendiendi	3 613,00
Gjald fyrir hvern enda, móttökuendi	1 442,00
Gjald fyrir hvern km.	282,00
Viðbótargjald fyrir stereó hljóðvarp:	
Gjald fyrir hvern enda, sendiendi	4 841,00
Gjald fyrir hvern enda, móttökuendi	2 404,00
Gjald fyrir hvern km.	329,00

Ofangreind viðbótargjöld fyrir hljóðvarp gilda aðeins ef það er sent með sjónvarpsrás, með sömu enda- og úttaksstöðum, og pantað er á sama tíma af sama aðila.

2.2.9. Lína fyrir sjónvarp, 140 Mb/s, (ein mónó hljóðrás innifalin):

Gjald fyrir hvern enda	83 155,00
Gjald pr. km.	3 858,00
Viðbótargjald fyrir mónó hljóðvarp:	
Gjald fyrir hvern enda, sendiendi	11 478,00
Gjald fyrir hvern enda, móttökuendi	7 789,00
Gjald fyrir hvern km.	282,00
Viðbótargjald fyrir stereó hljóðvarp:	
Gjald fyrir hvern enda, sendiendi	22 607,00
Gjald fyrir hvern enda, móttökuendi	11 576,00
Gjald fyrir hvern km.	329,00

Ofangreind viðbótargjöld fyrir hljóðvarp gilda aðeins ef það er sent með sjónvarpsrás, með sömu enda- og úttaksstöðum, og pantað er á sama tíma af sama aðila.

2.3. Gjald fyrir línur til annarrar notkunar en getið er hér að framan ákvarðast af Póst- og símamálastofnun hverju sinni.

3. Leigur í stuttan tíma.

3.1. Eftirfarandi gjöld eru tekin fyrir línur, sem leigðar eru í stuttan tíma, þ.e.a.s. í minna en 6 mánuði. Leigutími skal tilgreindur við pöntun. Stofngjald er ekki tekið fyrir þessar línur, nema í sérstökum tilvikum.

3.1.1. Fyrir línur eða línuhluta í notendakerfi er tekið gjald, sem er eitt ársfjórðungsgjald skv. 2.1. nema fyrir línur skv. 2.1.15., 2.1.16. og 2.1.17. Lágmarksgjaldið innifelur allt að 5 sólarhringa notkun. Fyrir línur skv. 2.1.15. og 2.1.16. greiðist fyrstu 5 sólarhringa 1/10 af ársfjórðungsgjaldi, þ.m.t. gjald óháð línulengd. Fyrir hvern byrjaðan sólarhring til viðbótar í allt að 10 sólarhringa greiðist fyrir allar línur nema skv. 2.1.17. 1/50 af ársfjórðungsgjaldi á sólarhring, en 1/60 af ársfjórðungsgjaldi á sólarhring umfram 10 sólarhringa.

Fyrir línur skv. 2.1.17. greiðist eftirfarandi:	
Tengigjald fyrir sjónvarp, (ein mónó hljóðrás innifalin)	13 235,00
Gjald pr. mínútu, 140 Mb/s.	218,00
Gjald pr. mínútu, 70 Mb/s.	130,00
Gjald pr. mínútu/10 km.	23,00
Gjald pr. mínútu/10 km, umfram 30 mínútur.	11,50
Viðbótargjald fyrir mónó eða stereó hljóðvarp:	
Tengigjald fyrir hljóðrás.	2 000,00
Gjald pr. mínútu	13,00
Gjald pr. mínútu/10 km.	2,30
Gjald pr. mínútu/10 km, umfram 30 mínútur	1,15

Ofangreint viðbótargjald fyrir hljóðvarp gildir aðeins ef það er sent með sjónvarpsrás, með sömu enda- og úttaksstöðum, og pantað er á sama tíma af sama aðila.

3.1.2. Fyrir línur eða línuhluta í langlínukerfum er tekið lágmarksgjald, sem er 1/6 af ársfjórðungsgjaldi skv. 2.2., og innifelur fimm sólarhringa notkun. Fyrir hvern byrjaðan sólarhring til viðbótar, allt að 10 sólarhringum, greiðist 1/50 af ársfjórðungsgjaldi á sólarhring, en umfram 10 sólarhringa greiðist 1/60 af ársfjórðungsgjaldi á sólarhring.

Fyrir línur skv. 2.2.8. greiðist eftirfarandi:	
Tengigjald fyrir 70 Mb/s sjónvarp, (ein mónó hljóðrás innifalin)	13 235,00
Gjald pr. mínútu	130,00
Gjald pr. mínútu/10 km.	23,00
Gjald pr. mínútu/10 km, umfram 30 mínútur	11,50
Viðbótargjald fyrir mónó eða stereó hljóðvarp:	
Tengigjald fyrir hljóðrás	2 000,00
Gjald pr. mínútu	13,00
Gjald pr. mínútu/10 km.	2,30
Gjald pr. mínútu/10 km, umfram 30 mínútur	1,15

Ofangreint viðbótargjald fyrir hljóðvarp gildir aðeins ef það er sent með sjónvarpsrás, með sömu enda- og úttaksstöðum, og pantað er á sama tíma af sama aðila.

XIV. KAFLI
Notendabúnaður við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar.

Verðið er kostnaðarverð á hverjum tíma, sem telst innkaupsverð eða framleiðsluverð að viðbættum umsýslukostnaði. Póst- og símamálastjóri gefur út verðskrá fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar og fjarritvélar í samráði við ráðuneytið.

XV. KAFLI
Skrásetning símnefna.

Fyrir skrásetningu símnefna greiðast kr. 660,00 á ári. Sé sama símnefni skrásett á fleiri en 10 símstöðvum, greiðast þó aðeins kr. 150,00 fyrir hverja skráningu þar fram yfir. Gjaldið greiðist fyrirfram fyrir almanaksárið. Brot úr ári telst sem heilt ár. Uppsagnarfrestur er 3 mánuðir, og er hann gagnkvæmur.

XVI. KAFLI
Símaskráin.

Póst- og símamálastofnunin gefur út símaskrá og fylgir hverju símanúmeri eitt eintak af hverri útgáfu hennar. Póst- og símamálastofnunin ber ekki ábyrgð á villum, sem kunna að vera í símaskránni.
Aukaeintök eru til sölu á póst- og símstöðvum á verði sem ráðuneytið samþykkir.

1. Skrásetning í símaskrána.

Hver talsímanotandi fær nafn sitt skráð án sérstaks gjalds í einni línu í stafrófsskránni. Gjald fyrir hverja línu í stafrófsskránni fram yfir það, sem að ofan segir, er kr. 205,00. Sé auk aðalsímnotanda einn eða fleiri aukanotendur að sama síma, ber að greiða kr. 350,00 fyrir hvern aukanotanda. Aukasímnotendur geta ekki öðlast aðalsímnotendarétt (t. d. rétt til að fá símann fluttan eða skráðan eingöngu á sitt nafn) án þess að greiða uppsetningargjald fyrir númerið að nýju eða viðtökugjald. Breytir engu í þessu, þó að aukasímnotandi hafi um lengri eða skemmri tíma haft nafn sitt í símaskránni eða greitt afnotagjald.
Póst- og símamálastofnunin ákveður tilhögun á símaskránni, og hún getur synjað mönnum um upptöku starfsheita, sem hún telur óeðlileg eða vafasamt, að hlutaðeigandi hafi rétt til að bera.

2. Skrásetning í stafrófsskrána.

		Kr.
2.1.	Breytt letur í skrá, hver lína	350,00
2.2.	Aukanafn í skrá	350,00
2.3.	Aukalína í skrá, hver lína	205,00
2.4.	Aukanafn með breyttu letri (ein lína) kr. 350,00 + 350,00	700,00

Aukalínur eru taldar: Ef fyrirtæki lætur skrásetja nöfn starfsmanna sinna í skrána undir nafni fyrirtækisins.

3. Skrásetning í atvinnuskrána.

3.1. Skrásetning án sérstaks gjalds. Hver símnotandi, sem rekur atvinnu- eða verslunarfyrirtæki og óskar skriflega eftir skráningu í atvinnu- og viðskiptaskrána í samræmi við þá flokkun, er Póst- og símamálastofnunin hefur ákveðið, fær án sérstaks gjalds eina línu til skrásetningar á símanúmeri sínu, ásamt nafni og heimilisfangi, með venjulegu letri í einn flokk skrárinnar. Aukasímnotendur öðlast ekki rétt til skráningar án sérstaks gjalds.

3.2. Skrásetning gegn borgun.
Ef símnotandi vill láta skrá sig í fleiri en einn flokk, kostar hver skrásetning fram yfir þá fyrstu kr. 205,00. Ef nafnið óskast skráð með breyttu letri, kostar það kr. 350,00. Auglýsingalína kostar kr. 205,00.

4. Auglýsingar í símaskrá.

Póst- og símamálastofnuninni er heimilt að taka auglýsingar til birtingar í símaskránni að því marki, sem hún telur að samrýmist númeraskránni.

XVII. KAFLI
Þjónusta um radíóstöðvar.

1. Viðskiptagjöld.

1.1. Símtöl við skip og báta.
Sjá kafla III. 4. hér að framan.

1.2. Skeytaafgreiðsla við skip og báta.
Sjá kafla VIII. 3. hér að framan.

1.3. Viðskiptagjöld vegna radíóstöðva í verstöðvum. Vegna radíóstöðva, sem komið er upp í verstöðvum á vegum samtaka útvegsmanna á viðkomandi stað, skal greiða eftirfarandi daggjöld:

	Kr.
Fyrir 1–5 báta	155,00
Fyrir 6–15 báta	285,00
Fyrir 16–30 báta	405,00
Fyrir 31 bát og fleiri	540,00

Ef um leigutalstöð er að ræða, greiðast að auki venjuleg leigugjöld samkvæmt verðskrá.

1.4. Vegna metrabylgjustöðva, sem komið er upp á stöðum þar sem Póst- og símamálastofnunin veitir ekki strandarstöðvarþjónustu á metrabylgjurásum, skal greiða daggjald kr. 285,00 enda sé eingöngu um að ræða viðskipti, er lúta að rekstri fiskiskipa og veiðum.

1.5. Viðskiptagjöld landfarstöðva.

1.5.1. Ársfjórðungslegt afnotagjald landfarstöðva, sem nota rásir á millibylgju, kr. 540,00.

1.5.2. Afgreiðslugjald fyrir hvert símtal afgreitt eða skilaboð send (fyrir símtöl eða skilaboð afgreidd frá afgreiðslustöð í landfarstöðvaþjónustunni til annars gjaldsvæðis í símakerfinu, en hún er í, greiðist línugjald skv. gjaldskrá) kr. 77,00.

2. Skyldutilkynningar skipa.

Öll íslensk skip, sem eru tilkynningaskyld samkvæmt lögum frá 17. maí 1968 og gildandi reglugerð þar að lútandi, greiði ársfjórðungsgjald fyrir flutning skyldutilkynningar um fjarskiptakerfið.
Gjaldið skal vera svo sem hér segir:

	Kr.
Fyrir skip undir 15 rúmlestum brúttó	285,00
Fyrir skip 15 að 50 rúmlestum brúttó	425,00
Fyrir skip 50 að 100 rúmlestum brúttó	565,00
Fyrir skip 100 rúmlestir brúttó og yfir	775,00

Gjald þetta er óviðkomandi öðrum viðskiptagjöldum vegna viðskipta skipa um strandarstöðvar Póst- og símamálastofnunarinnar, og skal það greitt fyrirfram ársfjórðungslega.
Óheimilt er að hagnýta upplýsingar þær, er fást með skyldutilkynningunum, til annarra nota en öryggisgæslu vegna skipa og áhafna.

XVIII. KAFLI
Afnot landssímalína til skákkeppni gegn niðursettu gjaldi.

1.1. Fyrir afnot landssímalína til skákkeppni greiðist $^1/_5$ venjulegs símtalagjalds á tímabilinu frá 1. október til 30. apríl kl. 21:00–08:00. Lágmarksgjald miðast þó við

þriggja stunda notkun á línunum. Hver byrjuð klukkustund telst sem heil. Á öllum öðrum tímum en þeim, sem að framan getur, reiknast fullt gjald, samkvæmt símtalagjaldskrá (sbr. III. kafla).

1.2. Umsóknir um afnot landssímalína til skákkeppni gegn niðursettu gjaldi skulu koma frá Skáksambandi Íslands og sendar skriflega til símstjórans í Reykjavík með minnst sólarhrings fyrirvara. Óskir um niðursett símagjöld til skákkeppni frá öðrum en Skáksambandi Íslands verða eigi teknar til greina.

XIX. KAFLI

1. Almennir skilmálar.

1.1. Sá, sem óskar að fá talsíma eða aukið samband eða breytingar á samböndum og tækjum, er hann hefur áður fengið, sendi um það skriflega umsókn. Þar til gerð eyðublöð eru í símaskránni og fást einnig á símstöðvum og skal umsækjandi tilgreina fullt nafn, kennitölu og heimilisfang. Skal hann þá hlíta þeim kjörum og ákvæðum, sem sett eru eða sett kunna að verða um notkun símtækja og sambanda.

1.2. Símasambandi er venjulega ekki komið á við nokkra húseign, nema húseigandi leyfi endurgjaldslaust að koma fyrir þráðum og öðrum símatækjum á húsi og lóð, og ber þeim, er pantar sambandið, að sjá um, að slíkt leyfi húseiganda fáist. Krefjast má þess, að talsímanotendur setji tryggingu fyrir greiðslu allra gjalda fyrir afnot símans.

1.3. Póst- og símamálastofnunin ákveður, við hvaða stöð símabúnaður skuli tengjast, númer hans og nánara fyrirkomulag og getur síðan breytt um númer, ef það telst nauðsynlegt. Handvirk langlínusímtöl hafa forgangsrétt fram yfir innanbæjarsímtöl, og getur Landssíminn komið inn á sjálfvirk símtöl og beðið um, að viðkomandi leggi á, ef um innanbæjarsímtal er að ræða.

1.4. Ekki er heimilt að gera eða láta gera breytingar á símalögnum nema með heimild Póst- og símamálastofnunarinnar. Öll slík verk framkvæmir stofnunin eftir beiðni en notandi greiðir það gjald, sem ákveðið er. Starfsmenn stofnunarinnar, hafa hvenær sem er aðgang að öllum símatækjum og símalögnum.

1.5. Talsímanotendum er skylt að fara vel og gætilega með allan símabúnað í eigu Póst- og símamálastofnunarinnar er þeir hafa til afnota, og eru þeir bótaskyldir á öllu því, sem aflaga fer og ekki stafar af eðlilegu sliti, svo og öllu því, er glatast úr þeirra vörslu í þessum efnum.
Stranglega er bannað að setja nokkur tæki eða búnað í samband við tæki Póst- og símamálastofnunarinnar, t. d. talfærasnúrur o. þ. h., enda hefur Póst- og símamálastofnunin að sjálfsögðu rétt til að taka allan slíkan búnað burtu og láta hlutaðeigandi sæta sektum eða missi símans, ef ástæða þykir til.

1.6. Verði bilun í símakerfinu eða í notendabúnaði sem Póst- og símamálastofnunin hefur látið í té ber þegar í stað að tilkynna það til viðkomandi símstöðvar. Póst- og símamálastofnunin ber ekki ábyrgð á því, þótt sími verði ónothæfur um stund. Verði óþarfur dráttur af hálfu Póst- og símamálastofnunarinnar á viðgerð síma má krefjast endurgreiðslu á afnotagjaldinu í hlutfalli við þann tíma, er síminn er ónothæfur, ef sambandsslitin eru meira en 10 sólarhringar á ári.

1.7. Póst- og símamálastofnunin tekur ekki á sig neina ábyrgð á afleiðingum þess, ef mistök kunna að eiga sér stað við afgreiðslu símskeyta eða símtala, hvort sem þau eru af völdum starfsmanna, línubilana eða af öðrum orsökum.

1.8. Enginn talsímanotandi má lána, leigja eða selja öðrum afnot talsímakerfisins nema með leyfi Póst- og símamálastofnunarinnar. Sé það engu að síður gert, hefur notandi

fyrirgert rétti sínum til símans, og getur stofnunin slitið sambandinu, en notandi borgar samt afnotagjaldið til þess tíma, er hann hefði löglega getað sagt upp.

1.9. Hægt er að fá símanúmer geymt í umsaminn tíma gegn greiðslu afnotagjalds.

1.10. Póst- og símamálastofnuninni er heimilt að synja þeim um síma eða loka símanúmerum þeirra um stundarsakir eða að fullu, sem eftir athugun og að dómi hennar hafa verulega slæm áhrif á afgreiðslu sjálfvirku símstöðvarinnar, eða ef sími þeirra er misnotaður, svo sem með endurteknum gabbhringingum eða öðrum truflunum.

1.11. Sé lína einhvers notanda óhæfilega oft á tali að dómi Póst- og símamálastofnuninnar, getur stofnunin krafist þess, að notandinn fallist á lagfæringar.

1.12. Verðskrá sú er póst- og símamálstjóri gefur út fyrir búnað við sjálfvirkar miðstöðvar og fjarritvélar, í samráði við ráðuneytið, skal liggja frammi á símstöðvum.

1.13. Þeir, sem af ásettu ráði eða vítaverðu gáleysi valda skemmdum á símabúnaði og símakerfum í eigu stofnunarinnar hafa fyrirgert rétti sínum til símans og sæta sektum samkvæmt 176. gr. hegningarlaganna, nema verknaðinum sé þannig farið, að þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum.

2. Greiðsluskilmálar.

2.1. Skráður rétthafi síma ber alla ábyrgð á greiðslum til Póst- og símamálastofnunarinnar vegna notkunar á símabúnaði hans.

2.2. Gjalddagi fyrir síma-, radíó- og önnur fjarskiptagjöld er fyrsti hvers mánaðar. Póst- og símamálastofnun skal sjá svo um að reikningar séu sendir notendum með góðum fyrirvara.

2.3. Eindagi gjaldanna er 15 dögum eftir gjalddagann. Falli gjöldin í eindaga, ber notanda að greiða dráttarvexti af gjaldskuldinni frá gjalddaga til greiðsludags í samræmi við ákvæði III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987. Gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari fylgir lögtaksréttur sbr. 9. gr. fjarskiptalaga nr. 73/1984 og 1. grein 3. töluliðar lögtakslaga nr. 29/1885.

2.4. Frá 15. næsta mánaðar eftir gjalddagann, er heimilt að beita útilokun símasambanda gagnvart þeim notendum, sem skulda vangreidd gjöld, krónur 1 000,00 eða meira, þar til þeir hafa greitt skuld sína að fullu. Innheimt verður gjald, krónur 170,00, fyrir enduropnun símasambands.

2.5. Ef ætla má vegna framkominna atvika að notandi geti ekki greitt gjaldskuldir sínar á gjalddaga þeirra, er heimilt að beita útilokun símasambanda fyrirvaralaust, nema notandi setji fullnægjandi tryggingu fyrir gjaldskuldinni og væntanlegri notkun á yfirstandandi afnotatímabili.

3. Leigutími.

Þegar um er að ræða samband fyrir utan kaupstaðarlóð eða samband með sérstöku fyrirkomulagi, getur Póst- og símamálastofnunin krafist, að leigutíminn sé minnst eitt ár eða fleiri.

4. Uppsögn.

Segja má símasambandi upp um mánaðamót með minnst eins mánaðar fyrirvara, nema þar sem sérákvæði gilda, og skal uppsögn vera skrifleg.

5. Flutningar.

Ef talsímanotandi óskar eftir flutningi skal hann tilkynna það skriflega til hlutaðeigandi símstöðvar og skal þá flutningur framkvæmdur svo fljótt sem unnt er, en notandi greiðir hið ákveðna gjald.

XX. KAFLI

Gjaldskrá þessi og reglur eru settar samkvæmt 9. gr. laga nr. 73 frá 1984 um fjarskipti með áorðnum breytingum samkvæmt 5. gr. laga nr. 32 frá 1993 svo og samkvæmt 11. gr. laga nr. 36 frá 1977 um stjórn og starfrækslu póst- og símamála með áorðnum breytingum samkvæmt 8. gr. laga nr. 34 frá 1987 og gengur í gildi 10. júní 1994. Reiknast nýju gjöldin fyrir teljaraskref aðeins af símtölum, sem fram fara 10. júní 1994 eða síðar. Jafnframt falla þá úr gildi gjaldskrár og reglur nr. 338 20. ágúst 1993.

Samgönguráðuneytið, 3. júní 1994.

Halldór Blöndal.

Halldór S. Kristjánsson.

31. maí 1994 Nr. 294

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 362/1993, um framkvæmd útreiknings á innlausnarvirði hlutdeildarskírteina verðbréfasjóða.

1. gr.

5. gr. orðast svo:

Tillag í niðurfærslureikning verðbréfasjóðs eða sjóðsdeildar skal fært í samræmi við mat stjórnenda rekstrarfélags á niðurfærsluþörf í samráði við stjórn verðbréfasjóðs.

Tillag í niðurfærslureikning eigna skiptist í:

1. Almennt tillag sem reiknað skal í hundraðshlutum af bókfærðri heildarfjárhæð verðbréfa að frádregnu sérstöku tillagi skv. 2. tölul.
2. Sérstakt tillag sem reiknað skal í hundraðshlutum af vanskilum, þ.e. gjaldföllnum eftirstöðvum verðbréfa ásamt vöxtum. Tillag tengt vanskilum skal reiknað fyrir hvern byrjaðan mánuð sem vanskil hafa staðið en þó ekki fyrr en að liðnum fyrstu sex mánuðum vanskila. Þegar vanskil sem sérstakt tillag reiknast af hafa staðið í eitt ár eða lengur skal hætt að tekjufæra dráttarvexti svo og þóknun og skal krafan þá standa óbreytt í bókhaldi hlutaðeigandi verðbréfasjóðs eða sjóðsdeildar þangað til ljóst verður hversu hátt hlutfall höfuðstóls og vaxta innheimtist.

Sérstakt tillag í niðurfærslureikning skal leiðrétt á þriggja mánaða fresti í samræmi við skriflegt mat sem yfirfarið er af löggiltum endurskoðanda verðbréfasjóðs.

Bankaeftirlitinu er heimilt að kveða nánar á um tillög í niðurfærslureikning samkvæmt þessari grein.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 6. mgr. 19. gr. laga nr. 10/1993, um verðbréfasjóði, öðlast þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytið, 31. maí 1994.

F. h. r.
Þorkell Helgason.

Finnur Sveinbjörnsson.

REGLUGERÐ

um fjarskiptabúnað og fjarskipti íslenskra skipa.

EFNISYFIRLIT:

I. KAFLI.
Almennar kröfur.

1. Skilgreiningar og orðaskýringar
2. Almenn ákvæði
3. Skipting hafsvæða
4. Teikningar, skoðun og útgáfa skírteina
5. Eftirlit og viðhald
6. Tæknikröfur, gerðarsamþykktir

II. KAFLI.
Fjarskiptabúnaður farþega-, flutninga- og fiskiskipa með skrásetningarlengd 24 metra og lengri.

7. Fjarskiptabúnaður almennt
8. Öll skip skulu búin eftirfarandi tækjum án tillits til hafsvæða
9. Fjarskiptabúnaður skipa á hafsvæði A1
10. Fjarskiptabúnaður skipa á hafsvæðum A1 og A2
11. Fjarskiptabúnaður skipa á hafsvæðum A1, A2 og A3
12. Fjarskiptabúnaður fyrir skip, sem sigla á öllum hafsvæðum
13. Staðsetning fjarskiptabúnaðar og fyrirkomulag
14. Hlustvarsla
15. Starfsmenn sem annast fjarskipti
16. Fjarskiptadagbók
17. Færanlegar fjarskiptastöðvar og ratsjársvarar
18. Neyðarbaujur
19. Orkugjafar
20. Ratsjár og miðunarstöðvar

III. KAFLI.
Fjarskiptabúnaður þilfarsskipa og opinna skipa með skrásetningarlegnd minni en 24 metrar.

21. Fjarskiptabúnaður fyrir skip á hafsvæði A1
22. Fjarskiptabúnaður fyrir skip á hafsvæðum A1 og A2
23. Fjarskiptabúnaður fyrir skip á hafsvæðum A3 og A4
24. Staðsetning fjarskiptabúnaðar og fyrirkomulag
25. Starfsmenn sem annast fjarskipti
26. Hlustvarsla
27. Orkugjafar
28. Skip sem hafa haffæri til siglinga á hafsvæði A1 frá 1. apríl til 30. september.

IV. KAFLI.
Gildistaka o.fl.

29. Gildistaka o.fl.

I. KAFLI
Almennar kröfur.

1. gr.
Skilgreiningar og orðaskýringar.

1.1 Alþjóðasamþykktir þær, sem getið er um í þessum reglum eru:
Alþjóðasamningur um öryggi mannslífa á hafinu (SOLAS), ásamt viðaukum,
Alþjóðafjarskiptasamþykktin/Alþjóðaradioreglugerðin (RR) og
Alþjóðasamþykkt um öryggi fiskiskipa (Torremolinos 1977), ásamt viðaukum.

1.2 Siglingasvæði: Siglingasvæðin eins og þau eru útskýrð í reglugerð þessari og gefin eru út samkvæmt skilgreiningum Alþjóðasiglingamálastofnunar (IMO) í SOLAS.

1.3 Íslenskt skip: Skip, sem skráð er í íslenska skipaskrá samkvæmt lögum um skráningu skipa nr. 115/1985.

1.4 Nýtt skip: Skip sem hafin er smíði á eftir gildistöku reglugerðar þessarar.

1.5 Gamalt skip: Skip sem ekki er nýtt.

1.6 Alþjóðafjarskiptaþjónusta: Fjarskiptaþjónusta milli fjarskiptastöðva, sem eru staðsettar hver í sínu landi eða tilheyra hver sínu landi.

1.7 Farstöðvaþjónusta: Fjarskiptaþjónusta milli farstöðva og landstöðva eða milli farstöðva.

1.8 Sjófarstöðvaþjónusta: Farstöðvaþjónusta milli strandstöðva og sjófarstöðva eða milli sjófarstöðva. Farstöðvar björgunarbáta geta einnig tekið þátt í þessari þjónustu.

1.9 Sjófarstöð (skipsstöð): Farstöð í sjófarstöðvaþjónustunni um borð í skipi, sem er ekki að staðaldri fyrir akkeri eða bundið við bryggju. Björgunarbátar teljast ekki skip í þessu sambandi.

1.10 Strandstöð: Landstöð í sjófarstöðvaþjónustunni.

1.11 Hafnarstöð: Landstöð í hafnarþjónustu fyrir skip.

1.12 Skipajarðstöð: Færanleg jarðstöð í gervihnattasjófarstöðvaþjónustu, sem staðsett er um borð í skipi.

1.13 Almenn þráðlaus fjarskipti: Fjarskipti sem tengjast hvers kyns rekstri, önnur en neyðar-, háska- og öryggissendingar.

1.14 Stöðug hlustvarsla: Fjarskiptavakt skal ekki rofin nema þegar móttökugeta skipsins er trufluð í stuttan tíma vegna eigin viðskipta, eða þegar reglubundið viðhald eða skoðun fer fram á búnaði.

1.15 Öryggistilkynningar til sjófarenda: Aðvaranir varðandi siglingar og veðurfar. Veðurspár og aðrar áríðandi upplýsingar sem sendar eru og varða öryggi skipa.

1.16 INMARSAT (International Maritime Satellite Organization): Alþjóðastofnun um notkun gervitungla í siglingum.

1.17 COSPAS/SARSAT: Kerfi gervihnatta á pólferlum, sem taka á móti merkjum frá neyðarsendum (EPIRB, ELT, PLT) á tíðnunum 406 og 121,5 MHz og endursenda þau til sérstakra viðtökustöðva á jörðu, sem staðsetja þau og aðvara leitar- og björgunarstöðvar.

1.18 Alþjóðleg NAVTEX-þjónusta: Útsending og sjálfvirk prentviðtaka á öryggistilkynningum til sjófarenda (sbr. gr. 1.15) á samræmdum tímum á ensku máli, á 518 kHz.

1.19 Radíótelex: Þráðlaus prentfjarskipti (NBDP).

1.20 Stafrænt valkall (DSC, Digital Selective Calling): Tækni, sem nýtir sér stafræna kóða er gera fjarskiptastöðvum kleift að opna fyrir viðtæki um borð í skipi eða skipum og miðlar upplýsingum til þeirra, auk þess að uppfylla viðeigandi tilmæli Alþjóðaráðgjafanefndarinnar um þráðlaus fjarskipti (Radio Consultative Committee (CCIR)).

1.21 Hópkallkerfi: Hópkall þegar kallað er samtímis á fyrirfram ákveðinn hóp skipa.

1.22 Handvirkur neyðarsendir: Neyðarsendir, sem ræstur er handvirkt, en sendir út sjálfvirkt neyðarmerki á 406 og/eða 121.5 MHz til staðsetningar í neyðartilfellum (EPIRB).

1.23 Frífljótandi neyðarbauja: Bauja með neyðarsendi, sem ræsist sjálfvirkt og sendir út sjálfvirkt neyðarmerki á 406 og 121.5 MHz til staðsetningar í neyðartilfellum, eftir að hafa flotið upp frá sökkvandi skipi (EPIRB).

1.24 Færanleg metrabylgjustöð (handstöð): Lítil talstöð í sjófarstöðvaþjónustunni til fjarskipta um borð í skipi, eða milli skips og björgunarbáta í sambandi við notkun þeirra eða æfingar með þeim, eða til fjarskipta milli skipa.

1.25 Neyðarorka: Neyðarraforka sú sem hægt er að keyra inn á netkerfi skipsins þegar aðalorkugjafar bregðast.

1.26 Varaorka: Vararaforkugjafi sem séð getur fjarskiptatækjum fyrir raforku í ákveðinn tíma til neyðarfjarskipta þegar aðal- og neyðarraforkugjafar bregðast.

2. gr.

Almenn ákvæði.

2.1 Reglugerð þessi gildir fyrir öll íslensk skip.
Auk þess skulu öll íslensk skip, sem falla undir ákvæði alþjóðasamþykkta, er fjalla um fjarskipti skipa og Ísland hefur fullgilt, fullnægja reglum þeirra samþykkta.

2.2 Fyrir gömul skip gilda kröfur um tækjabúnað samkvæmt reglugerð nr. 813/1981 með áorðnum breytingum fram til 1. febrúar 1999, að viðbættum þeim kröfum í reglugerð þessari, sem fram koma í gr. 8.4, 8.5, 17.3, 20.1, og 20.2.

2.3 Skip, sem smíðuð eru fyrir 1. febrúar 1995, skulu uppfylla kröfur um tækjabúnað samkvæmt þessari reglugerð eða eldri reglugerð nr. 813/1981, með áorðnum breytingum, til 1. febrúar 1999.

2.4 Skip, sem smíðuð eru eftir 1. febrúar 1995 skulu uppfylla allar viðeigandi kröfur þessarar reglugerðar.

2.5 Við endurnýjun á tækjum eða breytingar á skipulagi um borð í skipi, gilda ákvæði þessarar reglugerðar varðandi viðkomandi tæki eða fyrirkomulag eins og um nýtt skip væri að ræða.

2.6 Ekkert ákvæði reglugerðarinnar skal koma í veg fyrir að skip, björgunarbátar eða fólk í neyð noti hvaða aðferðir sem völ er á, til að vekja á sér athygli eða gefa upp staðarákvörðun og leita aðstoðar.

3. gr.

Skipting hafsvæða.

3.1 Kröfur um fjarskiptabúnað til að annast fjarskipti samkvæmt 7. gr. miðast við siglingasvæði skipa eins og þau eru skilgreind í IV. kafla SOLAS, ásamt viðbótum frá 1988. Jafnframt skulu öll skip sem sigla á hafsvæði A1 og A2 búin tækjum til sjálfvirkrar tilkynningarskyldu (STK) frá og með 1. febrúar 1999. Veita má undanþágu frá þessu ákvæði til skipa sem einungis sigla tímabundið inn á svæðið.

3.2 Hafsvæði A1: Er hafsvæði sem takmarkast af langdrægi strandstöðvar til talfjarskipta og viðvarana með stafrænu valkalli (DSC) á metrabylgju (VHF).

3.3 Hafsvæði A2: Er svæði utan við hafsvæði A1, sem takmarkast af langdrægi strandstöðvar til talfjarskipta og viðvarana með stafrænu valkalli (DSC) á millibylgju (MF).

3.4 Hafsvæði A3: Er svæði utan hafsvæða A1 og A2, sem takmarkast af langdrægi kyrrstæðra INMARSAT-gervihnatta til sendinga viðvarana, þ.e. milli 70°N og 70°S.

3.5 Hafsvæði A4: Er svæði utan hafsvæða A1, A2 og A3.

4. gr.

Teikningar, loftnet, skoðun og útgáfa skírteina.

4.1 Teikningar, sem sýna staðsetningu og fyrirkomulag fjarskiptabúnaðarins með skýringum um tegund og framleiðanda, ásamt teikningu af fyrirkomulagi loftneta, skal senda Siglingamálastofnun ríkisins til samþykktar. Siglingamálastofnun lætur Fjarskiptaeftirliti ríkisins í té afrit af þeim upplýsingum og teikningum.

4.2 Fjarskiptaeftirlit ríkisins gefur út leyfisbréf fyrir notkun fjarskiptatækja og hefur eftirlit með þeim. Siglingamálastofnun ríkisins gefur út þau skírteini, sem krafist er fyrir skip, er falla undir gildandi alþjóðasamþykktir um öryggi mannslífa á hafinu (SOLAS) og alþjóðasamþykkt um öryggi fiskiskipa (Torremolinos), þegar hún hefur tekið gildi.

4.3 Skoðun.

4.3.1 Skoðun fjarskiptabúnaðar skal fara fram árlega og hefur Fjarskiptaeftirlit ríkisins yfirumsjón með framkvæmd hennar. Heimilt er að fela öðrum að annast skoðun, enda uppfylli þeir kröfur samgönguráðuneytis um menntun og þjálfun starfsmanna svo og kröfur um nauðsynlegan tækjabúnað. Að skoðun lokinni skal gefa út öryggisvottorð fyrir fjarskiptabúnaðinn sem gildir í 12 mánuði í senn, enda verði á tímabilinu engar veigamiklar breytingar gerðar á búnaðinum, en þá fari fram endurskoðun. Þó má gildistíminn vera 14 mánuðir, fari skoðun fram tveimur mánuðum fyrir tilsettan tíma.

4.3.2 Skoðunaraðili skal senda Fjarskiptaeftirliti ríkisins og Siglingamálastofnun ríkisins afrit af skoðunarskýrslum yfir búnað þann sem reglurnar fjalla um, strax að lokinni skoðun.

4.3.3 Skoðunarmenn fjarskiptabúnaðar skulu að lokinni skoðun færa niðurstöður í eftirlitsbók skipsins.

4.4.4 Skipstjóra ber skylda til að fylgjast með því hvenær öryggisvottorð fellur úr gildi og sjá um að skoðun fari fram til endurnýjunar þess.

4.4.5 Skipstjóri eða staðgengill hans skal vera viðstaddur þegar skoðun fer fram.

5. gr.

Eftirlit og viðhald.

5.1 Búnaður skal vera hannaður og byggður þannig að hægt sé að skipta honum út, eða einstökum einingum hans, án þess að umtalsverðra endurstillinga sé þörf.

5.2 Þar sem því verður við komið skal búnaður vera þannig uppsettur að auðvelt sé að komast að honum til eftirlits og viðhalds.

5.3 Starfrækslu- og viðgerðahandbækur fjarskiptabúnaðar skulu vera um borð. Einnig varahlutir og verkfæri, eftir því sem við á.

5.4 Til eru þrjár mismunandi viðhaldsaðferðir:

1. Tvöföldun búnaðar.
2. Viðhald í landi.
3. Viðhald um borð.

Skip, sem er með haffærisskírteini eða önnur jafngild alþjóðleg skírteini til siglinga á hafsvæði A1 og/eða A2, getur valið eina eða fleiri af ofannefndum aðferðum.

Skip sem einnig er með haffærisskírteini eða önnur jafngild alþjóðleg skírteini til siglinga á hafsvæði A3 og/eða A4 skal velja a.m.k. tvær ofangreindra aðferða, það er:

A. Tvöföldun búnaðar (1) ásamt viðhaldi í landi (2).

B. Tvöföldun búnaðar (1) ásamt viðhaldi um borð (3).

C. Viðhald í landi (2) ásamt viðhaldi um borð (3).

Val á viðhaldsaðferðum skal tilkynnt Siglingamálastofnun ríkisins eða Fjarskiptaeftirliti ríkisins.

5.5 Tvöföldun búnaðar.

5.5.1 Skip sem hafa haffærisskírteini til að sigla eingöngu á hafsvæði A1, uppfylla skilyrði um tvöföldun búnaðar með viðbótarmetrabylgjustöð samkvæmt gr. 8.1 og 21.1.

5.5.2 Skip sem hafa haffærisskírteini til að sigla eingöngu á hafsvæðum A1 og A2, uppfylla skilyrði um tvöföldun búnaðar með viðbótarmetrabylgjustöð samkvæmt gr. 8.1 og viðbótarmillibylgjustöð samkvæmt gr. 10.2 og 22.2.

5.5.3 Skip sem hafa haffærisskírteini til að sigla á hafsvæði A1, A2 og A3 uppfylla kröfur um tvöföldun búnaðar með viðbótarmetrabylgjustöð samkvæmt gr. 8.1 og annaðhvort millibylgju-/stuttbylgjustöð samkvæmt gr. 11.2.1, sem uppfyllir öll skilyrði gr. 14.4.3 eða INMARSAT-skipajarðstöð samkvæmt gr. 11.3.1. Hægt skal vera að setja í gang neyðarsendingar með millibylgju-/stuttbylgjustöðinni eða skipajarðstöðinni frá þeim stað sem skipinu er venjulega stjórnað.

5.5.4 Skip sem hafa haffærisskírteini til að sigla á öllum hafsvæðum uppfylla kröfur um tvöföldun búnaðar með sama viðbótarbúnaði og krafist er í gr. 5.5.3 að því undanskildu að skipajarðstöð má ekki notast til tvöföldunar.

5.5.5 Skip sem einungis fara stöku sinnum á hafsvæði A4 mega, ef þau eru búin millibylgju-/stuttbylgjustöð samkvæmt gr. 11.2.1, nota skipajarðstöð samkvæmt gr. 11.3.1 til að uppfylla skilyrði um tvöföldun búnaðar.

5.5.6 Ofangreindur búnaður skal tengdur sér loftnetum og þannig frá honum gengið að hann sé tilbúinn til tafarlausrar notkunar.

5.5.7 Hægt skal vera að reka ofangreindan búnað frá varaorkugjafa eða varaorkugjöfum skipsins samkvæmt gr. 19 og 27.

5.6 Viðhald í landi: Viðhald í landi skal tryggt þannig að öruggt sé að skip leggi aldrei úr höfn án þess að öllum kröfum 7. gr. um virkni búnaðar sé fullnægt.

5.7 Viðhald um borð: Sá sem annast viðhald um borð þarf að hafa til þess tilskilin réttindi. Viðkomandi þarf að uppfylla þær menntunarkröfur sem settar eru fram í Alþjóðaradíóreglugerðinni og tilmælum Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar .

5.8 Tryggja skal að fjarskiptabúnaði þeim sem krafist er samkvæmt þessari reglugerð sé haldið svo við að hann svari kröfum um aðgengi og virkni samkvæmt reglugerð þessari og að hann svari kröfum staðla er lúta að vinnsluhæfni slíks búnaðar.

6. gr.

Tæknikröfur, gerðarsamþykktir.

6.1 Allur sá fjarskiptabúnaður sem reglugerð þessi fjallar um skal vera gerðarsamþykktur af Fjarskiptaeftirliti ríkisins eða hafa hlotið gerðarsamþykki, sem byggist á samevrópskum tæknireglugerðum (CTR) eða CEPT-ákvörðunum og nýtur almennt viðurkenningar í Evrópu.

II. KAFLI
Fjarskiptabúnaður farþega-, flutninga- og fiskiskipa með skráningarlengd 24 metrar og lengri.

7. gr.

Fjarskiptabúnaður almennt.

Með fjarskiptabúnaði skipa skal vera hægt að framkvæma eftirfarandi:

7.1 Senda neyðarskeyti til lands með að minnsta kosti tveimur aðskildum og sjálfstæðum aðferðum, sem hvor um sig notar mismunandi fjarskiptakerfi.

7.2 Taka á móti neyðarskeytum frá landi.

7.3 Senda og taka á móti neyðarskeytum frá skipum.

7.4 Senda og taka á móti skeytum varðandi samræmingu leitar og björgunar.
7.5 Senda og taka á móti skeytum á björgunarstað.
7.6 Senda og taka á móti merkjum til staðsetningar, samkvæmt gr. 20.1 og 20.2.
7.7 Senda og taka á móti upplýsingum varðandi öryggi á sjó.
7.8 Annast almenn fjarskipti við strandstöðvar og önnur fjarskiptakerfi í landi.
7.9 Annast almenn fjarskipti við önnur skip.

8. gr.
Öll skip skulu búin eftirfarandi tækjum án tillits til hafsvæða.

8.1 Metrabylgjustöð fyrir eftirfarandi rásir:
Rás 16 (156.800 MHz), rás 6 (156.300 MHz), rás 13 (156.650 MHz), auk rása til almennra fjarskipta og sendi á rás 70 (156.525 MHz) með stafrænu valkalli (DSC). Má vera sambyggt í einni stöð.
8.2 Varðviðtæki fyrir stafrænt valkall á rás 70. Skal vera sér tæki.
8.3 Ratsjársvara á 9 GHz (3 cm, X-band) samkvæmt gr. 17.3. Gildir ekki fyrir fiskiskip undir 45 metrum.
8.4 NAVTEX-viðtæki frá og með 1. ágúst 1995. Fari skip út fyrir þjónustusvæði NAVTEX skulu þau að auki búin tækjum til prentfjarskipta á stuttbylgju (radíótelex). Séu skip eingöngu á svæði sem INMARSAT-gervihnöttur nær til (milli 70°N og 70°S) mega þau nota fjarskiptabúnað frá INMARSAT-hópkallkerfinu í stað prentfjarskipta á stuttbylgju (radíótelex) til viðtöku öryggistilkynninga til sjófarenda. Farþega- og flutningaskip skulu búin NAVTEX-viðtæki frá og með gildistöku reglugerðar þessarar.
8.5 Frífljótandi COSPAS/SARSAT-neyðarbauju á 406/121.5 MHz eða frífljótandi INMARSAT-neyðarbauju á 1.6 GHz séu þau eingöngu á svæðum sem INMARSAT-gervihnettir ná til frá og með 1. ágúst 1995. Farþega- og flutningaskip skulu búin frífljótandi neyðarbauju frá og með gildistöku reglugerðar þessarar.
8.6 Til 1. febrúar 1999 eða annarrar dagsetningar sem ákveðin kynni að verða, varðviðtæki fyrir kall- og neyðartíðnina 2182 kHz ásamt tæki til að senda vekjaramerki á 2182 kHz. Krafan um það síðarnefnda gildir ekki sé eingöngu siglt á hafsvæði A1.
8.7 Neyðarbauju fyrir gúmmíbjörgunarbáta á tíðnunum 121.5 og 406 MHz. Sjá gr. 18.2.

9. gr.
Fjarskiptabúnaður fyrir skip á hafsvæði A1.

9.1 Skip, sem eingöngu sigla á hafsvæði A1, skulu búin fjarskiptatækjum samkvæmt 8. gr.

10. gr.
Fjarskiptabúnaður fyrir skip á hafsvæðum A1 og A2.

10.1 Auk þess sem krafist er í gr. 8 skulu skip sem sigla eingöngu um hafsvæði A1 og A2 vera búin:
10.2 Millibylgjustöð, sendi og viðtæki fyrir neyðar- og öryggisfjarskipti á tíðninni 2182 kHz og sendi fyrir stafrænt valkall (DSC) á tíðninni 2187.5 kHz. Má vera sambyggt í einni stöð.
10.3 Varðviðtæki fyrir stafrænt valkall á tíðninni 2187.5 kHz. Skal vera sér tæki.
10.4 Eitt af eftirfarandi til sendingar neyðarskeyta:
- Frífljótandi COSPAS/SARSAT-neyðarbauju 406/121.5 MHz. Má vera sú sem krafist er í gr. 8.5.
- Frífljótandi INMARSAT-neyðarbauju 1.6 GHz. Má vera sú sem krafist er í gr. 8.5.

- Stuttbylgjustöð með stafrænu valkalli (DSC).
- INMARSAT-skipajarðstöð.

10.5 Eitt af eftirfarandi til almennra fjarskipta:
- Millibylgjustöð, sendi og viðtæki á tíðnisviðinu 1605 - 4000 kHz. Má vera sambyggð stöðinni í gr. 10.2.
- Stuttbylgjustöð, sendi og viðtæki á tíðnisviðinu 4000 - 27000 kHz. Má vera sambyggð stöðinni í gr. 10.2.
- INMARSAT-skipajarðstöð. Má vera sú sama og er í gr. 10.4.

11. gr.

Fjarskiptabúnaður fyrir skip á hafsvæðum A1, A2 og A3.

11.1 Auk þess sem krafist er í gr. 8, skulu skip sem eingöngu sigla um hafsvæði A1, A2 og A3 vera búin:

11.2.1 Millibylgju-/stuttbylgjustöð, sendi og viðtæki fyrir neyðar- og öryggisfjarskipti á öllum neyðartíðnum í tíðnisviðinu 1.6 - 27.5 MHz fyrir tal, stafrænt valkall (DSC) og prentfjarskipti (radíótelex). Má vera sambyggt í einni stöð.

11.2.2 Varðviðtæki fyrir stafrænt valkall á neyðartíðnunum 2187.5 og 8414.5 kHz og að auki a.m.k. einni af stuttbylgjuneyðartíðnunum 4207.5, 6312, 12577 eða 16804.5 kHz. Skal vera sér tæki.

11.2.3 Millibylgju-/stuttbylgjustöð, sendi og viðtæki fyrir almenn tal- og prentfjarskipti (radíótelex). Má vera sama og krafist er í gr. 11.2.1.

11.2.4 Eitt af eftirfarandi til sendinga neyðarskeyta:
- Fríftjótandi COSPAS/SARSAT-neyðarbauju 406/121.5 MHz. Má vera sú sem krafist er í gr. 8.5.
- Fríftjótandi INMARSAT-neyðarbauju 1.6 GHz, sé skip eingöngu á svæði sem INMARSAT-gervihnöttur nær til. Má vera sú sem krafist er í gr. 8.5.
- INMARSAT-skipajarðstöð.

Eða að öðrum kosti:

11.3.1 INMARSAT-skipajarðstöð, sendi og viðtæki fyrir neyðar- og öryggisfjarskipti með telex og að auki almenn telex- og/eða talfjarskipti.

11.3.2 Millibylgjustöð, sendi og viðtæki fyrir neyðar- og öryggisfjarskipti á tíðninni 2182 kHz og sendi fyrir stafrænt valkall (DSC) á tíðninni 2187.5 kHz. Má vera sambyggt í einni stöð.

11.3.3 Varðviðtæki fyrir stafrænt valkall á tíðninni 2187.5 kHz. Skal vera sér tæki.

11.3.4 Eitt af eftirfarandi til sendinga neyðarskeyta:
- Fríftjótandi COSPAS/SARSAT-neyðarbauju 406/121.5 MHz. Má vera sú sem krafist er í gr. 8.5.
- Fríftjótandi INMARSAT-neyðarbauju1.6 GHz. Má vera sú sem krafist er í gr. 8.5.
- Stuttbylgju með stafrænu valkalli (DSC).
- Viðbótar INMARSAT-skipajarðstöð.

12. gr.

Fjarskiptabúnaður fyrir skip, sem sigla á öllum hafsvæðum.

12.1 Auk þess sem krafist er í gr. 8, skulu skip sem sigla um öll hafsvæði, A1, A2, A3, A4, vera búin:

12.2 Millibylgju-/stuttbylgjustöð, sendi og viðtæki fyrir neyðar- og öryggisfjarskipti á öllum neyðartíðnum í tíðnisviðinu 1.6 - 27.5 MHz fyrir tal, stafrænt valkall (DSC) og prentfjarskipti (radíótelex). Má vera sambyggt í einni stöð.

12.3 Varðviðtæki fyrir stafrænt valkall á neyðartíðnunum 2187.5 og 8414.5 kHz og að auki a.m.k. einni af stuttbylgjuneyðartíðnunum 4207.5, 6312, 12577 eða 16804.5 kHz. Skal vera sér tæki.

12.4 Millibylgju-/stuttbylgjustöð, sendi og viðtæki fyrir almenn tal- og prentfjarskipti (radíótelex). Má vera sama og gr. 12.2.

12.5 Fríflјótandi COSPAS/SARSAT-neyðarbauju 406/121.5 MHz. Má vera sú sem krafist er í gr. 8.5.

13. gr.

Staðsetning fjarskiptabúnaðar og fyrirkomulag.

13.1. Allur fjarskiptabúnaður skal:

13.1.1 Þannig staðsettur að notkun hans sé ekki trufluð af völdum vélbúnaðar, rafbúnaðar eða öðru og að ekki verði skaðleg víxlverkun við annan búnað.

13.1.2 Þannig staðsettur að öryggi hans sé tryggt og að hann sé ávallt aðgengilegur til tafarlausrar notkunar.

13.1.3 Varinn gegn skaðlegum áhrifum vatns, mikilla hitasveiflna og annarra umhverfisaðstæðna.

13.1.4 Hafa góða, varanlega raflýsingu sem er óháð aðal- og neyðarraforku skipsins til að lýsa upp stjórntæki fjarskiptabúnaðarins, þannig að þægilegt sé að vinna við hann.

13.1.5 Greinilega merktur kallmerki, skipaskrárnúmeri og öðrum kóðum sem eru notaðir í tengslum við hann.

13.2 Notkun öryggisrása á metrabylgju skal vera aðgengileg í brú frá þeim stað sem skipinu er venjulega stjórnað. Þar sem nauðsyn krefur skal vera hægt að hafa samband frá brúarvængjum og má nota til þess handstöðvar.

13.3 Eingöngu eftirfarandi fjarskiptabúnaður má vera staðsettur á þeim stað sem skipi er venjulega stjórnað:

13.3.1 Metrabylgjustöð, sem notist vegna öryggis siglingar.

13.3.2 Einfaldur, fljótvirkur búnaður til að senda neyðarskeyti með þeim fjarskiptatækjum sem krafist er.

13.3.3 Búnaður, sem sýnir viðtöku neyðarskeyta og áríðandi öryggistilkynninga (NAVTEX, varðviðtæki, INMARSAT).

13.4 Allur annar fjarskiptabúnaður skal staðsettur þannig að framangreindar kröfur séu uppfylltar. Sé hann staðsettur í stýrishúsi skal honum þannig fyrir komið að fjarskipti trufli ekki stjórn skips og öfugt.

13.5 Viðurkennd klukka skal vera fest þannig að allur talnaflöturinn sjáist frá umsjónarstaðnum fyrir fjarskiptastöðina.

13.6 Leiðbeiningar, sem gefa skýra mynd af ferli neyðarfjarskipta, skulu vera vel sjáanlegar frá umsjónarstað fjarskipta.

14. gr.

Hlustvarsla.

14.1 Sérhvert skip á sjó skal halda stöðuga hlustvörslu eftir útsendingum á öryggistilkynningum fyrir sjófarendur á viðeigandi tíðnum þar sem slíkum upplýsingum er útvarpað til þess svæðis sem skipið siglir um. Einnig skal hlustað eftir viðskiptalistum strandstöðva.

14.2 Til 1. febrúar 1999 eða annarrar dagsetningar sem ákveðin kynni að verða af öryggisnefnd sjófarenda (MSC) skal hvert skip á hafi úti halda stöðuga hlustvörslu á kall-

og neyðartíðninni fyrir metrabylgju, rás 16 (VHF). Hlustað skal á þeim stað sem skipinu er venjulega stjórnað frá.

14.3 Til 1. febrúar 1999 eða annarrar dagsetningar sem ákveðin kynni að verða af öryggisnefnd sjófarenda (MSC), skal hvert skip, sem skyldugt er að hafa varðviðtæki á kall- og neyðartíðninni 2182 kHz, hafa stöðuga hlustvörslu á nefndri tíðni. Hlustað skal á þeim stað sem skipinu er venjulega stjórnað frá.

14.4 Sérhvert skip á sjó skal halda stöðuga hlustvörslu:

14.4.1 Á metrabylgjurás 70 (VHF) fyrir stafrænt valkall (DSC), sé skipið búið fjarskiptabúnaði fyrir metrabylgju.

14.4.2 Á neyðar- og öryggistíðninni 2187.5 kHz fyrir stafrænt valkall, sé skipið búið fjarskiptabúnaði fyrir millibylgju (MF).

14.4.3 Á neyðar- og öryggistíðnunum 2187.5 kHz og 8414.5 kHz fyrir stafrænt valkall og að auki á að minnsta kosti einni eftirtalinna neyðar- og öryggistíðna 4207.5 kHz, 6312 kHz, 12577 kHz eða 16804.5 kHz með tilliti til tíma sólarhrings og staðsetningar skipsins, sé skipið búið fjarskiptabúnaði fyrir millibylgju/stuttbylgju (MF/HF). Halda má vakt þessa með viðtökuskanna.

14.4.4 Eftir neyðarskeyti frá landi til skips um gervihnött, sé það búið INMARSAT-skipajarðstöð.

15. gr.

Starfsmenn sem annast fjarskipti.

15.1 Skip, sem eru eingöngu innan hafsvæðis A1, skulu hafa um borð a.m.k. einn starfsmann með takmarkað fjarskiptamannsskírteini (Restricted Operator's Certificate).

15.2 Skip, sem sigla utan hafsvæðis A1, skulu hafa um borð a.m.k. tvo starfsmenn með almennt fjarskiptamannsskírteini (General Operator's Certificate).

15.3 Menntunarkröfur til þeirra sem annast fjarskipti skulu vera í samræmi við IMO Ályktun A 703 (17) og greinar 55 og 56 í Alþjóðaradíóreglugerðinni.

15.4 Þeir sem annast fjarskipti mega einnig gegna öðrum stöðum um borð. Ef annast þarf neyðarfjarskipti skal sá sem þau annast eigi hafa með höndum önnur störf meðan á þeim stendur.

16. gr.

Fjarskiptadagbók.

16.1 Fjarskiptadagbók skal staðsett við fjarskiptastöð og skal vera aðgengileg skoðunarmönnum fjarskiptabúnaðar.

16.2 Eftirfarandi skal fært í dagbók:

16.2.1 Allt varðandi neyðar- og öryggisfjarskipti.

16.2.2 Upplýsingar varðandi viðhald fjarskiptatækjanna og hleðslu vararafhlaðna fjarskiptabúnaðar.

16.2.3 Skoðanir fjarskiptabúnaðar.

17. gr.

Færanlegar fjarskiptastöðvar og ratsjársvarar.

17.1 Að minnsta kosti þrjár færanlegar metrabylgjustöðvar (handstöðvar) skulu vera til reiðu á hverju farþegaskipi, hverju flutningaskipi sem er 500 brúttórúmlestir eða stærra og fiskiskipi 45 metrar og lengra. Að minnsta kosti tvær færanlegar metrabylgjustöðvar (handstöðvar) skulu vera til reiðu á hverju flutningaskipi sem er minna en 500 brúttórúmlestir og fiskiskipi sem er 24 metrar og lengra. Stöðvarnar skulu geymdar á stað þar sem auðvelt er að nálgast þær og ávallt vera fullhlaðnar.

17.2 Heimila má notkun færanlegra metrabylgjustöðva (handstöðva), sem komið hafa í skip fyrir gildistöku þessarar reglugerðar, til 1. febrúar 1999, enda þótt þær standist ekki að fullu kröfur um vinnsluhæfni.

17.3 Að minnsta kosti einn ratsjársvari skal vera staðsettur á hvorri hlið allra farþegaskipa og allra flutningaskipa sem eru 500 brúttórúmlestir eða stærri og fiskiskipa sem eru 45 metrar og lengri. Að minnsta kosti einn ratsjársvari skal vera staðsettur um borð í hverju flutningaskipi, sem er minna en 500 brúttórúmlestir. Ratsjársvörunum skal komið fyrir á þannig stöðum að mjög fljótlegt sé að koma þeim fyrir í hverskyns björgunarbát öðrum en þeim gúmmíbjörgunarbát eða flekum sem krafist er samkvæmt SOLAS III. kafla, reglu 26.1.4. Að öðrum kosti skal einum ratsjársvara komið fyrir í hverjum björgunarbát, öðrum en þeim sem krafist er samkvæmt SOLAS III. kafla, reglu 26.1.4.

18. gr.

Neyðarbaujur.

18.1 Gúmmíbjörgunarbátar skipa, sem skylt er að hafa slíka báta, skulu búnir bauju sem sendir frá sér neyðarmerki á tíðnunum 121.5 og 406 MHz. Baujurnar þurfa ekki að vera fleiri en 5 um borð í sama skipi, en þar sem fjöldi gúmmíbjörgunarbáta fer fram úr 5, skulu umbúðir þeirra, sem búnir eru baujum, vera greinilega merktar. Baujunum skal pakkað í bátana um leið og þeir eru afhentir til notkunar og skulu þá settar í þær nýjar rafhlöður.

18.2 Heimilt er að veita undanþágu frá því að neyðarbauja í gúmmíbjörgunarbátum sendi á tíðninni 406 MHz. Sendir hún þá eingöngu á 121.5 MHz. Flutningaskip sem búin eru ratsjársvörum samkvæmt gr. 8.3 og 17.3 eru undanþegin kröfum um neyðarsenda í gúmmíbjörgunarbátum.

18.3 Um staðsetningu fríflótandi bauja með neyðarsendum fyrir 406/121.5 MHz:

18.3.1 Neyðarbaujan skal vera á stað þar sem auðvelt er að nálgast hana.

18.3.2 Baujan skal vera tilbúin til losunar með handafli og skal einn maður geta borið hana til björgunarbáts.

18.3.3 Baujan skal geta flotið frjáls, ef skipið sekkur og fara sjálfkrafa í gang þegar hún er komin á flot.

18.3.4 Unnt skal vera að setja neyðarsendinn í gang með handafli.

18.3.5 Leiðbeiningum, á íslensku, um notkun neyðarbaujunnar skal komið fyrir á áberandi stað, á eða við baujuna.

19. gr.

Orkugjafar.

19.1 Þegar skip er á hafi úti skal ætíð vera fyrir hendi næg raforka til að starfrækja fjarskiptabúnaðinn og hlaða þá rafgeyma sem notaðir eru sem varaorkugjafar fyrir hann.

19.2 Á öllum skipum skal vera varaorkugjafi eða varaorkugjafar fyrir fjarskiptabúnaðinn, þannig að hægt sé að starfrækja neyðar- eða öryggisfjarskipti þótt aðal- og neyðarorkugjafar skipsins bregðist.

Samtímis skal varaorkugjafi eða varaorkugjafar sjá eftirfarandi tækjum fyrir nægjanlegri orku: Metrabylgjustöðinni (VHF), sem krafist er í gr. 8.1, og, eftir því sem við á, í samræmi við tækjakröfur miðað við hafsvæði sem siglt er á, annaðhvort millibylgjustöð (MF), sem krafist er í gr. 10.2, eða millibylgju-/stuttbylgjustöð (MF/HF), sem krafist er í gr. 11.2.1, eða INMARSAT-skipajarðstöð, sem krafist er í gr. 11.3.1, og að auki neyðarlýsingu fyrir fjarskiptabúnaðinn og siglingatæki sem tengd eru honum, að tímalengd ekki skemur en:

19.2.1 Eina klukkustund fyrir skip sem byggð eru 1. febrúar 1995 eða síðar.

19.2.2 Eina klukkustund fyrir skip sem byggð eru fyrir 1. febrúar 1995, sé neyðarorkugjafi í fullu samræmi við allar viðeigandi kröfur SOLAS II-1 kafla reglu 42 eða 43, þ.m.t. kröfur um að sjá fjarskiptabúnaðinum fyrir orku.

19.2.3 Sex klukkustundir fyrir skip sem byggð eru fyrir 1. febrúar 1995, sé neyðarorkugjafinn ekki fyrir hendi eða ekki í fullu samræmi við viðeigandi kröfur SOLAS II-1 kafla, grein 42 eða 43, þ.m.t. kröfur um að sjá fjarskiptabúnaðinum fyrir orku.

19.2.4 Varaorkugjafinn eða varaorkugjafarnir þurfa ekki að geta séð bæði millibylgjustöð og stuttbylgjustöð fyrir orku á sama tíma.

19.3 Varaorkugjafi eða varaorkugjafar skulu vera aðskildir frá rafkerfi skipsins og þeirri orku sem knýr skipið áfram.

19.4 Þar sem hægt er að tengja, auk metrabylgjustöðvarinnar, tvö eða fleiri fjarskiptatæki samkvæmt gr. 19.2 við varaorkugjafann, skal vera hægt að sjá þeim samtímis fyrir nægjanlegri orku í þann tíma sem tilgreindur er í gr. 19.2.1, 19.2.2 og 19.2.3.

19.5 Nota má varaorkugjafann eða varaorkugjafana til að sjá fyrir raflýsingu, sem krafist er samkvæmt gr. 13.1.4.

19.6 Þar sem varaorkugjafi eða varaorkugjafar eru hlaðanlegur rafgeymir eða rafgeymar:

19.6.1 Skal vera búnaður til að hlaða rafgeymana sjálfvirkt og skal hann geta endurhlaðið þá þannig að þeir skili þeim lágmarksafköstum sem krafist er innan 10 klukkustunda.

19.6.2 Skal ganga úr skugga um afköst rafgeymis eða rafgeyma með viðeigandi aðferðum á minnst 12 mánaða fresti.

19.7 Uppsetning og staðsetning rafgeymanna skal vera þannig að tryggt sé að:

19.7.1 Viðhald þeirra og öryggi sé eins og best verður á kosið.

19.7.2 Hitastig rafgeymanna haldist innan þeirra marka sem framleiðandi setur, hvort sem þeir eru undir álagi eður ei.

19.7.3 Þegar rafgeymarnir eru að fullu hlaðnir, geti þeir að minnsta kosti séð fyrir orku þann lágmarkstíma sem krafist er við öll veðurskilyrði.

19.8 Sé þörf á óhindruðu upplýsingastreymi frá siglingatækjum skipsins eða öðrum búnaði til fjarskiptabúnaðar, sem krafist er samkvæmt þessum kafla, til að tryggja að hann starfi hnökralaust, skal gera þær ráðstafanir sem tryggja að honum sé séð fyrir stöðugu streymi slíkra upplýsinga þótt aðalraforkugjafar skipsins bregðist.

20. gr.

Ratsjár og miðunarstöðvar.

20.1 Öll skip, er falla undir II. kafla þessarar reglugerðar, skulu búin ratsjám. Frá 1. febrúar 1995 skulu þau búin ratsjám sem geta unnið á 9 GHz tíðnisviði (3 cm, X-band).

20.2 Skip, sem eru 10.000 brl. eða stærri, skulu búin tveimur ratsjám sem hvor um sig getur unnið sjálfstætt. Frá 1. febrúar 1995 skal a.m.k. önnur ratsjáin geta unnið á 9 GHz tíðnisviði.

20.3 Fram til 1. febrúar 1999 skulu farþega- og flutningaskip, 1600 brl. eða stærri, fiskiskip 75 m og lengri og skip í eigu íslenska ríkisins, búin radíómiðunarstöð fyrir tíðnisviðin 1605-2850 kHz.

20.4 Fiskiskip 45 metrar og lengri skulu búin miðunarstöð fyrir metrabylgju, sem a.m.k. getur miðað á 121.5 MHz.

III. KAFLI
Fjarskiptabúnaður þilfarsskipa og opinna skipa með skráningarlengd minni en 24 metrar.

21. gr.
Fjarskiptabúnaður fyrir skip á hafsvæði A1.

21.1 Metrabylgjustöð fyrir eftirfarandi rásir:
Rás 16 (156.800 MHz), rás 6 (156.300 MHz), rás 13 (156.650 MHz), auk rása til almennra fjarskipta.

21.2 Fjarskiptabúnaður vegna sjálfvirkrar tilkynningaskyldu (STK). Eigi síðar en 1. febrúar 1999.

21.3 Viðtæki til móttöku veðurfregna.

21.5 Neyðarbauja fyrir gúmmíbjörgunarbáta á tíðnunum 121.5/406 MHz. Sjá gr. 18.2.

22. gr.
Fjarskiptabúnaður fyrir skip á hafsvæðum A1 og A2.

22.1 Auk þess sem krafist er í gr. 21, skulu skip sem sigla um hafsvæði A1 og A2 vera búin:

22.2 Millibylgjustöð, sendi og viðtæki fyrir neyðar- og öryggisfjarskipti á tíðninni 2182 kHz og stafrænt valkall (DSC) á tíðninni 2187.5 kHz.

22.3 Fríljótandi COSPAS/SARSAT-neyðarbauja á 406/121.5 MHz. Eigi síðar en 1. febrúar 1999.

22.4 Til 1. febrúar 1999, eða annarrar dagsetningar sem ákveðin kynni að verða, varðviðtæki fyrir kall- og neyðartíðnina 2182 kHz ásamt tæki til að senda vekjaramerki á 2182 kHz.

22.5 NAVTEX-viðtæki eigi síðar en 1. ágúst 1995.

22.6 Einni færanlegri metrabylgjustöð (handstöð).

23. gr.
Fjarskiptabúnaður fyrir skip á hafsvæðum A3 og A4.

23.1 Skip sem hafa haffæri til siglinga á hafsvæðum A3 og A4 skulu búin fjarskiptatækjum í samræmi við viðeigandi kröfur í II.kafla reglugerðar þessarar.

24. gr.
Staðsetning fjarskiptabúnaðar og fyrirkomulag.

24.1 Fjarskiptabúnaður skipa, sem einungis sigla á hafsvæði A1, skal vera í stýrishúsi. Verði því ekki við komið, skal hann staðsettur í efri hluta skips.

24.2 Skip, sem sigla út fyrir hafsvæði A1, skulu uppfylla eftirfarandi kröfur:

24.3 Talstöðin skal þannig staðsett í efri hluta skipsins, að hún sé sem best varin fyrir hávaða sem gæti truflað rétta móttöku. Þar sem talstöð er ekki í brú skal vera fyrir hendi tvíátta samband á milli brúar og talstöðvar og skal það virka óháð öðrum samböndum um borð.

24.4 Leiðbeiningar, sem gefa skýra mynd af ferli neyðarfjarskipta, skulu vera vel sjáanlegar frá umsjónarstað fjarskipta.

24.5 Talstöðin skal hafa orkugjafa sem annaðhvort er rafhlaða og hleðst upp frá skipsrafmagni eða af neyðarrafli sem er keyrður óháð aðalvél. Orkugjafinn skal staðsettur í efri hluta skips. Þegar skip er á sjó skal orkugjafinn geta keyrt talstöð og neyðarlýsingu samfleytt í 6 klukkustundir. Orkugjafann skal eingöngu nota við lögskyldar talstöðvar og neyðarlýsingu. Þegar orkugjafinn er rafhlöður skulu þær ávallt hafðar í hleðslu er skip er á sjó og skulu vera mælar sem sýna hleðslu þeirra.

24.6 Um staðsetningu frífljótandi neyðarbauju skal fara samkvæmt gr. 18.3.

25. gr.

Starfsmenn, sem annast fjarskipti.

25.1 Skip, sem eru eingöngu innan hafsvæðis A1, skulu hafa um borð a.m.k. einn starfsmann með takmörkuð réttindi talstöðvarvarðar (Restricted Radiotelephone Operator's Certificate).

25.2 Skip, sem sigla eingöngu á hafsvæðum A1 og A2, skulu hafa um borð a.m.k. einn starfsmann með almennt talstöðvarvarðarskírteini (General Radiotelephone Operator's Certificate).

25.3 Skip, sem mega sigla út fyrir hafsvæði A2, skulu hafa a.m.k. tvo starfsmenn með almennt fjarskiptamannsskírteini (General Operator's Certificate).

25.4 Menntunarkröfur til þeirra sem annast fjarskipti skulu vera í samræmi við IMO Ályktun A 703 (17) og greinar 55 og 56 í Alþjóðaradíóreglugerðinni.

26. gr.

Hlustvarsla.

26.1 Skip og bátar sem hafa metrabylgjustöð skulu halda samfellda hlustun á kall- og neyðartíðninni 156.800 MHz (rás-16) á þeim stað um borð, sem skipinu er venjulega stjórnað. Hlustun má rjúfa þegar talstöð er notuð til fjarskipta á annarri rás og annað viðtæki er ekki til staðar.

26.2 Skip, sem búin eru millibylgjustöð eða sambyggðri millibylgju-/stuttbylgjustöð, skulu halda samfellda hlustun á kall- og neyðartíðninni 2182 kHz, á þeim stað sem skipi er venjulega stjórnað, með notkun hátalara eða annars útbúnaðar. Viðtæki sem notað er skal vera fastsstillt á 2182 kHz, eða þannig byggt að það skipti strax yfir á þá tíðni, ef einhver fjarskipti eiga sér þar stað.

27. gr.

Orkugjafar.

27.1 Þegar skip er á hafi úti skal ætíð vera fyrir hendi næg raforka til að starfrækja fjarskiptabúnaðinn og hlaða þá rafgeyma sem notaðir eru sem varaorkugjafar fyrir hann.

27.2 Á öllum skipum skal vera varaorkugjafi eða varaorkugjafar fyrir fjarskiptabúnaðinn, þannig að hægt sé að starfrækja neyðar- eða öryggisfjarskipti þótt aðal- og neyðarorkugjafar skipsins bregðist.

Varaorkugjafi eða varaorkugjafar skulu samtímis geta séð eftirfarandi tækjum fyrir nægjanlegri orku: Metrabylgjustöðinni (VHF), sem krafist er í gr. 21.1, millibylgjustöðinni, sem krafist er í gr. 22.2, neyðarlýsingu fyrir fjarskiptabúnað og siglingatæki sem tengd eru honum, í 6 klukkustundir samfleytt með fullu álagi. Óheimilt er að tengja við varaorkugjafa skipsins önnur tæki en þau, sem getið er í þessari grein.

27.3 Varaorkugjafi eða varaorkugjafar skulu vera aðskildir frá rafkerfi skipsins og þeirri orku sem knýr skipið áfram.

27.4 Þar sem varaorkugjafi eða varaorkugjafar eru hlaðanlegur rafgeymir eða rafgeymar:

27.4.1 Skal vera búnaður til að hlaða rafgeymana sjálfvirkt og skal hann geta endurhlaðið þá þannig að þeir skili þeim lágmarksafköstum sem krafist er innan 10 klukkustunda.

27.4.2 Skal ganga úr skugga um afköst rafgeymis eða rafgeyma með viðeigandi aðferðum á minnst 12 mánaða fresti.

27.5 Uppsetning og staðsetning rafgeymanna skal vera þannig að tryggt sé að:

27.5.1 Viðhald þeirra og öryggi sé eins og best verður á kosið.

27.5.2 Hitastig rafgeymanna haldist innan þeirra marka sem framleiðandi setur, hvort sem þeir eru undir álagi eður ei.

27.5.3 Þegar rafgeymarnir eru að fullu hlaðnir, geti þeir að minnsta kosti séð fyrir orku þann lágmarkstíma sem krafist er við öll veðurskilyrði.

28. gr.

Skip sem hafa haffæri til siglinga á hafsvæði A1 frá 1. apríl til 30. september.

28.1 Skip, sem hafa einungis haffæri til siglinga á hafsvæði A1 frá 1. apríl til 30. september, skulu búin:

28.2 Metrabylgjustöð fyrir eftirfarandi rásir:
Rás 16 (156.800 MHz), rás 6 (156.300 MHz), rás 13 (156.650 MHz) auk rása til almennra fjarskipta.

28.3 Fjarskiptabúnaði vegna sjálfvirkrar tilkynningaskyldu (STK). Eigi síðar en 1. febrúar 1999.

28.4 Viðtæki til móttöku veðurfregna.

28.5 Fjarskiptabúnaðurinn skal staðsettur í stýrishúsi, en verði því ekki við komið, skal hann staðsettur í efri hluta skips eða lúkars.

IV. KAFLI.

Gildistaka o.fl.

29. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt lögum um eftirlit með skipum nr. 35/1993 öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytið, 11. maí 1994.

Halldór Blöndal

Ragnhildur Hjaltadóttir

31. maí 1994 Nr. 296

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um starfshætti þeirra er annast almenna skoðun ökutækja, nr. 558 31. desember 1993.

1. gr.

Í stað „1. júní 1994“ í 2. málsgr. ákvæðis til bráðabirgða komi: 15. júlí 1994.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 67. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, sbr. lög nr. 44 7. maí 1993, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 31. maí 1994.

F. h. r.
Ólafur W. Stefánsson.

Guðni Karlsson.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Domus Medica, sjálfseignarstofunun.

1. gr.

Domus Medica er sjálfseignarstofnun sem Læknafélag Íslands og Læknafélag Reykjavíkur stofnuðu, hvort félag með 100.000 króna framlagi, til eflingar og styrktar íslenskri læknastétt. Skipulagsskrá var staðfest af forseta Íslands 26. apríl 1960.

2. gr.

Tilgangur stofnunarinnar er að stuðla að auknu samstarfi lækna og efla fræðslu-, vísinda- og félagsstarfsemi þeirra, m.a. með því að leggja til húsnæði í því skyni.

3. gr.

Stjórn sjálfseignarstofnunarinnar Domus Medica skipa 5 læknar og skulu þeir vera félagar í Læknafélagi Íslands. Tveir læknar skulu vera til vara. Stjórnin kýs sér fomann, varaformann, ritara og gjaldkera og skiptir með sér störfum að öðru leyti eftir því sem henni þykir henta. Stjórnin heldur fundi þegar fomanni þykir við þurfa, en auk þess er formanni skylt að boða til fundar, þegar þrír stjórnendur eða endurskoðandi stofnunarinnar krefjast þess.

4. gr.

Stjórnin tilnefnir sjálf mann eða menn í stað þeirra, er úr henni ganga, enda samþykki stjórnir Læknafélags Íslands og Læknafélags Reykjavíkur tilnefninguna. Sama gildir um tilnefningu varamanna.

Einn maður gengur úr stjórninni ár hvert, eftir starfsaldri. Endurtilnefning er heimil.

5. gr.

Þrír stjórnarmenn skuldbinda stofnunina með undirskrift sinni.

Stjórnin ræður starfsfólk eftir þörfum.

Sjórnarmenn bera ekki persónulega ábyrgð á skuldbindingum, er þeir stofna til vegna stofnunarinnar.

6. gr.

Stjórn Domus Medica skal ávaxta fé stofnunarinnar með þeim hætti, sem hún telur tryggastan.

Reikningsár stofnunarinnar er almanaksárið. Reikningar skulu liggja fyrir í lok aprílmánaðar, endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda. Þeir skulu sendir stjórnum Læknafélags Íslands og Læknafélags Reykjavíkur.

7. gr.

Skipulagsskrá þessari verður ekki breytt nema fjórir stjórnarmenn samþykki breytingarnar og þær verði síðan samþykktar af stjórnum Læknafélags Íslands og Læknafélags Reykjavíkur.

8. gr.

Verði sjálfseignarstofnunin Domus Medica lögð niður, skulu eignir hennar skiptast að jöfnu milli Læknafélags Íslands og Læknafélags Reykjavíkur.

9. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari, sem tekur við af fyrri skipulagsskrá, sbr. 1. gr.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 17. maí 1994.

F. h. r.
Þorsteinn Geirsson.

Jón Thors.

25. maí 1994 Nr. 298

GJALDSKRÁ

vegna sorphirðu í Austur-Landeyjahreppi.

1. gr.

Hreppsnefnd Austur-Landeyjahrepps er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald.

2. gr.

Gjaldið skal lagt á hverja íbúð, hvern skráðan íbúa, hvert sumarhús og hvert fyrirtæki í lögsagnarumdæmi Austur-Landeyjahrepps. Gjaldið skal innheimt sérstaklega með gjalddaga 1. september ár hvert. Dráttarvextir reiknast 30 dögum eftir gjalddaga.

3. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:			
A) Íbúðir, sumarhús og fyrirtæki	sorphirðugjald	kr.	2 500
B) Sérhver skráður íbúi	"	"	500

4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af hreppsnefnd Austur-Landeyjahrepps, er hér með staðfest samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, ásamt síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytið, 25. maí 1994.

F. h. r.
Þórður H. Ólafsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um vinnumiðlun nr. 129/1986.

1. gr.

15. gr. orðist svo:

Hver sá, sem án árangurs, sækir um atvinnu hjá vinnumiðlun skal færður á sérstaka atvinnuleysisskrá ásamt nauðsynlegum upplýsingum, þar á meðal, ef ástæða þykir til, um vinnufærni umsækjanda, skv. vottorði læknis.

Vinnumiðlun getur krafist þess að sá sem skráður er atvinnulaus, hafi samband við hana svo oft sem þurfa þykir og geri grein fyrir atvinnu sinni. Aldrei skal atvinnuumsækjandi, sem telur sig eiga rétt til atvinnuleysisbóta, þó mæta sjaldnar til skráningar en vikulega.

Atvinnuumsækjandi getur fengið tímabundið leyfi hjá þeirri vinnumiðlun þar sem hann er skráður atvinnulaus til að skrá sig reglulega hjá annarri vinnumiðlun. Sá sem fær slíkt leyfi verður að tilkynna það með fullnægjandi hætti til vinnumiðlunar þess sveitarfélags þar sem hann er skráður hvar hann er staddur og hvar hægt verður að ná sambandi við hann. Tilkynning og skráning verður að gerast á þeim degi sem viðkomandi á að mæta reglulega til skráningar í sínu sveitarfélagi. Ef fyrir liggur atvinnutilboð hjá viðkomandi vinnumiðlun verður atvinnuleitandi að taka afstöðu til atvinnutilboðsins. Líði fresturinn án þess að mætt sé til skráningar, skal hlutaðeigandi felldur út af skrá yfir atvinnulausa. Vikuleg skráning sem fer fram í öðru sveitarfélagi skal gerð á sérstök eyðublöð sem send eru jafnóðum til þeirrar vinnumiðlunar þar sem atvinnuumsækjandi á að mæta til reglulegrar skráningar.

Fái atvinnuumsækjandi vinnu án meðalgöngu vinnumiðlunar, skal hann tilkynna vinnumiðlun það án tafar. Ennfremur ber að tilkynna vinnumiðlun brottflutning af starfsvæði hennar svo og forföll vegna veikinda.

2. gr.

19. gr. orðist svo:

Þeir aðilar, sem lögum samkvæmt er skylt að annast vinnumiðlun og/eða atvinnuleysisskráningu, skulu í lok hvers mánaðar senda VMF upplýsingar um skráð atvinnuleysi í umdæminu. Þessar upplýsingar, sem berast skulu VMF á tölvutæku formi í sameiginlegan gagnagrunn eigi síðar en þriðja virka dag næsta mánaðar, skulu vera á því formi að hægt sé að greina fjölda skráðra atvinnuleysisdaga í mánuðinum í hverri starfsgrein fyrir sig svo og fjölda þeirra einstaklinga sem eru á atvinnuleysisskrá síðasta virkan dag mánaðarins. Þessir einstaklingar þurfa að vera flokkaðir eftir kyni, aldri, atvinnugreinum, starfsgreinum, menntun, lengd atvinnuleysis, ástæðum atvinnuleysis og öðru sem máli kann að skipta fyrir framboð á vinnuafli. Eins þarf að koma fram hve margir eru í vinnumarkaðsaðgerðum eins og átaksverkefnum eða námskeiðum og hve margir þeirra sem skráðir eru atvinnulausir hafa þörf fyrir sérstaka aðstoð við að komast á vinnumarkað. Jafnframt skal upplýst um laus störf, sem kynnu að vera skráð hjá vinnumiðlun, fjölda þeirra og í hvaða starfsgreinum þessi störf eru auk annarra upplýsinga sem máli kunna að skipta fyrir eftirspurn eftir vinnuafli.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt lögum nr. 18/1985 um vinnumiðlun, öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 25. maí 1994.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Berglind Ásgeirsdóttir.

REGLUGERÐ

um endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna fjárfestingar í hótel- og gistirými.

1. gr.

Aðilar sem rétt eiga á endurgreiðslu.

Rétt til endurgreiðslu hafa skattskyldir aðilar, sem stunda útleigu á hótel- og gistirými og annarri gistiþjónustu og fjárfestu í þeirri starfsemi á árunum 1990-1992.

2. gr.

Virðisaukaskattur sem endurgreiðslan tekur til.

Endurgreiðslu til aðila skv. 1. gr. skal miða við ákveðið hlutfall af eignfærðri nýfjárfestingu, sem bar virðisaukaskatt á árunum 1990-1992, í fasteignum og búnaði í gistirými, sbr. 1. og 3. mgr. 4. gr. Með eignfærðri nýfjárfestingu er átt við fyrnanlegar eignir sbr. 32. gr. laga nr. 75/1981, með síðari breytingum, um tekju- og eignarskatt. Endurgreiðslan tekur ekki til virðisaukaskatts af fasteignum og búnaði sem hefur verið keyptur, yfirtekinn eða leigður af öðrum aðila í gistihúsarekstri.

3. gr.

Skilyrði til endurgreiðslu.

Endurgreiðsla er háð skilyrði um að skattskyldir aðilar skv. 1. gr. hafi með höndum rekstur gistiþjónustu á eftirfarandi uppgjörstímabilum:

1. Fyrstu þrjú uppgjörstímabil ársins 1994 vegna endurgreiðslu á því ári.
2. Öll uppgjörstímabil ársins 1994 vegna endurgreiðslu á árinu 1995.
3. Öll uppgjörstímabil áranna 1994 og 1995 vegna endurgreiðslu á árinu 1996.

4. gr.

Útreikningur endurgreiðslu.

Endurgreiðsla virðisaukaskatts skv. 2. gr. skal að hámarki nema 8% af fjárfestingu á árinu 1990, 11% af fjárfestingu á árinu 1991 og 14% af fjárfestingu á árinu 1992.

Fjárhæð endurgreiðslu skal ákvörðuð þannig að reiknuð er út heildarfjárhæð virðisaukaskatts í fjárfestingu skv. 1. mgr. Sé heildarfjárhæð hærri en 75 m.kr. lækkar hlutfall endurgreiðslu skv. 1. mgr. samsvarandi þannig að heildarendurgreiðsla verði 75 m.kr.

Endurgreiðslufjárhæð hvers og eins rekstraraðila skal deilt í þrjár jafnar fjárhæðir sem greiddar verða út til bráðabirgða í samræmi við 2. mgr. 6. gr. og önnur ákvæði reglugerðar þessarar.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal endurgreiðsla til aðila sem teljast vera í blandaðri starfsemi, sbr. 2. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 192/1993, um innskatt, með síðari breytingum, nema 40% af hlutfallstölum 1. mgr. vegna uppgjörstímabila skv. 1.-3. tölul. 3. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. skal heildarendurgreiðsla úr ríkissjóði eigi vera hærri fjárhæð en 6% af samanlagðri skattskyldri veltu allra viðkomandi aðila af gistiþjónustu á árunum 1994-1996, sbr. 3. mgr. 6. gr.

5. gr.

Skil á endurgreiðslubeiðni.

Aðilar sem um ræðir í 1. gr. skulu senda ríkisskattstjóra beiðni um endurgreiðslu virðisaukaskatts, sbr. 2. gr., ásamt ársreikningi og afriti af leyfisbréfi til gististaðarekstrar. Beiðnin ásamt fylgigögnum skal berast ríkisskattstjóra fyrir 1. ágúst 1994. Endurgreiðslubeiðnir sem berast eftir lok skilafrests verða eigi afgreiddar nema aðili færi gildar ástæður sér til málsbóta og getur ríkisskattstjóri metið það í hverju tilfelli hvað telja skuli gildar

ástæður í þessu sambandi. Þó verða endurgreiðslubeiðnir eigi afgreiddar ef þær berast 14 dögum eftir lok skilafrests eða síðar.

Endurgreiðslubeiðni skv. 1. mgr. skal vera á sérstöku eyðublaði í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður.

6. gr.

Afgreiðsla endurgreiðslubeiðni.

Ríkisskattstjóri skal rannsaka endurgreiðslubeiðni og leiðrétta hana ef hún er í ósamræmi við reglugerð þessa eða önnur fyrirmæli skattyfirvalda. Hann getur krafið aðila um framlagningu frekari gagna ef nauðsynlegt þykir.

Hafi beiðni um endurgreiðslu verið skilað á tilskildum tíma skal endurgreiðsla vegna ársins 1990 fara fram 1. október 1994, vegna ársins 1991 þann 1. apríl 1995 og vegna ársins 1992 þann 1. apríl 1996. Frestur þessi framlengist þó ef ríkisskattstjóri getur, vegna atvika sem rekja má til umsækjanda, ekki gert nauðsynlegar athuganir á gögnum þeim sem beiðnin byggist á.

Ríkisskattstjóri samræmir endurgreiðslubeiðnir og gætir þess að ákvæðum reglugerðar þessarar sé framfylgt. Endurgreiðslur skv. 2. mgr. teljast endanlegar nema ljóst verði, þegar uppgjör ársins 1996 liggur fyrir, að eftirfarandi gildi um heildarveltu, sbr. 4. mgr. 4. gr.: $V<E/0.06$, þar sem V er skattskyld heildarvelta af gistiþjónustu á árunum 1994-1996 og E er heildarendurgreiðsla úr ríkissjóði skv. reglugerð þessari. Verði ójafna síðasta málsliðar gild skulu endurgreiðslufjárhæðir endurútreiknaðar og skertar um viðeigandi hlutfall þannig að endurútreiknuð heildarendurgreiðsla verði eigi hærri en sem nemur 6% af heildarveltunni V. Í því tilfelli ber aðilum að skila mismuninum á fenginni endurgreiðslu og endurútreiknaðri endurgreiðslu til innheimtumanns ríkissjóðs þann 5. apríl 1997.

Innheimtumaður ríkissjóðs annast endurgreiðslu.

Kröfu um vangoldin opinber gjöld og skatta til ríkissjóðs ásamt verðbótum, álagi og dráttarvöxtum skal skuldajafna á móti endurgreiðslu.

Komi í ljós að endurgreiðsla skv. reglugerð þessari hafi verið of há skal ríkisskattstjóri þegar í stað tilkynna aðila og innheimtumanni ríkissjóðs þar um. Um álag og dráttarvexti vegna of hárrar endurgreiðslu fer skv. 27. og 28. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.

7. gr.

Færslur í bókhald og ársreikning.

Sá sem fær endurgreiðslu skv. ákvæðum reglugerðar þessarar skal færa hana á sérstakan tekjureikning í bókhaldi sínu. Þá skal endurgreiðslan tilgreind annað hvort sérstaklega í ársreikningi sem fylgir skattframtali eða í skýringum með honum.

Að öðru leyti gildir eftir því sem við getur átt reglugerð nr. 50/1993, um bókhald og tekjuskráningu virðisaukaskattsskyldra aðila.

8. gr.

Kæruleiðir.

Ákvarðanir ríkisskattstjóra á grundvelli reglugerðar þessarar eru kæranlegar til fjármálaráðuneytis.

9. gr.

Viðurlagaákvæði.

Röng skýrslugjöf eða framlagning rangra eða villandi gagna, svo og röng upplýsingagjöf látin í té í því skyni að fá endurgreiðslu á virðisaukaskatti skv. ákvæðum reglugerðar þessarar, varðar við 40. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.

10. gr.
Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett með heimild í ákvæði til bráðabirgða III í lögum nr. 122/1993, um breytingar í skattamálum, og 49. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, og öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 31. maí 1994.

F. h. r.
Indriði H. Þorláksson.

Jón H. Steingrímsson.

20. maí 1994 Nr. 301

AUGLÝSING

um nafn á sveitarfélagi því sem til verður við sameiningu Ólafsvíkurkaupstaðar, Neshrepps utan Ennis, Breiðuvíkurhrepps og Staðarsveitar.

Nafn hins nýja sveitarfélags skal vera Snæfellsbær.

Félagsmálaráðuneytið, 20. maí 1994.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Sesselja Árnadóttir.

26. maí 1994 Nr. 302

GJALDSKRÁ

vegna hundahalds á Grenivík 1994.

1. gr.

Gjald fyrir að halda hund á Grenivík sbr. 2. gr. c staflið samþykktar frá 28. júlí 1981 verði kr. 5.000, á árinu 1994. Gjaldið greiðist fyrirfram á gjalddaga 1. júlí 1994.
Innifalið í leyfisgjaldinu er hundahreinsunargjald.

2. gr.

Um vexti af vangreiddum gjöldum skv. gjaldskrá þessari gilda almennar reglur.

3. gr.

Gjaldskrá þessi var samin og samþykkt af hreppsnefnd Grýtubakkahrepps 11. apríl 1994.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 26. maí 1994.

F. h. r.
Páll Sigurðsson.

Sólveig Guðmundsdóttir.

REGLUGERÐ

um eftirlitsgjald vegna lyfjaeftirlits fyrir árið 1994.

1. gr.

Lyfsölum, lyfjagerðum, lyfjaheildsölum, læknum, dýralæknum og sveitarfélögum með lyfjasölu og öðrum lyfjaeftirlitsþegum ber að greiða eftirlitsgjald fyrir árið 1994 vegna lyfjaeftirlits, sbr. 52. og 53. gr. lyfjalaga nr. 108, 14. nóvember 1984. Gjaldið er sem hér segir:

		Kr.			Kr.
I.	flokkur	210 000	VI.	flokkur	406 000
II.	flokkur	185 000	VII.	flokkur	290 000
III.	flokkur	160 000	VIII.	flokkur	209 000
IV.	flokkur	124 000	IX.	flokkur	52 700
V.	flokkur	87 000			

2. gr

Lyfjabúðum og lyfjasölum er skipað í flokka vegna greiðslu eftirlitsgjaldsins, sem hér segir:

I. flokkur:
Apótek Austurbæjar
Breiðholts Apótek
Ingólfs Apótek
Kópavogs Apótek
Reykjavíkur Apótek
Stjörnu Apótek

II. flokkur:
Borgar Apótek
Garðs Apótek
Háaleitis Apótek
Hafnarfjarðar Apótek
Holts Apótek
Laugavegs Apótek
Lyfjabúðin Iðunn
Keflavíkur Apótek
Vesturbæjar Apótek

III. flokkur:
Akraness Apótek
Akureyrar Apótek
Apótek Garðabæjar
Apótek Vestmannaeyja
Árbæjar Apótek
Hraunbergs Apótek
Laugarnes Apótek
Nesapótek, Seltjarnarnesi
Selfoss Apótek

IV. flokkur:
Borgarness Apótek
Dalvíkur Apótek
Húsavíkur Apótek
Ísafjarðar Apótek
Mosfells Apótek
Nes Apótek, Neskaupstað
Norðurbæjar Apótek
Sauðárkróks Apótek

V. flokkur:
Apótek Austurlands
Apótek Blönduóss
Apótek Ólafsvíkur
Egilsstaða Apótek
Grindavíkur Apótek
Hafnar Apótek
Patreks Apótek
Rangár Apótek
Siglufjarðar Apótek
Stykkishólms Apótek
Ölfus Apótek

Lyfjasala læknis Búðardal
Lyfjasala læknis Hvammstanga
Lyfjasala læknis Laugarási
Lyfjasala læknis Vík
Lyfjasala sveitarstjórnar Fáskrúðsfirði
Lyfjasala sveitarstjórnar Hólmavík
Lyfjasala sveitarstjórnar Vopnafirði

3. gr.

Lyfjagerðum og -heildsölum er skipað í flokka vegna greiðslu eftirlitsgjalds, sem hér segir:

VI. flokkur:
Delta hf.
Lyfjaverslun ríkisins
Pharmaco hf.
Stefán Thorarensen hf.

VII. flokkur:
Farmasía hf.
Lyf hf.
Ómega farma hf.

VIII. flokkur:
Austurbakki hf.
Ásgeir Sigurðsson hf.
Ísteka hf.
Medico hf.

4. gr.

Dýralæknar, sem annast lyfjasölu, sbr. 58. gr. laga um lyfjadreifingu nr. 76/1982, læknar og sveitarfélög, sem annast lyfjasölu, sbr. 4. gr. reglugerðar um staðsetningu lyfjabúða og lyfjaútibúa nr. 27/1983, aðrir en þeir sem taldir eru í 2. gr. V. flokki, skulu greiða eftirlitsgjald samkvæmt IX. flokki.

5. gr.

Heimilt er að leggja eftirlitsgjald á sjúkrahús og aðrar stofnanir, sem hafa lyf undir höndum. Skulu deildarskipt sjúkrahús greiða eftirlitsgjald samkvæmt II. flokki, en önnur sjúkrahús og stofnanir samkvæmt IX. flokki.

6. gr.

Gjalddagi eftirlitsgjaldsins er 1. júlí 1994. Eindagi er 15 dögum eftir gjalddaga. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga, ef eigi hefur verið greitt á eindaga. Gjaldið er aðfararhæft.

7. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 52. og 53. gr. lyfjalaga nr. 108, 14. nóvember 1984, öðlast gildi við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 20. maí 1994.

Guðmundur Árni Stefánsson.

Einar Magnússon.

REGLUGERÐ

um skilyrði þess að sjálfstætt starfandi einstaklingar fái atvinnuleysisbætur.

Orðskýringar.

1. gr.

Í reglugerð þessari er merking hugtaka sem hér segir:

1. Sjálfstætt starfandi: einstaklingur sem starfar við eigin rekstur eða sjálfstæða starfsemi í því umfangi að honum sé gert að standa mánaðarlega, eða með öðrum reglubundnum hætti skv. ákvörðun skattyfirvalda, skil á tryggingagjaldi og virðisaukaskatti.
2. Rekstur: sjálfstæð starfsemi eða rekstur með eða án sérstaks atvinnutækis.
3. Nákominn: einstaklingur sem er tengdur eða skyldur sjálfstætt starfandi, sbr. 3. gr. laga um gjaldþrotaskipti nr. 21/1991.

Bótaréttur.

2. gr.

Atvinnuleysisbætur sjálfstætt starfandi sem verður atvinnulaus og er í atvinnuleit og uppfyllir skilyrði reglugerðar þessarar ákvarðast á eftirfarandi hátt:

1. Hafi hlutaðeigandi staðið mánaðarlega í skilum með greiðslu tryggingagjalds og staðgreiðsluskatts af reiknuðu endurgjaldi miðað við fullt starf vegna síðustu 12 mánaða áður en hann varð atvinnulaus á hann rétt á hámarksbótum, sbr. 24. gr. laga um atvinnuleysistryggingar, en hlutfallslega ella miðað við fjölda mánaða sem tryggingagjaldi var skilað.
2. Hafi hlutaðeigandi á liðnum 12 mánuðum verið bæði í launavinnu og rekstri þá skal hver mánuður sem tryggingagjald og staðgreiðsluskattur hefur verið greitt fyrir miðað við fullt starf samsvara fullri dagvinnu þann mánuð við úrskurð bóta.
3. Greiðslur bóta skulu aldrei hefjast fyrr en 15 virkum dögum (3 vikum) eftir að hlutaðeigandi skráði sig atvinnulausan og staðreynt hefur verið að hann var sjálfstætt starfandi, að hann hefur lagt starfsemina niður og er í atvinnuleit og hann uppfyllir skilyrði reglna þessara að öðru leyti.
4. Að öðru leyti gilda ákvæði laga um atvinnuleysistryggingar um bótarétt, útreikning bóta og biðtíma vegna tekjutengingar.

Lok sjálfstæðrar starfsemi.

3. gr.

Sjálfstætt starfandi telst vera atvinnulaus, þegar hann uppfyllir öll eftirtalin skilyrði:

1. Er hættur rekstri, sbr. 4. - 6. gr.
2. Hefur ekki tekjur eða tekjuígildi af rekstri.
3. Hefur ekki hafið störf sem launamaður.
4. Er sannanlega í atvinnuleit og getur tekið tilboðum um vinnu.
5. Hefur tilkynnt lok rekstrarins til opinberra aðila, sbr. 4. gr.

Árstíðabundin stöðvun starfsemi eða tímabundin hlé, vegna verkefnaskorts eða af öðrum ástæðum, veita sjálfstætt starfandi ekki rétt til atvinnuleysisbóta. Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs skal þó hafa til hliðsjónar hvort einstaklingum hefur verið gert ókleift að halda áfram rekstri vegna sérstakrar löggjafar um atvinnustarfsemi þeirra enda sé stöðvunin samfleytt í fleiri en 24 daga.

4. gr.

Til að tilkynning um lok sjálfstæðrar starfsemi teljist fullnægjandi þarf hún að bera með sér að:

1. lok sjálfstæðrar starfsemi hafi verið tilkynnt launagreiðendaskrá ríkisskattstjóra og
2. virðisaukaskattskyldri starfsemi hefur verið hætt.

Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs metur að öðru leyti hvað er fullnægjandi trygging fyrir því að sjálfstætt starfandi hafi hætt starfsemi.

5. gr.

Sjálfstætt starfandi sem hefur haldið áfram persónubundnu starfi sínu við reksturinn eftir að hafa byrjað í launavinnu telst ekki atvinnulaus og í atvinnuleit, þó hann missi launavinnuna, nema hann uppfylli skilyrði 3. gr. eða sýnt þyki að reksturinn framfleyti aðeins öðrum aðila sem hefur starfað að fullu við reksturinn. Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs metur hvort skilyrði þessi séu uppfyllt.

Afhending eða lokun.

6. gr.

Sjálfstætt starfandi telst hættur rekstri ef hann sannar að rekstri hafi verið hætt, hann framseldur öðrum eða tekinn til gjaldþrotaskipta.

Sjálfstætt starfandi getur talist vera hættur rekstri áður en að til afhendingar eða lokunar kemur, ef hlutaðeigandi leggur fram skriflega sönnun á því að honum hafi verið gert ókleift að halda rekstrinum áfram t.d. með vörslusviptingu atvinnutækis.

Sjálfstætt starfandi getur ekki uppfyllt skilyrði 1. og 2. mgr. með því að afhenda reksturinn nákomnum í merkingu 1. tl. 3. gr. laga um gjaldþrotaskipti nr. 21/1991. Sjálfstætt starfandi getur uppfyllt skilyrði 1. og 2. mgr. með því að afhenda reksturinn afkomendum eða öðrum nákomnum ef sýnt þyki að reksturinn framfleyti aðeins þeim sem tóku við rekstrinum, þegar yfirtakan átti sér stað. Skal miðað við að dregið hafi úr veltu á hvoru undangenginna tveggja reikningsára er nemi samtals að lágmarki 40% yfir tímabilið. Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs metur hvort skilyrði þessi séu uppfyllt.

7. gr.

Sjálfstætt starfandi sem telst atvinnulaus skv. 3. gr. getur sótt um það til stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs að hefja sjálfstæða starfsemi að nýju áður en 12 mánuðir eru liðnir án þess að sæta viðurlögum skv. 8. gr. enda hafi skapast forsendur fyrir því að hefja rekstur á nýjan leik í a.m.k. 60 virka daga. Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs metur hvenær þessar forsendur eru fyrir hendi.

Viðurlög.

8. gr.

Nú verður sjálfstætt starfandi uppvís að því að hafa sótt um atvinnuleysisbætur í tímabundnu hléi vegna verkefnaskorts eða af öðrum ástæðum eða að hafa haldið áfram sjálfstæðri starfsemi án tilskilinnar skattalegrar skráningar og skal stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs eða sá sem stjórnin hefur falið að annast greiðslu atvinnuleysisbóta til sjálfstætt starfandi, endurkrefja hlutaðeigandi um ofgreiddar bætur í samræmi við ákvæði 41. gr. laga um atvinnuleysistryggingar nr. 93/1993. Jafnframt skal hlutaðeigandi sviptur bótarétti í hámarkstíma skv. 41. gr. laganna. Nú hefur sjálfstætt starfandi í starfsgrein sem í eðli sínu er árstíðabundin störf í greininni að nýju innan 12 mánaða frá því að hann sótti um atvinnuleysisbætur og skal þá litið svo á að um tímabundið hlé hafi verið að ræða, sem ekki veitti rétt til atvinnuleysisbóta. Ef stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs hefur ekki veitt

samþykki sitt fyrir að rekstur sé hafinn á nýjan leik sbr. 7. gr. skal stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs eða sá sem stjórnin hefur falið að annast greiðslu atvinnuleysisbóta til sjálfstætt starfandi, endurkrefja hlutaðeigandi um greiddar atvinnuleysisbætur í samræmi við ákvæði 41. gr. laga um atvinnuleysistryggingar. Jafnframt skal svipta hlutaðeigandi bótarétti í hámarkstíma skv. 41. gr. laganna. Sama gildir ef í ljós kemur að hlutaðeigandi hefur haldið áfram sjálfstæðri starfsemi án tilskilinnar skattalegrar skráningar.

9. gr.

Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs skal semja viðmiðunarreglur um framkvæmd 4.-7. gr. sem hljóta skulu staðfestingar ráðherra.

10. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með stoð í 1. gr. laga um atvinnuleysistryggingar nr. 93/1993 öðlast þegar gildi. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 389, 24. september 1993.

Félagsmálaráðuneytið, 25. maí 1994.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Nr. 305 31. maí 1994

GJALDSKRÁ

vegna hundahalds í Raufarhafnarhreppi 1994.

1. gr.

Hundaleyfisgjald, sbr. 2. gr. staflið b í samþykkt fyrir hundahald í Raufarhafnarhreppi, skal vera kr. 2.900, á árinu 1994. Gjaldið greiðist fyrirfram eigi síðar en á gjalddaga 1. júní 1994.

2. gr.

Handsömunargjald samkvæmt 3. gr. samþykktarinnar skal vera kr. 2.900, í fyrsta skipti, kr. 4.500, í annað skipti og kr. 6.800, í þriðja skipti.

3. gr.

Um vexti af vangreiddum gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari gilda almennar reglur.

4. gr.

Gjaldskrá þessi var samin og samþykkt af sveitarstjórn Raufarhafnarhrepps.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 31. maí 1994.

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

Sólveig Guðmundsdóttir.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um innskatt, nr. 192/1993, með síðari breytingum.

1. gr.

Við 3. gr. bætist ný mgr. er verður 2. mgr.:

Aðili sem rekur skattskylda gistiþjónustu hluta úr ári og fasteignaleigu hluta úr ári telst vera með blandaða starfsemi í skilningi 1. mgr., enda hafi hann með höndum sölu á skattskyldri gistiþjónustu í fimm mánuði á ári eða skemur.

2. gr.

Á eftir 9. gr. kemur ný grein er verður 9. gr. a., er orðast svo:

Aðilar sem kaupa notuð ökutæki til niðurrifs í atvinnuskyni geta reiknað sér innskatt sem nemur 19,68% af kaupverði ökutækisins þegar seljanda ber ekki að innheimta virðisaukaskatt af sölunni. Innkaupin skulu færð á sérstakan gjaldareikning í bókhaldi.

Í bókhaldi eða fylgigögnum þess skulu koma fram eftirfarandi upplýsingar:

1. Fast númer ökutækis, sbr. reglugerð um skráningu ökutækja, nr. 523/1988, með síðari breytingum.
2. Dagsetning viðskiptanna.
3. Lýsing á hinu keypta.
4. Kaupverð.
5. Nafn, heimilisfang og kennitala seljanda.

Sölureikning, kaupsamning og afsal skal varðveita sem og önnur bókhaldsgögn sem varða viðskiptin.

3. gr.

Í síðasta málslið 1. mgr. 13. gr. falla brott orðin „falla undir 1. tölul. 1. mgr. 12. gr. og".

4. gr.

Í 3. mgr. 13. gr. fellur brott: „skv. 1. tölul. 1. mgr. 12. gr.,".

5. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 2. mgr. 16. gr., sbr. 49. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 6. júní 1994.

F. h. r.
Indriði H. Þorláksson.

Jón H. Steingrímsson.

Endurprentað blað.

REGLUGERÐ

um útibú og umboðsskrifstofu lánastofnunar með staðfestu í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins.

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.

Í reglugerð þessari merkir hugtakið lánastofnun viðskiptabanka og sparisjóð, sbr. lög nr. 43/1993, um viðskiptabanka og sparisjóði, og aðra lánastofnun, sbr. lög nr. 123/1993, um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði.

Lánastofnun með staðfestu í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins og undir eftirliti lögbærra yfirvalda í heimaríki sínu getur að fengnu leyfi viðskiptaráðherra stofnsett hér á landi útibú eða umboðsskrifstofu.

2. gr.

Ákvæði XVII. kafla laga nr. 32/1978, hlutafélagalaga, um erlend hlutafélög skulu eiga við um útibú erlendrar lánastofnunar eða umboðsskrifstofu samkvæmt þessari reglugerð, eftir því sem við á. Hið sama gildir um ákvæði laga nr. 43/1993, um viðskiptabanka og sparisjóði, og ákvæði laga nr. 123/1993, um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði.

II. KAFLI
Starfsleyfi.

3. gr.

Í umsókn um leyfi til stofnunar útibús eða umboðsskrifstofu skulu koma fram upplýsingar um þau atriði sem upp eru talin í 2. mgr. 83. gr. laga um viðskiptabanka og sparisjóði.

Með umsókn um leyfi til stofnunar útibús eða umboðsskrifstofu skal fylgja ársreikningur lánastofnunar fyrir þrjú sl. reikningsár og önnur þau gögn sem upp eru talin í 3. mgr. 139. gr. hlutafélagalaga.

Heimilt er að krefjast þess að gögn sem fylgja umsókn samkvæmt þessari grein séu afhent í þýðingu löggilts skjalaþýðanda.

Í umsókn skal einnig greint frá því hvernig stofnfé skal innborgað og hver heildarfjárhæð þess verður.

4. gr.

Áður en leyfisumsókn er afgreidd skal leitað umsagnar bankaeftirlits Seðlabanka Íslands.

Í starfsleyfi útibús skal tilgreina starfsskilyrði. Þau skulu vera hin sömu og lánastofnana sem hlotið hafa starfsleyfi viðskiptaráðherra og eru með höfuðstöðvar á Íslandi. Með starfsskilyrðum er átt við að útibú skal lúta íslenskum lögum og lögsögu, svo sem skattalögum, lögum um stjórn efnahagsmála og neytendamálefni, svo og reglum vegna peningamálastjórnunar.

Öll lögskipti sem leiðir af starfsemi umboðsskrifstofa erlendra banka hér á landi skulu lúta íslenskum lögum og lögsögu.

Umsókn skal hafnað ef ástæða er til að efast um að fjárhagsstaða lánastofnunar, stjórnun hennar eða aðrir þættir sem hafa áhrif á grundvöll fyrirhugaðrar starfsemi séu fullnægjandi.

5. gr.

Stofnfé útibús skal nema 400 milljónum króna að lágmarki og skal aldrei nema lægri fjárhæð. Fjárhæð þessi skal bundin gengi evrópsku mynteiningarinnar ECU miðað við kaupgengi hennar 11. maí 1993. Starfsleyfi verður ekki gefið út fyrr en stofnfé hefur verið innborgað.

6. gr.

Útibú eða umboðsskrifstofa má ekki hefja starfsemi fyrr en leyfi til þess hefur verið veitt.

III. KAFLI
Stjórnun og starfsemi.

7. gr.

Stjórnandi erlends útibús eða umboðsskrifstofu skal fullnægja skilyrðum 138. gr. hlutafélagalaga og 38 gr. laga um viðskiptabanka og sparisjóði, auk þess að vera mæltur á íslenska tungu.

8. gr.

Útibúi er heimilt að veita hverja þá þjónustu sem 44. gr. laga um viðskiptabanka og sparisjóði tekur til, enda sé hlutaðeigandi lánastofnun heimiluð slík þjónusta í heimaríki hennar.

Umboðsskrifstofu er heimilt að miðla upplýsingum og veita ráðgjöf hér á landi á vegum erlendrar lánastofnunar. Umboðsskrifstofu er óheimilt að taka við innlánum, veita útlán, stunda verðbréfaviðskipti eða aðra þá starfsemi sem greinir í 44. gr. laga um viðskiptabanka og sparisjóði.

IV. KAFLI
Eigið fé og ársreikningur.

9. gr.

Útibú skal ávallt uppfylla ákvæði 54. og 55. gr. laga um viðskiptabanka og sparisjóði um eigið fé og eiginfjárhlutfall.

Fyrir utan þá liði sem draga skal frá eiginfjárþætti A samkvæmt 5. tölul. 54. gr. tilvitnaðra laga skal draga frá kröfur og inneignir útibús í lánastofnun sem rekur útibúið, óháð umsömdum uppsagnarfrestum. Hið sama á við um kröfur og inneignir í öðrum fyrirtækjum samsteypu ef um slíkt er að ræða.

10. gr.

Útibú og umboðsskrifstofa skulu færa sérstakt bókhald.

Útibú sem starfar hér á landi samkvæmt reglugerð þessari skal birta eftirtalin gögn vegna þeirrar lánastofnunar sem útibúið er hluti af innan fjögurra mánaða frá lokum reikningsárs:

1. Ársreikning ásamt ársskýrslu.
2. Samstæðureikning ásamt samstæðuársskýrslu.
3. Álit þess aðila sem ber ábyrgð á endurskoðun árs- og samstæðureiknings.

11. gr.

Séu gögn samkvæmt 10. gr. í samræmi við eða jafngild þeim gögnum sem samin eru í samræmi við tilskipun 86/635/EBE um ársreikninga og samstæðureikninga banka og annarra fjármálastofnana, sem birt er í sérriti EES-gerða nr. 36, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 31/1993, og skilyrðum um gagnkvæmni fyrir lána- og fjármálastofnanir

innan Evrópska efnahagssvæðisins er fullnægt í því ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins þar sem aðalstöðvar lánastofnunar eru staðsettar þarf útibúið ekki að birta ársreikning um starfsemi sína en eftirfarandi upplýsingar skulu þó birtar:

1. Tekjur og gjöld útibús, sem rekja má til atriða 1, 3, 4, 6, 7, 8 og 15 í 27. gr. eða atriða 4 og 9 í lið A og atriða 1-4 og 7 í lið B í 28. gr. fyrrgreindrar tilskipunar 86/635/EBE.
2. Meðalfjöldi starfsmanna útibús.
3. Heildarkröfur og skuldbindingar tengdar útibúi, sundurliðaðar annars vegar í þær sem varða lánastofnanir og hins vegar í þær sem varða aðra viðskiptavini, ásamt heildarfjárhæð slíkra krafna og skuldbindinga tilgreindra í íslenskum krónum.
4. Heildareignir og fjárhæðir er samsvara atriðum 2-6 um eignir, 1-3 um skuldbindingar og 1-2 um liði utan efnahagsreiknings eins og skilgreint er í 4. gr. og hliðstæðum greinum fyrrgreindrar tilskipunar 86/635/EBE og - í þeim tilvikum sem greinir í atriðum 2, 5 og 6 um eignir - sundurliðun verðbréfa eftir því hvort þau hafi verið talin til áhættufjármuna eða ekki skv. 35. gr. fyrrgreindrar tilskipunar 86/635/EBE.
5. Stofnfé útibús.

Upplýsingar skv. 1.-5. tölul. 1. mgr. skulu staðfestar af endurskoðanda, sem öðlast hefur löggildingu samkvæmt íslenskum lögum, um réttmæti þeirra og hvort þær samræmist ársreikningnum. Senda skal upplýsingarnar til bankaeftirlitsins innan tíu daga frá áritun en í síðasta lagi þremur mánuðum eftir lok reikningsárs.

12. gr.

Uppfylli útibú ekki skilyrði 1. mgr. 11. gr. skal semja og birta ársreikning fyrir hvert reikningsár í samræmi við reglur um gerð ársreiknings viðskiptabanka og sparisjóða, sbr. 57. gr. laga um viðskiptabanka og sparisjóði. Ennfremur skal semja ársskýrslu um starfsemi útibúsins. Ársreikningur ásamt skýrslu stjórnar skal undirritaður af stjórnanda útibús. Ársreikningur útibús skal janframt áritaður af löggiltum endurskoðanda.

13. gr.

Bankaeftirlitið getur krafist þess að gögn og upplýsingar skv. 10.-12. gr. séu birt á íslensku í þýðingu löggilts skjalaþýðanda.

V. KAFLI
Eftirlit.

14. gr.

Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands hefur með höndum eftirlit með útibúum og umboðsskrifstofum, sem starfa samkvæmt þessari reglugerð, í samræmi við ákvæði laga nr. 36/1986, um Seðlabanka Íslands, laga um viðskiptabanka og sparisjóði, laga um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði og eftir atvikum annarra starfsheimilda sinna.

Útibú og umboðsskrifstofa skal láta Seðlabanka Íslands í té allar þær upplýsingar, sem hann þarf á að halda vegna hagskýrslugerðar í samræmi við ákvæði laga um Seðlabanka Íslands.

VI. KAFLI
Slit útibúa og umboðsskrifstofa o.fl.

15. gr.

Útibú skal lagt niður uppfylli það ekki lengur skilyrði fyrir því að öðlast starfsleyfi nema viðskiptaráðherra veiti sérstaka undanþágu. Hið sama gildir um umboðsskrifstofu.

Verði útibú eða umboðsskrifstofa svipt starfsleyfi skulu þau lögð niður.

16. gr.

Fari eigið fé útibús undir það lágmark sem kveðið er á um í 9. gr. reglugerðar þessarar skal með það fara í samræmi við VIII. kafla laga um viðskiptabanka og sparisjóði. Hið sama á við ef þau atvik verða sem 68. gr. þeirra laga tilgreinir.

17. gr.

Verði lánastofnun gjaldþrota, henni slitið eða hún lögð niður með öðrum hætti skal stjórnandi útibús eða umboðsskrifstofu þegar í stað og í síðasta lagi innan fjórtán daga tilkynna um það til bankaeftirlits og eftir atvikum til hlutafélagaskrár eða firmaskrár. Bankaeftirlitið hefur eftirlit með því að útibúið eða umboðsskrifstofan verði lögð niður.

18. gr.

Stjórnandi útibús eða umboðsskrifstofu skal þegar tilkynna bankaeftirlitinu ef starfsleyfi lánastofnunar er afturkallað í heimalandi hennar. Bankaeftirlitið sér til þess að starfsleyfi útibúsins eða umboðsskrifstofunnar verði afturkallað hér á landi.

VII. KAFLI

Gildistaka, viðurlög o.fl.

19. gr.

Láti stjórnandi eða endurskoðandi útibús eða umboðsskrifstofu hjá líða að fullnægja þeim skyldum sem á þá eru lagðar í lögum eða reglugerð þessari getur bankaeftirlitið með heimild í 41. gr. laga um Seðlabanka Íslands ákveðið viðurlög í formi dagsekta.

20. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 2. mgr. 85. gr. laga nr. 43/1993, um viðskiptabanka og sparisjóði, og 3. mgr. 13. gr. laga nr. 123/1993, um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði, öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi reglur nr. 230/1987, um umboðsskrifstofur erlendra banka.

Viðskiptaráðuneytið, 25. maí 1994.

F. h. r.

Þorkell Helgason.

Finnur Sveinbjörnsson.

25. maí 1994 Nr. 308

REGLUGERÐ

um útibú og umboðsskrifstofu lánastofnunar með staðfestu í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins.

1. gr.

Í reglugerð þessari merkir hugtakið lánastofnun viðskiptabanka og sparisjóð, sbr. lög nr. 43/1993, um viðskiptabanka og sparisjóði, og aðra lánastofnun, sbr. lög nr. 123/1993, um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði.

Reglugerð þessi gildir um starfsemi útibúa erlendra viðskiptabanka, sparisjóða og annarra lánastofnana á Íslandi sem hafa staðfestu í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins og hlotið hafa starfsleyfi lögbærra yfirvalda í því ríki. Hún gildir einnig um umboðsskrifstofur eftir því sem við á.

2. gr.

Stjórnandi útibús skal fullnægja skilyrðum 38. gr. laga nr. 43/1993, um viðskiptabanka og sparisjóði, auk þess að vera mæltur á íslenska tungu.

3. gr.

Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands hefur með höndum eftirlit með útibúum sem starfa samkvæmt þessari reglugerð í samræmi við ákvæði laga um Seðlabanka Íslands, laga um viðskiptabanka og sparisjóði og eftir atvikum annarra starfsheimilda sinna.

4. gr.

Útibú sem starfa hér á landi samkvæmt reglugerð þessari skulu hlíta sömu lögum og reglum og lánastofnanir með höfuðstöðvar á Íslandi, svo sem reglum um bindingu og laust fé og upplýsingagjöf til íslenskra stjórnvalda samkvæmt gildandi lögum og reglum á hverjum tíma.

5. gr.

Útibú sem starfa hér á landi samkvæmt reglugerð þessari skulu birta eftirtalin gögn og upplýsingar:

1. Vegna þeirrar lánastofnunar sem útibúið er hluti af:
   a. Ársreikning ásamt ársskýrslu.
   b. Samstæðureikning ásamt samstæðuársskýrslu.
   c. Álit þess aðila sem ber ábyrgð á endurskoðun árs- og samstæðureiknings.
2. Vegna útibúsins sjálfs:
   a. Tekjur og gjöld útibús, sem rekja má til atriða 1, 3, 4, 6, 7, 8 og 15 í 27. gr. eða atriða 4 og 9 í lið A og atriða 1-4 og 7 í lið B í 28. gr. tilskipunar 86/635/EBE um ársreikninga og samstæðureikninga banka og annarra fjármálastofnana, sem birt er í sérriti EES-gerða nr. 36, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 31/1993.
   b. Meðalfjölda starfsmanna útibús.
   c. Heildarkröfur og skuldbindingar tengdar útibúi, sundurliðaðar annars vegar í þær sem varða lánastofnanir og hins vegar þær sem varða aðra viðskiptavini, ásamt heildarfjárhæð slíkra krafna og skuldbindinga tilgreindra í íslenskum krónum.
   d. Heildareignir og fjárhæðir er samsvara atriðum 2-6 um eignir, 1-3 um skuldbindingar og 1-2 um liði utan efnahagsreiknings eins og skilgreint er í 4. gr. og hliðstæðum greinum fyrrgreindrar tilskipunar 86/635/EBE og -í þeim tilvikum sem greinir í atriðum 2, 5 og 6 um eignir - sundurliðun verðbréfa eftir því hvort þau hafi verið talin til áhættufjármuna eða ekki samkvæmt 35. gr. fyrrgreindrar tilskipunar 86/635/EBE.

Upplýsingar samkvæmt 2. tölul. 1. mgr. þessarar greinar skulu staðfestar af endurskoðanda, sem öðlast hefur löggildingu samkvæmt íslenskum lögum, um réttmæti þeirra og hvort þær samræmist ársreikningnum. Senda skal upplýsingarnar til bankaeftirlitsins innan tíu daga frá áritun en í síðasta lagi þremur mánuðum eftir lok reikningsárs. Gögn samkvæmt 1. tölul. 1. mgr. skulu send bankaeftirlitinu innan fjögurra mánaða frá lokum reikningsárs.

Bankaeftirlitið getur krafist þess að gögn og upplýsingar samkvæmt þessari grein séu birt á íslensku í þýðingu löggilts skjalaþýðanda.

6. gr.

Erlend lánastofnun sem opnar umboðsskrifstofu hér á landi skal tilkynna það til viðskiptaráðherra í síðasta lagi er skrifstofan er opnuð. Í tilkynningunni skulu vera upplýsingar um heimilisfang umboðsskrifstofunnar og nafn stjórnanda hennar.

Umboðsskrifstofu er heimilt að miðla upplýsingum og veita ráðgjöf hér á landi á vegum erlendrar lánastofnunar. Umboðsskrifstofu er óheimilt að taka við innlánum, veita útlán, stunda verðbréfaviðskipti eða aðra þá starfsemi sem greinir í 44. gr. laga um viðskiptabanka og sparisjóði.

7. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 1. mgr. 85. gr. laga nr. 43/1993, um viðskiptabanka og sparisjóði, sbr. 13. gr. laga nr. 123/1993, um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði, öðlast þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytið, 25. maí 1994.

F. h. r.

Þorkell Helgason.

Finnur Sveinbjörnsson.

26. maí 1994 Nr. 309

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 274, 28. júní 1993, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 1. september 1993 til 31. ágúst 1994.

1. gr.

5. tl. 3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

5. Innfjarðarrækja samtals:	7750	lestir
þ.a. Eldey	1200	lestir
þ.a. Arnarfjörður	850	lestir
þ.a. Ísafjarðardjúp	2500	lestir
þ.a. Húnaflói	1000	lestir
þ.a. Skagafjörður	500	lestir
þ.a. Skjálfandi	800	lestir
þ.a. Öxarfjörður	900	lestir

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, öðlast þegar gildi. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 184, 6. apríl 1994.

Sjávarútvegsráðuneytið, 26. maí 1994.

Þorsteinn Pálsson.

Jón B. Jónasson.

REGLUGERÐ

um endurgreiðslu eða niðurfellingu tolls og vörugjalds af kartöfluútsæði, græðlingum og öðrum efnivörum, hráefni og hlutum til framleiðslu garðyrkjuafurða.

Gildissvið.

1. gr.

Heimilt er samkvæmt reglugerð þessari að fella niður eða endurgreiða toll og vörugjald, eftir því sem við á, af kartöfluútsæði og efnivörum, hráefni og hlutum til nota við framleiðslu garðyrkjuafurða í atvinnuskyni.

2. gr.

Niðurfelling eða endurgreiðsla gjalda samkvæmt reglugerð þessari er bundin við vörur sem tilgreindar eru hér að neðan og flokkast í eftirtalin tollskrárnúmer, sbr. viðauka I við tollalög nr. 55/1987, með síðari breytingum:

Úr 0602.3000 Alparósir og glóðarrósir, einnig ágræddar, sem fluttar eru inn á tímabilinu 1. september til 31. október.

Úr 0602.4000 Rósir, einnig ágræddar, sem ætlaðar eru til framhaldsræktunar í gróðurhúsum.

Úr 0602.9900 Sáðplöntur, græðlingar og smáplöntur pottlausar eða í pottum eða bakkahólfum sem eru 6,5 cm í þvermál eða minni sem ætlaðar eru til framhaldsræktunar í a.m.k. 2 mánuði, þó ekki staura-plöntur sem byrjað er að drífa, stórar úrslegnar plöntur og rótarþvegnar plöntur. Hámarks pottastærð á ekki við um smávaxin afbrigði (mini-plöntur), kaktusa eða þykkblöðunga þar sem miða skal við ungplöntur.

Úr 0701.1000 Kartöfluútsæði flutt inn á tímabilinu 1. mars til 30. apríl.

Úr 8539.3900 Úrhleðslulampar, þ.e. perur, til lýsingar í gróðurhúsum.

Úr 9405.4009 Rafmagnslampar og ljósabúnaður, til lýsingar í gróðurhúsum.

Úr 9406.0009 Forsmíðuð gróðurhús.

Niðurfelling gjalda.

3. gr.

Niðurfelling eða endurgreiðsla gjalda samkvæmt reglugerð þessari er bundin þeim skilyrðum að sá sem nýtur niðurfellingar eða endurgreiðslu gjalda hafi:

a. Tilkynnt skattstjóra um starfsemi sína samkvæmt 5. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.

b. Aflað staðfestingar Rannsóknarstofnunar landbúnaðarins á því að vörur sem um ræðir í 2. gr. séu ætlaðar eða hafi verið notaðar til framleiðslu garðyrkjuafurða.

4. gr.

Við tollafgreiðslu skal fella niður toll og vörugjald af vörum sem um ræðir í 2. gr. að uppfylltum skilyrðum 3. gr. Tollmeðferð þessi er bundin þeim skilyrðum að innflutningur sé allur á nafni framleiðanda sem á rétt á niðurfellingu og því sé lýst yfir í reit 14 í aðflutningsskýrslu, með vísan til reglugerðar þessarar, að viðkomandi vörusending sé öll eða að hluta, sem þá skal sérstaklega reiknaður út í aðflutningsskýrslu, ætluð nánar tilgreindum framleiðanda. Vísan til reglugerðar þessarar felur jafnframt í sér yfirlýsingu um að vara sem óskað er undanþágu fyrir sé eingöngu flutt inn til eigin nota viðkomandi framleiðanda.

Við frágang aðflutningsskýrslu skulu niðurfelld gjöld ekki reiknuð en að öðru leyti skal farið eftir ákvæðum tollalaga nr. 55/1987, svo og reglugerðum og öðrum fyrirmælum settum samkvæmt þeim.

Endurgreiðsla gjalda.

5. gr.

Nú er vara sem um ræðir í 2. gr., flutt inn til endursölu, eða um er að ræða slíka vöru framleidda hér á landi, og skulu þá gjöld innheimt að fullu við sölu en endurgreidd eftir á, enda sæki endanlegur kaupandi vörunnar um endurgreiðslu til tollstjóra í því umdæmi sem lögheimili hans er.

Umsókn um endurgreiðslu gjalda skal leggja fram í þríriti á sérstöku eyðublaði sem ríkistollstjóri lætur gera í þessu skyni. Í umsókninni skulu eftirfarandi atriði koma fram:

a. Tollskrárnúmer hverrar vöru og vörulýsing.
b. Kaupverð hverrar vöru fyrir sig og upphæð greiddra gjalda.
c. Fjárhæð umbeðinnar endurgreiðslu af hverri vöru fyrir sig.
d. Heildarfjárhæð endurgreiðslubeiðni.
e. Yfirlýsing umsækjanda um að varan sé ætluð til eigin nota við framleiðslu garðyrkjuafurða og nánari tilgreiningu á því til hvaða framleiðslu varan fari.

Umsókn skal fylgja frumrit og eitt afrit af reikningi yfir hina keyptu vöru sem beri greinilega með sér hvaða gjöld hafi verið greidd og sundurliðuð upphæð þeirra, eða reikningi fylgi sérstök útskrift frá seljanda er sýni sundurliðun gjalda.

Umsókn um endurgreiðslu skal auk þess fylgja staðfesting Rannsóknarstofnunar landbúnaðarins sbr. b-lið 3. gr.

6. gr.

Umsókn um endurgreiðslu skv. 5. gr. skal hafa borist tollstjóra innan 12 mánaða frá sölu til þess aðila sem sækir um endurgreiðslu og nema minnst 20 þúsund krónum til að vera endurgreiðsluhæf. Heimilt er að leggja saman reikninga til þess að lágmarksfjárhæð náist.

Endurgreiðslan kemur því aðeins til greina að allar upplýsingar séu skilmerkilega færðar og umsókn undirrituð af umsækjanda.

7. gr.

Tollstjóri skal við endurgreiðslu gjalda halda eftir kvittuðu frumriti umsóknar um endurgreiðslu, sem gefið skal afgreiðslunúmer í hlaupandi töluröð miðað við almanaksár, ásamt afriti reiknings. Skjöl þessi skulu send ríkisbókhaldi með mánaðarskilagrein. Fyrsta afrit umsóknar skal senda skattstofu í því umdæmi þar sem umsækjandi hefur aðsetur, en annað afrit umsóknar ásamt frumriti reiknings með áritun um endurgreiðslu skal afhenda viðkomandi umsækjanda.

8. gr.

Fjármálaráðherra getur ákveðið að fjölga tollskrárnúmerum í 2. gr. enda skal beina skriflegri umsókn þar að lútandi til ráðuneytisins. Í umsókninni skal gerð grein fyrir því hvaða vörur óskað er eftir að njóti ívilnana og hvaða þýðingu það hafi fyrir framleiðslu garðyrkjuafurða.

Ýmis ákvæði.

9. gr.

Aðili sem fær endurgreiðslu samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar skal tilgreina endurgreidd gjöld í skattframtali eða í skýringum með því. Ennfremur skulu aðilar halda reikningum og öðrum gögnum varðandi vörur sem njóta eftirgjafar aðgreindum í bókhaldi sínu.

10. gr.

Tollyfirvöld skulu jafnan hafa aðgang að þessum gögnum telji þau ástæðu til eftirlits eða rannsóknar á þeim. Tollyfirvöldum skulu ennfremur veittar upplýsingar um notkun varanna sé þess óskað.

11. gr.

Komi í ljós við rannsókn tollyfirvalda á bókhaldi að misnotaðar hafi verið ívilnanir sem hafa verið veittar samkvæmt þessari reglugerð eða rökstuddur grunur er um misnotkun geta tollyfirvöld hafnað beiðni um niðurfellingu eða endurgreiðslu gjalda á meðan málið er í athugun.

Jafnframt skal aðili að kröfu tollyfirvalda þegar greiða að fullu aðflutningsgjöld af þeim vörum sem misnotaðar hafa verið ásamt dráttarvöxtum, eins og þeir eru ákveðnir af Seðlabanka Íslands á hverjum tíma, og skulu þeir reiknaðir frá tollafgreiðsludegi.

12. gr.

Röng skýrslugjöf, framlagning rangra eða villandi gagna og rangar eða villandi upplýsingar látnar í té í því skyni að fá ívilnun á tolli eða öðrum gjöldum samkvæmt reglugerð þessari getur varðað refsingu og öðrum viðurlögum samkvæmt XIV. kafla tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum.

13. gr.

Af vörum sem undanþegnar eru aðflutningsgjöldum samkvæmt reglugerð þessari skal greiða virðisaukaskatt eins og kveðið er á um í lögum nr. 50/1988, með síðari breytingum, svo og reglugerðum settum samkvæmt þeim.

14. gr.

Fjármálaráðuneytið sker úr ágreiningi sem rísa kann um framkvæmd og túlkun reglugerðar þessarar.

15. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 22. tölul. 6. gr. og 148. gr. tollalaga laga nr. 55/1987, og 2. mgr. 11. gr. laga um vörugjald nr. 97/1987, með síðari breytingum, og tekur til innfluttra vara sem tollafgreiddar hafa verið frá 1. janúar 1994 og innlendra vara sem seldar hafa verið frá sama tíma.

Fjármálaráðuneytið, 31. maí 1994.

F. h. r.
Indriði H. Þorláksson.

Ingibjörg Þorsteinsdóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Gerðahrepps 1988-2008.

Samkvæmt ósk hreppsnefndar Gerðahrepps hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 11. maí 1994 staðfest breytingu á aðalskipulagi Gerðahrepps sem staðfest var 23. janúar 1990, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytingin felst í því að vegtening að íbúðarhúsinu Jaðri færðist vestur fyrir lóðarmörk Gerðavegar 31.

Hreppsnefnd Gerðahrepps hefur lýst því yfir, að hún taki að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfisráðuneytið, 24. maí 1994.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Hrafn Hallgrímsson.

26. maí 1994 Nr. 312

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um símatorgsþjónustu, nr. 419/1992.

1. gr.

3. gr. orðist svo:

Upplýsingaveitanda er aðeins heimilt að miðla upplýsingum á símatorgi með sjálfvirkri svörun.

2. gr.

10. gr. orðist svo:

Leikir og tenging tveggja notenda á símatorgi er einungis leyfileg að fenginni heimild Póst- og símamálastofnunar. Samtenging fleiri en tveggja símnotenda á símatorgi er ekki heimil.

3. gr.

Reglugerð þessi sem er sett samkvæmt lögum um fjarskipti nr. 73/1984 sbr. nr. 32/1993 og lögum um stjórn og starfrækslu póst- og símamála nr. 36/1977 staðfestist hér með til að taka þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 26. maí 1994.

Halldór Blöndal.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

REGLUGERÐ

um lágmarksmöskvastærðir loðnunóta.

1. gr.

Lágmarksstærð möskva í loðnunótum, sem heimilt er að nota til loðnuveiða skal vera:

1. Séu möskvar loðnunótarinnar ferhyrndir er lágmarksmöskvastærðin 19.6 mm.
2. Séu möskvar loðnunótarinnar sexhyrndir er lágmarksmöskvastærðin 16.0 mm.

2. gr.

Þegar möskvi er mældur, skal hann teygður horna á milli eftir lengd netsins. Skal þá flöt mælistika, jafnbreið leyfilegri lágmarksmöskvastærð og 2 mm þykk, komast auðveldlega í gegnum möskvann. Netið skal mælt vott.

3. gr.

Með mál, sem rísa út af brotum á reglugerð þessari, skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og ákvæðum laga nr. 34, 17. maí 1976, um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og lögum nr. 34, 17. maí 1976, um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 106, 20. febrúar 1985, um lágmarksmöskvastærðir loðnunóta.

Sjávarútvegsráðuneytið, 1. júní 1994.

Þorsteinn Pálsson.

Jón B. Jónasson.

Stjórnartíðindi B 39, nr. 293–313. Útgáfudagur 10. júní 1994.